Vakin er athygli á breyttum ákvæðum í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, sem tóku gildi 1. júlí sl. Breytingarnar varða m.a. kennslumisseri og próftímabil, en einnig frest kennara til einkunnaskila og frest nemenda til úrsagnar úr prófum. Sjá nánari upplýsingar hér að neðan og í kennslualmanaki 2009-2010. Brýnt er að nemendur og starfsmenn kynni sér vel þessar breytingar.
Tilfærslur á kennslualmanaki o.fl. samkvæmt nýjum reglum HÍ

- **Kennslumisseri:** Haustmisseri 20. ágúst - 18. desember, vormisseri 4. janúar - 10 maí (áður 20. ág. - 21. des. og 7. jan. - 15. maí).
- **Jólaleyfi:** 19. desember - 4. janúar (áður 22. des. - 6. jan.)
  Sjá nánar 52. gr. reglna nr. 569/2009.
- **Próftímabil og lok kennslu:** Almenn próf eru haldin **2. til 18. desember** og **25. apríl til 10. maí** (áður 10. - 21. des. og 29. apríl - 15. maí). Lok kennslu 28. - 30. nóvember að hausti og 11. - 21. apríl að vori. (Upphaf og lok kennslu eru mismunandi eftir deildum. Sjá nánar í kennsluskrá og á vefsíðum deilda.) Sjúkra- og upptökupróf eru haldin í kjölfar almennra próftímabila í desember og maí. Heimilt er að eingöngu sjúkrapróf verði haldin í lok próftímabila en upptökupróf beggja kennslumissera í júní. Ákvörðun um það skal liggja fyrir við upphaf kennslu á haustmisseri.
  Sjá nánar 56. gr. reglna nr. 569/2009.
- **Frestur til úrsagnar úr prófum:** 1. nóv. vegna prófa á haustmisseri, 1. apríl vegna prófa á vormisseri (áður 19. nóv. og 10. apríl). Sjá nánar 57. gr. reglna nr. 569/2009.
- **Einkunnaskilafrestur:** Einkunnir skulu birtar í síðasta lagi **tveimur vikum** eftir hvert próf, en þremur vikum eftir hvert próf á próftímabili í desember. Sjá nánar 60. gr. reglna nr. 569/2009.
- **Umsóknarfrestur:** Umsóknarfrestur um grunnnám er til 5. júní fyrir komandi háskólaár. Sami umsóknarfrestur gildir ef sótt er um undanþágu frá inntökuskilyrðum. Umsóknarfrestur um framhaldsnám er til 15. apríl. Sérstaklega skal bent á að umsóknarfrestur erlendra umsækjenda í grunn- og framhaldsnám er til **1. febrúar** fyrir komandi háskólaár. Sjá nánar 48. gr. reglna nr. 569/2009.

## Stundaskrár

http://www.hi.is/is/skolinn/stundatoflur

## Próf, einingar og einkunnir

### Einingamat og einkunnir

**Einingamat**
Fullt nám í eitt kennsluár er metið til 60 eininga í Háskóla Íslands, 30 einingar á hvoru misseri, sbr. lög um háskóla nr. 63/2006 og ákvörðun háskólaráðs 17. janúar 2008. Þetta einingakerfi tók gildi frá og með háskólaárinu 2008-2009 og var þá einingafjöldi einstakra námskeiða skv. fyrra einingakerfi tvöfaldaður. Námskeið sem áður var metið til 3 eininga var með breytingunni metið til 6 eininga o.s.frv. Einingakerfinu var breytt til samræmis við ný lög um háskóla og eru einingar HÍ nú jafngildar ECTS einingum (European Credit Transfer System).

Samanlagður einingafjöldi námskeiða eins kennsluárs er 60. Það skiptir ekki máli hvort kennsluvikur á ári eru 26, 30 eða fleiri. Námskeiðunum eru gefnar einingar í hlutfalli við innbyrðis vægi þeirra og samtala eininga allra námskeiða á sama kennsluári er 60, eða 30 á hvoru misseri. Skipting eininga á milli missera getur í einstökum tilvikum verið til dæmis 28/32 í stað 30/30. Nám til BA- og BS-prófa er

180 einingar (3 ár) í flestum tilvikum.  BS-próf í hjúkrunarfræði og sjúkraþjálfun og BA-próf í félagsráðgjöf eru 240 einingar (4 ár).

Þótt fullt nám miðist við 30 einingar á misseri er stúdent heimilt að skrá sig í allt að 40 einingar á misseri. Óski nemandi eftir að skrá sig umfram 40 einingar á misseri skal hann sækja sérstaklega um það til viðkomandi deildar og skal umsóknin rökstudd.

**ECTS einingar**
ECTS (European Credit Transfer System) námseiningakerfið var mótað innan ramma ERASMUS áætlunarinnar. Fjölmargir háskólar nota ECTS-einingakerfið við að meta nám á milli háskóla. ECTS-einingakerfið er byggt á sömu forsendum og einingakerfi Háskóla Íslands, þar sem einingin á að endurspegla alla námsvinnu stúdentsins. ECTS einingin á að mæla þá vinnu sem meðalstúdentinn þarf að inna af hendi til að tileinka sér þá þekkingu, hæfni og færni sem þarf til að ná lágmarkseinkunn í viðkomandi námskeiði. Gengið er út frá því að fullt nám í eitt kennsluár miðist við fasta grunntölu og sé metið til 60 ECTS-eininga. Þar skiptir ekki máli hversu margar kennsluvikur eru á ári. Námskeiðunum eru gefnar ECTS-einingar í hlutfalli við innbyrðis vægi þeirra og samtala ECTS-eininga allra námskeiða á sama kennsluári er 60, eða 30 á hvoru misseri. Almennt er miðað við að nám í eitt háskólaár sé 1.500 til 1.800 vinnustundir, eða 25 til 30 vinnustundir fyrir hverja ECTS-einingu.

Margir háskólar í Evrópu nota ECTS-einingakerfið, eða sambærilegt einingakerfi við skipulagningu á háskólanámi.

Meginregla um mat náms til eininga kemur fram í 53. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009.

Flest svið og deildir hafa tilnefnt sérstakan umsjónarmann ECTS-einingakerfisins í viðkomandi kennslugrein, en sviðsstjóri kennslusviðs, Þórður Kristinsson, hefur yfirumsjón með ECTS fyrir hönd Háskólans.

**Einkunnir**
Einkunnir eru gefnar í heilum, eða heilum og hálfum tölum frá 0-10. Aðaleinkunn er vegið meðaltal allra einkunna til lokaprófs og reiknast hún með tveimur aukastöfum.

Ágætiseinkunn er 9,0 - 10, fyrsta einkunn er 7,25 - 8,99, önnur einkunn er 6,0 - 7,24 og þriðja einkunn er 5,0-5,99. Stúdent telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5,0. Samkvæmt sameiginlegum reglum Háskólans er háskóladeildum heimilt að víkja frá þessu í einstökum prófum, sem teljast til prófhluta eða prófflokks með sérstaka lágmarkseinkunn. Háskóladeildum er á sama hátt heimilt að áskilja hærri eða lægri lágmarkseinkunn fyrir einstök próf, prófhluta eða prófflokka. Sérákvæði deildar um hærri eða lægri lágmarkseinkunn en 5,0 í einstökum prófgreinum, prófhlutum eða prófflokkum gilda aðeins fyrir stúdenta hlutaðeigandi deildar.

## Próftímabil og framkvæmd

**Skrifleg próf**

Almenn próf eru haldin 2. til 18. desember og 25. apríl til 10. maí. Upptöku- og sjúkrapróf eru haldin í kjölfar almennra prófa í janúar og júní. Sjá nánar í kennslualmanaki 2009-2010.

Kennsla og próf eru á vegum deilda. Kennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett um það bindandi ákvæði í lögum eða reglum háskólaráðs. Prófstjóri annast undirbúning og stjórn prófa í samráði við stjórnsýslu fræðasviða og deilda.

Upplýsingar um prófstaði á próftímabilum eru birtar á stofutöflu í Uglu.

Stúdentum er skipað í tiltekin sæti í prófstofum eftir númerum sem hver og einn getur birt í Uglu daginn fyrir próf. Einnig eru prófsæti auglýst sérstaklega á nafnalista fyrir hvert próf sama dag og próf fer fram. Enginn má taka próf á öðrum stað en þeim sem honum hefur verið úthlutaður fyrirfram. Stúdent verður að vera skráður í námskeið til að geta gengist undir próf. Ef stúdent er ekki skráður kemur nafn hans ekki fram á próflista. Framvísa þarf persónuskilríkjum með mynd á prófstað.

Brýnt er fyrir stúdentum að fylgjast vel með auglýsingum um skipan í prófstofur og jafnframt að mæta tímanlega á prófstað á prófdegi. Í prófsal gilda prófreglur sem skoða má hér.

**Skil prófverkefna og einkunna**
Kennurum ber að skila prófverkefnum fyrir skrifleg próf til viðkomandi deildarskrifstofu eigi síðar en þremur dögum fyrir settan prófdag. Fullfrágengnum og fjölfölduðum prófverkefnum er skilað á skrifstofu kennslusviðs í Aðalbyggingu.

Einkunnir ber að skrá í síðasta lagi **tveimur vikum** eftir hvert próf, en í síðasta lagi þremur vikum eftir hvert próf á próftímabili í desember.

Hafi einkunnir í einstöku prófi ekki verið birtar tveimur vikum eftir prófdag (þremur vikum eftir próftímabil í desember) getur stúdent í því prófi snúið sér til Nemendaskrár og lagt fram skriflega ósk um upplýsingar um það hvort hann hafi staðist prófkröfur. Nemendaskrá skal gefa stúdent svar eigi síðar en viku eftir að hann leggur ósk sína fram. Stúdentar geta vitjað um einkunnir sínar á heimasvæði sínu í Uglu eða í Nemendaskrá.

Kennarar athugi að ef einkunnum er ekki skilað á réttum tíma getur það komið sér illa fyrir stúdenta, m.a. getur það tafið brautskráningu kandídata.

Sjá enn fremur:

**Reglur H.Í.**
**Um góða starfshætti við kennslu og próf í HÍ (.pdf)**

## Prófúrsagnir, veikindi og endurtekt

### Úrsagnir úr prófum

Úrsagnir úr prófum fara fram á vefsvæði stúdenta í Uglu, en einnig má snúa sér til þjónustuborðs á Háskólatorgi. Úrsagnir úr prófum skulu berast eins fljótt og unnt er og eigi síðar en **1. nóvember** vegna prófa á haustmisseri, **1. apríl** vegna prófa á vormisseri og eigi síðar en einum sólarhring eftir birtingu próftöflu sjúkra- og upptökuprófa í kjölfar almennra próftímabila í desember og maí.

### Veikindi í prófum

Stúdent sem veikist og getur þar af leiðandi ekki þreytt próf, ber að skila læknisvottorði til þjónustuborðs Háskólatorgs innan þriggja daga frá prófdegi. Hið sama gildir ef barn stúdents veikist. Veikist stúdent í prófi ber honum að vekja athygli prófgæslumanns sem skrifar athugasemd um það á prófúrlausn. Skal læknisvottorði dagsettu samdægurs skilað til þjónustuborðs. Á vottorðinu komi fram hvenær læknisskoðun fór fram. Læknisvottorð eru yfirfarin af trúnaðarlækni Háskólans.

### Endurtaka prófa

Stúdent sem ekki stenst próf, mætir ekki í próf og hefur ekki boðað forföll eða gengur frá prófi eftir að hann hefur byrjað, er heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann þá ekki prófið, mæti ekki án þess að boða forföll eða gangi frá því, hefur hann fyrirgert rétti sínum til að ganga oftar undir það. Háskóladeild getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á. Sækja verður skriflega um slíkar undanþágur til viðkomandi deildar. Stúdent er jafnframt heimilt að endurtaka próf sem hann hefur staðist, ef það er gert í tæka tíð samkvæmt ákvæðum um tímamörk (innan árs), en um leið og hann byrjar seinna prófið eða mæti hann ekki í próf án þess að hafa boðað forföll fellur fyrra próf úr gildi. Sérstakar reglur gilda þó um samkeppnispróf.

Sjúkra- og upptökupróf eru haldin í kjölfar almennra próftímabila í desember og maí, í þrjá til fimm daga, skv. nánari ákvörðun prófstjóra, í janúar annars vegra og júní hins vegar. Þó er heimilt að halda sjúkrapróf á öðrum tíma, ef stúdent sem þess æskir á kost á að brautskrást við næstu brautskráningu sem í hönd fer. Sjúkrapróf sem haldið er utan próftímabils kemur í stað hefðbundins misserisprófs og skerðir því ekki rétt viðkomandi stúdents til upptökuprófs. Sækja þarf skriflega um slíkt sjúkrapróf til skrifstofu viðkomandi deildar innan þriggja daga frá því próf var haldið. Auglýsa skal hvar og hvenær sjúkrapróf verði haldið með að minnsta kosti þriggja sólarhringa fyrirvara. Sérstakar reglur gilda þó um sjúkrapróf í samkeppnisprófum.

## Prófreglur

### Prófreglur og viðurlög við brotum

Sérstök athygli er vakin á því að stúdentum er skylt að hafa persónuskilríki með mynd er þeir gangast undir próf. Þá er athygli stúdenta vakin á því að reykingar eru óheimilar í húsnæði Háskólans, og neysla matvæla er óheimil í kennslustofum og á prófstað. Stúdentum ber að yfirgefa prófstað þegar að próftöku lokinni. Í prófsal gilda ákveðnar reglur.

Vakin er athygli á upplýsingum um góða starfshætti (.pdf) við kennslu og próf í Háskóla Íslands.

Almennar prófreglur Háskóla Íslands eru tilgreindar í 58. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009. Þar segir m.a.: "Stúdentum sem í prófi eru, er óheimilt að aðstoða aðra prófmenn við prófúrlausn eða leita aðstoðar annarra. Skrásettum stúdent, sem ekki er í prófi, er einnig óheimilt að veita slíka aðstoð. Prófmönnum er óheimilt að tala saman, og þeir mega ekki hafa aðrar bækur eða gögn með sér en þau, sem kennari heimilar nema sérstaklega sé kveðið á um annað í reglum deilda. Sama gildir um aðra verkefnavinnu stúdenta nema kennari ákveði annað. Brot gegn ákvæðum þessum og öðrum prófreglum, sem háskólaráð setur, varða vísun úr prófi og eftir atvikum viðurlögum, samkvæmt 19. gr. laga um opinbera háskóla".

19. gr. laga um opinbera háskóla, *Réttindi og skyldur nemenda*, hljóðar svo:

Háskólaráð setur, að fenginni umsögn heildarsamtaka nemenda innan háskólans, reglur um réttindi og skyldur nemenda, þ.m.t. um málskotsrétt þeirra innan háskólans.

Nemandi skal forðast að hafast nokkuð það að í námi sínu eða í framkomu sinni innan og utan skólans sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á nám hans eða skóla.

Gerist nemandi sekur um háttsemi skv. 2. mgr. eða sem er andstæð lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal forseti þess skóla þar sem hann er skráður til náms taka mál hans til meðferðar. Að teknu tilliti til alvarleika brots getur forseti veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal gefa nemanda kost á að tjá sig um málið. Nemanda er heimilt að skjóta ákvörðun forseta til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar forseta.

Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað nemanda, sem vikið hefur verið að fullu úr skóla, að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Nemanda er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

## Próftafla og breytingar á birtri töflu

### Próftafla

Próftafla haustmisseris birtist 10. október og tafla vormisseris 28. febrúar. Próftöflu fyrir sjúkra- og upptökupróf í kjölfar almennra próftímabila í desember og maí skal birta eins fljótt og kostur er.

Yfirlit um mikilvægar vefsíður, skjöl og eyðublöð er varða prófhald.

### Breytingar á birtri próftöflu

Fari stúdentar fram á breytingu á birtri próftöflu verða allir stúdentar sem skráðir eru í viðkomandi námskeið (próf) að samþykkja skriflega beiðni um fyrirhugaða breytingu. Kennari, eða kennarar, viðkomandi námskeiðs verða jafnframt að veita samþykki sitt. Stúdentar geta nálgast yfirlit um skráningar hjá þjónustuborði Háskólatorgs. Listum með undirskrift allra skráðra nemenda skal skila til stjórnsýslu viðkomandi deildar.

Auglýstum prófdegi verður einungis breytt með ákvörðun deildarforseta viðkomandi deildar, að höfðu samráði við prófstjóra og að fengnu skriflegu samþykki allra þeirra sem skráðir eru til viðkomandi prófs.

Öllum óskum um breytingar skal komið á framfæri innan fjögurra vikna frá birtingu próftöflu. Að öðru jöfnu eru ekki gerðar breytingar á birtri próftöflu þegar samkeppnispróf eiga í hlut.

### Tengiliður stofnunar vegna ECTS

Þórður Kristinsson sviðsstjóri,
Sími: 525-4360
Netfang: thordkri@hi.is
Kennslusvið, Aðalbygging.

## Námshlé - leyfi frá námi

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=14369&kennsluar=2009

## Ritgerðasmíð

http://www3.hi.is/~eirikur/ritun.htm

## Brautskráning

Stúdentum sem hyggjast brautskrást ber að hafa skráð sig sérstaklega til brautskráningar í upphafi misseris fyrir áætlaða brautskráningu. Öll gögn, einkunnir, ritgerðarheiti og athugasemdir verða að hafa borist Nemendaskrá í síðasta lagi föstudag þremur vikum fyrir brautskráningardag. Berist gögn eftir þann tíma mun brautskráning viðkomandi stúdents frestast til næstu brautskráningar.

Tveimur vikum fyrir áætlaðan brautskráningardag skal vera komin staðfesting frá Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni á að væntanlegir kandidatar séu í skilum við safnið, ella eiga þeir á hættu að þeir verði ekki brautskráðir á þeim degi.

## Kennslukönnun

Í lok hvers kennslumisseris fer fram rafræn könnun á kennslu og námskeiðum á vegum kennslumálanefndar háskólaráðs og kennslusviðs Háskólans. Kennslumiðstöð Háskólans annast framkvæmd könnunarinnar í samráði við Reiknistofnun og kennslusvið. Unnið er úr niðurstöðum könnunarinnar með rafrænum hætti og tryggir það að niðurstöður liggja mjög fljótt fyrir. Góð þátttaka stúdenta í könnuninni er mikilvæg til að tryggja marktækar niðurstöður. Tilgangur könnunarinnar er að bæta kennslu og nám við Háskólann. Sjá nánar reglur um kennslukönnun (.pdf).

# Þjónusta

## Atvinnumiðlun

http://www.studentamidlun.is/

## Bækur og ritföng

**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn (Þjóðarbókhlaðan)**
Nemar við Háskóla Íslands fá bókasafnsskírteini í Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni án endurgjalds. Á safninu er hægt að fá bækur að láni, nota námsbókasafn, hlusta á geisladiska og horfa á myndbönd, nálgast íslensk og útlensk tímarit og skoða lokaritgerðir nemenda við HÍ. Á safninu er einnig aðgangur að rafrænum gagnasöfnum í eigu og áskrift safnsins, upplýsingaþjónusta, notendaþjónusta, ritfangaverslun og sala ljósritunarkorta.

**Bókastofur og smærri söfn**
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn rekur einnig nokkur útibú og sérsöfn. Bókastofur og smærri söfn eru í Eirbergi fyrir hjúkrunarfræðinema og læknanema, Haga fyrir nemendur í lyfjafræði, Lögbergi fyrir laganema, Norræna húsinu fyrir nemendur í norrænum tungumálum, Skógarhlíð 10 fyrir nemendur í sjúkraþjálfun og VR-II og Öskju fyrir nemendur í verkfræði- og náttúruvísindagreinum.

**Bóksala stúdenta**
Bóksala stúdenta selur námsbækur, ritföng, bækur, blöð og vörur merktar HÍ. Á vef Bóksölunnar geta nemendur fundið bókalista fyrir flest námskeið sem í boði eru við Háskóla Íslands og pantað bækur á vefnum.

**Stúdentamiðlun - skiptibókamarkaður**
Stúdentamiðlun rekur skiptibókamarkað þar sem námsmenn geta skráð bækur sínar til sölu og námsmenn í leit að notuðum bókum geta leitað.

## Framfærsla

**LÍN**
Hægt er að sækja um framfærslulán meðan á námi stendur til Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Lánasjóðsfulltrúi stúdenta hefur aðsetur á skrifstofu Stúdentaráðs á 3. hæð Háskólatorgs. Hann aðstoðar stúdenta í samskiptum þeirra við LÍN.

**Verkefnastyrkur FS**
Félagsstofnun stúdenta veitir verkefnastyrki þrisvar á ári. Tvo við útskrift í júní, einn í október og einn í febrúar. Nemendur sem skráðir eru til útskriftar og þeir sem eru að vinna verkefni sem eru 12 einingar eða meira í greinum þar sem ekki eru unnin lokaverkefni geta sótt um.

**Aðstoðarmannasjóður**
Kennarar sem vilja ráða stúdenta sem aðstoðarmenn eða til ákveðinna verkefna geta sótt um styrk í aðstoðarmannasjóð. Á þennan hátt geta stúdentar fengið vinnu sem oft er nátengd náminu.

**Stúdentamiðlun - atvinnumiðlun**
Stúdentamiðlun rekur atvinnumiðlun en markmiðið með henni er annars vegar að auðvelda námsmönnum leit að starfi, einkum sumar-, hluta- eða tímabundnu, og hins vegar að auðvelda atvinnurekendum að finna fólk í umrædd störf.

**Framfærslukostnaður**
Upplýsingar um útgjöld vegna framfærslu má finna á vef Lánasjóðs íslenskra námsmanna, í kaflanum Framfærsla og tekjur. Tölurnar miðast við grunnframfærslu.

Einnig má finna upplýsingar um þetta efni á vef Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna undir tenglinum Neysluviðmiðun. Athuga ber þó að í tölum Ráðgjafarstofu er ekki gert ráð fyrir ýmsum föstum útgjaldaliðum s.s. fasteignagjöldum, dagheimilisgjöldum og tryggingum og að tölurnar miðast við nauðþurftir.

## Heilsugæsla

Á höfuðborgarsvæðinu eru reknar 16 heilsugæslustöðvar. Upplýsingar um heilsugæslu má finna á vefnum www.heilsugaeslan.is og þar má einnig skrá sig á tiltekna heilsugæslustöð.

## Húsnæði

**Stúdentagarðar**
Hlutverk Stúdentagarða er að bjóða nemendum Háskóla Íslands upp á húsnæði til leigu á viðráðanlegu verði. Garðarnir eru reknir af Félagsstofnun stúdenta. Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu Stúdentagarða.

**Byggingafélag námsmanna**
Einnig er hægt að sækja um íbúðir hjá Byggingafélagi námsmanna en þeir reka íbúðir á tíu stöðum víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu og á Laugarvatni.

**Stúdentamiðlun**
Á vefnum www.studentamidlun.is fer m.a. fram miðlun húsnæðis. Vefurinn er gagnvirkur og þar geta stúdentar sótt sér þjónustu milliliðalaust. Auk þjónustu í boði má finna þar ýmsar hagnýtar upplýsingar. Vefurinn er í umsjá Félagsstofnunar stúdenta.

**Keilir, stúdentaíbúðir**
Keilir hefur milligöngu um útleigu á stúdentaíbúðum á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

## Íþróttaaðstaða

http://www.hi.is/is/skolinn/ithrottahus

## Leikskólar og barnagæsla

**Leikskólar**
Félagsstofnun Stúdenta rekur þrjá leikskóla, Leikgarð, Mánagarð og Sólgarð, fyrir börn háskólastúdenta.

**Barnagæsla**
Á vefnum www.studentamidlun.is er barnagæslumiðlun. Hlutverk hennar er að auðvelda námsmönnum leit að barnagæslu. Annars vegar geta námsmenn auglýst eftir aðila til að gæta barna sinna og hins vegar geta þeir sem óska þess að gæta barna auglýst þjónustu sína.

**Félagsstofnun stúdenta**
Félagsstofnun stúdenta býður stúdentum við Háskóla Íslands upp á margháttaða þjónustu á sanngjörnu verði. Aðalskrifstofa FS er á 3. hæð í Háskólatorgi sem staðsett er á milli Aðalbyggingar og Íþróttahúss HÍ.

**Fjölskyldunefnd stúdentaráðs**
Fjölskyldunefnd fer með hagsmunamál fjölskyldufólks og þeirra stúdenta sem eru foreldrar við Háskóla Íslands.

## Ljósritun – fjölritun

Fjöldi fyrirtækja býður nemendum og kennurum ljósritunarþjónustu. Háskólaprent er fyrirtæki á Háskólasvæðinu sem hefur sérhæft sig í að þjónusta Háskólafólk. Það gefur út greinasöfn og frumsamdar kennslubækur fyrir námskeið við HÍ og vinnur lokaritgerðir fyrir nemendur Háskóla Íslands, auk þess að vinna við ótalinn fjölda smærri verka fyrir nemendur, kennara og stofnanir, t.a.m. bæklinga, ritgerðir, bækur, OCR skönnun o.s.frv.

Háskólaprent er staðsett á Fálkagötu 2 á horninu á Fálkagötu og Suðurgötu.

## Matsala og kaffistofur

HÁMA er veitingasala sem Félagstofnun rekur á Háskólatorgi. Matseðill HÁMU er birtur vikulega á vef FS. Á háskólasvæðinu eru kaffistofur í flestum byggingum. Félagsstofnun stúdenta rekur þær flestar en til viðbótar eru nokkrar einkareknar kaffistofur. Veitingasalan og kaffistofur eru öllum opnar. Yfirlit yfir Kaffistofur FS og opnunartíma.

Aðrar kaffistofur og veitingasölur á háskólasvæðinu eru: Veitingastofa Þjóðarbókhlöðu, 2. hæð, Matstofa Tæknigarðs, Tæknigarði, 1. hæð, kaffistofa Norræna hússins, Kaffitár í Þjóðminjasafninu, 1. hæð. Veitingasölur sem nemendur reka eru í VR-II, Haga og Skógarhlíð 10. Í Fjöru, mötuneyti í skólahúsinu við Stakkahlíð, er mat- og kaffisala sem rekin er af Háskólabauninni.

## Námsaðstaða

**Byggingar HÍ**

Byggingar á háskólasvæðinu eru opnar á mismunandi tímum. Nemendur HÍ geta sótt um aðgangskort að flestum meginbyggingum á www.studentakort.is. Stúdentakortið veitir aðgang að byggingum skólans allan sólarhringinn ásamt því að vera afsláttar- og auðkenniskort stúdenta. Nemendur Háskóla Íslands fá stúdentakortið sér að kostnaðarlausu.

**Tölvuver**

Reiknistofnun Háskóla Íslands (RHÍ) rekur tölvuver á háskólasvæðinu.

**Lesrými**

Í Þjóðarbókhlöðu, Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni, eru um 400 sæti við borð, auk fjölmargra sæta við tölvur, lesvélar og í tón- og mynddeild. Auk þess eru hópvinnuherbergi á 3. og 4. hæð.

Einnig eru nokkur útibú og sérsöfn á vegum bókasafnsins.

Á Háskólatorgi eru lesrými á 2. hæð, sömu hæð og þjónustuborð og matsala.

## Námsráðgjöf og aukakennsla

**Námsráðgjöf**

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands veitir ráðgjöf og stuðning til handa nemendum Háskóla Íslands sem stuðlar að árangri og vellíðan í námi og starfi og ber ábyrgð á stuðningskerfi fatlaðra stúdenta. Námsráðgjöf er til húsa á 3. hæð í Háskólatorgi sem er staðsett á milli Aðalbyggingar og Íþróttahúss.

**Stúdentamiðlun - Kennslumiðlun**

Kennslumiðlun er hluti af Stúdentamiðlun Félagsstofnunar stúdenta. Stúdentar geta skráð sig sem leiðbeinendur og einnig leitað eftir námsaðstoð.

**Tungumálamiðstöð**

Í Tungumálamiðstöð er aðstaða til sjálfsnáms í tungumálum. Þar hafa nemendur, kennarar og starfsfólk HÍ aðgang að fjölbreyttu úrvali námsgagna og nútíma upplýsingatækni til tungumálanáms.

## Styrkir

http://www.hi.is/is/skolinn/styrkir

## Tungumálanámskeið

Í Tungumálamiðstöð er aðstaða til sjálfsnáms í tungumálum. Þar hafa nemendur, kennarar og starfsfólk HÍ aðgang að fjölbreyttu úrvali námsgagna og nútíma upplýsingatækni til tungumálanáms. Miðstöðin hefur aðsetur í Nýja Garði.

## Tölvuþjónusta

Notendum er bent á vef Reiknistofnunar Háskólans en þar er að finna safn upplýsinga um tölvuþjónustu Háskólans og önnur tölvumál.

### Ugla - innra vefkerfi

Vefkerfi Háskólans skiptist í ytri og innri vef. Vefsetur Háskólans er almennur upplýsingamiðill sem öllum er opinn. Þar er margvíslegt kynningarefni og upplýsingar um skólann, fræðasvið hans, deildir og stofnanir. Uglan er innri vefur Háskólans og er upplýsingavettvangur og mikilvægt verkfæri nemenda og kennara. Ákveðnir hlutar Uglunnar, t.d. Kennsluskráin sem þú ert að lesa, eru öllum opnir. Aðgangi að öðrum hlutum Uglu, t.d. nemendagögnum, er stýrt. Upplýsingagjöf og aðgangur hvers stúdents miðast við skráningu hans í námskeið. Því er afar mikilvægt að skráningarupplýsingar séu réttar og að námskeiðaskráning fari fram á réttum tíma.

**Heimasíður námskeiða**

Heimasíður einstakra námskeiða myndast sjálfkrafa í Uglunni og auðvelt er fyrir kennara að færa þar inn námsgögn, senda nemendum tilkynningar og sinna öðru því er tengist hverju námskeiði. Einungis þeir sem eru skráðir í námskeið hafa aðgang að heimasíðum námskeiða.

Kennarar og stjórnendur skólans ganga út frá því að stúdentar noti Uglu og lesi tölvupóst sinn reglulega og því eru flestar tilkynningar til þeirra sendar með rafrænum hætti.

**Skjalageymsla og netsvæði**

Nemandi fær til afnota eigin skjalageymslu í Uglu (Skrárnar mínar). Með því að geyma skjöl sín í Uglu hefur nemandinn aðgang að skjölunum hvar sem er (innanlands/erlendis), að því tilskyldu að tölva sé nettengd. Tekið er öryggisafrit af skjalageymslum nemenda einu sinni á sólarhring. Því er nemendum öryggisins vegna ráðlagt að nýta sér skjalageymsluna.

Í Uglu fá nemendur einnig eigið netsvæði. Netsvæðið er t.d. hægt að nota fyrir eigin heimasíðu og/eða til þess að vista þar skjöl sem þurfa að vera aðgengileg á netinu. Netsvæði nemandans er í skjalageymslu hans (Skrárnar mínar) í möppunni .public _html. Allt sem vistað er í þeirri möppu er aðgengilegt á netinu með slóð. Slóð að netsvæði nemanda er: www.hi.is/~notandanafn. Nánari upplýsingar um þetta eru á vef Reiknistofnunar.

**Upplýsingaveita**
Í Uglu geta nemendur nálgast upplýsingar um námskeið sín og námsferil. Upplýsingar um prófstað og sæti hvers nemanda á prófdegi birtast í Uglu og stúdentar geta kallað fram stundatöflu sína af forsíðu sinni.

**Aðgerðir**
Ýmsar aðgerðir standa til boða í Uglu, t.d. aðgangur að hefðbundnum tölvupósti, kaup á prentkvóta, val um hvort einkunnir berist með SMS-boðum o.fl. Vakin er athygli á að stúdentar geta skráð sig í og úr námskeiðum (og prófum) í gegnum Uglu.

-----------------------------------

Vefur Reiknistofnunar Háskólans er náma upplýsinga um Ugluna og önnur tölvumál. Einnig er bent á þjónustuborð Reiknistofnunar s. 525-4222, netfang help@hi.is. Yfirlit um algengar spurningar um notkun Uglu.

Innri gátt Uglu opnast frá upphafssíðu eða frá heimasíðu Háskólans (efst) með því að slá inn notandanafn og lykilorð í viðeigandi reiti. Þessar síður má nálgast frá hvaða nettengdri tölvu sem er.

## Aðgangur

Aðgangur að Uglu og tölvum á Háskólasvæðinu
Þegar skráningargjald hefur verið greitt fær stúdent úthlutað notendanafni og lykilorði og skrifar þá undir notendaskilmála en notendanafn og lykilorð eru frumskilyrði þess að komast inn í Uglu, innra vefkerfi Háskólans og að geta notað tölvur á Háskólasvæðinu. Notandanafn er jafnframt tölvupóstfang hjá Háskólanum (notandanafn@hi.is).

Stúdent gefst kostur á að búa til eigið notandanafn og lykilorð hafi hann sótt um rafrænt. Það er gert með því að fara á slóðina nynemar.hi.is, smella þar á "...framgangi umsóknar" og slá inn kennitölu ásamt veflykli sem úthlutað var þegar sótt var um.

Hafi stúdent ekki sótt um rafrænt en tilgreint tölvupóstfang í umsókn sinni fær hann notendanafn sitt og lykilorð sent í tölvupósti. Aðrir verða að nálgast þessar upplýsingar hjá þjónustuborði á Háskólatorgi.

Brýnt er að stúdentar kynni sér reglur sem gilda um notkun Háskólanets og búnað því tengdu. Þær miða fyrst og fremst að því að tryggja öryggi og friðhelgi gagna og að koma í veg fyrir misnotkun sem hefur í för með sér truflandi áhrif á vinnu annarra.

Mikilvægt er að notendur kynni sér þessar einföldu reglur og fari eftir þeim í einu og öllu. Sérstaklega er bent á að aðgangsorð sem opnar aðgang að netinu og nettengdum búnaði er einkamál hvers og eins, sem á ekki og má alls ekki "lána" eða dreifa til annarra. Að gefa öðrum upp aðgangsorð sitt er álíka og að afhenda ókunnugum húslyklana sína, greiðslukortið eða peningaveskið. Bent er á nauðsyn þess að yfirgefa ekki tölvu á meðan notandi er ennþá "skráður inn", notið "logout" þegar tölva er yfirgefin.

Komi upp vandamál vegna aðgangs að Uglu skal stúdent hafa samband við þjónustuborð í Háskólatorgi eða Nemendaskrá.

Nánari upplýsingar eru á vef Reiknistofnunar og í pésanum *Leiðarvísir að tölvuverum Reiknistofnunar Háskólans*, sem dreift er ókeypis.

## Tölvuver

Í tölvuverum Háskóla Íslands hafa nemendur aðgang að tölvubúnaði, hugbúnaði, prentþjónustu og háhraða Internettengingu. Reiknistofnun Háskólans rekur tölvuverin, með samtals á fjórða hundrað tölva, og dreifast þau sem hér segir:

- Askja stofa 166
- Árnagarður v/stigagang
- Eirberg stofa C-105
- Endurmenntun - kjallari CS, stofa 1, tölvunarfræði
- Endurmenntun - kjallari CS, stofa 2, tölvunarfræði
- Gimli 101
- Hagi við Hofsvallagötu
- Háskólatorg stofa 204 og 302
- Læknagarður
- Nýi Garður - Tungumálamiðstöð
- Oddi, stofur 102, 103 og 301
- Skógarhlíð 10
- Tæknigarður stofa 1
- VR-II stofa 260
- VR-II stofa 353

Sjá kort af Háskólasvæðinu.

Allir nemendur og starfsmenn Háskólans hafa aðgang að öllum tölvuverum Reiknistofnunar, ef þau eru ekki frátekin fyrir kennslu samkvæmt stundatöflu sem hangir frammi við hvert ver, auk þess sem allar bókanir eru birtar á vef Reiknistofnunar.

Reglur um umgengni í tölvuverum.

Notendanafn og lykilorð eru forsendur þess að hafa aðgang að tölvum Háskólans.

**Windows eða MacOs**
Í tölvuverum þar sem eru Macintosh-tölvur er hægt að velja á milli Windows og MacOs stýrikerfa.

Allar nánari upplýsingar um tölvuver HÍ má nálgast hér.

Opnunartími í húsum HÍ
Hugbúnaður í tölvuverum

**Tölvunám**
Starfsfólk og stúdentar Háskólans hafa aðgang að gagnvirka kennsluvefnum Tolvunam.is Þar eru handhæg og gagnvirk námskeið um notkun helstu forrita Office-vöndulsins s.s. Word, Excel, PowerPoint, FrontPage, Outlook og Access, auk Lotus Notes og Photoshop. Aðgangurinn að Tölvunám.is er opinn í gegnum allar tölvur á háskólasvæðinu auk þess sem aðgangur er einnig opinn heimilum með ADSL eða VPN tengingu frá RHÍ.

### Þjónustueiningar

- Alþjóðaskrifstofa http://ask.hi.is/id/1006336
- Bókasafn http://www.bok.hi.is/
- Endurmenntun http://www.endurmenntun.hi.is/
- Félagsstofnun stúdenta http://fs.is/
- Háskólaprent http://www.haskolaprent.is/
- Háskólaútgáfan http://www.haskolautgafan.hi.is/page/hu_utgafan
- Íþróttahús http://www.hi.is/is/skolinn/ithrottahus
- Kennslumiðstöð http://www.hi.is/is/skolinn/kennslumidstod
- Listasafn http://www.hi.is/is/skolinn/listasafn
- Náms- og starfsráðgjöf http://www.hi.is/is/skolinn/nams_og_starfsradgjof_0
- Nemendaskrá http://www.hi.is/is/skolinn/nemendaskra
- Rannsóknaþjónusta http://www.hi.is/is/skolinn/rannsoknathjonusta_hi
- Reiknistofnun http://www.rhi.hi.is/
- Skjalasafn http://www.hi.is/is/skolinn/skjalasafn
- Stúdentamiðlun http://www.studentamidlun.is/
- Tungumálamiðstöð http://www.hi.is/is/skolinn/tungumalamidstod
- Þjónustuborð á Háskólatorgi http://www.hi.is/is/skolinn/haskolatorg_thjonustubord

## Réttindi og skyldur

### Kæruleiðir og málsmeðferð

**Ferli kvartana og kærumála**
Telji stúdent brotið á rétti sínum varðandi kennslu, próf, námsmat, einkunnagjöf eða annað er lýtur að kennslu og prófum skal hann snúa sér til viðkomandi deildarforseta. Slík erindi skulu vera skrifleg og send til skrifstofu viðkomandi deildar. Þar skal skilmerkilega greint frá því hvert álitaefnið er, hver sé krafa stúdents, eins eða fleiri, og rökstuðningur fyrir henni. Deild skal fjalla um álitaefnið svo fljótt sem unnt er og afgreiða það, að jafnaði eigi síðar en innan tveggja mánaða frá því að erindið barst. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma, skal tilkynna hlutaðeigandi það og tilgreina hvenær afgreiðslu sé að vænta. Uni stúdent ekki niðurstöðu deildar getur hann skotið máli sínu til úrskurðar stjórnar fræðasviðs. Slík erindi skulu send skrifstofu fræðasviðsins. Deildir og stjórn fræðasviðs endurmeta ekki prófúrlausnir eða faglega niðurstöðu kennara eða prófdómara. Málum verður ekki skotið til stjórnar fræðasviðs fyrr en ákvörðun deildar liggur fyrir eða þrír mánuðir eru liðnir frá því að kæra var fyrst skriflega lögð fyrir deild.

Prófdómari er í öllum munnlegum prófum og í sumum skriflegum prófum. Í prófum þar sem skipaður er prófdómari er fagleg niðurstaða endanleg og verður ekki áfrýjað. Hið sama á við í skriflegum prófum þar sem kennari dæmir einn, nema þar sem skilyrði 59. gr. reglna Háskólans eiga við, þar sem m.a. er kveðið á um að stúdent eigi rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan fimmtán daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennara getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meirihluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Forseti fræðasviðs skipar prófdómara að fengnum tillögum deildar.

**Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema**
Samkvæmt 20. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 úrskurðar áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema í málum þar sem námsmenn í ríkisháskólum eða háskólum, sem hlotið hafa staðfestingu menntamálaráðherra, telja brotið á rétti sínum varðandi námsmat, mat á námsframvindu, afgreiðslu umsókna um skólavist o.fl. Nefndin endurmetur ekki prófúrlausnir eða faglega niðurstöðu kennara, dómnefnda eða prófdómara. Málum verður ekki skotið til áfrýjunarnefndarinnar fyrr en stjórn fræðasviðs hefur úrskurðað í málinu eða þrír mánuðir eru liðnir frá því að kæra var fyrst skriflega lögð fyrir stjórn fræðasviðs.

### Réttindaskrifstofa
Á skrifstofu Stúdentaráðs er starfrækt Réttindaskrifstofa stúdenta sem rekur erindi fyrir þá stúdenta sem telja sig órétti beitta innan háskólasamfélagsins.

### Stúdentaráð
Stúdentaráð er málsvari allra háskólastúdenta og fer með þau mál er varða hagsmuni þeirra gagnvart háskólayfirvöldum, stjórnvöldum og öðrum þeim sem áhrif hafa á stefnu Háskólans.

### Hagsmunafélög
http://www.hi.is/is/skolinn/hagsmunafelog

### Rannsóknasjóðir
http://www.hi.is/is/skolinn/sjodir_og_styrkir

### Sjóðir og styrkir
http://www.hi.is/is/skolinn/styrkir

### Um góða starfshætti við kennslu og próf (.pdf)
http://www2.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1002127/starfshaettir_kennsla_prof.pdf

## Skiptinám
Alþjóðaskrifstofa HÍ gegnir víðtæku hlutverki í alþjóðlegu samstarfi Háskólans. Skrifstofan miðlar upplýsingum og aðstoðar stúdenta, háskólakennara og stjórnsýslu skólans varðandi þátttöku skólans í fjölþjóðlegum samstarfsáætlunum á borð við SÓKRATES, NORDPLUS, NorFA og ISEP, auk ýmissa tvíhliða samninga. Skrifstofan þjónar einnig skiptinemum, íslenskum og erlendum.

### Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins
http://www.ask.hi.is/

### Stúdenta- og kennaraskipti
http://www.ask.hi.is/id/1006081

## Félagslíf
http://www.student.is/studentarad/felagslif

## Þverfræðilegt framhaldsnám

### Lýðheilsuvísindi
Meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum (MPH og DrPH) við Háskóla Íslands er þverfræðileg framhaldsmenntun sem miðar að aukinni þekkingu á heilsu og heilsueflandi aðgerðum. Námið er vettvangur hágæðarannsókna á heilsufari og áhrifavöldum þess, þar sem fólk með fjölbreyttan fræðabakgrunn leitar svara við spurningum úr lífi sínu og starfi, með fyrsta flokks aðferðum. Breidd Háskóla Íslands gerir nemendum kleift að velja úr miklum fjölda valnámskeiða og móta þannig námið og rannsóknarefni í átt að sínu áhugasviði. Nemendur hafa kost á að taka hluta af námi sínu við erlenda samstarfsháskóla og stunda rannsóknir á eigin vinnustöðum eða við innlendar samstarfsstofnanir, þ.á.m. við Landlæknisembættið.

MPH og DrPH gráðurnar eru alþjóðlega viðurkenndar gráður í lýðheilsuvísindum og þykir námið sérlega góður undirbúningur fyrir þá sem vilja leiða heilsueflingarstarf á eigin starfsvettvangi, ætla sér leiðtogahlutverk á hinum fjölmörgu sviðum heilbrigðismála eða vilja helga sig rannsóknum á sviðum lýðheilsu.

Diplómanám í lýðhelsu er tveggja missera hlutanám á framhaldsstigi og sérstaklega ætlað fagfólki innan heilbrigðis-, félagsmála- eða menntakerfisins sem vill auka þekkingu sína á heilsueflingu sem vill auka þekkingu sína á heilsueflingu.

Að náminu standa fjölmörg fræðasvið við Háskóla Íslands og er stofnun námsins liður í framkvæmd stefnu Háskólans um að nýta fjölbreytni í starfsemi skólans og alþjóðleg tengsl til þess að efla þverfræðilegt nám og rannsóknir. Samstarfsaðilar Háskólans um námið og kennarar, auk kennara HÍ, koma frá innlendum og erlendum stofnunum í fararbroddi á sínum sviðum - það gerir Háskólanum kleift að bjóða upp á einstakt nám og tækifæri til rannsókna.

Markmið lýðheilsuvísinda við Háskóla Íslands er að verða í fremstu röð í rannsóknum á sviðum lýðheilsu og birta niðurstöður í viðurkenndum vísindatímaritum á alþjóðavettvangi.

Dagleg umsýsla með náminu:
Miðstöð Háskóla Íslands í lýðheilsuvísindum - MLV
Stapa v. Hringbraut, 107 Reykjavík
sími: 525 4956 netfang: dro1@hi.is
heimasíða

### Lýðheilsuvísindi, Meistarapróf, 120 e
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=020007_20096&kennsluar=2009

### Lýðheilsuvísindi, Doktorspróf, 180 e
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=020008_20096

### Lýðheilsuvísindi, Diplóma á framhaldsstigi, 30 e
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820044_20096&kennsluar=2009

## Umhverfis- og auðlindafræði

**Umhverfis- og auðlindafræði, meistarapróf, 120 einingar**

Meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum er 2 ára (120 eininga) þverfræðilegt nám sem veitir fræðilega menntun á sviðum sem tengjast umhverfismálum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Námið er ætlað hverjum þeim sem hafa lokið BS- eða BA-prófi og vilja breikka og dýpka þekkingu sína og skilning á umhverfismálum og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Nemendur geta valið hvort þeir ljúka 30 eða 60 eininga rannsóknarverkefni, þar sem miðað er við að hver eining sé jafngild einni vinnuviku. Í heild ljúka því nemendur 60-90 einingum í val- og kjarnanámskeiðum en heildarfjöldi eininga sem lokið er í námskeiðum fer eftir stærð rannsókarverkefnis. Skyldunámskeið eru 30 einingar en þau gefa nemendum breiðan en þó djúpan þekkingargrunn í umhverfis- og auðlindafræði.

Að náminu standa tólf deildir Háskóla Íslands: Félags- og mannvísindadeild, hagfræðideild, lagadeild, stjórnmálafræðideild, viðskiptafræðideild, sagnfræði- og heimspekideild, iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, jarðvísindadeild, líf- og umhverfisvísindadeild, rafmagns- og tölvuverkfræðideild, raunvísindadeild og umhverfis- og byggingarverkfræðideild. Námsstjórn, sem samsett er af fulltrúum þeirra deilda sem standa að náminu, ber faglega ábyrgð á gæðum og samsetningu námsins. Umsýsla með náminu er í höndum skrifstofu Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, en nemendum er bent á að hafa samband við verkefnisstjóra námsins, Dagnýju Arnarsdóttur (dagnyarn@hi.is).

Að námi loknu bíður fjölbreyttur starfsvettvangur, svo sem í ráðgjöf á sviði umhverfis- og orkumála, hjá fyrirtækjum með virka umhverfisstefnu, í stjórnsýslu á sveitarstjórnarsviði og landsvísu, við rannsóknir hjá opinberum stofnunum og einkaaðilum og við kennslu.

Vefur meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræði: www.umhverfi.hi.is.

### Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=090585_20096&kennsluar=2009

### Upplýsingatækni á heilbrigðissviði, MHI, 120e
Nám í upplýsingatækni í heilbrigðisvísindum er tveggja ára þverfaglegt, rannsóknatengt nám á meistarastigi, sem hófst haustið 2004. Námið er skipulagt sameiginlega af þeim háskóladeildum sem aðild eiga að náminu, sem eru félagsvísindadeild, hjúkrunarfræðideild, lyfjafræðideild, læknadeild og verkfræðideild. Einnig á Landspítali aðild að náminu.

Tilgangur námsins er að veita þverfaglega, hagnýta, sem og fræðilega menntun til starfa á ýmsum sviðum er snerta upplýsingatækni á heilbrigðissviði.

Markmið námsins er að koma til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir, þróun, þjónustu og stefnumótun sem tengist skráningu, meðhöndlun og vinnslu gagna á sviði heilbrigðismála.

Almennar upplýsingar um námið má nálgast á heimasíðu námsins: http://www.health-informatics.hi.is/

### Um námið

**Skipulag náms**

Meistaranám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði er 120 eininga nám: 38 einingar í kjarna (44 eininga kjarni fyrir nemendur með bakgrunn í heilbrigðis- eða félagsvísindum), 30-60 eininga meistaraverkefni og 22-52 einingar í val.

**Námsstjórn**

Ásta St. Thoroddsen dósent í hjúkrunarfræðideild, Gísli Pálsson prófessor í félagsvísindadeild, Anna Birna Almarsdóttir prófessor í lyfjafræðideild, María Heimisdóttir aðjúnkt í læknadeild, Hjálmtýr Hafsteinsson dósent við tölvunarfræðiskor, Connie W. Delaney prófessor í upplýsingatækni á heilbrigðissviði og Björn Jónsson sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs á LSH.

**Inntökuskilyrði**

Til að innritast í meistaranám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði þarf stúdent að hafa lokið BS eða BA prófi frá Háskóla Íslands eða öðru háskólanámi sem metið er jafngilt fyrsta háskólaprófi. Miðað er við að nemandi, sem hefur lokið prófi frá Háskóla Íslands, hafi að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn úr grunnnámi eða samsvarandi námi. Rannsóknanámsnefnd metur próf frá öðrum skólum en Háskóla Íslands. Heimilt er að víkja frá reglum um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

**Umsóknir**

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl ár hvert fyrir innritun á haustmisseri. Unnt er að sækja um inngöngu í meistaranám á sérstöku eyðublaði sem fæst á deildaskrifstofum Háskóla Íslands. Umsókninni skal síðan skilað til skrifstofu hjúkrunarfræðideildar ásamt:

- Bréfi þar sem fram koma ástæður fyrir vali á námi og námsleið
- Náms- og starfsferilsskrá
- Afrit af prófskírteinum náms á háskólastigi ásamt einkunnum
- Námsáætlun (sjá eyðublað á heimasíðu)
- Stutt lýsing á rannsóknarverkefni hafi það verið ákveðið

### Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=110109_20096&kennsluar=2009

### Námsstjórn

Ásta St. Thoroddsen dósent, astat@hi.is, hjúkrunarfræðideild
Gísli Pálsson prófessor, gpals@hi.is, félagsvísindadeild
Anna Birna Almarsdóttir prófessor, annaba@hi.is, lyfjafræðideild
María Heimisdóttir aðjúnkt, mariahei@landspitali.is, læknadeild
Hjálmtýr Hafsteinsson dósent, hh@hi.is, tölvunarfræðiskor
Connie Delaney prófessor, upplýsingatækni á heilbrigðissviði
Björn Jónsson sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs LSH

### Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=12542&kennsluar=2009

# Félagsvísindasvið

Skrifstofa Félagsvísindasviðs
Gimli, 1. hæð

Heimasíða

## Félags- og mannvísindadeild

**Deildarforseti:**
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Fil.dr.

**Varadeildarforseti:**
Jónína Einarsdóttir, Ph.D.

**Skrifstofa félags- og mannvísindadeildar**
Gimli, 1. hæð
v/Sæmundargötu
101 Reykjavík

Opin virka daga frá kl. 10:00-12:30 og 13:00-15:30

Sími: 5255444
Bréfasími: 552 6806
Netfang: fom@hi.is
Heimasíða felagsogmannvis.hi.is

### Grunnnám

Atvinnulífsfræði

**Atvinnulífsfræði, Aukagrein, 60e**
**Umsjón: Stefán Ólafsson, prófessor**

Eins árs fræðilegt grunnám í atvinnulífsfræði. Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka má með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf alls180e til að útskrifast með BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Atvinnulífsfræði hefur það markmið að auka skilning nemenda á atvinnulífinu, einkum út frá sjónarhóli félagsvísinda. Greinin er þverfagleg og beinir sjónum sérstaklega að vinnustöðum (organizational studies) og samskiptum á vinnumarkaði (industrial relations). Stjórnun, vinnuskipulag, vinnumenning, helstu gerendur atvinnulífsins, samskipti aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda, auk mannauðsstjórnunar, eru lykilviðfangsefni. Námið hefur mikla hagnýta skírskotun og ætti að greiða nemendum leiðir að starfsferlum í atvinnulífinu, til dæmis við millistjórnun og starfsmannahald, auk þekkingarbúskapar ýmiss konar. Þá er námið einnig góður undirbúningur fyrir framhaldsnám á sviði stjórnunar, vinnumarkaðsmála og nýsköpunar. Mikil áhersla er lögð á samanburð við atvinnulíf annarra þjóðfélaga.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100904_20096

Bókasafns- og upplýsingafræði

Bókasafns- og upplýsingafræði byggir á þekkingu á eðli og einkennum upplýsinga. Greinin fæst við að skipuleggja og miðla upplýsingum, þekkingu eða hugsun sem skráð er með einhverjum hætti. Stórtækar framfarir hafa orðið á möguleikum til þess að stjórna og miðla upplýsingum. Þekking á hinum fjölmörgu þáttum sem tengjast öflun, miðlun, notkun og varðveislu upplýsinga er meginforsenda þess að hægt sé að nýta þekkingu af hagkvæmni.

Atvinnuhorfur bókasafns- og upplýsingafræðinga eru góðar og nemendur eftirsóttir til starfa strax að námi loknu. Sívaxandi þörf er fyrir sérfræðinga sem búa yfir færni og þekkingu til þess að skipuleggja og miðla upplýsingum á skilvirkan og árangursríkan hátt.

Kennsla í bókasafns- og upplýsingafræði er bæði fræðileg og hagnýt. Skipulag námsins tekur mið af þeim miklu og hröðu breytingum sem orðið hafa á starfsumhverfi bókasafns- og upplýsingafræðinga.

BA-nám er þriggja ára nám. Hægt er að taka bókasafns- og upplýsingafræði sem aðalgrein til 180 eða 120 eininga og þá með aukagrein og sem aukagrein til 60 eininga.
BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði veitir aðgang að meistaranámi.

**Verkefnavika**
Haustmisseri: 18.-24. október 2009
Vormisseri: 7.-13. mars 2010

Bókasafns- og upplýsingafræði, BA, 180e

Þriggja ára fræðilegt grunnnám í bókasafns- og upplýsingafræði. Námið er 180e og telst fullgilt BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Námið námið veitir rétt til að sækja um starfsheitið bókasafns- og upplýsingafræðingur.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100101_20096

Bókasafns- og upplýsingafræði, BA, 120e

Tveggja ára fræðilegt grunnnám í bókasafns- og upplýsingafræði við félags- og mannvísindadeild. Um er að ræða 120e aðalgrein sem taka þarf með 60e aukagrein til að útskrifast með BA-próf til 180e. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Námið veitir rétt til að sækja um starfsheitið bókasafns- og upplýsingafræðingur.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100102_20096

Bókasafns- og upplýsingafræði, Aukagrein, 60e

Eins árs fræðilegt grunnám í bókasafns- og upplýsingafræði. Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka má með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf alls180e til að útskrifast með BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100100_20096&lina=1248

Skólasafnsfræði, Aukagrein, 60e

Eins árs fræðilegt grunnnám í skólasafnsfræði.
Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka má með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf alls180e til að útskrifast með BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

**Umsjón:** Kristín Björgvinsdóttir, M.Sc. (Econ)
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100100_20096&lina=1084

Stjórnun og rekstur, Aukagrein, 60e

Eins árs fræðilegt grunnnám í stjórnun og rekstri.
Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka má með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf alls180e til að útskrifast með BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

**Umsjón:** Ágústa Pálsdóttir, dósent.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100100_20096&lina=1088

Upplýsingamiðlun, Aukagrein, 60e

Eins árs fræðilegt grunnnám í upplýsingamiðlun.
Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka má með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf alls180e til að útskrifast með BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

**Umsjón:** Ágústa Pálsdóttir, Ph.D.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100100_20096&lina=1092

Upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum, Aukagrein, 60e

Eins árs fræðilegt grunnnám í upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum.
Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka má með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf alls180e til að útskrifast með BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

**Umsjón:** Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Ph.D.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100100_20096&lina=1096

Vefstjórnun, Aukagrein, 60e

Eins árs fræðilegt grunnnám í vefstjórnun.
Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka má með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf alls180e til að útskrifast með BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

**Umsjón:** Kristín Ósk Hlynsdóttir, MAIM
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100100_20096&lina=1080

Vettvangsnám

Í vettvangsnámi ljúka nemendur tilteknu starfsnámi á bókasöfnum og upplýsingamiðstöðvum.

Vettvangsnámið felur í sér þrjá þætti:
1. Að taka einstaka nemendur í vettvangsnám í eina viku í senn, sjá Vettvangsnám (2e).
2. Að veita upplýsingar nemendum sem vinna rannsóknarverkefni um starfsemina, sjá Verkefni í bókasafns- og upplýsingafræði (2e, 4e, 6e).
3. Að bjóða nemendum upp á að vinna rannsóknarverkefni sem yrði hluti náms þeirra með umsjón starfsmanns sem námsbraut samþykkir, sjá Verkefni í bókasafns- og upplýsingafræði (2e, 4e, 6e).

Um námið

Nemendur ljúka tilteknu starfsnámi á bókasöfnum og upplýsingamiðstöðvum.
Eftirtaldir aðilar hafa gert samning um samstarf við bókasafns- og upplýsingafræðiskor um vettvangsnám:

-Borgarbókasafn Reykjavíkur, Aðalsafn.
-Borgarbókasafn Reykjavíkur, Ársafn.
-Borgarbókasafn Reykjavíkur, Gerðuberg.
-Borgarbókasafn Reykjavíkur, Kringlusafn.
-Borgarbókasafn Reykjavíkur, Foldasafn.
-Borgarbókasafn Reykjavíkur, Seljasafn.
-Borgarbókasafn Reykjavíkur, Sólheimasafn.
-Bókasafn Fjölbrautaskóla Vesturlands.
-Bókasafn Flensborgarskólans.
-Bókasafn Garðabæjar.
-Bókasafn Hafnarfjarðar.
-Bókasafn Iðnskólans í Hafnarfirði.
-Bókasafn Kópavogs.
-Bókasafn Landspítala - Háskólasjúkrahúss.
-Bókasafn og upplýsingaþjónusta Listaháskóla Íslands.
-Bókasafn Mosfellsbæjar.
-Bókasafn Náttúrufræðistofnunar.
-Bókasafn Reykjanesbæjar.
-Bókasafn Seltjarnarness.
-Bókasafn Sjómannaskólans.
-Bókasafn Veðurstofu Íslands.
-Bæjar- og héraðsbókasafnið á Ísafirði
-Menntasmiðja Kennaraháskóla Íslands.

Samstarfið við söfnin er háð því sem aðstæður leyfa á hverjum stað á þeim tíma sem leitað er eftir. Nemendur geta leitað til annarra safna varðandi vettvangsnám með samþykki umsjónarmanns, Ásdísar Magnúsdóttur, verkefnisstjóra.

**Vettvangsnámið felur í sér þrjá þætti:**
1. Að taka einstaka nemendur í vettvangsnám í eina viku í senn, sjá Vettvangsnám (2e).
2. Að veita upplýsingar nemendum sem vinna rannsóknarverkefni um starfsemina, sjá Verkefni í bókasafns- og upplýsingafræði (2e, 4e, 6e).
3. Að bjóða nemendum upp á að vinna rannsóknarverkefni sem yrði hluti náms þeirra með umsjón starfsmanns sem skorin samþykkir, sjá Verkefni í bókasafns- og upplýsingafræði (2e, 4, 6e).

Kennarar

**Prófessor:**
Jóhanna Gunnlaugsdóttir, M.Sc(Econ), Ph.D. formaður námsbrautar
**Dósent:**
Ágústa Pálsdóttir, Ph.D. (rannsóknamisseri vor 2009)

**Stundakennarar:**
Kristín Björgvinsdóttir, M.Sc. (Econ)
Kristín Ósk Hlynsdóttir, MAIM
Sigrún Klara Hannesdóttir, Ph.D.
Þórdís T. Þórarinsdóttir, MLS

Fanney Sigurgeirsdóttir
Hallfríður Kristjánsdóttir
Margrét Gunnarsdóttir
Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir

Félagsfræði

Félagsfræði er fræðigrein sem greinir undirstöður þjóðfélagsins og eflir skilning á ólíkum sviðum þess. Meðal viðfangsefna félagsfræðinnar má nefna velferðarmál, lífskjör og lagskiptingu, afbrot, atvinnu- og efnahagslíf, fjölmiðla, stöðu kynjanna, innflytjendamál, unglingsárin, heilbrigði og lýðheilsu, fjölskyldumál, mannfjöldaþróun og vísindastarf.
Nám í félagsfræði felur í sér undirstöðuþjálfun í fræðilegri hugsun og fræðilegum vinnubrögðum. Jafnframt er lögð áhersla á sjálfstæði og frumkvæði nemenda.

Um námið

Grunnnám í félagsfræði tekur þrjú ár. Unnt er að ljúka BA-prófi í félagsfræði sem aðalgrein til 180 eininga. Einnig er hægt að taka BA í félagsfræði sem aðalgrein til 120 eininga og velja þá aukagrein í annarri námsbraut (60e). Jafnframt er hægt að taka félagsfræði sem aukagrein (60e) og taka nemendur þá aðra aðalgrein til 120e.
Kröfur um námsárangur milli námsára: Áður en nemendur í félagsfræði skrá sig í námskeið annars og þriðja kennsluárs skulu þeir hafa lokið námskeiðinu Aðferðafræði I: Rannsóknaraðferðir félagsvísinda (8e) og a.m.k. 12e af félagsfræðinámskeiðum 1. árs.

Vakin er athygli á ákvæðum reglugerðar fyrir Háskóla Íslands um próf og endurtekningu þeirra, sbr. ákvæði í 57. gr. sem hljóða svo: "Nú stenst stúdent ekki próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann þá ekki prófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs án þess að boða forföll, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga undir það."

Ef stúdent sækir um endurinnritun vegna þess að hann hefur ekki staðist próf sbr. 57. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, eru metin þau námskeið sem hann hefur staðist með lokaeinkunn 5,0 eða hærri. Við endurinnritun fær nemandi stöðu nýnema og ber að fara eftir þeirri kennsluskrá sem í gildi er árið sem hann endurinnritast, eða síðar.

Nemendum er bent á að kynna sér fyrningarreglur og aðrar reglur félags- og mannvísindadeildar

Athygli nemenda er vakin á því, að sú regla gildir í námskeiðum í félagsfræði þar sem bæði er um verkefni og próf að ræða, að krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námsmats.

**Áherslusvið félagsfræðinnar:**
**1) Félagsleg vandamál og velferðarþjóðfélagið:**
Fjölbreytileiki og félagsleg mismunun, Félagsfræði frávikshegðunar, Afbrotafræði, Velferðarríki nútímans: Lífskjör og vinnumarkaður, Fjölskyldur og fjölskyldustefna, Heilsufélagsfræði, Geðheilsufélagsfræði, Karlar og karlmennska, Áhrif kláms og ofbeldis í myndmiðlum, Áfengis- og vímuefnamál, Ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum, Öldrun og málefni aldraðra.
**2) Félagsfræði atvinnulífs:**
Vinnuvistfræði og félagslegir áhættuþættir, Málstofa í atvinnulífsfræði, Velferðarríki nútímans: Lífskjör og vinnumarkaður, Efnahagslíf og þjóðfélag, Stjórnun, vinnuskipulag og vinnumenning, Vinnumarkaðurinn og þróun hans: Alþjóðlegur samanburður, Borgarfræði.
**3) Félagsfræði fjölmiðla:**
Inngangur að fjölmiðlafræði: Vald og formgerð, Fjölmiðlafræði: Notendur og áhrif, Fjölmiðlafræði: Kenningar og rannsóknir, Áhrif kláms og ofbeldis í myndmiðlum, Verkefni í íslenskum fjölmiðlum, 10.10.60 Íslenskar kvikmyndir: Ímynd og sjálfsmynd þjóðarinnar (sjá þjóðfræði).
**4) Félagsfræðikenningar og aðferðir:**
Almenn félagsfræði: Klassískar kenningar og nútímaþjóðfélagið, Vinnulag í félagsfræði, Aðferðafræði I: Rannsóknaraðferðir félagsvísinda, Aðferðafræði II: Inngangur að tölfræði, Aðferðafræði III: Framhaldsefni í tölfræði, Kenningar í félagsvísindum, Nútímakenningar í félagsfræði, Rannsóknir í félagsfræði, Aðhvarfsgreining, Samtímafélagsfræði: Kenningar og viðfangsefni, Félagssálfræði.

Félagsfræði, BA, 180e

Þriggja ára fræðilegt grunnnám í félagsfræði. Námið er 180e og telst fullgilt BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Kröfur um námsárangur milli námsára: Áður en nemendur í félagsfræði skrá sig í námskeið annars og þriðja kennsluárs skulu þeir hafa lokið námskeiðinu Aðferðafræði I: Rannsóknaraðferðir félagsvísinda (8e) og a.m.k. 12e af félagsfræðinámskeiðum fyrsta árs.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100400_20096

Félagsfræði, BA, 120e

Tveggja ára fræðilegt grunnnám í félagsfræði. Um er að ræða 120e aðalgrein sem taka þarf með 60e aukagrein til að útskrifast með BA-próf til 180e. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Kröfur um námsárangur milli námsára: Áður en nemendur í félagsfræði skrá sig í námskeið annars og þriðja kennsluárs skulu þeir hafa lokið námskeiðinu Aðferðafræði I: Rannsóknaraðferðir félagsvísinda (8e) og a.m.k. 12e af félagsfræðinámskeiðum fyrsta árs.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100401_20096

Félagsfræði, Aukagrein, 60e

Eins árs fræðilegt grunnnám í félagsfræði.Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka má með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf alls180e til að útskrifast með BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100402_20096

Kennarar

**Prófessorar:**
Helgi Gunnlaugsson, Ph.D.
Stefán Ólafsson, D.Phil.
Þorbjörn Broddason, Fil.dr.
Þórólfur Þórlindsson, Ph.D.

**Dósentar:**
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Fil.dr.
Jón Gunnar Bernburg, Ph.D.

**Lektor:**
Ingólfur V. Gíslason, fil.dr.

**Aðjúnkt**:
Rannveig Þórisdóttir, MA

**Stundakennarar:**
Ásta Snorradóttir, MA
Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, MA
Guðbjörg Hildur Kolbeins, Ph.D.
Gyða Margrét Pétursdóttir, MA
Harpa Njáls, MA
Hilmar Thor Bjarnason, MA
Jón Óttar Ólafsson, Ph.D.
Kolbeinn Stefánsson, MA
Margrét Valdimarsdóttir, MA
Ragnar Karlsson, fjölmiðlafræðingur
Rúnar Vilhjálmsson, Ph.D.
Thamar Melanie Heijstra, MA
Stefán Hrafn Jónsson, Ph.D.
Tómas Björn Bjarnason, félagsfræðingur

Fjölmiðlafræði

**Umsjón: Þorbjörn Broddason, prófessor**

**Fjölmiðlafræði, Aukagrein, 60e**
Eins árs fræðilegt grunnám í fjölmiðlafræði. Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka má með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf alls180e til að útskrifast með BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Fjölmiðlafræðingar rannsaka stöðu fjölmiðlanna meðal annarra meginþátta þjóðfélagsins. Annars vegar er fjallað um innra skipulag fjölmiðlanna, eignarhald og forræði yfir þeim, en hins vegar um nokun fjölmiðlanna og áhrif þeirra á einstaklinga og hópa. Nýir miðlar, gagnvirkni og samfléttun ólíkra miðlunar- og boðskiptaháttа (prentmiðla, ljósvakamiðla, netmiðla, síma) eru vaxandi viðfangsefni fjölmiðlafræðinnar.

Fjölmiðlafræði er alþjóðlegur vettvangur háskólakennslu og rannsókna í örum vexti. Þetta má marka af mikilli aðsókn að greininni, öflugri bóka- og tímaritaútgáfu og grósku í samstarfi fræðimanna. Skýr vottur um gróskuna og vöxtinn er að á erlendum málum er heiti sem eðlilegt er að þýða með þessu íslenska orði - fjölmiðlafræði - (á ensku Mass Communication Studies eða Media Studies) tekið að víkja fyrir heiti sem nær væri að þýða með samsetta heitinu fjölmiðla- og boðskiptafræði (á ensku Media and Communication Studies). Þessi tilhneiging endurspeglar hinar miklu breytingar sem nú verða á boðskiptaháttum samfélagsins sem leiða til þess að mörkin milli mismunandi tegunda fjölmiðla verða sífellt ógleggri og jafnframt að mörkin milli fjölmiðlunar og annarra boðskipta eru einnig að verða óviss.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100408_20096

Mannfræði

Viðfangsefni mannfræðinnar eru fjölbreytt, í rauninni allt sem viðkemur tegundinni Homo sapiens fyrr og síðar. Spurningar mannfræðinga snúast þó einkum um hin mörgu og ólíku samfélög manna, hvað þau eigi sameiginlegt og hvað greini þau að. Áhersla er lögð á að skilja hugmyndir og athafnir fólks og hvaða merkingu þær hafa fyrir það og aðra. Mannfræðin leitast einnig við að svara því hvar og hvenær tegundin varð til, hvernig þróun hennar var háttað og hvað skilji á milli mannsins og annarra tegunda. Að baki þekkingarleit mannfræðinga liggur knýjandi forvitni um það hver við erum, hvað við gerum og hvaðan við komum.
Þau gögn sem mannfræðingar styðjast við í rannsóknum sínum eru fjölbreytileg: viðtalsgögn, ljósmyndir, vídeóupptökur, minniskompur af vettvangi, söguleg gögn, tölulegar heimildir og upplýsingar um líkamsgerð, m.a. erfðasýni og mannabein. En hvert sem rannsóknarviðfangsefnið er - erfðasaga þjóða, trúarbrögð, hugmyndir um kynþætti og þjóðerni, áhrif loftslagsbreytinga, fjölmenningarlegt samfélag, listsköpun, heilsa eða þróun - einkennist nálgun mannfræðingsins yfirleitt af nálægð við það fólk sem er til umfjöllunar hverju sinni. Oft er um að ræða beina tímabundna þátttöku í lífi annarra, svokallaðar vettvangsrannsóknir. Íslenskir mannfræðingar hafa stundað slíkar rannsóknir í fjölda landa, t.d. Kanada, Grænlandi, Bandaríkjunum, Níger, Gíneu-Bissá, Namibíu, Japan, Chile, Grænhöfðaeyjum, Spáni, Danmörku, Taílandi, Papúa Nýju Gíneu, Bretlandi, Þýskalandi og Íslandi.
Hægt er að ljúka BA-námi í mannfræði (180e), meistaranámi í mannfræði og þróunarfræðum (120e) sem og doktorsnámi. Auk þess eru í boði þrjár námslínur í diplómanámi, þ.e. í þróunarfræðum, fjölmenningu og heilsu, líkama og menningu. Einnig er reglulega boðið upp á námskeið kennd af stundarkennurum til að auka enn frekar á fjölbreytni námsins. Þau tengjast oft málefnum sem eru ofarlega á baugi í samfélaginu.
Nám í mannfræði kemur að góðum notum þar sem þörf er á haldgóðum skilningi á menningarlegri fjölbreytni, eðli og merkingu mannlegra samskipta og athafna, og líffræðilegum sérkennum og samkennum tegundarinnar. Mannfræðingar starfa m.a. við fjölmiðlun, minjasöfn, innflytjendamál, kennslu, þróunarsamvinnu, friðargæslu og erfðarannsóknir.

**Athugið að námskeiðin eru bæði kennd í staðnámi og fjarnámi.**

**Verkefnavika:**
Haustmisseri: 18-24.okt
Vormisseri: 7-13.mars

Mannfræði, BA, 180e

Þriggja ára fræðilegt grunnnám í mannfræði. Námið er 180e og telst fullgilt BA-próf.

Á fyrsta ári eru kenndar grundvallarhugmyndir og hugtök félagslegrar og líffræðilegrar mannfræði. Nemendur læra einnig um rannsóknir félagsmannfræðinga og um þær aðferðir sem þeir nota til að afla upplýsinga og um ýmsar þær kenningar sem þeir beita við greiningu upplýsinga.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100700_20096

Mannfræði, BA, 120e

Tveggja ára fræðilegt grunnnám í mannfræði. Um er að ræða 120e aðalgrein sem taka þarf með 60e aukagrein til að útskrifast með BA-próf til 180e.

Á fyrsta ári eru kenndar grundvallarhugmyndir og hugtök félagslegrar og líffræðilegrar mannfræði. Nemendur læra einnig um rannsóknir félagsmannfræðinga og um þær aðferðir sem þeir nota til að afla upplýsinga og um ýmsar þær kenningar sem þeir beita við greiningu upplýsinga.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100701_20096

Mannfræði, Aukagrein, 60e

Eins árs fræðilegt grunnnám í mannfræði.

Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka má með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf alls180e til að útskrifast með BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100702_20096

Líffræðileg mannfræði, 60e

**Umsjón: Agnar Sturla Helgason, rannsóknadósent**

Eins árs fræðilegt grunnám í líffræðilegri mannfræði. Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka má með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf alls180e til að útskrifast með BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Líffræðileg mannfræði er fræðigrein sem hefur það markmið að skilja hvers konar lífvera maðurinn er. Í þessu skyni stunda líffræðilegir mannfræðingar rannsóknir á eftirfarandi sviðum: erfðafræði (sérstaklega stofnerfðafræði og þróunarerfðafræði), prímatafræði, fornleifafræði og steingervingafræði (með áherslu á þróunarsögu prímata og sérstaklega tegunda úr fjölskyldunni hominidae), lífeðlisfræði, anatómíu, atferlisfræði og fleiri greinum. Það sem tengir saman þessar ólíku fræðigreinar í nálgun líffræðilegra mannfræðinga er ekki bara fókus á manntegundir, heldur líka rík áhersla á að skilja sérkenni mannsins sem afurð þróunar.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100704_20096

Kennarar

**Prófessorar:**
Gísli Pálsson, Ph.D.
Jónína Einarsdóttir, Ph.D.
Kristín Loftsdóttir, Ph.D.
Unnur Dís Skaptadóttir, Ph.D.

**Rannsóknardósent:**
Agnar Sturla Helgason, Ph.D.

**Lektor:**
Sveinn Eggertsson, Ph.D.

**Aðjúnkt:**
Kristín Erla Harðardóttir, MA

**Stundakennarar:**
Guðbjörg Lilja Hjartardóttir,MA
Gunnar Þór Jóhannesson, Ph.D.
Helga Björnsdóttir, MA

Kristján Þór Sigurðsson,
Mímir Víðisson,
Jón Haukur Ingimundarson
Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Ph.D.
Tinna Grétarsdóttir, MA
Þórdís Sigurðardóttir,MA
Þórunn Hafstað,

Safnafræði, Aukagrein, 60e

Eins árs fræðilegt grunnnám í safnafræði. Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka skal með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf alls180e til að útskrifast með BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

**Verkefnavika:**
Haustmisseri: 20.-24. október 2009
Vormisseri: 9.-13. mars 2010

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100730_20096

Þjóðfræði

**Þjóðfræðingar** rannsaka hversdagsmenningu, lífshætti og lífssýn á okkar dögum og áður fyrr.

**Þjóðfræði** heyrir í senn til hug- og félagsvísinda, enda fjalla þjóðfræðingar jöfnum höndum um aðstæður fólks og samfélag á hverjum tíma og svo tjáningu þess, listfengi og fagurfræði hversdagsins. Á meðal viðfangsefna þjóðfræðinnar eru sögur og sagnir, heimilis- og atvinnuhættir, trú og tónlist, siðir og venjur, hátíðir og leikir, klæðnaður og matarhættir, svo fátt eitt sé nefnt. Áhersla er lögð á hvernig fólk mótar líf sitt og umhverfi undir kringumstæðum sem það hefur ekki mótað sjálft og hvernig fólk lifir í samfélagi hvert við annað í þeim margvíslegu hópum sem það tilheyrir.

**Athugið að námskeiðin eru bæði kennd í staðnámi og fjarnámi.**

**Verkefnavika:**
Haustmisseri: 18-24.okt
Vormisseri: 7-13.mars

Þjóðfræði, BA, 180e

Þriggja ára fræðilegt grunnám í þjóðfræði. Námið er 180e og telst fullgilt BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100710_20096

Þjóðfræði, BA, 120e

Tveggja ára fræðilegt grunnnám í þjóðfræði.

Um er að ræða 120e aðalgrein sem taka þarf með 60e aukagrein til að útskrifast með BA-próf til 180e.
Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100709_20096

Þjóðfræði, Aukagrein, 60e

Eins árs fræðilegt grunnnám í þjóðfræði.

Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka skal með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf 180e til að útskrifast með BA-próf.
Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100708_20096

Kennarar

**Dósent:**
Terry Gunnell, Ph.D.

**Lektor:**
Valdimar Tryggvi Hafstein, Ph.D.

**Aðjúnktar:**
Aðalheiður Guðmundsdóttir, Dr.Phil.
Kristín Einarsdóttir, MA

**Stundakennarar:**
Gísli Sigurðsson, Ph.D.
Júlíanna Þóra Magnúsdóttir MA
Katla Kjartansdóttir, MA
Kristinn Schram, MA
Rósa Þorsteinsdóttir MA
Ólafur Rastrick, MA
Jón Jónsson MA
Sigurður Gylfi Magnússon, Ph.D.
Bryndís Björgvinsdóttir

## Framhaldsnám

**Fjölbreytt og krefjandi framhaldsnám**
Meginvöxturinn í félags- og mannvísindadeild hefur verið í meistara- og doktorsnámi. Framhaldsnámið er bæði rannsóknartengt og starfsmiðað. Í boði er meistaranám, bæði einstaklingsmiðað og með námskeiðum, auk diplómanáms á meistarastigi í nokkrum greinum. Félags- og mannvísindadeild er aðili að þverfræðilegu framhaldsnámi í umhverfis- og auðlindafræði. Doktorsnám er hægt að stunda í öllum aðalgreinum deildarinnar og kynjafræði.

Blaða- og fréttamennska

**Umsjón: Valgerður Anna Jóhannsdóttir, aðjúnkt og verkefnisstjóri**

Tveggja ára verklegt og fræðilegt meistaranám í blaða og fréttamennsku (120e) við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Námið telst fullgilt MA-próf. Inntökuskilyrði eru BA-, BS- eða sambærilegt próf með fyrstu einkunn.

Gert er ráð fyrir að nemendur stundi fullt nám. Nemendur geta sótt um að taka námið á lengri tíma, þó ekki lengri en fjórum árum.

Heimsíða MA-náms í blaða-og fréttamennsku

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100415_20096

Inntökuskilyrði

Umsækjendur skulu að jafnaði hafa lokið háskólaprófi með fyrstu einkunn. Fyrsta einkunn veitir þó ekki sjálfkrafa aðgang að náminu. Ef ástæða þykir til verða umsækjendur teknir í viðtöl.

Umsóknafrestur er til 15. apríl ár hvert. Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu félags- og mannvísindadeildar felagsogmannvis.hi.is

**Fjöldatakmörkun:** Gert er ráð fyrir að hámarksfjöldi nemenda verði bundinn við 21.

Kennarar

**Umsjón:**

**Stjórn MA-náms í blaða- og fréttamennsku:**
Ólafur Þ. Harðarson, prófessor
Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri
Þorbjörn Broddason, prófessor

**Aðjúnkt:**

**Stundakennarar í MA-námi í blaða- og fréttamennsku**
Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði
Hjörtur Einarsson, MA
Ingibjörg Elíasdóttir, cand. jur.
Karl Ágúst Úlfsson, MA
Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði
Stefán Jóhann Stefánsson, M.Sc.
Valgerður Anna Jóhannsdóttir, MA
Þorbjörn Broddason, prófessor í félagsfræði

Bókasafns- og upplýsingafræði

**Verkefnavika**
Haustmisseri: 20.-24. október 2009
Vormisseri: 7.-13. mars 2010

Bókasafns- og upplýsingafræði, Rannsóknanám, MA, 120e

Tveggja ára fræðilegt framhaldsnám (rannsóknatengt framhaldsnám) í bókasafns-og upplýsingafræði í félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Námið er 120e og er fullgilt próf til prófgráðunnar *magister artium*, MA.
Þeir sem taka MA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði bæta við sig tveimur árum í sjálfstæðu fræðilegu rannsóknarnámi. Það felst annars vegar í viðamikilli ritgerð (40-60e) og hins vegar í námskeiðum á völdum sviðum svo og námskeiðum í rannsóknaraðferðum og kenningum.

Nemendur geta valið um að skipuleggja námið í samráði við leiðbeinanda og sérstaka prófnefnd. MA-ritgerð er að jafnaði 40-60 einingar. Sérstakleg er bent á nauðsyn þess að nemandi taki viðeigandi aðferðafræði til að takast á við rannsókn.

Einnig stendur til boða að velja eftirfarandi sérhæfingarleiðir í MA-námi:
Stjórnun og stefnumótun, Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum og Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun.

**Meistaranám: Með áherslu á margbreytileika 120e**
Meistaranámið með áherslu á margbreytileika er 120e og lýkur með 40e MA-ritgerð. Náminu er ætlað að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á margbreytileika nútímasamfélaga. Fjallað er um menningarmun og helstu þætti félagslegrar mismununar svo sem kyn, kynhneigð, þjóðernisuppruna, fötlun, aldur og stétt, með sérstakri áherslu á samtvinnun þessara þátta í daglegu lífi.

Nemendur skulu hafa lokið BA-prófi frá Háskóla Íslands eða sambærilegu námi með fyrstu einkunn. Hverjum nemanda er skipaður umsjónarkennari við upphaf námsins.

Sérhæfing á sviði stjórnunar og stefnumótunar, MA

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100111_20096&lina=4107

Sérhæfing á sviði upplýsinga- og skjalastjórnunar og rafrænna samskipta hjá skipulagsheildum, MA

.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100111_20096&lina=4105

Sérhæfing á sviði upplýsingafræði og þekkingarmiðlunar, MA

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100111_20096&lina=4106

MA nám í bókasafns- og upplýsingafræði: Með áherslu á margbreytileika

Meistaranámið með áherslu á margbreytileika er 120e og lýkur með 40e MA-ritgerð. Náminu er ætlað að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á margbreytileika nútímasamfélaga. Fjallað er um menningarmun og helstu þætti félagslegrar mismununar svo sem kyn, kynhneigð, þjóðernisuppruna, fötlun, aldur og stétt, með sérstakri áherslu á samtvinnun þessara þátta í daglegu lífi.

Nemendur skulu hafa lokið BA-prófi frá Háskóla Íslands eða sambærilegu námi með fyrstu einkunn. Hverjum nemanda er skipaður umsjónarkennari við upphaf námsins.

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100111_20096&lina=4107

Bókasafns- og upplýsingafræði, MLIS, 120e

Námið er ætlað þeim sem lokið hafa háskólagráðu í annarri grein en bókasafns- og upplýsingafræði.
Námið er tveggja ára fræðilegt og hagnýtt framhaldsnám (rannsóknatengt framhaldsnám) í bókasafns- og upplýsingafræði við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands sem uppfyllir skilyrði íslenskra laga um rétt manna til að sækja um starfsheitið bókasafns- og upplýsingafræðingur. Námið er 120e og er fullgilt próf til prófgráðunnar scientia bibliothecaria ac informatoria.

Nemendur geta lokið skyldunámi sem gerð er krafa um í MLIS námi og valið valnámskeið í samráði við leiðbeinanda við lokaverkefni eða valið um eftirfarandi kjörsvið: Skólasafnsfræði, Stjórnun og stefnumótun, Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum, Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun og Vefstjórnun.

Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í öllum þáttum námsmats í öllum námskeiðum í bókasafns- og upplýsingafræði.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100106_20096

Bókasafns- og upplýsingafræði, Diplómanám, 30e

Diplómanám í bókasafns- og upplýsingafræði er eins árs nám þar sem eingöngu er um námskeið að ræða, alls 30 einingar.
Inntökuskilyrði er BA-próf, BS-próf eða sambærilegt próf.

Stjórnun og stefnumótun

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100113_20096&lina=4109

Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100113_20096&lina=4108

Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum

.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100113_20096&lina=4110

Um námið

**MA-nám: Rannsóknanám (120e):**
Einstaklingsbundið rannsóknartengt nám til MA-gráðu stendur til boða í bókasafns- og upplýsingafræði eins og öðrum aðalgreinum deildarinnar. Einstaklingsbundið MA-nám er eingöngu fyrir þá nemendur sem hafa lokið BA-prófi með bókasafns- og upplýsingafræði sem aðalgrein. Um þetta nám gilda hinar almennu reglur sem félagsvísindadeild hefur sett varðandi inntökuskilyrði, samstarfssamning við kennara og stærð ritgerðar. Nemendur skipuleggja nám sitt í samráði við leiðbeinanda og sérstaka prófnefnd.
MA-ritgerð er að jafnaði 40-60 einingar. Sérstakleg er bent á nauðsyn þess að nemandi taki viðeigandi aðferðafræði til að takast á við rannsókn.

Nemendur geta valið um að skipuleggja námið eftir áhugasviði í samráði við leiðbeinanda og sérstaka prófnefnd.

Einnig stendur til boða að velja eftirfarandi sérhæfingarleiðir í MA-námi:
· Stjórnun og stefnumótun
· Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskpti hjá skipulagsheildum
· Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun

Inntökuskilyrði í MA-nám er BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði, að jafnaði lokið með fyrstu einkunn (7,25) eða hærri.

**MLIS-nám, 120e**
Meistaranám í bókasafns- og upplýsingafræði (MLIS) er fyrir þá sem hyggjast starfa sem bókasafns- og upplýsingafræðingar og/eða skjalastjórar og/eða vefstjórnun. MLIS-námið er einungis ætlað þeim sem þegar hafa lokið háskólagráðu í annarri grein en bókasafns- og upplýsingafræði. MLIS-námið hefur verið þróað með hliðsjón af eftirfarandi: The Standards for Library Schools Update: Report 1999 frá Alþjóðasambandi bókasafns- og bókavarðafélaga (IFLA), The Standards for Accreditation of Masters Programs in Library and Information Studies 1992 frá Sambandi bandaríska bókasafna (ALA) og The Competencies for Special Librarians of the 21st Century frá Sambandi bókavarða í sérfræði- og rannsóknarbókasöfnum (SLA), sem og samkvæmt kröfum sem gerðar eru til framhaldsnáms við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Námsleiðin endurspeglar þörf fyrir fagmenntun í stétt þar sem meistaragráða verður æ algengari á Íslandi sem annars staðar.

Nemendur geta lokið skyldunámi sem gerð er krafa um í MLIS námi og valið valnámskeið í samráði við leiðbeinanda, eða valið um eftirfarandi kjörsvið:
· Skólasafnsfræði
· Stjórnun og  stefnumótun,
· Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskpti hjá skipulagsheildum
· Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun
· Vefstjórnun

Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í öllum þáttum námsmats í öllum námskeiðum í bókasafns- og upplýsingafræði.

Inntökuskilyrði: Allir sem hafa lokið BA-prófi, BS-prófi, B.Ed.-prófi eða sambærilegri gráðu í annarri grein en bókasafns- og upplýsingafræði með lágmarkseinkunn 7.25.

**Diplómanám:**
Viðbótarnám í bókasafns- og upplýsingafræði við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Námið er 30e hlutanám sem ljúka má á einu háskólaári. Inntökuskilyrði er BA-próf eða sambærilegt próf.

Í boði eru eftirtaldar námsleiðir í diplómanámi: Stjórnun og stefnumótun, Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum og Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun.

Kennarar

**Prófessor:**
Jóhanna Gunnlaugsdóttir, M.Sc(Econ), Ph.D.
**Dósent:**
Ágústa Pálsdóttir, Ph.D. (rannsóknamisseri vor 2009)
**Stundakennarar:**
Kristín Björgvinsdóttir, M.Sc. (Econ)
Kristín Ósk Hlynsdóttir, MAIM
Sigrún Klara Hannesdóttir, Ph.D.

Þórdís T. Þórarinsdóttir, MLS
Margrét Gunnarsdóttir
Fanney Sigurgeirsdóttir
Hallfríður Kristjánsdóttir
Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir

Félagsfræði

.
Félagsfræði, MA, 120e

**Meistaranám í félagsfræði.**
Boðið er upp á 120 eininga meistaranám í félagsfræði að afloknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Námið tekur tvö ár og samanstendur af námskeiðum og lokaritgerð (60e að lágmarki). Hægt er að taka námið á lengri tíma. Áhersla er lögð á þjálfun í rannsóknaraðferðum og áherslusviðum greinarinnar. Námið samanstendur af skipulögðum námskeiðum og lokaritgerð sem byggist á sjálfstæðu rannsóknarverkefni nemanda í samráði við leiðbeinanda. Efnissvið lokaritgerðar skal tengjast rannsóknarsviðum greinarinnar eins og afbrotafræði, atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði, unglingarannsóknum, velferðarmálum eða öðrum sviðum.

**Meistaranám: Með áherslu á margbreytileika, 120e**
Meistaranámið með áherslu á margbreytileika er 120e og lýkur með 40e MA-ritgerð. Náminu er ætlað að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á margbreytileika nútímasamfélaga. Fjallað er um menningarmun og helstu þætti félagslegrar mismununar svo sem kyn, kynhneigð, þjóðernisuppruna, fötlun, aldur og stétt, með sérstakri áherslu á samtvinnun þessara þátta í daglegu lífi.

Nemendur skulu hafa lokið BA-prófi frá Háskóla Íslands eða sambærilegu námi með fyrstu einkunn. Hverjum nemanda er skipaður umsjónarkennari við upphaf námsins.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100411_20096

Afbrotafræði: Diplómanám, 30e

**Umsjón:** Helgi Gunnlaugsson prófessor og Jón Gunnar Bernburg dósent.

Hægt er að taka sjálfstætt diplómanám til 30e að afloknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Diplómanámið er að fullu metið inn í meistaranám í félagsfræði.
Markmið diplómanáms í afbrotafræði er að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á sviði afbrota og frávikshegðunar. Fræðilegar skýringar á eðli og umfangi afbrota eru greindar og sjónum beint að þeim aðilum sem hafa með meðferð og afgreiðslu hegningarlagabrota í stjórnkerfinu sjálfu að gera, s.s. lögreglu, ákæruvaldi og fangelsiskerfi. Diplómanámið er að fullu metið inn í meistaranám í félagsfræði.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100407_20096&lina=939

Atvinnulífsfræði: Diplómanám, 30e

**Umsjón:** Stefán Ólafsson prófessor og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir dósent

Hægt er að taka sjálfstætt diplómanám til 30e að afloknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Diplómanámið er að fullu metið inn í meistaranám í félagsfræði.

Markmið diplómanáms í atvinnulífsfræði er að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á sviði vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála. Námið veitir nemendum innsýn í það sem ber hæst í umræðu um þróun, skipulag og stjórnun vinnu. Fjallað verður um staðbundinn og hnattrænan vinnumarkað, alþjóðavæðingu vinnuaflsins, "góða" og "slæma" vinnustaði og tengsl vinnu og lýðheilsu. Diplómanámið er að fullu metið inn í meistaranám í félagsfræði.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100407_20096

Fjölmiðlafræði: Diplómanám, 30e

**Umsjón:** Þorbjörn Broddason, prófessor.

Hægt er að taka sjálfstætt diplómanám til 30e að afloknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Diplómanámið er að fullu metið inn í meistaranám í félagsfræði.
Markmið diplómanáms í fjölmiðlafræði er að veita nemendum fræðilega og sögulega innsýn í hlutverk og eðli boðskipta og fjölmiðla í nútímaþjóðfélagi. Diplómanámið er að fullu metið inn í meistaranám í félagsfræði.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100407_20096&lina=942

Rannsóknaraðferðir félagsvísinda: Diplómanám, 30e

**Umsjón:** Þórólfur Þórlindsson, prófessor, og Jón Grunnar Bernburg, dósent.

Hægt er að taka sjálfstætt diplómanám til 30e að afloknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Diplómanámið er að fullu metið inn í meistaranám í félagsfræði.
Markmið diplómanáms í rannsóknaraðferðum félagsvísinda er að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á sviði rannsóknaraðferða og aðferðafræði félagsvísinda. Diplómanámið er að fullu metið inn í meistaranám í félagsfræði.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100407_20096&lina=953

Félagsfræði: Doktorsnám

Doktorsritgerð við félagsfræðiskor er metin til 180e. Gera má kröfu til að nemandi í doktorsnámi taki þar að auki allt að 60e bóknámshluta, sé talin þörf á að bæta við undirstöðuþekkingu nemandans á fræðasviði ritgerðarinnar. Bóknámshluta námsins má sinna jafnt í lesnámskeiðum sem almennum námskeiðum á framhaldsstigi. Nemendur sem hefja doktorsnám skulu hafa lokið meistaraprófi frá félags-og mannvísindadeild Háskóla Íslands með fyrstu einkunn, eða sambærilegu prófi. Umsóknareyðublöð og frekari upplýsingar um doktorsnám í félagsfræði fást á skrifstofu Félagsvísindasviðs. Umsóknareyðublöð um styrki úr rannsóknarnámssjóði fást á skrifstofu rannsóknasviðs, Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Vakin er athygli á að námsbrautin getur ekki tekið við mörgum doktorsnemum og kennarar við greinina eru ekki skyldir til að hafa umsjón með doktorsritgerðum. Þeim sem áhuga hafa á að hefja doktorsnám við greinina er bent á að byrja á því að hafa samband við þann úr hópi fastra kennara námsbrautarinnar sem þeir telja vænlegastan leiðbeinanda með væntanlegu doktorsverkefni.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100412_20096

Um námið

**MA-nám:**
Tveggja ára fræðilegt framhaldsnám (rannsóknatengt framhaldsnám) í félagsfræði við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Námið er 120e og telst fullgilt MA-próf. Inntökuskilyrði er BA-próf í félagsfræði eða sambærilegt próf, að jafnaði lokið með fyrstu einkunn. Meistarapróf í félagsfræði veitir aðgang að doktorsnámi.

**Diplómanám:**
Viðbótarnám í félagsfræði við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Námið er 30e hlutanám sem ljúka má á einu háskólaári. Inntökuskilyrði er BA-próf eða sambærilegt próf.

Í boði eru eftirtaldar námsleiðir í diplómanámi: 1) Afbrotafræði, 2) Atvinnulífsfræði, 3) Fjölmiðlafræði. 4) Rannsóknaraðferðir félagsvísinda.

Kennarar

**Prófessorar:**
Helgi Gunnlaugsson, Ph.D.
Stefán Ólafsson, D.Phil.
Þorbjörn Broddason, Fil.dr.
Þórólfur Þórlindsson, Ph.D.

**Dósentar:**
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Fil.dr.
Jón Gunnar Bernburg, Ph.D.

**Lektorar:**
Ingólfur V. Gíslason, fil.dr.

**Aðjúnktar**:
Rannveig Þórisdóttir, MA

**Stundakennarar:**
Bjarni Reynarsson, MA
Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, MA
Guðbjörg Hildur Kolbeins, Ph.D.
Gyða Margrét Pétursdóttir, MA
Harpa Njáls, MA
Hilmar Thor Bjarnason, MA
Jón Óttar Ólafsson, Ph.D.
Kolbeinn Stefánsson, MA
Rúnar Vilhjálmsson, Ph.D.
Stefán Hrafn Jónsson MA
Stefán Jökulsson, MA

Stefán Jóhann Stefánsson, MA
Tómas Björn Bjarnason, félagsfræðingur

Fötlunarfræði

Fötlunarfræði er ung fræðigrein sem leggur áherslu á félagslegan skilning og þátt menningar og umhverfis í að skapa og viðhalda fötlun. Markmið námsins er að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á fjölbreytilegum þáttum sem varða fatlað fólk og málefni þess. Nám í fötlunarfræði er þverfaglegt og nemendur hafa fjölbreyttan bakgrunn svo sem heimspeki, táknmálstúlkun, bókmenntafræði, sjúkraþjálfun, þroskaþjálfun, iðjuþjálfun, guðfræði, kennslu blindra og sjónskertra, hjúkrunarfræði, félagsráðgjöf og uppeldis- og menntunarfræði.
Námsbraut í fötlunarfræðum er rekin í öflugu alþjóðlegu samstarfi.

Fötlunarfræði, Rannsóknanám, MA ,120e

**Nemendur geta valið á milli tveggja kjörsviða í rannsóknanámi í fötlunarfræðum.**

**Fötlunarfræði rannsóknarnám, MA 120e**
Rannsóknanám í fötlunarfræði er tveggja ára fræðilegt nám ætlað þeim sem vilja sinna leiðandi störfum í málefnum fatlaðs fólks. Áhersla er á fræðilega þætti, aðferðafræði rannsókna og færni í rannsóknastörfum. Markmið námsins er að fólk fái viðamikla fræðilega og hagnýta þekkingu á málefnum fatlaðs fólks og öðlist færni í rannsóknavinnu og þróunarstörfum. Áhersla er á tengsl fræða og starfs. Námið er 120e próf til prófgráðunnar MA og lýkur með 40-60e meistararitgerð.
Nemendur sem velja þetta kjörsvið geta sérhæft sig á ákveðnum sviðum s.s. í samvinnurannsóknum með fötluðu fólki, lífssögurannsóknum og fleira.

**Fötlunarfræði með áherslu á margbreytileika, MA 120e**
Meistaranám í fötlunarfræði með áherslu á margbreytileika er 120e og lýkur með 40e MA-ritgerð. Náminu er ætlað að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á margbreytileika nútímasamfélaga. Fjallað er um menningarmun og helstu þætti félagslegrar mismununar svo sem kyn, kynhneigð, þjóðernisuppruna, fötlun, aldur og stétt, með sérstakri áherslu á samtvinnun þessara þátta í daglegu lífi.

Nemendur skulu hafa lokið BA-prófi eða sambærilegu námi með fyrstu einkunn. Hverjum nemanda er skipaður umsjónarkennari við upphaf námsins.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100347_20096

Fötlunarfræði: Starfstengt rannsóknanám, MA, 120e

Starfsmiðað rannsóknanám í fötlunarfræðum er ætlað fyrir stjórnendur og starfsfólk í þjónustukerfi fatlaðra og aðra sem vilja starfa að stefnumótun eða öðrum leiðandi störfum í málefnum fatlaðs fólks. Markmið námsins er að nemendur fái viðamikla fræðilega og hagnýta þekkingu á málefnum fatlaðs fólks og öðlist færni í rannsóknar- og þróunarstörfum með áherslu á að tengja fræði og starf. Námið er 120e til prófgráðunnar MA og lýkur með 30e meistararitgerð.
Nemendur sem taka þetta kjörsvið geta sérhæft sig á ákveðnum sviðum s.s. opinberri stjórnsýslu, starfi með börnum og ungmennum, siðfræði í starfi með fötluðu fólki, notendastýrðri þjónustu og fleira.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100347_20096&lina=1330

Fötlunarfræði, Diplómanám, 30e

Diplómanám í fötlunarfræðum er ætlað þeim sem starfa með fötluðu fólki eða hafa áhuga á að starfa að málefnum fatlaðra. Markmið námsins er að nemendur fái fræðilega og hagnýta þekkingu um fatlað fólk og málefni þess. Hægt er að fá diplómanámið metið sem hluta af MA-námi í fötlunarfræðum að uppfylltum inntökuskilyrðum. Námið er 30e fullgilt próf til prófgráðunnar, diplómapróf.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100324_20096

Kennarar

**Prófessor:**
Rannveig Traustadóttir, Ph.D.

**Lektor:**
Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ph.D.

**Stundakennarar:**
Hrefna K. Óskarsdóttir, MA
Kristín Björnsdóttir, MA

Mannfræði

**MA-nám í mannfræði er 120e nám** - fjögur misseri eða tvö ár. Markmið námsins er að kenna nemendum undirstöðuatriði í rannsóknavinnu, sem gagnast við störf að rannsóknum, í frekara námi og í hagnýtum störfum. Í lokaverkefni er lögð áhersla á sjálfstæða rannsókn, sem byggð er á vettvangsathugun, viðtölum eða rituðum heimildum. Nemendur stunda nám undir handleiðslu fastráðins kennara.

**Meistaranám: Með áherslu á margbreytileiki 120e**
Meistaranámið með áherslu á margbreytileiki er 120e og lýkur með 40e MA-ritgerð. Náminu er ætlað að veita nemendum fræðilega og

hagnýta þekkingu á margbreytileika nútímasamfélaga. Fjallað er um menningarmun og helstu þætti félagslegrar mismununar svo sem kyn, kynhneigð, þjóðernisuppruna, fötlun, aldur og stétt, með sérstakri áherslu á samtvinnun þessara þátta í daglegu lífi.

Nemendur skulu hafa lokið BA-prófi frá Háskóla Íslands eða sambærilegu námi með fyrstu einkunn. Hverjum nemanda er skipaður umsjónarkennari við upphaf námsins.

**Verkefnavika:**
Haustmisseri: 18. - 24. október.
Vormisseri: 7. - 13. mars.

Mannfræði, MA, 120e
Tveggja ára fræðilegt framhaldsnám í mannfræði í félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Námið er 120 einingar og telst fullgilt MA-próf. Inntökuskilyrði eru BA-próf.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100711_20096

Fjölmenning, Diplómanám, 30e
**Umsjón:** Kristín Loftsdóttir, prófessor, og Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor.

Markmið: Að nemendur öðlist fæðilega þekkingu á fjölmenningu og tengdum viðfangsefnum svo sem fólksflutningum, þjóðerni, kynþáttahyggju, samlögun og samþættingu. Kynnt verða helstu aðferðir, viðfangsefni og kenningar á fræðasviðinu. Áhersla er lögð á mannfræðilega sýn og þvermenningarlegan samanburð. Nemendur sem hafa lokið náminu geta fengið nám sitt vottað sem diplómanám í fjölmenning. Diplómanámið skírskotar til breiðs hóps og gagnast þeim sem fást við verkefni sem tengjast fjölmenningarlegu samfélagi hvort sem það er á sviði félagsvísinda, hugvísinda, heilbrigðisvísinda eða kennslufræði. Inntökuskilyrði er próf frá Háskóla Íslands eða sambærilegt próf.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100703_20096&lina=1335

Heilsa, líkami og menning, Diplómanám, 30e
**Umsjón:** Gísli Pálsson, prófessor, Jónína Einarsdóttir, dósent, Kristín E. Harðardóttir, aðjúnkt.

Markmið diplómanámsins er að veita nemendum fræðilega þekkingu á samspili heilsu, líkama og menningar. Áhersla er lögð á mannfræðilega sýn og þvermenningarlegan samanburð. Kynnt verða helstu aðferðir, viðfangsefni og kenningar á sviði mannfræði líkama og heilsu. Inntökuskilyrði er próf frá Háskóla Íslands eða sambærilegt próf.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100703_20096&lina=1335

Mannfræði, Doktorspróf

Þriggja ára fræðilegt framhaldsnám í mannfræði við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Námið er 180 einingar og telst fullgilt Ph.D.-próf. Inntökuskilyrði eru MA-próf eða sambærilegt próf.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100712_20096

Kennarar
**Prófessorar:**
Gísli Pálsson, Ph.D.
Jónína Einarsdóttir, Ph.D.
Kristín Loftsdóttir, Ph.D. (rannsóknamisseri haust 2008)
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Ph.D. (leyfi háskólaárið 2008-2009)
Unnur Dís Skaptadóttir, Ph.D.

**Rannsóknardósent:**
Agnar Sturla Helgason, Ph.D.

**Lektor:**
Sveinn Eggertsson, Ph.D. (rannsóknamisseri haust 2008)

**Aðjúnkt:**
Kristín Erla Harðardóttir, MA

**Stundakennarar:**
Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, MA
Þórdís Sigurðardóttir, MA

Náms- og starfsráðgjöf

Nám í náms- og starfsráðgjöf er tvískipt 60e nám. Fyrri hluta meistaranáms má ljúka með 60e diplómaprófi. Síðari hluti er 60e og lýkur með MA-gráðu. Hægt er að taka hvorn hluta námsins á einu eða tveimur árum.

Markmið fyrri hluta meistaranáms í náms- og starfsráðgjöf er að veita fræðilega og verklega menntun í þeim tilgangi að búa nemendur vel undir að starfa við náms- og starfsráðgjöf.

Meistaranám í náms- og starfsráðgjöf er tvíþætt. Fyrri hluti, þar sem miðað er að undirbúningi undir störf að náms- og starfsráðgjöf og síðari hluti þar sem megináhersla er á þjálfun í rannsóknarvinnu.

Náms- og starfsráðgjöf , MA, 120e
MA-nám í náms- og starfsráðgjöf er tvískipt 120e nám. Fyrri hluta meistaranáms má ljúka með 60e diplómaprófi. Síðari hluti er 60e og lýkur með MA-prófi. Hægt er að taka hvorn hluta námsins á einu eða tveimur árum.
Markmið fyrri hluta meistaranáms í náms- og starfsráðgjöf er að veita fræðilega og verklega menntun í þeim tilgangi að búa nemendur vel undir að starfa við náms- og starfsráðgjöf. Fjöldatakmörkun er í námið og hámarksfjöldi nemenda er geta hafið nám að hausti eru 30.
**Inntökuskilyrði:**
1) BA- próf í bókasafns- og upplýsingafræði, BA- próf í félagsfræði, BA-próf í félagsráðgjöf, BA-próf í mannfræði, BA- próf í þjóðfræði, BA- próf í sálfræði, BA- próf í stjórnmálafræði, BA- próf uppeldis- og menntunarfræði.
2) B.Ed.- próf, eða 3) BA/BS- próf í öðrum greinum ásamt kennsluréttindum, eða 4) BA- próf í guðfræði, eða 5) B.Sc.- próf í iðjuþjálfun.
Markmið síðari hluta meistaranámsins er að búa nemendur undir fræðilegt starf á þessu sviði, ásamt því að nemendur dýpki faglega þekkingu sína á einstaka þáttum. Lokaverkefni skal vinna sjálfstætt í samráði við leiðbeinanda. Efnissvið skal tengjast rannsóknarsviðum greinarinnar eins og starfsþróun, áhugasvið og áhugakannanir, námshegðun, mat á náms- og starfsráðgjöf eða öðrum sviðum.
**Inntökuskilyrði í síðari hluta meistaranáms:**
Nemendur sem hafa þegar lokið diplómanámi (Námsráðgjöf 68 ECTS) og vilja ljúka MA-prófi (120 ECTS) þurfa að hafa 1. einkunn.
Nemendur sem hefja nám í fyrri hluta geta haldið beint áfram í síðari hluta námsins og lokið MA-prófi geri þeir ekki hlé á námi sínu.
Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu félags-og mannvísindadeildar. Umsóknarfrestur í diplóma- og meistaranámið er til 15. apríl ár hvert.
Nánari upplýsingar um námið er að finna á heimasíðu náms- og starfsráðgjafar.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100435_20096

Náms- og starfsráðgjöf, Diplómanám, 60e
Diplómanámið er eins árs starfstengt viðbótarnám byggt á fræðilegum grunni í náms- og starfsráðgjöf við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Námið er 60e og lýkur með diplómaprófi. Inntökuskilyrði eru:
**Inntökuskilyrði:**
1) BA- próf í bókasafns- og upplýsingafræði, BA- próf í félagsfræði, BA-próf í félagsráðgjöf, BA-próf í mannfræði, BA- próf í þjóðfræði, BA- próf í sálfræði, BA- próf í stjórnmálafræði, BA- próf uppeldis- og menntunarfræði.
2) B.Ed.- próf, eða 3) BA/BS- próf í öðrum greinum ásamt kennsluréttindum, eða 4) BA- próf í guðfræði, eða 5) B.Sc.- próf í iðjuþjálfun.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100434_20096

Náms- og starfsráðgjöf, Doktorspróf
Þriggja til fjögurra ára fræðilegt framhaldsnám (rannsóknatengt framhaldsnám) í náms- og starfsráðgjöf við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Námið er 180e- 240e og er fullgilt próf til prófgráðunnar *philosophiae doctor*, PhD. Inntökuskilyrði er rannsóknatengt MA-próf eða sambærilegt próf að jafnaði með fyrstu einkunn.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100436_20096

Inntökuskilyrði

**Inntökuskilyrði:**
1) BA- próf í bókasafns- og upplýsingafræði, BA- próf í félagsfræði, BA-próf í félagsráðgjöf, BA-próf í mannfræði, BA- próf í þjóðfræði, BA- próf í sálfræði, BA- próf í stjórnmálafræði, BA- próf uppeldis- og menntunarfræði.
2) B.Ed.- próf, eða 3) BA/BS- próf í öðrum greinum ásamt kennsluréttindum, eða 4) BA- próf í guðfræði, eða 5) B.Sc.- próf í iðjuþjálfun.
Markmið síðari hluta meistaranámsins er að búa nemendur undir fræðilegt starf á þessu sviði, ásamt því að nemendur dýpki faglega þekkingu sína á einstaka þáttum. Lokaverkefni skal vinna sjálfstætt í samráði við leiðbeinanda. Efnissvið skal tengjast rannsóknarsviðum greinarinnar eins og starfsþróun, áhugasvið og áhugakannanir, námshegðun, mat á náms- og starfsráðgjöf eða öðrum sviðum.

**Inntökuskilyrði í síðari hluta meistaranáms:**
Nemendur sem hafa þegar lokið diplómanámi (Námsráðgjöf 68 ECTS) og vilja ljúka MA-prófi (120 ECTS) þurfa að hafa 1. einkunn.
Nemendur sem hefja nám í fyrri hluta geta haldið beint áfram í síðari hluta námsins og lokið MA - prófi geri þeir ekki hlé á námi sínu.
Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu félags - og mannvísindadeildar. Umsóknarfrestur í diplóma- og meistaranámið er til 15. apríl ár hvert.
Nánari upplýsingar um námið er að finna á heimasíðu náms- og starfsráðgjafar.
Kennarar

**Kennarar:**
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Ph.D, dósent
Sif Einarsdóttir, dósent Ph.D (rannsóknamisseri, vor 2010)
Kristjana Stella Blöndal, MA, lektor
**Stundakennarar:**
Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, MA
Auður R. Gunnarsdóttir, cand.psych.
Fjóla María Lárusdóttir, MA
Jónína Kárdal, MA
María Dóra Björnsdóttir, MA
Sigríður Dísa Gunnarsdóttir, MA

Hrund Þrándardóttir, cand.psych.
Margrét Birna Þórarinsdóttir, cand.psych.
Þórdís Guðmundsdóttir, M.Ed

Safnafræði

**MA-nám 120e**
MA-nám í safnafræði tekur tvö ár. Um er að ræða 40e skyldunámskeið, 35e. valnámskeið, 15 e starfsnám á safni með rannsóknarverkefni og 30 e. rannsóknarritgerð (MA-ritgerð). Auk námskeiða í safnafræði geta nemendur tekið námskeið á sínu sérsviði í öðrum greinum eða deildum háskólans í samráði við umsjónarkennara. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir að nemendur í MA-námi í safnafræði til 120e taki hluta námsins við erlendan háskóla. Nemendur skipuleggja nám sitt í samráði við sinn umsjónarkennara. Hægt er að stunda MA-nám í safnafræði í fjarnámi.

**Viðbótardipióma 30e**
Diplómanám í safnafræði veitir nemendum hagnýta þekkingu á safnastarfi. Námið tekur eitt misseri og samanstendur af þremur skyldunámskeiðum í safnafræði. Í framhaldi af diplómanáminu geta nemendur sótt um í MA-nám í safnafræði og lokið MA-prófi kjósi þeir það. Diplómanám fæst að fullu metið hjá þeim nemendum sem samþykktir eru inn í MA-nám í safnafræði. Hægt er að stunda diplóma-nám í safnafræði í fjarnámi.

Safnafræði, Meistarapróf, 120e

Tveggja ára  (fjögurra missera) framhaldsnám í safnafræði. Námið er 120 einingar, þar af 30 eininga lokaverkefni, og lýkur með MA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30e. Allir sem lokið hafa BA- eða BS-prófi með fyrstu einkunn (7,25) eða sambærilegri prófgráðu geta sótt um að innritast í MA-nám í safnafræði. Auk námskeiða í safnafræði geta nemendur tekið námskeið á sínu sérsviði í öðrum greinum eða deildum háskólans í samráði við umsjónarkennara en margir snertifletir eru milli fræðigreina í safnafræði. Starfsreynslu nemenda á safni verður hægt að fá metna til allt að 20 eininga, að höfðu samráði við umsjónarkennara. Ef nemendur hafa tök á námi erlendis, er hægt að taka hluta námsins við erlendan háskóla. Hægt er að stunda MA-nám í safnafræði í fjarnámi.

Um er að ræða 40e skyldunámskeið, 35e. valnámskeið, 15 e starfsnám á safni með rannsóknarverkefni og 30 e. rannsóknarritgerð (MA-ritgerð).
\r\n

**Inntökuskilyrði**
Nemendur hafi BA-próf, BS-próf með fyrstu einkunn eða sambærilega prófgráðu frá öðrum deildum og skólum.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820018_20096

Safnafræði, Viðbótardiplóma, 30e

Diplómanám í safnafræði veitir nemendum hagnýta þekkingu á safnastarfi. Námið tekur eitt misseri og samanstendur af þremur skyldunámskeiðum í safnafræði. Í framhaldi af diplómanáminu geta nemendur sótt um í MA-nám í safnafræði og lokið MA-prófi kjósi þeir það. Diplómanám fæst að fullu metið hjá þeim nemendum sem samþykktir eru inn í MA-nám í safnafræði. Hægt er að stunda diplóma-nám í safnafræði í fjarnámi.

**Inntökuskilyrði**
Nemendur hafi BA-próf, BS-próf með fyrstu einkunn eða sambærilega prófgráðu frá öðrum deildum og skólum.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820034_20096

Þjóðfræði

**Verkefnavika:**
Haustmisseri: 18.- 24. október 2009
Vormisseri: 7. - 13. mars 2010

Hagnýt þjóðfræði, MA, 90e

Unnt er að taka námið á einu ári (12 mánuðum) ef um fullt nám er að ræða. Námið samanstendur af 60e í námskeiðum og hagnýtu einstaklingsverkefni sem tekin eru yfir veturinn og 30e lokaverkefni sem ljúka má yfir sumarið. Auk námskeiða í þjóðfræði geta nemendur tekið námskeið í öðrum greinum eða deildum háskólans í samráði við umsjónarkennara, t.d. í safnafræði, hagnýtri menningarmiðlun og opinberri stjórnsýslu. Nemendur sem ekki stunda fullt nám geta tekið námið á allt að tveimur árum. Lokaverkefnið felst annars vegar í fræðilegri greiningu og hins vegar á það að sýna getu nemenda til að vinna úr þekkingu sinni með hagnýtum hætti
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100722_20096

Inntökuskilyrði
Nemendur sem ekki hafa lokið BA-gráðu í þjóðfræði þurfa auk þess að ljúka tveimur BA-námskeiðum ("Sagnir, ævintýri og sagnamenn: Þjóðsagnafræði" og "Efnismenning: Hlutirnir, heimilið, líkaminn"), en er heimilt að ljúka þeim meðfram öðrum námskeiðum á fyrsta ári MA-námsins.

Norræn trú, MA, 120e

Námið er rannsóknanám og tekur tvö ár. Námið samanstendur af einu skyldunámskeiði, valnámskeiðum og MA-ritgerð (60e). Auk námskeiðs í norrænni trú geta nemendur tekið námskeið í miðaldafræði í samráði við umsjónarkennara. Nemendur geta tekið námskeið sem í boði eru við Stofnun Sigurðar Nordals á Íslandi og einnig MA-námskeið í fornleifafræði og forníslensku sem kennd eru í sumarskóla við háskólann í Árósum. Nemendur skipuleggja nám sitt í samráði við umsjónarkennara.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100723_20096

Þjóðfræði, MA, 120e

**Meistaranám: Þjóðfræði 120e**
Námið er rannsóknanám og tekur tvö ár. Það er 120e og lýkur með 40e-60e MA-ritgerð. Náminu er ætlað að veita nemendum fræðilega þekkingu á samfélagi og hversdagsmenningu frá sjónarhorni þjóðfræðinnar. Auk MA-ritgerðar samanstendur námið af þremur skyldunámskeiðum og af valnámskeiðum. Auk námskeiða í þjóðfræði geta nemendur tekið námskeið á sínu sérsviði í öðrum greinum eða deildum háskólans. Nemendur í MA-námi í þjóðfræði til 120e eru hvattir til að taka hluta námsins við erlendan háskóla. Nemendur skipuleggja nám sitt í samráði við sinn umsjónarkennara.

Nemendur skulu hafa lokið BA-prófi frá Háskóla Íslands eða sambærilegu námi með fyrstu einkunn. Hverjum nemanda er skipaður umsjónarkennari við upphaf námsins.

**Meistaranám: Alþýðumenning og margbreytileiki 120e**
Meistaranámið Alþýðumenning og margbreytileiki er 120e og lýkur með 40e MA-ritgerð. Náminu er ætlað að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á margbreytileika nútímasamfélaga. Fjallað er um menningarmun og helstu þætti félagslegrar mismununar svo sem kyn, kynhneigð, þjóðernisuppruna, fötlun, aldur og stétt, með sérstakri áherslu á samtvinnun þessara þátta í daglegu lífi.

Nemendur skulu hafa lokið BA-prófi frá Háskóla Íslands eða sambærilegu námi með fyrstu einkunn. Hverjum nemanda er skipaður umsjónarkennari við upphaf námsins.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100721_20096

Inntökuskilyrði

Nemendur sem ekki hafa lokið BA-gráðu í þjóðfræði þurfa auk þess að ljúka tveimur BA-námskeiðum ("Sagnir, ævintýri og sagnamenn: Þjóðsagnafræði" og "Efnismenning: Hlutirnir, heimilið, líkaminn"), en er heimilt að ljúka þeim meðfram öðrum námskeiðum á fyrsta ári MA-námsins.

Þróunarfræði

MA-nám í þróunarfræðum (120e) er ætlað að veita nemendum fræðilega, hagnýta og aðferðafræðilega þekkingu til að takast á við viðfangsefni á sviði þróunarmála, jafnframt því að undirbúa þá undir rannsóknarvinnu.

**Verkefnavika:**
Haustmisseri:
Vormisseri:

Þróunarfræði, MA, 120e

Tveggja ára fræðilegt framhaldsnám í þróunarfræði við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Námið er 120e og telst fullgilt MA-próf. Vægi lokaritgerðar er 40-60 einingar. Inntökuskilyrði eru BA-próf eða sambærilegt próf.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100726_20096

Þróunarfræði, Diplómanám, 30e

Eins árs fræðilegt framhaldsnám í þróunarfræði við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Námið er 30e. Inntökuskilyrði eru BA-próf eða sambærilegt próf.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100725_20096

Umhverfis- og auðlindafræði, Meistarapróf, 120 e
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=12290

Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=11

Upplýsingar

Endurinnritun og forkröfur

**Fyrningarreglur:**
*Skv. samþykkt deildarfundar í félagsvísindadeild 25. janúar 2002*
Stúdent sem ekki getur lokið námi innan þeirra tímamarka sem sett eru í 115. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands þarf að sækja um sérstaka og tímasetta undanþágu frá því ákvæði til skorar.

Vilji stúdent hefja að nýju nám sem hann hefur horfið frá - og hlé hans frá námi er ekki samkvæmt ákvæðum 47. gr.reglna fyrir Háskóla Íslands 458/2000 - þá metur skor námskeið af fyrri ferli stúdents til endurinnritunar samkvæmt þeirri námsskipan sem í gildi er og með hliðsjón af jafngildingarreglum um viðurkenningu félagsvísindadeildar á námi utan deildar. Þar stendur m.a.: Skor metur að jafnaði síður námskeið ef langt er síðan stúdent lauk þeim eða ef árangur stúdents er slakur.

Ef stúdent sækir um endurinnritun vegna þess að hann hefur ekki staðist próf sbr. 57. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands 458/2000 eru aðeins metin þau námskeið sem hann hefur lokið með lokaeinkunn 6,0 eða hærri. Einstaka skorir geta sett aðrar reglur ef þurfa þykir.

Fjarnám
**Grunnnám:**
Mannfræði, BA
Þjóðfræði, BA

**Framhaldsnám:**
Hagnýt þjóðfræði, MA
Mannfræði, MA
Þjóðfræði, MA
Þróunarfræði, MA
Hagnýt jafnréttisfræði, Diplómanám
Upplýsinga- og skjalastjórn, Diplómanám
Þróunarfræði, Diplómanám

Inntökuskilyrði
**Grunnnám:**
Stúdentspróf eða sambærilegt próf frá erlendum skóla. Skráning í grunnnám fer fram í Nemendaskrá Háskóla Íslands, Háskólatorgi. Hægt er að sækja um rafrænt https://ugla.hi.is/nk/nemendaskraningar/umsokn.php en senda þarf staðfest afrit af stúdentskírteini (bæði einkunnum og skírteininu sjálfu) til Nemendaskrár Háskóla Íslands, Háskólatorgi, 101 Reykjavík.

**Framhaldsnám:**
Umsækjendur um meistaranám og hliðstætt nám skulu að jafnaði hafa lokið BA-prófi eða sambærilegu prófi. Að jafnaði er einungis þeim veitt innganga sem hlotið hafa fyrstu einkunn á BA-prófi. Fyrsta einkunn veitir þó ekki sjálfkrafa aðgang að náminu. Sjá undir framhaldsnám.

Kennsluhættir

Námsmagn einstakra námskeiða er metið í einingum (e). Fullt ársnám 60 námseiningar.
**Tákn um kennslustundir**
f - fyrirlestur
u - umræðutími
Þegar ekki er annað tekið fram í námskeiðslýsingum tákna tölur um kennslustundir vikulegan meðalfjölda. Þannig táknar 3f+1u þrjá 40 mín. fyrirlestra og einn 40 mín. umræðutíma að meðaltali á viku á 13 vikna kennslumisseri.

Kennslu- og próftímabil

**Kennslutímabil**
Haustmisseri: vantar
Vormisseri: vantar.

Námsupplýsingar

Kröfur um námsframvindu
**Reglur um einingamat**
Nám er metið í einingum (e). Ársnám er jafngildi 30e. Hver eining svarar til fullrar vinnuviku (40-60 stunda). Þegar námskeið er metið til einingа skal taka mið af: Tímafjölda (fyrirlestrum, verklegum æfingum, umræðutímum), fjölda og umfangi verkefna og námsefni (einkum þyngd lesins texta og blaðsíðufjölda).
Miðað er við að námsvinna að meðtaldri tímasókn og verkefnavinnu fari að jafnaði ekki fram úr 60 stundum á viku hjá stúdent í fullu námi. Vægi verkefna er metið með hliðsjón af umfangi þeirra og þeim tíma sem stúdent þarf að verja til þeirra. Lesefni er metið til eininga eftir þyngd og lengd lesins texta. Auðvitað eru engar einhlítar reglur um samsvörun milli lesins texta og einingamats, og þarf meðal annars að meta hve mikið efni fyrirlestra skarast við lesefni, hvort lesefni fyrir verkefnavinnu og próf skarast og hvert sé eðli þess texta sem lesa skal. Með eðlilegum fyrirvörum er þó eftirfarandi viðmiðun lögð til grundvallar (tölur í töflunni vísa til blaðsíðufjölda á hverja einingu):

| Þyngd texta | Kröfur um að stúdent átti sig á meginatriðum | Kröfur um nákvæmniskunnáttu |
|---|---|---|
| Léttur | 500-700 | 300-500 |
| Miðlungs | 300-500 | 200-300 |
| Þungur | 300 | 200 |

**Reglur um hve lengi námskeiðshlutar gildi:**
Hlutapróf eru forkrafa fyrir lokapróf í námskeiði. Þau gilda til upphafs næsta kennsluárs eftir að námskeið var haldið. Þó má gera undantekningu og láta hlutapróf gilda eitt ár til viðbótar enda hafi staðið til að kenna námskeiðið samkvæmt kennsluskrá en það fellt niður, en samt sem áður haldið í því próf. Óski nemandi eftir því fyrirfram að fá að taka námskeiðið í hlutum, t.d. ljúka hlutaprófi eitt árið og lokaprófi næsta kennsluár getur námsnefnd samþykkt það enda sé kennari samþykkur því. Aðeins er hægt að veita slíkan frest til eins árs. Ritgerðir gilda sömuleiðis til upphafs næsta kennsluárs. Kennari getur heimilað nemanda að láta eldri ritgerð úr námskeiðinu gilda enda telji hann þá vinnu sem liggur í verkinu samræmast þeirri sem krefst af öðrum nemendum námskeiðsins. Sama gildir um verklegar æfingar og um ritgerðir.
**Reglur um tímasókn og ráðvendni í námi:**
*Samþykktar á deildarfundi félagsvísindadeildar 25. janúar 2002*
**Tímasókn:**
Námskeið í félagsvísindadeild eru miðuð við að stúdentar sæki kennslustundir, nema annað sé sérstaklega skipulagt. Geti stúdent ekki mætt í einstaka tíma ber hann sjálfur ábyrgð á að afla upplýsinga sem hann kann að hafa farið á mis við. Kennarar kosta kapps um að námskeiðstilhögun sé skýr og kröfur ljósar, en þeim ber ekki skylda til að veita sérstakar tilhliðranir vegna stúdenta sem af einhverjum völdum sækja ekki kennslustundir.
**Ráðvendni í námi:**
Félagsvísindadeild telur óráðvendni í námi mjög alvarlega. Þar er meðal annars - en ekki eingöngu - átt við ritstuld, falsanir af öllu tagi, notkun og kynningu á verkefnum eða vinnu annarra eins og hún væri manns eigin og allar tilraunir til að hafa rangt við á prófum. Deildin gengur ákveðið eftir því að í slíkum málum sé beitt ströngum viðurlögum, sbr. 17. gr. laga um Háskóla Íslands og allmörg ákvæði reglna fyrir Háskóla Íslands.

Námsmat, einkunnir og próf
Mjög mikilvægt er að í árlegri skráningu skrái nemendur sig rétt á ár og námsleið.

Við val á námskeiðum fylgir nemandi að öðru jöfnu þeirri kennsluskrá sem í gildi var við innritun, út námstímann.

Próf geta verið munnleg, skrifleg, verkleg eða heimapróf.

Nemandi sem vill endurtaka próf til hækkunar (án þess að hafa fallið) athugi að **seinni einkunn gildir**.
.

Skiptinám

Stúdentaskipti við innlenda og erlenda háskóla.

Hægt er að taka eins eða tveggja missera nám við erlenda háskóla. Áður en stúdent fer utan í skiptinám þarf hann að ganga úr skugga um að námið erlendis verði viðurkennt á námsleið hans við HÍ, annaðhvort í stað skyldunámskeiða eða sem val. Nemandi í skiptinámi þarf að ljúka námskeiði í samræmi við kröfur þess skóla sem námskeiðið heldur.
Til athugunar við umsókn um skiptinám:
1. Stúdent leggur fyrir skriflega áætlun um skiptinám sitt, ásamt lýsingu á þeim námskeiðum sem hann hyggst taka.
2. Að fengnu skriflegu samþykki deildar sækir stúdent um skiptinámið á Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.
3. Afla þarf samþykkis deildar við allar breytingar á áætluninni meðan á skiptináminu stendur.
4. Þegar misserinu lýkur og stúdent hefur fengið einkunnir sendir hann þær til skrifstofu deildar.
5. Deild samþykkir niðurstöðuna úr skiptinámi misserisins, ef hún samræmist upphaflegri áætlun
6. Skrifstofa lætur færa niðurstöðuna inn á feril stúdents í nemendaskrá.

Sjá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins

Um námið

Félags- og mannvísindadeild er ein fjölmennasta deildin við Háskóla Íslands og innan hennar er boðið upp á nám í fjölmörgum námsgreinum sem hægt er að tvinna saman á ýmsan máta, en fæstar námsgreinanna er hægt að læra í öðrum háskólum hér á landi.

Námsgreinar félags- o g mannvísindadeildar er hægt að taka ýmist sem aðal- eða aukagreinar og hægt er að velja aukagreinar í öðrum deildum og mismunandi áhersluleiðir. Nánari upplýsingar um hverja námsgrein er að finna í viðeigandi köflum kennsluskrárinnar.

Boðið er uppá fjórar námsleiðir í BA-námi (180e og 120e); bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, mannfræði og þjóðfræði. Aukagreinar í grunnámi (60e) eru m.a.: atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði, líffræðileg mannfræði, safnafræði, skólasafnsfræði og upplýsingamiðlun. Inntökuskilyrði í BA-nám er stúdentspróf.

Á framhaldsstigi er boðið uppá diplómanám, meistaranám og doktorsnám. Í diplómanámi (30e) er t.d. hægt að taka afbrotafræði, fjölmenningu, fötlunarfræði, heilsa, líkami og menning, stjórnun og stefnumótun og þróunarfræði. Inntökuskilyrði er yfirleitt BA-próf . Blaða- og fréttamennska, fötlunarfræði, hagnýt þjóðfræði, náms- og starfsráðgjöf, safnafræði og þróunarfræði eru dæmi um námsleiðir sem boðið er uppá á meistarastigi (120e) auk greinanna fjögurra bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, mannfræði og félagsfræði. Inntökuskilyrði er fyrsta einnkunn úr grunnnámi á háskólastigi, sjá nánar hjá einstökum námsbrautum.

Eftirtalin námskeið eru ætluð nemendum úr hinum ýmsu námsgreinum deildarinnar, en hver námsgrein tilgreinir skyldunámskeið og möguleg valnámskeið:

**FOM101F Kenningar í félags- og mannvísindum 10e haust 2009**
**FOM102F Eigindlegar rannsóknaraðferðir I 10e haust 2009**
**FOM001F Megindleg aðferðafræði 10e haust 2009**
**FOM201F Eigindlegar rannsóknaraðferðir II 10e vor 2010**
**FOM003F Aðhvarfsgreining 10e vor 2010**
**FOM301G Inngangur að eigindlegum rannsóknaraðferðum 8e vor 2010**

## Félagsráðgjafardeild

**Deildarforseti 2009-2010**
Dr. Guðný Björk Eydal, dósent
**Varadeildarforseti 2009-2010**
Dr. Steinunn Hrafnsdóttir, dósent

**Skrifstofa félagsráðgjafardeildar:**
Ásdís Ýr Arnardóttir, deildarstjóri
Gimli, 1. hæð. herbergi 127
Opin virka daga frá kl. 10:00-12:00 og 13:00-15:30
Sími: 525-5206
Fax: 552-6860
Netfang: felagsradgjof@hi.is
Vefsíða: www.felagsradgjof.hi.is

## Grunnnám

Í BA námi öðlast nemendur undirstöðuþekkingu á starfsvettvangi og starfsaðferðum félagsráðgjafar ásamt þekkingu á velferðarkerfinu og þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda. Nemendur öðlast innsýn í félagsleg vandamál og afleiðingar þeirra. Fjallað er um úrræði velferðarkerfisins t.d. í námskeiðum um áfengis- og vímuefnamál, félagsmálastefnur, ofbeldi í fjölskyldum, auk námskeiða um löggjöf á ýmsum sviðum. Í námskeiðum um áföll, sorg og sálræna skyndihjálp, stjórnun og samfélags- og verkefnavinnu öðlast nemendur færni í tilteknum vinnuaðferðum, auk færni í aðferðafræði sem er mikilvægur þáttur í náminu.
Til að ljúka BA prófi í félagsráðgjöf þurfa nemendur að ljúka skyldunámskeiðum, alls 168 einingum og 12 einingum af valnámskeiðum. Óski nemandi eftir því að taka valnámskeið utan deildar þarf að óska sérstaklega eftir því til deilarfundar á sérstökum eyðublöðum sem aðgengileg eru á vefsíðu deildarinnar

Félagsráðgjöf, BA, 180e

Þriggja ára grunnnám í félagsráðgjöf til BA prófs.
Inntökuskilyrði eru stúdentspróf eða annað sambærilegt próf frá erlendum skóla. Sjá nánar Reglur um inntökuskilyrði í Háskóla Íslands.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100600_20096

Um námið

BA-nám í félagsráðgjöf er skipulagt sem þriggja ára nám (180e). Annars vegar er um að ræða skyldunámskeið (168e) og hins vegar valnámskeið (12e), ef nemandi vill taka önnur valnámskeið en tilgreind eru í Kennsluskrá þarf að leita samþykkis deildar um mat á námskeiðum. Eyðublað um mat á námi.
BA-próf í félagsráðgjöf til 180 eininga er meðal inntökuskilyrða í MA-nám í félagsráðgjöf til starfsréttinda.

Skipulag náms miðast við að nemendur hefji nám að hausti, en þeir sem það kjósa geta hafið nám á vormisseri. Sjá nánar tillögu að námsskipulagi. Nemendur eru ábyrgir fyrir skráningu í námskeið og ber þeim að sinna árlegri skráningu. Nemendum er bent á að þeir fylgja að jafnaði þeirri kennsluskrá sem er í gildi við innritun.
Nemendum er bent á að kynna sér Reglur deildar um tímasókn og ráðvendni í námi. Jafnframt skal ítrekað að nemendur bera sjálfir ábyrgð á því að afla sér upplýsinga um það sem fram fer í kennslustund sjái þeir sér ekki fært um að mæta.
**Skiptinám**
Nemendum er heimilt að taka hluta af námi sínu við erlenda háskóla, eftir því sem mögulegt er. Sérstaklega er bent á norrænt og evrópskt samstarf sem félagsráðgjafardeild á aðild að. Nánari upplýsingar veitir Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins.
Námskeið sem lokið er við erlendan samstarfsháskóla má í flestum tilfellum fá metið sem valnámskeið og vissum tilvikum sem skyldunámskeið. Deildarforseti þarf að samþykkja námsáætlun nemanda áður en nám við skóla erlendis hefst.
**Um próf, tvífall og endurinnritun**
Vakin er athygli á ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands um próf og endurtekningu þeirra, sbr. ákvæði í 57. gr. sem hljóða svo: "Nú stenst stúdent ekki próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann þá ekki prófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs án þess að boða forföll, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga undir það."
Nemendum er bent á að kynna sér fyrningarreglur og aðrar reglur deildar en félagsráðgjöf setur ítarlegri reglur en þar greinir: Ef stúdent sækir um endurinnritun í félagsráðgjöf vegna þess að hann hefur ekki staðist próf, sbr. 57. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 verður lokaeinkunn að vera 6.0 eða hærri í námskeiðunum *Almenn félagsráðgjöf: Saga, kenningar og fagþróun* (6e), *Félagsmálastefnur, velferð og vandi* (6e) og *Fjölskyldur og fjölskyldustefna* (6e).
Nemendur eru hvattir til að kynna sér heimasíðu Háskóla Íslands vel, þar eru allar nauðsynlegar upplýsingar sem snerta námið og reglur er lúta að námi við skólann.
Ef frekari upplýsinga er þörf geta nemendur snúið sér til skrifstofu félagsráðgjafardeildar

Kennarar

**Prófessor:**
Sigrún Júlíusdóttir, Ph.D.

**Dósentar:**
Guðný Björk Eydal, Ph.D.
Steinunn Hrafnsdóttir, Ph.D.

**Lektorar:**
Anni G. Haugen, MA
Sigurveig H. Sigurðardóttir, MPH
Halldór S. Guðmundsson, MA
Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir, MSW

**Aðjúnkt:**
Hrefna Ólafsdóttir, MSW
Chien Tai Shill, MSW
Hervör Alma Árnadóttir, MA

**Deildarstjóri:**
Ásdís Ýr Arnardóttir, BA

**Stundakennarar:**
Áslaug Ólafsdóttir, MSW
Bjarney Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi
Elísabet Karlsdóttir, MA
Erla Björg Sigurðardóttir, MA
Guðrún Kristinsdóttir, Ph.D.
Gyða Hjartardóttir, MA
Hrefna Friðriksdóttir, MA
Ingibjörg Bjarnardóttir, cand. jur.
Jóna Rut Guðmundsdóttir, MA
Lilja Hjartardóttir, MA
Lára Björnsdóttir, MA
Margrét Grímsdóttir, MA
Margrét S. Jónsdóttir, félagsráðgjafi
Nanna K. Sigurðardóttir, MSW
Oktavía Guðmundsdóttir, MSW
Ómar H. Kristmundsson, Ph.D.
Páll Ólafsson, MS
Sigríður María Játvarðardóttir, MA
Sigríður Jónsdóttir, MA
Sigrún Hv. Magnúsdóttir, MSW
Steinunn K. Jónsdóttir, MA
Unnur Ingólfsdóttir, félagsráðgjafi
Valgerður Halldórsdóttir, MA
Vilmar Pétursson, MA
Þór Þórarinsson, MA
Þórey Ólafsdóttir MA

## Framhaldsnám

Markmið framhaldsnámsins er að efla faglega þekkingu og færni í félagsráðgjöf með því að búa nemendur undir rannsókna- og þróunarstörf en einnig sérfræðistörf á sviði félagsráðgjafar og meðferðar.

Við félagsráðgjafardeild er boðið upp á framhaldsnám fyrir verðandi og starfandi félagsráðgjafa annars vegar og hins vegar fyrir fagfólk á sviðum heilbrigðis- og félagsvísinda, m.a. í barnavernd og öldrunarfræðum.
Auk þess er hægt að stunda doktorsnám við deildina.

Félagsráðgjöf, Starfsréttindi, MA, 120e

Til að öðlast löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf er nauðsynlegt að ljúka MA- námi til starfsréttinda að loknu BA prófi í félagsráðgjöf. Námið er skipulagt sem tveggja ára fullt nám (120 ECTS). Í náminu öðlast nemendur færni til að starfa sem félagsráðgjafar. Þeir hljóta fræðilega þekkingu og þjálfun í vinnuaðferðum félagsráðgjafa. Þeir sækja m.a. námskeið um viðtalstækni, vinnu með börnum og unglingum, hópvinnu, fjölskylduvinnu og meðferð. Stór hluti námsins felst í starfsþjálfun sem fer fram á stofnunum utan HÍ undir handleiðslu sérþjálfaðra starfsþjálfunarkennara. Jafnframt fá nemendur þjálfun í aðferðafræði og vinna MA ritgerð (30 ECTS) á haustmisseri annars árs. Að loknu námi geta brautskráðir stúdentar sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til landlæknis.

Inntökuskilyrði

Námið er eingöngu opið þeim sem lokið hafa BA-námi í félagsráðgjöf með fyrstu einkunn. Inntökunefnd fjallar um umsóknir þar sem mið er tekið af:
A. Einkunnum í háskóla
B. Starfsreynslu
C. Persónulegri greinargerð um forsendur og áhugasvið
D. Annarri starfsmenntun
E. Umsögn frá yfirmanni á stofnun á sviði félags - og heilbrigðisþjónustu ef við á
F. Persónulegum viðtölum, persónuleikaprófi og sakavottorði þegar þurfa þykir að mati inntökunefndar.

Nánari upplýsingar veita:
Guðný Björk Eydal, deildarforseti (ge@hi.is)
Ásdís Ýr Arnardóttir, deildarstjóri (aya@hi.is)

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100664_20096&kennsluar=2009

Félagsráðgjöf, Rannsóknanám, MA, 120e

**MA-nám í félagsráðgjöf: Rannsóknanám, 120e**
Um rannsóknatengt einstaklingsbundið nám gilda þær almennu reglur sem félagsráðgjafadeild hefur sett varðandi inntökuskilyrði, samstarfssamning við kennara og stærð ritgerðar. Nemendur skipuleggja nám sitt í samráði við leiðbeinanda í samræmi við reglur deildar um framhaldsnám.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100661_20096

Um námið

MA-nám er tveggja ára einstaklingsbundið nám (120e). Nemendur sem ekki stunda fullt nám geta tekið námið á lengri tíma, þó ekki á lengri tíma en fjórum árum.
Námið skiptist í þrjá meginþætti: Fræðileg námskeið (skyldunámskeið, námskeið á sérsviðum og lesnámskeið), námskeið í aðferðafræði og lokaritgerð. Vægi lokaritgerðar skal að jafnaði vera 40-60 einingar. Auk námskeiða í félagsráðgjöf geta nemendur tekið námskeið á meistarastigi á sínu sérsviði í öðrum greinum eða deildum háskólans og við erlenda háskóla. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu félagsráðgjafardeildar (www.felagsradgjof.hi.is).
Þeir nemendur sem lokið hafa starfsréttindanámi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands geta lokið MA-prófi með því að bæta við 90e á meistarastigi.

Félagsráðgjöf, tengt sérsviðum, MSW, 90e (Áætlað að verði næst kennt 2010-2011)

**MSW-nám tengt sérsviðum félagsráðgjafar 90e**
MSW-nám er 90e tengt sérsviðum félagsráðgjafar. Reglubundin kennsla í náminu nær yfir þrjú misseri en nemendur geta valið að ljúka náminu á fjórum misserum. Námið er 60e í námskeiðum og 30e lokaritgerð. Nemendur eiga kost á að sækja námskeið við erlenda háskóla eða námskeið á meistarastigi í öðrum greinum eða deildum Háskóla Íslands eða við aðra háskóla hérlendis.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100662_20096

Inntökuskilyrði
**Umsækjendur skulu hafa:**
1. Lokið starfsréttindanámi í félagsráðgjöf.
2. Að jafnaði þriggja ára starfsreynslu tengda sérsviði.
3. Unnið undir handleiðslu viðurkennds sérfræðings í hóp- eða einkahandleiðslu minnst 65 stundir, þar af 30 stundir samfellt.
4. Persónulega greinargerð.
5. Skriflega umsögn og staðfest leyfi yfirmanns/vinnuveitanda til að stunda námið samhliða starfi.
Umsóknir eru metnar með hliðsjón af framangreindu ásamt endurmenntun, náms- og persónuhæfni eins og hún kemur fram í umsóknargögnum og persónulegu viðtali.
Um námið

**Umsjón: Sigrún Júlíusdóttir, prófessor**

Þeir sem lokið hafa starfsréttindanámi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands geta lokið MSW-prófi með því að bæta við 60e á meistarastigi.

**Námsfyrirkomulag:**
Nemendur sækja málstofur, vinna sjálfstæð minni verkefni og ritgerðir samhliða fyrirlestrum. Hver nemandi heldur a.m.k. eina málstofu um verkefni sitt í samráði við leiðbeinanda. Ritgerðin byggir á sjálfstæðu rannsóknarverkefni.

Fjölskyldumeðferð, Rannsóknanám, MA, 120e

Í náminu öðlast nemendur fræðilega og hagnýta þekkingu í fjölskyldufræðum ásamt klínískri færni. Námið er skipulagt í reglulegum námslotum og unnið verður með fræðileg og klínísk verkefni á milli lota. Nemendur verða í samfelldri hóphandleiðslu á meðan náminu stendur þar sem unnið er með efnivið úr starfi á vettvangi. Ekki er um val milli námskeiða að ræða og nemendur verða að fylgja skipulagi námsins þar sem klínísk þjálfun fer fram í hóphandleiðslu og hún samþætt fræðilegu efni námskeiða.
Mögulegt er fá metin sambærileg námskeið, hafi þeim verið lokið, frá erlendum háskólum eða Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands að fengnu samþykki félagsráðgjafardeildar.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820039_20096

Inntökuskilyrði

**Inntökuskilyrði**
BA eða BS próf á heilbrigðis- og/eða félagsvísindasviði eða annar sambærilegur grunnnur.
Tveggja til þriggja ára starfsreynsla á sviðinu
Handleiðsla og/eða eigin meðferð

Starf á sviðinu meðan á námi stendur
Samþykki yfirmanns og/eða stofnunar til að stunda námið samhliða starfi og nota efnivið úr starfinu.

Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum (NordMaG)

**Umsjón:** Sigurveig H. Sigurðardóttir lektor.
sighsig@hi.is

Markmið með náminu er að dýpka þekkingu þátttakenda um málefni aldraðra með það að leiðarljósi að kynna þeim svið öldrunarfræða, kenningar og vinnuaðferðir og gera þá hæfari til að vinna með öðrum starfsstéttum að velferðarmálum aldraðra.

Sérstök áhersla verður lögð á að kynna nemendum norræna öldrunarþjónustu og gera þá hæfari til að taka þátt í norrænu rannsóknasamstarfi.

Kennt er í fjarnámi og staðlotum í Reykjavík, Jyväskylä í Finnlandi og Lundi í Svíþjóð.

Kennsla fer fram á ensku.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100665_20096

Inntökuskilyrði

BA- eða BS-nám á heilbrigðis- eða félagsvísindasviði. Að jafnaði er krafist fyrstu einkunnar.

Umsóknarfrestur fyrir nemendur við HÍ er til 15. apríl 2008 og gilda sömu inntökuskilyrði og í MA nám í öldrunarfræðum.

Um námið
Þverfræðilegt meistaranám í öldrunarfræðum (120 ECTS) sem skipulagt er sameiginlega af Háskóla Íslands, Háskólanum í Lundi í Svíþjóð og Háskólanum Jyväskylä í Finnlandi hefst á haustmisseri 2008. Í Háskóla Íslands er námið innan félagsráðgjafarskorar í félagsvísindadeild, í Háskólanum í Lundi innan læknisfræðideildar og í Háskólanum í Jyväskylä innan íþrótta- og heilbrigðisvísindadeildar. Nemendur þurfa að taka a.m.k. 30 ECTS við annan hvorn samstarfsskólann.

Heimasíða fyrir námið: "Nordic Master's Programme in Gerontology - NordMaG"

Námið sem er tveggja ára nám er opið fyrir 15 nemendur á ári (sem hafa lokið BA-prófi á heilbrigðis- eða félagsvísindasviði) og getur hver skóli tekið inn fimm nemendur.

Öldrunarfræði, Rannsóknanám, MA, 120e

**MA-nám í öldrunarfræðum: Rannsóknanám, 120e**
Um rannsóknatengt einstaklingsbundið nám gilda hinar almennu reglur sem félagsvísindadeild hefur sett varðandi inntökuskilyrði, samstarfssamning við kennara og stærð ritgerðar. Nemendur skipuleggja nám sitt í samráði við leiðbeinanda í samræmi við reglur deildar um framhaldsnám.

Um námið

**Umsjón: Sigurveig H. Sigurðardóttir, lektor**

Í náminu er hægt er að velja valnámskeið (30e-50e) á meistarastigi sem fjalla um málefni aldraðra og kennd eru við aðrar deildir en félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, t.d. hjúkrunarfræðideild. Einnig er hægt að velja námskeið sem kennd eru við samstarfsskóla Háskóla Íslands á sviði öldrunarfræða á Norðurlöndum. Þau námskeið eru ýmist kennd í fjarnámi eða í lotum. Samstarfsskólarnir eru Háskólinn í Jyväskylä i Finnlandi, Háskólinn í Jönköping í Svíþjóð og Háskólinn í Lundi, Svíþjóð. Námskeiðin skulu valin í samráði við umsjónakennara.
Lesnámskeið (tengt efni ritgerðar) (10e) og MA-ritgerð í öldrunarfræðum (40-60e).

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100663_20096

Félagsráðgjöf: Doktorsnám, 210e
Í 6. gr. reglna nr. 797/2006 um doktorsnám við félagsvísindadeild segir:
Doktorsnám við félagsvísindadeild samanstendur af 210e doktorsritgerð og 60e í námskeiðum í vísindaheimspeki og siðfræði vísinda, sérhæfðri aðferðafræði og/eða kenningum (á almennu fræðasviði doktorsverkefnis).

Námskeiðunum skal almennt lokið á fyrstu tveimur árum doktorsnámsins, eða áður en 2/3 doktorsritgerðarinnar er lokið.

Hafi nemandi lokið 180e meistaraprófi, eða 240e starfsmiðuðu meistaranámi, þarf hann að öðru jöfnu að ljúka 60e námskeiðum í kenningum greinarinnar og aðferðafræði, umfram það sem áður er nefnt og áður en rannsóknaráætlun er endanlega staðfest.

Auk þess sem áður er nefnt getur skor gert kröfu um að nemi í doktorsnámi taki allt að 120e bóknámshluta, sé talin þörf á að bæta við undirstöðuþekkingu hans í aðferðafræði rannsókna eða á fræðasviði doktorsnámsins. Þessum einingum skal lokið áður en rannsóknaráætlun fæst samþykkt.

Doktorsnám við félagsvísindadeild er að lágmarki 3ja ára fullt nám. Námið má þó taka fimm ár og teljast innan eðlilegra marka. Stundi nemendur námið að hluta má námið taka allt að sex árum. Ef ekki tekst að ljúka náminu á þessum tíma getur nemandinn sótt um undanþágu frá tímamörkum til rannsóknanámsnefndar. Verði undanþága veitt má setja þau skilyrði að nemandi uppfylli þær kröfur.
Félagsráðgjafardeild leggur mikla áherslu á að doktorsnemendur sæki hluta af námi sínu við erlenda háskóla.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100670_20096

Áfengis- og vímuefnamál, Diplómanám, 30e (Áætlað að verði næst kennt 2010-2011)
Markmið námsleiðarinnar er að koma til móts við þörf fyrir sérhæfða þekkingu og færni á sviði félagsráðgjafar í áfengis- og vímuefnamálum. Námið skapar löggiltum félagsráðgjöfum tækifæri til að uppfylla kröfur til sérfræðiréttinda í félagsráðgjöf.

Áætlað er að námsleiðin verði kennd 2010-2011
Inntökuskilyrði
**Forkröfur:**
Umsækjendur skulu hafa lokið starfsréttindanámi í félagsráðgjöf.
Í námi til starfsréttinda skal eftirfarandi námskeiði hafa verið lokið: Inngangur að eigindlegum rannsóknaraðferðum og 10.06.08 Áfengis- og vímuefnamál.

Umsækjendur skulu hafa hlotið/ljúka á námstímanum 40 stundir í handleiðslu.
Með umsókn skal fylgja:
a) persónuleg greinargerð um forsendur námsvals
b) vottorð um starfsreynslu,
c) tvær (lokaðar) umsagnir (yfirmanns, samstarfsaðila, kennara)
d) samþykki yfirmanns til að stunda námið samhliða starfi, ef við á.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100607_20096&lina=1019

Barnavernd, Diplómanám, 30e (Áætlað að verði næst kennt 2010-2011)

Markmið námsleiðarinnar er að koma til móts við þörf fyrir þverfaglega þekkingu, bæði fræðilega og hagnýta á sviði barnaverndar og auka færni háskólamenntaðra starfsmanna. Námsleiðin er ætluð nemendum sem lokið hafa háskólanámi í heilbrigðis- eða félagsvísindum og hafa starfsreynslu á sviði barnaverndar.

Námið miðar að því að nemendur öðlist fræðilega og hagnýta þekkingu sviði barnaverndar. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi ákveðna grunnþekkingu úr starfi en áhersla lögð á að dýpka þekkingu á vinnuaðferðum, löggjöf, starfshlutverki barnaverndarstarfsmanna og fræðilegra þekkingu á barnavernd
**Umsjón:** Anni G. Haugen, lektor.
Inntökuskilyrði

Umsækjendur skulu hafa lokið BA/BS eða BEd námi á heilbrigðis- eða félagsvísindasviði. Að jafnaði er krafist fyrstu einkunnar.
Umsækjendur skulu hafa a.m.k. tveggja ára starfsreynslu á sviði barnaverndar.
Með umsókn fylgi greinargerð umsækjanda um starfsreynslu. Einnig er litið á starfsreynslu þegar umsóknir eru metnar. Með umsókn fylgi samþykki yfirmanns til að stunda námi samhliða starfi, ef við á.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100608_20096

Fjölmenningarfélagsráðgjöf, Diplómanám,30e
Markmið námsleiðarinnar er að koma til móts við þörf fyrir sérhæfða þekkingu og færni á sviði fjölmenningarfélagsráðgjafar. Námið skapar félagsráðgjöfum tækifæri til að uppfylla kröfur til sérfræðiréttinda í félagsráðgjöf.
Inntökuskilyrði

**Umsjón: Guðný Björk Eydal, dósent, og Lilja Hjartardóttir, MA**

Umsækjendur skulu hafa lokið starfsréttindanámi í félagsráðgjöf.
Í námi til starfsréttinda skal námskeiðunum Félagsmálalöggjöf I og Inngangur að eigindlegum rannsóknaraðferðum hafa verið lokið.
Umsækjendur skulu hafa hlotið/ljúka á námstímanum 40 stundir í handleiðslu.
Með umsókn skal fylgja:
a) persónuleg greinargerð um forsendur námsvals
b) vottorð um starfsreynslu
c) tvær (lokaðar) umsagnir (yfirmanns, samstarfsaðila, kennara)
d) samþykki yfirmanns til að stunda námið samhliða starfi, ef við á.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100607_20096&lina=1022
Réttarfélagsráðgjöf, Diplómanám, 30e (Áætlað að verði næst kennt 2010-2011)
Markmið námsleiðarinnar er að koma til móts við þörf fyrir sérhæfða þekkingu og færni á sviði réttarfélagsráðgjafar. Námið skapar löggiltum félagsráðgjöfum tækifæri til að uppfylla kröfur til sérfræðiréttinda í réttarfélagsráðgjöf.
Inntökuskilyrði

**Umsjón: Sigrún Júlíusdóttir, prófessor**

Umsækjendur skulu hafa lokið löggildu starfsréttindanámi í félagsráðgjöf.
Í námi til starfsréttinda skal eftirfarandi námskeiðum hafa verið lokið: Afbrotafræði og Inngangur að eigindlegum rannsóknaraðferðum.
Umsækjendur skulu hafa hlotið/ljúka á námstímanum 40 stundum í handleiðslu.
Með umsóknum skal fylgja:

a) persónuleg greinargerð um forsendur námsvals
b) vottorð um starfsreynslu
c) tvær (lokaðar) umsagnir (yfirmanns, samstarfsaðila, kennara)
d) samþykki yfirmanns til að stunda námið samhliða starfi, ef við á.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100607_20096&lina=956

Skólafélagsráðgjöf: Diplómanám, 30e (Áætlað að verði næst kennt 2010-2011)

Markmið námsleiðarinnar er að koma til móts við þörf fyrir sérhæfða þekkingu og færni á sviði skólafélagsráðgjafar. Námið skapar félagsráðgjöfum tækifæri til að uppfylla kröfur til sérfræðiréttinda í félagsráðgjöf í skólum.

Inntökuskilyrði
**Umsjón: Sigrún Júlíusdóttir, prófessor, og Sigrún Harðardóttir, MA**

Umsækjendur skulu hafa lokið starfsréttindanámi í félagsráðgjöf.
Í námi til starfsréttinda skal námskeiðinu Inngangur að eigindlegum rannsóknaraðferðum hafa verið lokið. Umsækjendur skulu hafa hlotið/ljúka á námstímanum 40 stundum í handleiðslu.
Með umsókn skal fylgja:
a) persónuleg greinargerð um forsendur námsvals
b) vottorð um starfsreynslu
c) tvær (lokaðar) umsagnir (yfirmanns, samstarfsaðila, kennara)
d) samþykki yfirmanns til að stunda námið samhliða starfi, ef við á.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100607_20096&lina=1025

Öldrunarfélagsráðgjöf, Diplómanám, 30e

Markmið námsleiðarinnar er að koma til móts við þörf fyrir sérhæfða þekkingu og færni á sviði öldrunarfélagsráðgjafar. Námið skapar félagsráðgjöfum tækifæri til að uppfylla kröfur til sérfræðiréttinda í félagsráðgjöf á heilbrigðissviði.

Inntökuskilyrði

**Umsjón: Sigurveig H. Sigurðardóttir, lektor**
Umsækjendur skulu hafa lokið starfsréttindanámi í félagsráðgjöf.
Í námi til starfsréttinda skal eftirfarandi námskeiðum hafa verið lokið: Öldrun og málefni aldraðra og Inngangur að eigindlegum rannsóknaraðferðum.
Umsækjendur skulu hafa hlotið/ljúka á námstímanum 40 stundum í handleiðslu.
Með umsókn skal fylgja:
a) persónuleg greinargerð um forsendur námsvals
b) vottorð um starfsreynslu
c) tvær (lokaðar) umsagnir (yfirmanns, samstarfsaðila, kennara)
d) samþykki yfirmanns til að stunda námið samhliða starfi, ef við á.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100607_20096&lina=959

Öldrunarþjónusta: Diplómanám, 30e
Diplómanám í öldrunarþjónustu er sjálfstætt þverfræðilegt nám að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Námið er hægt að fá metið inn í MA-nám að uppfylltum inntökuskilyrðum.

Markmið námsleiðarinnar er að koma til móts við þörf fyrir sérhæfða þekkingu og færni á sviði öldrunarþjónustu. Nemendur fá fræðilega og hagnýta þekkingu um málefni aldraðra og þá þætti sem hafa áhrif á stefnumörkun og stjórnun málaflokksins.

Námsleiðin er ætluð þeim sem starfa með öldruðum, s.s. félagsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum, iðjuþjálfum, læknum og sjúkraþjálfurum.

Inntökuskilyrði

**Umsjón: Sigurveig H. Sigurðardóttir, lektor**

Umsækjendur skulu hafa lokið háskólanámi á heilbrigðis- eða félagssviði. Að jafnaði er krafist fyrstu einkunnar. Með umsókn fylgi greinargerð umsækjanda um starfsreynslu. Einnig er litið á starfsreynslu þegar umsóknir eru metnar. Með umsóknfylgi tvær (lokaðar) umsagnir (yfirmanns, samstarfsaðila, kennara). Með umsókn fylgi samþykki yfirmanns til að stunda nám samhliða starfi, ef við á.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100609_20096

Kennarar
**Prófessor:**
Sigrún Júlíusdóttir, Ph.D.

**Dósentar:**
Guðný Björk Eydal, Ph.D.
Steinunn Hrafnsdóttir, MA, Ph.D.

**Lektorar:**

Anni G. Haugen, MA
Sigurveig H. Sigurðardóttir, MPH

**Aðjúnkt:**
Hrefna Ólafsdóttir, MSW

**Verkefnisstjóri:**
Sigrún Jónsdóttir, BA

**Prófdómari fyrir MSW-ritgerðir:**
Guðrún Kristinsdóttir, Ph.D.

**Framhaldsnámsnefnd:**
**Formaður:**
Sigrún Júlíusdóttir, Ph.D.
Anni G. Haugen, MA
Sigurveig H. Sigurðardóttir, MPH
Fulltrúar nemenda.

Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=12

Kennarar

**Deildarforseti 2009-2010:**
Guðný Björk Eydal, Ph.D.

**Varadeildarforseti 2009-2010:**
Steinunn Hrafnsdóttir, Ph.D.
**Prófessor:**
Sigrún Júlíusdóttir, Ph.D.

**Dósentar:**
Guðný Björk Eydal, Ph.D.
Steinunn Hrafnsdóttir, Ph.D.

**Lektorar:**
Anni G. Haugen, MA
Sigurveig H. Sigurðardóttir, MPH
Halldór S. Guðmundsson, MA
Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir, MSW

**Aðjúnkt:**
Hrefna Ólafsdóttir, MSW
Chien Tai Shill, MSW
Hervör Alma Árnadóttir, MA

**Deildarstjóri:**
Ásdís Ýr Arnardóttir, BA

**Prófdómari fyrir MSW-ritgerðir:**
Guðrún Kristinsdóttir, Ph.D.

**Framhaldsnámsnefnd:**
**Formaður:**
Sigrún Júlíusdóttir, Ph.D.
Anni G. Haugen, MA
Sigurveig H. Sigurðardóttir, MPH
Fulltrúar nemenda.

Upplýsingar

Endurinnritun og forkröfur

**Fyrningarreglur:**
*Skv. samþykkt deildarfundar í félagsvísindadeild 25. janúar 2002*
Stúdent sem ekki getur lokið námi innan þeirra tímamarka sem sett eru í 115. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands þarf að sækja um sérstaka og tímasetta undanþágu frá því ákvæði til skorar.
Vilji stúdent hefja að nýju nám sem hann hefur horfið frá - og hlé hans frá námi er ekki samkvæmt ákvæðum 47. gr.reglna fyrir Háskóla Íslands 458/2000 - þá metur skor námskeið af fyrri ferli stúdents til endurinnritunar samkvæmt þeirri námsskipan sem í gildi er og með hliðsjón af jafngildingarreglum um viðurkenningu félagsvísindadeildar á námi utan deildar. Þar stendur m.a.: Skor metur að jafnaði síður námskeið ef langt er síðan stúdent lauk þeim eða ef árangur stúdents er slakur.
Ef stúdent sækir um endurinnritun vegna þess að hann hefur ekki staðist próf sbr. 57. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands 458/2000 eru aðeins metin þau námskeið sem hann hefur lokið með lokaeinkunn 6,0 eða hærri. Einstaka skorir geta sett aðrar reglur ef þurfa þykir.

Fjarnám

**Fjarnám í félagsráðgjafardeild**

**Framhaldsnám:**
Öldrunarþjónustu, Diplómanám, 30e

Inntökuskilyrði

**Grunnnám:**
Stúdentspróf eða sambærilegt próf frá erlendum skóla. Skráning í grunnnám fer fram í Nemendaskrá Háskóla Íslands, Háskólatorgi. Hægt er að sækja um rafrænt https://ugla.hi.is/nk/nemendaskraningar/umsokn.php en senda þarf staðfest afrit af stúdentskírteini (bæði einkunnum og skírteininu sjálfu) til Nemendaskrár Háskóla Íslands, Háskólatorgi, 101 Reykjavík.

**Framhaldsnám:**
Umsækjendur um meistaranám og hliðstætt nám skulu að jafnaði hafa lokið BA-prófi eða sambærilegu prófi. Að jafnaði er einungis þeim veitt innganga sem hlotið hafa fyrstu einkunn á BA-prófi. Fyrsta einkunn veitir þó ekki sjálfkrafa aðgang að náminu. Sjá undir framhaldsnám.

Kennsluhættir

Námsmagn einstakra námskeiða er metið í einingum (e). Fullt ársnám 60 námseiningar.

**Tákn um kennslustundir**
f - fyrirlestur
u - umræðutími
Þegar ekki er annað tekið fram í námskeiðslýsingum tákna tölur um kennslustundir vikulegan meðalfjölda. Þannig táknar 3f+1u þrjá 40 mín. fyrirlestra og einn 40 mín. umræðutíma að meðaltali á viku á 13 vikna kennslumisseri.

Kennslu- og próftímabil

**Kennslutímabil**
Haustmisseri: 1. september til 28. nóvember 2008.
Vormisseri: 12. janúar til 17. apríl 2009.

Námsupplýsingar

Kröfur um námsframvindu

**Reglur um einingamat**
Nám er metið í einingum (e). Ársnám er jafngildi 30e. Hver eining svarar til fullrar vinnuviku (40-60 stunda). Þegar námskeið er metið til einingа skal taka mið af: Tímafjölda (fyrirlestrum, verklegum æfingum, umræðutímum), fjölda og umfangi verkefna og námsefni (einkum þyngd lesins texta og blaðsíðufjölda).
Miðað er við að námsvinna að meðtaldri tímasókn og verkefnavinnu fari að jafnaði ekki fram úr 60 stundum á viku hjá stúdent í fullu námi. Vægi verkefna er metið með hliðsjón af umfangi þeirra og þeim tíma sem stúdent þarf að verja til þeirra. Lesefni er metið til eininga eftir þyngd og lengd lesins texta. Auðvitað eru engar einhlítar reglur um samsvörun milli lesins texta og einingamats, og þarf meðal annars að meta hve mikið efni fyrirlestra skarast við lesefni, hvort lesefni fyrir verkefnavinnu og próf skarast og hvert sé eðli þess texta sem lesa skal. Með eðlilegum fyrirvörum er þó eftirfarandi viðmiðun lögð til grundvallar (tölur í töflunni vísa til blaðsíðufjölda á hverja einingu):

| Þyngd texta | Kröfur um að stúdent átti sig á meginatriðum | Kröfur um nákvæmniskunnáttu |
|---|---|---|
| Léttur<br>Miðlungs<br>Þungur | 500-700<br>300-500<br>300 | 300-500<br>200-300<br>200 |

**Reglur um hve lengi námskeiðshlutar gildi:**
Hlutapróf eru forkrafa fyrir lokapróf í námskeiði. Þau gilda til upphafs næsta kennsluárs eftir að námskeið var haldið. Þó má gera undantekningu og láta hlutapróf gilda eitt ár til viðbótar enda hafi staðið til að kenna námskeiðið samkvæmt kennsluskrá en það fellt niður, en samt sem áður haldið í því próf. Óski nemandi eftir því fyrirfram að fá að taka námskeiðið í hlutum, t.d. ljúka hlutaprófi eitt árið og lokaprófi næsta kennsluár getur námsnefnd samþykkt það enda sé kennari samþykkur því. Aðeins er hægt að veita slíkan frest til eins árs. Ritgerðir gilda sömuleiðis til upphafs næsta kennsluárs. Kennari getur heimilað nemanda að láta eldri ritgerð úr námskeiðinu gilda enda telji hann þá vinnu sem liggur í verkinu samræmast þeirri sem krefst af öðrum nemendum námskeiðsins. Sama gildir um verklegar æfingar og um ritgerðir.

**Reglur um tímasókn og ráðvendni í námi:**
*Samþykktar á deildarfundi félagsvísindadeildar 25. janúar 2002*

**Tímasókn:**
Námskeið í félagsvísindadeild eru miðuð við að stúdentar sæki kennslustundir, nema annað sé sérstaklega skipulagt. Geti stúdent ekki mætt í einstaka tíma ber hann sjálfur ábyrgð á að afla upplýsinga sem hann kann að hafa farið á mis við. Kennarar kosta kapps um að námskeiðstilhögun sé skýr og kröfur ljósar, en þeim ber ekki skylda til að veita sérstakar tilhliðranir vegna stúdenta sem af einhverjum völdum sækja ekki kennslustundir.

**Ráðvendni í námi:**
Félagsvísindadeild telur óráðvendni í námi mjög alvarlega. Þar er meðal annars - en ekki eingöngu - átt við ritstuld, falsanir af öllu tagi, notkun og kynningu á verkefnum eða vinnu annarra eins og hún væri manns eigin og allar tilraunir til að hafa rangt við á prófum. Deildin gengur ákveðið eftir því að í slíkum málum sé beitt ströngum viðurlögum, sbr. 17. gr. laga um Háskóla Íslands og allmörg ákvæði reglna fyrir Háskóla Íslands.

Námsmat, einkunnir og próf

Mjög mikilvægt er að í árlegri skráningu skrái nemendur sig rétt á ár og námsleið.

Við val á námskeiðum fylgir nemandi að öðru jöfnu þeirri kennsluskrá sem í gildi var við innritun, út námstímann.

Próf geta verið munnleg, skrifleg, verkleg eða heimapróf.

Nemandi sem vill endurtaka próf til hækkunar (án þess að hafa fallið) athugi að **seinni einkunn gildir**.

Skiptinám

Stúdentaskipti við innlenda og erlenda háskóla

Hægt er að taka eins eða tveggja missera nám við erlenda háskóla. Áður en stúdent fer utan í skiptinám þarf hann að ganga úr skugga um að námið erlendis verði viðurkennt á námsleið hans við HÍ, annaðhvort í stað skyldunámskeiða eða sem val. Nemandi í skiptinámi þarf að ljúka námskeiði í samræmi við kröfur þess skóla sem námskeiðið heldur.
Til athugunar við umsókn um skiptinám:
1. Stúdent leggur fyrir skriflega áætlun um skiptinám sitt, ásamt lýsingu á þeim námskeiðum sem hann hyggst taka.
2. Að fengnu skriflegu samþykki deildar sækir stúdent um skiptinámið á Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.
3. Afla þarf samþykkis deildar við allar breytingar á áætluninni meðan á skiptináminu stendur.
4. Þegar misserinu lýkur og stúdent hefur fengið einkunnir sendir hann þær til skrifstofu deildar.
5. Deild samþykkir niðurstöðuna úr skiptinámi misserisins, ef hún samræmist upphaflegri áætlun
6. Skrifstofa lætur færa niðurstöðuna inn á feril stúdents í nemendaskrá.

Sjá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins

## Hagfræðideild

**Skrifstofa hagfræðideildar:**
Gimli (1. hæð)
við Sæmundargötu
101 Reykjavík

Opin virka daga frá kl. 10-12:30 og 13-15:30

Sími: 525-4500
Bréfasími: 552 6806
Netfang deildarskrifstofu: gimli@hi.is
Heimasíða: www.hag.hi.is

### Grunnnám

Hagfræði, BS, 180 e

**Umsjón:** Gylfi Zoega prófessor.

**Ráðgjafi**: Tór Einarsson prófessor (tor@hi.is). Ráðgjöf um val námskeiða, skipulagningu náms, reglur um nám. Viðtalstími.
Þessi námsleið hefur sannað sig í áranna rás sem bæði þjálfun fyrir störf á vinnumarkaði og einnig, og ekki síður, sem undirbúningur undir framhaldsnám í hagfræði og fjármálum.

Frekari upplýsingar um námið.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=045000_20096

Hagfræði, BA, 180 e (120 e + 60 e aukagrein)

**Umsjón:** Birgir Þór Runólfsson dósent (bthru@hi.is)

BA námið veitir nemendum tækifæri til þess að læra aðra námsgrein samhliða hagfræðinni og er því ætlað þeim sem vilja afla sér almennari menntunar.

Frekari upplýsingar um námið.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=045010_20096
Hagfræði, Aukagrein, 60 e

Frekari upplýsingar um námið.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=045001_20096

Námsleiðir grunnnáms

Hagfræði: BS, 180 e
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=045000_20096&lina=10
Hagfræði: BA, 180 e (120+60)
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=045010_20096
Hagfræði: Aukagrein, 60 e
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=045001_20096
Námskeið grunnnáms í hagfræðideild
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=13&namsstig=0
Námskeið grunnnáms í viðskiptafræðideild
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=16&namsstig=0

## Framhaldsnám

Hagfræðideild er aðili að þverfræðilegu framhaldsnámi í umhverfis- og auðlindafræði.
Hagfræði, Meistarapróf

**Umsjón:** Þórólfur Matthíasson prófessor (totimatt@hi.is)
**Ráðgjafi:** Sveinn Agnarsson aðjúnkt (sveinnag@hi.is). Ráðgjöf um val námskeiða, skipulagningu náms, reglur um nám, leiðbeinendur um ritun MS ritgerða og skiptinám. Viðtalstími.

Námið er skipulagt sem eins og hálfs árs nám (90e) og lýkur með meistaragráðu. Meistaranám í hagfræði er ætlað annars vegar fólki með BA eða BS próf í hagfræði eða próf í viðskiptafræði og hins vegar fólki með háskólapróf í öðrum greinum, svo sem verkfræði og lögfræði svo tvö dæmi séu tekin.
Þeir sem hafa háskólapróf í hagfræði eða skyldum greinum geta lokið meistaranáminu á einu ári. Aðrir sem lokið hafa háskólaprófi í öðrum greinum þurfa fyrst að ljúka undirbúningsnámi í hagfræði og geta að því loknu lokið meistaranámi á einu ári. Tilgangur undirbúningsnámsins er að veita grundvallarþekkingu í hagfræði sem er á allan hátt sambærileg þeirri sem nemendur öðlast í BS námi. Kennslan miðast að því að undirbúa nemendur sem lokið hafa háskólaprófi en hafa ekki bakgrunn í hagfræði fyrir meistaranám.
Tilgangur meistaranáms í hagfræði er sá að undirbúa nemendur undir margvísleg störf í þjóðfélaginu þar sem kunnátta í hagfræði kemur að góðum notum. Þess er þó gætt að nemendur sem hyggja á doktorsnám, t.d. í Háskóla Íslands, geti nýtt sér námið. Námskeið eru höfð með þeim hætti að nemendur komist í kynni við nýlegar rannsóknir í hagfræði og öðlist getu til sjálfstæðrar hugsunar og rannsóknarvinnu. Sömuleiðis er stefnt að því að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á efnahagsmálum sem nýtist í störfum í fjármálageiranum, almennum fyrirtækjarekstri, kennslu á framhaldsskólastigi og blaðamennsku, svo nokkur dæmi séu tekin.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=045600_20096&lina=4042

Fjármálahagfræði, Meistarapróf

Meistaranám í fjármálahagfræði er þriggja missera nám (90e) þar sem lögð er áhersla á samspil fjármálafræði og hagfræði. Fjármálahagfræði hentar vel þeim sem eru með góðan stærðfræðilegan bakgrunn og vilja að námi loknu takast á við flókin viðfangsefni á sviði fjármála. Í náminu er lögð áhersla á nemendur læri að tileinka sér bæði klassíska og nýja þekkingu á því sem skiptir máli á sviði fjármála og hagfræði.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820040_20096

Heilsuhagfræði, Meistarapróf

Í náminu er tekist á við áhugaverð efni heilsuhagfræðinnar. Fræðasviðið fjallar um ýmsa þætti er varða heilsu, hvernig skuli framleiða hana, í hvaða magni, fyrir hvern og af hverjum - til þess að hámarka hagsæld samfélagsins. Námið nýtist vel hverjum þeim sem áhuga hefur á stefnumótun í heilbrigðismálum, hvort heldur sem þau mál varða forvarnarstarf, heilbrigðiskerfið í heild sinni, rekstur heilbrigðisstofnana eða aðra heilsutengda þætti. Áhersla er lögð á almenna heilsuhagfræði, lýsingu á stofnanaumgjörð íslenska heilbrigðiskerfisins, kostnaðar- og ábatagreiningu sem aðferðafræði við opinbera ákvarðanatöku og tölfræði. Að auki velja nemendur sér þrjú valfög, t.d. á sviði stjórnunar.
Um námið

**Umsjón:** Tinna Laufey Ásgeirsdóttir lektor ( ta@hi.is )
Kjarni námsins eru tvö yfirlitsnámskeið í heilsuhagfræði, eitt að hausti og hitt að vori. Þar að auki er námskeiðið Þættir í heilsuhagfræði þar sem ákveðin afmörkuð efni eru skoðuð nánar. Þar að auki eru tvö aðferðafræðileg námskeið sem kenna tölfræði annars vegar og kostnaðar og ábatagreiningu hins vegar.
Valhluti meistaranámsins gerir nemendum kleift að sérhæfa sig með framtíðarstarfsvettvang eða frekara nám í huga. Nemendur velja valgreinar sem svarar 30 einingum í samráði við umsjónarkennara sinn. Auk þess er heimilt að velja aðrar greinar í meistaranámi, í öðrum deildum háskólans en með samþykki viðkomandi deildar.

Sjá nánar um val á heimasíðu.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=045650_20096

Hagfræði, Doktorspróf, 180 e

Deildin býður upp á doktorsnám sem lýkur með Ph.D. gráðu. Doktorsnám í hagfræðideild byggir að mestu á sjálfstæðum rannsóknum nemanda undir handleiðslu kennara.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=045550_20096
Námsleiðir

Hagfræði, Meistarapróf
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=045600_20096
Fjármálahagfræði, Meistarapróf
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820040_20096
Heilsuhagfræði, Meistarapróf
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=045650_20096
Hagfræði, Doktorspróf
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=045550_20096
Umhverfis- og auðlindafræði, Meistarapróf, 120 e
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=12290&kennsluar=2009

Námskeið framhaldsnáms í hagfræðideild
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=13&namsstig=1
Námskeið framhaldsnáms í viðskiptafræðideild
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=16&namsstig=1
Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=13
Upplýsingar

Inntökuskilyrði

**Grunnnám**
Inntökuskilyrði í BS nám í hagfræðideild er stúdentspróf úr framhaldsskóla.

Ennfremur er tilskilið, að einingar til stúdentsprófs í eftirtöldum
greinum séu eigi færri en hér segir:

**Til BA prófs í hagfræði**
Stærðfræði 15e (26e nýjar*)
Íslenska 15e (26e nýjar*)
Enska 12e (21e ný*)
**Til BS prófs í hagfræði**
Stærðfræði 21e (36e nýjar*)
Íslenska 15e (26e nýjar*)
Enska 12e (21e ný*)
***** Samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla.

**Framhaldsnám**
Nemendur þurfa að ljúka grunnnámi eigi síðar en að vori til þess að eiga rétt á að hefja meistaranám að hausti. Í undantekningartilfellum geta nemendur sem ekki ljúka BS/BA- námi í júní fengið frest til 1. september til að ljúka námi.
Að jafnaði er krafist **fyrstu einkunnar** í grunnnámi. Þeir sem ekki fullnægja þessari almennu kröfu geta átt von á því að kallað verði eftir frekari upplýsingum eða þeir teknir í viðtal þar sem kunnátta, starfsreynsla og annar undirbúningur er metinn.

Meistaranámsnefnd hefur heimild til þess að hafna umsækjendum sem annars teljast hæfir í því skyni að tryggja nemendum fullnægjandi aðstöðu. Inntökuskilyrði í nokkrar námsleiðir er BS/BA próf, en fyrir aðrar námsleiðir er krafist sérstaks undirbúningsnáms. Sjá nánar inntökuskilyrði fyrir námsleiðirnar á heimasíðu deildar.

Meistaranámsnefnd ákveður hvaða námskeið hver nemandi þarf að taka á grundvelli fyrra náms og reynslu umsækjanda. Nemendur í undirbúningsnámi þurfa að fullnægja sömu kröfum og nemendur í grunnnámi í einstökum námskeiðum en auk þess er m.a. tekið mið af meðaleinkunn í undirbúningsnámi við ákvörðun um inntöku í meistaranám. Að jafnaði er krafist fyrstu einkunnar í sjálfu undirbúningsnáminu.

Kennsluhættir

Í grunnnáminu er auk fyrirlestra lögð áhersla á að skipta nemendum upp í smærri hópa, svo sem dæmahópa og umræðuhópa.

Í meistaranáminu er frekari áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, sem m.a. felast í verkefnavinnu, þar sem kynntar eru niðurstöður verkefna fyrir kennurum og nemendum. Unnið er í smærri hópum að úrlausn raunhæfra verkefna og við vinnu smærri ritgerða.

Námsmagn einstakra námskeiða er metið í einingum (e). Fullt ársnám 60 námseiningar.

**Tákn um kennslustundir**
f - fyrirlestur
d - dæmatími

Þegar ekki er annað tekið fram í námskeiðslýsingum tákna tölur um kennslustundir vikulegan meðalfjölda. Þannig táknar 4f + 2d fjóra 40 mín. fyrirlestra og tvo 40 mín. dæmatíma að meðaltali á viku á 13 vikna kennslumisseri.

**Fjarnám er ekki í boði í hagfræðideild.**

Námsmat, einkunnir og próf

Mjög mikilvægt er að í árlegri skráningu skrái nemendur sig rétt á ár og námsleið.

**Nemendur athugi að verkefni gilda ekki á milli skólaára.**

**Um námsmat:**

Í flestum námskeiðum deildarinnar er verkefnaeinkunn/misserisprófseinkunn hluti af lokaeinkunn.
Algengast er að vægi verkefna sé 10 - 40% og vægi lokaprófs þá 60 - 90%.

Í nokkrum námskeiðum er próffyrirkomulag annað.

**Um próf:**
Próf skulu vera skrifleg, nema deildin ákveði annað.
Próf má aðeins endurtaka einu sinni með eftirfarandi undantekningu:

**A**. Nemandi sem hefur staðist a.m.k. **8 próf** í deildinni fær eina undanþágu til að þreyta próf í **þriðja sinn**, án þess að þurfa að endurskrá sig.
**B**. Nemandi sem innritast að hausti og fellur í prófi í desember og svo aftur í janúar fá heimild til að halda áfram námi þrátt fyrir tvífall, ef þeir hafa lokið a.m.k. **4 prófum af 5**. Þessi regla kemur til viðbótar reglunni um heimild til að þreyta próf í 3. sinn, hafi nemandi lokið a.m.k. 8 prófum.
**C**. Hafi nemandinn hins vegar nýtt sér þessa undanþágu eftir haustmisserið hefur hann **ekki heimild** til próftöku í 3. sinn eftir 8 próf.
**D**. Falli stúdent tvisvar sinnum í sama prófi - og fær ekki undanþágu, - telst hann fallinn úr deildinni, en skal við endurinnritun fá viðurkennd þau próf, sem hann hefur lokið með lágmarkseinkunninni **6,5**. Það sama á við um stúdent sem fellur tvisvar sinnum í tveimur prófum eða þrisvar sinnum í sama prófi.

Í námskeiði þar sem verkefni eða hlutapróf eiga að vega í einkunn, þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunn í lokaprófi sérstaklega.

Nemandi sem vill endurtaka próf til hækkunar (án þess að hafa fallið) athugi að **seinni einkunn gildir**.

**Úr reglum Háskólans - Skráning í námskeið og próf**
**Stúdent verður að vera skráður í námskeið til að geta gengist undir próf.** Vanræki stúdent að segja sig úr prófi, sem hann hyggst ekki taka, **jafngildir það því að hann falli á prófinu.**
**Úrsagnir úr prófum** skulu vera skriflegar og berast Nemendaskrá Háskólans eins fljótt og unnt er og eigi síðar en **19. nóvember** vegna prófa á haustmisseri, **10. apríl** vegna prófa á vormisseri.
**Veikindi í prófum.** Stúdent sem veikist og getur þar af leiðandi ekki þreytt próf, ber að skila læknisvottorði innan þriggja daga til Nemendaskrár. Hið sama gildir ef barn stúdents veikist. Veikist stúdent í prófi ber honum að vekja athygli prófgæslumanns sem skrifar athugasemd um það á prófúrlausn. Skal læknisvottorði, dagsettu samdægurs, skilað til Nemendaskrár. Læknisvottorð eru yfirfarin af trúnaðarlækni Háskólans.
**Um sjúkrapróf:** Sjúkra- og upptökupróf verða strax í kjölfar almennra próftímabila í desember og maí. Próf skv. þessari málsgrein skulu fara fram í janúar og júní (sjá nánar í kafla um Kennslu- og próftímabil).

Kennslu- og próftímabil

Kennslumisseri er 13 vikur að lengd. Jólaleyfi er frá 22. desember og kennsla hefst aftur 14. janúar. Páskaleyfi hefst miðvikudag **fyrir** páska og kennsla hefst aftur miðvikudag **eftir** páska. Auk þess er kennsluhlé: Sumardaginn fyrsta, 1. maí og 1. desember.

**Haustmisseri 2009:**

Kennsla: 31. ágúst - 28. nóvember
Próf: 10. desember - 21. desember
**Sjúkra- og upptökupróf verða haldin í janúar.**

**Vormisseri 2010:**
Kennsla: 14. janúar - 21. apríl
Próf: . 29. apríl - 15. maí

**Sjúkra- og upptökupróf verða haldin í júní.**

Kröfur um námsframvindu

**Grunnnám**
Nemendur í BS námi skulu hafa lokið námi eigi síðar en 5 árum eftir skráningu. Deildin getur veitt undanþágu frá þessum tímamörkum.

Nemandi sem ætlar að **taka sér hlé frá námi** þarf að sækja um **leyfi** til Nemendaskrár.

**Framhaldsnám**
Sjá nánar í Reglum um rannsóknarnám 6. gr.

Endurinnritun og forkröfur

Við endurinnritun í hagfræðideild falla niður einkunnir undir 6,5.

Skiptinám

Hægt er að taka eins eða tveggja missera nám við erlenda háskóla. Áður en stúdent fer utan í skiptinám þarf hann að ganga úr skugga um að námið erlendis verði viðurkennt á námsleið hans við HÍ, annaðhvort í stað skyldunámskeiða eða sem val. Nemandi í skiptinámi þarf að ljúka námskeiði í samræmi við kröfur þess skóla sem námskeiðið heldur.

Til athugunar við umsókn um skiptinám:

1. Stúdent leggur fyrir skriflega áætlun um skiptinám sitt, ásamt lýsingu á þeim námskeiðum sem hann hyggst taka.
2. Að fengnu skriflegu samþykki deildar sækir stúdent um skiptinámið á Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.
3. Afla þarf samþykkis deildar við allar breytingar á áætluninni meðan á skiptináminu stendur.
4. Þegar misserinu lýkur og stúdent hefur fengið einkunnir sendir hann þær til skrifstofu deildar.
5. Deild samþykkir niðurstöðuna úr skiptinámi misserisins, ef hún samræmist upphaflegri áætlun
6. Skrifstofa lætur færa niðurstöðuna inn á feril stúdents í nemendaskrá.

Lokaritgerðir

**Um lokaritgerðir:**
Þóra H. Christiansen aðjúnkt mun veita hagfræðinemum í BS/BA námi aðstoð varðandi ritun lokaritgerða, frágang og þ.h., sjá hér. En hún mun **ekki** útvega leiðbeinendur fyrir hagfræðinema, þeir gera það sjálfir.
Á haustmisseri 2009 og vormisseri 2010 eru haldin stutt námskeið um vinnubrögð og gerð lokaritgerðar. Námskeiðin verða tilkynnt á heimasíðu deildarinnar.
Nemendur eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða.

**Síðustu skiladagar fyrir RANNSÓKNARÁÆTLANIR eru:**

29. september (vegna útskriftar í febrúar 2010)
2. febrúar (vegna útskriftar í júní 2010)

**Síðustu skiladagar LOKARITGERÐA skólaárið 2009 - 2010 eru:**

13. janúar (fyrir útskrift í febrúar 2010)
12. maí (fyrir útskrift í júní 2010)
20. september (fyrir þá sem vilja ljúka námi að hausti og fá staðfestingu á því, en formleg útskrift verður ekki í október)

Í kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn. Í lokaritgerð sinni skal nemandi gera á fullnægjandi og viðurkenndan hátt grein fyrir öllum heimildum sínum. Misbrestur á því þýðir að ritgerðin kann að verða dæmd ógild og málinu fylgt eftir sem reglur Háskólans um ritstuld kveða á um.
Vinni nemandi að lokaritgerðum í tveimur eða fleiri deildum um líkt efni skal hann gera umsjónarmönnum ritgerðanna nákvæma grein fyrir vinnu sinni og skulu umsjónarmenn bera saman bækur sínar við leiðbeiningu nemandans.
Við útskrift með fleiri en eina prófgráðu í grunnnámi í deildinni er ekki hægt að nýta sömu lokaritgerð við útskrift nema báðar prófgráðurnar séu innan sömu deildar. Í grunn- og framhaldsnámi í hagfræðideild eru lokaritgerðir unnar sjálfstætt af hverjum nemanda fyrir sig. Þannig er ekki heimilt að úthluta ritgerðarverkefnum sem eru unnin af tveimur eða fleiri nemendum.

Sjá upplýsingar lokaritgerðir á námsvef deildarinnar hér

**Nemendur verða að skrá sig bæði í lokaritgerð og brautskráningu.**

**Um mat á lokaritgerðum í grunnnámi**
1) Eftirtalin viðmið skulu höfð að leiðarljósi, þegar lokaritgerðir til BA, BS og cand. oecon. prófs eru metnar til einkunna:

**9,0-9,5:** Ritgerð er afburðagóð. Frumleg efnistök, mjög sjálfstæð hugsun og djúpur skilningur á viðfangsefni. Framsetning afar vel skipuleg og meðferð heimilda nákvæm. Málfar með miklum ágætum.
**8,0-8,5:** Ritgerð er mjög góð. Góð efnistök, sjálfstæð hugsun og góður skilningur á viðfangsefni. Framsetning vel skipuleg og meðferð heimilda nákvæm. Málfar með ágætum.
**6,5-7,5:** Ritgerð er þokkaleg. Allgóð efnistök, sjálfstæð hugsun á köflum, svo og góður skilningur á viðfangsefni. Framsetning skipuleg og meðferð heimilda nákvæm í aðalatriðum. Málfar þokkalegt.
**5,0-6,0:** Ritgerð fullnægir lágmarkskröfum, en hefur ýmsa áberandi galla. Efnistök eru sæmileg og nokkur skilningur á viðfangsefni. Framsetningu og meðferð heimilda getur verið áfátt. Málfar sæmilegt þegar best lætur.
Falleinkunn (0,0-4,5): Ritgerð fullnægir ekki lágmarkskröfum, hefur marga meinlega galla. Takmarkaður skilningur á viðfangsefni. Framsetningu og meðferð heimilda yfirleitt verulega áfátt. Málfar afleitt.

2) Ef umsjónarkennari lokaritgerðar telur að henni beri einkunn 9,0 eða hærri, skal skorarformaður tilnefna prófdómara til mats. Prófdómari skal allajafna vera úr hópi fastra kennara deildarinnar, en heimilt er að kveðja til aðila utan deildar ef ástæða þykir. Einkunnir umsjónarkennara og prófdómara skulu vera jafnvægar.

Kennarar

**Deildarforseti 2009-2010:**
Gylfi Zoega prófessor

**Varadeildarforseti 2009-2010:**
Þórólfur Matthíasson prófessor

**Prófessorar:**
Gylfi Zoega, Ph.D.
Ragnar Árnason, Ph.D.

Tór Einarsson, Ph.D.
Þorvaldur Gylfason, Ph.D.
Þórólfur Matthíasson, Ph.D.

**Gestaprófessor:**
Rögnvaldur Hannesson, Ph.D.

**Dósentar:**
Birgir Þór Runólfsson, Ph.D.
Brynhildur Davíðsdóttir, Ph.D.
Helgi Tómasson, fil.dr.

**Gestadósent:**
Anna Gunnþórsdóttir, Ph.D.

**Lektor:**
Ásgeir Jónsson, Ph.D.
Daði Már Kristófersson, Ph.D.
Hersir Sigurgeirsson, Ph.D.
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, Ph.D.

**Aðjúnktar:**
Freyr Hermannsson, MS
Gunnar Ó. Haraldsson, Ph.D.
Sigurður Jóhannesson, Ph.D.
Sigurður Snævarr, M.Sc.
Sveinn Agnarsson, Ph.D.

Nánari upplýsingar eru hér

## Lagadeild

**Skrifstofa lagadeildar**
Gimli, 1. hæð
101 Reykjavík

Opin virka daga frá kl. 10-12:30 og 13-15

Símar: 525 4386, 525 4376 og 525 4387
Bréfasími: 525 4388

Netfang: lagadeild@hi.is,
Heimasíða: www.lagadeild.hi.is

### Grunnnám

Skipan BA-námsins miðast við þrjú ár eða 6 misseri og vegur 180 einingar. Lágmarks einkunn er 6.0 í öllum námskeiðum. Öll námskeið í BA-náminu eru skyldunámskeið og lýkur náminu með 6 eininga lokaritgerð.

Skilyrði er að standast námskeiðin: Inngangur að lögfræði og almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu til þess að geta skráð sig í 2. og 3. árs námskeið í B.A. námi.

Sjúkra- og upptökupróf í **inngangi að lögfræði** og **almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu** eru haldin fyrir próftímabil vorannar.

Lagadeild Háskóla Íslands býður upp á nám í lögfræði sem aukagrein fyrir nemendur í B.A.-námi við aðrar deildir háskólans, sem er eins árs fræðilegt og rannsóknatengt grunnám í lögfræði til námsgráðunnar diploma juris.

Umsóknarfrestur er til 5. júní ár hvert fyrir innritun á haustmisseri. Nánari upplýsingar um námsframvindu og kennsluhætti má finna í upplýsingum.

Lögfræði, BA, 180 e
Lögfræði er 3 ára nám sem lýkur með B.A. gráðu. Með þeirri gráðu fá nemendur aðgang að framhaldsnámi bæði á Íslandi og í virtustu lagadeildum erlendis.
Þriggja ára fræðilegt og rannsóknatengt grunnnám í lögfræði til námsgráðunnar baccalaureus artium (BA-próf) við lagadeild Háskóla Íslands.
Inntökuskilyrði er stúdentspróf.
Markmið lagadeildar er að tryggja metnað, gæði og árangur í lagakennslu. Því eru gerðar miklar kröfur til nemenda jafnt sem kennara og lögð áhersla á nám í undirstöðugreinum lögfræðinnar.
Markmið námsleiðarinnar er að veita nemendum fræðilega færni og þjálfun í lögfræði. Að þeir öðlist gagnrýnan skilning á eðli laga í félagslegu, stjórnmálalegu og efnahagslegu samhengi og veita nemendum kost á að þróa með sér færni í beitingu hinnar lagalegu aðferðar þannig að þeir geti greint sérkenni hvers fræðasviðs innan lögfræði sem hluta af samtengdri heild. Að láta nemendur öðlast skilning á stöðu íslensks réttar í evrópsku og alþjóðlegu samhengi. Að veita nemendum kost á að þróa með sér færni til að leysa með gagnrýnum hætti fræðileg álitaefni og hagnýt vandamál auk þverfaglegrar færni. Styrkja færni nemenda til að móta heildstæða röksemdafærslu og miðla henni

með skýrum hætti ásamt því að íhuga, meta og bregðast við öðrum eða hugsanlega andstæðum viðhorfum. Að veita nemendum kost á að starfa sjálfstætt og í teymi.
Markmið námsbrautarinnar, sem hér greinir, fela aðeins í sér þær skilgreindu lágmarkskröfur sem lagadeild gerir til námsins og þeirra nemenda sem stunda BA-nám. Það er ætlun deildarinnar að meirihluti nemenda nái frekari árangri en lágmarkskröfurnar gera ráð fyrir. Nemendur eru þjálfaðir til að vinna sjálfstætt að rannsóknum og leysa úr hvers kyns lögfræðilegum álitaefnum auk þess sem þeir eru búnir undir störf, þar sem reynir á alhliða og staðgóða lögfræðiþekkingu.
Námið skiptist í fyrirlestra, umræðu- og verkefnatíma. Meistara- og doktorsnemar stýra umræðutímum.

Um námið

BA-nám í lögfræði jafngildir 180 einingum og byggist á 17 skyldunámskeiðum auk BA-ritgerðar, ekki er boðið upp á nein valnámskeið á B.A. stigi . Lágmarkseinkunn er **6,0** í öllum námskeiðum.
Á fyrsta misseri BA-náms í lögfræði, haustmisseri, getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í þremur námsgreinum, þ.e.:
Almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu,
Inngangi að lögfræði
Evrópurétti.
Á vormisseri fyrsta námsárs getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í:
Stjórnskipunarrétti ásamt ágripi af þjóðarétti,
Sifja- og erfðarétti
Heimspekilegum forspjallsvísindum.
Skilyrði þess að stúdent geti skráð sig í aðrar námsgreinar í BA-námi er að hann hafi staðist próf í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu og inngangi að lögfræði. Nemendur geta hinsvegar tekið námskeið fyrsta árs á vormisseri þrátt fyrir fall.

**Nemendur geta eingöngu hafið nám við deildina á haustmisseri.**
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=030000_20096

Lögfræði, Aukagrein, 60 e
Lagadeild býður upp á nám í lögfræði sem aukagrein fyrir stúdenta í BA- og BS-námi við aðrar þær deildir Háskólans sem hafa samþykkt það fyrirkomulag.
Eins árs fræðilegt og rannsóknatengt grunnám í lögfræði til námsgráðunnar diploma juris við lagadeild Háskóla Íslands. Inntökuskilyrði er stúdentspróf.
Markmið námsbrautarinnar er að veita nemendum fræðilega færni og þjálfun í lögfræði. Að veita nemendum kost á að þróa með sér færni í beitingu hinnar lagalegu aðferðar og láta nemendur öðlast skilning á stöðu íslensks réttar í evrópsku og alþjóðlegu samhengi. Að veita nemendum kost á a starfa sjálfstætt og í teymi. Að veitanemendum kost á að þróa með sér færni til að leysa með gagnrýnum hætti fræðileg álitaefni og hagnýt vandamál þannig að þeir geti unnið að ákveðnu marki einir svo og með lögfræðingum að lögfræðilegum úrlausnarefnum.
Reglur lagadeildar um kennsluhætti og fyrirkomulag prófa, þ.m.t. um lágmarkseinkunnina 6,0 í öllum námskeiðum, gilda um nám þessara stúdenta.

Boðið er upp á lögfræði sem aukagrein á eftirtöldum sviðum lögfræðinnar:
**alþjóðasviði**,
**fjármunaréttarsviði**,
**refsiréttarsviði**,
**stjórnsýslusviði**,
**umhverfis- og auðlindaréttarsviði**
**almennu sviði.**
Nánari upplýsingar um kjörsviðin má finna hér.

Að jafnaði er boðið upp á kennslu í þeim námskeiðum, sem eru í kjarnanámi á hverju ári. Lagadeild áskilur sér þó rétt til að fella niður kennslu í tilteknum námskeiðum, sem kennd eru annað hvert háskólaár, sé þátttaka ekki næg eða af öðrum ástæðum.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=030090_20096
Öll námskeið grunnnáms
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=14&namsstig=0
Kennarar
http://www.hi.is/is/felagsvisindasvid_deildir/lagadeild/um_deildina/starfsfolk

## Framhaldsnám

Meistaranám lagadeildar er í senn hagnýtt og vandað. Í meistaranáminu beita nemendur grunnþekkingu sinni í lögfræði á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt. Lagt er kapp á að nemendur sýni fram á skilning og tök á námsefninu. Þessi áhersla á sjálfstæð vinnubrögð undir umsjón færustu kennara, undirbýr nemendur markvisst fyrir þau fjölmörgu störf sem þeim bjóðast að námi loknu.

Nemendum lagadeildar geta aukið sérhæfingu sína enn frekar með því að velja sér eitt af 10 áherslusviðum eða með því að taka valgreinar í öðrum deildum Háskólans. Ennfremur stendur nemendum til boða að stunda hluta meistaranámsins við erlenda háskóla víðs vegar um Evrópu og í Bandaríkjunum.

Skipulagt doktorsnám hófst við lagadeild haustið 2004. Lagadeild HÍ er eina lagadeild landsins sem býður upp á slíkt rannsóknartengt framhaldsnám. Með doktorsnáminu opnast nýir möguleikar fyrir fræðimenn til að stunda umfangsmiklar rannsóknir hérlendis með styrkjum frá rannsóknanámssjóði Rannís og Eimskipafélagssjóði Háskóla Íslands.

Íslenskir lögfræðingar sem útskrifast með meistarapróf, hafa nú þann valkost að leggja stund á ítarlegt rannsóknanám hér heima að loknu hefðbundnu lögfræðinámi. Eflir það mjög allar rannsóknir og fræðastörf og eru vissulega hluti af þeim þáttum sem gera lagadeild Háskóla Íslands að framúrskarandi valkosti fyrir þá sem hyggjast leggja stund á laganám.

Lögfræði, Meistarapróf, 120 e

Tveggja ára fræðilegt og rannsóknatengt framhaldsnám í lögfræði, *magister juris* (mag. jur.), við lagadeild Háskóla Íslands. Inntökuskilyrði er BA-próf í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands. Lagadeild getur heimilað að nemandi sem hefur lokið sambærilegu prófi frá öðrum háskóla hefji framhaldsnám til meistaraprófs. Umfang rannsóknaverkefnis er 30 einingar eða 60 einingar. Meistaragráða (mag. jur.) er jafngild embættis- eða kandídatsprófi. Nemendum er heimilt að velja sér sérstakt skilgreint áherslusvið sem er samtals 60einingar af 120 einingum, og ljúka þá meistaraprófi (mag. jur.) í lögfræði með tilgreindu áherslusviði.
Markmið meistaranáms í lögfræði er að nemendur öðlist fræðilega færni og þjálfun í lögfræði og að þeim gefist kostur á að dýpka og auka þekkingu sína á ákveðnum sviðum lögfræðinnar, sem gerir þá hæfa til þess að gegna ábyrgðarstörfum í þjóðfélaginu, s.s. lykilstörfum í íslenska réttarkerfinu og vísindastörfum innan háskólasamfélagsins. Jafnframt er það markmið að nemendur öðlist fræðilegt sjálfstæði og geti á óvilhallan hátt sett fram sjálfstæðar lögfræðilegar niðurstöður á grundvelli viðurkenndra aðferða lögfræðinnar.
Við lagadeild geta nemendur valið um að taka tilgreind námskeið á einhverju af 10 áherslusviðum til meistaraprófs. Áherslusviðin eru:
**Evrópuréttur**
**Fjármunaréttur**
**Refsiréttur**
**Réttarfar**
**Stjórnsýsluréttur**
**Upplýsingatækniréttur**
**Umhverfis- og auðlindaréttur**
**Verðbréfamarkaðsréttur**
**Þjóðaréttur**
Nemendur geta einnig valið að útskrifast úr meistaranámi án áherslusviðs.
Skilyrði þess að útskrifast með áherslu á ákveðnu sviði er að nemendur taki a.m.k. 60 einingar af þeim námskeiðum sem heyra undir hvert svið skv. reglum deildarinnar, og skrifi 30 einingа meistararitgerð á því sama sviði.
Meistarapróf í lögfræði veitir réttindi til þess að starfa sem lögfræðingur. Meistarapróf eða sambærilegt próf í lögfræði er skilyrði þess að starfa sem lögmaður, að undangengnu sérstöku námskeiði og prófum.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=031000_20096&kennsluar=2009

LL.M. Auðlindaréttur og alþjóðlegur umhverfisréttur, Meistarapróf, 90 e

Alþjóðlegt meistaranám á ensku í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti þar sem öll kennsla, próf og verkefnavinna fara fram á ensku.

Námið er átján mánaða fræðilegt og rannsóknatengt framhaldsnám í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti við lagadeild Háskóla Íslands sem veitir meistaragráðu LLM. Inntökuskilyrði er BA próf í lögfræði eða sambærileg menntun. Umfang rannsóknaverkefnis er 30 einingar. LLM gráða jafngildir ekki mag. jur. gráðu, embættis- eða kandídatsprófi.
Námið vegur 90 einingar sem skiptast þannig að stúdentar skulu ljúka 60 einingum í lesnámskeiðum auk 30 eininga meistararitgerðar.
Markmið meistaranáms í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti er, að nemendur öðlist fræðilega færni og þjálfun í þessum greinum lögfræðinnar og að þeim gefist kostur á að dýpka og auka þekkingu sína á þessum sviðum. Búa nemendur undir ákveðin störf í þjóðfélaginu, vísindastörf innan háskólasamfélagsins og störf á alþjóðlegum vettvangi. Jafnframt er það markmið að nemendur öðlist fræðilegt sjálfstæði og geti á óvilhallan hátt sett fram sjálfstæðar lögfræðilegar niðurstöður á grundvelli viðurkenndra aðferða lögfræðinnar.
**Inntökuskilyrði** í LL.M.-námið er BA-próf í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands eða sambærilegt próf frá öðrum háskóla, að afloknu a.m.k. þriggja ára laganámi. Ennfremur er krafist mjög góðrar enskukunnáttu.
Sá sem hefur lokið alþjóðlegu meistaraprófi í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti frá lagadeild ber próftitilinn **LL.M. (Master of Law) in Natural Resources Law and International Environmental Law**, en prófgráðan veitir þó ekki þau réttindi sem fylgja embættisprófi í lögum (cand.jur.) eða meistaraprófi í lögum (mag. jur.).
Námskeið, sem kennd eru á ensku í LL.M.-náminu, eru einnig ætluð íslenskum laganemum í framhaldsnámi og einnig að hluta til erlendum laganemum í framhaldsnámi (skiptinemum).

Skipulag L.L.M. námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=031500_20096

Lögfræði, Doktorspróf, 180e

Doktorsnám í lögfræði er þriggja ára framhaldsnám við lagadeild Háskóla Íslands. Námið er 180e til prófgráðunnar *Philosophiae Doctor* (Ph.D.). Umfang rannsóknaverkefnis skal vera 120e. Nám til doktorsprófs lýtur sérstökum reglum. Inntökuskilyrði er meistarapróf í lögfræði frá Háskóla Íslands eða sambærilegt próf í lögfræði frá öðrum háskóla. Að jafnaði skal doktorsefni hafa lokið fyrrgreindum prófum með 1. einkunn.
Námið tekur 3 ár en hámarksnámstími er fimm háskólaár.

Markmið doktorsnáms í lögfræði er að nemendur öðlist fræðilega færni og þjálfun í aðferðafræði lögfræðinnar og að þeim gefist kostur á að dýpka og auka þekkingu sína á ákveðnum sviðum lögfræðinnar, búa þá undir ákveðin ábyrgðarstörf í þjóðfélaginu, vísindastörf innan háskólasamfélagsins og alþjóðlegt rannsóknatengt samstarf. Jafnframt er það markmið að nemendur öðlist fræðilegt frumkvæði og sjálfstæði og geti á óvilhallan hátt sett fram nýjar eða aðlagaðar lögfræðilegar niðurstöður á grundvelli viðurkenndra aðferða lögfræðinnar.
Sá sem hefur lokið doktorsprófi frá lagadeild ber próftitilinn Philosophiae Doctor (Ph.D.).

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=032000_20096

Umhverfis- og auðlindafræði, Meistarapróf, 120 e
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=12290&kennsluar=2009

Öll námskeið framhaldsnáms
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=14&namsstig=1

Kennarar
http://www.hi.is/is/felagsvisindasvid_deildir/lagadeild/um_deildina/starfsfolk

Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=14

Upplýsingar
Frekari upplýsingar má fá á heimasíðu lagadeildar www.lagadeild.hi.is

Inntökuskilyrði
Inntökuskilyrði í BA-nám er almennt stúdentspróf. Til að geta tekið námskeið á öðru ári þarf nemandi að hafa staðist próf í námskeiðunum **inngangur að lögfræði** og **almenn lögfræði með ágripi af réttarsögu**.
Inntökuskilyrði í meistaranám í lögfræði er BA próf í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi frá öðrum háskólum.

Inntökuskilyrði í doktorsnám í lögfræði er meistarapróf frá Háskóla Íslands eða sambærilegt prófi í lögfræði öðrum háskóla. Að jafnaði skulu doktorsnemar hafa lokið meistaraprófi eða sambærilegu prófi með fyrstu einkunn.

Kennsluhættir
Í BA náminu er auk fyrirlestra lögð áhersla á að skipta nemendum upp í smærri hópa, þar sem laganemar í meistaranámi stýra umræðuhópum og verkefnavinnu.

Í meistaranámi er frekari áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Unnin eru einstaklingsverkefni og niðurstöður þeirra kynntar fyrir kennurum og nemendum. Einnig er unnið í smærri hópum að úrlausn raunhæfra verkefna og ritgerða, sem hafa beina skírskotun til lögfræðilegra álitamála sem eru í þjóðfélagsumræðunni.

Nemendur eru einnig þjálfaðir í málflutningi, bæði með heimsóknum í Hæstarétt og með því að flytja og dæma mál sjálf í dómssal Lögbergs.

Sérstakt fjarnám er ekki í boði við lagadeild.

Námsmat, einkunnir og próf
**Einkunnir**
Til að standast námskeið í grunnnámi og framhaldsnámi í lögfræði þarf nemandi að fá 6,0 í einkunn.

**Próf**
Öll próf í grunnnámi í lögfræði eru skrifleg og þá gildir prófseinkunn sem lokaeinkunn. Nemandi skal skrifa nemendanúmer sitt á próf (ekki nafn eða kennitölu). Í sumum námskeiðum verður nemandi að ná lágmarkseinkunn í verkefni til þess að fá próftökurétt.

Standist stúdent ekki próf, gangi úr því eftir að hann hefur byrjað prófið eða mætir ekki til prófs án þess að boða forföll, er honum heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs, eða næst þegar almennt próf er haldið í námskeiðinu. Standist hann ekki prófið, gangi frá því eða mætir ekki til prófs án þess að boða forföll, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga oftar undir það.

**Námsmat**
Í grunnnámi eru öll próf skrifleg, og í hluta námskeiða þarf nemandi að skrifa verkefni til þess að öðlast prófréttindi. Próf í meistaranámi í lögfræði geta verið skrifleg eða munnleg.

Sjúkrapróf eru eingöngu haldin ef nemandi hefur skilað læknisvottorði til nemendaskrár innan 3 daga frá prófdegi.
Sjá nánari reglur um próf á heimasíðu deildarinnar.

Kennslu- og próftímabil
**Haustmisseri:**
Kennsla 31. ágúst - 27. nóvember
Próf 3.-21. desember
**Vormisseri:**
Kennsla 15. janúar - 23. apríl
Próf 28. apríl - 20. maí
**Sjúkra- og upptökupróf**: Janúar og júní.

Kröfur um námsframvindu
**Framvinda náms**
Til að standast próf í BA-námi í lögfræði verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 6,0 í öllum námsgreinum hverri um sig. Lokaeinkunn til BA-prófs í lögfræði skal reiknuð sem vegið meðaltal einkunna úr einstökum námsgreinum.
Stúdent er ekki heimilt að gangast oftar en fjórum sinnum undir sama próf í námsgreinum í BA-námi. Falli stúdent fjórum sinnum á prófi í sömu námsgrein í BA-námi, er hann fallinn úr lagadeild.
Lagadeild getur heimilað að laganám sem stundað hefur verið við aðra háskóla verði metið sem hluti af BA-námi.

Stúdent skal hafa lokið BA-prófi í lögfræði eigi síðar en á því almanaksári þegar fimm ár eru liðin frá innritun hans í BA-nám við lagadeild. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum um tímamörk ef veikindi eða aðrar vítaleysisástæður koma til.
Stúdent skal hafa lokið meistaraprófi í lögfræði eigi síðar en á því almanaksári þegar fjögur ár eru liðin frá innritun hans í framhaldsnám við lagadeild. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði um tímamörk, ef veikindi eða aðrar vítaleysisástæður koma til.

Endurinnritun og forkröfur

Nemendur, sem hefja nám í Háskóla Íslands, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla.
Heimilt er að veita öðrum en þeim sem uppfylla framangreind skilyrði rétt til þess að hefja nám við háskólann ef þeir að mati viðkomandi deildar búa yfir hliðstæðum þroska og þekkingu og stúdentsprófið veitir.
Nú óskar stúdent eftir að gera hlé á námi sínu heilt kennslumisseri eða lengur og skal hann þá leita heimildar viðkomandi háskóladeildar og skrá sig árlegri skráningu, meðan á leyfistíma stendur, enda sé gætt ákvæða um tímamörk náms. Stúdent greiðir hluta skrásetningargjalds á meðan á leyfistíma stendur.

Að hefja nám á vormisseri

Skipulag BA-náms í lögfræði miðast við að nám sé hafið á haustmisseri.
Hægt er að hefja meistaranám, Ldl., L.L.M. og doktorsnám á haust- eða vormisseri.

Skiptinám

Hægt er að taka eins eða tveggja missera nám við erlenda háskóla eftir að nemandi hefur lokið BA prófi í lögfræði. Til þess að fá slíkt nám viðurkennt sem hluta af náminu við lagadeild, þurfa námskeiðin að vera samþykkt af deildinni. Nemandi í skiptinámi þarf að ljúka námskeiði í samræmi við kröfur þess skóla sem námskeiðið heldur, en að lágmarki vera með 6,0 í hverju námskeiði

Fyrir nánari upplýsingar er bent á heimasíðu lagadeildar.

Lokaritgerðir

B.A. ritgerðir

Stúdent skal velja sér efni til BA-ritgerðar eða annað sambærilegt verkefni til BA-prófs fyrir 15. október ár hvert, vegna útskriftar í júní eða október árið eftir eða í febrúar á þar næsta ári.
Lagadeild býður upp á val á fyrirfram ákveðnum ritgerðarverkefnum.

Stúdent skal tilkynna fyrir **15. október** á hvaða skiladegi hann hyggst afhenda ritgerð sína. Stúdent, sem hefur tilkynnt skil, á ekki rétt á aðstoð umsjónarmanns eftir þann skiladag, nái hann ekki að skila ritgerð sinni í tæka tíð.

Með samningu BA-ritgerðar skal m.a. leitast við að laða fram og þjálfa hæfni stúdents við að móta lögfræðilega niðurstöðu á grunni faglegra röksemda. Sambærilegt viðmið gildir um annars konar verkefni til BA-prófs. Með slíku verkefni er t.d. átt við kerfisbundna könnun á réttarframkvæmd á tilteknu sviði, ásamt fræðilegri markmiðslýsingu og rökstuddum niðurstöðum þeirrar könnunar. Við gerð verkefnis má m.a. nýta þverfaglegar aðferðir, eftir því sem við getur átt.
Eftir að stúdent hefur valið sér efni til ritgerðar eða annað verkefni skal lagadeild skipa umsjónarkennara með ritgerðinni eða verkefninu.

Nánari upplýsingar má nálgast hér.

Meistararitgerðir

Stúdent skal velja sér efni til meistararitgerðar eða annað lokaverkefni, svo og umsjónarkennara með ritgerðinni eða verkefninu, í síðasta lagi átta mánuðum fyrir áætlaða brautskráningu úr lagadeild.

**Frestir til að velja ritgerðarefni og umsjónarkennara eru:**
**15. október** vegna útskriftar í júní
**15. febrúar** vegna útskriftar í október
**15. júní** vegna útskriftar í febrúar

**Skiladagar meistararitgerða eru:**
**5. janúar** vegna útskriftar í febrúar
**5. maí** vegna útskriftar í júní
**5. september** vegna útskriftar í október
**Beri skiladag upp á frídegi skal skilað næsta virkan dag þar á eftir.**

Umsjónarkennara stúdents skal velja úr hópi fastra kennara lagadeildar með hliðsjón af fyrirhuguðu efni ritgerðar eða verkefnis. Ef fastir kennarar geta ekki annað eftirspurn eftir umsjón eða sérstök atvik mæla með því að öðru leyti, er heimilt að skipa stundakennara eða annan utandeildarmann sem umsjónarkennara stúdents, að fengnu samþykki lagadeildar og umsjónarkennara viðkomandi kennslugreinar eða -greina.
Val ritgerðarefnis eða verkefnis skal háð samþykki verðandi umsjónarkennara stúdents.

Vali á efni og umsjónarkennara má breyta síðar, ef sérstaklega stendur á, og þarf samþykki umsjónarkennara og deildarforseta til þess. Skylt er að tilkynna breytingu skriflega á skrifstofu lagadeildar. Frekari upplýsingar má nálgast hér.

Reglur

http://www.lagadeild.hi.is/page/lagad_lor

## Stjórnmálafræðideild

**Deildarforseti:**
Gunnar Helgi Kristinsson, Ph.D.
**Varadeildarforseti:**
Baldur Þórhallsson, Ph.D.

**Skrifstofa stjórnmálafræðideildar**
Gimli, 1. hæð, herbergi 124
Opin virka daga frá kl. 10-12:30 og 13-15:30

Sími: 525 4573
Bréfasími: 552 6806
Tölvupóstur: elva@hi.is
Heimasíða

Um námið
Í stjórnmálafræðideild er stjórnmálafræði kennd sem aðalgrein til BA-prófs (180e og 120e), einnig sem aukagrein til 60e.
Boðið er upp á sex námsleiðir í framhaldsnámi: Meistaranám (MPA) í opinberri stjórnsýslu, diplómanám í opinberri stjórnsýslu, MA-nám í alþjóðasamskiptum, diplómanám í alþjóðasamskiptum, MA-nám í stjórnmálafræði, auk þess sem boðið er upp á doktorsnám við deildina.
Athygli nemenda er vakin á því, að sú regla gildir í námskeiðum í stjórnmálafræði þar sem bæði er um verkefni og próf að ræða, að krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námsmats.
Sú regla gildir í námskeiðum í stjórnmálafræði þar sem bæði eru verkefni og próf að próftími er þrjár klukkustundir. Í námskeiðum þar sem námsmat byggir eingöngu á skriflegu prófi getur próftími verið fjórar klukkustundir.
Hámarksnámstími til að ljúka BA-prófi er níu kennslumisseri frá því er stúdent var skráður í viðkomandi grein.

**Fyrningarreglur stjórnmálafræðideildar:**
Stúdent sem ekki getur lokið námi innan þeirra tímamarka sem sett eru í 93. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands þarf að sækja um sérstaka og tímasetta undanþágu frá því ákvæði til deildar.
Vilji stúdent hefja að nýju nám sem hann hefur horfið frá - og hlé hans frá námi er ekki samkvæmt ákvæðum 48. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 - þá metur deild námskeið af fyrri ferli stúdents til endurinnritunar samkvæmt þeirri námsskipan sem í gildi er og með hliðsjón af jafngildingarreglum um viðurkenningu félagsvísindasviðs á námi utan deildar. Þar stendur meðal annars: Deild metur að jafnaði síður námskeið ef langt er síðan stúdent lauk þeim eða ef árangur stúdents er slakur.

**Reglur um próf**

## Grunnnám

Nám í stjórnmálafræðideild er fjölbreytt og veitir útskrifuðum nemendum ótal möguleika á að velja sér starf að námi loknu. Stjórnmálafræðingar hafa haslað sér völl víðs vegar í atvinnulífinu á undanförnum árum og fyrir utan kennslu og rannsóknir vinna stjórnmálafræðingar einkum við eftirfarandi störf: Fjölmiðla- og upplýsingastörf, hjá ráðgjafafyrirtækjum, við alþjóðasamskipti og hjá alþjóðastofnunum, stjórnsýslustörf, hjá ríki, sveitarfélögum og einkafyrirtækjum og hjá hagsmunasamtökum og þrýstihópum
Stjórnmálafræði, BA, 180e

Þriggja ára grunnnám í stjórnmálafræði til BA-prófs.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100900_20096

Stjórnmálafræði, BA,120e
Tveggja ára grunnnám í stjórnmálafræði sem aðalgrein (120e), sem taka þarf með 60e aukagrein til að útskrifast með BA-próf (180e).
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100901_20096

Stjórnmálafræði, Aukagrein, 60e
Eins árs fræðilegt grunnnám í stjórnmálafræði.

Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka má með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf alls180e til að útskrifast með BA-próf.
Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100902_20096

Kynjafræði, Aukagrein, 60 einingar
Nám í kynjafræði er eins árs þverfræðilegt grunnnám. Um er að ræða aukagrein til 60e sem taka má með annarri aðalgrein til 120e. Ljúka þarf alls180e til að útskrifast með BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Nám í kynjafræði sem er aukagrein til BA-prófs er þverfræðilegt nám sett saman af skyldunámskeiðum (32e) og valnámskeiðum (28e). Æskilegt er að námskeiðið Kynjamyndir og kynusli: Inngangsnámskeið í kynjafræði sé tekið á undan námskeiðunum Kenningar í kynjafræði og Suðupottur fræðanna: Efst á baugi í kynjafræðum. Námskeið í kynjafræði eru opin nemendur úr öðrum greinum sem valnámskeið.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100422_20096
Kennarar
Dósent:
Þorgerður Einarsdóttir, Fil. dr.

Kennarar:
Gyða Margrét Pétursdóttir, MA í félags- og kynjafræði, stundakennari
Salvör Nordal, MA í heimspeki, stundakennari
Katrín Anna Guðmundsdóttir, MSc í viðskipta- og markaðsfræði, stundakennari
Jón Yngvi Jóhannsson, MA í bókmenntafræði, stundakennari
Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, MA í stjórnmálafræði og alþjóðasamskiptum, stundakennari
Þóra Björg Sigurðardóttir, MA í heimspeki, stundakennari

Námsnefnd í kynjafræði 2009-2010:
Þorgerður Einarsdóttir, dósent, formaður námsnefndar
Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, dósent

## Framhaldsnám

Aþjóðasamskipti: Diplómanám, 30e
Diplóma í alþjóðasamskiptum er hagnýtt 30 eininga námsleið fyrir þá sem lokið hafa BA- eða BS-námi í einhverri grein.

Skyldunámskeið eru 12e eða 18e og fer eftir því hvort nemendur hafa BA-próf í stjórnmálafræði eða í öðrum greinum. Þeir sem koma úr öðrum greinum en stjórnmálafræði taki námskeiðið ASK012F Alþjóðasamvinna og staða Íslands í alþjóðakerfinu (6e).

Nemendur sem sækja um í meistaranám í alþjóðasamskiptum og fá heimild til að innritast í það fá diplómanám sitt metið að fullu (30e) inn í MA-nám í alþjóðasamskiptum.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100917_20096

Alþjóðasamskipti, MA, 120e
MA-nám í alþjóðasamskiptum er 120e hagnýtt og fræðilegt nám með það að markmiði að þjálfa nemendur fyrir vinnumarkaðinn og/eða rannsóknarvinnu með frekara nám í huga. Námið býður upp á nokkurn sveigjanleika þar sem nemendur geta valið á milli níu sviða sem þeir geta sérhæft sig í ef þeir svo kjósa, en kjarni námsins miðar að því að veita nemendum ákveðna grunnkunnáttu í alþjóðasamskiptum og aðferðafræði félagsvísinda. Nemendur taka 90e í námskeiðum og skrifa 30e MA-ritgerð. Ekki er gerð krafa um að umsækjendur hafi BA-próf í stjórnmálafræði. Að öðru jöfnu er gerð krafa um fyrstu einkunn á BA-prófi. Nemendur sem hafa lokið hafa BA-prófi í stjórnmálafræði þurfa ekki að taka námskeiðið Alþjóðasamvinna og staða Íslands í alþjóðakerfinu.

Nemendur sem lokið hafa aðferðafræðinámskeiðum BA-náms í stjórnmálafræðideild eða sambærilegum námskeiðum þurfa ekki að taka námskeiðið Hagnýt tölfræði.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100918_20096

Hagnýt jafnréttisfræði, Viðbótardiplóma, 30e
Diplómanám í hagnýtri jafnréttisfræði veitir nemendum hagnýta þekkingu og undirbúning fyrir störf að jafnréttismálum. Í framhaldi af diplómanáminu geta nemendur sótt um í MA-nám í kynjafræði. Diplómanám fæst að fullu metið inn hjá þeim nemendum sem samþykktir eru inn í MA-nám í kynjafræði.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100420_20096
Kennarar
Dósent:
Þorgerður Einarsdóttir, Fil. dr.

Kennarar:
Gyða Margrét Pétursdóttir, MA í félags- og kynjafræði, stundakennari
Salvör Nordal, MA í heimspeki, stundakennari
Katrín Anna Guðmundsdóttir, MSc í viðskipta- og markaðsfræði, stundakennari
Jón Yngvi Jóhannsson, MA í bókmenntafræði, stundakennari
Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, MA í stjórnmálafræði og alþjóðasamskiptum, stundakennari
Þóra Björg Sigurðardóttir, MA í heimspeki, stundakennari

Námsnefnd í kynjafræði 2009-2010:
Þorgerður Einarsdóttir, dósent, formaður námsnefndar
Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, dósent

Kynjafræði, Meistaranám, 120 einingar
**Meistaranám kynjafræði, 120e**
Meistaranám í kynjafræði er 120e og lýkur með 40-60e MA-ritgerð. Náminu er ætlað að veita nemendum fræðilega, hagnýta og aðferðafræðilega þekkingu til að takast á við kynjafræðileg viðfangsefni, jafnframt því að undirbúa þá undir rannsóknir í greininni. Nemendur skulu hafa lokið BA-prófi frá Háskóla Íslands eða sambærilegu námi með fyrstu einkunn. Æskilegt er að nemendur hafi kynjafræði sem aukagrein frá Háskóla Íslands eða sambærilegt nám. Hverjum nemanda er skipaður umsjónarkennari við upphaf námsins.

**Meistaranám Kyn og margbreytileiki, 120e**
Meistaranámið Kyn og margbreytileiki er 120e og lýkur með 40e MA-ritgerð. Náminu er ætlað að veita nemendum fræðilega og hagnýta

þekkingu á margbreytileika nútímasamfélaga. Fjallað er um menningarmun og helstu þætti félagslegrar mismununar svo sem kyn, kynhneigð, þjóðernisuppruna, fötlun, aldur og stétt, með sérstakri áherslu á samtvinnun þessara þátta í daglegu lífi.
Nemendur skulu hafa lokið BA-prófi frá Háskóla Íslands eða sambærilegu námi með fyrstu einkunn. Hverjum nemanda er skipaður umsjónarkennari við upphaf námsins.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100421_20096

Kennarar
Dósent:
Þorgerður Einarsdóttir, Fil. dr.

Kennarar:
Gyða Margrét Pétursdóttir, MA í félags- og kynjafræði, stundakennari
Salvör Nordal, MA í heimspeki, stundakennari
Katrín Anna Guðmundsdóttir, MSc í viðskipta- og markaðsfræði, stundakennari
Jón Yngvi Jóhannsson, MA í bókmenntafræði, stundakennari
Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, MA í stjórnmálafræði og alþjóðasamskiptum, stundakennari
Þóra Björg Sigurðardóttir, MA í heimspeki, stundakennari

Námsnefnd í kynjafræði 2009-2010:
Þorgerður Einarsdóttir, dósent, formaður námsnefndar
Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, dósent

Kynjafræði, Doktorsnám

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100423_20096

Kennarar
Dósent:
Þorgerður Einarsdóttir, Fil. dr.

Opinber stjórnsýsla: Diplómanám, 30e
Diplóma í opinberri stjórnsýslu er hagnýtt 30 eininga námsleið fyrir þá sem lokið hafa BA- eða BS-námi í einhverri grein. Nemendur sem sækja um í meistaranám í opinberri stjórnsýslu MPA og fá heimild til að innritast í það fá diplómanám sitt metið að fullu (30e) inn í MPA-námið.

Opinber stjórnsýsla
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100916_20096&lina=4204

Opinber stjórnsýsla fyrir stjórnendur í opinberum rekstri
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100916_20096&lina=4203

Opinber stjórnsýsla, MPA, 120e
Tveggja ára fræðilegt og hagnýtt framhaldsnám (rannsóknatengt framhaldsnám) í opinberri stjórnsýslu við stjórnmálafræðideild. Háskóla Íslands. Námið er 120e og er fullgilt próf til prófgráðunnar magister publicarum administrationis, MPA. Inntökuskilyrði er BA-próf eða sambærilegt próf, að jafnaði lokið með fyrstu einkunn.

MPA-nám
Námið býr fólk undir fjölbreytt störf á vettvangi ríkis, sveitarfélaga, sjálfseignastofnana sem sinna verkefnum fyrir hið opinbera, félagasamtaka, ráðgjafarfyrirtækja og einkafyrirtækja sem starfa náið með opinberum aðilum.

Nemendur læra annars vegar almenn atriði stjórnunar og rekstrar en hins vegar er fjallað sérstaklega um þær aðstæður sem greina opinbera geirann frá einkageiranum. Námið stundar fólk með ólíkan bakgrunn og menntun og að námi loknu skilar það sér í fjölbreytt störf í opinbera geiranum eða í námunda við hann.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100915_20096&lina=4172

Sérhæfing á sviði umhverfisstjórnunar
Umhverfismál hafa síaukin áhrif á innlenda og alþjóðlega stjórnsýslu og snýst starfsemi margra opinberra stofnana í dag um umhverfismál af ýmsum toga. Sérhæfing í umhverfisstjórnun veitir nemendum innsýn í umhverfismál og þá stjórnsýslu sem þeim viðvíkur, hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og þau stjórntæki sem notuð eru á þessu sviði sem nú er mjög vaxand.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100915_20096&lina=4161

Sérhæfing á sviði lýðheilsuvísinda
Lýðheilsuvísindi leitast við að svara nokkrum mikilvægustu spurningum samfélagsins: Hvernig er heilsan? Af hverju líður okkur svona? Hvernig getur okkur liðið betur? Með vönduðum rannsóknaraðferðum geta lýðheilsuvísindi fundið áhrifavalda heilbrigðis og þannig skapað þekkingargrunn sem nauðsynlegur er til stefnumótunar forvarna og heilsueflingar. Það er góður undirbúningur fyrir þá sem ætla sér forystuhlutverk við stefnumótun í forvörnum og heilsueflingu, innan heilbrigðiskerfisins eða annars staðar.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100915_20096&lina=4162

Sérhæfing á sviði stjórnunar menntastofnana
Nemendur öðlast þekkingu og skilning á einkennum skóla og annarra menntastofnana og efla hæfni sína sem stjórnendur. Áhersla er lögð á að efla forystuhlutverk stjórnenda og að auka færni þeirra í að leiða farsælt og framsækið starf á tímum hraðfara breytinga.

**Takmarkaður fjöldi nemenda kemst að í þessari sérhæfingu og krafist er tveggja ára starfsreynslu sem kennari.**
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100915_20096&lina=4163
Sérhæfing í upplýsingastjórnun og rafrænum samskiptum
Nemendur munu geta skilgreint og metið rekstrarlegar, lagalegar og sögulegar þarfir stofnana fyrir uppýsingar. Notað viðurkenndar aðferðir við skipulagningu, stjórnun, varðveislu og endurheimt upplýsinga. Stýrt verklagi við innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu og rafrænna upplýsingakerfa sem veita almenningi og atvinnulífi rafræna þjónustu og aðgengi að upplýsingum.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100915_20096&lina=4164
Sérhæfing á sviði alþjóðasamskipta
Nemendur öðlast grunnþekkingu á alþjóðakerfinu og stöðu Íslands innan þess, utanríkismálum Íslands og Evrópusamrunanum, sem er eitt áhrifamesta ferli á alþjóðavettvangi. Alþjóðamál hafa sífellt meiri áhrif á innlenda stjórnsýslu og starfsemi opinberra stofnana. Með sérhæfingu í alþjóðasamskiptum styrkja nemendur samkeppnishæfni sína í hnattvæddum heimi.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100915_20096&lina=4165
Sérhæfing á sviði hagnýtra jafnréttisfræða
Markmið námskeiðanna er að kynna grundvallaratriði og hugtök jafnréttisfræða og veita nemendum hagnýtan undirbúning út frá þeim sjónarmiðum. Undirbúningurinn getur nýst fyrir störf í stjórnun, opinberri stjórnsýslu, fræðslu, kennslu, fjölmiðlun og öðrum sérhæfðum störfum.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100915_20096&lina=4166
Sérhæfing á sviði stjórnsýsluréttar
Í boði eru fimm möguleikar til sérhæfingar í lögfræði í samstarfi við lagadeild Háskóla Íslands og sækja MPA-nemendur námskeið með þeim er stefna að sams konar sérhæfingu til mag. jur. prófs. Forkrafa er námskeiðið: Inngangur að lögfræði 6e), sem haldið er í þrjár vikur í september og lýkur með krossaprófi. Námskeið með ensku heiti eru kennd á ensku.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100915_20096&lina=4167
Sérhæfing á sviði viðskipta og skattaréttar
Viðskiptafræði, Meistarapróf, 90 einingar

MS línan í viðskiptafræði er hugsuð sem tækifæri fyrir einstaklinga sem hafa lokið BS prófi í viðskiptafræði eða hagfræði (eða jafngildu undirbúningsnámi) og vilja verða sér út um framhaldsnám á breiðum grundvelli í viðskiptafræði.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=044700_20096

Viðskiptafræði, Doktorspróf, 180 einingar

Doktorsnám er 180 einingar hið minnsta og miðað við fullan námshraða tekur það 3 ár. Deild getur að fenginni tillögu doktorsnámsnefndar sett reglur um lágmarks námshraða. Standist nemandi ekki þær reglur getur rannsóknarnámsnefnd fellt niður skráningu nemandans í námið. Doktorsnám felst einkum í rannsókn sem lýkur með doktorsritgerð. Þó geta bæði doktorsnámsnefnd og leiðbeinandi saman eða hvort í sínu

lagi gert kröfu um að nemandi í doktorsnámi ljúki einnig námskeiðum. Leiðbeinandi nemanda gerir þá tillögu að áætlun fyrir þennan hluta námsins og leggur fyrir doktorsnámsnefnd. Hluti námskeiðanna getur verið lesnámskeið og skal þá doktorsnámsnefnd tilnefna umsjónarmann eða menn með hverju námskeiði. Umsjónarmenn ákveða kröfur í viðkomandi námskeiðum og skera úr um hvort nemandi hafi staðist þær.

Deildin býður upp á doktorsnám sem lýkur með Ph.D. gráðu. Doktorsnám í viðskiptafræðideild byggir að mestu á sjálfstæðum rannsóknum nemanda undir handleiðslu kennara. Ekki er boðið upp á sérstök námskeið fyrir doktorsnemendur en gert er ráð fyrir að þeir sæki þau eftir þörfum til annarra háskóla. Nemendur þurfa að hafa lokið meistaraprófi í viðskiptafræði eða hagfræði til að fá inngöngu. Nemendur þurfa að hafa sýnt afburða námsárangur og fyrirhugaðar rannsóknir þeirra þurfa að falla vel að áhugasviði og þekkingu eins eða fleiri kennara í deildinni.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=044900_20096

MBA nám í viðskiptafræði
**Forstöðumaður**: Jón Snorri Snorrason (jon@hi.is)

MBA námið er 90 eininga hagnýtt og vandað stjórnunar- og viðskiptafræðinám til meistaragráðu. Það er hugsað fyrir einstaklinga sem vilja efla þekkingu sína í viðskiptafræði og tileinka sér færni í stjórnun og rekstri. Námið er einkum ætlað stjórnendum og verðandi stjórnendum. Forsenda fyrir inngöngu í MBA námið er að umsækjandi hafi lokið háskólaprófi í einhverju fagi og hafi hið minnsta þriggja ára starfsreynslu. Nánari upplýsingar um námið og inntökuskilyrði eru að finna á vefsíðu námsins (http://www.mba.is).
Sjá nánari upplýsingar HÉR.

Skipulag námsins
Til viðbótar við þau kjarnanámskeið sem listuð eru hér tekur hver nemandi 4 valgreinar á fjórða misseri. Að jafnaði er boðið upp á 10 valnámskeið, meðal annars á sviði fjármála, stjórnunar og markaðsfræði.
Einnig eiga nemendur þess kost í stað fjórða valnámskeiðs að vinna lokaverkefni á síðasta misseri sem er ígildi eins námskeiðs.

| | |
|---|---|
| **1. misseri**<br>Rekstrarhagfræði og starfsumhverfi<br>Skipulagsheildir og stjórnun<br>Greining viðfangsefna og ákvarðanir<br>Markaðsfræði | **2. misseri**<br>Reikningshald<br>Rekstrarstjórnun<br>Fjármál<br>Mannauðsstjórnun |
| **3. misseri**<br>Stefnumiðuð stjórnun<br>Frumkvöðlar og nýsköpun<br>Alþjóðaviðskipti | **4. misseri**<br>4 valgreinar eða<br>lokaverkefni |

Umhverfis- og auðlindafræði, Meistarapróf, 120 e
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=12290&kennsluar=2009

Námskeið framhaldsnáms í viðskiptafræðideild
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=16&namsstig=1

Námskeið M.Acc.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&namsknumer=0444&namsstig=1

Námskeið framhaldsnáms í hagfræðideild
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=13&namsstig=1

Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=16

Upplýsingar

Inntökuskilyrði

**Grunnnám:**
Inntökuskilyrði í BS nám í viðskiptafræðideild er stúdentspróf af bóknámsbraut og stúdentspróf að lokinni viðskiptabraut og viðbótarnámi, samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla, teljast sambærileg stúdentsprófi af bóknámsbraut og nægja til inngöngu í BS nám í deildinni. Þeim nemendum sem hyggjast hefja nám við deildina er bent á að kennslan miðast við að nemendur hafi góðan grunn úr framhaldsskólum. Reynslan sýnir að ávallt hverfur nokkur hluti nemenda frá námi á fyrsta ári vegna ónógs undirbúnings. Mikilvægt er að nemendur hafi náð góðum tökum á ensku, íslensku og stærðfræði. Kennsla í deildinni miðast við að nemendur hafi góðan grunn í ensku og íslensku. Lágmarksinntökuskilyrði til innritunar í BS nám í viðskiptafræði og í BS nám samhliða starfi (BSV) eru eftirfarandi:

Stærðfræði 12e (21e ný*)
Enska 12e (21e ný*)
Íslenska 15e (26e nýjar*)
* Samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla.
Reynslan sýnir að enn betri undirbúningur í stærðfræði er mjög til bóta.
**Framhaldsnám**
Nemendur þurfa að ljúka grunnnámi eigi síðar en að vori til þess að eiga rétt á að hefja meistaranám að hausti. Í undantekningartilfellum geta nemendur sem ekki ljúka BS/BA- námi í júní fengið frest til 1. september til að ljúka námi.
Að jafnaði er krafist **fyrstu einkunnar** í grunnnámi. Þeir sem ekki fullnægja þessari almennu kröfu geta átt von á því að kallað verði eftir frekari upplýsingum eða þeir teknir í viðtal þar sem kunnátta, starfsreynsla og annar undirbúningur er metinn.

Meistaranámsnefnd hefur heimild til þess að hafna umsækjendum sem annars teljast hæfir í því skyni að tryggja nemendum fullnægjandi aðstöðu. Inntökuskilyrði í nokkrar námsleiðir er BS/BA próf, en fyrir aðrar námsleiðir er krafist sérstaks undirbúningsnáms. Sjá nánar

inntökuskilyrði fyrir námsleiðirnar á heimasíðu deildar.

Meistaranámsnefnd ákveður hvaða námskeið hver nemandi þarf að taka á grundvelli fyrra náms og reynslu umsækjanda. Nemendur í undirbúningsnámi þurfa að fullnægja sömu kröfum og nemendur í grunnnámi í einstökum námskeiðum en auk þess er m.a. tekið mið af meðaleinkunn í undirbúningsnámi við ákvörðun um inntöku í meistaranám. Að jafnaði er krafist fyrstu einkunnar í sjálfu undirbúningsnáminu.

Kennsluhættir

Í grunnnáminu er auk fyrirlestra lögð áhersla á að skipta nemendum upp í smærri hópa, svo sem dæmahópa og umræðuhópa.

Í meistaranáminu er frekari áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, sem m.a. felast í verkefnavinnu, þar sem kynntar eru niðurstöður verkefna fyrir kennurum og nemendum. Unnið er í smærri hópum að úrlausn raunhæfra verkefna og við vinnu smærri ritgerða.

Námsmagn einstakra námskeiða er metið í einingum (e). Fullt ársnám 30 námseiningar.

**Tákn um kennslustundir**

f - fyrirlestur

d - dæmatími

Þegar ekki er annað tekið fram í námskeiðslýsingum tákna tölur um kennslustundir vikulegan meðalfjölda. Þannig táknar 4f + 2d fjóra 40 mín. fyrirlestra og tvo 40 mín. dæmatíma að meðaltali á viku á 13 vikna kennslumisseri.

Fjarnám er ekki í boði í viðskiptafræðideild.

Námsmat, einkunnir og próf

Mjög mikilvægt er að í árlegri skráningu skrái nemendur sig rétt á ár og námsleið.

**Nemendur athugi að verkefni gilda ekki á milli skólaára.**

**Um námsmat:**

Í flestum námskeiðum deildarinnar er verkefnaeinkunn/misserisprófseinkunn hluti af lokaeinkunn.

Algengast er að vægi verkefna sé 10 - 40% og vægi lokaprófs þá 60 - 90%, einstaklingsmat í prófum í viðskiptafræðideild skal vera að lágmarki 50% af heildarnámsmati.

Í nokkrum námskeiðum er próffyrirkomulag annað.

**Um próf:**

Próf skulu vera skrifleg, nema deildin ákveði annað.

Próf má aðeins endurtaka einu sinni með eftirfarandi undantekningu:

**A**. Nemandi sem hefur staðist a.m.k. **8 próf** í deildinni fær eina undanþágu til að þreyta próf í **þriðja sinn**, án þess að þurfa að endurskrá sig.

**B**. Nemandi sem innritast að hausti og fellur í prófi í desember og svo aftur í janúar fá heimild til að halda áfram námi þrátt fyrir tvífall, ef þeir hafa lokið a.m.k. **4 prófum af 5**. Þessi regla kemur til viðbótar reglunni um heimild til að þreyta próf í 3. sinn, hafi nemandi lokið a.m.k. 8 prófum.

**C**. Hafi nemandinn hins vegar nýtt sér þessa undanþágu eftir haustmisserið hefur hann **ekki heimild** til próftöku í 3. sinn eftir 8 próf.

**D**. Falli stúdent tvisvar sinnum í sama prófi - og fær ekki undanþágu, - telst hann fallinn úr deildinni, en skal við endurinnritun fá viðurkennd þau próf, sem hann hefur lokið með lágmarkseinkunninni **6,5**. Það sama á við um stúdent sem fellur tvisvar sinnum í tveimur prófum eða þrisvar sinnum í sama prófi.

Í námskeiði þar sem verkefni eða hlutapróf eiga að vega í einkunn, þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunn í lokaprófi sérstaklega.

Nemandi sem vill endurtaka próf til hækkunar (án þess að hafa fallið) athugi að **seinni einkunn gildir**.

**Úr reglum Háskólans - Skráning í námskeið og próf**

Námskeiðaskráning fer fram í skrifstofu Nemendaskrár Háskólans. **Stúdent verður að vera skráður í námskeið til að geta gengist undir próf.** Vanræki stúdent að segja sig úr prófi, sem hann hyggst ekki taka, **jafngildir það því að hann falli á prófinu.**

**Úrsagnir úr prófum** skulu vera skriflegar og berast Nemendaskrá Háskólans eins fljótt og unnt er og eigi síðar en **19. nóvember** vegna prófa á haustmisseri, **10. apríl** vegna prófa á vormisseri.

**Veikindi í prófum.** Stúdent sem veikist og getur þar af leiðandi ekki þreytt próf, ber að skila læknisvottorði innan þriggja daga til Nemendaskrár. Hið sama gildir ef barn stúdents veikist. Veikist stúdent í prófi ber honum að vekja athygli prófgæslumanns sem skrifar athugasemd um það á prófúrlausn. Skal læknisvottorði, dagsettu samdægurs, skilað til Nemendaskrár. Læknisvottorð eru yfirfarin af trúnaðarlækni Háskólans.

**Um sjúkrapróf:**

Sjúkra- og upptökupróf verða í janúar og júní. (Sjá nánar í kafla: Kennslu- og próftímabil).

Kennslu- og próftímabil

Kennslumisseri er 13 vikur að lengd. Jólaleyfi er frá 22. desember og kennsla hefst aftur 14. janúar. Páskaleyfi hefst miðvikudag fyrir páska og kennsla hefst aftur miðvikudag eftir páska.

Auk þess er kennsluhlé: Sumardaginn fyrsta, 1. maí og 1. desember.

**Haustmisseri 2009:**

**Kennsla:** 31. ágúst - 28. nóvember

**Próf:** 10. desember - 21. desember

**Sjúkra- og upptökupróf verða haldin í janúar.**

**Vormisseri 2010:**

**Kennsla:** 14. janúar - 21. apríl

**Próf:** 29. apríl - 15. maí

**Sjúkra- og upptökupróf verða haldin í júní.**

Kröfur um námsframvindu

**Grunnnám**

Nemendur í BS námi skulu hafa lokið námi eigi síðar en 5 árum eftir skráningu. Deildin getur veitt undanþágu frá þessum tímamörkum.

Nemandi sem ætlar að **taka sér hlé frá námi** þarf að sækja um **leyfi** til Nemendaskrár.

**Framhaldsnám**
Sjá nánar í Reglum um rannsóknarnám 6. gr.

Endurinnritun og forkröfur
Við endurinnritun í viðskiptafræðideild falla niður einkunnir undir 6,5.

Að hefja nám á vormisseri

**Viðskiptafræðideild mun taka inn nýnema í BS námi á vormisseri 2010**.

**Skráning fer fram rafrænt, sjá nánar á heimsíðu deildarinnar.**

Nemendur sem hefja nám á vormisseri 2010 eru hvattir til að taka eftirfarandi námskeið:

Markaðsfærsla þjónustu
Rekstrarbókhald
Stjórnun og skipulagsheildir
UI-tölvunotkun
Tjáning og samskipti eða rekstrarstjórnun

Nemendur eru ennfremur hvattir til að skrá sig á rétta línu, **BS-M**, **BS-S**, **BS-F** eða **BS-R** og setja sig í sambandi við viðkomandi umsjónarmann ef eitthvað er óljóst, sjá nánar upplýsingar á vef deildarinnar.

Skiptinám
Hægt er að taka eins eða tveggja missera nám við erlenda háskóla. Áður en stúdent fer utan í skiptinám þarf hann að ganga úr skugga um að námið erlendis verði viðurkennt á námsleið hans við HÍ, annaðhvort í stað skyldunámskeiða eða sem val. Nemandi í skiptinámi þarf að ljúka námskeiði í samræmi við kröfur þess skóla sem námskeiðið heldur.
Til athugunar við umsókn um skiptinám:
1. Stúdent leggur fyrir skriflega áætlun um skiptinám sitt, ásamt lýsingu á þeim námskeiðum sem hann hyggst taka.
2. Að fengnu skriflegu samþykki deildar sækir stúdent um skiptinámið á Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.
3. Afla þarf samþykkis deildar við allar breytingar á áætluninni meðan á skiptináminu stendur.
4. Þegar misserinu lýkur og stúdent hefur fengið einkunnir sendir hann þær til skrifstofu deildar.
5. Deild samþykkir niðurstöðuna úr skiptinámi misserisins, ef hún samræmist upphaflegri áætlun
6. Skrifstofa lætur færa niðurstöðuna inn á feril stúdents í Nemendaskrá.

**Námsgreinar kenndar á ensku í boði fyrir erlenda stúdenta:**
VIÐ602G Alþjóðamarkaðsfræði og markaðsáætlanir - vor
VIÐ611G Skapandi atvinnuvegir - vor
VIÐ404G Rekstrarstjórnun - vor
VIÐ609G Stefnumótun fyrirtækja - vor
VIÐ406G Tjáning og samskipti - vor
VIÐ509G Stjórnun starfsmannamála - haust
VIÐ303G Utanríkisverslun - haust
VIÐ506G Verkefnastjórnun - haust
VIÐ512G Viðskipti og alþjóðasamskipti - haust
VIÐ510G Vinnumarkaðurinn og þróun hans - haust

VIÐ216F Alþjóðaviðskipti - vor **(einungis fyrir meistaranema)**
VIÐ119F Samkeppnishæfni - haust **(einungis fyrir meistaranema)**
VIÐ219F Tölvutækni í fjármálum - vor **(einungis fyrir meistaranema)**
VIÐ217F Þættir í fjármálum fyrirtækja - vor **(einungis fyrir meistaranema)**

Lokaritgerðir

**Umsjón:** Þóra Christiansen aðjúnkt (thc@hi.is)
Á haustmisseri 2009 og vormisseri 2010 eru haldin stutt námskeið um vinnubrögð og gerð lokaritgerðar. Námskeiðin verða tilkynnt á heimasíðu deildarinnar.
Nemendur eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða.

**Síðustu skiladagar fyrir RANNSÓKNARÁÆTLANIR eru:**
26. maí (fyrir útskrift í október 2009)
29. september (vegna útskriftar í febrúar 2010)
2. febrúar (vegna útskriftar í júní 2010)
**Síðustu skiladagar LOKARITGERÐA skólaárið 2009 - 2010 eru:**
13. janúar (fyrir útskrift í febrúar 2010)
12. maí (fyrir útskrift í júní 2010)
20. september (fyrir þá sem vilja ljúka námi að hausti og fá staðfestingu á því, en formleg útskrift verður ekki í október)

Í kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn. Í lokaritgerð sinni skal nemandi gera á fullnægjandi og viðurkenndan hátt grein fyrir öllum heimildum sínum. Misbrestur á því þýðir að ritgerðin kann að verða dæmd ógild og málinu fylgt eftir sem reglur Háskólans um ritstuld kveða á um.
Vinni nemandi að lokaritgerðum í tveimur eða fleiri deildum um líkt efni skal hann gera umsjónarmönnum ritgerðanna nákvæma grein fyrir vinnu sinni og skulu umsjónarmenn bera saman bækur sínar við leiðbeiningu nemandans.

Við útskrift með fleiri en eina prófgráðu í grunnnámi í deildinni er ekki hægt að nýta sömu lokaritgerð við útskrift nema báðar prófgráðurnar séu innan sömu deildar. Í grunn- og framhaldsnámi í hagfræðideild eru lokaritgerðir unnar sjálfstætt af hverjum nemanda fyrir sig. Ekki er heimilt að tveir nemendur skrifi sameiginlega ritgerð.

Sjá upplýsingar lokaritgerðir á námsvef deildarinnar hér

**Nemendur verða að skrá sig bæði í lokaritgerð og brautskráningu.**

**Um mat á lokaritgerðum í grunnnámi**
1) Eftirtalin viðmið skulu höfð að leiðarljósi, þegar lokaritgerðir til BS og BA prófs eru metnar til einkunna:
**9,0-9,5:** Ritgerð er afburðagóð. Frumleg efnistök, mjög sjálfstæð hugsun og djúpur skilningur á viðfangsefni. Framsetning afar vel skipuleg og meðferð heimilda nákvæm. Málfar með miklum ágætum.
**8,0-8,5:** Ritgerð er mjög góð. Góð efnistök, sjálfstæð hugsun og góður skilningur á viðfangsefni. Framsetning vel skipuleg og meðferð heimilda nákvæm. Málfar með ágætum.
**6,5-7,5:** Ritgerð er þokkaleg. Allgóð efnistök, sjálfstæð hugsun á köflum, svo og góður skilningur á viðfangsefni. Framsetning skipuleg og meðferð heimilda nákvæm í aðalatriðum. Málfar þokkalegt.
**5,0-6,0:** Ritgerð fullnægir lágmarkskröfum, en hefur ýmsa áberandi galla. Efnistök eru sæmileg og nokkur skilningur á viðfangsefni. Framsetningu og meðferð heimilda getur verið áfátt. Málfar sæmilegt þegar best lætur.
Falleinkunn (0,0-4,5): Ritgerð fullnægir ekki lágmarkskröfum, hefur marga meinlega galla. Takmarkaður skilningur á viðfangsefni. Framsetningu og meðferð heimilda yfirleitt verulega áfátt. Málfar afleitt.
2) Ef umsjónarkennari lokaritgerðar telur að henni beri einkunn 9,0 eða hærri, skal skorarformaður tilnefna prófdómara til mats. Prófdómari skal allajafna vera úr hópi fastra kennara deildarinnar, en heimilt er að kveðja til aðila utan deildar ef ástæða þykir. Einkunnir umsjónarkennara og prófdómara skulu vera jafnvægar.

Kennarar

**Deildarforseti 2008-2009:**
Ingjaldur Hannibalsson prófessor
**Varadeildarforseti 2008-2009:**
Runólfur Smári Steinþórsson prófessor
**Prófessorar:**
Ingjaldur Hannibalsson, Ph.D.
Runólfur Smári Steinþórsson, Ph.D.
Snjólfur Ólafsson, Ph.D.
Þráinn Eggertsson, Ph.D.
Örn Daníel Jónsson, Ph.D.
**Dósentar:**
Árelía E. Guðmundsdóttir, Ph.D.
Einar Guðbjartsson, Lic.ekon.
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, MA. Í leyfi haust 2009.
Gylfi Magnússon, Ph.D. Í leyfi skólaárið 2009-2010.
Inga Jóna Jónsdóttir, M.Sc.
Þórhallur Guðlaugsson, M.Sc.
**Lektorar:**
Ársæll Valfells, M.Sc.
Bjarni F. Karlsson, MA.Pub.Man.
Guðmundur Ólafsson, cand. oecon.
Haukur C. Benediktsson, M.Sc.
Kristján Jóhannsson, cand. merc.
Vigdís W. Bóasson, Ph.D.
Vilhjálmur Bjarnason, MBA.
**Aðjúnktar:**
Auður Hermannsdóttir, MA.
Ásmundur G. Vilhjálmsson, hdl.
Eðvald Möller, MBA. Í leyfi haust 2009.
Friðrik Eysteinsson, MBA.
Guðmundur B. Ólafsson, cand.jur.
Jón Snorri Snorrason, MA.
Margréf Sigrún Sigurðardóttir, M.Sc.
Ólafur B. Kristinsson, lögg. endurskoðandi
Svala Guðmundsdóttir
Þóra Christiansen, MA.
Þórður Snorri Óskarsson, Ph.D.
Þórður Sverrisson, cand. merc.

Nánari upplýsingar hér

## Heilbrigðisvísindasvið

**Forseti sviðs:**
Sigurður Guðmundsson

**Skrifstofur deilda á heilbrigðisvísindasviði:**
Hjúkrunarfræðideild, Eirberg við Eiríksgötu 34, 101 Reykjavík
Lyfjafræðideild, Haga við Hofsvallagötu 53, 107 Reykjavík
Læknadeild, Læknagarði, Vatnsmýrarveg 16, 101 Reykjavík
Matvæla- og næringarfræðideild
Sálfræðideild, Gimli v/Sæmundargötu, 101 Reykjavík
Tannlæknadeild, Vatnsmýrarveg 16, 101 Reykjavík
Sími/Símar:
Bréfasími:
Heimasíða heilbrigðisvísindasviðs

## Hjúkrunarfræðideild

**Skrifstofa hjúkrunarfræðideildar**
Eirbergi, Eiríksgötu 34, 1. hæð
101 Reykjavík
Opin virka daga frá kl. 10:00 -12:00 og 12:30-14:00
Sími: 525 4960
Bréfasími: 525 4963
Netfang: hjukrun@hi.is
Heimasíða: www.hjukrun.hi.is

Deildarfundur áskilur sér rétt til þess að breyta námskeiðum og námsefni, ef fjárveitingar fást ekki, ef ekki tekst að ráða nauðsynlegan fjölda kennara eða vegna annarra breytinga sem kunna að reynast nauðsynlegar.

### Grunnnám

Hjúkrunarfræði, BS, 240 e
Grunnnám í hjúkrunarfræði tekur 4 ár og lýkur með BS gráðu í hjúkrunarfræði. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur öðlist skilning á margbreytileika mannsins og áhrifum heilbrigðis og sjúkleika á líðan hans og aðstæður. Kennsla í hjúkrunarfræði miðar að því að nemendur verði færir um að viðhalda og efla heilbrigði skjólstæðinga sinna og bæta líðan þeirra í veikindum.
Hjúkrunarfræði er einungis hægt að stunda sem aðalgrein. Námið er alls 240 einingar og er því 30 einingar á misseri ef fullt nám er stundað. Hámarkstími til námsins er hins vegar 6 ár. Réttur stúdenta til að halda áfram námi á vormisseri 1. árs fer eftir árangri í þeim námsgreinum sem kenndar voru á haustmisseri.

Á fyrstu tveimur árunum fer fram kennsla í undirstöðugreinum hjúkrunar, í raun- og hugvísindum og í sjúkdóma- og lyfjafræði ásamt kennslu í hjúkrunarfræði. Eftir því sem líður á námið eykst vægi hjúkrunarfræðinnar og við tekur sérhæfðari hjúkrun, s.s. hjúkrun aldraðra, barna og geðsjúkra. Starfsþjálfun fer fram á öllum námsárum, ýmist samhliða eða í kjölfar fræðilegrar kennslu. Lokaverkefni til BS prófs er unnið á 4. námsári og vinna nemendur það annað hvort einir eða tveir saman.

BS próf í hjúkrunarfræði er nauðsynleg forsenda starfsleyfis í hjúkrun.
Nemendur sem ekki eru skráðir í hjúkrunarnám þurfa heimild deildar til að skrá sig í námskeið.

Nánar um námsframvindu og kennsluhætti er að finna í upplýsingum.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=110100_20096

### Framhaldsnám

Eftirfarandi framhaldsnám er í boði við hjúkrunarfræðideild:
Ljósmóðurfræði,120e
Meistaranám,120e
Meistara/doktorsnám, 300e
Doktorsnám,180e
Þverfræðilegt nám:
Þverfaglegt meistaranám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði,MHI, 120e
Þverfræðilegt nám í lýðheilsuvísindum, MPH og DPH, 120e og 180e
Umsóknarfrestur er til 15. apríl ár hvert fyrir innritun á haustmisseri. Deildarstjórn getur einnig heimilað innritun á vormisseri, en þá er umsóknarfrestur til 15. september.
Upplýsingar um námið má nálgast á heimasíðu hjúkrunarfræðideildar: www.hjukrun.hi.is, á skrifstofu hjúkrunarfræðideildar sem staðsett er í Eirbergi við Eiríksgötu 34, auk þess sem verkefnisstjóri framhaldsnáms veitir upplýsingar og ráðgjöf í síma 525 5204.

Hjúkrunarfræði, Meistarapróf, 120e
Meistaranámið byggir á hugmyndafræði klínískra sérfræðinga í hjúkrun (advanced nurse practice) og felur í sér áherslu á klíník, rannsóknir, ljósmóðurfræði og stjórnun. Meistaranámið er til 120 eininga með klínískri áherslu. Nemendur velja tiltekið sérsvið í hjúkrun. Lokaverkefni er 30 einingar.
Lögð er áhersla á sveigjanleika og leitast er við að gefa nemandanum tækifæri til að efla þekkingu sína á ákveðnum sérsviðum. Gert er ráð fyrir að nemandi ljúki náminu á tveimur til fjórum árum. Námið samanstendur af kjarnanámskeiðum, námskeiðum á sérsviði, valeiningum og rannsóknarverkefni.
Hægt er að velja um þrjár námsleiðir:
Klínísk sérhæfing á tilteknu sérsviði hjúkrunar og rannsóknaþjálfun
Hjúkrunarstjórnun
Rannsóknarþjálfun - meistara/doktorsnám

Klínísk sérhæfing á sérsviðum hjúkrunar og rannsóknaþjálfun
Lögð er áhersla á að efla þekkingu á klínískum sérsviðum í hjúkrun. Námið samanstendur af kjarnanámskeiðum, bundinni sérhæfingu og sérhæfingu í samráði við leiðbeinanda. Vægi rannsóknarverkefnis er 30 einingar.
Hjúkrunarstjórnun
Lögð er áhersla á að veita sérhæft nám í hjúkrunarstjórnun og leggja þar með grunn að stjórnunarlegri þekkingu sem nýtist hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum í stjórnunarstarfi. Kjarnanámskeið eru þau sömu og í hinum námsleiðunum auk bundinnar sérhæfingar í hjúkrunarstjórnun og sérhæfingar í samráði við leiðbeinanda. Þannig fá nemendur ákveðna þekkingu í aðferðafræði, tölfræði, hjúkrunarstjórnun og almennri stjórnun ásamt því að kynnast stjórnunarlegu umhverfi heilbrigðisstofnana. Rannsóknarverkefni er 30 einingar.
Meistara/doktorsnám, 120e+180e
Nám til meistara/doktorsprófs í hjúkrunarfræði er 120 + 180 eininga nám. Námið er samansett úr meistaranámi 120e og doktorsnámi 180e. Markmið námsins er að efla fræðilega þekkingu í hjúkrunarfræði, þjálfa hjúkrunarfræðinga í vísindalegum vinnubrögðum og auka færni þeirra í rannsóknastörfum og þróunarverkefnum. Lögð er áhersla á sveigjanleika og leitast er við að gefa nemandanum tækifæri til að efla þekkingu sína á ákveðnum sérsviðum. Gert er ráð fyrir að nemandi ljúki náminu á fimm til sex árum. Námið samanstendur af kjarnanámskeiðum, námskeiðum á sérsviði, valeiningum og rannsóknarverkefni.
**Tenging meistara- og doktorsnáms (120 + 180 einingar)**
Nemendur sem hyggja á doktorsnám við upphaf framhaldsnáms síns geta skráð sig beint í doktorsnám og tekið meistaranám sem áfanga að því. Nemendum er skipuð námsnefnd og nám þeirra skipulagt í einni heild þannig að meistararitgerð verði skilgreindur áfangi í doktorsrannsókn t.d. forprófun mælitækja. Nemendur sem hefja doktorsnam og sjá ekki fram á að geta lokið náminu, ættu engu að síður kost á að lúka meistaragráðu.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=110108_20096
Hjúkrunarfræði, Doktorspróf, 180e
Hjúkrunarfræðideild býður upp á doktorsnám til 180 eininga að loknu meistaraprófi og þar af skulu námskeið vera a.m.k. 60 einingar. Doktorsnám að loknu meistaraprófi er þriggja ára fullt nám (60 einingar á hverju skólaári).

Umsóknarfrestur er til 15. apríl ár hvert fyrir innritun á haustmisseri en 15. september fyrir innritun á vormisseri. Umsóknareyðublað auk nánari upplýsinga veitir verkefnisstjóri framhaldsnáms á skrifstofu deildarinnar. Umsóknum skal skila á skrifstofu hjúkrunarfræðideildar fyrir umræddan umsóknarfrest, en ekki er tekið á móti umsóknum eftir að hann hefur runnið út og ekki er tekið á móti umsóknum í tölvupósti.

**Leiðbeiningar um frágang fylgiskjala vegna doktorsnáms í hjúkrunarfræðideild:**
Umsókn um doktorsnám skal skilað á sérstöku eyðublaði hjúkrunarfræðideildar
Með umsókn skal fylgja:
a) Námsferill og staðfest afrit prófskírteina. Umsókninni skal fylgja greinargott yfirlit yfir námsferil, námskeið og annað sem kann að skipta máli fyrir umsókn þessa. Einnig skal fylgja staðfest afrit prófskírteina um nám eftir stúdentspróf.
b) Starfsferill og ritaskrá. Einkum er mikilvægt að það komi fram ef umsækjendur hafa reynslu af rannsóknum á sviði skyldu því sem sótt er um. Ritaskrá skal fylgja ef um útgefin verk (bækur, greinar, skýrslur o.s.frv.) er að ræða.
c) Umsögn. Umsækjendur þurfa tvo umsagnaraðila til að senda meðmælabréf til skrifstofu hjúkrunarfræðideildar. Æskilegt er að annar þeirra sé kennari á háskólastigi. Meðmælum skal skila á eyðublöðum sem fást á skrifstofu og heimasíðu hjúkrunarfræðideildar.
d) Greinargerð um fyrirhugað nám og faglegar forsendur umsækjanda til að leggja stund á námið (3-5 síður). Í greinargerð þessari er óskað eftir að umsækjandi kynni markmið sín með doktorsnáminu í heild og þeirri doktorsrannsókn sem stefnt er að. Greinargerðin þarf að lýsa áhugasviði umsækjanda og þekkingu til að takast á við námið. Einnig á að vera stutt lýsing á stöðu þekkingar á fræðasviði væntanlegs doktorsverkefnis. Mikilvægt er að umsækjandi geri grein fyrir faglegu og aðferðafræðilegu veganesti sínu til þess að takast á við námið, bæði með tilvísun í fyrra nám og aðra viðeigandi reynslu. Einnig gerir umsækjandi grein fyrir hvernig bæta skal fræðilega og aðferðafræðilega þekkingu ef þörf er á.
e) Lýsing á rannsóknarsviði doktorsverkefnis og frumhugmynd að rannsóknaráætlun (1-2 síður). Umsækjandi gerir skýra grein fyrir almennu markmiði sínu með fyrirhugaðri doktorsrannsókn og hvaða aðferðum hann gerir ráð fyrir að beita. Í þessu skjali er óskað eftir að umsækjandi geri grein fyrir þekkingu sinni og reynslu á sviðinu.
f) Verkáætlun. þ.m.t. gróf tímaáætlun, ásamt greinargerð um aðstæður umsækjanda til að sinna náminu (1-2 síður). Umsækjandinn gerir grein fyrir því hve hratt áætlað er að vinna verkið (í fullu námi t.d. eða með öðru starfi) og hvaða vinnuaðstöðu umsækjandi gerir ráð fyrir (eða þarfnast). Umsækjandi gerir einnig grein fyrir því, í almennum orðum, hvernig hann hyggst standa fjárhagslegan straum af náminu. Hyggist nemandi stunda nám sitt að hluta erlendis skal hann gera grein fyrir þeim hugmyndum sínum hér.
g) Leiðbeinandi. Sérhver doktorsnemandi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara (prófessora, dósenta og lektora), við hjúkrunarfræðideild sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem námsinu tengist. Leiðbeinandi annast faglega leiðsögn nemanda í rannsóknum og að jafnaði er hann einnig umsjónarkennari nemandans. Heimilt er að hafa tvo eða fleiri leiðbeinendur og bera þeir þá sameiginlega ábyrgð á að leiðbeina nemandanum. Deild getur heimilað nemanda að hafa leiðbeinanda sem ekki er úr hópi fastra kennara og skal hann þá uppfylla kröfur sem hjúkrunarfræðideild gerir um leiðbeinanda.
h) Viðtal. Rannsóknanámsnefnd hjúkrunarfræðideildar boðar umsækjanda og leiðbeinanda hans til viðtals þar sem farið er yfir efnisatriði umsóknarinnar.
i) Ferill umsóknar. Umsókn skal skila á skrifstofu hjúkrunarfræðideildar, verkefnastjóra framhaldsnáms. Rannsóknanámsnefnd hjúkrunarfræðideildar fjallar um umsóknir og tekur afstöðu til þeirra. Eftir umfjöllun í nefndinni er umsókn afgreidd í deildarráði. Deildin synjar nemanda ef umsókn uppfyllir ekki gæðakröfur. Í bréfi deildar til nemanda skal rökstyðja ákvörðun fyrir synjun. Samþykki deildarráð

umsóknina, tilnefnir rannsóknanámsnefnd umsjónarkennara. Rannsóknanámsnefnd getur gert athugasemdir við námsáætlun og skal þá nemandi í samvinnu við umsjónarkennara vinna að endanlegri námsáætlun. Deildarskrifstofa varðveitir umsóknargögn og námsferilsgögn doktorsnema.
Skoða reglur um doktorsnám við hjúkrunarfræðideild.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=110110_20096

Ljósmóðurfræði, Kandídatspróf, 120e
Fullt tveggja ára nám í ljósmóðurfræði á meistarastigi við hjúkrunarfræðideild. Námið er 120 einingar og er fullgilt kandídatspróf til prófgráðunnar candidata obstetriciorum.
Ljósmóðurnám er starfstengt nám sem tryggir starfsréttindi eftir að sótt hefur verið um ljósmóðurleyfi til Landlæknis. Námið fullt tveggja ára nám á meistarastigi alls 120 einingar skiptist annars vegar í 64 eininga fræðilegt nám sem endar með 12 eininga lokaverkefni og hins vegar í starfsþjálfun (1600 stundir) sem metin er til 44 eininga. Starfsþjálfunin byggir á gagnreyndri þekkingu í starfi með klínískum fræðilegum verkefnum og munnlegu lokaprófi sem metur hæfni til að nota starfsheitið ljósmóðir og starfa hvar sem er hér á landi.
Kandídatspróf í ljósmóðurfræði frá H.Í er er metið til 60 eininga til meistaragráðu í ljósmóðurfræði við hjúkrunarfræðideild H.Í.
Nánar um námið í Upplýsingum

HUGMYNDAFRÆÐILEGAR ÁHERSLUR NÁMS Í LJÓSMÓÐURFRÆÐI
* Ljósmæður líta á barneign sem lífeðlislegt ferli en ekki sjúkdóm og á fæðingu sem einstakan atburð í lífi fólks sem það ætti að upplifa á jákvæðan, einstaklingsbundinn og persónulegan hátt.
* Ljósmæður veita samfellda umönnun til að stuðla að öryggi móður og barns, um leið og þær koma í veg fyrir ónauðsynleg inngrip í barneignarferlið.
* Ljósmæður mynda traust samband við konu og fjölskyldu hennar, veita heildræna umönnun og taka tillit til líkamlegra, félagslegra, tilfinningalegra og andlegra þátta.
* Ljósmæður hafa í huga rétt konunnar og fjölskyldu hennar á upplýsingum um valkosti í barneignarþjónustunni og styðja verðandi foreldra í að taka sjálfstæðar ákvarðanir um val á þjónustu.
* Ljósmæður starfa með hinni barnshafandi konu og verðandi föður, á eigin ábyrgð, hvar sem er innan og utan heilbrigðisstofnana með það fyrir augum að styrkja foreldra til að taka virkan þátt í öllum ákvörðunum er lúta að umönnun þeirra.
* Ljósmæður hafa mikilvægu hlutverki að gegna í heilsugæslu kvenna og fjölskyldu þeirra. Þær vinna fyrirbyggjandi starf og veita ráðgjöf og fræðslu til að viðhalda og bæta heilbrigði og vellíðan.
* Ljósmæður starfa í samvinnu við annað fagfólk í heilbrigðisþjónustunni og leita samráðs eða vísa á aðra sérfræðinga, verði konunni og fjölskyldu hennar ekki sinnt af ljósmóðurinni einni.
* Ljósmæður starfa samkvæmt alþjóðlegum siðareglum ljósmæðra sem samþykktar voru árið 1993 og 1999 á alþjóðaþingi ljósmæðra.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=110202_20096

Ljósmóðurfræði, Meistarapróf 120e
Námskröfur:
Meistaranám í ljósmóðurfræði er 120 einingar. Nemendur sem hafa lokið kandídatsprófi í ljósmóðurfræðum frá Háskóla Íslands fá metnar 65 einingar. Miðað er við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd meistaranáms eitt ár og að jafnaði ekki lengra en tvö ár. Við brautskráningu skal sýnt að stúdent hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímann. Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og stór hluti þess er fólginn í vinnu nemanda að eigin rannsóknarverkefni, rannsóknarskýrslu og tímaritsgrein. Nemendur taka kjarnanámskeið og rannsóknarverkefnið er 30 einingar.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820033_20096

Sérsvið hjúkrunar, Viðbótardiplóma, 40-60e
Ekki verður boðið upp á Diplómanám veturinn 2009-2010
Upplýsingar um Diplómanámið fyrir þá sem hófu nám haustið 2008 er
hægt að nálgast hér: Kennsluskrá 2008

Upplýsingatækni á heilbrigðissviði, MHI, 120 e
Sjá: Þverfræðilegt framhaldsnám

Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=21

Upplýsingar
Fyrir Diplómanám, Meistaranám og Doktkorsnám er einnig vísað í reglur viðkomandi náms

Inntökuskilyrði
**BS nám í hjúkrunarfræði**
Inntökuskilyrði í hjúkrunarfræðideild er stúdentspróf af bóknámsbraut (140 einingar), samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla frá 1999, eða jafngildi þess.

Fyrir þá stúdenta sem luku prófi samkvæmt eldri námskrá fyrir framhaldsskóla gildir almennt stúdentspróf.

Fyrir nemendur sem hafa lokið sjúkraliðanámi, en hafa ekki stúdentspróf, gilda eftirfarandi reglur:

* Lágmarksaldur 25 ár
* 5 ára starfsreynsla sem sjúkraliði, í minnst 80% starfshlutfalli að meðaltali
* Lágmark 9 einingar í ensku, 15 einingar í íslensku og 6 einingar í stærðfræði

Ábending til allra umsækjenda:
Hjúkrunarfræðin felur í sér náin samskipti og vinnu með fólki og leggur því áherslu á greinar sem auka skilning nemenda á manninum, eiginleikum hans og starfsemi. Því er æskilegt að allir nemendur hafi undirbúning í félags- og sálarfræði, sem og í líffræði og lífeðlisfræði.

Sérstaklega er bent á nauðsyn þess að hafa góða undirstöðuþekkingu í almennri efnafræði og lífrænni efnafræði. Að auki er góður undirbúningur í ensku mikilvægur þar sem nánast allt lesefni er á ensku.

**Ljósmóðurfræðinám**
Inntökuskilyrði í nám í ljósmóðurfræði er próf í hjúkrunarfræði, viðurkennt í því landi þar sem námið var stundað og íslenskt hjúkrunarleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Eftirfarandi reglur voru samþykktar á fundi háskólaráðs 5. október 1995:

Innritun í nám í ljósmóðurfræði er miðuð við vissan nemendafjölda á ári samkvæmt ákvörðun háskólaráðs, sbr. 128. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000 með áorðnum breytingum. Verði umsækjendur fleiri en heimild er fyrir fjallar námsnefnd í ljósmóðurfræði um umsóknirnar og tekur viðtöl við umsækjendur. Nefndin tekur endanlega ákvörðun um val á nemendum og vinnur samkvæmt reglum sem samþykktar hafa verið af háskólaráði. Tekið er mið af:
1. Frammistöðu í þeim námsgreinum sem tilheyra fornámi
2. Greinargerð þar sem áhuga á ljósmóðurnámi er lýst og hvernig sá áhugi þróaðist
3. Frammistaða í viðtali
4. Umsögn fyrrverandi kennara eða yfirmanns á kennslu- eða heilbrigðisstofnun á þar til gerðu eyðublaði
5. Starfsreynslu í hjúkrun, þ.m.t. reynslu í kennslu, stjórnun og rannsóknum
6. Annarri menntun/starfsreynslu og reynslu af félagsstörfum

Verði skráðir nemendur færri en 6, er ekki gert ráð fyrir að hafin verði kennsla í ljósmóðurfræði.

**Meistaranám**
Umsækjandi um meistaranám við hjúkrunarfræðideild þarf að hafa lokið BS prófi í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki fyrstu einkunn (7,25) í aðaleinkunn úr BS prófi eða samsvarandi námi. Jafnframt þarf nemandi að búa yfir góðri enskukunnáttu.
Nemendur sem ekki hafa lokið BS prófi í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi þurfa að taka undirbúningsnám til 24-26e fyrir meistaranám. Kjarni auk valnámskeiðs. Valnámskeið til 4-6 ECTS í grunnnámi.
Samsetning undirbúningsnáms:

| **Haustmisseri** | **Vormisseri** |
|---|---|
| HJÚ112F Aðferðir 4e | HJÚ807G Hjúkrun sem starfs og fræðigrein |
| HJÚ504G Aðferðafræði 6e | Valnámskeið 4-6 e |
| HJÚ505G Tölfræði 4e | |

Við inntöku í Meistaranám er einkum tekið mið af:
* Einkunnum
* Greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir markmiðum sínum með náminu með sérstakri áherslu á fyrirhugað rannsóknarverkefni
* Skriflegum meðmælum

**Viðbótargögn með rannsóknar meistaranámsleið í hjúkrunarfræði (beintengd doktorsnámi)**
Gögn sem fylgja skulu umsókn þessari:
* Námsferill og staðfest afrit prófskírteina í tvíriti (annað má vera ljósrit).
* Starfsferill og ritaskrá
* Lýsing á rannsóknarsviði og frumhugmynd að rannsóknarsviði (1-2 síður)
* Greinargerð um faglegar forsendur umsækjanda til að leggja stund á námið (3-5 síður)
* Verkáætlun ásamt greinargerð um aðstæður umsækjanda til að sinna náminu (1-2 síður).
* Nöfn tveggja meðmælenda þar sem það á við (sjá leiðbeiningar).

**Meistaranám í ljósmóðurfræðum**
Til að innritast í meistaranám í ljósmóðurfræði við hjúkrunarfræðideild þarf stúdent að hafa lokið kandídatsprófi í ljósmóðurfræði frá Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi, með að lágmarki fyrstu einkunn (7.25) í aðaleinkunn. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum. Hafi nemandi lokið ljósmóðurfræðiprófi annars staðar frá getur hann sótt um mat á námsferli til inngöngu í meistaranámið.

**Doktorsnám**
Umsækjendur þurfa að hafa lokið MS prófi í hjúkrunarfræði eða ljósmóðurfræði eða sambærilegt MS/MA próf frá viðurkenndum rannsóknarháskóla.

Erlendir umsækjendur
Reglur um erlenda umsækjendur
Á 4. deildarfundi hjúkrunarfræðideildar 23. maí 2001 var eftirfarandi samþykkt:
Erlendir umsækjendur um BS nám í hjúkrunarfræði þurfa að uppfylla almenn inntökuskilyrði í HÍ skv. mati kennslusviðs.
* Þurfa að ljúka íslensku fyrir erlenda stúdenta eða skila vottorði um að þeir hafi vald á íslensku.
* Þurfa að lúta reglum um val á stúdentum til náms í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, nr. 502/2002.
* Prófverkefni verða ekki þýdd á ensku eða önnur tungumál.
Um erlenda hjúkrunarfræðinga, sem sækja um BS nám, gildir eftirfarandi
* Heilbrigðisráðuneyti viðurkennir hjúkrunarpróf frá EES-löndum. Aðrir hjúkrunarfræðingar þurfa að fá hjúkrunarleyfi á Íslandi.
* Að þessu uppfylltu geta þeir skráð sig í námskeið í grunnnámi hafi þeir lokið íslensku fyrir erlenda stúdenta eða skila vottorði um að þeir hafi vald á íslensku.
* Fyrra nám þeirra er metið, en þeir taki aldrei færri en 120 ein. í grunnnámi.
* Námsmatsnefnd fyrir hjúkrunarfræðinga vegna BS náms sér um mat á fyrra námi.

Kennsluhættir
Hjúkrunarfræðinámið er fjölbreytt nám samsett af bóklegri og verklegri kennslu, sem fer fram með fyrirlestrum og verklegum æfingum, verklegu námi, dæmatímum og umræðutímum.

Í hjúkrunarfræðideild er lögð áherslu á kennsluhætti sem stuðla að því að virkja sjálfstæði og frumkvæði nemenda.

Fjarnám er ekki í boði í grunnnámi. Í ljósmæðranámi og meistaranámi er hins vegar boðið upp á fjarnám.

Námsmat, einkunnir og próf

Grunnnám

Próftökuréttur

Stúdent öðlast próftökurétt í námskeiði þegar hann hefur staðist verklegt nám og/eða lokið tilskildum verkefnum með þeim árangri sem krafist er hverju sinni. Próftökuréttur í námskeiðum gildir það kennsluár sem hans er aflað, svo og næstu tvö kennsluár þar á eftir.
Stúdent telst ekki hafa staðist námskeið, þar sem verklegt nám er hluti af námsmati, nema hann hafi náð lágmarkseinkunn námskeiðsins í heild í öllum prófþáttum þess.
Til þess að öðlast BS gráðu í hjúkrunarfræði verður stúdent að hafa hlotið eigi lægri einkunn en:
* 6,0 í hjúkrunarnámskeiðum samkvæmt nánari ákvörðun deildar
* 5,0 í öðrum námskeiðum.

Framhaldsnám

Lágmarkseinkunn í einstökum námskeiðum er 6,0.

Reglur um framkvæmd prófa á 1. misseri í hjúkrunarfræði

Reglur um próf á fyrsta misseri í hjúkrunarfræði voru samþykktar á deildarfundi 29. janúar 2009. Deildarráð samþykkti eftirfarandi reglur um framkvæmd prófanna 13. febrúar 2009.

1. Einkunn fyrir hvert próf er birt í Uglunni jafnóðum.
2. Ef nemandi nær lágmarkseinkunn í námskeiðum haustmisseris fyrsta árs hefur hann rétt til áframhaldandi náms.
3. Vera kann að beita þurfi fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræðideild háskólaárið 2009-2010 en ákvörðun liggur ekki fyrir um það við útgáfu þessarar kennsluskrár. Ef til þess kemur þá gilda reglur deildarinnar.
4. Veikist nemandi í desemberprófum ber honum að skila inn læknisvottorði til Nemendaskrár innan þriggja daga frá prófdegi.

Kennslu- og próftímabil

20. ágúst - 3. sept. Kennsla haustmisseris hefst
27. nóvember. Kennsla haustmisseris lýkur.
3. - 21. desember - Próftímabil
5.- 25. janúar - Sjúkra og upptökupróf
7. janúar. Kennsla vormisserir hefst.
22. apríl. Kennsla vormisseris lýkur

Kröfur um námsframvindu

**BS nám**

BS nám er 240 eininga fullt nám. Skipulag BS náms miðast við að nemendur hefji nám á haustmisseri. Því er ekki um það að ræða að nemendur geti hafið nám á vormisseri.

Til þess að flytjast á milli námsára má nemandi eiga eftir eitt próf hið mesta úr námsefni næsta námsárs á undan og ekki próf frá fyrri námsárum.

Hámarksnámstími er 6 ár.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms úr öðrum deildum og við endurinnritun stúdenta.

**Starfsreynsla**

Á námstíma er nemendum í hjúkrunarfræðideild skylt að afla sér tveggja mánaða starfsreynslu við hjúkrun utan skipulegs námstíma. Starfið skal fela í sér hjúkrunarþjónustu unna undir forsjá hjúkrunarfræðings og nemandi skal hafa lokið a.m.k. 120 einingum við hjúkrunarfræðideild áður en starfsreynslan hefst. Stúdent velur af hvaða ári starfsreynsla er metin. Að lokinni starfsreynslu, og eigi síðar en 6 vikum fyrir brautskráningu skal nemandi senda skrifstofu deildarinnar staðfestingu á tveggja mánaða starfi sínu á þar til gerðu eyðublaði. Staðfestingin skal vera undirrituð af hjúkrunardeildarstjóra á viðkomandi vinnustað. Að jafnaði er miðað við fullt starf í tvo mánuði. Hafi stúdent ekki aðstæður til að vinna fullt starf, er leyfilegt að meta lengri tíma í hlutastarfi til jafns við það. Þessi samþykkt á við þá nemendur sem hófu nám samkvæmt þeirri námskrá sem tók gildi á haustmisseri 2003.

**Skyndihjálp**

Áður en nám í námskeiðinu ***Bráðahjúkrun*** á 4. námsári hefst þurfa stúdentar að hafa lokið námskeiði í skyndihjálp, sem viðurkennt er af Rauða krossi Íslands og Slysavarnarfélaginu Landsbjörg og er ekki eldra en tveggja ára. Til að auðvelda stúdentum að uppfylla þessar forkröfur stendur hjúkrunarfræðideild fyrir og skipuleggur námskeið í skyndihjálp á vormisseri 1. námsárs. Námskeiðið er ekki metið til eininga og stúdentar þurfa að greiða fyrir kennslugögn og skírteini sem Rauði krossinn gefur út. Geti stúdent ekki sótt námskeiðið á 1. námsári hefur hann möguleika á að sækja það á vormisseri 2. námsárs. Geti hann heldur ekki sótt námskeiðið þá verður hann að sækja sambærilegt námskeið hjá Rauða krossinum á eigin kostnað, áður en hann tekur námskeiðið ***Bráðahjúkrun*** á 4. námsári. Auk skyndihjálparnámskeiðs þurfa stúdentar jafnframt að hafa lokið námskeiði í ***Endurlífgun*** sem haldið er á 3. námsári áður en námskeið í ***Bráðhjúkrun*** hefst á 4. námsári.

**Ljósmóðurfræði**

Ljósmóðurfræði er 120 eininga fullt nám í tvö ár að loknu BS prófi í hjúkrunarfræði. Ekki er hægt að stunda hlutanám í ljósmóðurfræði. Hvert námskeið um sig er nauðsynleg undirstaða fyrir það næsta. Stundatafla, námsmat og próftímabil eru skipulögð í samræmi við þetta.

Hámarksnámstími í ljósmóðurfræði er 3 ár. Sérstakar reglur munu gilda um skráningu, námsmat og námsleyfi í klíniskri starfsþjálfun í ljósmóðurfræði.
Umsóknir um undanþágur skulu vera skriflegar og berast námsnefnd í ljósmóðurfræði. Sækja þarf sérstaklega um endurinnritun til námsnefndar

**Meistaranám**
Meistaranám í hjúkrunarfræðideild er 120 einingar. Miðað er við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd meistaranáms tvö ár og að jafnaði taki námið ekki lengri tíma en fjögur ár. Meistara/doktorsnám er 300 eininga, fimm ára fullt nám. Hámarkstími í meistara/doktorsnámi er sjö ár.
**Doktorsnám**
Doktorsnám er 180 eininga, þriggja ára fullt nám að loknu meistaraprófi. Hámarkstími í doktorsnámi er 5 ár. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að framlengja þann tíma um 1 ár.

Reglur um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræðideild
Réttur stúdenta til að halda áfram námi á vormisseri 1. árs fer eftir árangri í þeim námsgreinum sem kenndar voru á haustmisseri. Miðast sá árangur við að nemendur hljóti lágmarkseinkunn úr öllum prófum í námskeiðum á haustmisseri fyrsta árs.
Endurinnritun og forkröfur
Stúdentum, sem öðlast hafa rétt til náms á 2. námsmisseri, er heimilt að endurinnritast einu sinni í hjúkrunarfræðideild hafi þeir sótt um það til deildarráðs. Aðrir stúdentar þurfa að hefja nám að nýju. Undanþága í annað sinn er aðeins veitt með hliðsjón af námsferli viðkomandi stúdents.
Við endurinnritun getur stúdent, sem öðlast hefur rétt til náms á öðru, þriðja og fjórða námsári, óskað eftir mati á fyrri námskeiðum ef hann hefur fengið einkunn sem er einum heilum hærri en lágmarkseinkunn í viðkomandi námskeiði. Ef stúdent endurinnritast er honum heimilt að skrá sig í hvaða námskeið sem er á þeim námsárum sem hann hefur fengið námskeið metin af.
Þreyta má tvisar sinnum próf í hverju námskeiði. Eftir fall í 2. sinn er ekki hægt að ljúka námi nema með sérstökum undanþágum (fjarvistarfall talið með).
Samantekt um ákvæði varðandi tvíföll og endurinnritun:

| | |
|---|---|
| 1. ár | |
| Tvífall í tveimur námskeiðum | Hefja nám að nýju. |
| Tvífall í einu námskeiði og einu öðru námskeiði ólokið | Hefja nám að nýju. |
| Tvífall í einu námskeiði og öllum öðrum námskeiðum lokið | Endurinnritun. |
| 2. ár | |
| Tvífall í einu námskeiði og einu öðru námskeiði ólokið | Endurinnritun. |
| Tvífall í einu námskeiði og öllum öðrum námskeiðum lokið | Undanþága til próftöku í 3. sinn. |
| 3. og 4. ár | |
| Tvífall í námskeiði | Ein undanþága til próftöku í 3. sinn. |

**Nauðsynleg undirstaða**
Stúdent má ekki skrá sig í námskeið nema hann hafi áður öðlast rétt til próftöku í þeim námskeiðum, er tilgreind eru í kennsluskrá sem nauðsynleg undirstaða.

**Framhaldsnám:** Sjá nánar í námsleiðir.
Klíniskt nám
Klíniskt nám í BS námi
Reglur um skráningu í verkleg námskeið
Nemendur skulu snúa sér til verkefnastjóra verklegs náms, Ingibjörgu Einarsdóttur, með erindi er tengjast niðurröðun í verklegt nám, bæði varðandi tímabil og stofnanir. Skrifstofa verkefnastjóra er á 3. hæð í Eirbergi, sími 525 4985, netfang: thorat@hi.is.
Nauðsynlegt er að tilkynnt sé um veikindi og önnur forföll í verklegu námi svo fljótt sem auðið er.
Þegar nemandi mætir í fyrsta sinn í verklegt nám í námskeiði hefur farið fram mikil undirbúningsvinna við útvegun námsplássa, ráðningu deildarkennara, skipulagningu á stofnunum, samhæfingu kennslu o.s.frv. Við þessa vinnu er stuðst við fyrirliggjandi skráningu nemenda í námskeiðið. Því er ákaflega nauðsynlegt að skráningin sé sem nákvæmust á hverjum tíma. Til þess að stuðla að því eru nemendur beðnir um að tileinka sér eftirfarandi reglur:
- Nemandi telst ekki hafa staðist námskeið, þar sem verklegt nám er hluti af námsmati, nema hann hafi náð lágmarkseinkunn námskeiðsins í heild í öllum prófþáttum þess.
- Nemandi verður að mæta í allar verklegar stundir, sem skipulagðar eru í hverju námskeiði, auk umræðufunda í tengslum við þær, til að hann teljist hafa lokið verklegum þætti námskeiðsins.
- Nemandi öðlast síðan próftökurétt í námskeiði þegar hann hefur staðist verklegt nám og/eða lokið tilskildum verkefnum með þeim árangri sem krafist er hverju sinni.
- Skráning í námskeið, þar sem verklegt nám er hluti af námsmati, er jafnframt skráning í verklegt nám, á sama hátt og skráning í námskeið er jafnframt skráning í próf að námskeiði loknu.
- Ef nemandi er skráður í námskeið, en hyggst ekki fara í verklegt nám í námskeiðinu, þarf hann að tilkynna það til verkefnastjóra eigi síðar en 3 dögum fyrir upphaf námskeiðsins (sbr. úrsögn úr prófi).
Um nemendur á vormisseri 1. árs gildir að úrsögn þeirra skal berast eigi síðar en 5 dögum eftir upphaf námskeiðs. Upphaf námskeiðs miðast við fyrsta fyrirlestur í námskeiðinu. Úrsögn úr verklegu námi skal berast verkefnisstjóra skriflega.
- Verkefnastjóri raðar nemendum í verklegu námi í námspláss samkvæmt fyrirliggjandi skráningu í viðkomandi námskeið. Hafi nemandi einhverjar athugasemdir við þá niðurröðun, skal hann skila skriflegum athugasemdum til verkefnastjóra eigi síðar en 5 dögum eftir að niðurröðun liggur fyrir. Berist engar athugasemdir frá nemanda verður litið svo á að hann muni mæta í verklegt nám á tilsettum tíma. Í námslýsingu hvers námskeiðs kemur fram hvenær og hvernig niðurröðun í námspláss verður birt.
- Veikist nemandi eftir að námskeið hefst eða forfallast af öðrum ástæðum, og fyrirsjáanlegt er að þessi forföll hafi áhrif á mætingu hans í verklegt nám, skal hann tilkynna verkefnastjóra það skriflega svo fljótt sem auðið er. Ef forföll eiga sér stað eftir að verknám er hafið skal tilkynna um þau símleiðis samdægurs og síðan skila skriflegri tilkynningu innan þriggja virkra daga (sbr. veikindi í prófi).
- Hafi nemandi ekki skráð sig í námskeið á tilskildum tíma (skv. Kennsluskrá H.Í.) eða mætir ekki í verklegt nám samkvæmt niðurröðun verkefnastjóra er ekki víst að unnt verði að tryggja honum námspláss í námskeiðinu á því misseri. Gæti þá farið svo að nemandinn geti ekki lokið námskeiðinu fyrr en að ári liðnu.
- Ljúki nemandi námi í námskeiði á öðru misseri en hann hóf námið gilda sömu reglur um skráningu í námskeiðið. Það er þá á ábyrgð nemandans að kynna sér hvort breytingar hafi orðið á námskeiðinu og afla sér upplýsinga um hvernig við þeim skuli bregðast

Nemandi, sem ekki stenst lágmarkskröfur í klínísku námi, skal endurtaka námstímabilið. Einungis er hægt að endurtaka hvert námstímabil einu sinni. Tímabilið skal endurtekið á sama starfssviði, en á öðrum starfsvettvangi. Endurtekning á klínísku námstímabili kann að valda seinkun á brautskráningu.
Fyrir hvert klínískt námskeið er tilgreind lágmarksmætingarskylda, (þ.e. 100% mæting). Verklega tíma og klíníska umræðutíma, sem nemendur geta ekki sótt vegna veikinda eða annarra forfalla, verður því að bæta í samráði við umsjónarkennara.

Fjarnám
Það hefur verið stefna hjúkrunarfræðideildar að bjóða upp á fjarkennslu í meistarastigi. Sú vinna er þó enn í mótun og þrátt fyrir að það sé markmið deildarinnar að flest meistaranámskeið séu fjarkennd, veltur það mikið á aðstæðum hverju sinni hvort það er gerlegt. Því er aldrei hægt að ganga út frá því sem vísu að námskeið verði fjarkennt. Eins breytist fyrirkomulag og uppsetning námsins frá ári til árs, til að mynda má gera ráð fyrir að námskeið utan deildar séu ekki fjarkennd.
Í Ljósmóðurfræði hefur verið fjarkennt með staðbundnum lotum um það bil annað hvert ár til mismunandi landsvæða, vestfjarða, austur og norðurlands. Eftirspurn ræður hverju sinni. Ekki er gert ráð fyrir fjarnám hefjist haustið 2009.

Nánari upplýsingar eru á heimsíðu hjúkrunarfræðideildar.
Annað nám er ekki fjarkennt.

Að hefja nám á vormisseri
Skipulag BS náms í hjúkrunarfræði og náms í ljósmóðurfræði og diplómanámi miðast við að nám sé hafið á haustmisseri.

Hægt er að hefja nám á vormisseri í meistara- og doktorsnámi, og er umsóknarfrestur 15. september ár hvert.

Skiptinám
Nemaskipti við hjúkrunarfræðideild hafa aukist undanfarin ár. Stúdentaskipti gefa íslenskum háskólastúdentum tækifæri til að stunda klínískt nám við erlenda háskóla í nokkrar vikur. Flest nemendaskipti eru við háskóla á Norðurlöndum. Nemendur hafa einnig farið til útlanda á eigin vegum og tekið þátt í starfsnámi og þróunarvinnu, t.d. í Afríku og Mið-Ameríku. Erlendir skiptinemar hafa sótt mjög í að stunda klínískt nám á Íslandi.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu hjúkrunarfræðideildar.

Lokaritgerðir
Á heimsíðu deildarinnar eru upplýsingar um lokaritgerðir.

Reglur
Reglur hjúkrunarfræðideildar
Reglur um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði samþykktar á deildarfundi 30. september 2008:
Reglur um Diplómanám, Meistaranám og Doktorsnám:

Kennarar
http://www.hjukrun.hi.is/page/hjukrun_starfsfolk

## Lyfjafræðideild

**Skrifstofa Lyfjafræðideildar**
Haga, 3. hæð
Hofsvallagötu 53
107 Reykjavík

**Opið virka daga frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-15:00.**

Sími: 525 4353
Bréfasími: 525 4071

Netfang: lyf@hi.is
Heimasíða Lyfjafræðideildar

### Grunnnám

**Lyfjafræði BS - 180 einingar**
Lyfjafræði er fræðigrein sem fjallar um lyf frá öllum hugsanlegum sjónarhornum, allt frá þróun nýrra lyfjaefna og lyfjaforma, að framleiðslu, notkun og verkun lyfjanna. Lyfjafræðinámið er fjölbreytt nám, samsett af bóklegri og verklegri kennslu í hinum ýmsu greinum líf- og raunvísinda, auk félagsvísindagreina.

Nám í lyfjafræði skiptist í þriggja ára BS-hluta og tveggja ára MS-hluta. Þeir sem lokið hafa MS-námi í lyfjafræði geta sótt um starfsleyfi lyfjafræðings til Landlæknis.
BS-nám í lyfjafræði er nauðsynlegur undirbúningur fyrir MS-nám í lyfjafræði. Í BS-náminu er lögð áhersla á ýmsar grunngreinar auk nokkurra sérgreina lyfjafræðinnar.

Lyfjafræði er einungis hægt að stunda sem aðalgrein og er BS-námið alls 180 einingar eða 30 einingar á misseri, sé nemandi í fullu námi. Hámarksnámstími til BS-prófs er fimm ár. Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 52 einingum af fyrsta námsári áður en hann hefur nám á öðru ári eða einstökum þáttum þess, sjá nánar í reglum um BS-nám.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=060000_20096&kennsluar=2009

Til athugunar fyrir nema sem hófu nám haustið 2007, eða fyrr

**Nemendur sem hófu BS-nám í lyfjafræði skv. eldra námsskipulagi á haustmisseri 2007, taka eftirfarandi námskeið á öðru og þriðja námsári:**

| **3. námsár - haustmisseri 2009** | | **3. námsár - vormisseri 2010** | |
|---|---|---|---|
| Lyfjagerðarfræði I | 8 | Lyfjagerðarfræði II | 8 |
| Eðlislyfjafræði II | 8 | Ónæmisfræði | 6 |
| Lyfjahvarfafræði | 8 | Samþætt sjúkdóma- og lyfhrifafræði I | 6 |
| Lyfjagreininga | 8 | Lyfjaefnafræði I | 8 |
| | | Undirbúningur fyrir klínískt nám í apótekum | 2 |
| | | Brautskráning | |

Námskeið lyfjafræðideildar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&namsknumer=06&namsstig=0&prent=2
Kennarar og starfsfólk
http://www.hi.is/is/heilbrigdisvisindasvid_deildir/lyfjafraedideild/um_deildina/starfsfolk

## Framhaldsnám

Eftirfarandi framhaldsnámsleiðir eru í boði við lyfjafræðideild:

**Meistaranám:**
Lyfjafræði
Lyfjavísindi
**Doktorsnám:**
Lyfjafræði
Lyfjavísindi
**Þverfræðilegar námsleiðir:**
Upplýsingartækni á heilbrigðissviði, meistaranám - sjá einnig upplýsingar á vef námsins

Lýðheilsuvísindi, meistara- og doktorsnám - sjá einnig upplýsingar á vef námsins
**Umsóknarfrestur í meistaranám í lyfjavísindum og í doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum** er til 15. mars fyrir haustmisseri og til 15. september fyrir vormisseri.
**Umsóknarfrestur í meistaranám í lyfjafræði** er til 15. apríl fyrir vormisseri og 15. október fyrir haustmisseri.
Umsóknaeyðublöð og frekari upplýsingar um inntökuskilyrði má finna á vef lyfjafræðideildar.

Lyfjafræði, meistarapróf, 120 einingar
Lyfjafræði er fræðigrein sem fjallar um lyf frá öllum hugsanlegum sjónarhornum, allt frá þróun nýrra lyfjaefna og lyfjaforma, að framleiðslu, notkun og verkun lyfjanna. Lyfjafræðinámið er fjölbreytt nám, samsett af bóklegri og verklegri kennslu í hinum ýmsu greinum líf- og raunvísinda, auk félagsvísindagreina. BS-nám í lyfjafræði er nauðsynlegur undirbúningur fyrir MS-nám í lyfjafræði.

Í MS-námi í lyfjafræði eru eingöngu kenndar hinar ýmsu sérgreinar lyfjafræðinnar auk 30 eininga rannsóknaverkefnis, sem nemendur taka almennt á vormisseri seinna námsárs. Hámarksnámstími til MS-prófs er þrjú ár.

Þeir sem lokið hafa MS-námi í lyfjafræði geta sótt um starfsleyfi lyfjafræðings til Landlæknis. Skipulag lyfjafræðináms við Háskóla Íslands tekur mið af því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópu, og að námið uppfylli kröfur Evrópubandalagsins um menntun lyfjafræðinga. Þeir hljóta þannig gagnkvæm atvinnuréttindi í aðildarlöndum bandalagsins.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=069500_20096&kennsluar=2009

Lyfjavísindi, meistarapróf, 120 einingar
MS-nám í lyfjavísindum er 2 ára (120 einingar) nám sem er skipulagt út frá 30, 60 eða 90 eininga rannsóknaverkefni á einhverju af sérsviðum lyfjafræðinnar. Verkefnið er valið í samráði við fastráðinn kennara lyfjafræðideildar sem jafnframt er umsjónakennari. Forkröfur inn í námið er BS-próf í lyfjafræði, lífefnafræði, líffræði eða skyldum greinum.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=069400_20096&kennsluar=2009

Lyfjafræði, doktorspróf, 180 einingar
Doktorsnám í lyfjafræði er 3 ára (180 eininga) rannsóknanám, þar sem nemandi vinnur að stóru rannsóknaverkefni á einhverju af sérsviðum lyfjafræðinnar, undir leiðsögn fastra kennara lyfjafræðideildar eða annara hæfra einstaklinga innanlands eða utan.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=069300_20096

Lyfjavísindi, doktorspróf, 180 einingar
Doktorsnám í lyfjavísindum er 3 ára (180 eininga) rannsóknanám, þar sem nemandi vinnur að stóru rannsóknaverkefni á einhverju af sérsviðum lyfjafræðinnar, undir leiðsögn fastra kennara lyfjafræðideildar eða annara hæfra einstaklinga innanlands eða utan.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=069200_20096&kennsluar=2009

Lýðheilsuvísindi við lyfjafræðideild, doktorspróf, 180 einingar
Lýðheilsuvísindi er þverfræðilegt meistara- og doktorsnám sem veitir fræðilega menntun á sviðum rannsókna á heilsufari fólks ásamt stefnumótun forvarna og almennrar heilsueflingar sem byggist á slíkum rannsóknum. Megináhersla námsins er á rannsóknar- og forvarnaraðferðir og er það góður undirbúningur fyrir fólk með fjölbreyttan fræða- og/eða starfsbakgrunn sem ætlar sér leiðtogahlutverk á hinum mörgu sviðum heilbrigðismála.

Námið er skipulagt í samvinnu við erlendar menntastofnanir (t.d. Harvard, Karolinska Institutet, NHV) og innlendar rannsóknarstofanir (t.d. Landlæknisembættið, Hjartavernd, Krabbameinsfélag Íslands, Lýðheilsustöð) á sviðum lýðheilsuvísinda. Nemendur hafa kost á að stunda hluta náms síns við eða undir leiðsögn kennara og sérfræðinga þessara stofnana og útfæra rannsóknir sínar þar eða á eigin vinnustöðum. Almennar upplýsingar um námið má nálgast á vef lýðheilsuvísinda.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=069700_20096

Námskeið lyfjafræðideildar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&namsknumer=06&namsstig=1&prent=2

Kennarar og starfsfólk
http://www.hi.is/is/heilbrigdisvisindasvid_deildir/lyfjafraedideild/um_deildina/log_og_reglur

Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=22

Upplýsingar
Sjá einnig vef lyfjafræðideildar.

Inntökuskilyrði

**BS-nám í lyfjafræði**
Aðgang að lyfjafræðinámi til BS-prófs hafa þeir sem lokið hafa stúdentsprófi af bóknámsbraut framhaldsskóla. Æskilegt er að ljúka stúdentsprófi af náttúrufræðibraut með efnafræði sem kjörsvið. Auk þess er mælt með að taka áfanga af kjörsviðum stærðfræði, líffræði og eðlisfræði. Ef nám er stundað á öðrum bóknámsbrautum þ.e. félagsfræða- eða málabraut, er æskilegt að bæta við áföngum sem veita sambærilegan undirbúning í efnafræði og stærðfræði, auk eðlisfræði og líffræði.

Til að fá að nota starfsheitið lyfjafræðingur þarf að ljúka MS-prófi (126e) til embættisprófs í lyfjafræði að loknu þriggja ára BS-prófi (180e). Nám í lyfjafræði er því í raun 5 ára nám.

**MS-nám í lyfjafræði**
Aðgang að lyfjafræðinámi til MS-prófs hafa þeir sem lokið hafa BS-prófi í lyfjafræði við Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi í lyfjafræði frá öðrum viðurkenndum háskóla, með aðaleinkunnina 6,0 eða hærri.

**MS-nám í lyfjavísindum**
MS-nám í lyfjavísindum er einstaklingsmiðað rannsóknarnám. Til að innritast í námið þarf umsækjandi að hafa lokið hafa BS-prófi í lyfjafræði eða öðrum skyldum greinum frá Háskóla Íslands, eða öðru samsvarandi prófi frá innlendum eða erlendum háskóla, og hafa samið við leiðbeinanda um rannsóknarverkefni og námsskipan.. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki 6,0 í aðaleinkunn úr grunnnámi sínu. Meistaranámsnefnd lyfjafræðideildar metur próf frá öðrum skólum en Háskóla Íslands.

**Doktorsnám**
Til að innritast í doktorsnám við lyfjafræðideild þarf nemandi að hafa lokið cand.pharm.- BS- eða MS-prófi frá Háskóla Íslands, eða öðru samsvarandi prófi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki fyrstu einkunn (7,25). Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn, hafi umsækjandi sýnt fram á námshæfni eða hæfini í sjálfstæðum rannsóknum.

Umsóknareyðublöð og frekari upplýsingar um inntökuskilyrði og umsóknarfrest

Kennsluhættir
Lyfjafræðinámið er fjölbreytt nám samsett af bóklegri og verklegri kennslu, sem fer fram með fyrirlestrum og verklegum æfingum, einstaklingsbundnum æfingum og hópæfingum, dæmatímum og umræðutímum.
Í lyfjafræðideild er lögð áhersla á kennsluhætti sem stuðla að því að virkja sjálfstæði og frumkvæði nemenda. Lyfjafræðinámið er fjölbreytt nám, sem byggir m.a. á verklegri þjálfun, verkefnavinnu og lausnaleit, þar sem nánd kennara og nemenda er mikil og gefur ríka möguleika á skapandi samstarfi.

Fjarnám er ekki í boði við lyfjafræðideild.

Námsmat, einkunnir og próf

**Reglur um próf við lyfjafræðideild Háskóla Íslands**
**1. gr. Próftökuréttur**
Til þess að öðlast próftökurétt í námskeiðum þar sem verkleg kennsla eða verkefni eru hluti námskeiðs, skal nemi hafa lokið öllum verklegum æfingum og verkefnum með tilskyldum árangri. Mætingarskylda er í verklegar æfingar og öðrum námskeiðshlutum sem kennari gerir kröfu um. Próftökuréttur er háður því að mætingarskylda sé uppfyllt ásamt kröfum um tilskyldan árangur.
Óski nemi eftir undanþágu til að taka próf án þess að hafa lokið verklegum æfingum eða tilskyldum verkefnum, ber að sækja um það skriflega til deildarráðs, að höfðu samráði við viðkomandi kennara. Einkunn úr slíku prófi verður ekki send nemendaskrá til skráningar fyrr en nemi hefur síðan lokið viðeigandi verklegum æfingum eða tilskyldum verkefnum. Óski nemi eftir því að fá vitneskju um hvort hann hafi staðist skriflegt próf eður ei í slíkum tilfellum, má skrifstofa lyfjafræðideildar veita viðkomandi upplýsingar í formi staðið/fallið.

**2. gr. Sjúkra- og upptökupróf**
Sjúkra- og upppróf skulu haldin að öðru hverjum skilyrðum uppfylltum:
a) Ef í það er skrá ður nemandi, sem var veikur þegar reglulegt misserispróf þess kennsluárs var haldið í námskeiðinu, enda leggi hann fram læknisvottorð samkvæmt því sem reglugerð Háskóla Íslands kveður á um. Forfallist nemandi í sumarprófum verða að bíða næsta reglulegs próftíma í viðkomandi grein.
b) Ef í það er skráður nemandi, sem ekki hlaut tilskylda lágmarkseinkunn á reglulegu misserisprófi þess kennsluárs og hefur heimild til að þreyta prófið á nýjan leik.

**3. gr. Endurtekning prófs**
Ef nemandi hlýtur ekki tilskylda lágmarkseinkunn á prófi í einstöku námskeiði, hefur hann rétt á að þreyta prófið öðru sinni samkvæmt ákvæðum 2. greinar. Ef nemandi hins vegar hlýtur ekki tilskylda lágmarkseinkunn í annað sinn, getur hann sótt um undanþágu til deildarráðs

lyfjafræðideildar til að þreyta prófið í þriðja sinn. Undanþága þess efnis verður einungis veitt ef að um sérstakar aðstæður er að ræða og aðeins veitt einu sinni á námsferli hvers nemenda.

**4. gr. Námsefni til prófs**
Kennara er heimilt að prófa úr fyrirlestrum eða verkefnum/dæmum unnum í kennslustund, námsefni í kennslubók, ítarefni afhent í kennslustund eða birt á heimasíðu námskeiðsins, svo og öðru ítarefni sem kennari vísar til.

**5. Aðrar reglur**
Varðandi framkvæmd prófa að öðru leyti, er vísað til reglugerðar Háskóla Íslands um próf.

***Samþykkt á deildarráðsfundi 22. janúar 2007***

Kennslu- og próftímabil

**Haustmisseri:**
**Kennsla:** 31. ágúst - 27. nóvember
- sjá upplýsingar um námskeið á vegum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs á vef sviðsins
**Próf:** 2. - 18. desember
**Sjúkra- og upptökupróf eru haldin í janúar, nánari dagsetning kynnt síðar.**

**Vormisseri:**
**Kennsla:** 6. janúar - 13. apríl
- sjá upplýsingar um námskeið á vegum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs á vef sviðsins
**Próf:** 23. apríl - 10. maí
**Sjúkra- og upptökupróf eru haldin í júní, nánari dagsetning kynnt síðar.**

Kröfur um námsframvindu

**BS-nám í lyfjafræði**
Nemandi skal ljúka a.m.k. 52 einingum af 1. námsári áður en hann hefur nám á 2. námsári eða einstökum þáttum þess. Eftir 2. námsár þarf nemandi að hafa lokið prófi í a.m.k. 30 einingum á 2. námsári, áður en hann hefur nám á 3. námsári eða einstökum þáttum þess, og öllum prófum á 1. námsári.

BS-prófi skal lokið ekki seinna en 5 árum eftir að nemandi innritast í námið.

**MS-nám í lyfjafræði**
Nemanda er ekki heimilt að hefja nám í tilteknu námskeiði lyfjafræðideildar án þess að hafa lokið prófi í þeim námskeiðum, sem tilgreind eru í kennsluskrá sem nauðsynlegir undanfarar þess. Þó er deild heimilt að víkja frá þessari reglu í sérstökum tilvikum. Til þess að hefja vinnu við meistaraverkefni skal nemandi hafa lokið a.m.k. 40 einingum í MS-námi í lyfjafræði.

MS-prófi skal lokið ekki seinna en 3 árum eftir að nemandi innritast í námið.

**MS-nám í lyfjavísindum**
Meistaranám í lyfjavísindum er 120 einingar. Miðað er við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd meistaranáms tvö ár og námið taki ekki lengri tíma en þrjú ár.

**Doktorsnám**
Doktorsnám við lyfjafræðideild er metið til 180 eininga og miða skal við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd doktorsnámsins þrjú ár.

Endurinnritun og forkröfur

Ef nemandi hlýtur ekki tilskylda lágmarkseinkunn á prófi í einstöku námskeiði, hefur hann rétt á að þreyta prófið öðru sinni samkvæmt ákvæðum 2. gr. Regla um próf við lyfjafræðideild Háskóla Íslands. Ef nemandi hins vegar hlýtur ekki tilskylda lágmarkseinkunn í annað sinn, getur hann sótt um undanþágu til deildarráðs lyfjafræðideildar til að þreyta prófið í þriðja sinn. Undanþága þess efnis verður einungis veitt ef að um sérstakar aðstæður er að ræða og aðeins veitt einu sinni á námsferli hvers nemenda.

Við endurinnritun fær stúdent viðurkennd þau próf sem hann hefur lokið með einkunninni 6,0 eða hærra.

Um forkröfur, sjá: Kröfur um námsframvindu

Að hefja nám á vormisseri

Uppbygging BS-náms í lyfjafræði gerir ráð fyrir að nemendur hefji nám á haustmisseri.

Unnt er að hefja MS-nám í lyfjafræði og lyfjavísindum og doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum á haust- eða vormisseri.

Skiptinám

Hægt er að fá metin námskeið í skiptinámi til jafns við námskeið sem kennd eru við Háskóla Íslands. Kennari í viðkomandi námskeiði metur það fyrirfram hvort námskeið eru jafngild.
Nánari upplýsingar veitir skrifstofa lyfjafræðideildar.

Reglur

http://www.hi.is/is/heilbrigdisvisindasvid_deildir/lyfjafraedideild/um_deildina/log_og_reglur

## Læknadeild

**Skrifstofa læknadeildar**

**Læknagarði**
**Vatnsmýrarvegi 16 (4. hæð)**
**101 Reykjavík**

**Opin virka daga frá kl. 10:00-12:00 og 14:00-15:30**

**Sími: 525 4881, 525 4883, 525 4880**
**Bréfasími: 525 4884**

**Netfang: [medicine@hi.is](mailto:medicine@hi.is)**
**Heimasíða: [www.laeknadeild.hi.is/](http://www.laeknadeild.hi.is/)**

### Læknadeild

Læknisfræði, Kandídatspróf, 360 e
Sex ára grunnnám í læknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands. 360 eininga nám til kandidatsprófs (cand med).
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=020100_20096
Öll námskeið námsleiðarinnar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&namsknumer=0201
BS nám fyrir læknanema, 60e
Læknanemum, sem lokið hafa þremur fyrstu árunum í læknisfræði, gefst kostur á að innritast í BS nám, undir leiðsögn kennara. Um tvo möguleika er að ræða, annars vegar afmarkað rannsóknaverkefni og hins vegar fræðilegt nám. Námið er metið til 60 eininga.
Læknanemi, sem hyggst notfæra sér þennan möguleika sendir umsókn til formanns rannsóknarnámsnefndar eða skrifstofu læknadeildar, en þar þarf að koma fram að hann geti varið til rannsóknastarfa tíma sem svarar til heils skólaárs, áður en hann lýkur kandidatsprófi. Nánari upplýsingar gefur skrifstofa læknadeildar.
Heilbrigðisvísindi, Meistarapróf, 120e
Miðað er við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd meistaranáms tvö ár og að jafnaði taki námið ekki lengri tíma en fjögur ár. Nemandi getur innritast í meistaranám til fjögurra ára frá upphafi og er þá miðað við 30 einingar á hverju ári. Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum. Vinna að eigin rannsóknarverkefni og samning ritgerðar sem byggist á því er meginhluti námsins. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 60 einingar en mest 90 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum, seminörum og lesnámskeiðum. Kynning á verkefninu á ráðstefnu telst einnig til þjálfunar og má meta til eininga samkvæmt umsókn. Þátttaka í þremur námskeiðum er skylda: málstofu læknadeildar (6 einingar), almennri aðferðafræði í rannsóknum fyrir meistara- og doktorsnema, A og B (12 einingar) Nemandi í meistaranámi má að hámarki taka 10 einingar í lesnámskeiðum undir leiðsögn kennara. Lesnámskeiðið skal vera á rannsóknasviði sem tengist rannsóknarverkefni stúdents en er ekki hluti af aðalverkefni.
Skyldunámskeið: Málstofa læknadeildar (6 einingar), almenn aðferðafræði í rannsóknum fyrir meistara- og doktorsnema, A og B (12 einingar). Önnur námskeið sem haldin eru reglulega: Tölfræðivinnsla í tölvum (4 einingar), meinalíffræði (4 einingar), líffærameinafræði manna og dýra (4 einingar), sýkingamáttur örvera (4 einingar), stofnfrumur og frumusérhæfing (6e). Enn önnur námskeið eru skipulögð með þarfir breytilegs nemendahóps í huga.

Markmið námsins er að breikka og dýpka þekkingu nemandans á völdu fræðasviði innan heilbrigðisvísinda, líf- og læknavísinda og auka skilning á nýjustu þekkingu á því sviði og rannsóknaraðferðum sem þar er beitt. Að loknu námi getur nemandi hannað, skipulagt, þróað og framkvæmt mælingar og tilraunir á sínu sérsviði að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem ráðast af tækni, reglum, öryggi og siðareglum. Nemandinn getur með sjálfstæðum og faglegum hætti skilgreint rannsóknaviðfangsefni, sett fram rannsóknaspurningar og tilgátur. Nemandi hefur þróað með sér nauðsynlega námshæfni, gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á hendur frekara nám, viðhaldið þekkingu sinni og aukið við hana. Hann er reiðubúinn að hefja nám á þriðja stigi til doktorsprófs.

**Frestur til að sækja um innritun í meistaranám við læknadeild rennur út 15. apríl fyrir skráningu á haustmisseri og 15. september fyrir skráningu á vormisseri.**
Umsóknir sendist til skrifstofu læknadeildar, Vatnsmýrarvegi 16, 101 Reykjavík. Nánari upplýsingar gefur skrifstofa læknadeildar.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=020191_20096
Öll námskeið námsleiðarinnar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&namsknumer=0202
Líf- og læknavísindi, Meistarapróf, 120e
Miðað er við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd meistaranáms tvö ár og að jafnaði taki námið ekki lengri tíma en fjögur ár. Nemandi getur innritast í meistaranám til fjögurra ára frá upphafi og er þá miðað við 30 einingar á hverju ári. Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum. Vinna að eigin rannsóknarverkefni og samning ritgerðar sem byggist á því er meginhluti námsins. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 60 einingar en mest 90 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum, seminörum og lesnámskeiðum. Kynning á verkefninu á ráðstefnu telst einnig til þjálfunar og má meta til eininga samkvæmt umsókn. Þátttaka í þremur námskeiðum er skylda: málstofu læknadeildar (6 einingar), almennri aðferðafræði í rannsóknum fyrir meistara- og doktorsnema, A og B (12 einingar) Nemandi í meistaranámi má að hámarki taka 10 einingar í lesnámskeiðum undir leiðsögn kennara. Lesnámskeiðið skal vera á rannsóknasviði sem tengist rannsóknarverkefni stúdents en er ekki hluti af aðalverkefni.
Skyldunámskeið: Málstofa læknadeildar (6 einingar), almenn aðferðafræði í rannsóknum fyrir meistara- og doktorsnema, A og B (12 einingar). Önnur námskeið sem haldin eru reglulega: Tölfræðivinnsla í tölvum (4 einingar), meinalíffræði (4 einingar), líffærameinafræði

manna og dýra (4 einingar), sýkingamáttur örvera (4 einingar), stofnfrumur og frumusérhæfing (6e). Enn önnur námskeið eru skipulögð með þarfir breytilegs nemendahóps í huga.

Markmið námsins er að breikka og dýpka þekkingu nemandans á völdu fræðasviði innan heilbrigðisvísinda, líf- og læknavísinda og auka skilning á nýjustu þekkingu á því sviði og rannsóknaraðferðum sem þar er beitt. Að loknu námi getur nemandi hannað, skipulagt, þróað og framkvæmt mælingar og tilraunir á sínu sérsviði að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem ráðast af tækni, reglum, öryggi og siðareglum. Nemandinn getur með sjálfstæðum og faglegum hætti skilgreint rannsóknaviðfangsefni, sett fram rannsóknaspurningar og tilgátur. Nemandi hefur þróað með sér nauðsynlega námshæfni, gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á hendur frekara nám, viðhaldið þekkingu sinni og aukið við hana. Hann er reiðubúinn að hefja nám á þriðja stigi til doktorsprófs.

**Frestur til að sækja um innritun í meistaranám við læknadeild rennur út 15. apríl fyrir skráningu á haustmisseri og 15. september fyrir skráningu á vormisseri.**
Umsóknir sendist til skrifstofu læknadeildar, Vatnsmýrarvegi 16, 101 Reykjavík. Nánari upplýsingar gefur skrifstofa læknadeildar.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=020181_20096

Öll námskeið námsleiðarinnar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&namsknumer=0202

Læknavísindi, Doktorspróf
Þriggja til fimm ára fræðilegt og verklegt framhaldsnám (rannsóknatengt framhaldsnám) við Læknadeild Háskóla Íslands. Námið er 180 - 300 e á stigi 3 og er fullgilt próf til prófgráðunnar philosophiae doctor, PhD. Inntökuskilyrði er rannsóknatengt MS próf eða sambærilegt próf (til 180 eininga náms) - eða BS próf eða sambærilegt próf (til 300 eininga náms) sem að jafnaði var lokið með einkunn 7,25 eða hærri. Umfang rannsóknaverkefnis skal vera 180 e að loknu MS prófi en 300 e að loknu BS prófi.
Um nám til doktorsprófs fer eftir sérstökum reglum deildar.
Markmið doktorsnáms er að veita doktorsnemanum þjálfun og innsýn í rannsóknaraðferðir líf- og læknavísinda og að neminn öðlist ítarlega þekkingu á sviði doktorsverkefnis hans. Í náminu felst þjálfun í undirbúningi og framkvæmd rannsókna, úrvinnslu og túlkun rannsóknarniðurstaðna, kynningu og rökræðum á eigin rannsóknum í samhengi við þekkingu á fræðasviðinu svo og birtingu í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum. Þannig verði doktorsefnið vel undir það búið að starfa sjálfstætt að vísindum.

Doktorsnám við læknadeild er 300 einingar að loknu B.S. prófi eða 4. ári í læknisfræði en 90 einingar að loknu M.S. prófi, lokaprófi í læknisfræði eða tilsvarandi prófi. Hefji nemandi doktorsnám eftir að hafa lokið B.S. prófi eða samsvarandi er miðað við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd doktorsnáms fimm ár. Hefji nemandi doktorsnám eftir að hafa lokið M.S. gráðu er miðað við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd doktorsnámsins þrjú ár. Heimilt er að doktorsnemi sé skráður í hlutanám. Doktorsnámið felur fyrst og fremst í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og vinnu að samfelldu rannsóknarverkefni. Hluti námsins, allt að 30 einingum, getur verið í námskeiðum, málstofum og lesnámskeiðum. Þátttaka í árlegum doktorsdögum læknadeildar, 6 einingar, er skylda. Hafi doktorsnemi ekki þegar lokið námskeiðum í tölfræði og vísindalegri aðferðafræði er honum einnig skylt að taka þau námskeið (12 einingar). Nemandi í doktorsnámi má að hámarki taka 10 einingar í lesnámskeiðu. Ætlast er til að doktorsnemi taki þátt í ráðstefnum og geta framlög á ráðstefnum fengist metin til námseininga svo og birtar greinar sem ekki mynda hluta af doktorsritgerð en tengjast efni hennar. Stefnt skal að því eftir því sem kostur er að doktorsnemar fái tækifæri til að taka þátt í kennslu.
Skyldunámskeið: Doktorsdagar læknadeildar (6 einingar), almenn aðferðafræði í rannsóknum fyrir meistara- og doktorsnema, A og B (12 einingar). Önnur námskeið sem haldin eru reglulega: Tölfræðivinnsla í tölvum (4 einingar), meinalíffræði (4 einingar), líffærameinafræði manna og dýra (4 einingar), sýkingamáttur örvera (4 einingar), stofnfrumur og frumusérhæfing (6e). Enn önnur námskeið eru skipulögð með þarfir breytilegs nemendahóps í huga.
Markmið doktorsnáms er að nemandinn öðlist yfirgripsmikinn og ítarlegan skilning á helstu kenningum, grundvallaratriðum, hugtökum og nýjustu þekkingu á völdu sviði heilbrigðis-, líf- og læknavísinda. Þekkingin er til muna dýpri en sú sem nemandinn tileinkaði sér á fyrra stigi. Að loknu doktorsnámi hefur nemandinn tileinkað sér frumlega og gagnrýna hugsun að því er lýtur að rannsóknasviðinu og getur sett fram og þróað fræðilegar hugmyndir. Nemandinn kann að vinna rannsóknaverkefni með því að setja rannsóknamarkmið og vörður og forgangsraða verkþáttum; hanna og beita kerfisbundnum aðferðum til öflunar og skoðunar upplýsinga um flókin viðfangsefni með aðstoð viðeigandi rannsóknatækja og gagna; beita almennum og sérhæfðum rannsóknatækjum sem notuð eru á viðkomandi rannsóknasviði. Nemandinn hefur beitt nýjum aðferðum eða þekktum aðferðum með nýjum hætti til að víkka út þekkingargrunn rannsóknasviðs síns eða fræðigreinar og hefur með rannsóknum sínum tekist á við mjög flókin og ný viðfangsefni og leitt þau til niðurstöðu.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=020192_20096

Öll námskeið námsleiðarinnar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&namsknumer=0202

Upplýsingar

Inntökuskilyrði

Grunnnám
Nemendur sem hefja nám í Háskóla Íslands, skulu hafa lokið stúdentsprófi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla.
**Inntökupróf, sem sker úr um hvaða nemendur hefja nám í læknadeild (læknisfræði og sjúkraþjálfun) er haldið í júní ár hvert.**
Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms í læknisfræði (2009 : 48) og sjúkraþjálfun (2009 : 25) við deildina er takmarkaður. Sjá nánar sérstaka auglýsingu sem birtast mun í dagblöðum í byrjun maí og upplýsingar á heimasíðu læknadeildar.

**Reglur um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands**
**1. gr.**
**Ákvörðun um fjöldatakmörkun.**
Læknadeild leggur árlega fyrir háskólaráð rökstuddar tillögur um fjölda stúdenta sem unnt er að taka til náms í læknisfræði og sjúkraþjálfun. Skal beiðni frá læknadeild, þar að lútandi, send háskólaráði fyrir lok nóvember. Háskólaráð afgreiðir tillögur læknadeildar eigi síðar en í janúar.
Ákvörðun um fjölda nýnema, sem teknir eru inn ár hvert, gildir í eitt ár.

**2.gr.**
**Inntökupróf.**
Inntökupróf er haldið í júní ár hvert, samkvæmt nánari ákvörðun læknadeildar að höfðu samráði við framkvæmdastjóra kennslusviðs Háskóla Íslands. Prófið er haldið á vegum Háskóla Íslands og í húsnæði á hans vegum.
Læknadeild auglýsir prófið og birtist sérstök lýsing á framkvæmd þess á heimasíðu deildarinnar.
Nemendur skulu vera skráðir sérstaklega til inntökuprófsins, hjá nemendaskrá Háskóla Íslands, áður en þeir ganga til prófsins. Tiltekinn fjöldi, ákveðinn skv. 1. gr., þeirra nemenda sem bestum árangri ná í prófinu, fær rétt til náms í læknadeild Háskóla Íslands, læknisfræði eða sjúkraþjálfun, sbr. 4. gr. Nemandi sem öðlast rétt til náms í læknadeild, að loknu inntökuprófi, skal hefja námið á næsta haustmisseri eftir prófið. Að öðrum kosti hefur hann fyrirgert rétti sínum til náms í læknadeild á grundvelli þessa inntökuprófs, en þann rétt öðlast þá sá nemandi sem næstur var því að öðlast rétt til náms á grundvelli sama inntökuprófs. Séu tveir eða fleiri nemendur jafnir, öðlast báðir eða allir rétt til náms á næsta haustmisseri.
**3. gr.**
**Skráning til inntökuprófs.**
Skráningu til inntökuprófsins skal lokið fyrir 20. maí. Skráning getur farið fram, enda þótt nemandi hafi þá ekki lokið stúdentsprófi, en þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi.
Heimilt er, á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, að innheimta próftökugjald til að kosta gerð, fyrirlögn og yfirferð inntökuprófa. Ef próftökugjald er innheimt, fer um fjárhæð þess og innheimtu eftir sameiginlegum reglum fyrir Háskóla Íslands.
**4. gr.**
**Skrásetning til náms í Háskóla Íslands.**
Skrásetningu þeirra, sem þreyta inntökupróf skv. þessum reglum og öðlast rétt til náms í læknadeild, skal lokið fyrir 1. ágúst. Þeir, sem ekki öðlast rétt til náms í læknadeild, eiga þess kost að skrásetja sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.
**5. gr.**
**Framkvæmd og námsefni í inntökuprófi.**
Undirbúningur prófsins fer fram af hálfu læknadeildar í samstarfi við kennara framhaldsskóla. Prófið tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próftímum hvorn daginn, eða 12 klst. alls.
Í stað hefðbundinna viðtala, sem víða tíðkast við inntöku nýnema, verður prófið að hluta til mat á almennri þekkingu, nálgun og úrlausn vandamála svo og spurningar um siðfræðileg álitaefni. Allt að tveir tveggja tíma próftímar verða nýttir fyrir þennan hluta er gildir 30% af heild. Í þeim hluta er um að ræða krossapróf og stuttar ritgerðir. Þessi prófþáttur byggir ekki á ákveðnu námsefni.
Hinir próftímarnir verða fyrir krossapróf eingöngu (70% hluti) með um tveimur mínútum að meðaltali fyrir hverja spurningu, eða samtals 240 spurningar.
Sá hluti miðast við námsefni framhaldsskóla, svo sem lýst er hér á eftir. Áfangar sem mælt er með til undirbúnings, er lýst í gildandi aðalnámskrá framhaldskóla.
Einkum er miðað við þá áfanga sem eru í kjörnum mála-, náttúrufræði- og félagsfræðibrauta. Áherslur einstakra greina, úr ráðlögðum áföngum geta síðar orðið mismunandi frá einu ári til annars.
Þeir áfangar sem lagðir eru til grundvallar fyrir prófið eru eftirfarandi:
a) Eðlisfræði, EÐL 103, 203
b) Efnafræði, EFN 103, 203, 303, 313
c) Enska, ENS 103, 203, 303, 403
d) Félagsfræði, FÉL 103
e) Íslenska, ÍSL 102, 202, 212, 303, 403, 503
f) Náttúruvísindi, NÁT 103, 113, 123
g) Líffræði, LÍF 103, 203
h) Saga, SAG 103, 203
i) Stærðfræði, STÆ 103, 203, 303, 403, 503
j) Tölfræði, STÆ 313
k) Sálarfræði, SÁL 103
Læknadeild tilnefnir umsjónarmenn með samningu prófsins og til að fara yfir prófúrlausnir. Háskólarektor skipar, að fengnum tillögum læknadeildar, prófdómara einn eða fleiri eftir atvikum.
Þar sem ekki er um að ræða krossapróf dæma umsjónarmenn annars vegar og prófdómari hins vegar úrlausnir og gefa sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnir. Endanleg niðurstaða er meðaltal þeirra einkunna.
Einkunnir verða reiknaðar með tveimur aukastöfum.
Á heimasíðu læknadeildar skal birta sýnishorn af prófspurningum úr hverjum prófhluta fyrir sig til glöggvunar fyrir þá sem hyggjast þreyta prófið.
**6. gr.**
**Skorir læknadeildar.**
Inntökupróf er sameiginlegt fyrir báðar skorir læknadeildar, læknisfræði og sjúkraþjálfun, en heimilt er að hafa mismunandi vægi, í einstökum prófgreinum, fyrir hvora skor enda verði það auglýst sérstaklega. Við innritun í prófið ákveða nemendur fyrir hvora skorina (læknisfræði eða sjúkraþjálfun), prófúrlausn þeirra skuli metin, með því að merkja við þá skor sem við á.
Aðrar deildir geta gerst aðilar að prófinu samkvæmt sérstökum samningi milli deildanna.
**7. gr.**
**Gildistaka o.fl.**
Reglur þessar hefur háskólaráð sett á grundvelli tillögu læknadeildar og með vísan til 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, sbr. 2. mgr. 89. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.
Breyttar reglur öðlast þegar gildi og verður þeim beitt við inntöku stúdenta í læknadeild frá og með háskólaárinu 2007-2008.
Ákvæði til skýringar.
Um er að ræða próf til inntöku nýnema í nám í læknadeild. Hugtakið "almenn þekking", í skilningi reglna þessara, miðast því við það markmið, og er í sjálfu sér ekki takmarkað. Þannig verður t.d. leitað eftir þekkingu á málefnum líðandi stundar, s.s. á sviði mannlegra þátta, sögu og menningar hvers konar, félagsfræði og heilbrigðisumræðu. Nálgun og úrlausn vandamála, svo og siðfræðileg afstaða, verða metin eftir lausnum sérstakra vandamála sem verða sett fram sem sjúkratilfelli eða annars konar vandamál til úrlausnar. Höfundar prófsins munu, við gerð þess, ákveða fyrirfram hvaða áherslum er verið að sækjast eftir til að byggja ramma utan um einkunnagjöf.
Háskóla Íslands, 30. nóvember 2006.
Kristín Ingólfsdóttir.
Þórður Kristinsson.

Framhaldsnám

**Til að innritast í meistaranám við læknadeild** þarf stúdent að hafa lokið BS-prófi frá Háskóla Íslands, 4. ári í læknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki einkunnina 6,5 í aðaleinkunn úr BS-prófi eða samsvarandi námi. Heimilt er að víka frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

**Til að innritast í doktorsnám við læknadeild** þarf nemandi að hafa lokið BS-prófi frá Háskóla Íslands, 4. ári í læknisfræði við læknadeild Háskóla íslands og eða öðru prófi sem rannsóknanámsnefnd metur að sé samsvarandi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki 7,25 í aðaleinkunn úr BS-prófi eða samsvarandi námi. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfi og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

Doktorsefni, sem þegar hafa reynslu í vísindalegum vinnubrögðum, hafa lokið rannsóknum og birt vísindagreinar um vel afmarkað viðfangsefni sem gæti myndað grunn að doktorsritgerð, falla undir sama skipulag og aðrir, þ.e. skipa skal umsjónarkennara og doktorsnefnd, sbr. 11. og 14. gr. reglna um doktorsnám og doktorspróf við læknadeild HÍ. Doktorsnefndin metur reynslu, rannsóknarvinnu og skrif doktorsefnis til doktorsnáms og leiðbeinir við verklok rannsóknarvinnu, skrif og frágang doktorsritgerðar.

Kennsluhættir

Námið er skipulagt sem heildrænt kjarnanám með tveimur afmörkuðum valtímabilum; rannsóknanám á 3. ári og valtímabil á 6. ári.  Kennt er með fyrirlestrum, umræðutímum, verklegum æfingum, dæmatímum, vandamiðuðum æfingum (PBL) og færnibúðum. Klínísk þjálfun fer fram á heilbrigðisstofnunum.

**Kennsluskipan í læknisfræði**

Kennsluskipan er í stöðugri mótun. Í kennsluskrá er að finna yfirlit yfir kennslu í læknisfræði. Einstök atriði kennslutilhögunar verða kynnt sérstaklega fyrir nemendum í upphafi hvers misseris.

Endanleg stundaskrá, fyrirlestrarskrár og próftafla er lögð fram í byrjun hvers misseris.

**Skammstafanir:**

F = fyrirlestrar T = tímar S = seminör

V = verkleg kennsla U = umræðufundir

N = nemandi  D = dæmatímar v = vika

Námsmat, einkunnir og próf

Til að stúdent fái að leysa þreyta próf verður hann að vera skráðu í námskeiðið og hafa uppfyllt skilyrði um viðvist eða ástundun ef um það er að ræða. Til að standast námskeið á öllum stigum náms í læknisfræði þarf nemandi að fá lágmarkseinkunn 5,0.

Námsmat er í formi skriflegra, munnlegra eða verklegra prófa, ritgerðaskilum og /eða öðrum verkefnum. Upplýsingar um áætlað námsmat er að finna á heimasíðum námskeiðs en kennari kynnir endanlegt námsmat við upphaf kennslu.

**Stúdent skal hafa lokið öllum prófum hvers árs, áður en hann hefur nám á næsta námsári.**

**ATH. Próf eru einungis haldin á íslensku og ekki þýdd á önnur tungumál.**

Í sérstökum tilvikum má nemandi svara á ensku, dönsku, sænsku eða norsku.

**Reglur um framkvæmd prófa í læknisfræði**

1. Próf í læknisfræðiskor skulu að jafnaði vera skrifleg, en geta einnig verið munnleg eða verkleg eftir ákvörðun deildarinnar. Sé munnlegt próf fyrirhugað verður það að samþykkjast af deildarráði.

2. Kennarar kynna nemendum og kennsluráði prófform og reglur um mat í upphafi kennslu. Forstöðumanni fræðasviðsins ber að sjá til að þetta sé gert.

3. Endurtekningarpróf, sjúkrapróf og úrsagnarpróf, skulu líkjast upphaflega prófinu sem mest að gerð. Verði því ekki við komið, skal tilkynna kennslustjóra með a.m.k. mánaðar fyrirvara í hverju breytingin er fólgin. Sama gildir er breytingar eru gerðar í formi reglulegra prófa.

4. Við mat á endurtekningarprófum, sjúkraprófum og úrsagnarprófum, skal gera sambærilegar kröfur og í upphaflega prófinu.

5. Kennarar riti ekki einkunnir sínar eða athugasemdir á prófúrlausnir þar eð það kynni að torvelda prófdómara, ef til yrði kvaddur, að uppfylla þau skilyrði 59. gr. reglugerðar Háskóla Íslands að gefa sjálfstætt einkunn fyrir úrlausn.

6. Upptöku-, sjúkra- og úrsagnapróf skal einungis halda í júnímánuði og þá aðeins einu sinni. Forfallist nemandi í þeim prófum eða falli í úrsagnar- eða sjúkraprófi verður hann að bíða næsta reglulegs próftíma í viðkomandi grein. Sérákvæði gilda um sjúkrapróf á 6. ári.

7. Um sjúkrapróf gilda eftirfarandi reglur:

a) Nemandi á rétt á sjúkraprófi, ef hann veikist á próftíma eða í prófi. Ennfremur ef um veruleg veikindi er að ræða á námstíma.

b) Veikist stúdent í prófi skal það tilkynnt prófstjóra umsvifalaust.

c) Beiðni um sjúkrapróf skal lögð fram ásamt veikindavottorði á skrifstofu deildarinnar eigi síðar en á öðrum degi eftir að reglulegt próf fór fram.

d) Veikindavottorð skal byggt á læknisskoðun eða viðtali á meðan á veikindum stendur. Skal það koma fram í vottorðinu svo og hvenær læknisskoðun fór fram.

e) Um veikindavottorðið fjallar kennslustjóri (ef læknislærður) annars fulltrúi kennara í kennsluráði tilnefndur árlega í upphafi hvers kennsluárs (þ.e. að hausti).

8. Sjúkrapróf á 6. ári er heimilt að halda innan fjögurra vikna frá því að próf fór fram.

9. Stúdent er heimilt að segja sig úr prófi á haust- eða vormisseri og taka próf í júní í viðkomandi fagi í staðinn (sbr. 6. grein), eða bíða næsta reglulegs próftíma í þeirri grein. Stúdent má þó aðeins segja sig einu sinni úr prófi í hverri námsgrein.

10. Frávik frá ofangreindum reglum getur deildarforseti einn veitt eða sá er hann tilnefnir, og þá aðeins í samráði við viðkomandi kennara.

11. Varðandi framkvæmd prófa að öðru leyti, þá vísast til almennrar reglugerðar Háskóla Íslands um próf svo og til reglugerðar læknadeildar. Sérstaklega skal bent á eftirfarandi atriði úr reglugerð Háskóla Íslands:

57. gr. "Nú stenst stúdent ekki próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann þá ekki prófið gangi frá því eða komi ekki til prófs án þess að boða forföll hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga oftar undir það ..."
89. gr. "Stúdent skal hafa lokið öllum prófum hvers árs, áður en hann hefur nám á næsta námsári."
"... Séu prófþættir fleiri en einn í einhverri kennslugrein eða próf haldið í sömu kennslugrein á fleiri en einu ári, þarf stúdent að fá tilskilda lágmarkseinkunn í hverjum prófþætti. Deildin ákvarðar vægi hvers prófþáttar í samráði við kennara...."

Kennslu- og próftímabil
**Upphaf kennslu:**
**Haustmisseri**
1. ár: 17. ágúst
2.- 6. ár: 24. ágúst
**Vormisseri**
1.- 6. ár: 7. janúar

**Próf:**
Almenn próf eru haldin 2. til 18. desember og 29. apríl til 14. maí.
Vegna uppbyggingar náms geta kennslutímabil verið mismunandi að lengd og ekki fylgt misseraskiptum (blokkir). Í slíkum tilfellum geta próf fallið utan hefðbundins próftímabils HÍ.

**Sjúkra-, úrsagnar- og upptökupróf 10. - 20. júní.**
Samkvæmt samþykkt deildarráðs læknadeildar 4. febrúar 2009 eru sjúkra-, úrsagnar- og upptökupróf haldin á tímabilinu 10. - 20. júní.
Sérstakur fyrirvari:
Gerðar hafa verið breytingar á Reglum fyrir Háskóla íslands nr. 458/2000, 56. gr. með nýrri 2. mgr. Þar er deildum heimilaið að víkja frá ákvæðum 1. mgr. og halda sjúkra- og upptökupróf strax í kjölfar almennra próftímabila í desember og maí.

Kröfur um námsframvindu
**Læknisfræði, Kandídatspróf**
Cand. Med. nám er 360 eininga fullt nám. Skipulag náms miðast við að nemendur hefji nám á haustmisseri að loknum inntökuprófum.
Stúdent skal hafa lokið öllum prófum hvers árs, áður en hann hefur nám á næsta námsári.
Kennslu er hagað þannig að unnt er að ljúka námi á sex árum en heildarnámstími má ekki vera lengri en átta ár.

Endurinnritun og forkröfur

Að hefja nám á vormisseri
Skipulag læknanáms miðast við að nám sé hafið á haustmisseri að loknum inntökuprófum í júní sama ár.

Hægt er að hefja meistara og doktorsnám á haust- eða vormisseri.
Skiptinám
Í gildi eru samningar milli læknadeildar og nokkurra erlendra háskóla. Nánari upplýsingar veita Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins og skrifstofa læknadeildar.
Reglur

Reglur um meistaranám við Læknadeild Háskóla Íslands
http://www2.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1003653/517.pdf
Reglur um doktorsnám og doktorspróf við læknadeild Háskóla Íslands
http://www2.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1009341/798_2006.pdf
Kennarar
http://www.hi.is/is/heilbrigdisvisindasvid_deildir/laeknadeild/um_deildina/starfsfolk

## Námsbraut í sjúkraþjálfun

Skrifstofa námsbrautar í sjúkraþjálfun
**Stapa v.Hringbraut, 101 Reykjavík**
**Sími: 525-4004 - Bréfasími: 525-4008**
**Tölvupóstfang: physiotherapy@hi.is**
**Heimasíða: www.physio.hi.is**
**Opnunartímar: 10.00-12.00 og 13.00-15.00**

Sjúkraþjálfun, BS, 240 e
Nám í sjúkraþjálfun tekur 4 ár og lýkur með BS gráðu í sjúkraþjálfun. Námið er alls 240 eininga eða 60 einingar á misseri. Hámarkstími námsins er 5 ár. Fagið byggir á fræðilegum og vísindalegum grunni þar sem lykilhugtakið er hreyfing. Hluti námsins er verklegur þar sem nemendur eru þjálfaðir í að beita æfingum og læra handtök sjúkraþjálfara. Hluti af þriðja og fjórða námsári fer fram á endurhæfingarstöðvum, sjúkraþjálfunarstofum, heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum, þar sem nemendur vinna með sjúklinga undir handleiðslu reyndra sjúkraþjálfara.
Aðalmarkmið námsins er að þróa hjá nemendum breiðan og traustan grunn fræðilegrar og verklegrar kunnáttu þannig að þeir verði hæfir sjúkraþjálfarar að námi loknu með getu til áframhaldandi náms og faglegs þroska. Námið býr nemendur undir að eiga samskipti og vinna

með öðrum, auk þess sem þeir læra að veita ráðgjöf og fræðslu. Lögð er áhersla á nemendur efli hæfileika sína til sjálfstæðra faglegra vinnubragða og sýni ábyrgð í starfi.
Námið býr nemendur undir að starfa í íslensku heilbrigðiskerfi samkvæmt reglum og siðfræðilegum gildum og samkvæmt bestu faglegri vitneskju. Það veitir einnig undirbúning fyrir rannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám.
Námið hentar vel þeim sem hafa almennt áhuga á hreyfingu og vilja starfa við að viðhalda og bæta heilsu og starfsgetu fólks, hvort sem það er fatlað, veikt eða heilbrigt.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=020400_20096
Öll námskeið námsleiðarinnar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&namsknumer=0204
Upplýsingar

Inntökuskilyrði

Grunnnám
Nemendur sem hefja nám í Háskóla Íslands, skulu hafa lokið stúdentsprófi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla.
**Inntökupróf, sem sker úr um hvaða nemendur hefja nám í læknadeild (læknisfræði og sjúkraþjálfun) er haldið í júní ár hvert.**
Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms í læknisfræði og sjúkraþjálfun við deildina er takmarkaður. Sjá nánar sérstaka auglýsingu sem birtast mun í dagblöðum í byrjun maí og einnig upplýsingar á heimasíðu læknadeildar.

**Reglur um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands**
**1. gr.**
**Ákvörðun um fjöldatakmörkun.**
Læknadeild leggur árlega fyrir háskólaráð rökstuddar tillögur um fjölda stúdenta sem unnt er að taka til náms í læknisfræði og sjúkraþjálfun. Skal beiðni frá læknadeild, þar að lútandi, send háskólaráði fyrir lok nóvember. Háskólaráð afgreiðir tillögur læknadeildar eigi síðar en í janúar.
Ákvörðun um fjölda nýnema, sem teknir eru inn ár hvert, gildir í eitt ár.
**2.gr.**
**Inntökupróf.**
Inntökupróf er haldið í júní ár hvert, samkvæmt nánari ákvörðun læknadeildar að höfðu samráði við framkvæmdastjóra kennslusviðs Háskóla Íslands. Prófið er haldið á vegum Háskóla Íslands og í húsnæði á hans vegum.
Læknadeild auglýsir prófið og birtist sérstök lýsing á framkvæmd þess á heimasíðu deildarinnar.
Nemendur skulu vera skráðir sérstaklega til inntökuprófsins, hjá nemendaskrá Háskóla Íslands, áður en þeir ganga til prófsins. Tiltekinn fjöldi, ákveðinn skv. 1. gr., þeirra nemenda sem bestum árangri ná í prófinu, fær rétt til náms í læknadeild Háskóla Íslands, læknisfræði eða sjúkraþjálfun, sbr. 4. gr. Nemandi sem öðlast rétt til náms í læknadeild, að loknu inntökuprófi, skal hefja námið á næsta haustmisseri eftir prófið. Að öðrum kosti hefur hann fyrirgert rétti sínum til náms í læknadeild á grundvelli þessa inntökuprófs, en þann rétt öðlast þá sá nemandi sem næstur var því að öðlast rétt til náms á grundvelli sama inntökuprófs. Séu tveir eða fleiri nemendur jafnir, öðlast báðir eða allir rétt til náms á næsta haustmisseri.
**3. gr.**
**Skráning til inntökuprófs.**
Skráningu til inntökuprófsins skal lokið fyrir 20. maí. Skráning getur farið fram, enda þótt nemandi hafi þá ekki lokið stúdentsprófi, en þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi.
Heimilt er, á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, að innheimta próftökugjald til að kosta gerð, fyrirlögn og yfirferð inntökuprófa. Ef próftökugjald er innheimt, fer um fjárhæð þess og innheimtu eftir sameiginlegum reglum fyrir Háskóla Íslands.
**4. gr.**
**Skrásetning til náms í Háskóla Íslands.**
Skrásetningu þeirra, sem þreyta inntökupróf skv. þessum reglum og öðlast rétt til náms í læknadeild, skal lokið fyrir 1. ágúst. Þeir, sem ekki öðlast rétt til náms í læknadeild, eiga þess kost að skrásetja sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.
**5. gr.**
**Framkvæmd og námsefni í inntökuprófi.**
Undirbúningur prófsins fer fram af hálfu læknadeildar í samstarfi við kennara framhaldsskóla. Prófið tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próftímum hvorn daginn, eða 12 klst. alls.
Í stað hefðbundinna viðtala, sem víða tíðkast við inntöku nýnema, verður prófið að hluta til mat á almennri þekkingu, nálgun og úrlausn vandamála svo og spurningar um siðfræðileg álitaefni. Allt að tveir tveggja tíma próftímar verða nýttir fyrir þennan hluta er gildir 30% af heild. Í þeim hluta er um að ræða krossapróf og stuttar ritgerðir. Þessi prófþáttur byggir ekki á ákveðnu námsefni.
Hinir próftímarnir verða fyrir krossapróf eingöngu (70% hluti) með um tveimur mínútum að meðaltali fyrir hverja spurningu, eða samtals 240 spurningar.
Sá hluti miðast við námsefni framhaldsskóla, svo sem lýst er hér á eftir. Áfangar sem mælt er með til undirbúnings, er lýst í gildandi aðalnámskrá framhaldskóla.
Einkum er miðað við þá áfanga sem eru í kjörnum mála-, náttúrufræði- og félagsfræðibrauta. Áherslur einstakra greina, úr ráðlögðum áföngum geta síðar orðið mismunandi frá einu ári til annars.
Þeir áfangar sem lagðir eru til grundvallar fyrir prófið eru eftirfarandi:
a) Eðlisfræði, EÐL 103, 203
b) Efnafræði, EFN 103, 203, 303, 313
c) Enska, ENS 103, 203, 303, 403
d) Félagsfræði, FÉL 103
e) Íslenska, ÍSL 102, 202, 212, 303, 403, 503
f) Náttúruvísindi, NÁT 103, 113, 123
g) Líffræði, LÍF 103, 203
h) Saga, SAG 103, 203
i) Stærðfræði, STÆ 103, 203, 303, 403, 503

j) Tölfræði, STÆ 313
k) Sálarfræði, SÁL 103
Læknadeild tilnefnir umsjónarmenn með samningu prófsins og til að fara yfir prófúrlausnir. Háskólarektor skipar, að fengnum tillögum læknadeildar, prófdómara einn eða fleiri eftir atvikum.
Þar sem ekki er um að ræða krossapróf dæma umsjónarmenn annars vegar og prófdómari hins vegar úrlausnir og gefa sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnir. Endanleg niðurstaða er meðaltal þeirra einkunna.
Einkunnir verða reiknaðar með tveimur aukastöfum.
Á heimasíðu læknadeildar skal birta sýnishorn af prófspurningum úr hverjum prófhluta fyrir sig til glöggvunar fyrir þá sem hyggjast þreyta prófið.

**6. gr.**
**Skorir læknadeildar.**
Inntökupróf er sameiginlegt fyrir báðar skorir læknadeildar, læknisfræði og sjúkraþjálfun, en heimilt er að hafa mismunandi vægi, í einstökum prófgreinum, fyrir hvora skor enda verði það auglýst sérstaklega. Við innritun í prófið ákveða nemendur fyrir hvora skorina (læknisfræði eða sjúkraþjálfun), prófúrlausn þeirra skuli metin, með því að merkja við þá skor sem við á.
Aðrar deildir geta gerst aðilar að prófinu samkvæmt sérstökum samningi milli deildanna.

**7. gr.**
**Gildistaka o.fl.**
Reglur þessar hefur háskólaráð sett á grundvelli tillögu læknadeildar og með vísan til 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, sbr. 2. mgr. 89. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.
Breyttar reglur öðlast þegar gildi og verður þeim beitt við inntöku stúdenta í læknadeild frá og með háskólaárinu 2007-2008.
Ákvæði til skýringar.
Um er að ræða próf til inntöku nýnema í nám í læknadeild. Hugtakið "almenn þekking", í skilningi reglna þessara, miðast því við það markmið, og er í sjálfu sér ekki takmarkað. Þannig verður t.d. leitað eftir þekkingu á málefnum líðandi stundar, s.s. á sviði mannlegra þátta, sögu og menningar hvers konar, félagsfræði og heilbrigðisumræðu. Nálgun og úrlausn vandamála, svo og siðfræðileg afstaða, verða metin eftir lausnum sérstakra vandamála sem verða sett fram sem sjúkratilfelli eða annars konar vandamál til úrlausnar. Höfundar prófsins munu, við gerð þess, ákveða fyrirfram hvaða áherslum er verið að sækjast eftir til að byggja ramma utan um einkunnagjöf.
Háskóla Íslands, 30. nóvember 2006.
Kristín Ingólfsdóttir.
Þórður Kristinsson.

Framhaldsnám

**Til að innritast í meistaranám við læknadeild** þarf stúdent að hafa lokið B.S.-prófi frá Háskóla Íslands, 4. ári við læknadeild Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki einkunnina 6,5 í aðaleinkunn úr B.S.-prófi eða samsvarandi námi. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

**Til að innritast í doktorsnám við læknadeild** þarf nemandi að hafa lokið B.S.-prófi frá Háskóla Íslands, 4. ári í læknisfræði við læknadeild Háskóla íslands og eða öðru prófi sem rannsóknanámsnefnd metur að sé samsvarandi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki 7,25 í aðaleinkunn úr B.S.-prófi eða samsvarandi námi. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfi og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.
Doktorsefni, sem þegar hafa reynslu í vísindalegum vinnubrögðum, hafa lokið rannsóknum og birt vísindagreinar um vel afmarkað viðfangsefni sem gæti myndað grunn að doktorsritgerð, falla undir sama skipulag og aðrir, þ.e. skipa skal umsjónarkennara og doktorsnefnd, sbr. 11. og 14. gr. reglna um doktorsnám og doktorspróf við læknadeild HÍ. Doktorsnefndin metur reynslu, rannsóknarvinnu og skrif doktorsefnis til doktorsnáms og leiðbeinir við verklok rannsóknarvinnu, skrif og frágang doktorsritgerðar.

Kennsluhættir

Áætlaður námstími til að fá starfsréttindi er fjögur ár.
Námið er samsett af bóklegri og verklegri kennslu. Markmiðið er að nemendur fái víðtæka þekkingu á efninu með mismunandi kennsluaðferðum. Kennsla fer fram með fyrirlestrum, umræðutímum, verklegum æfingum, dæmatímum, verkefnavinnu og lausnaleitarverkefnum (PBL). Klínísk þjálfun fer fram á heilbrigðisstofnunum og sjúkraþjálfunarstofum.

Námsmat, einkunnir og próf

Til að stúdent fái að leysa þreyta próf verður hann að vera skráður í námskeiðið og hafa uppfyllt skilyrði um viðvist eða ástundun ef um það er að ræða. Til að standast námskeið á öllum stigum náms í sjúkraþjálfun þarf nemandi að fá lágmarkseinkunn 5,0.
Námsmat er í formi skriflegra, munnlegra eða verklegra prófa, ritgerðaskilum og /eða öðrum verkefnum. Upplýsingar um áætlað námsmat er að finna á heimasíðum námskeiðs en kennari kynnir endanlegt námsmat við upphaf kennslu.

**Stúdent skal hafa lokið öllum prófum hvers árs, áður en hann hefur nám á næsta námsári.**

**ATH. Próf eru einungis haldin á íslensku og ekki þýdd á önnur tungumál.**
Reglur um próftöku og mat á prófum í sjúkraþjálfunarskor.
Öll skrifleg próf skulu tekin undir nemendanúmeri (sem nemar fá úthlutað við skráningu) nema sérstakar ástæður hamli.
Kennari fer yfir skriflega prófið og skilar lista með einkunnum undir nemendanúmerum til skrifsofustjóra.
Ef reikna þarf inn í lokaeinkunn verkleg próf, verkefni eða önnur hlutapróf sem tekin eru undir nafni fær kennari afhentan nemendanúmeralykil hjá skrifstofustjóra.
Kennari gengur frá lokaeinkunn í námskeiði og afhendir skrifstofustjóra lista með lokaeinkunn undir nemendanúmerum; hann skilar af því loknu nemendanúmeralyklinum til baka til skrifstofustjóra.
Komi fleiri en einn kennari að prófi og einkunnagjöf í námskeiði skal umsjónarmaður námskeiðs sjá um að setja saman og ganga frá prófverkefnum og ganga frá lokaeinkunn í námskeiði.
Þar sem einkunn í námskeiði er samsett úr mörgum þáttum má krefjast lágmarkseinkunnar úr hverjum hluta fyrir sig en slíkt skal skýrt tekið fram í upphafi námskeiðs í marklýsingu eða öðru upplýsingaefni sem birt er í upphafi námskeiðs. Prófhluti sem krafist er lágmarkseinkunnar úr skal þó almennt ekki vera minni en sem samsvarar 0,8 einingum en þó aldrei minna en 25% af lokaeinkunn.
Falli nemandi í einum hluta prófs í margþættu prófi þar sem krafist er lágmarks einkunnar í hverjum hluta (sbr 6. lið) er nemanda heimilt að taka upptökupróf einungis í þeim hluta sem hann féll í. Ef nemandi ætlar að nýta sér þann rétt skal hann tilkynna það skorarformanni eða umsjónarmanni námskeiðs og skrá sig í upptökupróf hjá nemendaskrá. Þetta ákvæði breytir engu um þá almennu reglu að próf eða prófhluta má aðeins þreyta tvisvar.

Sjúkra- og upptökupróf fara fram í lok ágúst ár hvert. Undanþágu frá því þarf að sækja um skriflega til skorarstjórnar.

Kennslu- og próftímabil

**Yfirlit yfir dagsetningar kennslu og próftímabila**
**Haustmisseri**
**Upphaf kennslu**: 1. og 3. ár 24. ágúst og 2. og 4. ár 31. ágúst.
**Próf**:
1. ár: október og desember
2. og 3. ár: desember
4. ár: október

**Vormisseri**
**Upphaf kennslu**: 7. janúar
**Próf:**
1. ár: febrúar og maí
2. ár: febrúar og maí
3. ár: maí
**Próf:**
Almenn próftímabil HÍ eru 10. til 21. desember og 29. apríl til 15. maí.
Sérstakur fyrirvari:
Gerðar hafa verið breytingar á Reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, 56. gr. með nýrri 2. mgr. Þar er deildum heimilað að víkja frá ákvæðum 1. mgr. og halda sjúkra- og upptökupróf strax í kjölfar almennra próftímabila í desember og maí.

Kröfur um námsframvindu
**Nemandi skal hafa lokið öllum prófum hvers árs, áður en hann hefur nám á næsta námsári.**
**Einkunnir**
Til að standast námskeið á öllum stigum náms þarf nemandi að fá lágmarkseinkunn 5,0.
Að hefja nám á vormisseri
Skipulag BS náms í sjúkraþjálfun miðast við að nám sé hafið á haustmisseri að loknum inntökuprófum í júní sama ár.
Hægt er að hefja meistara og doktorsnám á haust- eða vormisseri.
Reglur
Reglur um meistaranám við Læknadeild Háskóla Íslands
http://www2.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1003653/517.pdf
Reglur
Reglur um doktorsnám og doktorspróf við læknadeild Háskóla Íslands
http://www2.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1009341/798_2006.pdf
Kennarar

| Nafn | Staða | Netfang | Símanúmer |
|---|---|---|---|
| Árni Árnason, formaður | Dósent | arnarna@hi.is | 525 4007 |
| Ella Kolbrún Kristinsdóttir | Dósent | ekk@hi.is | 525 4828 |
| Kristín Briem | Lektor | kbriem@hi.is | 525 4096 |
| María Þorsteinsdóttir | Dósent | mth@hi.is | 525 4005 |
| Sigrún Vala Björnsdóttir | Lektor | sigrunvb@hi.is | 525 4091 |
| Svandís Sigurðardóttir | Lektor | svandis@hi.is | 525 4006 |
| Þjóðbjörg Guðjónsdóttir | Lektor | thbjorg@hi.is | 525 4092 |
| Þórarinn Sveinsson | Dósent | thorasve@hi.is | 525 4840 |

## Námsbraut í geisla- og lífeindafræði

**Aðsetur**
Stapi
Hringbraut 31
101 Reykjavík
Heimasíða

**Geislafræði**
Díana Óskarsdóttir
Sími: 525 5996
Netfang: dianao@hi.is

**Lífeindafræði**
Martha Á. Hjálmarsdóttir
Sími: 525 4898
Netfang: hjalmars@hi.is
Geislafræði, BS, 180 e
Þriggja ára fræðilegt og verklegt grunnnám í geislafræði við námsbraut í geisla- og lífeindafræði í læknadeildar Háskóla Íslands. Námið er 180e og er fullgilt próf til prófgráðunnar baccalaureus scientiarum, BS.

Inntökuskilyrði er stúdentspróf. Samkeppnispróf er haldið að loknu fyrsta misseri. Fjöldi stúdenta sem tekinn er inn í nám við deildina eftir samkeppnispróf er takmarkaður ár hvert við 15 nemendur.
Æskilegt er að ljúka stúdentsprófi af náttúrufræðibraut. Ef nám er stundað á öðrum bóknámsbrautum er æskilegt að bæta við sig áföngum sem veita undirbúning í eðlisfræði, efnafræði og líffræði.
BS próf í geislafræði veitir aðgang að diplómanámi á framhaldsstigi og/eða meistaranámi.
BS próf í geislafræði auk 60 eininga framhaldsnáms í geislafræði veitir starfsréttindi sem geislafræðingur.
Meginmarkmið námsins er að veita grunnmenntun í geislafræði þannig að nemandi geti tekist á við frekara nám sem veitir réttindi til að starfa sem geislafræðingur eða æðri prófgráður.
Áhersla er lögð á að nemandi kunni skil á þeim rannsóknum sem heyra undir myndgreiningarsvið.
Í náminu lærir nemandi að takast á við allar þær rannsóknir sem eru á verksviði geislafræðinga á Íslandi, svo sem almennar röntgenrannsóknir, ísótóparannsóknir, tölvusneiðmyndarannsóknir, æðarannsóknir og segulómrannsóknir.
Námið hentar vel þeim sem hafa áhuga á heilbrigðisvísindum þar sem framfarir eru miklar og starfsmöguleikar fjölbreyttir.
Áætlaður námstími til að fá starfsréttindi sem geislafræðingur er samtals 4 ár. Námið samanstendur af þriggja ára námi (180 einingar) til BS prófs í geislafræði. Viðkomandi þarf síðan að ljúka til viðbótar fyrra ári (60 einingar) í meistaranámi (MS) til að fá starfsréttindi í viðkomandi grein.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=020600_20096

Öll námskeið námsleiðarinnar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&namsknumer=0206

Lífeindafræði, BS, 180 e
Þriggja ára fræðilegt og verklegt grunnnám í lífeindafræði við námsbraut í geisla- og lífeindafræði í læknadeildar Háskóla Íslands. Námið er 180e og er fullgilt próf til prófgráðunnar baccalaureus scientiarum, BS.
Inntökuskilyrði er stúdentspróf. Samkeppnispróf er haldið að loknu fyrsta misseri (í desember). Fjöldi stúdenta sem tekinn er inn í nám við deildina eftir samkeppnispróf er takmarkaður ár hvert við 20 nemendur.
BS próf veitir aðgang að diplómanámi á framhaldsstigi og/eða meistaranámi.
BS próf og diplómapróf á framhaldsstigi, 60 einingar, eru skilyrði fyrir starfsréttindi sem lífeindafræðingur.

Meginmarkmið námsins er að veita grunnmenntun í lífeindafræði þannig að nemandi geti tekist á við frekara nám sem veitir réttindi til að starfa sem lífeindafræðingur eða æðri prófgráður eftir því hve langt er haldið. Mikilvægi náms í lífeindafræði liggur í þekkingu sem stuðlar að öruggri greiningu, meðferð og forvörnum gegn sjúkdómum.
Í náminu fá nemendur tækifæri til að takast á við rannsóknir á sýnum frá mannslíkamanum sem gerðar eru á mismunandi sviðum lífeindafræðinnar, svo sem blóðbankafræði, blóðmeinafræði, erfðafræði, klínískar lífefnafræði, klínískar lífeðlisfræði, ónæmisfræði, sameindaerfðafræði, sýklafræði og vefjameinafræði.
Námið hentar vel þeim sem hafa áhuga á lífvísindum og vilja búa sig undir að taka þátt í fjölbreytilegu starfi á flestum gerðum rannsóknastofa í heilbrigðisþjónustu.
Áætlaður námstími til að fá starfsréttindi sem lífeindafræðingur er samtals 4 ár. Námið samanstendur af þriggja ára námi (180 einingar) til BS prófs í lífeindafræði og eins árs diplómanámi á framhaldsstigi (60 einingar). Diplómanámið nýtist jafnframt sem fyrra árið í meistaranámi (MS).

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=020800_20096

Öll námskeið námsleiðarinnar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&namsknumer=0208

Geislafræði, diplómanám og meistarapróf
Nám til meistaraprófs er tveggja ára fræðilegt og rannsóknatengt í geislafræði við námsbraut í geisla- og lífeindafræði í læknadeildar Háskóla Íslands. Námið er 120e á stigi 2 og er fullgilt próf til prófgráðunnar magister scientiarum, MS.
Inntökuskilyrði er BS próf í geislafræði eða sambærilegt próf, að jafnaði lokið með einkunn 6,5 eða hærri, þó hafa þeir sem staðist hafa BS próf í geislafræði rétt til að hefja diplómanám án skilyrða um lágmarkseinkunn.

Diplómanám er fyrra námsár í námi til meistaraprófs er 60 e viðbótarnám eftir BS próf sem veitir rétt til starfsréttinda sem geislafræðingur. Námið felst í námskeiðum, starfsnámi og rannsóknaverkefni.
Til meistaraprófs telst seinna námsárið 60e rannsóknaverkefni. Meistarapróf veitir aðgang að doktorsnámi á 3. þrepi.

Meginmarkmið námsins er á fyrra ári að búa nemendur undir störf sem geislafræðingar.
Námið veitir nemendum fræðilega, hagnýta og aðferðafræðilega þekkingu til að takast á við fjölbreytileg störf á myndgreiningarsviði.
Seinna árið lýkur með meistaragráðu. Námið miðast við að undirbúa nemendur undir rannsóknir í greininni. Námið er góður undirbúningur fyrir flóknari og ábyrgðameiri rannsóknastörf, fræðslu og kennslu.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=020620_20096

Öll námskeið námsleiðarinnar

Lífeindafræði, diplómanám og meistarapróf
Nám til meistaraprófs er tveggja ára fræðilegt og rannsóknatengt framhaldsnám í lífeindafræði við námsbraut í geisla- og lífeindafræði í læknadeildar Háskóla Íslands. Námið er 120e á stigi 2 og er fullgilt próf til prófgráðunnar magister scientiarum, MS.
Inntökuskilyrði er BS próf í lífeindafræði eða sambærilegt próf, að jafnaði lokið með einkunn 6,5 eða hærri, þó hafa þeir sem staðist hafa BS próf í lífeindafræði rétt til að hefja diplómanám án skilyrða um lágmarkseinkunn.
Diplómanám er fyrra námsár í námi til meistaraprófs er 60e viðbótarnám eftir BS próf og er skilyrði fyrir starfsréttindum sem lífeindafræðingur. Námið felst í námskeiðum og rannsóknaverkefni.
Til meistaraprófs felst seinna námsárið í 60 eininga rannsóknaverkefni. Meistarapróf veitir aðgang að doktorsnámi á 3. þrepi.

Meginmarkmið námsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi að búa nemendur undir störf sem lífeindafræðingar með diplómanámi á fyrra ári. Námið veitir nemendum fræðilega, hagnýta og aðferðafræðilega þekkingu til að geta tekist á við fjölbreytileg rannsóknastörf á flestum gerðum

rannsóknastofa í lífvísindum. Í öðru lagi að veita meistaragráðu að loknum tveimur árum. Mikilvægi þess er að auka þekkingu í lífvísindum og undirbúa nemendur undir rannsóknir í greininni. Námið er góður undirbúningur fyrir flóknari og ábyrgðarmeiri rannsóknastörf, fræðslu og kennslu.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=020820_20096

Öll námskeið námsleiðarinnar

Upplýsingar

Inntökuskilyrði
Stúdentspróf. Æskilegt er að ljúka stúdentsprófi af náttúrufræðibraut. Ef nám er stundað á öðrum bóknámsbrautum er æskilegt að bæta við sig áföngum sem veita undirbúning í eðlisfræði, efnafræði og líffræði.
Samkeppnispróf er haldið að loknu fyrsta misseri (í desember) og er fjöldi stúdenta sem fær að halda áfram eftir samkeppnisprófin takmarkaður við 15 nemendur í geislafræði og 20 nemendur í lífeindafræði.
Sjá **REGLUR** um val nemenda til náms í geislafræði og lífeindafræði við læknadeild Háskóla Íslands.

Kennsluhættir
Námið er samsett af bóklegri og verklegri kennslu.
Sum námskeið eru í formi fyrirlestra en í meirihluta námskeiða eru kennsluhættir fjölþættir.
Fyrirlestrar verða um fræðilegar kenningar fagsins samþætt verkkennslu þar sem nemendur læra að beita rannsóknaaðferðum. Verkkennsla fer fram á kennslurannsóknastofum í Stapa og/eða á klínískum rannsóknastofum. Í hana er mætingaskylda og krefst sú vinna virkrar þátttöku.
Að öðru leiti felst vinnan að mestu í lestri, verkefnum, kynningum og umræðum.

Námsmat, einkunnir og próf
Til að stúdent fái að þreyta próf verður hann að vera skráður í námskeiðið og hafa uppfyllt skilyrði um viðvist eða ástundun ef um það er að ræða. Mætingarskylda er í verklega tíma. Til að standast námskeið á öllum stigum náms í geislafræði og lífeindafræði þarf nemandi að fá lágmarkseinkunn 5,0, sjá þó umfjöllun um inntökuskilyrði.
Námsmat er í formi skriflegra, munnlegra eða verklegra prófa, verkefnum sem gerð eru skil með ritgerð og /eða fyrirlestri. Upplýsingar um áætlað námsmat er að finna á heimasíðum námskeiðs en kennari kynnir endanlegt námsmat við upphaf kennslu.
Sjá REGLUR um val nemenda til náms í geislafræði og lífeindafræði við læknadeild Háskóla Íslands.

Kennslu- og próftímabil
**Kennslutímabil:**
Haustmisseri: 1. - 3. ár 25. ágúst - 29. nóvember ATH
Vormisseri: 1. - 3. ár 5. janúar - 25. apríl ATH
**Próf:**
Almenn próf eru haldin 10. til 21. desember og 29. apríl til 15. maí.
**Sjúkra- og upptökupróf** 10. - 20. júní (5 daga tímabil samkv. ákvörðun prófstjóra)

Kröfur um námsframvindu

Endurinnritun og forkröfur

Að hefja nám á vormisseri
Skipulag BS náms bæði í geislafræði og í lífeindafræði miðast við að nám sé hafið á haustmisseri.

Skiptinám
Námsbraut í lífeindafræði er aðili að Nordplus samstarfsneti, **BIOnord**, ásamt ýmsum norrænum skólum sem m.a. felst í skiptinámi en að öðru leiti er vísað á samninga HÍ við erlenda skóla. Nám í bæði geislafræði og lífeindafræði er alþjóðlegt og skiptinám eykur víðsýni.

Reglur
REGLUR um val nemenda til náms í geislafræði og lífeindafræði við læknadeild Háskóla Íslands.

Kennarar
http://www.hi.is/is/heilbrigdisvisindasvid_deildir/laeknadeild/um_deildina/starfsmannaskra_geisla_og_lifeindafraedi

Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=23

Reglur
http://www2.hi.is/page/reglurHI#laeknadeild

## Matvæla- og næringarfræði

**Skrifstofa matvæla- og næringarfræðideildar**
Til að byrja með verður skrifstofa deildarinnar staðsett á
Rannsóknastofu í næringarfræði
Eiríksgötu 29
101 Reykjavík
Opin virka daga frá kl. 9-16
Sími: 543 8410
Bréfasími: 543 4824
Netföng:
Heimasíður: www.matur.hi.is og www.naering.hi.is

## Grunnnám

Matvæla- og næringarfræðideild er ný deild við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Áður var deildin skor innan Raunvísindadeildar. Grunnnám við matvæla- og næringarfræðideild byggir á traustum grunni, auk þess sem framhaldsnám við deildina er með því öflugasta sem þekkist innan Háskóla Íslands.
Matvæla- og næringarfræðideild býður upp á BS nám í matvælafræði, matvælatæknifræði og næringarfræði. BS nám í matvælafræði hefur verið í boði um árabil en kennsluárið 2008-2009 var í fyrsta sinn á Íslandi boðið upp á BS nám í næringarfræði. Kennsluárið 2009 - 2010 verður í fyrsta skipti boðið upp á BS nám í matvælatæknifræði.

Nánari lýsing á hvorri námsleið fyrir sig er gefin hér neðar á síðunni, ásamt áherslum í náminu og hvaða leiðir opnast nemandanum að námi loknu.
Til að hefja nám í matvælafræði skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi af bóknámsbraut eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Æskilegur undirbúningur er stúdentspróf af náttúrufræðibraut. Próf frá frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík (áður Tækniháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands) eða lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú), með sömu áherslum og gerðar eru til stúdentsprófs af náttúrufræðibraut veitir heimild til inntöku í námið.
Til að hefja nám í matvælatæknifræði skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi.
Til að hefja nám í næringarfræði skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi.
Stúdentar eru teknir inn á 2. misseri náms í næringarfræði á grundvelli samkeppnisprófs sem haldið er í lok 1. misseris í samræmi við reglur háskólans um samkeppnispróf.  Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs til BS-prófs í næringarfræði takmarkast við töluna 30.

Matvælafræði, BS, 180 e

Grunnnám til BS gráðu í matvælafræði er 180 eininga, þriggja ára, nám. Matvælafræði byggir á grunni raunvísinda, verk- og tæknifræði, og veitir góða innsýn inn í heilbrigðisvísindagreinar. Matvælafræðin fjallar meðal annars um lausnir fyrir framleiðslu, vinnslu og þróun matvæla, líftækni, öryggi, og nýtingu matvæla með hagsmuni neytenda að leiðarljósi. Náið samstarf er um kennslu í matvælafræði við Matís ohf sem er opinbert rannsókna- og þróunarfyrirtæki í matvælafræði en nokkrir kennarar deildarinnar starfa einnig á Matís ohf. Kennarar deildarinnar eru í mjög virku samstarfi við virta háskóla í Evrópu og Bandaríkjunum og við fyrirtæki í matvælaiðnaði sem og aðrar stofnanir á Íslandi eins og Landspítala-Háskólasjúkrahús og Keldur. Nemendur fá tækifæri til að tengjast atvinnulífi og öðlast reynslu í samskiptum við innlenda og erlenda aðila í námi sínu, sem er ómetanleg reynsla og þeir búa að eftir að námi lýkur. Útskrifaðir matvælafræðingar vinna við fjölbreytt áhugaverð störf á sviðum stjórnunar, stefnumörkunar og ákvarðana um matvælafræðileg málefni. Flestir matvælafræðingar starfa hjá einkafyrirtækjum, rannsóknastofnunum, háskólum og öðrum menntastofnunum og heilbrigðisstofnunum. Matvælafræðingar starfa m.a. við stjórnun fyrirtækja, vöruþróun, markaðsmál,eftirlitsstörf, ráðgjöf, rannsóknir og kennslu.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=090813_20096&kennsluar=2009

Næringarfræði, BS, 180 e

Grunnnám til BS gráðu í næringarfræði er 180 eininga, þriggja ára, nám. Næringarfræði byggir á sterkum grunni raun-, líf- og heilbrigðisvísinda, og veitir innsýn í félagsvísindi, markaðsfræði og upplýsingatækni.
Næringarfræðin fjallar meðal annars um næringarþörf heilbrigðra og sjúkra, á ýmsum æviskeiðum, í þróuðum og þróunarlöndum, um hættu og hollustu matvæla og fæðutengdra efna og tengsl við umhverfi.
Löggilt starfsheiti næringarfræðings krefst MS prófs í greininni.

Útskrifaðir næringarfræðingar (með MS próf) vinna við ýmis störf. Næringarfræðingar taka þátt í stjórnun, stefnumörkun og ákvörðun um næringarfræðileg málefni og ráðleggingar um mataræði.
Næringarfræðingar starfa meðal annars hjá einkafyrirtækjum, rannsóknastofnunum, eftirlits- og stjórnsýslustofnunum, háskólum og öðrum menntastofnunum, og heilbrigðisstofnunum.
Störf næringarfræðinga eru mjög fjölbreytt en þeir vinna meðal annars við rannsóknir, vöruþróun, markaðsmál, kynningarmál, stjórnun og ráðgjöf.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=090817_20096&kennsluar=2009

Matvælatæknifræði BS, 180 e

Um er að ræða hagnýta námslínu, sem boðið er upp á í náinni samvinnu og með mikilli þátttöku Matís. Kenndar eru helstu undirstöðugreinar sem nauðsynlegar eru fyrir örugga og heilnæma matvælaframleiðslu. Náminu er ætlað að sinna þörfum matvælaiðnaðarins á Íslandi og í öðrum löndum. Forkröfur eru stúdentspróf. Námið er kennt í 6 Ects lotum.

**Stutt lýsing á helstu námskeiðum:**

Grunngreinar matvælafræði án verklegra æfinga.
Verkefni og dæmi með áherslu á grundvallaratriði í efnafræði, stærðfræði og eðlisfræði.
Grunngreinar matvælafræði, næringarfræði, rekstrafræði og gæðastjórnun.
Öryggi matvæla og matvælalöggjöf .

Líftækni. Aðfangastjórnun. Næringarfræði. Rekstur, stjórnun og stofnun fyrirtækja.
Valnámskeið og verkefni.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820029_20096
Kennarar
Kennarar matvæla- og næringarfræðideildar eru helstu sérfræðingar landsins hver á sínu sviði, og starfsemi þeirra er bæði hérlendis og erlendis. Kennarar leitast við að vera í fremstu röð með vönduðum rannsóknum og kennslu sem stenst samanburð á alþjóðlegum vettvangi. Hin verðandi deild í matvæla- og næringarfræði er nú ein öflugasta eining Háskólans í rannsóknavirkni á hvert stöðugildi kennara.

Fastráðnir kennarar eru sjö, en mikill stuðningur og samstarf um kennslu er við fjölda sérfræðinga á ýmsum stofnunum og í fyrirtækjum hérlendis auk þess sem deildin nýtur stuðnings erlendra matvæla - og næringarfræðinga.

Kennarar í matvæla- og næringarfræðideild
http://www.hi.is/is/heilbrigdisvisindasvid_deildir/matvaela_og_naeringarfraedideild/um_deildina/starfsfolk

## Framhaldsnám

MS nám við matvæla- og næringarfræðideild er 120 einingar með rannsóknarverkefni unnið undir handleiðslu og í samstarfi við kennara og samstarfsfólk innanlands og utan.
Doktorsnám felur í sér 180 eininga vísindaleg og tæknileg rannsóknarverkefni sem leiða til nýrrar þekkingar og nýsköpunar.

Öllum nemendum í rannsóknar- og framhaldsnámi stendur til boða að taka hluta af námi sínu erlendis í samvinnu við leiðbeinendur. Boðið er upp á MS og doktorsnám bæði í matvælafræði og næringarfræði.

Matvælafræði, Viðbótardiplóma, 60 e
4. árs nám
Þeir sem lokið hafa BS-námi í matvæla- eða næringarfræði geta sótt um að innritast til 60 eininga framhaldsnáms við deildina.
Til framhaldsnáms geta talist eftirfarandi tveir þættir:

Rannsóknarverkefni, sem jafngildir minnst 30e en mest 60e.
Einstök námskeið á vegum deildarinnar (eða annarra deilda Háskólans) eða nám undir handleiðslu kennara.
Heimila má, að námskeið sem tekin hafa verið til BS-prófs umfram þær 180e, sem krafist er til prófsins, gildi sem hluti framhaldsnámsins.
Nemendur, sem vilja innritast til framhaldsnáms, skulu leggja fram námsáætlun með samþykki umsjónarkennara a. m. k. 3 mánuðum áður en þeir ætla að hefja námið. Skal þar lýst rannsóknarverkefninu og tilgreind námskeið sem nemandinn ætlar að taka. Innritun er háð samþykki matvæla- og næringarfræðideildar á námsáætluninni.
Vinna að rannsóknarverkefni skal að jafnaði fara fram undir umsjón einhvers kennara deildarinnar. Heimilt er þó að fela sérfræðingum utan Háskólans að hafa umsjón í samráði við fastan kennara við deildina, sem fylgist með framvindu verkefnisins.
Vinnu að rannsóknarverkefni skal ljúka með samningu ritgerðar, en einnig skal nemandi halda fyrirlestur um verkefnið. Ritgerð ber að skila í þremur eintökum: Einu til umsjónarkennara, öðru til prófdómara og þriðja á Háskólabókasafn. Ritgerð og fyrirlestur skulu metin af umsjónarmanni nemandans auk prófdómara. Auk þess skal nemandi prófaður munnlega í verkefninu og í rannsóknarsviði þess. Ein einkunn er gefin fyrir rannsóknarverkefni og gildir munnlegt próf sem 1/3 hluti þeirrar einkunnar.
Aðaleinkunn fyrir framhaldsnámið er vegið meðaltal einkunna fyrir verkefni og þau námskeið, sem undir námið falla. Námskeið, sem áður hafa verið reiknuð til BS-náms eru hér undanskilin. Til þess að framhaldsnámið öðlist viðurkenningu, má aðaleinkunn eigi vera lægri en 6,0.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=090814_20096&kennsluar=2009
Matvælafræði, Meistarapróf, 120 e
**Nýtt skipulagt MS nám í matvælafræði.**
Nýtt alþjóðlegt MS nám í matvælafræði við Matvæla- og Næringarfræðideild Háskóla Íslands og Matís hefst haustið 2009. Námið byggir á því að beita þekkingu í matvælaefnafræði, matvælalíffræði, matvælavinnslu og -tækni ásamt matvælaverkfræði við að undirbúa nemendur til að leiða störf á öllum sviðum sem koma að þróun og framleiðslu nýrra, heilsusamlegra og öruggra matvæla. Í náminu læra nemendur sjálfstæð vinnubrögð við að leysa og skipuleggja verkefni og fá þjálfun í samstarfi og hópvinnu. Nemendur fá einnig reynslu í að afla upplýsinga og nýta þær við skipulag og lausn verkefna ásamt því að fá þjálfun í að koma nýjum upplýsingum á framfæri í ræðu og riti.
**Lýsing á námsleið:**
MS nám í matvælafræði er 120 einingar. Námið er skipulagt sem tveggja ára nám þar sem námskeið verða kennd í lotum á haust- og vor misserum en rannsóknaverkefni eru unnin þess á milli. Námið samanstendur af 60 einingum í námskeiðum sem ná yfir öll helstu svið matvælafræðinnar og 60 eininga rannsóknaverkefni sem eru unnin undir handleiðslu og í samstarfi við kennara og samstarfsfólk innanlands og utan. Um er að ræða nýtt alþjóðlegt nám sem kennt er á ensku. Námið er einkum skipulagt fyrir nemendur sem hafa BS próf í öðrum greinum en matvælafræði eins og líffræði, efnafræði, lífefnafræði, læknisfræði ásamt verkfræði- og tæknifræðigreinum.
Námið er samvinnuverkefni Matvæla og næringarfræðideildar Háskóla Íslands og Matís ohf sem er opinbert fyrirtæki í rannsóknum og þróun matvæla en nokkrir kennarar deildarinnar starfa einnig á Matís ohf. Kennarar deildarinnar eru í mjög virku samstarfi við virta háskóla í Evrópu og Bandaríkjunum og við fyrirtæki í matvælaiðnaði sem og aðrar stofnanir á Íslandi eins og Landspítala-Háskólasjúkrahús og Keldur. Nemendur fá tækifæri til að tengjast atvinnulífi og öðlast reynslu í samskiptum við innlenda og erlenda aðila í námi sínu, sem er ómetanleg reynsla og þeir búa að eftir að námi lýkur.
Tækifæri í rannsóknum á sviði matvælafræði eru gríðarlega mikil. Áhugi almennings eða neytandans á hollum, góðum og næringarríkum matvælum fer vaxandi og er alþjóðlegur og kallar á matvælafræðinga til margra starfa í þjóðfélaginu og á alþjóðavettvangi.
**Rannsóknaáherslur við deildina falla innan eftirtalinna fagsviða:**
Matvælaefnafræði
Matvælavinnsla
Matvælaverkfræði
Matvælaörverufræði
Öryggi matvæla
Líftækni

Vöruþróun
Við deildina er einnig boðið upp á rannsóknartengt meistara og doktorsnám sem er sniðið að þörfum hvers nemenda. Í MS náminu, sem er 120 einingar, er boðið upp á 60 eða 90 eininga rannsóknaverkefni sem unnið er undir leiðsögn og í samvinnu kennara eða hæfra leiðbeinenda á samstarfsstofnunum. Námskeið velur nemandi í samráði við leiðbeinendur og stjórnast val af áhersum hvers nemenda fyrir sig og geta verið við M&N deild sem og aðrar deildir HÍ eða við aðra innlenda eða erlenda háskóla. Þetta nám er einkum sniðið fyrir nemendur sem hafa lokið BS prófi í matvælafræði frá M&N deild eða sambærilegu prófi.

**Doktorsnám:**
Deildin býður einnig upp á mjög öflugt doktorsnám sem er 180 einingar fyrir nemendur sem hafa lokið MS gráðu en 240 einingar fyrir nemendur sem fara beint í doktorsnám eftir BS nám. Námið byggir á að nemendur ljúki sem svarar eins árs námi í námskeiðum á sínu fagsviði og rannsóknaverkefni sem er unnið í samvinnu við kennara og aðra leiðbeinendur í samræmi við reglur Háskóla Íslands um doktorsnám. Rík áhersla er lögð á að rannsóknaniðurstöður séu birtar á ritrýndum alþjóðlega viðurkenndum vettvangi.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=090815_20096&kennsluar=2009

Matvælafræði, Doktorspróf, 180 e

**Doktorsnám:**
Deildin býður upp á mjög öflugt doktorsnám sem er 180 einingar fyrir nemendur sem hafa lokið MS gráðu en 240 einingar fyrir nemendur sem fara beint í doktorsnám eftir BS nám. Námið byggir á að nemendur ljúki sem svarar eins árs námi í námskeiðum á sínu fagsviði og rannsóknaverkefni sem er unnið í samvinnu við kennara og aðra leiðbeinendur í samræmi við reglur Háskóla Íslands um doktorsnám. Rík áhersla er lögð á að rannsóknaniðurstöður séu birtar á ritrýndum alþjóðlega viðurkenndum vettvangi.

**Lýsing á námsleið**
Doktorsnám í matvælafræði felur í sér 180 eininga vísindaleg og tæknileg rannsóknarverkefni sem leiða til nýrrar þekkingar og nýsköpunar. Öllum nemendum í framhaldsnámi stendur til boða að taka hluta af námi sínu erlendis í samvinnu við leiðbeinendur.

**Rannsóknaverkefni**
Öflugt samstarf er á milli kennara deildarinnar og stofnana og fyrirtækja innanlands.Sérstakur samningur er við Matís ohf, sem er opinbert hlutafélag í rannsóknum, þróun og nýsköpun matvæla.
Á Matís vinnur fjöldi nemenda að verkefnum í framhaldsnámi með það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu, stuðla að hollustu og öryggi matvæla.
Kennarar deildarinnar eru einnig í mjög virku samstarfi við virta háskóla í Evrópu og Bandaríkjunum. Nemendur fá tækifæri til að tengjast atvinnulífi og öðlast reynslu í samskiptum við innlenda sem og erlenda aðila í námi sínu, sem er ómetanleg reynsla og nemendur búa að eftir að námi lýkur.
Nemendur bæði í grunn- og framhaldsnámi eiga því kost á mikilli reynslu gegnum alþjóðleg tengsl.

**Rannsóknaáherslur við deildina falla innan eftirtalinna fagsviða:**
Matvælaefnafræði
Matvælavinnsla
Matvælaverkfræði
Matvælaörverufræði
Öryggi matvæla
Líftækni
Vöruþróun
Við deildina er einnig boðið uppá rannsóknartengt meistara og doktorsnám sem er sniðið að þörfum hvers nemenda. Í MS náminu, sem er 120 einingar, er boðið upp á 60 eða 90 eininga rannsóknaverkefni sem unnið er undir leiðsögn og í samvinnu kennara eða hæfra leiðbeinenda á samstarfsstofnunum. Námskeið velur nemandi í samráði við leiðbeinendur og stjórnast val af áhersum hvers nemenda fyrir sig og geta verið við M&N deild sem og aðrar deildir HÍ eða við aðra innlenda eða erlenda háskóla. Þetta nám er einkum sniðið fyrir nemendur sem hafa lokið BS prófi í matvælafræði frá M&N deild eða sambærilegu prófi.

Tækifæri í rannsóknum á sviði matvælafræði og næringarfræði hérlendis eru gríðarlega mikil. Áhugi almennings eða neytandans á góðri matvælaframleiðslu og næringu er einnig alþjóðlegur og kallar á matvælafræðinga og næringarfræðinga til margra starfa.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=090818_20096&kennsluar=2009

Næringarfræði, Meistarapróf, 120 e

**Lýsing á námsleið**
MS nám í næringarfræði er 120 eininga einstaklingsmiðað framhaldsnám með rannsóknarverkefni unnið undir handleiðslu og í samstarfi við kennara og samstarfsfólk innanlands og utan.

**Rannsóknaverkefni**
Öflugt samstarf er á milli kennara deildarinnar og stofnana og fyrirtækja innanlands, t.d. margra deilda Landspítala-háskólasjúkrahúss, Lýðheilsustöðvar, Miðstöðvar heilsuverndar barna, Matís ohf og fyrirtækja í iðnaði.
Nemendur fá tækifæri til að tengjast atvinnulífi og öðlast reynslu í samskiptum við innlenda og erlenda aðila í náminu, sem er ómetanleg reynsla sem nemendur búa að eftir að námi lýkur.
Kennarar í næringarfræði eru í virku samstarfi við 30 rannsóknarhópa við erlenda háskóla og stofnanir, auk tengsla við fjölmarga fleiri erlenda aðila.

Kennarar í næringarfræði og nemendur í rannsóknarnámi hafa starfsaðstöðu á Rannsóknarstofu í næringarfræði. Tækifæri í rannsóknum á sviði næringarfræði hérlendis eru gríðarlega mikil.
Áhugi almennings eða neytandans á góðri næringu er einnig alþjóðlegur og kallar á næringarfræðinga til margra starfa.

Rannsóknaáherslur
Næring viðkvæmra hópa
Lýðheilsunæringarfræði
Klínísk næringarfræði
Næringarefnafræði
Íþróttanæringarfræði
Næring þróunarlanda
Vöruþróun og neytendafræði

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=090825_20096&kennsluar=2009
Næringarfræði, Doktorspróf, 180 e
**Lýsing á námsleið**
Doktorsnám í næringarfræði felur í sér 180 eininga vísindaleg og tæknileg rannsóknarverkefni sem leiða til nýrrar þekkingar og nýsköpunar. Öllum nemendum í rannsóknar- og framhaldsnámi stendur til boða að taka hluta af námi sínu erlendis í samvinnu við leiðbeinendur.

**Rannsóknaverkefni**
Öflugt samstarf er á milli kennara deildarinnar og stofnana og fyrirtækja innanlands, t.d. margra deilda Landspítala-háskólasjúkrahúss, Lýðheilsustöðvar, Miðstöðvar heilsuverndar barna, Matís ohf og fyrirtækja í iðnaði.
Nemendur fá tækifæri til að tengjast atvinnulífi og öðlast reynslu í samskiptum við innlenda og erlenda aðila í náminu, sem er ómetanleg reynsla sem nemendur búa að eftir að námi lýkur.
Kennarar í næringarfræði eru í virku samstarfi við 30 rannsóknarhópa við erlenda háskóla og stofnanir, auk tengsla við fjölmarga fleiri erlenda aðila.

Kennarar í næringarfræði og nemendur í rannsóknarnámi hafa starfsaðstöðu á Rannsóknarstofu í næringarfræði. Tækifæri í rannsóknum á sviði næringarfræði hérlendis eru gríðarlega mikil.
Áhugi almennings eða neytandans á góðri næringu er einnig alþjóðlegur og kallar á næringarfræðinga til margra starfa.

Rannsóknaáherslur
Næring viðkvæmra hópa
Lýðheilsunæringarfræði
Klínísk næringarfræði
Næringarefnafræði
Íþróttanæringarfræði
Næring þróunarlanda
Vöruþróun og neytendafræði

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=090828_20096&kennsluar=2009
Kennarar
Kennarar matvæla- og næringarfræðideildar eru helstu sérfræðingar landsins hver á sínu sviði, og starfsemi þeirra er bæði hérlendis og erlendis.Kennarar leitast við að vera í fremstu röð með vönduðum rannsóknum og kennslu sem stenst samanburð á alþjóðlegum vettvangi. Hin verðandi deild í matvæla- og næringarfræði er nú ein öflugasta eining Háskólans í rannsóknavirkni á hvert stöðugildi kennara. Fastráðnir kennarar eru sjö, en mikill stuðningur og samstarf um kennslu er við fjölda sérfræðinga á ýmsum stofnunum og í fyrirtækjum hérlendis auk þess sem deildin nýtur stuðnings erlendra matvæla - og næringarfræðinga.

Kennarar við matvæla- og næringarfræðideild
http://www.raunvisindi.hi.is/page/mat-starfsfolk
Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=24
Upplýsingar

Inntökuskilyrði
**BS nám í matvælafræði.** Ljúka verður stúdentsprófi af bóknámsbraut framhaldsskóla. Æskilegt er að ljúka stúdentsprófi af náttúrufræðibraut með efnafræði sem kjörsvið.
Auk þess er mælt með að taka áfanga af kjörsviðum stærðfræði, líffræði og eðlisfræði.
Ef nám er stundað á öðrum bóknámsbrautum þ.e. félagsfræða- eða málabraut, er nauðsynlegt að bæta við áföngum sem veita sambærilegan undirbúning í efnafræði og stærðfræði, auk eðlisfræði og líffræði.
**BS nám í næringarfræði.** Til að hefja nám í næringarfræði við matvæla- og næringarfræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi. Stúdentar eru teknir inn á 2. misseri náms í næringarfræði á grundvelli samkeppnisprófs sem haldið er í lok 1. misseris í samræmi við reglur háskólans um samkeppnispróf.
Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs til BS-prófs í næringarfræði takmarkast við töluna 30.

Til að fá að nota starfsheitið matvælafræðingur þarf að ljúka BS prófi.

Til að fá að nota starfsheitið næringarfræðingur þarf að ljúka MS prófi.
**MS nám í matvælafræði/MS nám í næringarfræði**
MS nám við matvæla-og næringarfræðideild er einstaklingsmiðað rannsóknarnám.
Til að innritast í námið þarf umsækjandi að hafa lokið BS-prófi í matvælafræði, næringarfræði eða öðrum skyldum greinum frá Háskóla Íslands, eða öðru samsvarandi prófi frá innlendum eða erlendum háskóla, og hafa samið við leiðbeinanda um rannsóknarverkefni og námsskipan.
Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn úr grunnnámi sínu.

**Doktorsnám**
Til að innritast í doktorsnám við matvæla- og næringarfræðideild þarf nemandi að hafa lokið BS- eða MS-prófi í matvælafræði, næringarfræði, eða öðru samsvarandi prófi.
Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki fyrstu einkunn (7,25). Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn, hafi umsækjandi sýnt fram á námshæfni eða hæfini í sjálfstæðum rannsóknum.

## Kennsluhættir

Grunnnám í matvæla- og næringarfræðideild samanstendur af sérhæfðum námskeiðum deildarinnar auk þjónustunámskeiða í raunvísindadeild, læknadeild og lyfjafræðideild.

Flestöll námskeið í grunnnámi fela í sér blöndu af fyrirlestrum, verklegum æfingum, umræðutímum, æfingatímum og/eða dæmatímum.

**Tákn um kennslustundir**

f - fyrirlestur
d - dæmatími
æ - æfingatími
v- verklegur tími
u - umræðutími

Matvæla- og næringarfræðideild stefnir að því að taka upp kennslu í lotum á síðari stigum grunnnáms og í framhaldsnámi.

## Námsmat, einkunnir og próf

Til að hefja nám í næringarfræði við matvæla- og næringarfræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi. Stúdentar eru teknir inn á 2. misseri náms í næringarfræði á grundvelli samkeppnisprófs sem haldið er í lok 1. misseris í samræmi við reglur háskólans um samkeppnispróf.
Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs til BS-prófs í næringarfræði takmarkast við töluna 30.

Til að ljúka námskeiði í grunnnámi er lágmarkseinkunn 5,0. Í meistara- og doktorsnámi er krafist 6,0.

Þar sem lokaeinkunn er samsett úr hlutaeinkunn (vetrareinkunn/verkleg einkunn) og prófseinkunn er þess krafist að nemandinn nái lágmarkseinkunn úr hvorum hluta fyrir sig.

Nemendum er bent á að kynna sér reglur um námsmat þeirra deilda sem sjá um þjónustunámskeið fyrir matvæla- og næringarfræðideild.

## Kennslu- og próftímabil

**Sjúkra- og upptökupróf í matvæla- og næringarfræðideild eru haldin í janúar og júní að loknum misserisprófum. Nánari dagsetning auglýst síðar.**

**Haustmisseri 2009**

Kennsla 28. ágú - 2. des
Próf 2. des - 18. des

**Vormisseri 2010**

Kennsla 7. jan - 21. apr
Próf 25.apr - 10.maí

Kynningarfundur í Matvæla- og næringarfræðideild verður haldinn miðvikudaginn 26. ágúst 2009 kl. 13.00. Nánari staðsetning auglýst síðar.

## Kröfur um námsframvindu

Ljúka þarf 30 einingum á 1. misseri 1. árs (samkeppnispróf). Til að komast upp á 2. námsár í matvæla- og næringarfræðideild þarf stúdent á að hafa lokið a.m.k. 40 einingum af námskeiðum 1. árs.
Nemandi skal hafa lokið öllum námskeiðum af 1.ári auk a.m.k. 30 eininga af 2.ári til að komast upp á 3. ár.
Nemandi, sem sér fram á að geta ekki stundað nám eða haldið áfram námi við matvæla- og næringarfræðideild með eðlilegum hraða og telur sig hafa gildar ástæður til þess, getur sótt um að fá að innritast í námið sem hlutastarf.
Grundvallarskilyrði gagnvart þessum reglum er að nemandi sæki um fyrir fram.
Heimild, sem veitt er til náms skv. þessum reglum, gildir frá og með næsta misseri eftir að umsókn er lögð fram enda sé það gert eigi síðar en tveimur mánuðum áður en misserið hefst. Sama gildir um heimildir til breytinga á áætlun.
Nemandi skal tilgreina skýrar ástæður og leggja fram rökstudda áætlun um framvindu námsins. Meginregla skal þá vera sú að námsframvindan sé tiltekin sem fjöldi eininga á ári allt til loka.
Haft skal samband við skrifstofu deildar.

## Endurinnritun og forkröfur

Við endurinnritun stúdenta í námskeið eru verklegar æfingar viðurkenndar nema viðkomandi kennari ákveði annað.

Stúdent má ekki skrá sig í námskeið nema hann hafi áður öðlast rétt til próftöku í þeim námskeiðum, er tilgreind eru í kennsluskrá sem nauðsynleg undirstaða.

## Að hefja nám á vormisseri

Nemendur sem hefja nám í **matvælafræði** á vormisseri geta skráð sig í eftirfarandi námskeið:
Eðlisfræði G
Næringarfræði mannsins
Tölfræði og gagnavinnsla
Efnagreining

Ekki er hægt að hefja nám á vormisseri í **næringarfræði**, þar sem samkeppnisprófin eru aðeins haldin á haustmisseri.

## Skiptinám

Hægt er að taka eins eða tveggja missera nám við aðra háskóla (innlenda og erlenda).
Til þess að fá slíkt nám viðurkennt sem hluta af náminu við matvæla- og næringarfræðideild þurfa námskeið í skiptináminu að samsvara skyldunámskeiðum eða fást viðurkennd sem valnámskeið af deild.
Nemandi í skiptinámi þarf að ljúka námskeiði í samræmi við kröfur þess skóla sem námskeiðið heldur.

Nemendur eru hvattir til að hafa samband við skrifstofu deildar hafi þeir hug á skiptinámi.

## Sálfræðideild

**Deildarforseti:**
Jörgen L. Pind, D.Phil.
**Varadeildarforseti:**
Árni Kristjánsson, Ph.D.
**Skrifstofa sálfræðideildar:**
Gimli, 1. hæð
v/Sæmundargötu
101 Reykjavík
Opin virka daga frá kl. 10:00-12:30 og 13:00-15:30
Sími: 525 4240
Bréfasími: 552 6806
Netfang: saldeild@hi.is
Heimasíða: www.sal.hi.is

## Grunnnám

Sálfræði, BS, 180e
Þriggja ára fræðilegt og verklegt grunnnám í sálfræðideildí Háskóla Íslands. Námið er 180 einingar og telst fullgilt BS-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100200_20096
Sálfræði, BS, 120e
Tveggja ára fræðilegt og verklegt grunnnám í sálfræðideild Háskóla Íslands. Námið er 120 einingar og er aðalgrein í BS-prófi. Aukagrein þarf að vera samþykkt sem slík af viðkomandi deild. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100201_20096
Sálfræði, Aukagrein, 60e
Eins árs fræðilegt grunnnám í sálfræðideild Háskóla Íslands. Námið er 60 einingar og telst aukagrein til BA-prófs. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100202_20096
Um námið
Í sálfræðideild er sálfræði kennd til BS-, MS-, cand. psych. prófs og doktorsprófs.

Kröfur um námsárangur milli námsára í BS-námi: Áður en stúdent hefur nám í námskeiðum annars kennsluárs í sálfræði (þ.m.t. valnámskeiðum 2. og 3. árs) skal hann hafa lokið eftirtöldum námskeiðum: Almennri sálfræði (10e), Greiningu og mótun hegðunar (8e), Tölfræði I (8e), Tölfræði II (6e) og Aðferðafræði (8e) og skal vegin meðaleinkunn þessara námskeiða ekki vera lægri en 6,0.

Við sum námskeið er getið um sérstakar forkröfur. Stúdent er óheimilt að skrá sig í slík námskeið uppfylli hann ekki forkröfurnar.

Sálfræðideild vekur sérstaka athygli á reglum um próf og endurtekningu þeirra, sbr. ákvæði í 57. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands þar sem segir: "Nú stenst stúdent ekki próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann þá ekki prófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs án þess að boða forföll, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga oftar undir það." Sálfræðideild mælir að öllu jöfnu ekki með neinum undanþágum frá þessu ákvæði.

Einnig er vakin athygli á ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands um hámarkstíma í BS-námi í sálfræðideild, sem er níu misseri (106. gr.). Sálfræðideild leggur áherslu á þetta ákvæði. Séu aðstæður nemanda sérstakar getur hann sótt um leyfi til að ljúka námi á lengri tíma. Sálfræðideild bendir einnig á að hægt er að sækja til deildar um leyfi frá námi (sbr. 48. gr.).

Nemendum er bent á að kynna sér fyrningarreglur og aðrar reglur sálfræðideildar í þessari kennsluskrá. Þar segir m.a.: "Ef stúdent sækir um endurinnritun vegna þess að hann hefur ekki staðist próf sbr. 57. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands 458/2000 eru aðeins metin þau námskeið sem hann hefur lokið með lokaeinkunn 6,0 eða hærri."

Kennarar

**Deildarforseti 2009-2010:**
Jörgen L. Pind, D.Phil.
**Prófessorar:**
Friðrik H. Jónsson, Ph.D.
Jakob Smári, fil.dr.
Jörgen L. Pind, D.Phil.
Sigurður J. Grétarsson, Ph.D.(rannsóknarmisseri vor 2010)
**Gistiprófessor:**
Gísli Guðjónsson, Ph.D.
Heiðdís B. Valdimarsdóttir, Ph.D.
**Dósentar:**
Árni Kristjánsson, Ph.D.

Einar Guðmundsson, fil.dr.
Guðmundur B. Arnkelsson, Ph.D. (rannsóknarmisseri vor 2010)
Magnús Kristjánsson, Ph.D. (rannsóknarmisseri vor 2010)
Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, Ph.D. (rannsóknarmisseri vor 2010)
**Lektor:**
Daníel Þór Ólason, D.Phil.
Urður Njarðvík, Ph.D.
**Aðjúnkt:**
Fanney Þórsdóttir, Ph.D.
María K. Jónsdóttir, Ph.D.
**Stundakennarar:**
Anna Kristín Newton
Dagmar Kristín Hannesdóttir, Ph.D.
Erla Grétarsdóttir, Ph.D.
Guðlaug Ólafsdóttir, M.A.
Jón Friðrik Sigurðsson, Ph.D.
Linda Bára Lýðsdóttir, M.A.
Ólafur Örn Bragason
Ragna Benedikta Garðarsdóttir, D.Phil.
Þór Eysteinsson, Ph.D.

## Framhaldsnám

Sálfræði, Cand. psych., 120e
Tveggja ára fræðilegt og verklegt framhaldsnám í sálfræðideild Háskóla Íslands sem uppfyllir skilyrði íslenskra laga um rétt manna til að starfa sem sálfræðingar. Námið er 120 eininga starfstengt kandídatsnám með tveimur áherslusviðum, í klínískri sálfræði fullorðinna og klínískri barnasálfræði og skólasálfræði.

Námið uppfyllir skilyrði laga nr. 40/1976, með síðari breytingum, um rétt til að kalla sig sálfræðing. Kennslan er fræðileg og hagnýt. Henni er ætlað að skapa nemendum fræðilega, hagnýta og aðferðafræðilega kunnáttu til að takast á við sálfræðileg viðfangsefni og gera þeim kleift að taka faglega afstöðu til álitamála með vísindalega aðferðafræði að leiðarljósi.

Inntökuskilyrði er að jafnaði 180 eininga BA- eða BS-próf í sálfræði.
Um námið
**Námsskipan:**
Námið skiptist í 32e kjarna, 36e af sérhæfðum námskeiðum, 6e af þjálfunarverkefnum þar af 2e í viðtalstækni,16e í starfsþjálfun og 30e rannsóknarritgerð. Lögð er meginánhersla á tvö svið hagnýtrar sálfræði sem eru klínísk sálfræði fullorðinna annars vegar og klínísk barnasálfræði og skólasálfræði hins vegar. Nemendur skulu ljúka öllum námskeiðum í kjarna og sex sérhæfingarnámskeiðum af sviðum, þremur þjálfunarverkefnum, starfsþjálfun og lokaritgerð.

**Í kjarna eru eftirtalin námskeið:**
Greining og mat, Tölfræði, Starf sálfræðings, Rökgreining í sálfræði og Sálfræðileg próf. Nemendur velja annað af tveimur námskeiðum í sálfræðilegum prófum, Sálfræðileg próf: Börn og unglingar eða Sálfræðileg próf: Fullorðnir.
Ljúki nemendur ekki öllum námskeiðum kjarna á fyrsta misseri þurfa þeir að sækja til sálfræðideildar um heimild til að halda áfram námi á vormisseri 1. árs.
Öll námskeið á fyrsta misseri nema Rökgreining í sálfræði eru kennd í tveggja til fjögurra vikna lotum. Í lotukerfinu fær hvert námskeið úthlutað tilteknum fjölda vikna og gert er ráð fyrir að kennslu, starfsþjálfun og námsmati hvers námskeiðs sé lokið á þeim tíma.
Kennsla þessara fjögurra námskeiða tekur 14 vikur, hefst 1. september og lýkur 4. desember. Vert er að benda á að nemendur þurfa ekki að þreyta próf á hefðbundnu próftímabili þar sem hverri lotu lýkur með námsmati. Hér að neðan má sjá tímatöflu fyrir lotukerfið.

1. Greining og mat 1. sept. til 25. sept.
2. Starf sálfræðings 28. sept. til 9. okt.
3. Sálfræðileg próf 12. okt. til 6. nóv.
4. Tölfræði 9. nóv. til 4. des.

**Sérhæfð námskeið eru:**
1. svið (Klínísk sálfræði fullorðinna): Framhaldsnámskeið í afbrigðasálfræði, Meðferð sálmeina á fullorðinsárum og Klínísk taugasálfræði.
2. svið (Klínísk barnasálfræði og skólasálfræði): Sálmeinafræði barna og unglinga, Meðferð sálmeina barna og unglinga, og Greining og meðferð hegðunar- og námsörðugleika.
Lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum í cand. psych. námi er 7,0.
Fyrir cand. psych.-ritgerð er ekki gefin einkunn í tölustöfum heldur staðið/fallið.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100212_20096
Sálfræði, Meistarapróf, 120e
Sálfræði er kennd til MS-prófs í samræmi við reglur um rannsóknanám. Skilyrði fyrir inntöku í MS-námið er að hafa leiðbeinanda úr hópi fastra kennara. Leiðbeinandi og stúdent gera tillögu til skorar um samsetningu námsins. Lokaverkefni skal vera 60 einingar.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100211_20096
Félags- og vinnusálfræði, MS-nám 120e
MS-nám í félags- og vinnusálfræði er að jafnaði aðeins opið þeim sem hafa lokið BA eða BS prófi með fyrstu einkunn. Þó er heimilt að horfa sérstaklega til árangurs stúdenta á 2. og 3. ári í grunnnámi við inntöku.
Námið miðast við að stúdentar hafi lokið BA eða BS prófi í sálfræði en það er einnig opið þeim sem lokið hafa öðru BA námi.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820028_20096
Kennarar
**Deildarforseti 2009-2010:**
Jörgen L. Pind, D.Phil.
**Prófessorar:**
Friðrik H. Jónsson, Ph.D.
Jakob Smári, fil.dr.
Jörgen L. Pind, D.Phil.
Sigurður J. Grétarsson, Ph.D.(rannsóknarmisseri vor 2010)
**Gistiprófessor:**
Gísli Guðjónsson, Ph.D.
Heiðdís Valdimarsdóttir, Ph.D.
**Dósentar:**
Árni Kristjánsson, Ph.D.
Einar Guðmundsson, fil.dr.
Guðmundur B. Arnkelsson, Ph.D. (rannsóknarmisseri vor 2010)
Magnús Kristjánsson, Ph.D. (rannsóknarmisseri vor 2010)
Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, Ph.D. (rannsóknarmisseri vor 2010)
**Lektorar:**
Daníel Þór Ólason, D.Phil.
Urður Njarðvík, Ph.D.
**Aðjúnktar:**
Fanney Þórsdóttir, Ph.D.
María K. Jónsdóttir, Ph.D.
**Stundakennarar:**
Agnes S. Agnarsdóttir, Psy.D.
Albert Arnarson, M.Sc.
Andrea G. Dofradóttir, cand.psych.
Dagmar Kristín Hannesdóttir, Ph.D.
Freyja Birgisdóttir, D.Phil.
Gyða Haraldsdóttir, Ph.D.
Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, M.A.
Jón Friðrik Sigurðsson, Ph.D.
Pétur Tyrfingsson, cand.psych.
Ragna B. Garðarsdóttir, D.Phil.
Ragnar Pétur Ólafsson, MSc.
Rúnar Helgi Andrason, Psy.D.
Sólveig Ásgrímsdóttir, Dipl.Psych.
Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=25
Upplýsingar
Endurinnritun og forkröfur
**Fyrningarreglur:**
***Skv. samþykkt deildarfundar í sálfræðideild 30. janúar 2009***
Stúdent sem ekki getur lokið námi innan þeirra tímamarka sem sett eru í 115. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands þarf að sækja um sérstaka og tímasetta undanþágu frá því ákvæði til deildar.

Vilji stúdent hefja að nýju nám sem hann hefur horfið frá - og hlé hans frá námi er ekki samkvæmt ákvæðum 47. gr.reglna fyrir Háskóla Íslands 458/2000 - þá metur deild námskeið af fyrri ferli stúdents til endurinnritunar samkvæmt þeirri námsskipan sem í gildi er. Deild metur að jafnaði síður námskeið ef langt er síðan stúdent lauk þeim eða ef árangur stúdents er slakur.

Ef stúdent sækir um endurinnritun vegna þess að hann hefur ekki staðist próf sbr. 57. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands 458/2000 eru aðeins metin þau námskeið sem hann hefur lokið með lokaeinkunn 6,0 eða hærri.
Inntökuskilyrði
Grunnnám:
Stúdentspróf eða sambærilegt próf frá erlendum skóla. Skráning í grunnnám fer fram í Nemendaskrá Háskóla Íslands, Háskólatorgi. Hægt er að sækja um rafrænt https://ugla.hi.is/nk/nemendaskraningar/umsokn.php en senda þarf staðfest afrit af stúdentskírteini (bæði einkunnum og skírteininu sjálfu) til Nemendaskrár Háskóla Íslands, Háskólatorgi, 101 Reykjavík.

Framhaldsnám
Að jafnaði er cand.psych. námið aðeins opið þeim er lokið hafa 180 eininga BA- eða BS-námi í sálfræði með fyrstu einkunn. Námsgráður í sálfræði frá öðrum háskólum en Háskóla Íslands verða metnar með tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru við sálfræðideild Háskóla Íslands.

Að jafnaði er MS-nám í sálfræði aðeins opið þeim sem lokið hafa 120 eða 180 eininga BA- eða BS-námi í sálfræði með fyrstu einkunn. Þó er heimilt að horfa sérstaklega til árangurs nemenda á 2. og 3. ári í grunnnámi.

Til að geta sótt um rannsóknatengt MS-nám þurfa nemendur að hafa tryggt sér leiðbeinanda við rannsóknarverkefni.

MS-nám í félags- og vinnusálfræði getur verið opið nemendum sem hafa lokið BA- eða BS-prófi í annarri grein en sálfræði. Slíkir nemendur þurfa að ljúka eftirtöldum námskeiðum úr BS-námi í sálfræði og teljast þau ekki til eininga í MS-náminu:
Almenn sálfræði
Tölfræði I, II og III

Aðferðafræði
Félagsleg sálfræði
Sálfræðileg próf

Hafi nemandi lokið sambærilegum námskeiðum í sínu grunnnámi getur hann sótt um að fá þau metin í stað ofangreindra námskeiða.

Lágmarkseinkunn til að standast námskeið í framhaldsnámi er 7,0.

Fyrir lokaritgerð í framhaldsnámi er ekki gefin einkunn í tölustöfum heldur staðið/fallið.

Fjöldi nýrra nemenda í cand. psych.-námi takmarkast við 20.

Ef umsækjendur sem uppfylla inntökuskilyrði í cand. psych. nám eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum.

· Röðun einkunna nemenda í námskeiðum og/eða röðun aðaleinkunnar á lokaprófi í sálfræði.
· Námi að loknu BA-prófi í sálfræði.
· Birtingum í ritrýndum tímaritum.
· Starfsreynslu umsækjenda.
· Greinargerðum um fyrirhugað starfsval.
· Meðmælabréfi.
· Viðtölum ef þurfa þykir.
· Inntökuprófi ef þurfa þykir.

Kennsluhættir

Námsmagn einstakra námskeiða er metið í einingum (e). Fullt ársnám 60 námseiningar.
**Tákn um kennslustundir**
f - fyrirlestur
u - umræðutími
Þegar ekki er annað tekið fram í námskeiðslýsingum tákna tölur um kennslustundir vikulegan meðalfjölda. Þannig táknar 3f+1u þrjá 40 mín. fyrirlestra og einn 40 mín. umræðutíma að meðaltali á viku á 13 vikna kennslumisseri.

Kennslu- og próftímabil
Sjúkra- og upptökupróf í sálfræðideild eru haldin í janúar og júní að loknum misserisprófum en ekki í ágúst.

**Kennslutímabil:**
Haustmisseri: 1. september til 30. nóvember 2009.
Vormisseri: 14. janúar til 21. apríl 2010
Námsupplýsingar
Kröfur um námsframvindu
Reglur um einingamat
Nám er metið í einingum (e). Ársnám er jafngildi 60e. Hver eining svarar til fullrar vinnuviku (40-60 stunda). Þegar námskeið er metið til eininga skal taka mið af: Tímafjölda (fyrirlestrum, verklegum æfingum, umræðutímum), fjölda og umfangi verkefna og námsefni (einkum þyngd lesins texta og blaðsíðufjölda). Miðað er við að námsvinna að meðtaldri tímasókn og verkefnavinnu fari að jafnaði ekki fram úr 60 stundum á viku hjá stúdent í fullu námi. Vægi verkefna er metið með hliðsjón af umfangi þeirra og þeim tíma sem stúdent þarf að verja til þeirra. Lesefni er metið til eininga eftir þyngd og lengd lesins texta. Auðvitað eru engar einhlítar reglur um samsvörun milli lesins texta og einingamats, og þarf meðal annars að meta hve mikið efni fyrirlestra skarast við lesefni, hvort lesefni fyrir verkefnavinnu og próf skarast og hvert sé eðli þess texta sem lesa skal. Með eðlilegum fyrirvörum er þó eftirfarandi viðmiðun lögð til grundvallar (tölur í töflunni vísa til blaðsíðufjölda á hverja einingu):

| Þyngd texta | Kröfur um að stúdent átti sig á meginatriðum | Kröfur um nákvæmniskunnáttu |
|---|---|---|
| Léttur | 250-350 | 150-250 |
| Miðlungs | 150-250 | 100-150 |
| Þungur | 150 | 100 |

Reglur um hve lengi námskeiðshlutar gildi:
Verklegar æfingar og ritgerðir gilda að jafnaði í eitt ár eftir að námskeiði lýkur. Frá þessu geta þó verið undantekningar. Greint er frá tilhögun þessa í námsáætlun hvers námskeiðs. Í námsáætlun er auk þess getið um kröfur um ástundun og framvindu sem þarf að standast í námskeiðinu til að mega þreyta lokapróf.
Reglur um tímasókn og ráðvendni í námi:
***Samþykktar á deildarfundi sálfræðideildar 30. janúar 2009***
Tímasókn:
Námskeið í sálfræðideild eru miðuð við að stúdentar sæki kennslustundir, nema annað sé sérstaklega skipulagt. Geti stúdent ekki mætt í einstaka tíma ber hann sjálfur ábyrgð á að afla upplýsinga sem hann kann að hafa farið á mis við. Kennarar kosta kapps um að námskeiðstilhögun sé skýr og kröfur ljósar, en þeim ber ekki skylda til að veita sérstakar tilhliðranir vegna stúdenta sem af einhverjum völdum sækja ekki kennslustundir.
Ráðvendni í námi:
Sálfræðideild telur óráðvendni í námi mjög alvarlega. Þar er meðal annars - en ekki eingöngu - átt við ritstuld, falsanir af öllu tagi, notkun og kynningu á verkefnum eða vinnu annarra eins og hún væri manns eigin og allar tilraunir til að hafa rangt við á prófum. Deildin gengur ákveðið eftir því að í slíkum málum sé beitt ströngum viðurlögum, sbr. 19. gr. laga um opinbera háskóla og 50. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

Námsmat, einkunnir og próf
Mjög mikilvægt er að í árlegri skráningu skrái nemendur sig rétt á ár og námsleið.

Við val á námskeiðum fylgir nemandi að öðru jöfnu þeirri kennsluskrá sem í gildi var við innritun, út námstímann.

Próf geta verið munnleg, skrifleg, verkleg eða heimapróf.

Nemandi sem vill endurtaka próf til hækkunar (án þess að hafa fallið) athugi að **seinni einkunn gildir**.
Að hefja nám á vormisseri
Í sálfræðideild er ekki hægt að hefja nám á vormisseri.
Skiptinám
Stúdentaskipti við innlenda og erlenda háskóla.
Sjá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins

## Tannlæknadeild

**Skrifstofa tannlæknadeildar**
Læknagarði, Vatnsmýrarvegi 16, 2. hæð
101 Reykjavík
Opin virka daga frá kl. 09-16
Símar: 525 4850, 525 4871
Bréfasími: 525 4874
Netfang: givars@hi.is,
Heimasíða: www.tannlaeknadeild.hi.is

### Grunnnám

**Tannlæknisfræði, Kandídatspróf, 360 einingar**
Meginmarkmið námsins er að mennta nemendur í tann- og munnvísindum og stuðla þannig að bættri munn- og tannheilsu þjóðarinnar. Í náminu er nemendum boðið upp á faglegt og krefjandi nám í tannlæknisfræðum, þar sem lausnarleitarnám er haft að leiðarljósi og nemendur hvattir til dáða. Nám í tannlæknisfræði tekur 6 ár og lýkur með kandidatsprófi í tannlækningum (Cand.odont-próf). Á 1. og 2. ári stunda nemar nám í undirstöðugreinum tannlæknisfræðinnar. Á 3. ári er lögð áhersla á verklegar æfingar og á 4. - 6. ári er megináherslan á vinnu með sjúklinga sem fram fer á aðgerðastofu deildarinnar. Nemendur verða að taka þátt í öllum verklegum æfingum og standa skil á verkefnum.

Tannlæknisfræði er einungis hægt að stunda sem aðalgrein. Námið er alls 360 einingar. Í desember að loknu 1. misseri 1. árs er haldið **samkeppnispróf.** Sjá nánar í upplýsingum um inntökuskilyrði.

Nemendur geta tekið rannsóknarverkefni sem valgrein undir stjórn umsjónarkennara. Einingar eru breytilegar.

Rannsóknartengt framhaldsnám við tannlæknadeild er nú í örum vexti en klínískt framhaldsnám verða nemar að stunda erlendis enn sem komið er.

Um námið
**Lýsing á námsafla (e. learning outcomes) tannlæknanema við námslok (kandídatspróf)**

Til þess er ætlast af tannlæknum að þeir, í samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir, stuðli að alhliða heilbrigði sjúklinga með því að hafa umsjón með tann- og munnheilsu þeirra. Til að teljast hæfur til þessa verður hann eða hún að hafa öðlast tiltekna þekkingu og færni (e. competences) að lokinni útskrift til að hefja starf sem tannlæknir af eigin rammleik og án tilsjónar. En hvað felst í því að vera hæfur til munns og handa að stunda tannlækningar á eigin spýtur?

Megintilgangur menntunar til tannlæknis er að tryggja að útskriftarneminn sé fær um að stunda tannlækningar af eigin rammleik án þess að skaða sjúklinga sína með því að nota nútímaleg, viðeigandi, árangursrík og almennt viðurkennd úrræði við meðferð sína. Kandídatinn skal einnig geta beitt hentugum fyrirbyggjandi aðferðum jafnt hjá einstaklingum sem hópum sem lið í samfélagslegri þjónustu. Til að ná þessum markmiðum skal kennsla í tannlæknisfræði veita nemendum trausta klíníska þjálfun sem byggir á sjónarmiðum mannúðar, vísinda og heilbrigðrar skynsemi.

Að gera gott nám ennþá betra.
Háskóli Íslands hefur sett sér það langtímamarkmið að verða meðal 100 bestu háskóla heims. Í ljósi þessa hefur tannlæknadeild sett sér það markmið að eflast enn frekar sem munnheilbrigðisskóli á heimsmælikvarða sem öflugt rannsóknasetur og megin endurmenntunarstofnun fyrir allar munnheilbrigðisstéttir í landinu. Í kennslu er grunngildið virðing. Leitast skal við að sýna nemendum og sjúklingum virðingu. Bjóða skal upp á nútímalegt, faglegt og krefjandi nám í tannlæknisfræðum, þar sem lausnaleitarnám er haft að leiðarljósi og nemendur hvattir til dáða. Í lok náms síns skal kandídatinn hafa sýnt hæfni sem svarar til lágmarkskrafna ráðgjafanefndar Evrópusambandsins um þjálfun tannlækna. Slík opinber viðmið hafa verið birt í Kanada, Bandaríkjunum, Bretlandi, Skotlandi og af Félagi um menntun tannlækna í Evrópu (ADEE) auk Menntamálaráðuneytisins. Tannlæknadeild hefur valið að styðjast að mestu við ADEE skjalið enda veitir íslenskt tannlækningaleyfi rétt til að stunda tannlækningar í öllum aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=070000_20096&kennsluar=2009

### Framhaldsnám

Í tannlæknadeild er boðið upp á rannsóknatengt framhaldsnám. Meistaranám er 120 einingar og doktorsnám 300 einingar að loku B.S. prófi, cand.odont eða cand.med et chir. gráðu, en 180 einingar að loknu M.S. prófi. Sérmenntunar í klínískum greinum tannlækninga verður að

leita erlendis. Framkvæmd og umsjón með framhaldsnámi í tannlæknadeild er í höndum rannsóknanámsnefndar læknadeildar þar sem tannlæknadeild á sinn fulltrúa.

Tannlæknisfræði, Meistarapróf, 120 e

Tveggja ára fræðilegt og verklegt framhaldsnám (rannsóknatengt framhaldsnám) við Tannlæknadeild Háskóla Íslands. Námið er 120 einingar á stigi 4 og er fullgilt próf til prófgráðunnar magister scientiarum, MS. Inntökuskilyrði er BS-próf eða sambærilegt próf, að jafnaði lokið með einkunn 6,5 eða hærri.

Umfang rannsóknaverkefnis skal vera minnst 60 eða mest 90 einingar. Meistarapróf veitir aðgang að doktorsnámi á 3. þrepi.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=079400_20096

Tannlæknisfræði, Doktorspróf

Þriggja til fimm ára fræðilegt og verklegt framhaldsnám (rannsóknatengt framhaldsnám) við Tannlæknadeild Háskóla Íslands. Námið er 180 - 300 einingar á stigi 3 og er fullgilt próf til prófgráðunnar philosophiae doctor, PhD. Inntökuskilyrði er rannsóknatengt MS-próf eða sambærilegt próf (til 180 eininga náms) - eða BS-próf eða sambærilegt próf (til 300 eininga náms) sem að jafnaði var lokið með einkunn 7,25 eða hærri.

Umfang rannsóknaverkefnis skal vera 180 einingar að loknu MS-prófi en 300 einingar að loknu BS prófi. Um nám til doktorsprófs fer eftir sérstökum reglum deildar.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=079500_20096

Námsleiðir

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=26

Upplýsingar

Inntökuskilyrði

Stúdentspróf af bóknámsbraut er inntökuskilyrði í tannlæknadeild. Í desember að loknu 1. misseri 1. árs er haldið **samkeppnispróf.** Desemberpróf fyrsta árs eru að jafnaði ekki endurtekin á öðrum árstímum. Til að standast samkeppnispróf verður stúdent að hafa hlotið eigi lægri meðaleinkunn en 5,0 og eigi lægra en 4.0 í hverri prófgrein nema í fræðilegri og verklegri formfræði tanna þar sem lágmarkseinkunn er 6,0.

Þeim nemendum, sem komast áfram eftir samkeppnispróf er bent á, að þeir þurfa að snúa sér til Nemendaskráningar í Aðalbyggingu H. Í. vegna skráningar á vormisseri 1. árs. Af þeim stúdentum sem hljóta hæstu meðaleinkunn í samkeppnisprófi í desember á 1. ári skulu mest 7 öðlast rétt til áframhaldandi setu í deildinni (háð samþykkt háskólaráðs). Verði niðurstaða úr prófum slík að ekki nái 7 nemendur lágmarkseinkunn, verða endurtekningarpróf haldin samkvæmt nánari ákvörðun deildarinnar. Þau próf breyta ekki stöðu þeirra sem þegar hafa náð prófum.

Þegar tveir eða fleiri nemar hafa sömu meðaleinkunn og velja þarf á milli þeirra ræður forgangsröðun einkunna þannig að: Sá nemi sem hefur hæstu einkunn í verklegri formfræði heldur áfram námi. Ef tveir nemar hafa sömu einkunn í þeirri grein þá ræður hæsta einkunn í almennri efnafræði, því næst hæsta einkunn í almennri líffræði og að síðustu hæsta einkunn í fræðilegri formfræði.

Tannlæknadeild áskilur sér rétt til breytinga á reglum um samkeppnispróf, sem verða þá kynntar við upphaf haustmisseris.

Kennsluhættir

Tannlæknanámið er fjölbreytt nám samsett af bóklegri og verklegri kennslu, sem fer fram með fyrirlestrum og verklegum æfingum, dæmatímum og umræðutímum.

Einstök atriði kennslutilhögunar verða kynnt sérstaklega fyrir nemendum í upphafi hvers misseris.

Endanleg stundaskrá og fyrirlestrarskrá er lögð fram í upphafi hvers misseris. Próftafla liggur fyrir með tveggja mánaða fyrirvara.

Tannlæknadeild hefur umsjón með verklegri þjálfun tanntæknanema ásamt fræðilegum fyrirlestrum í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Ármúla.

Tannlæknadeild sér um faglega menntun tannsmiða. Kennsla tannsmiðanema fer fram í húsnæði tannlæknadeildar H.Í. Haustið 2008 voru ekki teknir inn nemendur í Tannsmíðaskólann þar sem til stendur að breyta náminu í BS.c nám.

Námsmat, einkunnir og próf

**Námsmat og próf:** Námsmat felst í skriflegum og/eða munnlegum prófum, æfingavinnu, verkefnum eða ritgerðum og klíniskri vinnu. Tilhögun námsmats er tilgreind í kennsluskránni við hverja kennslugrein.

Við einkunnagjöf er tekið tillit til frammistöðu stúdents í námskeiðum og verklegum æfingum utan reglulegs próftíma og gefin sérstök verkleg hluteinkunn. Séu prófhlutar fleiri en einn í einhverri kennslugrein eða próf haldið í þeirri grein á tveimur eða fleiri misserum þarf stúdent að fá tilskilda lágmarkseinkunn í hverjum prófhluta (5,0). Deildin ákvarðar vægi hvers prófhluta í samráði við kennara. Árangur stúdents í verklegu námi er metinn af aðalkennara kennslugreinar í samráði við þá kennara sem kennsluna annast. Einkunnir eru skráðar í heilum og hálfum tölum frá 0-10. Einkunn prófgreinar er vegið meðaltal allra hluteinkunna hennar. Við innfærslu einkunna skal sýna allar hluteinkunnir.

Nemanda er skylt að taka þátt í umræðufundum, sýnikennslu, verklegum námskeiðum, meðferð sjúklinga á lækningastofum og tilheyrandi skriflegum, verklegum og munnlegum prófum. Fyrirlestrar og umræðufundir í klíniskum og preklíniskum greinum eru óaðskiljanlegur þáttur verklega námsins. Nemendum er því skylt að mæta í alla þá fyrirlestra og umræðufundi. Nemandi, sem ekki telst hafa lokið kröfum í verklegu námi, eða hefur sýnt minna en 90% tímasókn getur ekki sagt sig til prófs í viðkomandi grein. Þetta á einnig við um greinar þar sem námsmat byggist á þátttöku. Einkunnir skulu liggja fyrir eigi síðar en viku eftir lok verklegs námskeiðs (gildir ekki við samkeppnispróf í lok 1. misseris 1. árs).

Nemandi skal að jafnaði hafa lokið öllum prófum hvers árs, áður en hann hefur nám á næsta námsári. Nemandi sem ekki hefur staðist öll preklínísk próf sem haldin eru í lok 6. misseris getur ekki hafið nám í klínískum greinum á 7. misseri. Verkleg frammistaða í preklínískum greinum telst vera prófhluti og verður nemandi að taka upp verkleg próf í öllum greinum prófhlutans, hljóti hann lægri einkunn en 5.0 í einhverri grein.

**Úrsögn úr prófum:**
Ekki er heimilt að fresta próftöku með því að skrá sig úr prófi. Sumarprófin eru eingöngu ætluð sem sjúkra- og upptökupróf. Ef vandamál koma upp varðandi próftöku ber að snúa sér til formanns kennslunefndar.

Kennslu- og prófatímabil
**Sjúkra- og upptökupróf** :
Sjúkra- og upptökupróf í tannlæknadeild eru haldin í janúar og júní að loknum misserisprófum.
**Haustmisseri 2009:**
Kennsla í tannlæknadeild samkvæmt stundaskrá 31. ágúst - 4. desember 2009 (14. vikur)
Haustmisserispróf 2. desember - 18. desember
**Vormisseri 2010:**
Kennsla í tannlæknadeild samkvæmt stundaskrá 7. janúar- 14.apríl 2010 (14. vikur)
Vormisserispróf 25. apríl - 10. maí
Kennsluhlé er á sumardaginn fyrsta, 1. maí og 1. desember.
Halda má æfinganámskeið utan venjulegs kennslutíma. Kennsla í formfræði tanna hefst þriðjudaginn 1. september 2009 kl. 9.00 í fyrirlestrarsal tannlæknadeildar (stofa 201) Læknagarði 2. hæð.
Kröfur um námsframvindu
Nemandi skal að jafnaði hafa lokið öllum prófum hvers árs, áður en hann hefur nám á næsta námsári. Nemandi sem ekki hefur staðist öll próf í aðfaranámi (preklínísku) sem haldin eru í lok 6. misseris getur ekki hafið nám í klínískum greinum á 7. misseri. Verkleg frammistaða í aðfaranámi telst vera prófhluti og verður nemandi að taka upp verkleg próf í öllum greinum prófhlutans, hljóti hann lægri einkunn en 5,0 í einhverri grein. Áætlaður námstími frá innritun til lokaprófs er sex ár. Hámarkstími frá því stúdent hefur nám á öðru námsári er sex ár.
Endurinnritun og forkröfur
Samkeppnispróf eru að jafnaði aðeins haldin í desember að loknu 1. misseri 1. árs. Því er ekki hægt að skrá sig í deildina á vormisseri, nema þeir nemendur sem staðist hafa samkeppnispróf.

Ef nemandi hlýtur ekki tilskylda lágmarkseinkunn á prófi í einstöku námskeiði, hefur hann rétt á að þreyta prófið öðru sinni sbr. 57. gr. í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ef nemandi hins vegar hlýtur ekki tilskylda lágmarkseinkunn í annað sinn, getur hann sótt um undanþágu til deildarráðs tannlæknadeildar til að þreyta prófið í þriðja sinn.
Að hefja nám á vormisseri
Skipulag kandídatsnáms í tannlækningum miðast við að nám sé hafið á haustmisseri.
Hægt er að hefja nám á vormisseri í meistara- og doktorsnámi, og er umsóknarfrestur 15. september ár hvert
Skiptinám
Um nokkurt samstarf er að ræða á milli tannlæknadeildar Háskóla Íslands og nokkurra skóla á Norðurlöndunum vegna stúdentaskipta og hafa nokkrir nemendur á ári komið frá þessum skólum og nemendur frá tannlæknadeild farið út. Um er að ræða nemendur á seinni árum námsins sem eru farnir að vinna á klínik.
Lýðheilsuvísindi, þverfræðilegt
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=12284
Upplýsingatækni á heilbrigðissviði (MHI), 120e
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=12294

# Hugvísindasvið

Hugvísindasvið
Aðalbyggingu,
Háskóli Íslands
Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími:525-4400
Bréfasími: 525-4410
hug@hi.is
www.hug.hi.is
Forseti fræðasviðs er Ástráður Eysteinsson

## Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Deildarforseti: Julian D'Arcy.
Upplýsingar veitir verkefnisstjóri deildarinnar Ingibjörg Þórisdóttir í síma 525-4401 eða á netfangið: ingibjth@hi.is.
Vefslóð: www.erlendtungumal.hi.is.
Athugið!
Í stað heimspekilegra forspjallsvísinda eru komin ný skyldunámskeið: Inngangur að erlendum tungumálum I og II. Þetta eru skyldunámskeið fyrir nemendur sem hefja nám með aðalgrein í deildinni haustið 2009. Námskeiðin eru kennd bæði á íslensku auk þess sem Inngangur að erlendum tungumál I er líka á ensku.
Þeir nemendur sem hófu nám fyrir haustið 2009 og ekki hafa tekið Heimspekileg forspjallsvísindi mega velja á milli þeirra og annars af nýju inngangsnámskeiðunum. Þeir nemendur sem þegar hafa tekið heimspekileg forspjallsvísindi þurfa hvorki að tala Inngang að erlendum tungumálum I né II.
Nemendur með japönsku eða kínversku sem aðalgrein þurfa ekki að taka Inngang að erlendum tungumálum II: Hugmyndasaga og tungumál.

## Grunnnám

Austur-Asíufræði
Austur-Asíufræði er þverfagleg fræðileg námsgrein sem einbeitir sér að Austur-Asíu, þá einkum Kína, Japan og Kóreu. Í upphafi náms velur nemandinn að leggja stund á annaðhvort kínversku (mandarín, putonghua) eða japönsku en hann tekur jafnframt menningar- og samfélagstengd námskeið sem lúta báðum málsvæðunum, auk annarra sem svæðinu tilheyra og kunna að vera í boði hverju sinni.
60 eininga nám felur ekki í sér tungumálanám. Gert er ráð fyrir því að nemandinn tileinki sér með einbeittum hætti aðferðir og vinnulag tiltekinnar fræðilegrar greinar í náminu.
Námið hefur að geyma ýmis samfélags- og menningartengd námskeið sem einkum tengjast Kína og Japan. Þar á meðal fær löng og viðburðarík saga þessara þjóða talsvert rými en nemendur fá einnig innsýn inn í framvindu þeirra í nútímanum og geta kynnt sér kínverskt viðskiptaumhverfi.
Austur-Asíufræði, Aukagrein, 60 e
Um er að ræða eins árs (tveggja missera) fræðilegt grunnnám í Austur-Asíufræðum. Námið er á diplómastigi (þrep 1, stig 1), og er 60 einingar. Slíkt nám getur nýst sem aukagrein með 120 eininga aðalgrein. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 einingar. Inntökuskilyrði er stúdentspróf.
Í 60 eininga BA-námi er lögð áhersla að nemendur öðlist haldbæra fræðilega þekkingu á samfélögum Austur-Asíu, sögu þeirra og menningu. Nemendur ástunda akademísk vinnubrögð og fá þannig trausta fræðilega undirstöðu til að takast á við frekara nám í greininni.
Nemendum er skylt að taka námskeiðin Saga Kína I, Saga Kína II, Kínversk menning og samfélag, Japönsk saga I, Japönsk saga II, Japanskt samfélag og menning I og Japanskt samfélag og menning II (35 e). Velja má úr námskeiðum innan japanskra eða kínverskra fræða fyrir þær einingar sem eftir eru (25 e).
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057087_20096&kennsluar=2009
Danska
Í BA-námi í dönsku er lögð áhersla á að nemendur nái hratt og örugglega tökum á dönsku máli í ræðu og riti og öðlist þekkingu á dönsku samfélagi, menningu og bókmenntum. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér fræðilega þekkingu á framangreindum sviðum og ástundi akademísk vinnubrögð. Námið er þannig hvort tveggja í senn undirstaða fyrir frekara nám á meistarastigi eða fyrir störf sem krefjast sérfræðikunnáttu í dönskum fræðum.

Námskeiðin eru fjölbreytt; sum eru hagnýt og snúast um að ná tökum á dönsku í ræðu og riti, í öðrum er fókusinn á fræðin um tungumálið t.d. form þess eða reglur um mál og málnotkun, enn önnur veita yfirgripsmikla þekkingu á bókmennta- og menningarsögu Dana. Ávallt er boðið upp á námskeið í þýðingum og um dönsku sem erlent mál.
Í náminu eiga nemendur kost á nokkru vali og geta því að nokkru leyti sérhæft sig í samræmri við óskir og áhuga.
Danska, BA, 180 e
Um er að ræða þriggja ára (sex missera) fræðilegt grunnnám í dönsku. Námið er á bakkalársstigi (þrep 1, stig 2) og er 180 e og lýkur með BA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf eða sambærileg undirstaða í dönsku. BA-próf með fyrstu einkunn veitir rétt til að hefja framhaldsnám á meistarastigi.
Í 180 eininga BA-námi er lögð áhersla á að nemendur nái fullum tökum á dönsku máli jafnt í ræðu sem riti, öðlist djúpa fræðilega þekkingu á danskri tungu og dönsku þjóðlífi ásamt bókmenntum og menningu Dana. Nemendur ástunda akademísk vinnubrögð og fá þannig trausta fræðilega undirstöðu til að takast á við frekara nám í greininni.
Markmiðið með náminu er einnig að undirbúa nemendur undir störf sem krefjast sérhæfðrar kunnáttu í dönsku og traustrar fræðilegrar þekkingar á þjóðlífi og menningu Dana.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057071_20096&kennsluar=2009
Danska, Aðalgrein, 120 e
Um er að ræða tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt grunnnám í dönsku. Námið er á bakkalársstigi (þrep 1, stig 2), er 120 e og er þá aðalgrein til BA-prófs. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg undirstaða í dönsku. BA-próf með fyrstu einkunn veitir rétt til að hefja framhaldsnám í greininni á meistarastigi.
Í aðalgrein til BA-náms er aukinn þungi lagður á að nemendur nái öruggum tökum á dönsku máli jafnt í ræðu sem riti, öðlist fræðilega þekkingu á danskri tungu og dönsku þjóðlífi ásamt bókmenntum og menningu Dana. Nemendur ástunda akademísk vinnubrögð og fá þannig fræðilega undirstöðu til að takast á við frekara nám í greininni. Markmiðið er einnig að búa nemendur undir störf sem krefjast haldgóðrar kunnáttu í dönsku máli og traustrar þekkingar á dönsku þjóðlífi og menningu.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057068_20096&kennsluar=2009
Danska, Aukagrein, 60 e
Um er að ræða eins árs (tveggja missera) fræðilegt grunnnám í dönsku. Námið er á diplómastigi (þrep 1, stig 1), og er 60 e. Slíkt nám getur nýst sem aukagrein með aðalgrein 120 e eða sem fyrsta ár í BA-námi í dönsku sem aðalgrein til 120 e eða 180 e. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg undirstaða í dönsku.
Á fyrstu stigum BA-náms er meginmarkmiðið að nemendur nái góðum tökum á dönsku máli í ræðu og riti, öðlist fræðilega þekkingu á danskri tungu og dönsku þjóðlífi ásamt bókmenntum og menningu Dana. Nemendur ástunda akademísk vinnubrögð og fá þannig fræðilega undirstöðu til að takast á við frekara nám í greininni. Markmiðið er einnig að búa nemendur undir störf sem krefjast góðrar hagnýtrar dönskukunnáttu og þekkingar á dönsku þjóðlífi og menningu.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057067_20096&kennsluar=2009
Hagnýt danska fyrir atvinnulífið, Grunndiplóma 90 e
Um er að ræða þriggja missera hagnýtt grunnnám í dönsku. Námið er á diplómastigi (þrep 1, stig 1), og er 90 e. Ofan á 60 e nám í hagnýtri dönsku bæta nemendur við sig 30 e, sjá námslýsingu. Nemendur velja sér námskeið í samræmi við áhugasvið og hvers konar starfi þeir stefna að.
Hægt er að nýta einingar í hagnýtri dönsku sem aukagrein með öðrum greinum. Einnig má meta meginhluta námsins til BA-gráðu í dönsku.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057019_20096&kennsluar=2009
Hagnýt danska fyrir atvinnulífið, Aukagrein, 60 e
Um er að ræða tveggja missera hagnýtt grunnnám í dönsku. Námið er á diplómastigi (þrep 1, stig 1) og er 60 einingar. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 einingar. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf í tungumálinu eða sambærileg þekking. Hægt er að taka 30 eininga nám til viðbótar á BA-stigi og ljúka þannig diplómanámi í dönsku. Breyta má skráningu yfir til BA-gráðu áður en til útskriftar kemur. Einingarnar nýtast einnig að mestu til BA-náms í dönsku ef nemandi vill stefna að BA-gráðu eftir að hafa útskrifast með diplómagráðu.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057020_20096&kennsluar=2009
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk
Enska
Nám í ensku við Háskóla Íslands er fræðilegt yfirlit yfir ensk málvísindi, bókmenntir, menningu og ensku sem heimsmál. Forsenda námsins er að nemendur hafi mjög góða færni í enskri ritun og talmáli. Nemendur fá innsýn í hina ýmsu menningarheima enskunnar, yfirlit yfir enska málsögu og enska bókmennta- og menningarsögu og þjálfun í enskri orðræðu bæði starfstengdri og fræðilegri í málvísindum og bókmenntum. Nemendur beita fræðilegum aðferðum og hugtökum í greiningu á ensku máli, málnotkun, máltileinkun, bókmenntum, leikbókmenntum og menningu um allan heim.

| **Eldri námskeið ekki lengur í boði** | **Ný námskeið sem koma í staðinn** |
|---|---|
| ENS102G Ritþjálfun I (Composition I) | DET102G Ingangur að erlendum tungumálum I (Foundation Course in English for Foreign Languages) I AUTUMN |
| ENS203G Ritþjálfun II (Composition II) | ENS 203G Ensk ritþjálfun (English Composition) SPRING |
| ENS105G Almenn Málvísi I (Linguistics I) | ENS102G Mál og Maður (The Talking Animal) AUTUMN |
| ENS101G Hljóðfræði I (Phonetics I) | ENS101G Eðli tungumálsins (How Language Works I) AUTUMN |
| ENS202G Ensk málfræði (English Linguistics) | ENS202G Eðli tungumálsins II (How Language Works II SPRING |

Enska, BA, 180 e
Um er að ræða þriggja ára nám (180 e eða sex misseri). Nemendur útskrifast með BA-gráðu í ensku.
Nemendur geta valið um eftirfarandi áherslusvið: Ensk fræði, enskt mál og málvísindi, enskar bókmenntir og menning.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=051015_20096&kennsluar=2009
Enska, Aðalgrein, 120 e
Um er að ræða tveggja ára nám (120 e eða fjögur misseri). Námið ásamt 60 e aukagrein veitir BA-gráðu.
Til aðalgreinar teljast skyldunámskeiðin Bókmenntafræði, Breskar bókmenntir II og BA-ritgerð.
(Ath.: Stúdentar sem ekki hyggjast ljúka tilskildum fjölda námskeiða á öðru ári sínu í aðalgreinarnámi skulu ljúka Bókmenntafræði á undan öðrum námskeiðum þar.) Aðalgrein til 120 eininga má ljúka í fjarnámi.

Nemendur geta valið um eftirfarandi áherslusvið: Ensk fræði, enskt mál og málvísindi, enskar bókmenntir og menning.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=051014_20096&kennsluar=2009
Enska, Aukagrein, 60 e
Um er að ræða eins árs (tveggja missera) fræðilegt grunnnám í ensku. Námið er 60 einingar og er boðið í heild sem fjarnám, auk hefðbundins náms. Inntökuskilyrði er stúdentspróf í tungumálinu eða sambærileg þekking. Aukagrein ásamt 120 e í annarri námsgrein (aðalgrein) veitir BA-gráðu.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=051013_20096&kennsluar=2009
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk
Finnska
Finnska er aðeins kennd sem aukgrein að sinni. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur nái hratt og örugglega tökum á finnsku máli í ræðu og riti, og öðlist góða þekkingu á finnsku samfélagi og menningu.
Finnska aukagrein 60e
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057066_20096&kennsluar=2009
Franska
Frönsk menning hefur haft mikil áhrif á hinn vestræna heim og franska hefur verið kennd við Háskóla Íslands frá upphafi. Nám í frönsku er fjölbreytt og krefjandi og fer að öllu jöfnu fram á frönsku. Nemendur skulu hafa stúdentspróf í frönsku eða ígildi þess þegar þeir hefja nám í greininni. Nemendur kynnast menningu Frakklands og annarra frönskumælandi landa og landsvæða: bókmenntum, kvikmyndum, þjóðlífi og hugmyndasögu. Þeir fá markvissa þjálfun í rit- og talmáli á öllum námsstigum og áhersla er lögð á fræðileg og sjálfstæð vinnubrögð. Einnig fá nemendur innsýn í heim þýðinga, kynnast sögu tungumálsins og þróun.
Nám í frönsku má flétta saman við annað nám á Hugvísindasviði og utan þess á ýmsan hátt. Hægt er að stunda framhaldsnám í frönsku við Háskóla Íslands. Námsbrautin á gott samstarf við háskóla í Frakklandi, Kanada og víðar. Nemar í frönsku geta tekið hluta af námi sínu erlendis (eitt eða tvö misseri) og kynnst ólíkum menningarheimum af eigin raun.
Góð tungumálakunnátta nýtist á margvíslegan hátt og í nútímaþjóðfélagi er færni í tungumálum afar eftirsóknarverð. Gott vald á franskri tungu kemur sér vel í öllu alþjóðasamstarfi. Franskan getur einnig verið lykill að framtíðarstarfi á sviði viðskipta, ferðaþjónustu, fjölmiðlunar, stjórnmála, kennslu og vísinda, sem og við þýðingar, túlkun og ýmis menningartengd málefni.

Franska, BA, 180 e
180 eininga nám í frönsku er að jafnaði þriggja ára nám. Á 1. ári er lögð rík áhersla á að auka færni og skilning nemandans á tungumálinu. Á 2. og 3. ári er boðið upp á sérhæfðari og fjölbreyttari námskeið. Að námi loknu á nemandi að hafa öðlast yfirgripsmikla og ítarlega þekkingu á menningar- og bókmenntasögu þjóða sem hafa frönsku að móðurmáli. Hann á geta tjáð sig óhindrað bæði í töluðu máli og rituðu, hafa tileinkað sér sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð og frumleika í hugsun.
Heimasíða
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052025_20096&kennsluar=2009
Franska, Aðalgrein, 120 e
120 eininga nám í frönsku er að jafnaði tveggja ára nám. Á 1. ári er lögð rík áhersla á að auka færni og skilning nemandans á tungumálinu. Á 2. ári sækir nemandinn sérhæfðari námskeið. Að námi loknu á nemandi að hafa öðlast yfirgripsmikla þekkingu á menningar- og bókmenntasögu þjóða sem hafa frönsku að móðurmáli. Hann á geta tjáð sig óhindrað bæði í töluðu máli og rituðu og hafa tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og frumleika í hugsun.

Sjá heimasíðu í frönsku.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052082_20096&kennsluar=2009
Franska, Aukagrein, 60 e
60 eininga nám í frönsku sem aukagrein er að jafnaði eins árs nám. Að námi loknu á nemandi að hafa öðlast grunnþekkingu og skilning á frönsku, sem og á menningar- og bókmenntasögu þjóða sem hafa frönsku að móðurmáli. Hann á einnig að geta beitt tungumálinu á markvissan og gagnlegan hátt, jafnt í töluðu máli sem rituðu.
Sjá heimasíðu í frönsku.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052081_20096&kennsluar=2009
Hagnýt franska fyrir atvinnulífið, Grunndiplóma 90 e
Nám í hagnýtri frönsku til diplómagráðu er að jafnaði eins og hálfs árs nám (90 e).
Nemanda ber að ljúka skyldunámskeiðunum Sjálfsnám í frönsku I,
Sjálfsnám í frönsku II, Français.com, Français.org, Frönsk málfræði I,
Frönsk málfræði II, Málæfingar I, Talþjálfun I: franskt þjóðfélag og
Land og menning.

Að námi loknu á nemandi að hafa öðlast staðgóða þekkingu á frönsku máli og yfirsýn yfir menningu, sögu og þjóðlíf frönskumælandi þjóða.
Áhersla á er lögð á að tengja námið við atvinnulífið með markvissum hætti.
Sjá heimasíðu frönskunnar.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052019_20096&kennsluar=2009
Hagnýt franska fyrir atvinnulífið, Aukagrein, 60 e
60 eininga nám í hagnýtri frönsku sem aukagrein til BA-prófs er að jafnaði eins árs nám. Að námi loknu á nemandi að hafa öðlast staðgóða þekkingu á frönsku máli og yfirsýn yfir menningu, sögu og þjóðlíf frönskumælandi þjóða. Áhersla á er lögð á að tengja námið við atvinnulífið með markvissum hætti.

Nemanda ber að ljúka skyldunámskeiðunum Sjálfsnám í frönsku I,
Sjálfsnám í frönsku II, Français.com, Français.org, Frönsk málfræði I,
Frönsk málfræði II, Málæfingar I, Talþjálfun I: franskt þjóðfélag og
Land og menning.

Sjá heimasíðu frönskunnar.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052020_20096&kennsluar=2009
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk
Gríska
Markmið með námi í forngrísku er að veita nemendum innsýn í fornaldarmenningu Grikkja og gera þá færa um lesa og túlka texta sem eru afsprengi þeirrar menningar. Gríska er annar helsti hluti fornfræði, sem er þverfagleg fræðigrein er fæst við fornaldarmenningu Grikkja og Rómverja. Innan hennar rúmast t.d. sagnfræði, fornleifafræði, bókmenntafræði, heimspeki, listasaga og málvísindi að svo miklu leyti sem þessar greinar fást við fornöldina.
Til að geta fengist við viðfangsefnið er kunnátta í forngrísku afar æskileg. Nám í fornfræði er því að þó nokkru leyti nám í forngrísku. Menntun í fornfræði veitir mikilvæga innsýn í menningarsögu Evrópu. Hvort sem um er að ræða listasögu, bókmenntasögu og heimspekisögu, eða stjórnmála- og styrjaldasögu er menntun í fornfræði undirstöðuþáttur til skilnings á vestrænum menningararfi. Hið víðfeðma viðfangsefni fræðigreinarinnar gerir það að verkum að þar er eitthvað við allra hæfi.
Gríska, Aðalgrein, 120 e
Um er að ræða 120 e, tveggja ára nám (fjögur misseri). Gríska er kennd til BA-gráðu (sem aðalgrein og aukagrein). BA-nám tekur að jafnaði þrjú ár.

Námskeiðunum sem boðið er upp á má skipta í fernt:

1) Grunnnámskeið eða byrjendanámskeið, þar sem farið er yfir beygingafræði, setningafræði og málsögu, og eru textar vandlega lesnir og þýddir. Markmiðin með þessum námskeiðum eru að gera nemendur færa til þess að lesa texta á frummálinu.

2) Yfirlitsnámskeið veita yfirlit yfir sögu og menningu fornaldar en ekki er gert ráð fyrir kunnáttu í forngrísku í þeim námskeiðum.

3) Þá er boðið upp á sérhæfðari námskeið en viðfangsefni þeirra er þrengra en í yfirlitsnámskeiðunum og er breytilegt á hverju misseri. Þessi námskeið standa oft nemendum í öðrum greinum til boða og er því ekki gert ráð fyrir þekkingu í forngrísku en þó lesi þeir sem stunda nám í forngrísku valda texta á frummálinu.

4) Að lokum er boðið upp á námskeið í textalestri sem eiga að þjálfa nemendur enn frekar í lestri texta á frummálinu. Viðfangsefni þessara námskeiða er breytilegt frá ári til árs.
Enn fremur stendur nemendum til boða að vinna margs konar sérverkefni undir leiðsögn kennara eða í tengslum við námskeið.

Náminu lýkur með ritgerð til BA-prófs, sem vegur 10 einingar. Yfirleitt er um að ræða þýðingu á ákveðnu verki með fræðilegum inngangi.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052026_20096&kennsluar=2009

Gríska, Aukagrein, 60 e
Um er að ræða 60 e, eins árs nám í grísku (aukagrein). Til að ljúka BA-prófi þarf 120 e (tvö ár) í annarri námsgrein (aðalgrein).

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052083_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk

Ítalska
Ítalska er rómanskt tungumál sem um 70 milljón manns tala á Ítalíu, í smáríkinu San Marínó, Vatíkaninu, Sviss og Króatíu. Ítalska er eitt af opinberum tungumálum Evrópu en einnig er að finna ítölskumælandi fólk víðar í Evrópu, Ástralíu, Kanada, Bandaríkjunum og S-Ameríku (sérstaklega í Argentínu og S-Brasilíu þar sem næstum helmingur íbúa er af ítölskum uppruna).

Ítalskt tungumál opnar dyr að sagnfræði, listum, bókmenntum, myndlist, tónlist, hönnun, kvikmyndum, matargerðarlist og alþjóðaviðskiptum. Nám í ítölsku getur dýpkað skilning á ítölsku þjóðfélagi og menningu sem tengist hinni fornu rómversku menningu, sem og allri sögu Evrópu. Nám í ítölsku má flétta saman við annað nám á Hugvísindasviði en getur einnig tengst undirbúningi hjá þeim sem ætla í annað nám til Ítalíu og auðveldað þeim aðlögun í nýjum menningarheimi. Námsbrautin á samstarf við háskóla víðs vegar um Ítalíu og þangað geta nemendur farið og dýpkað þekkingu sína á tungumálinu og kynnst hinni einstöku menningu Ítalíu.

Ítalska, Aðalgrein, 120 e
120 eininga nám í ítölsku er að jafnaði tveggja ára nám. Á 1. ári er lögð rík áhersla á að auka færni og skilning nemandans á tungumálinu. Á 2. ári sækir nemandinn sérhæfðari námskeið. Að námi loknu á nemandi að hafa öðlast yfirgripsmikla þekkingu á menningar- og bókmenntasögu Ítalíu. Nemandi á að geta tjáð sig óhindrað bæði í töluðu máli og rituðu og hafa tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og frumleika í hugsun.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052024_20096&kennsluar=2009

Ítalska, Aukagrein, 60 e
60 einingа nám í ítölsku sem aukagrein er að jafnaði eins árs nám. Að námi loknu á nemandi að hafa öðlast grunnþekkingu og skilning á ítölsku, sem og á menningar- og bókmenntasögu Ítalíu. Hann á einnig að geta beitt tungumálinu á markvissan og gagnlegan hátt, jafnt í töluðu máli sem rituðu.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052080_20096&kennsluar=2009

Hagnýt ítalska fyrir atvinnulífið, Grunndiplóma, 90 e
90 e nám í hagnýtri ítölsku til diplómagráðu er að jafnaði eins og hálfs árs nám.
Að námi loknu á nemandi að hafa öðlast staðgóða þekkingu á ítölsku máli og yfirsýn yfir menningu, sögu og þjóðlíf Ítalíu. Áhersla á er lögð á að tengja námið við atvinnulífið með markvissum hætti.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052017_20096&kennsluar=2009

Hagnýt ítalska fyrir atvinnulífið, Aukagrein, 60 e
60 eininga nám í hagnýtri ítölsku sem aukagrein til BA-prófs er að jafnaði eins árs nám. Að námi loknu á nemandi að hafa öðlast staðgóða þekkingu á ítölsku máli og yfirsýn yfir menningu, sögu og þjóðlíf Ítalíu. Áhersla á er lögð á að tengja námið við atvinnulífið með markvissum hætti.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052015_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk

Japanskt mál og menning
Japanska er áttunda útbreiddasta tungumál veraldar og hafa tæplega 130 milljónir manna hana að móðurmáli. Kunnátta í japönsku er mikilvæg fyrir pólitísk, menningarleg og efnahagsleg samskipti við Japan.

Markmið námsins er að kynna nemendur fyrir helstu reglum japanskrar málfræði og gera þeim kleift að skilja talað mál og tjá sig á japönsku. Nemendur kynnast einnig japönsku ritmáli, **kana** og **kanji**, og læra að lesa og skrifa þau tákn sem koma fyrir í námsefninu. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér orðaforða til lesturs og ritunar einfaldra texta.

Til viðbótar við tungumálakennslu er jafnframt veitt yfirsýn yfir sögu Japans, japanskar bókmenntir og japanska kvikmyndalist. Nemendur fá einnig innsýn í japanskt samfélag og menningu þar sem þeir læra m.a. um daglegt líf í Japan, fjölskylduna, stöðu konunnar, menntun, hagkerfið, tónlist, myndasögur, teiknimyndir, siði og venjur.

Ef nemendur vilja taka japönsku til 180 e verða þeir að taka þriðja námsárið erlendis. Nemendur verða þá að hafa samband við deildina og sækja um það sérstaklega.
Heimasíða

Japanskt mál og menning, Aðalgrein, 120 e
Tveggja ára nám í japönsku (120 e) með aukagrein (60 e) á öðru sviði veitir BA-gráðu. Stúdentar skila BA-ritgerð í japönskum fræðum. Mögulegt er að taka seinna árið við erlendan háskóla. Einnig geta stúdentar útskrifast með japönsku sem hluta af tvöföldu aðalfagi, þ.e.a.s. 120 e í japönsku og 120 e í öðru fagi.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057078_20096&kennsluar=2009

Japanskt mál og menning, Aukagrein, 60 e
Eins árs nám í japönsku (60 e) með aðalfag (120 e) á öðru sviði.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057077_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk

Kínverskt mál og menning
Kína er ekki einungis fjölmennasta ríki jarðar heldur einnig á meðal elstu og margbrotnustu menningarheilda mannkyns. Kínversk fræði opna nemendum leiðina til skilnings á þessu flókna og spennandi samfélagi, tungu þess, sögu og menningu. Að hætti Konfúsíusar er námið markmið í sjálfu sér en vissulega hafa hraðar og róttækar breytingar á kínversku samfélagi á undanförnum áratugum opnað fyrir ótal atvinnutækifæri, meðal annars í menningarmálum, ferðamennsku, viðskiptum og menntamálum. Boðið er upp á 120 og 60 eininga BA-nám í kínverskum fræðum.
Hægt er að taka þriðja árið í kínversku við erlendan háskóla og ljúka þar með 180e.

Kínverskt mál og menning 120 e
Um er að ræða tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt grunnnám í kínverskum fræðum. Námið er á bakkalársstigi (þrep 1, stig 2), er 120 einingar og lýkur með BA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 einingar. Inntökuskilyrði er stúdentspróf.

Í 120 eininga BA-námi er lögð áhersla á að nemendur nái góðum tökum á kínversku máli jafnt í ræðu sem riti, öðlist haldbæra fræðilega þekkingu á kínverskri tungu og kínversku þjóðlífi ásamt sögu og menningu Kínverja. Nemendur ástunda akademísk vinnubrögð og fá þannig trausta fræðilega undirstöðu til að takast á við frekara nám í greininni.

Nemendum er skylt að taka a.m.k. 40 einingar í kínversku við Háskóla Íslands, auk námskeiðanna Sögu Kína I, Sögu Kína II, Kínversk menning og samfélag auk sameiginlegs vinnulagsnámskeiðs deildarinnar (alls 20e). Æskilegt er að nemendur haldi í nám við samstarfsskóla HÍ í Kína í minnst eina önn. Loks skrifa þeir 10 eininga BA-ritgerð.

Skipulag náms
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820026_20096&kennsluar=2009

Kínverskt mál og menning 60 e
Um er að ræða eins árs (tveggja missera) fræðilegt grunnnám í kínverskum fræðum. Námið er á diplómastigi (þrep 1, stig 1), og er 60 einingar. Slíkt nám getur nýst sem aukagrein með 120 eininga aðalgrein eða sem fyrsta ár í BA-námi í kínverskum fræðum sem aðalgrein til 120 eininga. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 einingar. Inntökuskilyrði er stúdentspróf.
Í 60 eininga BA-námi er lögð áhersla á að nemendur nái grundvallartökum á kínversku máli, öðlist haldbæra fræðilega þekkingu á kínverskri tungu og kínversku þjóðlífi ásamt sögu og menningu Kínverja. Nemendur ástunda akademísk vinnubrögð og fá þannig trausta fræðilega undirstöðu til að takast á við frekara nám í greininni.
Nemendum er skylt að taka 40 einingar í kínversku við Háskóla Íslands, auk námskeiðanna Saga Kína I, Saga Kína II og Kínversk menning og samfélag. Nemendur velja sjálfir hvernig þeir verja þeim 5 einingum sem eftir eru.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057082_20096&kennsluar=2009

Um námið
Kjarni kínverskra fræða felst í kínverskunámi. Kennt er staðlað kínverskt talmál sem einnig er kennt við **mandarín** (embættismál fyrri tíma), **guoyu** ("þjóðtunga") og **putonghua** ("almenn tunga"). Þessi staðlaða tegund kínversku miðast við mállýskuna sem töluð er í Beijing en samsvarar henni ekki að fullu. Stöðlun tungumálsins nær aftur til stofnunar Kínverska lýðveldisins árið 1912 en það hefur um langt skeið verið opinbert mál Kínverska alþýðulýðveldisins, Taívan og Singapúr og er einnig eitt opinberra tungumála Sameinuðu þjóðanna. Fer nærri að um milljarður manna tali staðlaða kínversku og að nálægt hálfum milljarði til viðbótar hafi tök á að tjá sig á henni.

Hvað viðvíkur málfræði er kínverska ekki sérstaklega flókið tungumál en uppbygging hennar er afar frábrugðin indó-evrópskum málum og því krefst það mikillar vinnu að tileinka sér séreinkenni hennar. Í kínverskunáminu er markmiðið að gera nemendum kleift að skilja og tjá sig á hversdagslegu máli.

Nemendur læra einnig grundvöll kínversks ritmáls sem verið hefur í samfelldri mótun í yfir 3000 ár. Miðað verður við ritstaðla Kínverska alþýðulýðveldisins. Umritunarform á latneskt letur er samkvæmt pinyin-kerfinu og kennd eru jiantizi eða einfölduð tákn.

Síðast en ekki síst hefur námið að geyma samfélags- og menningartengd námskeið. Þar á meðal fær löng og viðburðarík saga Kína talsvert rými en nemendur fá einnig innsýn inn í samfélagsþróun í Kína og hið gríðarlega margbrotna kínverska samfélag samtímans og þeir geta kynnt sér kínverskt viðskiptaumhverfi.

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk
Latína
Latína er kennd sem aðalgrein og aukagrein við Háskóla Íslands. Latína er formóðir allra rómanskra mála og hefur hún verið þekkt frá um 250 f. Kr. sem mállýska í Róm og Latium. Síðan breiddist hún út um allt rómverska heimsveldið og varð sameiginlegt tungumál menntaðra manna. Frá og með miðöldum skiptist talmálið í fjölmargar mállýskur sem rómönsk mál eru runnin frá.
Miðaldamenning Evrópumanna hvíldi að mestu leyti á þessum latínuarfi. Latínukunnátta er lykill að öllum rannsóknum á sögu og bókmenntum miðalda. Latína var notuð sem kirkjufræði- og stjórnsýslumál í Evrópu fram á 19. öld og var opinbert mál rómversk-kaþólsku kirkjunnar fram yfir miðja 20. öld.
Lærðir Íslendingar rituðu ýmislegt á latínu á 17. og 18. öld og eru þau ritverk hluti af íslenskum menningararfi.

Latína, Aðalgrein, 120 e
Um er að ræða 120 e, tveggja ára nám (fjögur misseri).

Námskeiðunum sem boðið er upp á má skipta í fernt:

1) Grunnnámskeið eða byrjendanámskeið, þar sem farið er yfir beygingafræði, setningafræði og málsögu, og eru textar vandlega lesnir og þýddir. Markmið með þessum námskeiðum eru að gera nemendur færa til þess að lesa texta á frummálinu.

2) Yfirlitsnámskeið veita yfirlit yfir sögu og menningu fornaldar en ekki er gert ráð fyrir kunnáttu í málunum í þeim námskeiðum.

3) Þá er boðið upp á sérhæfðari námskeið en viðfangsefni þeirra er þrengra en í yfirlitsnámskeiðunum og er breytilegt á hverju misseri. Þessi námskeið standa oft nemendum í öðrum greinum til boða og er því ekki gert ráð fyrir þekkingu á frummálinu en þó lesi þeir sem stunda nám í latínu valda texta á frummálinu.

4) Að lokum er boðið upp á námskeið í textalestri sem eiga að þjálfa nemendur enn frekar í lestri texta á frummálinu. Viðfangsefni þessara námskeiða er breytilegt frá ári til árs.

Enn fremur stendur nemendum til boða að vinna margs konar sérverkefni undir leiðsögn kennara eða í tengslum við námskeið.

Náminu lýkur með ritgerð til BA-prófs, sem vegur 10 einingar. Yfirleitt er um að ræða þýðingu á ákveðnu verki með fræðilegum inngangi.

Sjá heimasíðu.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052027_20096&kennsluar=2009
Latína, Aukagrein, 60 e
Um er að ræða eins árs (tveggja missera) fræðilegt grunnnám í latínu. Námið er á bakkalárstigi, til 60 e að jafnaði á fyrsta þrepi, öðru stigi. Fagið er aðeins hluti af skiptu námi og lýkur með bakkalárprófi taki nemandi aðra grein sem aðalgrein (120 e). Full námsframvinda á einu ári miðast við 60 e. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun. Bakkalárpróf með fyrstu einkunn veitir að jafnaði aðgang að framhaldsnámi á stigum 3 og 4 eða að meistaranámi.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052084_20096&kennsluar=2009
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk
Norska
Í norsku er boðið upp á nám til BA-gráðu. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur nái hratt og örugglega tökum á norsku máli í ræðu og riti og öðlist góða þekkingu á norsku samfélagi, menningu og bókmenntum. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér fræðilega þekkingu á framangreindum sviðum og ástundi akademísk vinnubrögð. Námið er þannig hvort tveggja í senn undirstaða fyrir frekara nám á meistarastigi erlendis eða fyrir störf sem krefjast sérfræðikunnáttu í norskum fræðum.

Í náminu eiga nemendur kost á nokkru vali og geta því að nokkru leyti sérhæft sig í samræmri við óskir og áhuga. Að námi loknu hafa nemendur norsku á valdi sínu og geta tjáð sig reiprennandi í ræðu og riti á blæbrigðaríkan hátt. Þeir hafa aflað sér fræðilegrar þekkingar og öðlast djúpan skilning á nokkrum sérhæfðum sviðum innan norsku fræðigreinarinnar, t.d. á þýðingum, norsku máli, bókmenntum, tengslum Noregs og Íslands eða notkun norsku í atvinnulífinu.

Nemendur hafa einnig fengið þjálfun í að greina fjölbreytta texta og ólíkar aðstæður sem krefjast glöggs skilnings, þekkingar og færni í norskum fræðum.
Norska, Aðalgrein, 120 e
Um er að ræða tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt grunnnám í norsku. Námið er 120 e, og er þá aðalgrein til BA-prófs. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg undirstaða í norsku eða einhverju öðru Norðurlandamáli. BA-próf með fyrstu einkunn veitir rétt til að hefja framhaldsnám á meistarastigi.
Í aðalgrein til BA-náms er lögð aukin áhersla á að nemendur nái öruggum tökum á norsku máli jafnt í ræðu sem riti, öðlist fræðilega þekkingu á norsku máli, málsögu og mállýskum, ásamt bókmenntum, sögu og menningu Norðmanna. Nemendur ástunda akademísk vinnubrögð og fá þannig fræðilega undirstöðu til að takast á við frekara nám í greininni erlendis. Markmiðið er einnig að búa nemendur undir störf sem krefjast haldgóðrar kunnáttu í norsku máli og traustrar þekkingar á norsku þjóðlífi, sögu og menningu.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057074_20096&kennsluar=2009
Norska, Aukagrein, 60 e
Um er að ræða eins árs (tveggja missera) fræðilegt grunnnám í norskum fræðum. Námið er 60 e. Námið getur nýst sem aukagrein með

aðalgrein 120 e, eða sem fyrsta ár í BA-námi í norsku sem aðalgrein til 120 e. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg undirstaða í norsku eða einhverju öðru Norðurlandamáli.
Á fyrstu stigum BA-náms er meginmarkmiðið að nemendur nái góðum tökum á norsku máli í ræðu og riti, öðlist fræðilega þekkingu á norskri tungu ásamt bókmenntum, sögu og menningu Norðmanna. Nemendur ástunda akademísk vinnubrögð og fá þannig fræðilega undirstöðu til að takast á við frekara nám í greininni. Markmiðið er einnig að búa nemendur undir störf sem krefjast góðrar hagnýtrar norskukunnáttu og þekkingar á norsku þjóðlífi og menningu.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057065_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk

Rómönsk mál
Aukagreinin \"rómönsk mál: franska ítalska, spænska\" veitir nemendum tækifæri til að ná góðum tökum á einu rómönsku máli (frönsku, ítölsku, spænsku) og um leið kynnast sögu og þróun rómanskra mála úr latínu.

Skyldunámskeið í aukagreininni eru: Latína fyrir byrjendur I (10 e) og Þróun rómanskra mála úr latínu (5 e). Nemandi velur sér eitt tungumál og tekur 45 e í þeirri grein. Samsetning þessara eininga er háð því hvaða tungumál nemandinn velur.

Ef um byrjanda er að ræða er hægt að taka byrjendanámskeið í tungumálinu og eru þau metin til eininga innan aukagreinarinnar. Annars velur nemandi önnur námskeið í samráði við námsbrautarstjóra.

Velji nemandinn frönsku er námið þannig samsett: Franska fyrir byrjendur I og II, Frönsk málfræði I og II, Talþjálfun og málæfingar I og II, Frönsk málsaga, sérverkefni (3 e), valnámskeið (5 e).

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052023_20096&kennsluar=2009

Rússneska
Rússneska er ætluð nemendum sem ekki hafa grunn í rússnesku. Nám í rússnesku er í senn hagnýtt og fræðilegt. Annars vegar er um að ræða tungumálanám þar sem nemendur fá kennslu og þjálfun í að skrifa, tala og skilja rússnesku og hins vegar fræðilegt nám um rússneska tungu, bókmenntir, menningu og sögu Rússlands.
Fjallað er um málfræði, beygingakerfi, setningafræði og hljóðfræði rússnesku. Nemendur kynnast menningu og sögu Rússlands og lesa rússneskar bókmenntir. Þýðingafræði og þýðingum eru gerð nokkur skil í seinni hluta námsins. Markmiðið er að nemendur nái tökum á rússnesku rit- og talmáli, og öðlist þekkingu á sögu, menningu og bókmenntum Rússlands.
Nám í rússnesku undirbýr nemendur fyrir margs konar nám í háskólum í Rússlandi. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir nám í þýðingafræðum á meistarastigi við Háskóla Íslands og undirbýr nemendur fyrir störf á erlendum og innlendum vettvangi þar sem krafist er staðgóðrar þekkingar á rússnesku tungumáli og menningu og sögu Rússlands.

Rússneska, Aðalgrein, 120 e
Rússnesk fræði sem aðalgrein til 120 eininga er tveggja ára nám með breiðri áherslu á ýmis svið menningar og sögu. Kennsla í rússnesku á fyrra ári fer að mestu fram á ensku, en þegar á líður einnig á rússnesku. Í öðrum námskeiðum fer kennsla fram á íslensku nema annað sé tekið fram. Rúmur helmingur námsins felst í tungumálanámi, en tæpur helmingur felst annars vegar í inngangsnámskeiðum og hins vegar í námskeiðum sem fjalla um sögu, menningu og bókmenntir Rússlands. Í bókmenntum á öðru ári og í valnámskeiði er lögð áhersla á lestur og vinnu með rússneska texta.
Ljúka þarf öllum skyldunámskeiðum á fyrra ári til að geta hafið nám á öðru ári.
Hafi nemendur lokið Inngangi að erlendum tungumálum I og Inngangi að erlendum tungumálum II, eða öðrum sambærilegum námskeiðum í öðrum greinum, þurfa þeir ekki að sitja þau námskeið að nýju. Mat á öðru námi er skoðað í hverju tilfelli fyrir sig.
Að mestu leyti er um skyldunámskeið að ræða. Nemendur velja eitt námskeið til að ljúka 120 eininga námi. Nemendum er frjálst að taka fleiri valnámskeið en nauðsynlegt er, standi áhugi þeirra til þess.
Nemendum stendur til boða að stunda eins árs nám við Moskvuháskóla að loknu 120 eininga námi við Háskóla Íslands og ljúka þannig 180 eininga námi í Rússnesku. Kjósi nemendur að fara til skiptináms eftir eitt ár, ljúka þeir 120 einingum í Rússnesku.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052028_20096&kennsluar=2009

Rússneska, Aukagrein, 60 e
Megináhersla er lögð á tjáskipti og hagnýta málnotkun, innsýn í rússneskar bókmenntir, sögu, menningu og þjóðfélag. Kennsla í rússnesku fer að mestu fram á ensku, en þegar á líður einnig á rússnesku. Í öðrum námskeiðum fer kennsla fram á íslensku nema annað sé tekið fram. Öll námskeið eru skyldunámskeið, nema eitt 5 e námskeið sem er valnámskeið. Tveir þriðju hlutar námsins felast í tungumálanámi. Þriðjungur námsins felst í námskeiðum þar sem fjallað er um bókmenntir, menningu og sögu Rússlands.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052088_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk

Spænska
Nám í spænsku er fjölbreytt og krefjandi og fer að öllu jöfnu fram á spænsku. Nemendur skulu hafa stúdentspróf í spænsku eða ígildi þess þegar þeir hefja nám í greininni. Nemendur kynnast menningu Spánar og Rómönsku Ameríku: bókmenntum, kvikmyndum, þjóðlífi og hugmyndasögu. Þeir fá þjálfun í rit- og talmáli á fyrstu námsstigum og áhersla er lögð á fræðileg og sjálfstæð vinnubrögð. Einnig fá nemendur innsýn í heim þýðinga, kynnast sögu tungumálsins og þróun.

Nám í spænsku má flétta saman við annað nám á Hugvísindasviði og utan þess á ýmsan hátt. Hægt er að stunda framhaldsnám í spænsku við Háskóla Íslands. Námsbrautin er í góðu samstarfi við háskóla á Spáni, í Rómönsku Ameríku og víðar. Nemar í spænsku geta tekið hluta af námi sínu erlendis (eina eða tvær annir) og kynnst ólíkum menningarheimum af eigin raun.

Góð tungumálakunnátta nýtist á margvíslegan hátt og í nútímaþjóðfélagi er færni í tungumálum afar eftirsóknarverð. Gott vald á spænskri tungu kemur sér vel í öllu alþjóðasamstarfi. Spænskan getur einnig verið lykill að framtíðarstarfi á sviði viðskipta, ferðaþjónustu, fjölmiðlunar, stjórnmála, kennslu og vísinda, sem og við þýðingar, túlkun og ýmis menningartengd málefni.

Spænska, BA, 180 e

Um er að ræða þriggja ára (sex missera) fræðilegt nám í spænsku. Námið er 180 e og er aðalgrein til BA-prófs. Fyrstu tvö misserin eru sameiginleg með spænsku sem aukagrein. Hvað varðar þekkingu, hæfni og færni gilda sömu viðmið og fyrir 120 eininga BA-nám í spænsku, en ætlast er til að nemandi sem kýs að ljúka 180 eininga námi búi yfir víðtækari þekkingu á öllum sviðum spænskrar tungu og menningar.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052029_20096&kennsluar=2009

Spænska, Aðalgrein, 120 e

120 eininga nám í spænsku er að jafnaði tveggja ára nám. 120 e nám ásamt aukagrein í annarri grein (60 e) veitir BA-gráðu.
Á 1. ári er lögð rík áhersla á að auka færni og skilning nemandans á tungumálinu. Á 2. ári sækir nemandinn sérhæfðari og fjölbreyttari námskeið. Að námi loknu á nemandi að hafa öðlast yfirgripsmikla þekkingu á menningar- og bókmenntasögu þjóða sem hafa spænsku að móðurmáli. Hann á geta tjáð sig óhindrað bæði í töluðu máli og rituðu og hafa tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og frumleika í hugsun.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052086_20096&kennsluar=2009

Spænska, Aukagrein 60 e

60 eininga nám í spænsku sem aukagrein er að jafnaði eins árs nám. Að námi loknu á nemandi að hafa öðlast grunnþekkingu og skilning á spænsku, sem og á menningar- og bókmenntasögu þjóða sem hafa spænsku að móðurmáli. Hann á einnig að geta beitt tungumálinu á markvissan og gagnlegan hátt, jafnt í töluðu máli sem rituðu.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052085_20096&kennsluar=2009

Hagnýt spænska fyrir atvinnulífið, Grunndiplóma, 90 e

90 eininga nám í hagnýtri spænsku til diplómagráðu er að jafnaði eins og hálfs árs nám. Að námi loknu á nemandi að hafa öðlast staðgóða þekkingu á spænsku máli og yfirsýn yfir menningu, sögu og þjóðlíf spænskumælandi þjóða. Áhersla á er lögð á að tengja námið við atvinnulífið með markvissum hætti.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052018_20096&kennsluar=2009

Hagnýt spænska fyrir atvinnulífið, Aukagrein, 60 e

60 eininga nám í hagnýtri spænsku sem aukagrein til BA-prófs er að jafnaði eins árs nám. Að námi loknu á nemandi að hafa öðlast staðgóða þekkingu á spænsku máli og yfirsýn yfir menningu, sögu og þjóðlíf spænskumælandi þjóða. Áhersla er lögð á að tengja námið við atvinnulífið með markvissum hætti.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052016_20096&kennsluar=2009

Kennarar

http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk

Sænska

Í sænsku er boðið upp á nám til BA-gráðu. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur nái hratt og örugglega tökum á sænsku máli í ræðu og riti og öðlist þekkingu á sænsku samfélagi, menningu og bókmenntum. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér fræðilega þekkingu á framangreindum sviðum og ástundi akademísk vinnubrögð.
Sænskunámið miðar að því að nemendur nái hratt og örugglega valdi á sænsku máli. Þeir fá innsýn í sænska málfræði og bókmenntir, sænskt þjóðfélag og menningu, t.a.m. kvikmyndir. Auk þess læra þeir margt um tungumál og bókmenntafræði almennt.
Hægt er að tengja sænsku við ýmsar aðrar greinar eftir áhugasviði, t.d. málvísindi, þýðingafræði, önnur tungumál eða jafnvel greinar utan Hugvísindasviðs.
Atvinnumöguleikar fyrir fólk með menntun í sænsku eru margvíslegir, t.d. þýðingar, störf tengd viðskiptum, störf í ferðaþjónustu, fræðastörf, blaðamennska og önnur fjölmiðlastörf, störf í menningargeiranum.

Sænska, Aðalgrein, 120 e

Um er að ræða tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt grunnnám í sænsku. Námið er á bakkalársstigi (þrep 1, stig 2), er 120 e og er þá aðalgrein til BA-prófs að viðbættri aukagrein í öðru fagi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg undirstaða í sænsku.
Í aðalgrein til BA-náms er aukinn þungi lagður á að nemendur nái öruggum tökum á sænsku máli jafnt í ræðu sem riti, öðlist fræðilega þekkingu á sænskri tungu og sænsku þjóðlífi ásamt bókmenntum og menningu Svía. Nemendur ástunda akademísk vinnubrögð og fá þannig fræðilega undirstöðu til að takast á við frekara nám í greininni.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057070_20096&kennsluar=2009

Sænska, Aukagrein, 60 e

Um er að ræða eins árs (tveggja missera) fræðilegt grunnnám í sænsku. Námið er á diplómastigi (þrep 1, stig 1), og er 60 e. Slíkt nám getur nýst sem aukagrein með aðalgrein 120 e. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg undirstaða í sænsku.
Á fyrstu stigum BA-náms er meginmarkmiðið að nemendur nái góðum tökum á sænsku máli í ræðu og riti, öðlist fræðilega þekkingu á sænskri tungu og sænsku þjóðlífi ásamt bókmenntum og menningu Svía. Nemendur ástunda akademísk vinnubrögð og fá þannig fræðilega undirstöðu til að takast á við frekara nám í greininni.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057069_20096&kennsluar=2009

Kennarar

http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk

Þýska
Í námi í þýsku eða þýskum fræðum (Germanistik/Deutsch als Fremdsprache) er lögð áhersla á að nemendur nái sem bestum tökum á þýskri tungu og afli sér þekkingar og skilnings á margbreytileika hennar og þeirri menningu sem hún endurspeglar. Námskeiðin eru fjölbreytt: Sum eru hagnýt og snúast um að ná tökum á þýsku í ræðu og riti; önnur veita yfirgripsmikla þekkingu á bókmenntum, menningu og þjóðlífi þýska málsvæðisins; í enn öðrum er fræðileg lýsing tungumálsins í brennidepli. Auk þess er ávallt boðið upp á námskeið í þýðingum, þýsku í viðskiptum og ferðaþjónustu og kennslufræði þýsku sem erlends máls.
Í náminu eiga nemendur kost á miklu vali og geta því að talsverðu leyti sérhæft sig í samræmi við markmið og áhugasvið. Að námi loknu geta nemendur talað þýsku reiprennandi og hafa vald á þýsku ritmáli til að semja vandaða texta um ýmis viðfangsefni. Þeir hafa aflað sér fræðilegrar þekkingar og öðlast djúpan skilning á nokkrum sérhæfðum sviðum innan þýskra fræða, t.d. þýsku máli, bókmenntum og menningu málsvæðisins, þýðingum, kennslufræði þýsku eða notkun þýsku í atvinnulífi.
Á öðru misseri námsins er ávallt efnt til málnotkunarnámskeiðs í háskólaborginni Tübingen í Suður-Þýskalandi. Auk þess er að unnt að taka hluta þýskunámsins sem skiptinám í þýskumælandi landi.

Heimasíða

Þýska, BA, 180 e
Um er að ræða þriggja ára (sex missera) fræðilegt grunnnám í þýsku sem lýkur með BA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg undirstaða í þýsku. BA-próf með fyrstu einkunn veitir rétt til að hefja framhaldsnám á meistarastigi.
Í 180 eininga BA-námi er lögð áhersla á að nemendur nái afbragðsgóðum tökum á þýsku máli jafnt í ræðu sem riti og öðlist umfangsmikla fræðilega og hagnýta þekkingu á öðrum sviðum greinarinnar. Þeir geta að verulegu leyti valið sér námskeið í samræmi við áhugasvið. Nemendur ástunda akademísk vinnubrögð og fá þannig trausta fræðilega undirstöðu til að takast á við frekara nám í þýskum fræðum.
Markmið námsins er einnig að undirbúa nemendur undir störf sem krefjast sérhæfðrar kunnáttu í þýsku máli og traustrar fræðilegrar og hagnýtrar þekkingar á þjóðlífi og menningu þýska málsvæðisins eða öðrum völdum sviðum greinarinnar.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057075_20096&kennsluar=2009

Þýska, Aðalgrein, 120 e
Um er að ræða tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt grunnnám í þýsku og er það þá 120 eininga aðalgrein til BA-prófs. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg undirstaða í þýsku. BA-próf með fyrstu einkunn veitir rétt til að hefja framhaldsnám í greininni á meistarastigi.
Í aðalgrein til BA-náms er aukinn þungi lagður á að nemendur nái mjög góðum tökum á þýsku máli jafnt í ræðu sem riti og öðlist fræðilega þekkingu á þýskri tungu sem og bókmenntum, menningu og sögu þýskumælandi landa. Auk þess geta þeir að hluta valið sér hagnýt og fræðileg námskeið í samræmi við áhugasvið. Nemendur ástunda akademísk vinnubrögð og fá þannig fræðilega undirstöðu til að takast á við frekara nám í þýskum fræðum.
Markmið námsins er einnig að búa nemendur undir störf sem krefjast haldgóðrar kunnáttu í þýsku máli og traustrar þekkingar á þjóðlífi og menningu þýska málsvæðisins.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057064_20096&kennsluar=2009

Þýska, Aukagrein, 60 e
Um er að ræða eins árs (tveggja missera) fræðilegt grunnnám í þýsku. Námið er 60 e. Slíkt nám getur bæði nýst sem aukagrein með 120 e aðalgrein eða sem fyrsta ár í BA-námi í þýsku sem aðalgrein til 120 e eða 180 e. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg undirstaða í þýsku.
Á fyrstu stigum BA-náms er meginmarkmiðið að nemendur nái góðum tökum á þýsku máli í ræðu og riti og öðlist auk þess fræðilega þekkingu á þýskri tungu og þjóðlífi þýskumælandi landa, sem og grunnþáttum málvísinda og bókmenntafræði. Nemendur ástunda akademísk vinnubrögð og fá þannig fræðilega undirstöðu til að takast á við frekara nám í þýskum fræðum.
Markmið námsins er einnig að búa nemendur undir störf sem krefjast hagnýtrar þýskukunnáttu og þekkingar á þjóðlífi þýska málsvæðisins.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057063_20096&kennsluar=2009

Hagnýt þýska fyrir atvinnulífið, Grunndiplóma, 90 e
Um er að ræða eins og hálfs árs (þriggja missera) hagnýtt grunnnám í þýsku á diplómastigi (þrep 1, stig 1). Námið er 90 e og lýkur með diplómaprófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði er stúdentspróf í tungumálinu eða sambærileg þekking. Breyta má skráningu yfir í nám í þýsku sem aðalgrein til BA-gráðu áður en til útskriftar kemur. Einingar diplómaprófsins nýtast einnig að mestu til BA-náms í þýsku sem aðalgrein ef nemandi vill stefna að BA-gráðu eftir að hafa útskrifast með diplómagráðu.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057018_20096&kennsluar=2009

Hagnýt þýska fyrir atvinnulífið, Aukagrein, 60 e
Um er að ræða tveggja missera hagnýtt grunnnám í þýsku. Námið er 60 e. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf eða sambærileg undirstaða í málinu. Að náminu loknu er unnt að taka 30 e nám til viðbótar á BA-stigi og ljúka þannig diplómanámi í þýsku.
Hagnýtt nám í þýsku er ætlað þeim sem vilja búa sig undir störf þar sem sérstaklega reynir á almenna þýskukunnáttu, t.d. í viðskiptum, ferðaþjónustu og stjórnsýslu. Megináhersla er lögð á hagnýta málnotkun, menningarmiðlun og þekkingu á þjóðlífi þýskumælandi landa. Hægt er að nýta 60 e í hagnýtri þýsku sem aukagrein til BA-prófs.
Einnig má meta mikinn hluta námsins til BA-gráðu í þýsku sem aðalgrein.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057017_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk

Allar námsleiðir í grunnnámi
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=G

### Framhaldsnám

Danska

Danska, Meistarapróf, 120 e
Í meistaranámi er meginmarkmiðið að nemendur ástundi akademísk vinnubrögð og afli sér sérhæfðar fræðilegrar þekkingar. Meistaranemar kynnast rannsóknavinnu af eigin raun. Markmiðið með meistaranámi er að nemendur verði færir um að vinna sérhæfð störf þar sem reynir á sérfræðiþekkingu í dönsku máli, bókmenntum og menningu.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057072_20096&kennsluar=2009
Danska, M.Paed., 90 e
Í M.Paed.-námi er meginmarkmiðið að nemendur ástundi akademísk vinnubrögð á fræðasviðinu, afli sér sérhæfðar þekkingar á dönsku máli og menningu og á kennslufræði dönsku sem erlends máls. Nemendur stunda að vissu marki rannsóknir tengdar dönskukennslu. Markmiðið með M.Paed.-námi er að nemendur öðlist trausta þekkingu til að stunda sérhæfð störf tengd dönskukennslu og tengdum sviðum.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057079_20096&kennsluar=2009
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk
Enska

Enska, Meistarapróf, 120 e
Fjögurra missera (tveggja ára) fræðilegt framhaldsnám í ensku. Námið er meistaranám (þrep 2, stig 4). Það er 120 e, þar af minnst 30 e lokaverkefni, og lýkur með MA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði er BA-próf (af þrepi 1, stigi 2) með fyrstu einkunn í ensku sem aðalgrein eða jafngildi þess. MA-próf í ensku veitir rétt til að sækja um doktorsnám í ensku á þrepi 3, stigi 5.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=051016_20096&kennsluar=2009
Enska, M.Paed., 90 e
Um er að ræða þriggja missera (eins og hálfs árs) nám í tileinkun og kennslu ensku sem erlends máls. Námið er starfsmiðað rannsóknatengt framhaldsnám á meistarastigi (þrep 2, stig 3). Það er 90 e, þar af 30 e lokaverkefni, og lýkur með M.Paed.-prófi. Námið er skipulagt í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands þar sem 30 e í kennslufræðum eru teknar á tveim misserum. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði er BA-próf (af þrepi 1, stigi 2) með fyrstu einkunn í ensku sem aðalgrein eða jafngildi þess. M.Paed.-próf veitir kennsluréttindi á framhaldsskólastigi en ekki aðgang að doktorsnámi.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=051018_20096&kennsluar=2009
Enska, Doktorspróf
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=051020_20096&kennsluar=2009
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk
Franska

Franska, Meistarapróf, 120 e
MA-nám í frönsku er að jafnaði tveggja ára nám. BA-próf með fyrstu einkunn í frönsku sem aðalgrein eða jafngildi þess veitir inngöngu í MA-nám. Engin sérstök skyldunámskeið eru í náminu og nemandinn velur námskeið út frá áhugasviði sínu (bókmenntir, málvísindi, þýðingar, o.fl.) í samráði við leiðbeinanda. Hann fær þjálfun í fræðilegum og sjálfstæðum vinnubrögðum, í framsetningu efnis og getur aflað sér frekari þekkingar á fræðasviði sínu. Að námi lokni getur hann tekist á hendur doktorsnám í fræðigrein sinni.
MA-nám í frönsku er 120 einingar, þar af minnst 30 eininga lokaverkefni. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 einingar. Ákveðnar reglur gilda um samsetningu námsins:
- Ritgerð 30-40-60e
- Málstofur á MA-stigi í frönsku (A 5e, B 5e, C 5e, D 5e)
- Málstofuverkefni á MA-stigi í frönsku (A 5e, B 5e, C 5e, D 5e)
- Einstaklingsverkefni (hámark 30e) (A 10e, B 10e, C 10e, D 20e)
- Nám á MA-stigi við erlenda háskóla (hámark 60 ein.). Mat háð samráði við framhaldsnámsnefnd.
- Námskeið á MA-stigi úr öðrum greinum (allt að 30e)
- Námskeið á BA-stigi í frönsku (auknar kröfur)

Nemandi skal ljúka a.m.k. tveimur málstofum á MA-stigi í sinni grein. Hann getur unnið málstofuverkefni í tengslum við málstofurnar. Einnig getur hann unnið einstaklingsverkefni í greininni, allt að 30e. Að fengnu samþykki er nemanda heimilt að taka allt að 30e í námskeiðum á meistarastigi í öðrum greinum. Nemandinn er hvattur til að taka námskeið á framhaldsstigi við erlenda háskóla. Þetta nám er að hámarki metið til 60e. Á fjórða misseri skrifar nemandinn MA-ritgerð sem að jafnaði er metin til 30e.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052031_20096&kennsluar=2009
Franska, M.Paed. 90e
M.Paed.-nám er að jafnaði eins og hálfs árs nám í tileinkun og kennslu frönsku sem erlends máls. Námið er hagnýtt rannsóknatengt framhaldsnám á meistarastigi. Það er 90 einingar, þar af 30 eininga lokaverkefni. BA-próf með fyrstu einkunn í frönsku sem aðalgrein eða jafngildi þess veitir inngöngu í M.Paed.-nám. Að M.Paed.-námi loknu hefur nemandi öðlast góða þekkingu og innsýn í tungumálanám og -

kennslu á Íslandi. Hann hefur þekkingu á almennri kennslufræði sem og á kennslufræði erlendra tungumála. Hann hefur tileinkað sér sjálfstæð og fræðileg vinnubrögð sem nýtast honum við tungumálakennslu á framhaldsskólastigi.
Námið er skipulagt í samstarfi við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands þar sem 30 einingar í kennslufræðum eru teknar á tveimur misserum. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 60 einingar. Nemendur taka 15 einingar í sameiginlegum skyldunámskeiðum fyrir M.Paed.-nema í deildinni. Skyldunámskeiðin eru: Straumar og stefnur í tungumálakennslu, Rannsóknaraðferðir í tungumálanámi og kennslu, Tileinkun seinni og erlendra mála. 15 einingum skulu nemendur svo ljúka í námskeiðum í frönsku, þar af námskeiðinu Að læra og kenna frönsku sem erlent mál.
M.Paed.-próf veitir kennsluréttindi á framhaldsskólastigi, en ekki aðgang að doktorsnámi.
Heimasíða
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052021_20096&kennsluar=2009
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk
Norðurlandafræði
Um er að ræða 120e þverfaglegt meistaranám með það að nemendur öðlist breiða þekkingu á Norðurlöndunum sem sérstöku mál- og menningarsvæði og geti auðveldlega tjáð sig i norrænu samhengi. Nemendur fá innsýn í daglegt líf, bókmenntir og menningu Norðurlanda og þróun norænna samfélaga. Áhersla er lögð á að nemendur geti notað kunnáttu sína í einu skandinavísku máli sem lykil að grannmálunum tveimur og aukið þannig möguleika sína til hvers konar starfa á norræna málsvæðinu.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820041_20096&kennsluar=2009
Spænska
Hægt er að stunda framhaldsnám í spænsku við Háskóla Íslands. Í M. Paed.-námi geta nemendur sérhæft sig í kennslufræði tungumálsins. Í MA-námi fá nemendur tækifæri til að dýpka þekkingu sínu á spænsku máli og menningu.
Spænska, Meistarapróf, 120 e
MA-nám í spænsku er að jafnaði tveggja ára einstaklingsmiðað nám. BA-próf með fyrstu einkunn í spænsku sem aðalgrein eða jafngildi þess veitir inngöngu í MA-nám. Að námi loknu hefur nemandi öðlast nákvæma þekkingu á kjörsviði sínu í spænsku máli og málvísindum, eða sögu og bókmenntum spænskumælandi þjóða. Hann hefur fengið þjálfun í fræðilegum og sjálfstæðum vinnubrögðum sem og í framsetningu efnis í fræðilegu samhengi. Nemandinn er fær um að afla sér frekari þekkingar á fræðasviði sínu og getur tekist á hendur doktorsnám í fræðigrein sinni.
MA-nám í spænsku er 120 einingar, þar af minnst 30 eininga lokaverkefni. Full námsframvinda á einni önn miðast við 30 einingar. MA-próf í spænsku veitir rétt til að sækja um doktorsnám í spænsku. Námið er samsett úr eftirfarandi þáttum:
- Ritgerð 30, 40 eða 60 e
- Málstofur á MA-stigi í spænsku (A 5 e, B 5 e, C 5 e, D 5 e)
- Málstofuverkefni á MA-stigi í spænsku (A 5 e, B 5 e, C 5 e, D 5 e)
- Einstaklingsverkefni (hámark 30 e) (A 10 e, B 10 e, C 10 e, D 20 e)
- Nám á MA-stigi við erlenda háskóla (hámark 60 e). Mat háð samráði við framhaldsnámsnefnd.
- Námskeið á MA-stigi úr öðrum greinum (allt að 30 e)
- Námskeið á BA-stigi í spænsku (auknar kröfur)

Að fengnu samþykki er nemanda heimilt að taka allt að 30 e í námskeiðum á meistarastigi í öðrum greinum. Nemandinn er hvattur til að taka námskeið á framhaldsstigi við erlenda háskóla. Á fjórðu önn skrifar nemandinn MA-ritgerð sem að jafnaði er metin til 30 e.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052030_20096&kennsluar=2009
Spænska, M.Paed., 90 e
M.Paed.-nám er að jafnaði eins og hálfs árs nám í tileinkun og kennslu spænsku sem erlends máls. Námið er hagnýtt rannsóknatengt framhaldsnám á meistarastigi. Það er 90 einingar, þar af 30 eininga lokaverkefni. BA-próf með fyrstu einkunn í spænsku sem aðalgrein eða jafngildi þess veitir inngöngu í M.Paed.-nám. Að M.Paed.-námi loknu hefur nemandi öðlast góða þekkingu og innsýn í tungumálanám og -kennslu á Íslandi. Hann hefur þekkingu á almennri kennslufræði sem og á kennslufræði erlendra tungumála. Hann hefur tileinkað sér sjálfstæð og fræðileg vinnubrögð sem nýtast honum við tungumálakennslu á framhaldsskólastigi.
Námið er skipulagt í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands þar sem 30 einingar í kennslufræðum eru teknar á tveimur önnum. Full námsframvinda á einni önn miðast við 30 einingar. Nemendur taka 30 einingar í sameiginlegum skyldunámskeiðum fyrir M.Paed.-nema í deildinni. Skyldunámskeiðin eru: Straumar og stefnur í tungumálakennslu, Rannsóknaraðferðir í tungumálanámi og kennslu, Tileinkun seinni og erlendra mála. 15 einingum skulu nemendur svo ljúka í námskeiðum í spænsku.
M.Paed.-próf veitir kennsluréttindi á framhaldsskólastigi, en ekki aðgang að doktorsnámi.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=052022_20096&kennsluar=2009
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk
Þýska
Þýska, Meistarapróf, 120 e
Um er að ræða tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt framhaldsnám í þýskum fræðum. Námið er á meistarastigi og er 120 e og lýkur með MA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði eru BA-próf í þýsku sem aðalgrein með fyrstu einkunn eða jafngildi þess. MA-próf veitir rétt til að hefja framhaldsnám á doktorsstigi.
Í MA-námi er meginmarkmiðið að nemendur ástundi akademísk vinnubrögð, afli sér sérhæfðrar fræðilegrar þekkingar og kynnist rannsóknavinnu af eigin raun.
Markmið námsins er einnig að nemendur verði færir um að vinna sérhæfð störf þar sem reynir á sérfræðiþekkingu í þýsku máli, bókmenntum og menningu.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057080_20096&kennsluar=2009

Þýska, M.Paed., 90 e
Um er að ræða eins og hálfs árs (þriggja missera) starfsmiðað meistaranám í þýsku sem er 90 e og lýkur með M.Paed.-prófi. Námið er skipulagt í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands þar sem 30 e í kennslufræðum eru teknar á tveimur misserum. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði eru BA-próf í þýsku sem aðalgrein með fyrstu einkunn. M.Paed.-próf veitir kennsluréttindi á framhaldsskólastigi.
Í M.Paed.-námi er meginmarkmiðið að nemendur ástundi akademísk vinnubrögð, afli sér sérhæfðrar þekkingar á tileinkun og kennslufræði þýsku sem erlends máls og stundi að vissu marki rannsóknir tengdar þýskukennslu.
Markmið námsins er einnig að nemendur öðlist trausta þekkingu til að stunda sérhæfð störf tengd þýskukennslu og skyldum sviðum.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=057076_20096&kennsluar=2009

MA-nám í þýsku í ferðaþjónustu og miðlun 90 e
MA-nám í þýsku í ferðaþjónustu og miðlun er ný hagnýt námsleið á meistarastigi sem verður innleitt haustið 2009. Með henni er komið til móts við þarfir atvinnulífsins fyrir fólk með sérhæfða þekkingu sem nýtist í sívaxandi samskiptum við þýsku-mælandi markhópa í ferðaþjónustu og menningarmiðlun sem og í ýmiss konar upplýsingamiðlun og kynningum auk alþjóðasam-skipta. Náminu er ætlað að höfða jafnt til fólks sem þegar starfar á þessum sviðum og þeirra sem hyggja á störf á þessum vettvangi. Námið er hugsað sem beinn undirbúningur undir störf af þessu tagi sem auki verulega samkeppnishæfi þeirra sem því ljúka. Þar að auki hafa þeir sem aflað hafa sér meistaragráðu oftast ákveðið forskot á vinnumarkaðinum.

Um námið
**Forkröfur** Nemendur skulu hafa lokið BA-prófi með þýsku sem aðalgrein og 1. einkunn (7,25) eða sambærilegri menntun.
**Markmið** Markmið MA-náms í þýsku í ferðaþjónustu og miðlun er m.a. að nemendur öðlist:
● gott yfirlit yfir þau svið ferðaþjónustu og menningarmiðlunar þar sem mest reynir á samskipti við þýskumælandi markhópa
● hagnýta færni í miðlun upplýsinga og menningararfs til þýskumælandi markhópa
● hagnýta þekkingu á Íslandi sem ferðamannalandi fyrir þýsku-mælandi þjóðir sem og Þýskalandi, Austurríki og Sviss sem ferðamannalöndum fyrir Íslendinga ● betra vald á þýsku máli í ræðu og riti til upplýsinga- og menningarmiðlunar og ýmiss konar kynninga
● þekkingu á þvermenningarlegum samskiptum með sérstöku tilliti til þýskumælandi þjóða.
**Kennsluhættir**
Þýska í ferðaþjónustu og miðlun er einkum kennd í málstofu-, æfinga- og fyrirlestraformi, auk þess sem fjölbreytt verkefna-vinna og ritgerðasmíð er veigamikill þáttur í náminu.
**Uppbygging námsins** Um er að ræða þriggja missera nám (90 ECTS-einingar). Gert er ráð fyrir að tveimur fyrstu misserunum sé varið í að ljúka námskeiðum sem nema alls 60 ECTS og þriðja og síðasta misserinu í að skrifa lokaritgerð upp á 30 ECTS.
**1. misseri** ● Þýska í ferðaþjónustu 5 ECTS ● Þýska og þvermenningarleg tjáskipti 5 ECTS ● Miðlunarleiðir 10 ECTS ● Miðlun menningararfs fyrir erlenda ferðamenn 10 ECTS
**2. misseri** ● Tungumál og menningarfærni 10 ECTS ● Þýska í ferðaþjónustu: Leiðsögn og leiðarlýsingar 5 ECTS ● Glöggt er gests augað (rannsóknarverkefni) 5 ECTS ● Þýskaland, Austurríki og Sviss sem ferðamannalönd 5 ECTS ● Valnámskeið úr öðrum greinum 5 ECTS
**3. misseri** ● Lokaverkefni til M.A.-prófs 30 ECTS Námskeiðin Miðlunarleiðir og Miðlun menningararfs fyrir erlenda ferðamenn eru kennd á íslensku innan vébanda hagnýtrar menningarmiðlunar í Sagnfræði- og heimspekideild. Tungumál og menningarfærni er sameiginlegt námskeið ýmissa meistara-námsleiða í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.
**Hagnýtt gildi** MA-nám í þýsku í ferðaþjónustu og miðlun er einkum ætlað fólki sem starfar eða hyggst starfa í ferðaþjónustu (t.d. á ferða-skrifstofum og við leiðsögn) og við menningarmiðlun (t.d. á söfnum) en einnig þeim sem starfa eða hyggjast starfa á öðrum sviðum atvinnulífsins (svo sem hjá útflutningsfyrirtækjum eða bókaforlögum eða í alþjóðasamskiptum) þar sem upplýsinga-miðlun og kynningar fyrir þýskumælandi fólk og samskipti við þýskumælandi þjóðir skipa ríkan sess. Ekki þarf að fjölyrða um hversu mikilvægt þýska málsvæðið er okkur Íslendingum í efnahags-, stjórnmála- og menningarlegu tilliti. Þýskir ferðamenn eru t.d. fjölmennastir erlendra ferða-manna hérlendis á háannatímanum (júní-ágúst). Þá er Þýskaland það land sem við flytjum mest inn frá og næstmest út til og er þar með mikilvægasta viðskiptaland okkar. Íslensk menning á greiðan aðgang að þýska málsvæðinu og 2011 verður Ísland gestaland bókasýningarinnar í Frankfurt.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820042_20096

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/um_deildina/starfsfolk

Allar námsleiðir í framhaldsnámi
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=F

Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=31

Upplýsingar

Inntökuskilyrði
Nemendur sem hefja nám í Háskóla Íslands, skulu hafa lokið stúdentsprófi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Almennt er áskilið að stúdentsprófið sé af bóknámsbraut, deildir geta gert frekari kröfur um undirbúning og í þeim tilvikum er þess getið í kafla viðkomandi deildar.

Kennsluhættir
Námsmagn einstakra námskeiða er metið í einingum (e). Fullt ársnám 60 námseiningar.
Skólaárið 2008-2009 munu einingar Háskóla Íslands verða framvegis jafngildar ECTS.
**Tákn um kennslustundir**
f - fyrirlestur
d - dæmatími
Þegar ekki er annað tekið fram í námskeiðslýsingum tákna tölur um kennslustundir vikulegan meðalfjölda. Þannig táknar 4f + 2d fjóra 40 mín. fyrirlestra og tvo 40 mín. dæmatíma að meðaltali á viku á 13 vikna kennslumisseri.
Fjarnám er í boði í nokkrum greinum. Upplýsingar um fjarnám er að finna á heimasíðu Kennslumiðstöðvar.

Námsmat er í formi skriflegra eða munnlegra prófa, ritgerðaskilum og/eða öðrum vekefnum. upplýsingar um áætlað námsmat er að finna á heimasíðum námskeiðs en kennari kynnir endanlegt námsmat við upphaf kennslu.

Fjarnám

Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda býður upp á fjarnám í ensku og einstaka námskeiðum í sænsku.

Námsmat, einkunnir og próf

Kennslu til BA-prófs á Hugvísindasviði skal haga þannig, að stúdent sé unnt að ljúka námi á þremur árum. Hámarksnámstími til þess að ljúka BA-prófi er níu kennslumisseri (fjögur og hálft ár) frá því er stúdent var skrásettur í deildina. Eðlileg námsframvinda miðast þó við að stúdent ljúki að lágmarki 45 ECTS einingum á háskólaári. Sviðinu er heimilt að setja frekari skilyrði um námsframvindu í einstökum greinum.

Kennslu til M.Paed.-prófs og MA-prófs skal haga þannig að stúdent í fullu námi geti lokið námi á tveimur árum að loknu BA-prófi. Stúdent í fullu námi til meistaraprófs skal hafa lokið prófi eigi síðar en þremur árum eftir skráningu í námið. Stúdent í hlutanámi skal ljúka 30 ECTS einingum á háskólaári og skal hafa lokið prófi eigi síðar en fjórum árum eftir skráningu í námið.

Sviðinu er heimilt að veita nemendum allt að eins árs viðbótarfrest frá ofangreindum tímamörkum, eða heimila hlé frá námi, ef gildum ástæðum er til að dreifa. Að öðrum kosti fellur niður réttur nemandans til frekara náms á námssviðinu ljúki hann ekki námi sínu innan tilgreindra marka. Nemandinn getur sótt um endurinnritun og að fá metin þau námskeið sem hann hefur lokið..

Námsmat felst í skriflegum og/eða munnlegum prófum, æfingavinnu, verkefnum eða ritgerðum. Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri er Hugvísindasviði heimilt, að tillögu kennara, að ákveða að stúdent teljist ekki hafa staðist próf nema hann hafi í tilteknum prófþáttum náð lágmarkseinkunn námskeiðsins í heild. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

Lágmarkseinkunn í kennslugreinum á Hugvísindasviði er 5,0. Deildir hafa heimild til þess að ákveða hærri lágmarkseinkunn í einstökum greinum. Til þess að útskrifast af Hugvísindasviði þarf stúdent að ná meðaleinkunninni 6,0.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða skólum eða milli aðalgreina á Hugvísindasviði.

Ekki er hægt að brautskrást með prófgráðu frá deildinni nema viðkomandi hafi lokið a.m.k. helmingi námseininga sinna á vegum deildarinnar.

Sjá námsreglur Hugvísindasviðs.

Kennslu- og próftímabil

**Deild erlendra tungumála, málvísinda og bókmennta**
**Haustmisseri**
Kennsla hefst  1. september og lýkur 28. nóvember.
Verkefnavika er 13. -17. október, báðir dagar meðtaldir.
**Vormisseri**
Kennsla hefst 12. janúar og lýkur 17. apríl.
Verkefnavika er 23.-27. febrúar, báðir dagar meðtaldir.

Kröfur um námsframvindu

Reglur um námsframvindu

Endurinnritun og forkröfur

Að öllu jöfnu er stúdentspróf eða sambærilegt nám skilyrði fyrir inngöngu í Hugvísindadeild.

Að hefja nám á vormisseri

Að öllu jöfnu er hægt að hefja nám í Hugvísindadeild á vormisseri með undantekningum þó. Vinsamlegast hafið  samband við skrifstofu deildarinnar.

Skiptinám

Alþjóðafulltrúi er tengiliður milli Alþjóðaskrifstofu Háskólastigsins og nemenda og kennara Hugvísindasviðs
Guðrún Birgisdóttir
Alþjóðafulltrúi Hugvísindasviðs
Gimli
Háskóli Íslands
sími: 525 42 62
fax: 525 44 10
netfang: gb@hi.is
Viðtalstími: alla virka daga nema fimmtudaga frá kl. 10-12 og 13-15
Alþjóðaskrifstofa

Reglur

http://www2.hi.is/page/hugvis_log_reglur

Tungumálamiðstöð

**Sjálfsnám í Tungumálamiðstöð HÍ:**
Nemendamiðað tungumálanám sem byggist á nútímalegum kennsluháttum, sveigjanlegri stundaskrá og stendur nemendum allra deilda HÍ til boða. Nemendur geta sótt um að fá þetta nám metið til eininga í sinni deild/skor.
Nemendur sem stunda nám í dönsku, frönsku, ítölsku, spænsku og þýsku til BA-náms geta þó ekki fengið sjálfsnám í viðkomandi tungumáli metið isem hluta þess náms hvort um sé að ræða aukagrein eða aðalgrein.
**Forkröfur**: Grunnfærni í tungumálinu (stig A2 eða 200 klst.) svo sem 2 ára nám í íslenskum framhaldsskóla eða sambærilegt.
**Tungumálamiðstöð**
www.hi.is/page/tungumalamidstod
Nýja Garði, 101 Reykjavík,
sími: 525 4593, Fax: 525 4225,
ems@hi.is
Opin alla virka daga frá 10 - 18.

Námsframboð 2009-2010

**Haust 2009:**

FRA003G Sjálfsnám í frönsku I
ÍTA003G Sjálfsnám í ítölsku I
SPÆ003G Sjálfsnám í spænsku I

**Vor 2010:**

FRA004G Sjálfsnám í frönsku II
ÍTA004G Sjálfsnám í ítölsku II
SPÆ004G Sjálfsnám í spænsku II

Ath. að ekki er skilyrði að hafa lokið I til að taka II.

## Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

**Skrifstofa Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar**
Aðalbyggingu, 3. hæð,
Sæmundargötu 6,
101 Reykjavík
Opin virka daga frá kl. 10-12
Sími: 525 4348
Bréfasími: 552 1331
Netfang: asdisg@hi.is
Heimasíða: www.gudfraedi.hi.is

### Grunnnám

Guðfræði, BA, 180 e
Námið er þriggja ára (sex missera) grunnnám í guðfræði. Námið er 180 einingar og lýkur með BA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 einingar. Kjarni BA-námsins er 60 einingar, þ.e. námskeiðin á fyrsta ári.
Löngum var litið á Guðfræðideildina sem prestaskóla fyrst og fremst og námið við það miðað en á síðari árum hefur námið við deildina orðið æ fjölbreyttara. Hinar hefðbundnu greinar guðfræðinnar gegna enn sem fyrr stærstu hlutverki en nýjar áherslur hafa hins vegar komið inn í þessar greinar, til dæmis með tilkomu kvennaguðfræði, áherslu á áhrifasögu Biblíunnar og menningarfræði og þá ekki síst rannsóknum á trúarlegum stefjum í kvikmyndum. Að loknu fyrsta ári velja nemendur hvort þeir ljúka BA-prófi sem er óháð embættisprófi eða kjósa að stefna að embættisprófi. Þau sem ekki stefna að embættisprófi hafa frjálst val um önnur námskeið sem þeir taka, 110 einingar, auk 10 eininga BA-ritgerðar. Þeir nemendur sem hyggjast ljúka mag.theol.-námi, embættisprófi, taka hebresku á fyrsta ári í stað framsetningar guðfræðilegrar siðfræði.
Ef námið er tekið sem undanfari mag.theol.-gráðu, embættisprófs í guðfræði, er samsetning námsins bundin eftir fræðasviðum guðfræðinnar og ekki er boðið upp á valnámskeið.
Markmið kjarna námsins er að stúdentar geti gert greinarmun á fræðilegum skýringum og annars konar skýringum á guðfræðilegum álitamálum og kunni skil á helstu rannsóknaraðferðum sem beitt er í einstökum greinum guðfræðinnar.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=010200_20096&kennsluar=2009

Guðfræði, Aðalgrein, 120 e
Námið er tveggja ára (fjögurra missera) grunnnám í guðfræði, aðalgrein. Námið er 120 einingar. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 einingar. Kjarni BA-námsins er 60 einingar, þ.e. námskeiðin á fyrsta ári. 50 einingar eru valfrjálsar og BA-ritgerð 10 einingar.

Á síðari árum hefur námið við deildina orðið æ fjölbreyttara. Hinar hefðbundnu greinar guðfræðinnar gegna enn sem fyrr stærstu hlutverki en nýjar áherslur hafa hins vegar komið inn í þessar greinar, til dæmis með tilkomu kvennaguðfræði, áherslu á áhrifasögu Biblíunnar og menningarfræði og þá ekki síst rannsóknum á trúarlegum stefjum í kvikmyndum.

Kjarnanum er ætlað að endurspegla fræðasvið guðfræðinnar og auðvelda nemendum ákvörðun um áframhaldandi áherslur í náminu. Markmið kjarnans er að stúdentar geti gert greinarmun á fræðilegum skýringum og annars konar skýringum á guðfræðilegum álitamálum og kunni skil á helstu rannsóknaraðferðum sem beitt er í einstökum greinum guðfræðinnar.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=010210_20096&kennsluar=2009
Guðfræði, Aukagrein, 60 e
Námið er eins árs (tveggja missera) grunnnám í guðfræði sem er tekið ásamt aðalgrein í annarri námsleið. Námið er 60 einingar. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 einingar. Námskeiðin eru þau sem kennd eru á fyrsta ári í guðfræðideild.

Löngum var litið á guðfræðideildina sem prestaskóla fyrst og fremst og námið við það miðað en á síðari árum hefur námið við deildina orðið æ fjölbreyttara. Hinar hefðbundnu greinar guðfræðinnar gegna enn sem fyrr stærstu hlutverki en nýjar áherslur hafa hins vegar komið inn í þessar greinar, til dæmis með tilkomu kvennaguðfræði, áherslu á áhrifasögu Biblíunnar og menningarfræði og þá ekki síst rannsóknum á trúarlegum stefjum í kvikmyndum.

Náminu er ætlað að endurspegla fræðasvið guðfræðinnar og auðvelda nemendum ákvörðun um áframhaldandi áherslur í náminu. Markmið kjarnans er að stúdentar geti gert greinarmun á fræðilegum skýringum og annars konar skýringum á guðfræðilegum álitamálum og kunni skil á helstu rannsóknaraðferðum sem beitt er í einstökum greinum guðfræðinnar.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=010000_20096&kennsluar=2009
Guðfræði - Djáknanám, BA, 180 e
Námið er þriggja ára fræðilegt grunnnám við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands með bundnu vali. Velji stúdent að taka starfsþjálfun á vegum þjóðkirkjunnar og fullnægi hann öðrum skilyrðum sem sett kunna að verða veitir námið réttindi til djáknastarfa í þjóðkirkjunni. Námið getur veitt réttindi í öðrum trúfélögum að uppfylltum þeim skilyrðum sem þau kunna að setja. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.
Um námið
Námið er þriggja ára, 180 eininga, fræðilegt nám sem samanstendur af kjarna BA-náms í guðfræði, námskeiðum í kirkjusögu og á sviði praktískrar guðfræði, auk BA-ritgerðar og 34 eininga á Félagsvísindasviði.

Námskeið í kjarna BA-náms í guðfræði eru Saga, bókmenntir og þjóðfélag Hebrea, Samtíðarsaga ásamt inngangsfræði Nýja testamentisins, Kirkjusaga, Trúarheimspeki, Aðferðir í akademísku námi, Framsetning guðfræðilegrar siðfræði, Guðfræði díakoníunnar I, Inngangur að trúfræði og Trúarbragðasaga**.**
Markmið kjarnans er að stúdentar geti gert greinarmun á fræðilegum skýringum og annars konar skýringum á guðfræðilegum álitamálum og kunni skil á helstu rannsóknaraðferðum sem beitt er í einstökum greinum guðfræðinnar.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=010400_20096&kennsluar=2009
Almenn trúarbragðafræði, 120 e
síðar
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=013001_20096&kennsluar=2009
Almenn trúarbragðafræði, Aukagrein, 60 e
Um er að ræða eins árs fræðilegt grunnnám við guðfræðideild Háskóla Íslands. Námið er þverfræðilegt á sviðum guðfræði, hug- og félagsvísinda. Námið er aukagrein til BA-prófs. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Nám í trúarbragðafræði felst í samanburði á trúarbrögðum og könnun á uppruna þeirra, þróun og sérkennum. Gerð er grein fyrir heimsmynd þeirra, kenningum þeirra um manninn og afstöðu þeirra til samfélagsins, ekki síst með hliðsjón af hugmyndum þeirra um vald og lífsgæði. Fjallað er um skilgreiningar og aðferðafræði almennra trúarbragðafræða og sýnt hvernig þau skarast við önnur fræðasvið.

Markmið námsins er að nemandinn búi að því loknu yfir þekkingu á helstu undirstöðuatriðum, kenningum og hugtökum trúarbragðafræðanna auk þess að hann kunni skil á helstu rannsóknaraðferðum trúarbragðafræðanna.

Í kjarna námsins eru námskeiðin Inngangur að almennum trúarbragðafræðum, Samtíðarsaga ásamt inngangsfræði Nýja testamentisins, Trúarbragðasaga og Trúarlífsfélagsfræði, alls 28 einingar. Önnur námskeið eru valnámskeið.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=013000_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://gudfraedi.hi.is/page/gudfraedi-kennarar
Allar námsleiðir í grunnnámi
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=G
Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=32

## Framhaldsnám

Djáknanám, viðbótarnám, 60 e
Einstaklingar sem lokið hafa háskólaprófið á sviðum félagsráðgjafar, uppeldis- og hjúkrunarfræða eiga kost á að innrita sig til 60 eininga djáknanáms við guðfræðideild.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=010300_20096&kennsluar=2009

Guðfræði, Meistaranám, 120 e
Meistaranám í guðfræði er 60 e fyrir stúdenta sem hafa lokið embættisprófi í guðfræði en 120 e hafi stúdent lokið BA-prófi í guðfræði. Um forkröfur eftir fræðasviðum segir í reglum um framhaldsnám.

Námið er einstaklingsbundið og velur nemandi sér lesnámskeið, námskeið eða ritgerðarefni í samráði við kennara. Stefnt er að því að nemandinn geti nýtt þekkingu sína, skilning og úrlausnarhæfni við nýjar og ókunnuglegar aðstæður í breiðu eða þverfaglegu samhengi sem tengist guðfræðilegum rannsóknum, kennslu, kirkjustarfi eða á öðrum vettvangi þar sem guðfræðileg þekking nýtist. Nemandinn kynnist rannsóknaraðferðum á sviði guðfræði og verður læs á rannsóknir og niðurstöður þeirra.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=010900_20096&kennsluar=2009

Guðfræði, doktorsnám, 180 e
Doktorsnám í guðfræði er minnst 180 e að loknu meistara- eða kandidatsnámi.
Um er að ræða þriggja ára rannsóknanám við guðfræðideild Háskóla Íslands. Inntökuskilyrði eru MA-próf eða mag.theol.-próf (til bráðabirgða: eða cand.theol.-próf).
Við námslok er þessa krafist:
Að nemandinn búi yfir yfirgripsmiklum og djúpum skilningi á helstu kenningum, grundvallaratriðum, hugtökum og nýjustu þekkingu sem völ er á innan guðfræði eða trúarbragðafræða. Þekkingin skal vera dýpri en sú þekking sem nemandi tileinkaði sér á fyrri stigum náms.
Að nemandinn hafi lagt til mikilvægar nýjungar í framlagi til fræðanna í formi nýrrar þekkingar, frumlegrar nýtingar eða túlkunar á þeirri þekkingu sem fyrir er.
Að nemandinn þekki þau kerfi sem notuð eru við fjármögnun rannsókna og mat á þeim og hafi skilning á hvernig rannsóknir eru hagnýttar í akademískum sem menningar- og samfélagslegum tilgangi.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=011000_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://gudfraedi.hi.is/page/gudfraedi-kennarar

Sérreglur
Rannsóknanámsnefnd:
Deildarfundur samþykkir á grundvelli reglna um rannsóknanám einstaklingsbundnar námsáætlanir fyrir hvern þann sem hefur nám til meistaraprófs.
Varðandi námskeiðslýsingar þá, hefur ekki verið við núverandi aðstæður í guðfræðideild unnt, að bjóða sérstök námskeið í meistaranámi.
Reglur um rannsóknanám við guðfræðideild Háskóla Íslands
1. gr.
Rannsóknanámsnefnd
Rannsóknanám í guðfræðideild er framhaldsnám til meistaragráðu og doktorsgráðu.
Sérstök fastanefnd, rannsóknanámsnefnd, fer með málefni rannsóknanámsins.
Hana skipa fulltrúar kennara í stjórn Guðfræðistofnunar. Hlutverk rannsóknanámsnefndar er m.a. að fjalla um umsóknir og samþykkja breytingar á námsáætlun (sbr. 3.gr.), tilnefna prófdómara (sbr. 11. gr.) og sinna öðrum málum sem deildin kann að fela henni. Nefndin skal hafa samráð við rannsóknanámsnefndir ann-arra deilda um framboð námskeiða á meistara- og doktorsstigi (sbr. 8. gr.).
2. gr.
Umsóknarfrestur
Umsóknarfrestur um rannsóknanám við guðfræðideild er til 15. mars vegna náms á haustmisseri og til 15. september vegna náms á vormisseri.
3. gr.
Meðferð umsókna
Umsóknum skal skilað til skrifstofu guðfræðideildar. Eftir umfjöllun í rannsóknanámsnefnd eru umsóknir afgreiddar á deildarfundi. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. mars (vegna innritunar á haustmisseri) skal vera lokið og þeim svarað fyrir 25. apríl. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. september (vegna innritunar á vormisseri) skal vera lokið og þeim svarað fyrir 15. október.
Umsókn um meistara- og doktorsnám skulu fylgja drög að námsáætlun, lýsing rannsóknarverkefnis og rannsóknaráætlun, sbr. umsóknareyðublað. Breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki rannsóknanámsnefndar. Hafni deildin stúdent um inngöngu skal hún rökstyðja niðurstöðu sína. Afgreiðslu umsóknar skal í öllum tilvikum tilkynna til Nemendaskrár.
Ferli umsókna:
a) Stúdent skal finna sér leiðbeinanda.
b) Stúdent sækir um inngöngu í rannsóknanám á sérstöku eyðublaði sem fæst hjá Nemendaskrá. Eyðublað þetta skal einnig liggja frammi á skrifstofu deildarinnar.
c) Greint skal frá því hvort umsækjandi hyggst sækja um fjárstuðning í tengslum við námið (t.d. til Rannsóknanámssjóðs). Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða skulu þau fylgja umsókn um rannsóknanám. Skrifstofa rannsóknasviðs veitir aðstoð við gerð umsókna um styrki til sjóða.
d) Deildarfundur synjar nemanda ef umsókn uppfyllir ekki gæðakröfur eða samþykkir umsóknina (með fyrirvara um fjárstuðning ef þess gerist þörf) og tilkynnir niðurstöðu bréflega, sbr. afgreiðslufrest umsókna hér að framan.
e) Afgreiðslu deildarfundar skal tilkynna til Nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.
f) Stúdent sem guðfræðideild hefur samþykkt í rannsóknanám, án fyrirvara um fjárstuðning vegna náms hans, skal snúa sér til Nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið. Þeir sem hyggjast hefja rannsóknanám á haustmisseri skulu ganga frá skráningu eigi síðar en 31. júlí, en þeir sem ráðgera að hefja nám sitt á vormisseri skulu skrá sig eigi síðar en 30. október.
4.gr.
Inntökuskilyrði
4.1. Skilyrði til innritunar í M.A.-nám:
Stúdent sem hefur lokið B.A.-prófi í guðfræði frá Háskóla Íslands getur sótt um að hefja nám til meistaraprófs í guðfræði (M.A.). Nám til meistaraprófs miðast við tiltekna sérgrein innan guðfræðinnar og skulu námslýsingar hverrar kennslugreinar til meistaraprófs öðlast samþykki á deildarfundi eftir umfjöllun í rannsóknanámsnefnd. Rannsóknanámsnefnd skal hverju sinni meta hvort samsetning B.A.-prófs tryggi nægilega undirstöðu undir M.A.-nám.
Stúdent sem hefur lokið B.A.-prófi við aðra deild Háskóla Íslands eða frá öðrum háskóla er guðfræðideild metur jafngilt því sem getið er hér að framan getur sótt um aðgang að meistaranámi við deildina.
Stúdent sem lokið hefur námi í kjarna til embættisprófs eða embættisprófi í guðfræði, getur sótt um inngöngu í rannsóknanám til meistaraprófs. Þá skal meta það nám, sem stúdent hefur lokið í kandídatsnámi umfram það sem krafist er til B.A.-prófs sem þátt í M.A.-náminu. Ekki er hægt að meta þennan námsþátt til fleiri en 30 eininga.

Guðfræðideild getur, með samþykki kennara, heimilað stúdent að stunda einstök námskeið er teljast til meistaranáms það misseri sem hann lýkur B.A.-námi. Stúdent er þó ekki heimilt að ljúka prófi í neinu námskeiði eða námsþætti í meistaranámi fyrr en undirstöðuprófum samkvæmt 1., 2., og 3. málsgrein er að fullu lokið.
4.2. Skilyrði til innritunar til doktorsnáms:
Kandídat, sem lokið hefur M.A.-prófi eða embættisprófi (cand. theol.) frá guðfræðideild með fyrstu einkunn getur sótt um aðgang að doktorsnámi.
Kandídat sem hefur lokið námi við aðra deild Háskóla Íslands eða frá öðrum háskóla er guðfræðideild metur jafngilt því sem getið er hér að framan getur sótt um aðgang að doktorsnámi við deildina. Umsókn hans skulu fylgja afrit af prófskírteinum. Rannsóknanámsnefnd skal þá meta gögn um nám hans og leggja fyrir hann hæfnispróf, ef þurfa þykir, en gera síðan frekari námskröfur eftir því sem ástæða þykir til.
Ef stúdent ætlar að hefja doktorsnám strax að loknu meistara- eða kandídatsprófi getur hann sótt um það áður en hann lýkur prófi, ef fyrir liggur staðfesting um að hann muni ljúka náminu áður en doktorsnám hefst.
Doktorsnám getur enginn hafið fyrr en meistara- eða kandídatsprófi er lokið að fullu.
5. gr.
Einingafjöldi og tímalengd náms
Meistarapróf byggist á 60 námseiningum (tveggja ára nám) að afloknu B.A.-prófi og doktorspróf að lágmarki 90 einingum (þriggja ára nám) að loknu meistara- eða kandidats-prófi. Hafi kandidat ekki lokið 30 eininga rannsóknaverkefni (sbr. 4. gr.) lýkur hann doktors-prófi með 120 einingum (fjögurra ára nám). Nám hans skiptist í tvo hluta: Bók-nám 20- 30e og ritgerð 90-100e.
6. gr.
Samsetning náms
6.1. M.A.-nám
Til meistaraprófs í guðfræði er krafist minnst 60e að loknu B.A.-prófi. Þar af mega allt að 30e vera úr námskeiðum í öðrum greinum guðfræðinnar en aðalgreinin er og fer það eftir samsetningu B.A.-prófs. Nám-skeið skal velja í samráði við umsjónarkennara og rann-sóknar-námsnefnd og þarf deildarfundur að sam-þykkja náms-áætlunina (sbr. 3.gr.).
Meistaraprófsritgerð vegur ýmist 15 eða 30 einingar. Ritgerðarefni velur stúdent í samráði við kennara á sérsviði sínu. Markmið meistaraprófsritgerðar er að veita þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum. Ritgerðin verður að standast strangar kröfur um afmörkun viðfangsefnis og traustleika niðurstaðna og byggjast á frumheimildum auk rannsókna-rita.
Kandidat sem lokið hefur embættisprófi í guðfræði (cand.theol.) á kost á 30e viðbótarnámi til að ljúka meistaragráðu, þar af er ritgerð minnst 15e (sbr. 4. gr. 3. mgr.).
Stúdent geri grein fyrir niðurstöðum sínum í seminari og haldi að auki almennan fyrirlestur um verkefni sitt.
Stúdent í meistaranámi má að hámarki taka 6 einingar í lesnámskeiðum með aðalleiðbeinanda sínum.
6.2. Doktorsnám
Til doktorsprófs í guðfræði er krafist minnst 90 eininga að loknu meistara-eða kandidatsprófi. Kandidat sem guðfræðideild samþykkir til innritunar í doktorsnám og ekki hefur lokið 30e rannsóknarnámi, lýkur því með 120 námseiningum.
Heimilt er að krefjast þess að doktorsefni taki þátt í aðferðafræðilegum námskeiðum á vegum guðfræðideildar í samvinnu við aðrar deildir Háskólans.
Þá er heimilt að krefjast þess að doktorsefni sæki reglulega seminör, allt að tvö háskólaár, og geri þar grein fyrir rannsókn sinni, án þess að þau séu metin til eininga.
Doktorsefni lýkur rannsóknum sínum með því að semja ritgerð, þar sem tekið er til rannsóknar afmarkað og samstætt viðfangsefni og kannað rækilega með vísindalegri aðferð. Í upphafi slíkrar ritgerðar skal gera skýra grein fyrir viðfangsefninu, þeim spurningum sem bornar verða upp og rannsóknaraðferðinni. Niðurstöður verður að setja fram skýrt og aðgengilega. Nú kann að vera að viðfangsefni kvíslist og rannsóknin greinist í afmarkaða hluta sem ekki séu að öllu leyti samstæðir. Þá skal gera grein fyrir stöðu einstakra hluta rannsóknarinnar innan heildarinnar og tengja meginniðurstöður einstakra hluta saman á einum stað. Almenn krafa til doktorsritgerða er að þar sé fylgt viðurkenndum vísindalegum rannsóknaraðferðum og tækni við frágang og að þær séu sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviði sínu.
Ef hluti verkefnis til doktorsprófs er nákvæm úrvinnsla eða útgáfa frumheimilda eða efnissöfnunar af einhverju tagi, t.d. textaútgáfa eða orðfræðilegt viðfangsefni, verður verkefnið alltaf að hafa almennan hluta sem lýtur venjulegum kröfum til doktorsritgerðar að umfangi undanskildu, enda sé hann sprottinn upp úr frumvinnunni og gefi henni fræðilega dýpt eða dragi af mikilvægum þáttum hennar almennar ályktanir.
Stúdent í doktorsnámi má að hámarki taka 9 einingar í lesnámskeiðum meðaðalleiðbeinanda sínum.
7.gr.
Tengsl meistara- og doktorsnáms
Heimilt er að samtengja námskeið og seminör í meistara- og doktorsnámi.
Doktorsnema er heimilt að byggja rannsóknir sínar á niðurstöðum meistaraverkefnis. Ekki er heimilt að nota meistaraprófsritgerð aftur sem uppistöðu í doktorsritgerð.
8. gr.
Námskeið í grunnnámi sem hluti af framhaldsnámi
Námskeið í grunnnámi skulu metin til eininga að 3/5 (þ.e. 5e metast sem 3e o.s.frv.). Heimilt er og að sækja námskeið í öðrum deildum Háskólans eða Kennaraháskóla Íslands og skal um vægi námskeiða fylgja sömu reglu.
9. gr.
Umsjónarkennari og leiðbeinandi
Sérhver framhaldsnemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Umsjónarkennari, ásamt stúdent, leggur fram námsáætlun sem deild samþykkir.
Leiðbeinandi leiðbeinir stúdent í lokaverkefni. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Heimilt er stúdent með samþykki deildar að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda. Um kröfur til utanaðkomandi leiðbeinanda fer eftir ákvæðum í 10. gr.
10. gr.
Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinenda og annarra sem leggja mat á námið og lokaverkefnið
Umsjónarkennari skal ávallt vera fastur kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein. Ef leiðbeinandi meistaranema er ekki fastur kennari er nauðsyn-legt að hann hafi sjálfur a.m.k. lokið meistaraprófi á fræðasviðinu. Leiðbeiningu doktorsnema mega þeir einir sinna sem lokið hafa doktorsprófi eða áunnið sér jafngildi þess. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur meistara- og doktorsnema, hvort sem þeir eru fastir kennarar við Háskólann eða ekki, skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni stúdents á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.
11. gr.
Meistaraprófs- og doktorsnefndir
Meistaraprófsnefnd skal skipuð minnst tveimur sérfróðum mönnum og er annar þeirra umsjónarkennarinn. Ef leiðbeinandi er annar en umsjónarkennari, á hann jafnframt sæti í meistaraprófsnefnd. Deildarfundur skipar meistaraprófsnefndina. Hlutverk hennar er að fylgjast

með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun, tryggja fagleg gæði rannsóknavinnunnar í samræmi við reglur deildarinnar og sjá um próf sem nemandinn gengst undir ef við á. Rannsóknanámsnefnd tilnefnir prófdómara (sbr. 1. gr.) sem ásamt meistaraprófsnefnd metur lokaverkefni. Sé megináherslan í meistaranámi á námskeið með litlu rannsóknaverkefni (15 einingar) er ekki nauðsynlegt að skipa nefnd um hvern nem-anda. Umsjónarkennari tryggir þá að námsframvinda sé í samræmi við námsáætlun og er hann jafnframt ábyrgur fyrir faglegum gæðum námsins.

Doktorsnefnd skal skipuð þremur til fimm sérfróðum mönnum sem deildarfundur skipar og skal a.m.k. einn þeirra vera utan deildar. Hlutverk hennar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun, tryggja fagleg gæði rannsóknavinnunnar í samræmi við reglur deildarinnar. Hún kveður doktorsefni á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur og prófar doktorsnemann í almennri fræðilegri þekkingu og rannsóknaraðferðum á viðkomandi sviði. Slíkt próf skal fara fram um miðbik námsins. Áður en til doktorsvarnar getur komið skilar doktorsnefndin rökstuddu áliti til deildar um það hvort veita skuli doktorsefni kost á að leggja ritgerð fram til doktorsvarnar.

12. gr.

Prófdómarar og andmælendur

Prófdómari skal ávallt leggja mat á lokaverkefni meistaranema ásamt meistaraprófsnefnd.

Þegar doktorsefni hefur verið gefinn kostur á að leggja ritgerð fram til doktorsvarnar, sbr. 11. gr., skal guðfræðideild tilnefna andmælendur og skulu þeir vera sérfræðingar á því sviði sem ritgerðin fjallar um. Andmælendur við doktorsvörn skulu vera tveir óháðir aðilar sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd eða rannsóknanámsnefnd. Annar andmælandinn skal vera utan deildar, og er æskilegt að hann komi frá öðrum háskóla, en hinn má vera innan deildar. Að öðru leyti gilda um andmælendur ákvæði 58. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 98/1993. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskólans um doktorspróf.

13. gr.

Námsmat

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats meistaraprófsnefndar eða doktorsnefndar staðfest námsferilsyfirlit stúdents.

Próf í meistaranámi geta verið munnleg, skrifleg eða verkleg, svo sem segir í almennum reglum Háskóla Íslands um próf. Námsmat er gjarnan byggt á ýmiss konar verkefnum eða ritgerðum að hluta til eða að öllu leyti. Innritun í námskeið gildir sem innritun í það próf sem haldið er að námskeiðinu loknu, hvers eðlis svo sem prófið er. Segi stúdent sig úr prófi í tilteknu námskeiði er honum heimilt að þreyta það innan árs án þess að endurtaka námskeiðið. Að öðrum kosti verður hann að sitja í námskeiðinu á nýjan leik ef hann vill ljúka því og sæta því að námsefni og prófkröfur kunna að hafa breyst.

Doktorsnefnd setur doktorsnema námsefni (lestrarlista) í samráði við rannsóknanámsnefnd, og skal við það miðað að lestrarefnið í heild geri hvort tveggja í senn að dýpka fræðilega undirstöðuþekkingu og styrkja og breikka þekkingargrundvöll doktorsnemans á því fræða-sviði sem doktorsritgerðin fjallar um. Rit sem fjalla beint um viðfangsefni doktorsritgerðar mega ekki vera hluti af námsefninu og ekki heldur rit sem hafa verið námsefni nemandans á fyrri stigum náms.

Prófi í þessu námsefni skal lokið með einni eða fleiri ritgerðum um efni sem leiðbeinandi velur í samráði við doktorsnefnd og í munnlegu prófi þar sem nefndin er öll viðstödd. Að jafnaði skal bóklega hluta námsins lokið á 2. námsári.

Um einkunnir í rannsóknanámi gilda ákvæði 50. og 51. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 98/1993.

14. gr.

Skil og frágangur lokaverkefna

Meistaraprófsritgerð skal skilað í fimm eintökum. Skylt er að skila einu eintaki til Háskólabókasafns og öðru til varðveislu við bókasafn Guðfræðistofnunar. Skilafrestur meistaraprófsritgerða er tveimur mánuðum fyrir áætlaðan brautskráningardag. Koma skal skýrt fram að verkefnið er unnið við guðfræðideild Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða Háskólans sem styrkt hafa verkefnið. Geta skal leiðbeinanda og umsjónarkennara ef hann er annar en leiðbeinandi.

Doktorsritgerð skal liggja frammi í minnst fjórar vikur áður en doktorsvörn fer fram. Um eintakafjölda og skylduskil fer eftir ákvæðum í 58. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands. Koma skal skýrt fram að verkefnið er unnið við guðfræðideild Háskóla Íslands og geta skal leiðbeinenda. Þá skal geta þeirra sjóða Háskólans sem styrkt hafa verkefnið. Í hverri doktorsritgerð skal vera útdráttur á íslensku og ensku.

15. gr.

Tengsl við aðra háskóla

Æskilegt er að M.A.-nemi stundi a.m.k. í eitt misseri nám við erlenda guðfræðideild.

Doktorsefni skal stunda nám og rannsóknir við erlenda háskóla í a.m.k. eitt ár, sækja námskeið á meistara- eða doktorsstigi í efnum sem tengjast verkefni hans eða lestrarlista og draga að sér efni til ritgerðarinnar. Þessari námsdvöl erlendis skal að jafnaði lokið áður en doktorsefni gengst undir próf í námsefni sínu. Heimilt er guðfræðideild að veita undanþágu frá þessu ákvæði með samþykki rannsóknanámsnefndar, ef doktorsefni hefur áður stundað nám erlendis sem tengist doktorsverkefninu eða fræðilegum grundvelli þess sem nemi a.m.k. árs vinnu.

Heimilt er að veita doktorsgráðu sameiginlega með öðrum háskóla.

16. gr.

Lærdómstitlar

Sá sem lýkur meistaraprófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands ber lærdómstitilinn M.A. í guðfræði (magister artium in theologia).

Sá sem lýkur doktorsprófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands ber lærdómstitilinn doctor theologiae.

17. gr.

Staðfesting á reglum

Reglur þessar öðlast gildi þegar háskólaráð hefur samþykkt þær, sbr. 56. og 62. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 98/1993, með áorðnum breytingum.

Samþykkt í háskólaráði

14. júní 2000

Forkröfur í M.A.-námi

Þau sem hyggjast leggja stund á meistaranám að loknu BA-prófi, þurfa auk kjarnans, sem er hið sameiginlega 1. ár, að fullnægja ákveðnum forkröfum eftir því hvert það fræðasvið er sem þau kjósa sér. Hér á eftir er gerð grein fyrir forkröfunum eftir fræðasviðum:

MA-próf með G.t.-fræði sem sérsvið: Þau er innritast til MA-prófs í G.t.-fræðum hafi auk kjarnans lokið hebresku, grísku I og II, a.m.k. tveimur framhaldsnámskeiðum í G.t.,og tveimur í N.t.-fræðum., sömuleiðis einu í siðfræði og einu í trúfræði.

MA-próf með N.t.-fræði sem sérsvið: Þau er innritast til MA-prófs í N.t.-fræðum hafi auk kjarnans lokið hebresku, grísku I og II, a.m.k. tveimur ritskýringarnámskeiðum í N.t., tveimur í G.t.-fræðum, sömuleiðis einu í trúfræði og einu í siðfræði.

MA-próf með trúfræði sem sérsvið: Þau er innritast til MA-prófs í trúfræði hafi auk kjarnans lokið einu ritskýringarnámskeiði í N.t., einu í G.t., einu í siðfræði, einu í kirkjusögu og tveimur í trúfræði auk námskeiða í trúarlífsfélagsfræði, kirkjudeildafræði og trúarlífssálarfræði.

MA-próf með siðfræði sem sérsvið: Þau er innritast til MA-prófs í siðfræði hafi auk kjarnans a.m.k. lokið einu ritskýringarnámskeiði í N.t., einu í G.t., einu í trúfræði, einu í kirkjsuögu og tveimur í siðfærði auk námskeiðs í trúarlífsfélagsfræði.

MA-próf með kirkjusögu sem sérsvið: Þau er innritast til MA-prófs í kirkjusögu hafi auk kjarnans lokið a.m.k. einu námskeiði á hverju fræða-sviði guðfræðinnar auk tveggja námskeiða í kirkjusögu.

MA-próf með kennimannlega guðfræði sem sérsvið: Þau er innritast til MA-prófs í kennimannlegri guðfræði hafi auk kjarnans lokið embættisprófi í guðfræði eða 90 e BA-prófi í djáknafræði.
MA-próf með alm. trúarbragðafræði sem sérsvið: Þau er innritast til MA-prófs í almennum trúarbragðafræðum hafi auk kjarnans lokið kirkjudeildafræði, guðfræði N.t., einu framhaldsnámskeiði í G.t., einu ritskýringarnámskeiði í N.t., einu námskeiði í trúfræði, einu í siðfræði og einu í kirkjusögu.

Upplýsingar

Inntökuskilyrði

Nemendur sem hefja nám í Háskóla Íslands, skulu hafa lokið stúdentsprófi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Almennt er áskilið að stúdentsprófið sé af bóknámsbraut, deildir geta gert frekari kröfur um undirbúning og í þeim tilvikum er þess getið í kafla viðkomandi deildar.

Kennsluhættir

Við guðfræði- trúarbragðafræðideild eru í boði í grunnnámi; BA nám í guðfræði. BA nám í guðfræði- djáknanám, trúarbragðafræði 60 e aukagrein.
Í framhaldsnámi er meistaranám í guðfræði 60e að loknu cand. theol. prófi eða 120e að loknu BA prófi.og doktorsnám í guðfræði.
Þá er við deildina 60 e viðbótarnám djáknanám.
Þau sem innritast frá haustmisseri 2007 og taka nám til embættisprófs, ljúka BA námi og síðan mag. theol. gráðu, embættisprófi í guðfræði. Alls verður nám til embættisprófs 300e.

Einingar við Háskóla Íslands eru jafngildar ECTS.

Fullt nám við guðfræðideild er 30 e á misseri.

Hámarksnámstími er í námi til BA prófs er 6 ár.

Námsmat, einkunnir og próf

Kennari ákveður í upphafi misseris um fyrirkomulag námsmats og kynnir það stúdentum.

Námsmat við deildina er fjölþætt enda þótt skrifleg próf séu í lok misseris í mörgum námskeiðum.

Námsmat getur falist í ritgerðum,verkefnum, heimaprófum og skiflegum prófum. Ýmist eru nýttar ein eða fleiri námsmatsaðferðir í hverju námskeiði.

Lágmarkseinkunn er 5.0 í öllum námskeiðum í deildinni.

Próf eru haldin á próftímabilum í lok misseris og eru dagsetningar og tímasetningar auglýstar í próftöflu.

Kennslu- og próftímabil

Kröfur um námsframvindu

Fullt nám er 30 e á misseri, 60 e á ári. BA nám er því þriggja ára nám.
Heimilt er að vera allt að 6 árum að ljúka BA námi við guðfræðideild.

Endurinnritun og forkröfur

Deildin getur heimilað stúdent sem hætt hefur námi að hefja nám að nýju og halda þeim einingum sem áður var lokið.

Ef stúdent þarf að endurinnritast vegna þess að hann hefur ekki staðist námskröfur skal hann sækja um endurinnritun til deildarinnar.

Forkröfur geta verið í námskeið á fræðasviðum og eru þær kynntar sérstaklega.

Að hefja nám á vormisseri

Unnt er að hefja nám á vormisseri til BA náms og meistara- og doktorsnáms.

Umsóknarfrestur um framhaldsnám á vormisseri er til 15. september.

Stúdent sem er að hefja BA nám getur tekið fullt nám, 30 e og tekur þá öll námskeið í kjarna 1. árs vormisseris.

Skiptinám

Í gildi eru samningar milli guðfræðideildar og nokkurra erlendra háskóla. Nánari upplýsingar veita Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins og skrifstofa guðfræðideildar.

## Íslensku- og menningardeild

Deildarforseti: Eiríkur Rögnvaldsson

Upplýsingar veitir verkefnastjóri deildarinnar Anna Hinriksdóttir í síma 525 4354 eða á netfang ahin@hi.is
Vefsíða deildarinnar: www.islmenn.hi.is.

### Grunnnám

Almenn bókmenntafræði

Í almennri bókmenntafræði er veitt yfirlit um þróun bókmennta á Vesturlöndum og að nokkru leyti í öðrum heimshlutum. Nemendur fá þjálfun í að beita fræðilegum aðferðum og hugtökum á margvíslegan skáldskap, menningu og táknheim ólíkra tíma og svæða.

Kennslan tekur mið af íslensku jafnt sem alþjóðlegu menningarsamhengi. Grunnnám í almennri bókmenntafræði skilar sér í víðtækri,

fjölþjóðlegri menntun sem kemur sér vel í ýmsum störfum í samfélaginu og er jafnframt sterkur grunnur undir framhaldsnám.

Hægt er að ljúka BA-, MA-, og Ph.D.-gráðu í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands.

Almenn bókmenntafræði, BA, 180 e

Um er að ræða þriggja ára (sex missera) grunnnám í almennri bókmenntafræði. Námið er 180 e og lýkur með BA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. BA-próf með fyrstu einkunn veitir að öllu jöfnu rétt til inntöku í framhaldsnám í greininni á meistarastigi.
Fjögur skyldunámskeið mynda kjarna námsins, en auk þess velja nemendur námskeið á þremur sviðum: bókmenntum fyrri alda, bókmenntum síðari alda og fræðilegum námskeiðum. Námskeiðin eru fjölbreytt; sum byggjast á lestri bókmenntaúrvals ákveðinna þjóðlanda, en í öðrum er fjallað um ákveðnar bókmenntagreinar (t.d. smásögur og ljóðlist), ákveðna strauma eða svið í bókmenntum (t.d. fantasíur, hrollvekjur, módernisma), ákveðin rannsóknasvið (t.d. femínískar bókmenntarannsóknir og bókmenntir minnihlutahópa), eða jafnvel um einstaka rithöfunda eða fræðimenn.
Auk þess gefst nemendum í bókmenntafræði kostur á að sækja námskeið í öðrum greinum, m.a. í kvikmyndafræði, menningarfræði og listfræði, og víða gefst færi á þverfaglegum vinnubrögðum. Valfrelsi nemenda er allmikið í almennri bókmenntafræði en einstaka námskeið krefst þó undirstöðu og er ekki ætlað nemendum á fyrsta ári.

Um námið

Í almennri bókmenntafræði er veitt yfirlit um þróun bókmennta á Vesturlöndum og að nokkru leyti í öðrum heimshlutum. Nemendur fá þjálfun í að beita fræðilegum aðferðum og hugtökum á margvíslegan skáldskap, menningu og táknheim ólíkra tíma og svæða.
Fjögur skyldunámskeið mynda kjarna námsins, en auk þess velja nemendur námskeið á þremur sviðum: "Bókmenntum fyrri alda", "Bókmenntum síðari alda" og "Fræðilegum námskeiðum". Námskeiðin eru fjölbreytt; sum byggjast á lestri bókmenntaúrvals ákveðinna þjóðlanda, en í öðrum er fjallað um ákveðnar bókmenntagreinar (t.d. smásögur og ljóðlist), ákveðna strauma eða svið í bókmenntum (t.d. fantasíur, hrollvekjur, módernisma), ákveðin rannsóknasvið (t.d. femínískar bókmenntarannsóknir og bókmenntir minnihlutahópa), eða jafnvel um einstaka rithöfunda eða fræðimenn.
Auk þess gefst nemendum í bókmenntafræði kostur á að sækja námskeið í öðrum greinum, m.a. í kvikmyndafræði, menningarfræði og listfræði, og víða gefst færi á þverfaglegum vinnubrögðum.

Kennslan tekur mið af íslensku jafnt sem alþjóðlegu menningarsamhengi. Grunnnám í almennri bókmenntafræði skilar sér í víðtækri, fjölþjóðlegri menntun sem kemur sér vel í ýmsum störfum í samfélaginu og er jafnframt sterkur grunnur undir framhaldsnám.

Heimasíða

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050100_20096&kennsluar=2009

Kennarar

http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

Almenn bókmenntafræði, Aðalgrein, 120 e

Um er að ræða tveggja ára (fjögurra missera) grunnnám í almennri bókmenntafræði. Námið er 120 e og lýkur með BA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. BA-próf með fyrstu einkunn veitir að öllu jöfnu rétt til inntöku í framhaldsnám í greininni á meistarastigi

Fjögur skyldunámskeið mynda kjarna námsins, en auk þess velja nemendur námskeið á þremur sviðum: bókmenntum fyrri alda, bókmenntum síðari alda og fræðilegum námskeiðum. Námskeiðin eru fjölbreytt; sum byggjast á lestri bókmenntaúrvals ákveðinna þjóðlanda, en í öðrum er fjallað um ákveðnar bókmenntagreinar (t.d. smásögur og ljóðlist), ákveðna strauma eða svið í bókmenntum (t.d. fantasíur, hrollvekjur, módernisma), ákveðin rannsóknasvið (t.d. femínískar bókmenntarannsóknir og bókmenntir minnihlutahópa), eða jafnvel um einstaka rithöfunda eða fræðimenn.
Auk þess gefst nemendum í bókmenntafræði kostur á að sækja námskeið í öðrum greinum, m.a. í kvikmyndafræði, menningarfræði og listfræði, og víða gefst færi á þverfaglegum vinnubrögðum. Valfrelsi nemenda er allmikið í almennri bókmenntafræði en einstaka námskeið krefst þó undirstöðu og er ekki ætlað nemendum á fyrsta ári.

Um námið

Í almennri bókmenntafræði er veitt yfirlit um þróun bókmennta á Vesturlöndum og að nokkru leyti í öðrum heimshlutum. Nemendur fá þjálfun í að beita fræðilegum aðferðum og hugtökum á margvíslegan skáldskap, menningu og táknheim ólíkra tíma og svæða.
Fjögur skyldunámskeið mynda kjarna námsins, en auk þess velja nemendur námskeið á þremur sviðum: bókmenntum fyrri alda, bókmenntum síðari alda og fræðilegum námskeiðum. Námskeiðin eru fjölbreytt; sum byggjast á lestri bókmenntaúrvals ákveðinna þjóðlanda, en í öðrum er fjallað um ákveðnar bókmenntagreinar (t.d. smásögur og ljóðlist), ákveðna strauma eða svið í bókmenntum (t.d. fantasíur, hrollvekjur, módernisma), ákveðin rannsóknasvið (t.d. femínískar bókmenntarannsóknir og bókmenntir minnihlutahópa), eða jafnvel um einstaka rithöfunda eða fræðimenn.
Auk þess gefst nemendum í bókmenntafræði kostur á að sækja námskeið í öðrum greinum, m.a. í kvikmyndafræði, menningarfræði og listfræði, og víða gefst færi á þverfaglegum vinnubrögðum.

Kennslan tekur mið af íslensku jafnt sem alþjóðlegu menningarsamhengi. Grunnnám í almennri bókmenntafræði skilar sér í víðtækri, fjölþjóðlegri menntun sem kemur sér vel í ýmsum störfum í samfélaginu og er jafnframt sterkur grunnur undir framhaldsnám.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050181_20096&kennsluar=2009

Kennarar

http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

Almenn bókmenntafræði, Aukagrein, 60 e

Um er að ræða eins árs (tveggja missera) grunnnám í almennri bókmenntafræði. Skylt er að taka námskeiðin Aðferðir og hugtök og Bókmenntasögu. Einnig ber að taka að minnsta kosti 10 e (að eigin vali) úr bókmenntum fyrri alda. Önnur námskeið eru valfrjáls. Valfrelsi nemenda er allmikið í almennri bókmenntafræði en einstaka námskeið krefst þó undirstöðu og er ekki ætlað nemendum á fyrsta ári.

Um námið

Í almennri bókmenntafræði er veitt yfirlit um þróun bókmennta á Vesturlöndum og að nokkru leyti í öðrum heimshlutum. Nemendur fá þjálfun í að beita fræðilegum aðferðum og hugtökum á margvíslegan skáldskap, menningu og táknheim ólíkra tíma og svæða.

Fjögur skyldunámskeið mynda kjarna námsins, en auk þess velja nemendur námskeið á þremur sviðum: bókmenntum fyrri alda, bókmenntum síðari alda og fræðilegum námskeiðum. Námskeiðin eru fjölbreytt; sum byggjast á lestri bókmenntaúrvals ákveðinna þjóðlanda, en í öðrum er fjallað um ákveðnar bókmenntagreinar (t.d. smásögur og ljóðlist), ákveðna strauma eða svið í bókmenntum (t.d. fantasíur, hrollvekjur, módernisma), ákveðin rannsóknasvið (t.d. femínískar bókmenntarannsóknir og bókmenntir minnihlutahópa), eða jafnvel um einstaka rithöfunda eða fræðimenn.
Auk þess gefst nemendum í bókmenntafræði kostur á að sækja námskeið í öðrum greinum, m.a. í kvikmyndafræði, menningarfræði og listfræði, og víða gefst færi á þverfaglegum vinnubrögðum.

Kennslan tekur mið af íslensku jafnt sem alþjóðlegu menningarsamhengi. Grunnnám í almennri bókmenntafræði skilar sér í víðtækri, fjölþjóðlegri menntun sem kemur sér vel í ýmsum störfum í samfélaginu og er jafnframt sterkur grunnur undir framhaldsnám.

Heimasíða
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050180_20096&kennsluar=2009
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk
Almenn málvísindi
Í almennum málvísindum er fjallað um eðli mannlegs máls og sérkenni einstakra tungumála.
Nám í almennum málvísindum er æskileg undirstaða fyrir þá sem vilja leggja fyrir sig rannsóknir og fræðastörf á sviði málvísinda, t.d. við háskólastofnanir, og gildir þá einu hvort þeir hafa áhuga á samtímalegum, sögulegum, heimspekilegum, félagslegum eða sálfræðilegum þáttum máls.

Undirstöðumenntun í almennum málvísindum getur nýst mjög vel í ýmsu öðru háskólanámi, bæði grunnnámi og framhaldsnámi, t.d. í talmeinafræði auk þess sem hún getur komið sér vel í margs konar störfum.
Almenn málvísindi, BA, 180 e
Um er að ræða 180 e, þriggja ára nám (sex missera) sem lýkur með BA-prófi. Að loknum skyldunámskeiðum er hægt að leggja áherslu á einhverja þætti málvísinda, samtímalega eða sögulega, félagslega eða sálfræðilega, svo dæmi sé tekið.
Í almennum málvísindum er fjallað um eðli mannlegs máls og sérkenni einstakra tungumála. Undirstöðumenntun í almennum málvísindum getur nýst mjög vel í ýmsu öðru háskólanámi, bæði grunnnámi og framhaldsnámi, auk þess sem hún getur komið sér vel í margs konar störfum. Nám í almennum málvísindum er æskileg undirstaða fyrir þá sem vilja leggja fyrir sig rannsóknir og fræðastörf á sviði málvísinda, t.d. við háskólastofnanir, og gildir þá einu hvort þeir hafa áhuga á samtímalegum, sögulegum, heimspekilegum, félagslegum eða sálfræðilegum þáttum máls.
Málvísindanám er góð undirstaða fyrir þá sem leggja stund á tungumálanám og vilja fremur sérhæfa sig í málinu sjálfu en bókmenntum eða bókmenntafræði. Málvísindanám nýtist vel fyrir þá sem vilja leggja fyrir sig talmeinafræði og táknmálsfræði, eða þá félagsfræði, heimspeki, mannfræði og sálfræði með áherslu á þætti sem varða málið.
Undirstöðuþekking í almennum málvísindum getur nýst vel í ýmsum störfum á sviði tölvutækni og margmiðlunar og verið góður undirbúningur undir frekara nám á sviði tungutækni.
Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. BA-próf með fyrstu einkunn veitir að öllu jöfnu aðgang að framhaldsnámi á meistarastigi.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050105_20096&kennsluar=2009
Almenn málvísindi, Aðalgrein, 120 e
Um er að ræða 120 e tveggja ára nám (fjögurra missera) sem ásamt 60 e í annarri grein (aukagrein) lýkur með BA-prófi. Skyldunámskeið eru um það bil helmingur námsins en nokkurt val er mögulegt á síðari misserunum. 120 e nám er góð undirstöðumenntun í málvísindum.
Í almennum málvísindum er fjallað um eðli mannlegs máls og sérkenni einstakra tungumála. Undirstöðumenntun í almennum málvísindum getur nýst mjög vel í ýmsu öðru háskólanámi, bæði grunnnámi og framhaldsnámi, auk þess sem hún getur komið sér vel í margs konar störfum.
Nám í almennum málvísindum er æskileg undirstaða fyrir þá sem vilja leggja fyrir sig rannsóknir og fræðastörf á sviði málvísinda, t.d. við háskólastofnanir, og gildir þá einu hvort þeir hafa áhuga á samtímalegum, sögulegum, heimspekilegum, félagslegum eða sálfræðilegum þáttum máls.
Málvísindanám er góð undirstaða fyrir þá sem leggja stund á tungumálanám og vilja fremur sérhæfa sig í málinu sjálfu en bókmenntum eða bókmenntafræði.
Málvísindanám nýtist vel fyrir þá sem vilja leggja fyrir sig talmeinafræði og táknmálsfræði, eða þá félagsfræði, heimspeki, mannfræði og sálfræði með áherslu á þætti sem varða málið.
Undirstöðuþekking í almennum málvísindum getur nýst vel í ýmsum störfum á sviði tölvutækni og margmiðlunar og verið góður undirbúningur undir frekara nám á sviði tungutækni.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050183_20096&kennsluar=2009
Almenn málvísindi, Aukagrein, 60 e
Um er að ræða 60 e eins árs nám (tvö misseri) þar sem lögð er áhersla á grundvallaratriði málvísinda. Mögulegar eru tvær námsleiðir í almennum málvísindum sem aukagrein. Önnur er ætluð nemendum sem ekki hafa íslensku eða erlend tungumál sem aðalgrein eða ljúka aukagrein snemma á námstímanum. Hin er ætluð nemendum sem lokið hafa 120e í íslensku, táknmálsfræði eða erlendu tungumáli og samanstendur einkum af framhaldsnámskeiðum.
Endanlegt val á námskeiðum er æskilegt að bera undir greinarformann.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050182_20096&kennsluar=2009
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

Íslenska

Íslensku er hægt að taka sem aukagrein (60 e) eða aðalgrein (120 eða 180 e) til BA-prófs. BA-námið er blanda af bókmenntum og málfræði og hentar vel sem undirbúningur undir margs konar störf. Að loknu BA-prófi (með fyrstu einkunn, 7,25 eða meira) er hægt að halda áfram og taka MA-próf (120 e) á nokkrum námsleiðum (íslenskum bókmenntum, íslenskri málfræði, íslenskum fræðum, tungutækni) eða meistarapróf kennara (M.Paed., 90 e). Að loknu MA-prófi er svo hægt að leggja stund á doktorsnám (Ph.D., 240 e).

Nám í íslensku veitir haldgóða undirstöðuþjálfun í bókmenntum og málfræði og hentar vel sem undirbúningur undir margs konar störf. Fólk með háskólamenntun í íslensku fæst við kennslu á öllum skólastigum og við fræðistörf, m.a. á rannsóknastofnunum á sviði íslenskra fræða. Margir leggja fyrir sig ritstörf eða önnur störf á sviði menningar og lista, fjölmiðlun af ýmsu tagi og útgáfu- og kynningarstörf (sem fréttamenn, blaðamenn, ritstjórar, málfarsráðgjafar, textasmiðir, bókmenntarýnar o.s.frv.).

Íslenska, BA, 180 e

Þriggja ára (sex missera) fræðilegt grunnnám í íslensku. Námið er 180 einingar og telst fullgilt BA-próf. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf. BA-próf með fyrstu einkunn veitir rétt til inngöngu í framhaldsnám í greininni.

Í náminu fá nemendur góða yfirsýn yfir íslenska bókmenntasögu frá upphafi til nútímans, kynnast helstu bókmenntagreinum og eiga að öðlast víðtæka þekkingu og skilning á völdum sviðum bókmenntanna. Þeir fá einnig góða yfirsýn yfir íslenskt málkerfi bæði að fornu og nýju, eiga að átta sig á helstu málbreytingum sem orðið hafa og eru í gangi, og fá víðtæka þekkingu og skilning á völdum sviðum málsins. Þeir öðlast þekkingu og gagnrýninn skilning á ólíkum sjónarmiðum og kenningum sem nýtast við rannsóknir á íslensku máli og bókmenntum og læra að beita fjölbreyttum rannsóknaraðferðum í bókmenntum og málvísindum.

Námið skiptist í kjarna og val. Kjarninn er samtals 110 einingar, þar af 50 einingar í málfræði og 50 í bókmenntum. Nemendum sem taka íslensku sem aðalgrein til 180 eininga er skylt að taka öll kjarnanámskeið auk BA-ritgerðar (10 eða 20 e). Að öðru leyti er val námskeiða frjálst. Hægt er að taka námskeið úr ýmsum öðrum greinum sem hluta af vali, s.s. úr almennri bókmenntafræði, almennum málvísindum, þjóðfræði, fjölmiðlafræði o.fl.

Markmið námsins er annars vegar að búa nemendur undir framhaldsnám á meistarastigi og hins vegar að búa þá undir fjölbreytt störf þar sem þekking á máli og bókmenntum er nauðsynleg, s.s. ritstörf, fjölmiðlun, útgáfustörf o.fl.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054040_20096&kennsluar=2009

Íslenska, Aðalgrein, 120 e

Tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt grunnám í íslensku. Námið er 120 einingar og er aðalgrein sem hluti af BA-prófi. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf. BA-próf með fyrstu einkunn veitir rétt til inngöngu í framhaldsnám á meistarastigi (MA) í íslenskum bókmenntum, íslenskri málfræði, íslenskum fræðum og tungutækni, svo og í kennaranám (M.Paed.) í íslensku.

Námið skiptist í kjarna og val. Kjarninn er samtals 45 einingar, þar af 20 einingar í málfræði og 20 í bókmenntum. Nemendum sem taka íslensku sem aðalgrein til 120 eininga er skylt að taka öll kjarnanámskeið auk BA-ritgerðar (10 e). Að öðru leyti er val námskeiða frjálst.

Markmið námsins er annars vegar að búa nemendur undir framhaldsnám á meistarastigi og hins vegar að búa þá undir fjölbreytt störf þar sem þekking á máli og bókmenntum er nauðsynleg, s.s. ritstörf, fjölmiðlun, útgáfustörf o.fl.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054039_20096&kennsluar=2009

Íslenska, Aukagrein, 60 e

Eins árs (tveggja missera) grunnnám í íslensku. Námið er 60 einingar og er aukagrein sem hluti af BA-prófi. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf. BA-próf með fyrstu einkunn í íslensku sem aukagrein veitir rétt til náms á meistarastigi í íslenskum bókmenntum, hafi nemandi tekið öll kjarnanámskeið í íslenskum bókmenntum sem 120 eininga aðalgrein. BA-próf með fyrstu einkunn í íslensku sem aukagrein veitir rétt til náms á meistarastigi í íslenskri málfræði, hafi nemandi tekið öll kjarnanámskeið í íslenskri málfræði sem 120 eininga aðalgrein.

Þrjár leiðir standa þeim til boða sem velja íslensku sem aukagrein. Þeir geta valið sambland námskeiða í íslenskum bókmenntum og íslenskri málfræði. Þá er skylt að taka a.m.k. 20 e úr íslenskum bókmenntum og a.m.k. 20 e úr íslenskri málfræði, en val námskeiða er að öðru leyti frjálst. Nemendur geta einnig lagt áherslu á íslenskar bókmenntir. Val námskeiða er þá frjálst nema skylt er að taka Bókmenntafræði eða sambærilegt námskeið. Nemendur geta í þriðja lagi lagt áherslu á íslenska málfræði. Val námskeiða er þá frjálst nema skylt er að taka Inngang að málfræði eða sambærilegt námskeið. Þeir sem hafa lokið sambærilegum námskeiðum í almennri bókmenntafræði eða Inngang að málfræði í aðalgrein sinni velja annað námskeið í bókmenntum/málfræði í staðinn.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054038_20096&kennsluar=2009

Hagnýt íslenska, Grunndiplóma, 90 e

Eins og hálfs árs (þriggja missera) hagnýtt grunnnám í hagnýtri íslensku. Námið er 90 e og lýkur með diplóma. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Þessi námsleið er ætluð fólki sem hefur áhuga á störfum þar sem kunnátta og þjálfun í vandaðri meðferð íslensks máls er nauðsynleg en ekki er krafist djúprar fræðilegrar þekkingar. Í náminu eiga nemendur að öðlast góða þekkingu á málkerfi íslensks nútímamáls. Þeir læra að þekkja mismunandi málsnið íslensku og þær venjur og hefðir sem miðað er við í vönduðu málsniði. Einnig læra þeir aðferðir og vinnubrögð við samningu og yfirlestur nytjatexta.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054019_20096&kennsluar=2009

Kennarar

http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

Íslenska fyrir erlenda stúdenta

Tvær námsleiðir eru í boði: **BA-nám** og **hagnýt íslenska**.

**Íslenska fyrir erlenda stúdenta** er kennd til BA-gráðu sem aðalgrein og aukagrein. Námið er í senn fræðilegt og hagnýtt. Annars vegar er um að ræða almennt fræðilegt nám um íslenska tungu, bókmenntir og sögu Íslands og hins vegar tungumálanám þar sem nemendur fá kennslu og þjálfun í að skrifa, tala og skilja nútímaíslensku. Þessi leið er einkum ætluð þeim sem hafa fræðilegan áhuga á íslensku máli jafnhliða þjálfun í færniþáttum málsins. Auk almennra inntökuskilyrða (erlends ígildis íslensks stúdentsprófs) þurfa stúdentar að standast lágmarkskröfur á stöðuprófi sem haldið er við upphaf hvers skólaárs.

Færnikröfur miðast við **Icelandic Online 1**, sjálfsnámsefni sem opið er á Netinu (http://icelandic.hi.is).

**Hagnýt íslenska fyrir erlenda stúdenta** er ársnám sem gefur diplóma. Í náminu er byggð upp hagnýt grunnþekking á íslensku máli: málkerfi, orðaforða, skilningi og tjáningu. Þessi leið er einkum ætluð þeim sem vilja fyrst og fremst auka færni sína í íslensku til að geta

tekist á við annað nám eða störf í íslensku samfélagi. Þessi námsleið, eða einstök námskeið úr henni, er einnig hentug fyrir skiptistúdenta úr öðrum námsgreinum. Inntökuskilyrði er erlent ígildi íslensks stúdentsprófs.
Ekki er hægt að fá námskeið metin á milli námsleiða.

Íslenska fyrir erlenda stúdenta, BA, 180 e

Kunnátta í ensku er æskileg þar sem kennsla fer fram á ensku í sumum námskeiðum í upphafi náms. Að öðru leyti er kennslumálið íslenska. Öll námskeið eru skyldunámskeið nema Þýðingar. Í stað þess geta nemendur tekið námskeið að eigin vali á sviði íslenskra fræða eða skyldra greina.
Nemendur þurfa að hafa lokið öllum námskeiðum fyrsta árs áður en þeir hefja nám á öðru ári og öllum námskeiðum annars árs áður en þeir hefja nám á þriðja ári.
Vakin er athygli á því að skiptistúdentanámskeiðin Íslensk menning og Íslenskar miðaldabókmenntir, sem kennd eru á ensku, eru ekki hluti af BA-námi í íslensku fyrir erlenda stúdenta og ekki er hægt að fá þau metin í stað annarra námskeiða innan BA-námsleiðarinnar.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054050_20096&kennsluar=2009

Íslenska fyrir erlenda stúdenta, Aðalgrein, 120 e

Kunnátta í ensku er æskileg þar sem kennsla fer fram á ensku í sumum námskeiðum í upphafi náms. Að öðru leyti er kennslumálið íslenska. Öll námskeið eru skyldunámskeið.
Nemendur þurfa að hafa lokið öllum námskeiðum fyrsta árs áður en þeir hefja nám á öðru ári.
Nemendur sem lokið hafa námskeiði sambærilegu við Aðferðir í málvísindum og bókmenntum við erlenda háskóla geta sótt um að vera undanþegnir því en skulu þá taka námskeið að eigin vali á sviði íslenskra fræða eða skyldra greina. Nemendur sem lokið hafa heimspekilegum forspjallsvísindum við erlenda háskóla geta sótt um undanþágu frá því. Sækja skal um það til umsjónarmanns forspjallsvísinda.
Vakin er athygli á því að nemendur sem taka Íslensku fyrir erlenda stúdenta sem aðalgrein til 60 eininga taka **ekki** námskeiðið Íslandssaga á vormisseri annars árs. Í stað þess kemur ritgerð til BA-prófs.
Vakin er athygli á því að skiptistúdentanámskeiðin Íslensk menning og Íslenskar miðaldabókmenntir sem kennd eru á ensku eru ekki hluti af BA-námi í íslensku fyrir erlenda stúdenta og ekki er hægt að fá þau metin í stað annarra námskeiða innan BA-námsleiðarinnar.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054051_20096&kennsluar=2009

Íslenska fyrir erlenda stúdenta, Aukagrein, 60 e

Kunnátta í ensku er æskileg þar sem kennsla fer fram á ensku í sumum námskeiðum í upphafi náms. Að öðru leyti er kennslumálið íslenska. Öll námskeið eru skyldunámskeið. Vakin er athygli á því að skiptistúdentanámskeiðin Íslensk menning og Íslenskar miðaldabókmenntir sem kennd eru á ensku eru ekki hluti af BA-námi í íslensku fyrir erlenda stúdenta og ekki er hægt að fá þau metin í stað annarra námskeiða innan BA-námsleiðarinnar.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054052_20096&kennsluar=2009

Hagnýt íslenska fyrir erlenda stúdenta, 60 e

Námið er sniðið fyrir byrjendur og er engrar forkunnáttu í íslensku krafist. Námskeið eru sex, þrjú á hvoru misseri (Orðaforði I, Framburður og tal, Sjálfsnám í íslensku I á haustmisseri og Orðaforði II, Texti og ritun, Sjálfsnám í íslensku II á vormisseri). Til að ljúka diplómaprófi þarf að ljúka þeim öllum. Byrjendanámskeið haustmisseris (Orðaforði I, Framburður og tal, Sjálfsnám í íslensku I) eru endurtekin á vormisseri. Framhaldsnámskeiðin (Orðaforði II, Texti og ritun, Sjálfsnám í íslensku II) eru hins vegar ekki kennd á haustmisseri.
Vakin er athygli á því að skiptistúdentanámskeiðin Íslensk menning og Íslenskar miðaldabókmenntir sem kennd eru á ensku eru ekki hluti af námsleiðinni hagnýt íslenska fyrir erlenda stúdenta og ekki er hægt að fá þau metin í stað annarra námskeiða innan hennar.
Í Hagnýtri íslensku fyrir erlenda stúdenta er byggð upp hagnýt grunnþekking á íslensku máli: málkerfi, orðaforða, skilningi og tjáningu. Megináhersla verður lögð á tjáskipti og hagnýta málnotkun þannig að nemendur öðlist grundvallarfærni í skilningi og tjáningu á íslensku máli. Einkum verður lögð rækt við munnlega færni og talmálsskilning en lesskilningur verður einnig þjálfaður sem og ritun sem liður í almennri tjáskiptafærni. Markmiðið er að nemendur geti tjáð sig við allar almennar aðstæður daglegs lífs, skilið umræðu er lýtur að hversdagslífi og lesið og skilið einfalda texta.
Nám í hagnýtri íslensku fyrir erlenda stúdenta eykur möguleika fólks af erlendum uppruna til virkrar þátttöku í íslensku samfélagi og atvinnulífi. Nám í hagnýtri íslensku fyrir erlenda stúdenta veitir nemendum traustan grunn í íslensku til að takast á við annað háskólanám á Íslandi.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054059_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

Kvikmyndafræði

Kvikmyndafræði er sjálfstæð námsgrein innan Íslensku- og menningardeildar. Hún er kennd sem aðalgrein til 120 eininga og sem aukagrein til 60 eininga. Námsefni greinarinnar skiptist, auk tveggja skyldunámskeiða (kvikmyndafræði og kvikmyndasögu), í nokkur áherslusvið: námskeið um kvikmyndir þjóðlanda (t.d. franskar eða japanskar kvikmyndir), um kvikmyndagreinar (t.d. hrollvekjur eða vestra) og um kvikmyndahöfunda (t.d. Hitchcock eða Bergman). Jafnframt verður sérstök áhersla lögð á vensl kvikmynda og bókmennta, og námskeið sem snúa að afmörkuðum viðfangsefnum eða sviðum kvikmyndafræðanna (svo sem sálgreiningu og kvikmyndum, eða táknfræði og kvikmyndum).

Kvikmyndafræði, Aðalgrein, 120 e

Ljúka þarf 120 einingum og teljast 60 einingar á námsári vera fullt nám. Skyldunámskeið eru 50 einingar: Kvikmyndafræði, Kvikmyndasaga, Menningarheimar, Bókmenntaritgerðir og Aðferðir og hugtök, auk BA-ritgerðar. Enn fremur skulu nemendur taka a.m.k. 40 einingar í valnámskeiðum innan greinarinnar eða 30 einingar sé skrifuð 20 eininga BA-ritgerð í stað 10e. Önnur námskeið eru valfrjáls (sjá yfirlit undir samsetningu náms).

Markmið kennslu í kvikmyndafræði er að veita yfirlit yfir sögu kvikmynda á Vesturlöndum og að nokkru leyti í öðrum heimshlutum, að

þjálfa stúdenta í að skilja og túlka kvikmyndir frá ýmsum tímum og ólíkum þjóðlöndum, m.a. með hliðsjón af öðrum listgreinum, bókmenntum og menningu, að kynna helstu hugtök og vinnuaðferðir í kvikmyndafræði og leiðbeina nemendum í gagnrýnni notkun á handbókum og öðrum ritum um kvikmyndir, bókmenntir og menningu almennt, og að þjálfa stúdenta í að fjalla um kvikmyndir og annað myndefni og texta á sjálfstæðan hátt í fræðilegum ritgerðum.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050191_20096&kennsluar=2009

Kvikmyndafræði, Aukagrein, 60 e
Nemendur sem taka kvikmyndafræði sem 60 eininga aukagrein skulu ljúka námskeiðunum Kvikmyndafræði og Kvikmyndasaga, auk a.m.k. 20 eininga í valnámskeiðum innan greinarinnar. Önnur námskeið eru valfrjáls (sjá yfirlit undir samsetningu náms).
Markmið kennslu í kvikmyndafræði er að veita yfirlit yfir sögu kvikmynda á Vesturlöndum og að nokkru leyti í öðrum heimshlutum, að þjálfa stúdenta í að skilja og túlka kvikmyndir frá ýmsum tímum og ólíkum þjóðlöndum, m.a. með hliðsjón af öðrum listgreinum, bókmenntum og menningu. Einnig er markmiðið að kynna nemendum helstu hugtök og vinnuaðferðir í kvikmyndafræði og leiðbeina þeim í gagnrýnni notkun á handbókum og öðrum ritum um kvikmyndir, bókmenntir og menningu almennt, og loks að þjálfa þá í að fjalla um kvikmyndir og annað myndefni og texta á sjálfstæðan hátt í fræðilegum ritgerðum.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050190_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

Listfræði
Listfræði veitir þekkingu í sögu listarinnar og þjálfun í að greina myndlistarverk, lesa myndir og túlka í margs konar samhengi. Listfræði fæst við myndlistargreinar í fortíð og nútíð (þ.e. málaralist, höggmyndalist/þrívíða list, grafík og í seinni tíð einnig fjöltækni, svo sem gjörninga, hljóð- og rafræna miðla), einnig byggingarlist, hönnun og sjónmenningu í víðara samhengi (s.s. kvikmyndir, auglýsingar og ljósmyndir).
Listfræði er hægt að stunda sem aðalgrein til 120 eininga eða aukagrein til 60 eininga við Háskóla Íslands. Námið er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og myndlistardeildar Listaháskóla Íslands. Við Háskóla Íslands fer einkum fram kennsla í aðferðafræði og sögu listfræði, íslenskri myndlistarsögu og alþjóðlegri listasögu fyrri tíma. Við Listaháskóla Íslands fer einkum fram kennsla í alþjóðlegri samtímalistasögu en einnig er lögð áhersla á námskeið þar sem tengsl við hinn skapandi listheim eru í fyrirrúmi. Kennsla fer fram bæði í húsnæði HÍ og í húsnæði LHÍ í Laugarnesi og hafa nemendur HÍ í listfræði aðgang að sérfræðibókasafni Listaháskóla Íslands. Til að öðlast starfsheitið listfræðingur er gert ráð fyrir að nemendur hafi lokið fullgildu háskólaprófi í listfræði til a.m.k. MA-prófs.

Listfræði, Aðalgrein, 120 e
Listfræði sem aðalgrein er tveggja ára (fjögur misseri) grunnnám miðað við fulla 30 eininga námsframvindu á ári. Markmið námsins er að veita undirstöðu í listfræði á háskólastigi. Námið veitir þjálfun í gagnrýninni hugsun og greiningu. Nám í listfræði veitir einnig þjálfun í að greina sérkenni myndmáls og myndrænnar tjáningar á ólíkum tímum og í mismunandi samfélögum. Þá fjallar listfræði um fegurðarhugtakið, samfélagslegt hlutverk lista og tengsl lista við vísindi, stjórnmál og ýmis hugmyndakerfi. Þetta gerir fræðigreinin á grundvelli eigin aðferðafræði og út frá ýmsum sjónarhólum, formrænum, íkónógrafískum, félagssögulegum, femínískum o.s.frv. Breytingar á inntaki list- og fegurðarhugtaksins á síðustu áratugum hafa haft áhrif á greiningaraðferðir listasögunnar og að sama skapi hefur starfssvið fræðimanna sem fást við listir stækkað og breyst. Í náminu eiga nemendur að ná góðu valdi á grundvallarhugtökum og aðferðafræði listfræði, á lestri og túlkun myndlistarverka frá ólíkum tímum og skilningi á helstu kenningum og fræðilegri orðræðu um list. Möguleiki er að taka hluta af náminu í skiptinámi erlendis. BA-próf í listfræði sem aðalgrein til 60 eininga veitir aðgang að meistaranámi í listfræði við erlenda háskóla.
Nám í listfræði skiptist í skyldunámskeið og valnámskeið.
Skyldunámskeið eru: Aðferðafræði og saga listfræði, Íslensk myndlist 1870-1970, Íslensk myndlist 1970 til samtímans, Alþjóðleg nútímalistasaga 1870-1970, Listasaga fyrri tíma, Menningarheimar (sameiginlegt inngangsnámskeið fyrir nemendur í menningargreinum).
Einnig er krafist ritgerðar til BA-prófs. Önnur listfræðinámskeið eru valfrjáls og einnig er hægt að fá nokkur námskeið úr öðrum greinum, svo sem kvikmyndafræði, menningarfræði og heimspeki, metin inn í listfræðinámið, ef þau hafa verið samþykkt af aðalgrein.
Haustið 2009 er gerð krafa um það að þeir sem eru að hefja nám taki á fyrsta misseri: Aðferðafræði og saga listfræði, Íslenska myndlist frá 1870-1970 og Alþjóðlega listasögu fyrri tíma.

Mismunandi heiti er notað yfir fræðigreinina á erlendum málum og tekur það mið af hefðum hvers lands og mismunandi áherslum. Ýmist er talað um **listasögu** (History of Art, konsthistoria, Kunstgeschichte) eða **listfræði** (Art Theory, konstvetenskap, Kunstwissenschaft).

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050107_20096&kennsluar=2009

Listfræði, Aukagrein, 60 e
Um er að ræða eins árs nám (tveggja missera, 60 e). Aukagrein í listræði ásamt 120 e í öðru fagi veitir BA-gráðu. Skyldunámskeið eru: Aðferðafræði og saga listfræði, Íslensk myndlist 1870-1970, Alþjóðleg nútímalistasaga 1870-1970, Listasaga fyrri tíma. Önnur listfræðinámskeið eru valfrjáls.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050108_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

Menningarfræði, Aukagrein, 60 e
Menningarfræði er sjálfstæð námsgrein innan Íslensku- og menningardeildar. Hún er kennd sem aukagrein til BA-prófs (60 e).

Nemendur í menningarfræði sækja námskeið í a.m.k. þremur námsgreinum. Jafnframt geta nemendur valið sér námskeið í mismunandi greinum þar sem þeim gefst kostur á að fylgja eftir sérstökum áhugaefnum sínum.
Auk skyldunámskeiða í greininni (20 e), þurfa nemendur að ljúka námskeiðum þar sem þeir fá þjálfun í greiningu jafnt texta sem sjónræns efnis og einnig taka þeir námskeið í hugmyndasögu síðustu alda. Þannig skarast í greininni áhersluþættir úr bókmenntafræði, listfræði, sagnfræði og heimspeki, um leið og ný viðfangsefni koma í ljós.
Hafi nemandi þegar lokið skyldunámskeiði innan aðalgreinar sinnar tekur hann valnámskeið í staðinn sem eru valin í samráði við umsjónarkennara námsins. Til greina koma námskeið í bókmenntafræði, listfræði, kvikmyndafræði eða öðrum greinum deildarinnar, en einnig í öðrum greinum Hugvísindasviðs og jafnvel á öðrum sviðum skólans.

Aukagreininni menningarfræði tilheyra fimm kjarnanámskeið: Menningarheimar, Menningarfræði samtímans, Þættir úr sögu menningarfræðinnar, Aðferðafræði og saga listfræði og Hugmyndasaga 19. og 20. aldar.

Auk þess velja nemendur eitt af fjórum bókmenntanámskeiðum sem í vali eru á ári hverju. Háskólaárið 2008-2009 er um að ræða eftirfarandi valnámskeið: Aðferðir og hugtök, Bókmenntir, menning, staðir, Bókmenntasaga og Bókmenntir minnihlutahópa. Önnur námskeið eru valin í samráði við umsjónarmann námsins, Benedikt Hjartarson aðjúnkt. benedihj@hi.is

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050106_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

Ritlist
Ritlist er hægt að taka sem aukagrein (60 e) eða aðalgrein (120 e) til BA-prófs. Aukagreinin felst í 40 einingum í ritlistarnámskeiðum og 20 einingum í valfrjálsum námskeiðum, en í aðalgrein eru auk þess 30 einingar í bókmenntafræði og bókmenntasögu, auk BA-ritgerðar (10 e) og 20 eininga í valfrjálsum námskeiðum. Stefnt er að því að nemendur geti lokið náminu á tveimur árum.

Í náminu er lögð megináhersla á frjóa hugsun og miðlun hennar í rituðu máli af ýmsu tagi, s.s. í ljóðum, smásögum, skáldsögum, bókmenntaþýðingum, leiktexta, greinum og öðrum þeim formum sem þátttakendur kalla til eða finna upp.

Markmið námsins er annars vegar að búa nemendur undir framhaldsnám á
meistarastigi og hins vegar að búa þá undir ritstörf af ýmsu tagi, ritstjórn, útgáfustörf o.s.frv.

Ritlist, Aðalgrein, 120 e
Námið er tveggja ára (fjögurra missera) grunnnám í ritlist, 120 einingar og er aðalgrein sem hluti af BA-prófi. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Námið byggist upp af ritlistarnámskeiðum annars vegar og inngangsnámskeiðum í bókmenntafræði og bókmenntasögu hins vegar. Lögð er megináhersla á frjóa hugsun og miðlun hennar í rituðu máli af ýmsu tagi, s.s. í ljóðum, smásögum, skáldsögum, bókmenntaþýðingum, leiktexta, greinum og öðrum þeim formum sem þátttakendur kalla til eða finna upp

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054049_20096&kennsluar=2009

Ritlist, Aukagrein, 60 e
Námið er eins árs (tveggja missera) grunnnám í ritlist. Það er 60 e og er aukagrein sem hluti af BA-prófi. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf.

Námið er byggt upp af sérhæfðum ritlistarnámskeiðum þar sem nemendur eru þjálfaðir í að semja og greina listræna texta af ýmsu tagi, s.s. ljóð, skáldsögur, smásögur, leikrit, kvikmyndahandrit, bókmenntaþýðingar o.fl.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054048_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

Samfélagstúlkun, Aukagrein, 60 e
Með hraðvaxandi fjölgun innflytjenda frá ýmsum heimshornum hefur þörf fyrir túlka á fjölda erlendra mála aukist gríðarlega. Þetta stafar m.a. af lagaskyldu til að útvega túlka við tilteknar aðstæður á sviðum dóms-, heilbrigðis-, skóla- og félagsmála. Það hlýtur einnig að teljast hluti af viðleitni þjóðarinnar að gefa innflytjendum aukin tækifæri til aðlögunar með því að auðvelda samskiptin við íslensk stjórnvöld í upphafi þannig að þekking á íslensku og íslenskri menningu gangi sem best fyrir sig.
Hugvísindadeild Háskóla Íslands vill leggja sitt af mörkum til að mennta tiltekinn hóp virkra innflytjenda sem náð hefur góðum tökum á íslensku og þekkir innviði íslensks samfélags nægilega vel til að miðla þeirri þekkingu til samlanda sinna og annast samskipti þeirra við Íslendinga þegar þörf krefur. Þetta er orðið ákaflega brýnt vegna fjölda útlendinga sem hér eru búsettir og einnig þeirra sem hér ferðast um landið á ári hverju, en þeir eru orðnir umtalsvert fleiri en íbúar landsins.
Námið er einkum ætlað nemendum sem stundað hafa nám í íslensku fyrir erlenda stúdenta, annaðhvort sem aukagrein eða diplómanám til 30 eininga, en það er einnig opið starfandi túlkum sem sannanlega hafa meira en 5 ára starfsreynslu hér á landi.
Kennsla hefst í samfélagstúlkun á haustmisseri 2009. Í boði verða 60 einingar, þó ekki allar samtímis og geta nemendur tekið samfélagstúlkun sem aukagrein með annarri aðalgrein eða lokið diplómanámi í greininni. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf eða 5 ára starfsreynsla sem túlkur á milli íslensku og annars máls.
Kenndar verða 35 einingar skólaárið 2009-2010 en þau námskeið (25 einingar) sem kenna á skólaárið 2010-2011 verða aðeins kennd ef fjármagn fæst.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820027_20096

Táknmálsfræði
Í táknmálsfræði er leitast við að kenna nemendum færni í íslensku táknmáli, fjallað er um menningarheim heyrnarlausra og um íslenska táknmálið frá fræðilegu sjónarhorni. Markmiðið með táknmálsfræðum er annars vegar að búa nemendur undir rannsóknir á táknmáli og stöðu heyrnarlausra og heyrnarskertra og hins vegar að renna fræðilegum stoðum undir starf táknmálstúlka. Táknmálsfræði er kennd til 120 eininga en þar af fjalla 60 einingar um táknmálstúlkun sem fræðilegt og hagnýtt viðfangsefni. Þeir stúdentar sem ljúka því námi eru táknmálstúlkar.

Táknmálsfræði og táknmálstúlkun, BA, 180 e
Stúdentum sem lesa táknmálsfræði sem aðalgrein án aukagreinar til BA-prófs (180 e) og ljúka þar með námi í táknmálsfræði og táknmálstúlkun er skylt að ljúka öllum 180 e sem kenndar eru innan táknmálsfræðinnar. Forsenda þess að geta hafið nám í táknmálstúlkun er að stúdent hafi lokið öllum námskeiðum á fyrsta og öðru námsári. Inntökuskilyrði geta breyst á milli ára. Nám í táknmálstúlkun er í boði á þriggja ári fresti.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050111_20096&kennsluar=2009

Táknmálsfræði, Aðalgrein, 120 e
Stúdentum sem lesa táknmálsfræði sem aðalgrein með aukagrein til BA-prófs (120 einingar) er skylt að taka öll námskeið á fyrsta námsári. Á öðru námsári þurfa stúdentar að taka námskeiðin Indóevrópska samanburðarmálfræði I, Málfræði táknmáls II og Færninámskeið IV, auk B.A.-ritgerðar, 10 einingar að auki innan táknmálsfræðinnar og 10 eininga valnámskeiðs (má vera námskeið innan táknmálsfræðinnar).
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050110_20096&kennsluar=2009
Táknmálsfræði, Aukagrein, 60 e
Stúdentum sem lesa táknmálsfræði sem aukagrein til BA-prófs (60 einingar) er skylt að taka námskeiðin Færninámskeið I, Málfræði táknmáls Ia, Menning og saga heyrnalausra I, Færninámskeið II, Málfræði táknmáls Ib, Félagsleg staða táknmáls og Inngang að málvísindum I (nema þeir sem hafa lokið sambærilegu námskeiði). Önnur námskeið eru valin úr táknmálsfræði í samráði við umsjónarmann námsins.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050112_20096&kennsluar=2009
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk
Þýðingafræði, Aukagrein, 60 e
Þýðingafræði er ný og vaxandi námsgrein við Háskóla Íslands, en kennsla hófst í henni árið 2001. Þessi fræðigrein undirbýr nemendur í miðlun upplýsinga milli menningarheima og eru viðfangsefnin af margvíslegu tagi. Nemendur læra að meta upplýsingar og vinna með þær með það fyrir augum að færa þær á milli menningarheima eða kerfa. Námið byggist bæði á sögulegum þætti fagsins allt aftur til fornaldar og nýjustu þýðingatækni með þýðingaminnum og öðrum forritum.
Nám í þýðingafræði nýtist á mörgum sviðum: Í alþjóðaviðskiptum eru þýðingar nauðsynlegur þáttur, íslenskar bókmenntir þurfa á þýðingum að halda, stjórnkerfið allt er í sífelldu sambandi við útlönd, ferðaþjónustan þarf á þýðingum að halda, fjölmiðlarnir birta erlendar fréttir og skemmtiefni í miklum mæli, stærstu þýðingar Íslandssögunnar verða til í tölvuheiminum og þannig má lengi áfram halda. Þýðinganám er því góður grunnur fyrir þá sem starfa við alþjóðasamskipti, miðlun upplýsinga, útgáfu eða annað þvíumlíkt.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050102_20096&kennsluar=2009
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

## Framhaldsnám

Almenn bókmenntafræði

Almenn bókmenntafræði, Meistarapróf, 120 e
Um er að ræða tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt framhaldsnám í almennri bókmenntafræði. Meistaranámið er 120 einingar og lýkur með MA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 60 einingar. Aðgang að MA-námi eiga þeir sem lokið hafa með fyrstu einkunn (7,25) BA-prófi í almennri bókmenntafræði sem aðalgrein eða BA-prófi í annarri hugvísindagrein með almenna bókmenntafræði sem aukagrein.
Námið byggist alla jafna á því að nemandi stundi hluta þess á meistarastigi í öðrum greinum hugvísindadeildar eða við skóla erlendis.

Markmið MA-náms í almennri bókmenntafræði er að veita nemendum vísindalega þjálfun og búa þá m.a. undir kennslustörf á framhaldsskólastigi, vísindastörf af ýmsu tagi og doktorsnám ef því er að skipta.
Meistaranemum í almennri bókmenntafræði er skylt að sækja Málstofur meistaranema sem haldnar eru þrisvar sinnum á haust- og vormisseri.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050103_20096&kennsluar=2009
Almenn bókmenntafræði, Doktorspróf
Stúdent sem hefur lokið MA-prófi í almennri bókmenntafræði með fyrstu einkunn og a.m.k. 8,0 fyrir lokaritgerð getur sótt um aðgang að doktorsnámi. Stúdent sem hefur lokið MA-prófi eða öðru samsvarandi prófi frá annarri deild Háskóla Íslands eða öðrum háskóla, sem deildin viðurkennir, með jafngildi fyrstu einkunnar, getur sótt um aðgang að doktorsnáminu. Þá skal menntun hans metin með tilliti til aðalgreinar við doktorsnám og honum gerðar frekari námskröfur en þeim stúdentum sem hafa lokið MA-prófi frá deildinni.
Viðfangsefni doktorsritgerðar má teygja sig yfir á svið kvikmynda- og menningarfræða, jafnt sem bókmennta. Markmið doktorsnáms er að veita nemum vísindalega þjálfun og stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum þeirra, og búa þá þannig undir háskólakennslu, rannsóknir og önnur störf.

Doktorspróf við Hugvísindasvið veitir lærdómstitilinn doctor philosophiae (Ph.D.).
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050104_20096&kennsluar=2009
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk
Almenn málvísindi

Almenn málvísindi, Meistarapróf, 120 e
Til MA-prófs er krafist BA-prófs að viðbættum 120 e. Á MA-stigi skulu 30-60 e felast í lokaritgerð. Aðgang að MA-námi eiga þeir sem lokið hafa með fyrstu einkunn (7,25) BA-prófi í almennum málvísindum sem aðalgrein eða BA-prófi í annarri hugvísindagrein með almenn málvísindi sem aukagrein. Nám í almennum málvísindum til MA-prófs byggist alla jafna á því að nemandi stundi hluta námsins á meistarastigi í öðrum greinum Hugvísindasviðs eða við skóla erlendis, en ljúki ætíð að minnsta kosti 20 e í MA-námskeiðum eða einstaklingsverkefnum í almennum málvísindum við HÍ. og aldrei minna en 60 e innan greinarinnar að MA-ritgerðinni meðtalinni. Nemandi

skipuleggur nám sitt í samráði við fastráðinn umsjónarkennara í greininni.
Umsóknir um nám berist fyrir 15. mars fyrir haustmisseri og 15. september fyrir vormisseri til skrifstofu Hugvísindasviðs, Aðalbyggingu.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050101_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

Hagnýt ritstjórn og útgáfa, 90 e
Hagnýt ritstjórn og útgáfufræði er 90 eininga meistaranám á Hugvísindasviði, einkum ætlað nemendum sem lokið hafa BA-prófi með fyrstu einkunn í hugvísindum eða skyldum greinum. [Þó geta BA-nemar sem lokið hafa sérgrein til 120 eininga, með meðaleinkunninni 8,00, sótt um til umsjónarmanns greinarinnar að fá að sækja einstök námskeið. Þeir fá þau metin sem hluta af BA-námi.] Með náminu er nemendum gefinn kostur á að búa sig á skipulegan hátt undir ritstjórnar- og útgáfustörf, t.d. hjá fjölmiðlum, bókaútgáfum og fræðastofnunum. Áhersla er lögð á hvort tveggja, þverfaglega samvinnu og tengsl við atvinnulífið svo að nemendur fái víða sýn yfir viðfangsefnið og öðlist reynslu sem geri þeim kleift að vinna sjálfstætt að ritstjórn og útgáfum. MA-nám í hagnýtri ritstjórn og útgáfufræðum skiptist í þrjá meginhluta:
Kjarnanámskeið (30 einingar): Ritstjórn og fræðileg skrif, Þýðingafræði og hagnýtt rannsóknarnámskeið, valfrjáls námskeið (30 e).
Nemendur af Hugvísindasviði sækja hefðbundin framhaldsnámskeið í deildinni. Nemendur af Félagsvísindasviði sækja framhaldsnámskeið á því sviði eftir því sem grunnnám þeirra gefur tilefni til eða sækja framhaldsnám í einhverri grein hugvísinda en verða þá að leggja fram sérstaka umsókn - með yfirliti um námsferil - til námsnefndar viðkomandi greinar sem sker úr um hvort umsækjanda er tekið.
Lokaverkefni (30 einingar).
Lokaverkefni er ritstjórnar- eða útgáfuverkefni unnið í samvinnu við tiltekið fyrirtæki eða hjá því - t.d. hjá fjölmiðli, bókaútgáfu eða fræðastofnun en leiðbeinandi er fastráðinn kennari á Hugvísindasviði. Lokaverkefni er hýst í grunngrein nemandans.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050121_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

Íslenska

Íslensk fræði, Meistarapróf, 120 e
Tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt framhaldsnám í íslenskum fræðum. Námið er 120 e og telst fullgilt MA-próf. Í náminu eru tvö kjörsvið; ***Íslensk fræði - málfræði og bókmenntir*** og ***Íslensk fræði - miðaldafræði***.
Inntökuskilyrði í ***Íslensk fræði - málfræði og bókmenntir*** eru BA-próf með fyrstu einkunn í íslensku sem aðalgrein eða BA-próf með fyrstu einkunn í íslensku sem aukagrein (nauðsynlegt er að nemandinn hafi tekið a.m.k. 30e í kjarnanámskeiðum í málfræði og 30e í kjarnanámskeiðum í bókmenntum í íslensku sem aðalgrein). Námið skiptist í 90 e í námskeiðum og 30 e meistaraprófsritgerð. Hægt er að sækja um að skrifa 60 e ritgerð og taka þá 60 e í námskeiðum. Engin sérstök skyldunámskeið eru í náminu en ákveðnar reglur gilda um samsetningu þess. A.m.k. 30 e verða að vera í námskeiðum á MA-stigi í íslenskri málfræði, og a.m.k. 30 e í námskeiðum á MA-stigi í íslenskum bókmenntum. Ritgerðarefni velur stúdent í samráði við kennara sína.
Inntökuskilyrði í ***Íslensk fræði - miðaldafræði*** eru BA-próf með fyrstu einkunn af hugvísindasviði. Nauðsynlegt er að nemandinn hafi tekið námskeiðið ÍSL422G Miðaldabókmenntir. Námið skiptist í 90 e í námskeiðum og 30 e meistaraprófsritgerð. Hægt er að sækja um að skrifa 60 e ritgerð og taka þá 60 e í námskeiðum. Skylt er að taka a.m.k. 10 e í textafræði (fílólógíu) A.m.k. 50 e verða að vera í framhaldsnámskeiðum á sviði miðaldafræða innan Íslensku- og menningarfræðideildar (málfræði, bókmenntum, textafræði). Hægt er að taka allt að 30 e í framhaldsnámskeiðum á sviði miðaldafræða í greinum utan deildarinnar (s.s. sagnfræði, heimspeki, þjóðfræði, latínu). Ritgerðarefni velur stúdent í samráði við kennara sína.
Markmið námsins er að veita nemendum vísindalega þjálfun og búa þá m.a. undir kennslustörf á framhaldsskólastigi, vísindastörf af ýmsu tagi og doktorsnám ef því er að skipta.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054043_20096&kennsluar=2009

Íslensk málfræði, Meistarapróf, 120 e
Námið er tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt framhaldsnám í íslenskri málfræði. Það er 120 e og telst fullgilt MA-próf. Inntökuskilyrði eru BA-próf með fyrstu einkunn í íslensku sem aðalgrein, eða BA-próf með fyrstu einkunn í íslensku sem aukagrein með áherslu á málfræði (nauðsynlegt að nemandinn hafi tekið öll kjarnanámskeið í málfræði í íslensku sem aðalgrein).
Námið skiptist yfirleitt í 90 e í námskeiðum og 30 e meistaraprófsritgerð. Hægt er að sækja um að skrifa 60 e ritgerð og taka þá 60 e í námskeiðum. Engin sérstök skyldunámskeið eru í MA-náminu en ákveðnar reglur gilda um samsetningu þess. Heimilt er að velja námskeið allt að 30 e úr skyldum greinum í samráði við greinarkennara. Ritgerðarefni velur stúdent einnig í samráði við kennara sína.
Markmið námsins er að veita nemendum vísindalega þjálfun og búa þá m.a. undir kennslustörf á framhaldsskólastigi, vísindastörf af ýmsu tagi og doktorsnám ef því er að skipta.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054041_20096&kennsluar=2009

Íslensk málfræði, Doktorspróf
Námið er fjögurra ára (átta missera) fræðilegt framhaldsnám í íslenskri málfræði. Það er 240 e og telst fullgilt doktorspróf (Ph.D.).
Inntökuskilyrði eru MA-próf í íslenskri málfræði með fyrstu einkunn eða, eftir atvikum, sambærilegt próf í annarri tengdri grein.
Námið skiptist í 60 e almennt nám og 180 e ritgerð. Kröfum um almennt nám er hægt að fullnægja á ýmsan hátt, s.s. með formlegum námskeiðum (við Háskóla Íslands, erlenda háskóla eða á alþjóðlegum námskeiðum), leslistaprófum, fyrirlestrum á fræðilegum ráðstefnum, fræðilegum greinum í ritrýndum tímaritum eða bókum, háskólakennslu o.fl.
Doktorsritgerðin skal alla jafnan vera 75.000-100.000 orð. Í henni skal tekið til rannsóknar afmarkað og samstætt viðfangsefni og það kannað rækilega með vísindalegum aðferðum. Almenn krafa til doktorsritgerða er að þar sé fylgt viðurkenndum vísindalegum rannsóknaraðferðum og að þær séu sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviðinu. Doktorsritgerð skal að jafnaði vera skrifuð á íslensku eða ensku.
Markmið námsins eru að doktorsnemar fái sem besta og víðtækasta vísindalega þjálfun og undirbúning undir vísindastörf á fræðasviði sínu, t.d. háskólakennslu eða sérfræðistörf hjá rannsóknastofnun. Þessi þjálfun tekur mið af bakgrunni hvers nemanda og því fræðasviði sem hann vill sérhæfa sig á.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054045_20096&kennsluar=2009

Íslenskar bókmenntir, Meistarapróf, 120 e
Námið er tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt framhaldsnám í íslenskum bókmenntum. Það er 120 e og telst fullgilt MA-próf. Inntökuskilyrði eru BA-próf með fyrstu einkunn í íslensku sem aðalgrein, eða BA-próf með fyrstu einkunn í íslensku sem aukagrein með áherslu á bókmenntir (nauðsynlegt að nemandinn hafi tekið öll kjarnanámskeið í bókmenntum í íslensku sem aðalgrein).
Námið skiptist yfirleitt í 90 e í námskeiðum og 30 e meistaraprófsritgerð. Hægt er að sækja um að skrifa 60 e ritgerð og taka þá 60 e í námskeiðum. Engin sérstök skyldunámskeið eru í MA-náminu en ákveðnar reglur gilda um samsetningu þess. Heimilt er að velja námskeið allt að 30 e úr skyldum greinum í samráði við greinarkennara. Ritgerðarefni velur stúdent einnig í samráði við kennara sína.
Markmið námsins er að veita nemendum vísindalega þjálfun og búa þá m.a. undir kennslustörf á framhaldsskólastigi, vísindastörf af ýmsu tagi og doktorsnám ef því er að skipta.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054042_20096&kennsluar=2009

Íslenskar bókmenntir, Doktorspróf
Námið er fjögurra ára (átta missera) fræðilegt framhaldsnám í íslenskum bókmenntum. Það er 240 e og telst fullgilt doktorspróf (Ph.D.). Inntökuskilyrði eru MA-próf í íslenskum bókmenntum með fyrstu einkunn eða, eftir atvikum, sambærilegt próf í annarri tengdri grein.
Námið skiptist í 60 e almennt nám og 180 e ritgerð. Kröfum um almennt nám er hægt að fullnægja á ýmsan hátt, s.s. með formlegum námskeiðum við Háskóla Íslands, erlenda háskóla eða á alþjóðlegum námskeiðum), leslistaprófum, fyrirlestrum á fræðilegum ráðstefnum,fræðilegum greinum í ritrýndum tímaritum eða bókum, háskólakennslu o.fl.
Doktorsritgerðin skal alla jafnan vera 75.000-100.000 orð. Í henni skal tekið til rannsóknar afmarkað og samstætt viðfangsefni og það kannað rækilega með vísindalegum aðferðum. Almenn krafa til doktorsritgerða er að þar sé fylgt viðurkenndum vísindalegum rannsóknaraðferðum og að þær séu sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviðinu. Doktorsritgerð skal að jafnaði vera skrifuð á íslensku eða ensku.
Markmið námsins eru að doktorsnemar fái sem besta og víðtækasta vísindalega þjálfun og undirbúning undir vísindastörf á fræðasviði sínu, t.d. háskólakennslu eða sérfræðistörf hjá rannsóknastofnun. Þessi þjálfun tekur mið af bakgrunni hvers nemanda og því fræðasviði sem hann vill sérhæfa sig á.

Uppbygging námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054046_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

Tungutækni
Námið skiptist í 90e í námskeiðum og 30e meistaraprófsritgerð. Samvinna er um námið við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík og er hægt að taka tölvunarfræðinámskeið þar eða við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands. Sérhæfð máltækninámskeið er einnig hægt að taka við Háskólann í Reykjavík eða erlenda háskóla. Um skipan námsins fer að öðru leyti eftir sérstökum námsskipunarreglum sem er að finna á vef Íslensku- og menningardeildar.
Markmið námsins er að veita nemendum vísindalega þjálfun og búa þá m.a. undir störf á sviði máltækni, vísindastörf af ýmsu tagi og doktorsnám ef því er að skipta.

Tungutækni , Meistarapróf, 120 e

Tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt og hagnýtt framhaldsnám í tungutækni (máltækni). Námskeið í tölvunarfræði eru hluti námsins og valnámskeið geta komið úr hugbúnaðarverkfræði, rafmagns- og tölvuverkfræði og fleiri greinum. Námið er 120 e og telst fullgilt MA-próf. Inntökuskilyrði eru BA-próf með fyrstu einkunn í íslensku, almennum málvísindum eða erlendu tungumáli sem aðalgrein, eða B.Sc.-próf í tölvunarfræði eða rafmagns- og tölvuverkfræði.
Námið skiptist í 90 e í námskeiðum og 30 e meistaraprófsritgerð. Samvinna er um námið við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík og er hægt að taka tölvunarfræðinámskeið þar eða við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands. Sérhæfð máltækninámskeið er einnig hægt að taka við Háskólann í Reykjavík eða erlenda háskóla. Um skipan námsins fer að öðru leyti eftir sérstökum námsskipunarreglum sem er að finna á vef Íslensku- og menningardeildar.
Markmið námsins er að veita nemendum vísindalega þjálfun og búa þá m.a. undir störf á sviði tungutækni, vísindastörf af ýmsu tagi og doktorsnám ef því er að skipta.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=054047_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

Þýðingafræði
Þýðingafræði er ný og vaxandi námsgrein við Háskóla Íslands, en kennsla hófst í henni árið 2001. Þessi fræðigrein undirbýr nemendur í miðlun upplýsinga milli menningarheima og eru viðfangsefnin af margvíslegu tagi. Nemendur læra að meta upplýsingar og vinna með þær með það fyrir augum að færa þær á milli menningarheima eða kerfa. Námið byggist bæði á sögulegum þætti fagsins allt aftur til fornaldar og nýjustu þýðingatækni með þýðingaminnum og öðrum forritum.
Nám í þýðingafræði nýtist á mörgum sviðum: Í alþjóðaviðskiptum eru þýðingar nauðsynlegur þáttur, íslenskar bókmenntir þurfa á þýðingum að halda, stjórnkerfið allt er í sífelldu sambandi við útlönd, ferðaþjónustan þarf á þýðingum að halda, fjölmiðlarnir birta erlendar fréttir og skemmtiefni í miklum mæli, stærstu þýðingar Íslandssögunnar verða til í tölvuheiminum og þannig má lengi áfram halda. Þýðinganám er því góður grunnur fyrir þá sem starfa við alþjóðasamskipti, miðlun upplýsinga, útgáfu eða annað þvíumlíkt.

Þýðingafræði, Meistarapróf, 120 e
Til MA-gráðu er krafist 120 eininga náms. Af einingum á MA-stigi skulu að jafnaði 30-40 felast í lokaritgerð, en í sérstökum tilvikum 60 einingar, hafi nemandi fengið til þess samþykki kennara og fagráðs. Aðgangur að MA-náminu er bundinn skilyrði um fyrstu einkunn (7,25) í BA-námi.

Fyrri hluti MA-náms í þýðingafræðum getur falist í hagnýtu námi í þýðingum. Að jafnaði byggist nám í þýðingafræðum til MA-prófs hins vegar á því að nemandi ljúki hluta námsins á meistarastigi í öðrum greinum Hugvísindadeildar eða við skóla erlendis. Þriðjungur námskeiða, eða 60 einingar, yrði þannig í þýðingafræðum, annar þriðjungur í þýðingatengdu námi í íslensku og sá þriðji í þýðingatengdum námskeiðum í erlendu máli. Eins geta nemendur í samráði við umsjónarkennara þýðinganáms tekið námskeið á BA-stigi, svo fremi kennari geri til þeirra

verkefnakröfur sem svara til MA-stigs. Þá geta nemendur skráð sig í sérstök rannsóknaverkefni í samráði við umsjónarkennara. Nemendur velja námskeið sín í samráði við umsjónarkennara þýðinganámsins.

Leyfilegt er að meta allt að 60 einingum í framhaldsnámi í þýðingafræðum og tungumálum við erlenda háskóla inn í MA-nám í þýðingafræðum, svo fremi að a.m.k. 20 e af heildareiningafjölda MA-gráðu séu teknar í námskeiðum við HÍ. Nemendur skulu hafa samráð við umsjónarkennara í þýðingafræðum um það nám við erlenda skóla.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050109_20096&kennsluar=2009

Hagnýtt nám í þýðingum, Viðbótardiplóma, 60 e
Hagnýtt nám í þýðingum er ætlað þeim sem vilja bæta hagnýtri þekkingu á þýðingum við grunnnám sitt í háskóla, eða hafa a.m.k. 5 ára reynslu sem starfandi þýðendur. Allir umsækjendur þreyta inntökupróf.

Námið er til 60 eininga, þar af eru 20 einingar í sérstökum námskeiðum í þýðingafræði en 40 einingar í íslensku og erlendu máli. (10-30 einingar í íslensku og 10-30 einingar í erlendu máli, eftir stöðu og þörfum hvers nemanda.)

Námið í íslensku og erlendu málunum skipuleggja nemendur í samráði við umsjónarmann þýðinganámsins sem jafnframt hefur samráð við kennara í viðkomandi námskeiðum.

Mögulegt er að 60 eininga hagnýta námið myndi fyrri hluta 120 eininga náms til MA-prófs í þýðingafræðum.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=050119_20096&kennsluar=2009

Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/um_deildina/starfsfolk

Íslensk miðaldafræði - Medieval Icelandic Studies, Meistarapróf
Námið er kennt í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar. Námið miðar að þeirri þekkingu að geta lesið og rannsakað gamla miðaldatexta og frumtexta í handritum. Kennsla fer fram á ensku.

Öll námskeið framhaldsnáms

Allar námsleiðir í framhaldsnámi
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=F

Talmeinafræði, undirbúningsnám
Undirbúningsnámi þessu er ætlað að gera nemendum sem hyggja á meistaranám í talmeinafræði við HÍ kleift að uppfylla þær faglegu forkröfur sem gerðar eru.

Haustið 2010 hefst kennsla í talmeinafræði á meistarastigi við Háskóla Íslands. Nemendur verða að hafa lokið grunnháskólagráðu (BA/BS/BEd) áður en eiginlegt meistaranám í talmeinafræði hefst. Auk þess eru gerðar forkröfur um tiltekin námskeið í íslenskri málfræði, sálfræði og tölfræði.
Einungis verða teknir inn 15 nemendur í meistaranám í talmeinafræði annað hvert ár. Námið mun taka tvö ár og lýkur með meistaragráðu. Að því loknu geta nemendur sótt um starfsleyfi til landlæknis.

**Forkröfur til að geta hafið meistaranám í talmeinafræði við HÍ**

Inntökuskilyrði í meistaranámið eru BA/BS/BEd-próf með fyrstu einkunn. Nemendur skulu einnig hafa lokið eftirtöldum námskeiðum eða öðrum sambærilegum, áður en eiginlegt nám í talmeinafræði hefst.

**Málfræði (íslenska/almenn málvísindi) - 35 einingar** (sjá hér að neðan)
Hugsanlegt er að fá önnur málfræðinámskeið metin í stað neðangreindra námskeiða og verður það metið sérstaklega hverju sinni.

**Sálfræði - 30 einingar** (sjá hér að neðan)
Hugsanlegt er að fá önnur námskeið sambærileg námskeið metin í stað neðangreindra námskeiða og verður það metið sérstaklega hverju sinni.

**Annað grunnnám**
Önnur sambærileg grunnnámskeið sem nemendur kynnu að hafa í upphafi náms verða metin sérstaklega, t.d. ef nemandi hefur lokið grunnnámi í talmeinafræði við erlendan háskóla.

Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=33

Upplýsingar

Inntökuskilyrði
Nemendur sem hefja nám í Háskóla Íslands, skulu hafa lokið stúdentsprófi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Almennt er áskilið að stúdentsprófið sé af bóknámsbraut, deildir geta gert frekari kröfur um undirbúning og í þeim tilvikum er þess getið í kafla viðkomandi deildar.

Kennsluhættir
Námsmagn einstakra námskeiða er metið í einingum (e). Fullt ársnám 60 námseiningar.

Skólaárið 2008-2009 munu einingar Háskóla Íslands verða framvegis jafngildar ECTS.
**Tákn um kennslustundir**
f - fyrirlestur
d - dæmatími

Þegar ekki er annað tekið fram í námskeiðslýsingum tákna tölur um kennslustundir vikulegan meðalfjölda. Þannig táknar 4f + 2d fjóra 40 mín. fyrirlestra og tvo 40 mín. dæmatíma að meðaltali á viku á 13 vikna kennslumisseri.
Fjarnám er í boði í nokkrum greinum. Upplýsingar um fjarnám er að finna á heimasíðu Kennslumiðstöðvar.

Námsmat er í formi skriflegra eða munnlegra prófa, ritgerðaskilum og/eða öðrum vekefnum. upplýsingar um áætlað námsmat er að finna á heimasíðum námskeiðs en kennari kynnir endanlegt námsmat við upphaf kennslu.

Fjarnám

Ekkert skipulagt fjarnám verður í boði við íslensku- og menningardeild háskólaárið 2009-2010.

Námsmat, einkunnir og próf

Kennslu til BA-prófs á Hugvísindasviði skal haga þannig, að stúdent sé unnt að ljúka námi á þremur árum. Hámarksnámstími til þess að ljúka BA-prófi er níu kennslumisseri (fjögur og hálft ár) frá því er stúdent var skrásettur í deildina. Eðlileg námsframvinda miðast þó við að stúdent ljúki að lágmarki 45 ECTS einingum á háskólaári. Sviðinu er heimilt að setja frekari skilyrði um námsframvindu í einstökum greinum.

Kennslu til M.Paed.-prófs og MA-prófs skal haga þannig að stúdent í fullu námi geti lokið námi á tveimur árum að loknu BA-prófi. Stúdent í fullu námi til meistaraprófs skal hafa lokið prófi eigi síðar en þremur árum eftir skráningu í námið. Stúdent í hlutanámi skal ljúka 30 ECTS einingum á háskólaári og skal hafa lokið prófi eigi síðar en fjórum árum eftir skráningu í námið.

Sviðinu er heimilt að veita nemendum allt að eins árs viðbótarfrest frá ofangreindum tímamörkum, eða heimila hlé frá námi, ef gildum ástæðum er til að dreifa. Að öðrum kosti fellur niður réttur nemandans til frekara náms á námssviðinu ljúki hann ekki námi sínu innan tilgreindra marka. Nemandinn getur sótt um endurinnritun og að fá metin þau námskeið sem hann hefur lokið..

Námsmat felst í skriflegum og/eða munnlegum prófum, æfingavinnu, verkefnum eða ritgerðum. Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri er Hugvísindasviði heimilt, að tillögu kennara, að ákveða að stúdent teljist ekki hafa staðist próf nema hann hafi í tilteknum prófþáttum náð lágmarkseinkunn námskeiðsins í heild. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

Lágmarkseinkunn í kennslugreinum á Hugvísindasviði er 5,0. Deildir hafa heimild til þess að ákveða hærri lágmarkseinkunn í einstökum greinum. Til þess að útskrifast af Hugvísindasviði þarf stúdent að ná meðaleinkunninni 6,0.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða skólum eða milli aðalgreina á Hugvísindasviði.

Ekki er hægt að brautskrást með prófgráðu frá deildinni nema viðkomandi hafi lokið a.m.k. helmingi námseininga sinna á vegum deildarinnar.

Sjá námsreglur Hugvísindasviðs.

Kennslu- og próftímabil

**Íslensku- og menningardeild**
**Haustmisseri**
Kennsla hefst 1. september og lýkur 28. nóvember.
Verkefnavika er 13. -17. október, báðir dagar meðtaldir.
**Vormisseri**
Kennsla hefst 12. janúar og lýkur 17. apríl.
Verkefnavika er 23.-27. febrúar, báðir dagar meðtaldir.

Kröfur um námsframvindu

Reglur um námsframvindu

Endurinnritun og forkröfur

Að öllu jöfnu er stúdentspróf eða sambærilegt nám skilyrði fyrir inngöngu í Hugvísindadeild.

Að hefja nám á vormisseri

Að öllu jöfnu er hægt að hefja nám í Hugvísindadeild á vormisseri með undantekningum þó. Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu deildarinnar.

Skiptinám

Alþjóðafulltrúi Hugvísindasviðs

Alþjóðafulltrúi er tengiliður milli Alþjóðaskrifstofu Háskólastigsins og nemenda og kennara Hugvísindasviðs

Guðrún Birgisdóttir
Alþjóðafulltrúi Hugvísindasviðs
Nýi Garður
Háskóli Íslands
sími: 525 42 62
fax: 525 44 10
netfang: gb@hi.is
Viðtalstími: alla virka daga nema fimmtudaga frá kl. 10-12 og 13-15

Reglur

## Sagnfræði- og heimspekideild

Deildarforseti: Eggert Þór Bernharðsson

Upplýsingar veitir verkefnastjóri deildarinnar, Anna Hinriksdóttir í síma 525- 4354 eða á netfang ahin@hi.is

Vefsíða: www.sagnheim.hi.is

## Grunnnám

Fornleifafræði

Fornleifafræði fjallar um mannleg samfélög með því að rannsaka áþreifanlegar minjar um þau, hvort heldur sem er gripi, byggingar, úrgang eða umhverfi. Fornleifafræði fjallar fyrst og fremst um fortíðina en í vaxandi mæli er aðferðum hennar einnig beitt til að greina samfélög nútímans.
Markmið náms í fornleifafræði er að nemendur fái góða innsýn í kennilega undirstöðu fræðigreinarinnar, fái þjálfun í fornleifafræðilegum aðferðum og góðan þekkingargrunn í almennri fornleifafræði og íslenskri fornleifafræði.
Hægt er að ljúka BA-, MA-, og Ph.D.-gráðu í fornleifafræði við Háskóla Íslands.

Fornleifafræði, BA 180e

Námið er 180 einingar og lýkur með BA-gráðu. Námið tekur að jafnaði þrjú ár (sex misseri) og miðast full námsframvinda á einu misseri við 30 e. Markmið námsins er að veita góða undirstöðu fyrir störf við fornleifarannsóknir og minjavörslu á Íslandi en það er einnig hugsað sem almennt nám sem veitir þjálfun í þverfaglegum vinnubrögðum, gagnrýnni hugsun og greiningu sem kemur að notum við margvísleg störf í nútímasamfélagi. BA-próf með fyrstu einkunn veitir aðgang að meistaranámi á háskólastigi.

Nemendur skulu skrifa 10 eininga BA-ritgerð á lokaári. Um efni og stærð BA-ritgerða skal hafa samráð við fasta kennara. Nemendum sem lokið hafa a.m.k. 90 einingum í fornleifafræði á BA-stigi og hlotið fyrir meðaleinkunnina 8,0 eða meira, er heimilt að taka námskeið á MA-stigi að fengnu samþykki kennara.
Nemendur eru hvattir til að fara í skiptinám erlendis og kynna sér af eigin raun önnur menningarsvæði.

Fornleifafræði, Aðalgrein, 120 e

Námið er 120 einingar og lýkur með BA-gráðu. Námið tekur að jafnaði tvö ár (fjögur misseri) og miðast full námsframvinda á einu misseri við 30 e. Markmið námsins er að veita góða undirstöðu fyrir störf við fornleifarannsóknir og minjavörslu á Íslandi en það er einnig hugsað sem almennt nám sem veitir þjálfun í þverfaglegum vinnubrögðum, gagnrýnni hugsun og greiningu sem kemur að notum við margvísleg störf í nútímasamfélagi. BA-próf með fyrstu einkunn veitir aðgang að meistaranámi á háskólastigi.

Nemendur geta einnig sótt um undanþágu til að ljúka 180 eininga námi í fornleifafræði við Háskóla Íslands enda geti þeir sýnt fram á að námsframboð sé nægilegt. Nemendur skulu skrifa 10 eininga BA-ritgerð á lokaári. Um efni og stærð BA-ritgerða skal hafa samráð við fasta kennara. Nemendum sem lokið hafa a.m.k. 90 einingum í fornleifafræði á BA-stigi og hlotið fyrir meðaleinkunnina 8,0 eða meira, er heimilt að taka námskeið á MA-stigi að fengnu samþykki kennara.
Nemendur eru hvattir til að fara í skiptinám erlendis og kynna sér af eigin raun önnur menningarsvæði.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=056063_20096&kennsluar=2009

Fornleifafræði, Aukagrein, 60 e

Eins árs (tveggja missera) fræðilegt grunnnám í fornleifafræði. Námið er 60 einingar og er aukagrein sem hluti af BA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e.

Í náminu eiga nemendur m.a. að tileinka sér undirstöðuatriði, kenningar og hugtök í fornleifafræði, öðlast skilning á gildi menningarminja fyrir fræðilega umræðu og sjálfsmynd samtímans og fá almenna yfirsýn yfir meginatriði í þróun mannlegs samfélags og íslenskrar menningarsögu. Nemendur eiga einnig að hafa skilning á ólíkum sjónarmiðum og nálgunum við rannsóknir á fortíðinni, þekkja til helstu rannsóknaraðferða fornleifafræðinnar, gera sér grein fyrir mikilvægi menningarminja í samfélagi nútímans og skilja álitamál varðandi verndun og hagnýtingu þeirra.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=056066_20096&kennsluar=2009

Kennarar

http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/sagnfraedi_og_heimspekideild/um_deildina/starfsfolk

Miðaldafræði

Miðaldafræði er þverfræðileg grein þar sem nemendur fá m.a. innsýn í textafræði og lærdómsheim evrópskra miðalda, svo og sögu, menningu, trúarbrögð, heimspeki, bókmenntir og listir Evrópu á tímabilinu 500 til 1500.
Miðaldafræði henta vel sem aukagrein með íslensku, sagnfræði, fornleifafræði, heimspeki, guðfræði, bókmenntafræði og fleiri greinum.

Miðaldafræði, Aukagrein, 60 e

Miðaldafræði er þverfræðileg námsgrein þar sem nemandi tekur eitt kjarnanámskeið en velur síðan námskeið úr ólíkum greinum sem tengjast miðaldafræðum á einhvern hátt, t.d. námskeið úr erlendum tungumálum og bókmenntum, guðfræði, sagnfræði, þjóðfræði, bókmenntafræði, heimspeki og þar fram eftir götunum. Námskeiðin geta tekið mið af áhugasviði nemandans en þurfa samanlagt að mynda skýra heild og falla með einum eða öðrum hætti undir fræðasvið miðalda.
Námskeiðið MIÐ202G Inngangur að miðaldafræðum er skyldunámskeið fyrir alla sem taka miðaldafræði sem aukagrein til BA-prófs. Auk þess er mælt með því að nemendur taki námskeið á sviði miðaldalatínu. Önnur námskeið eru valin í samráði við umsjónarkennara námsins. A.m.k. 40 einingar verða að koma úr öðrum greinum en aðalgrein nemanda.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=056090_20096&kennsluar=2009

Kennarar

http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/sagnfraedi_og_heimspekideild/um_deildina/starfsfolk

Sagnfræði

Sagnfræði er fræðigreinin um mannleg samfélög og einstaklinga, um stjórnkerfi þeirra og stjórnmál, frelsi og ófrelsi, atvinnuvegi og efnahagslíf, hvers konar lifnaðarhætti og menningu í víðasta skilningi. Í sagnfræði eru samfélög könnuð eins langt aftur í tíma og heimildir

leyfa og oft skoðuð í löngum tímasniðum. Eins er leitast við að skoða samfélögin sem mest í heild og sjá samhengið á milli hinna einstöku geira þeirra, svo sem stjórnkerfis og efnahagslífs, efnahagslífs og hugmyndaheims, stjórnkerfis og hugmyndaheims. Jafnframt beinist áhugi sagnfræðinga að einstaklingum og hinu einstaka og tengslum þessa við stærri heildir og hið almenna.
Fræðigreinin snýst um að kunna að rannsaka mannleg samfélög, einkum í fortíð, og miðla þekkingu um þau til annarra. Mikilvægur hluti sagnfræði felst í að kunna að lesa mikinn fróðleik út úr litlum heimildum og beita þó varúð við að oftúlka hvorki né mistúlka. Sagnfræðingar hafa iðulega áhuga á að vita eitthvað annað um viðfangsefni sitt en heimildunum var ætlað að segja. Því reynir á rökrétta hugsun, hugkvæmni og frumleika í starfi sagnfræðinga. Við miðlun sagnfræðilegs fróðleiks reynir líka á skýrleika í hugsun og leikni í meðferð máls.
Sagnfræðinám hefur bæði almennt menntunargildi og nýtist fólki í fjölbreytilegum störfum. Gagnsemi sagnfræði er m.a. fólgin í því að hún veitir okkur yfirsýn og skilning á því hvernig samfélög starfa og breytast og sýnir okkur jafnframt hvar rætur okkar liggja. Í sagnfræði er lögð áhersla á gagnrýnið mat á upplýsingum og hún örvar sjálfstæð vinnubrögð.
Hægt er að ljúka BA-, MA-, og Ph.D.-gráðu í sagnfræði við Háskóla Íslands.

### Sagnfræði, BA, 180 e

Námið er 180 einingar og lýkur með BA-gráðu. Námið tekur að jafnaði þrjú ár (sex misseri) og miðast full námsframvinda á einu misseri við 30 e. Markmið námsins er að nemendur fái góða yfirsýn yfir bæði almenna sögu og Íslandssögu, og öðlist jafnframt færni til að rannsaka sjálfir mannleg samfélög með aðferðum sagnfræðinnar. BA-próf með fyrstu einkunn veitir aðgang að meistaranámi á háskólastigi.
Í náminu eiga nemendur m.a. að tileinka sér gagnrýnið sögulegt sjónarhorn, þeir eiga að geta sýnt fram á það hvernig fortíðin hefur áhrif í samtímanum og kunna skil á mikilvægum hugtökum og kenningum sem sagnfræðingar beita í rannsóknum. Jafnframt eiga nemendur að fá skýra yfirsýn yfir meginatriði í þróun mannlegs samfélags og öðlast sérþekkingu á fleiri en einu tímabili og heimildum þess. Auk þess eru nemendur m.a. búnir undir að taka saman styttri ritsmíðar þar sem tekist er á við fræðileg viðfangsefni og álitamál, þeir eru þjálfaðir í að vinna sjálfstætt og lögð er áhersla á að þeir nái góðu valdi á sagnfræðilegum frásagnarhætti.
Námið hentar vel sem undirbúningur fyrir ýmiss konar störf. Sagnfræði nýtist vel sem undirstöðumenntun fyrir stjórnunarstörf í einkafyrirtækjum og hjá hinu opinbera, kennslustörf og útgáfu- og fjölmiðlastarfsemi. Sagnfræðingar fást t.d. við kennslu og rannsóknir á öllum skólastigum, stjórnsýslustörf, söguritun á vegum sveitarfélaga, samtaka og fyrirtækja, fréttamennsku, sögusýningar og bóka- og skjalavörslu.
Nemendur eru hvattir til að fara í skiptinám erlendis og kynna sér af eigin raun önnur menningarsvæði.

#### Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=056060_20096&kennsluar=2009

#### Um námið

Í sagnfræðinámi til 180 eininga eru eftirfarandi skyldunámskeið:
Á fyrsta ári: Sagnfræðileg vinnubrögð, Heimssaga fyrir 1815, Íslandssaga fyrir 1815, Heimssaga eftir 1815, Íslandssaga eftir 1815.
Á öðru ári: Heimspekileg forspjallsvísindi, Sagnaritun og söguspeki.
Á öðru eða þriðja ári: Sérsvið í sagnfræði (ath.: ekki komið til framkvæmda).
Á þriðja ári: Hugtök og miðlun sögu.
Að öðru leyti eru námskeið valfrjáls. Stúdent er heimilt að velja námskeið í öðrum greinum sem nemur 20 einingum í stað námskeiða sem ella væru valfrjáls í sagnfræði. Skal hann sækja um leyfi til þess til námsbrautar í sagnfræði. Einnig er stúdent heimilt að velja námskeið af MA-stigi sem nemur 10 einingum hafi hann lokið 60 einingum námi á BA-stigi og hlotið fyrir meðaleinkunnina 8,0 eða meira.
Nemendur skulu skrifa 20 eininga BA-ritgerð (40-60 bls.) á þriðja ári. Þeim er heimilt að semja einnig 10 eininga BA-ritgerð (20-30 bls.). Um efni og stærð BA-ritgerða skal hafa samráð við fasta kennara.

### Sagnfræði, Aðalgrein, 120 e

Námið er tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt grunnám í sagnfræði. Það er 120 einingar og er aðalgrein sem hluti af BA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Markmið námsins er að nemendur fái yfirsýn yfir bæði almenna sögu og Íslandssögu, og öðlist færni til að rannsaka sjálfir mannleg samfélög með aðferðum sagnfræðinnar. BA-próf með fyrstu einkunn veitir aðgang að meistaranámi á háskólastigi.
Í náminu eiga nemendur m.a. að tileinka sér gagnrýnið sögulegt sjónarhorn og átta sig á því að fortíðin hefur áhrif í samtímanum. Þeir eiga að öðlast skilning á ólíkum sjónarmiðum og kenningum sem nýtast við rannsóknir á fortíðinni og kunna skil á fjölbreyttum rannsóknaraðferðum sagnfræðinnar. Jafnframt eiga nemendur að fá skýra yfirsýn yfir meginatriði í þróun mannlegs samfélags og öðlast góða þekkingu á að minnsta kosti einu tímabili. Auk þess eru nemendur m.a. þjálfaðir í að vinna sjálfstætt og lögð er áhersla á að þeir nái valdi á sagnfræðilegum frásagnarhætti.
Námið hentar vel sem undirbúningur fyrir ýmiss konar störf. Sagnfræði nýtist vel sem undirstöðumenntun undir stjórnunarstörf í einkafyrirtækjum og hjá hinu opinbera, kennslustörf og útgáfu- og fjölmiðlastarfsemi. Sagnfræðingar fást t.d. við kennslu og rannsóknir á öllum skólastigum, stjórnsýslustörf, söguritun á vegum sveitarfélaga, samtaka og fyrirtækja, fréttamennsku, sögusýningar og bóka- og skjalavörslu.
Nemendur eiga möguleika á að fara í skiptinám erlendis og kynna sér af eigin raun önnur menningarsvæði.

#### Um námið

Í sagnfræðinámi til 120 eininga eru eftirfarandi skyldunámskeið:
Á fyrsta ári: Sagnfræðileg vinnubrögð, Heimssaga fyrir 1815, Íslandssaga fyrir 1815,
Heimssaga eftir 1815, Íslandssaga eftir 1815.
Á öðru ári: Heimspekileg forspjallsvísindi, Sagnaritun og söguspeki.
Að öðru leyti eru námskeið valfrjáls. Stúdent er heimilt að velja námskeið í öðrum greinum sem nemur 10 einingum í stað námskeiða sem ella væru valfrjáls í sagnfræði. Skal hann sækja um leyfi til þess til námsbrautar í sagnfræði. Einnig er stúdent heimilt að velja námskeið af MA-stigi sem nemur 10 einingum hafi hann lokið 60 eininga námi á BA-stigi og hlotið fyrir meðaleinkunnina 8,0 eða meira.
Nemendur skulu skrifa 10 eininga BA-ritgerð (20-30 bls.) eða 20 eininga BA-ritgerð (40-60 bls.) á öðru ári. Um efni og stærð BA-ritgerða skal hafa samráð við fasta kennara.

#### Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=056059_20096&kennsluar=2009

### Sagnfræði, Aukagrein, 60 e

Námið er eins árs (tveggja missera) fræðilegt grunnám í sagnfræði. Það er 60 einingar og er aukagrein sem hluti af BA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e.
Í náminu eiga nemendur m.a. að tileinka sér gagnrýnið sögulegt sjónarhorn og átta sig á því að fortíðin hefur áhrif í samtímanum. Þeir eiga að öðlast þekkingu á undirstöðuatriðum, kenningum og hugtökum í sagnfræði, skilning á ólíkum sjónarmiðum og aðferðum við rannsóknir á fortíðinni og kunna skil á því hvað sé fræðileg skýring. Jafnframt eiga nemendur að fá yfirsýn yfir meginatriði í þróun mannlegs samfélags

og nákvæmari þekkingu á einu eða tveimur tímabilum. Auk þess eru nemendur m.a. þjálfaðir í að afla gagna sem tengjast einföldum úrlausnarefnum í sagnfræði og greina aðalatriði frá aukaatriðum.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=056058_20096&kennsluar=2009

Kennarar

http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/sagnfraedi_og_heimspekideild/um_deildina/starfsfolk

Heimspeki

Heimspeki er skipuleg tilraun til að leita svara við grundvallarspurningum sem á okkur hafa leitað frá öndverðu.

Heimspeki er ólík öðrum fræðigreinum á ýmsa vegu. Hún lætur sér ekkert óviðkomandi, hvort sem um er að ræða hversdagslega reynslu, hugsunina, sjálfið, samfélagið, listina, lífið í kringum okkur eða æðri máttarvöld. En hún beitir fyrst og fremst rökræðunni til að varpa ljósi á þau vandamál sem við berum fyrir brjósti.

Heimspekin hagar glímunni við spurningar sínar m.a. með því að skoða sögu heimspekinnar, greina lykilhugtök, íhuga hvað merkir hugsuðir hafa sagt um hin ýmsu vandamál, og hvaða kenningar heimspekingar hafa komið fram með.

Í heimspeki er boðið upp á nám til BA-, MA-, M.Paed.- og Ph.D.-gráðu auk 60 e viðbótarnáms í starfstengdri siðfræði og 90 e meistaranáms í þremur greinum hagnýtrar siðfræði.

Heimspeki, BA, 180 e

Nemendur sem lesa heimspeki sem aðalgrein til 180e skulu taka öll námskeið í I. hluta (40e) og II. hluta (40e) og minnst fimm námskeið úr III. hluta (50e). Ennfremur skulu þeir skrifa B.A.-ritgerð í heimspeki (10e). Af þeim 40 einingum sem eftir eru velja nemendur 20 einingar úr málstofum í V. hluta. Nemendur eiga frjálst val um þær 20 einingar sem afgangs eru.

Um námið

Nám í heimspeki til BA-prófs skiptist í fimm hluta. Nemendur taka námskeið úr þessum hlutum í mismiklum mæli eftir því hvort þeir stunda heimspeki sem aukagrein til 60 eininga, aðalgrein til 120 eininga eða sem aðalgrein til 180 eininga.

Í fyrsta hluta (I.) eru undirstöðunámskeið sem ætlað er að veita nemandanum aðferðafræðilegan og sögulegan inngang að fræðigreininni. Nemendur í heimspeki til 180e taka öll námskeiðin í þessum hluta (40e).

Í öðrum hluta (II.) eru fjögur námskeið sem kynna meginsvið heimspekinnar fyrir nemandanum. Þau veita grunnþekkingu í heimspeki og búa nemandann undir frekara heimspekinám. Nemendur í heimspeki til 180e taka öll námskeiðin í þessum hluta (40e).

Í þriðja hluta (III.) eru inngangsnámskeið að helstu undirsviðum heimspekinnar og valnámskeið. Sum þessara námskeiða eru kennd annað hvert ár. Nemendur í heimspeki til 180e skulu taka 50 einingar úr námskeiðum úr III. hluta (50e).

Í fjórða hluta (IV.) eru ýmis verkefni í heimspeki sem unnin eru í tengslum við námskeið og málstofur, svo og BA-ritgerð, en nemendum sem lesa heimspeki sem aðalgrein er skylt að skrifa slíka ritgerð (10e).

Í fimmta hluta (V.) eru málstofur í heimspeki og framhaldsnámskeið. Efni málstofanna er breytilegt frá ári til árs. Þau eru einkum ætluð þriðja árs BA-nemum og MA-nemum. Nemendur í heimspeki til 180e skulu taka tvær 5e málstofur ásamt tveim 5e verkefnum úr V. hluta (20e).

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=053000_20096&kennsluar=2009

Heimspeki, Aðalgrein, 120 e

Nemendur sem lesa heimspeki sem aðalgrein til 120 e leggja stund á tveggja ára nám í greininni. Þeir skulu ljúka a.m.k. 110 e úr námskeiðum í heimspeki. Þeir taka öll námskeið í I. hluta, Inngang að rökfræði og þrjú önnur námskeið úr II. hluta og auk þess 20 e úr III. hluta. Enn fremur skulu þeir skrifa BA-ritgerð í heimspeki. Þær 10 e sem eftir eru geta nemendur valið úr valnámskeiðum í III. hluta eða málstofum í V. hluta.

Um námið

Nám í heimspeki til BA-prófs skiptist í fimm hluta. Nemendur taka námskeið úr þessum hlutum í mismiklum mæli eftir því hvort þeir stunda heimspeki sem aukagrein til 60 eininga, aðalgrein til 120 eininga eða sem aðalgrein til 180 eininga.

Í fyrsta hluta (I.) eru undirstöðunámskeið sem ætlað er að veita nemandanum aðferðafræðilegan og sögulegan inngang að fræðigreininni. Nemendur í heimspeki til 120e taka öll námskeiðin í þessum hluta (40e).

Í öðrum hluta (II.) eru fjögur námskeið sem kynna meginsvið heimspekinnar fyrir nemandanum. Þau veita grunnþekkingu í heimspeki og búa nemandann undir frekara heimspekinám. Nemendur í heimspeki til 120e taka öll námskeiðin í þessum hluta (40e).

Í þriðja hluta (III.) eru inngangsnámskeið að helstu undirsviðum heimspekinnar og valnámskeið. Sum þessara námskeiða eru kennd annað hvert ár. Nemendur í heimspeki til 120e skulu taka 20 einingar úr námskeiðum úr III. hluta (20e).

Í fjórða hluta (IV.) eru ýmis verkefni í heimspeki sem unnin eru í tengslum við námskeið og málstofur, svo og BA-ritgerð, en nemendum sem lesa heimspeki sem aðalgrein er skylt að skrifa slíka ritgerð (10e).

Í fimmta hluta (V.) eru málstofur í heimspeki og framhaldsnámskeið. Efni málstofanna er breytilegt frá ári til árs. Þau eru einkum ætluð þriðja árs BA-nemum og MA-nemum. Nemendur í heimspeki til 120e skulu taka eina 5e málstofu ásamt einu 5e verkefni úr V. hluta (20e)

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=053001_20096&kennsluar=2009

Heimspeki, Aukagrein, 60 e

Nemendur sem lesa heimspeki sem aukagrein skulu ljúka 60e í heimspeki. Þeir taka Inngang að heimspeki, Gagnrýna hugsun, Fornaldarheimspeki og Nýaldarheimspeki úr I. hluta (35e), tvö valnámskeið úr II. hluta og hafa frjálst val úr III. hluta um þær einingar sem eftir eru.

Um námið

Nám í heimspeki til BA-prófs skiptist í fimm hluta. Nemendur taka námskeið úr þessum hlutum í mismiklum mæli eftir því hvort þeir stunda heimspeki sem aukagrein til 60 eininga, aðalgrein til 120 eininga eða sem aðalgrein til 180 eininga.

Í fyrsta hluta (I.) eru undirstöðunámskeið sem ætlað er að veita nemandanum aðferðafræðilegan og sögulegan inngang að fræðigreininni. Nemendur í heimspeki til 60e taka fjögur námskeið í þessum hluta (35e).

Í öðrum hluta (II.) eru fjögur námskeið sem kynna meginsvið heimspekinnar fyrir nemandanum. Þau veita grunnþekkingu í heimspeki og búa nemandann undir frekara heimspekinám. Nemendur í heimspeki til 60e taka tvö námskeið að eigin vali úr þessum hluta (20e).

Í þriðja hluta (III.) eru inngangsnámskeið að helstu undirsviðum heimspekinnar og valnámskeið. Sum þessara námskeiða eru kennd annað hvert ár. Nemendur í heimspeki til 60e skulu taka eitt námskeið úr III. hluta (5 eða 10e eftir atvikum).
Nemendur í heimspeki sem aukagrein taka ekki námskeið úr fjórða og fimmta hluta.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=053002_20096&kennsluar=2009

Kennarar

Kennarar

Björn Þorsteinsson, sérfræðingur, stundakennari <bjorntho@hi.is>

BA-próf í heimspeki frá Háskóla Íslands. MA-próf í heimspeki frá Ottawa-háskóla í Kanada. DEA- og Dr.Phil.-próf frá Université Paris 8 í Frakklandi.
Rannsóknar- og áhugasvið: þýsk hughyggja, fyrirbærafræði, frönsk heimspeki á 20. öld, gagnrýnin heimspeki.

Erlendur Jónsson, prófessor <erljon@hi.is>

BA- og MA-próf í heimspeki frá Cambridge, 1971 og 1973.
Ph.D.-próf í heimspeki frá Cambridge, 1978. Framhaldsnám og -rannsóknir í heimspeki og rökfræði við háskólana í Uppsölum (1973-1978) og München (1982-1983).
BS-próf í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands, 1994.
Rannsóknar- og áhugasvið: rökfræði, málspeki, þekkingarfræði, vísindaheimspeki, hugspeki, heimspeki stærðfræðinnar, heimspeki Schopenhauers og Wittgensteins.

Eyja Margrét Brynjarsdóttir, lektor <eyjabryn@hi.is>

BA-próf í heimspeki frá Háskóla Íslands, MA- og Ph.D.-próf frá Cornell-háskóla í Bandaríkjunum.
Rannsóknar- og áhugasvið: frumspeki, hugspeki, þekkingarfræði, femínismi, vísindaheimspeki.

Gunnar Harðarson, dósent <gunhar@hi.is>

BA-próf í heimspeki, almennri bókmenntasögu og íslensku frá Háskóla Íslands. Maîtrise-próf í heimspeki frá háskólanum í Montpellier, Frakklandi. Doctorat de IIIe cycle í heimspekisögu frá háskólanum í París.
Rannsóknar- og áhugasvið: heimspeki-, hugmynda- og lærdómssaga; íslensk fræði; heimspeki listarinnar.

Mikael M. Karlsson, dósent <mike@hi.is>

BA-próf frá Brandeis-háskóla í Bandaríkjunum, Ph.D.-próf frá Johns Hopkins háskóla í Bandaríkjunum.
Rannsóknar- og áhugasvið: frumspeki, siðfræði, vísindaheimspeki, réttarheimspeki.

Páll Skúlason, prófessor <pallsk@hi.is>

Ph.D.-próf frá Louvain-háskóla í Belgíu.
Rannsóknar- og áhugasvið: túlkunarfræði, fyrirbærafræði, siðfræði, frumspeki, heimspeki menntunar.

Róbert H. Haraldsson, dósent <robhar@hi.is>

BA-próf í heimspeki og sálfræði frá Háskóla Íslands, Ph.D.-próf frá Pittsburgh-háskóla í Bandaríkjunum.
Rannsóknar- og áhugasvið: heimspeki og kvikmyndir, heimspeki og bókmenntir.

Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar, stundakennari <salvorn@hi.is>

BA-próf í heimspeki frá Háskóla Íslands, M.Phil.-próf frá Stirling-háskóla í Skotlandi.
Rannsóknar- og áhugasvið: siðfræði, réttarheimspeki, stjórnmálaheimspeki.

Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent <sigrthor@hi.is>

BA-próf í heimspeki frá Boston-háskóla í Bandaríkjunum, MA-próf frá Freie-háskólanum í Berlín, Dr.Phil.-próf frá Humboldt-háskóla í Berlín.
Rannsóknar- og áhugasvið: heimspeki Nietzsches, þýsk heimspeki, femínísk heimspeki, heimspeki lífs og náttúru.

Svavar Hrafn Svavarsson, dósent <svahra@hi.is>

BA-próf í heimspeki og klassískum fræðum frá Háskóla Íslands, Ph.D.-próf frá Harvard-háskóla í Bandaríkjunum.
Rannsóknar- og áhugasvið: fornaldarheimspeki, heimspekisaga, klassísk fræði.

Vilhjálmur Árnason, prófessor <vilhjarn@hi.is>

BA-próf og kennsluréttindi í heimspeki og almennri bókmenntasögu frá Háskóla Íslands, MA- og Ph.D.-próf frá Purdue-háskóla í Bandaríkjunum.
Rannsóknar- og áhugasvið: siðfræði, lífsiðfræði, stjórnmálaheimspeki, tilvistarheimspeki, túlkunarfræði.

Klassísk fræði

Klassísk fræði (stundum nefnd fornfræði) fást við menningarheim Forngrikkja og Rómverja. Megináhersla er lögð á sögu þeirra, bókmenntir, heimspeki og tungumál. Klassísk fræði eru þess vegna í senn sagn- og bókmenntafræði, heimspeki og málvísindi.
Það tímabil menningarsögunnar sem fræðin fást við er langt, a.m.k. þrettán aldir, og nær frá áttundu öld f.Kr., þegar hillir undir grísku ríkin og Hómerskviður eru samdar, fram til loka Rómaveldis um 500 e.Kr.
Fræðigreinin fæst þó ekki aðeins við fornöldina sjálfa, heldur einnig við arf klassískrar menningar, viðtökur hans og framhaldslíf, hvort heldur í málunum sjálfum, bókmenntum eða heimspeki, á miðöldum í vestri eða austri, sem og á nýöld.

Klassísk fræði, Aukagrein, 60 e

Klassísk fræði eru kennd til bakkalárgráðu sem aukagrein (til 60 e) með aðalgrein (til 120 eininga) á öðru sviði.
Náminu má ljúka á einum vetri eða dreifa á fleiri. Námsbrautin samanstendur af námskeiðum sem kennd eru við ólíkar deildir Hugvísindasviðs, innan bókmenntafræði, heimspeki, sagnfræði, grísku og latínu.

Um námið

Námsbraut í klassískum fræðum er þverfaglegur inngangur að grundvelli vestrænnar menningar. Undirstaðan felst í nokkrum kynnum af tungumálunum tveimur, forngrísku og latínu, sem eru eins konar lykill að þessum menningarheimi og arfi hans. Málin gera nemendum kleift að öðlast visst sjálfstæði í kynnum sínum.
Önnur námskeið innan námsbrautarinnar veita almenna innsýn í helstu þætti menningarinnar en ekkert þeirra krefst nákvæmrar þekkingar á fornmálunum enda eru þau kennd í annarri deild. Á þessum grundvelli getur nemandinn öðlast þekkingu á bakgrunni allra hugvísinda.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=053090_20096&kennsluar=2009

## Framhaldsnám

Fornleifafræði

Fornleifafræði fjallar um mannleg samfélög með því að rannsaka áþreifanlegar minjar um þau, hvort heldur sem er gripi, byggingar, úrgang eða umhverfi. Fornleifafræði fjallar fyrst og fremst um fortíðina en í vaxandi mæli er aðferðum hennar einnig beitt til að greina samfélög nútímans.

Fornleifafræði, Meistarapróf

Um er að ræða tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt framhaldsnám í fornleifafræði. Það er 120 einingar, þar af 40 eða 60 eininga lokaverkefni, og lýkur því með MA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. MA-próf með fyrstu einkunn veitir aðgang að doktorsnámi. Markmið MA-námsins er að veita nemendum vísindalega þjálfun á sviði íslenskrar fornleifafræði og búa þá m.a. undir kennslustörf á framhaldsskólastigi, vísindastörf af ýmsu tagi og doktorsnám ef því er að skipta. BA-próf með fyrstu einkunn (7,25) í fornleifafræði sem aðalgrein veitir aðgang að MA-námi í fornleifafræði.
Í náminu eiga nemendur m.a. að hafa öðlast nákvæma þekkingu og skýran skilning á að minnsta kosti einu sviði menningarsögu og/eða fornleifafræðilegrar aðferðafræði. Þeir eiga að hafa fengið yfirsýn yfir ólík sjónarmið, aðferðir og hugmyndir sem stýra rannsóknum á því tímabili eða tímabilum sem rannsóknir þeirra taka til og geta sett eigin viðfangsefni í vítt samhengi, lagt sjálfstætt mat á ágreiningsefni innan fræðanna og borið eigin niðurstöður saman við niðurstöður annarra fræðimanna.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=056064_20096&kennsluar=2009

Fornleifafræði, Doktorspróf

Doktorsnám í fornleifafræði er fjögurra ára rannsóknatengt framhaldsnám. Námið er 240 einingar til prófgráðunnar ***philosophiae doctor***, Ph.D. Umfang rannsóknaverkefnis skal vera 180 e. Nám til doktorsprófs lýtur sérstökum doktorsnámsreglum Hugvísindadeildar.
Inntökuskilyrði er rannsóknatengt MA- eða MS-próf á viðkomandi fræðasviði með fyrstu einkunn eða, eftir atvikum, sambærilegt próf í annarri tengdri grein.
Markmið doktorsnáms í fornleifafræði er að veita doktorsnemum sem besta og víðtækasta vísindalega þjálfun og undirbúning undir vísindastörf á fræðasviði sínu, t.d. háskólakennslu eða sérfræðistörf hjá rannsóknastofnun. Nauðsynlegt er að þessi þjálfun taki mið af bakgrunni hvers nemanda og því fræðasviði sem hann vill sérhæfa sig á.
Doktorsnám í fornleifafræði við Háskóla Íslands er hluti af norrænum rannsóknarháskóla, Dialogues with the Past, sem býður upp á námskeið fyrir doktorsnema, sjá nánar: http://www.hf.uio.no/iakh/forskning/dialpast/.

Um námið

Sjá nánar sérreglur um doktorsnám í fornleifafræði og sagnfræði hér.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=056065_20096&kennsluar=2009

Kennarar

http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/sagnfraedi_og_heimspekideild/um_deildina/starfsfolk

Heimspeki

Heimspeki er skipuleg tilraun til að leita svara við grundvallarspurningum sem á menn hafa leitað frá öndverðu. Hún er ein elsta fræðigrein mannkynsins og líta má á hana sem móður allra síðari vísinda.

Heimspeki er ólík öðrum fræðigreinum á ýmsa vegu. Hún lætur sér ekkert óviðkomandi, hvort sem um er að ræða hversdagslega reynslu, efnið, sálina, hugsunina, lífið í kringum okkur eða æðri máttarvöld. Hún beitir fyrst og fremst rökræðunni til að varpa ljósi á þau vandamál sem við berum fyrir brjósti.
Heimspekin hagar glímu sinni við þessar spurningar m.a. með því að skoða sögu heimspekinnar, greina lykilhugtök, íhuga hvað merkir hugsuðir hafa sagt um ýmis vandamál og hvaða kenningar heimspekingar hafa komið fram með.

Heimspeki, Meistarapróf

Fjögurra missera (tveggja ára) fræðilegt framhaldsnám í heimspeki. Nám til M.A.-prófs er 120 e. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Inntökuskilyrði eru BA-próf með fyrstu einkunn í heimspeki sem aðalgrein eða jafngildi þess. MA-próf í heimspeki veitir rétt til að sækja um doktorsnám í heimspeki.

Um námið

Til MA-prófs í heimspeki er krafist minnst 60e í námskeiðum og skal vægi MA-ritgerðar vera minnst 30e. Að fengnu samþykki framhaldsnámsnefndar er nemanda þó heimilt að skrifa allt að 60e MA-ritgerð og skal tilhögun námsins þá ákveðin í samráði við meistaraprófsnefnd.
a) Á fyrsta misseri tekur nemandinn Kenningar í hugvísindum (10e), sem er sameiginlegt námskeið með öðrum meistaranemum í Sagnfræði- og heimspekideild, Málstofu í heimspeki I ásamt rannsóknarverkefni sem unnið er í samráði við aðalleiðbeinanda (samtals 10e) og eina málstofu úr V. hluta heimspekináms við Háskóla Íslands ásamt tengdu rannsóknarverkefni (samtals 10e).

b) Á öðru misseri tekur nemandinn Málstofu í heimspeki II ásamt rannsóknarverkefni sem unnið er í samráði við aðalleiðbeinanda (samtals 10e), eina málstofu úr V. hluta heimspekináms við Háskóla Íslands ásamt tengdu rannsóknarverkefni (samtals 10e) og eitt valnámskeið eða málstofu ásamt verkefni (10e). Sérstaklega er mælt með því að nemendur taki námskeiðið Siðfræði vísinda og rannsókna ásamt verkefni.

c) Á þriðja misseri tekur nemandinn Nýjar alþjóðlegar rannsóknir (10e), eitt eða fleiri framhaldsnámskeið eða málstofur að eigin vali (10e), og Rannsóknarverkefni vegna MA-ritgerðar (10) eða stundar hálfsársnám við erlendan samstarfsskóla námsbrautar í heimspeki samkvæmt námsáætlun sem námsbrautin samþykkir. Þetta nám er metið til 30e.

d) Á fjórða misseri skrifar nemandinn MA-ritgerð sem metin er að jafnaði til 30e.

Æskilegt er að nemandinn öðlist reynslu af því að annast aðstoðarkennslu í heimspeki (fara yfir próf og stjórna umræðuhópum) við námsbraut í heimspeki í a.m.k. eitt misseri.
Í stað eins þeirra rannsóknarverkefna sem tengt er málstofu í V. hluta er nemanda heimilt að skrifa eina 10e rannsóknarritgerð um valið efni án tengsla við málstofu. Að fengnu samþykki meistaraprófsnefndar er nemanda einnig heimilt, að taka allt að 20e í völdum námskeiðum á meistarastigi í stað málstofa úr V. hluta.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=053005_20096&kennsluar=2009

Heimspeki, Doktorspróf

Doktorsnám í heimspeki er fjögurra ára rannsóknatengt framhaldsnám. Námið er 240 e til prófgráðunnar ***philosophiae doctor***, Ph.D. Umfang rannsóknaverkefnis skal vera 180 e. Nám til doktorsprófs lýtur sérstökum deildarinnar. Inntökuskilyrði er rannsóknatengt MA-próf á viðkomandi fræðasviði með fyrstu einkunn eða, eftir atvikum, sambærilegt próf í annarri tengdri grein.
Markmið doktorsnáms í heimspeki er að veita doktorsnemum sem besta og víðtækasta vísindalega þjálfun og undirbúning undir vísindastörf á fræðasviði sínu, t.d. háskólakennslu eða sérfræðistörf hjá rannsóknastofnun. Nauðsynlegt er að þessi þjálfun taki mið af bakgrunni hvers nemanda og því fræðasviði sem hann vill sérhæfa sig á.

Um námið

Heimasíða heimspekinnar

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=053007_20096&kennsluar=2009

Heimspeki, M.Paed.

Við heimspekiskor er unnt að stunda nám til M.Paed.-prófs í heimspeki. Um er að ræða þriggja missera (eins og hálfs árs) nám í heimspeki og kennslufræði. Námið er hagnýtt rannsóknatengt framhaldsnám á meistarastigi. Inntökuskilyrði eru BA-próf með fyrstu einkunn í heimspeki sem aðalgrein eða jafngildi þess. M.Paed.-próf veitir kennsluréttindi á framhaldsskólastigi en ekki aðgang að doktorsnámi.

Um námið

Til M.Paed.-prófs í heimspeki er krafist minnst 60 e í námskeiðum. Af þeim skulu 30 e vera kennsluréttindanám á Menntavísindasviði. 10 e skulu vera málstofa á MA-stigi í heimspeki, ásamt verkefni um kennslufræði heimspekinnar. 20 e skulu vera úr öðrum námskeiðum á MA-stigi í heimspeki eða tilteknum námskeiðum úr M.Ed.-námi í heimspeki menntunar á Menntavísindasviði. Lokaverkefni er 30 e og skal það tengjast heimspekikennslu á grunn- eða framhaldsskólastigi.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=053038_20096&kennsluar=2009

Kennarar

Kennarar

Björn Þorsteinsson, sérfræðingur, stundakennari <bjorntho@hi.is>

BA-próf í heimspeki frá Háskóla Íslands. MA-próf í heimspeki frá Ottawa-háskóla í Kanada. DEA- og Dr.Phil.-próf frá Université Paris 8 í Frakklandi.
Rannsóknar- og áhugasvið: þýsk hughyggja, fyrirbærafræði, frönsk heimspeki á 20. öld, gagnrýnin heimspeki.

Erlendur Jónsson, prófessor <erljon@hi.is>

BA- og MA-próf í heimspeki frá Cambridge, 1971 og 1973.
Ph.D.-próf í heimspeki frá Cambridge, 1978. Framhaldsnám og -rannsóknir í heimspeki og rökfræði við háskólana í Uppsölum (1973-1978) og München (1982-1983).
BS-próf í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands, 1994.
Rannsóknar- og áhugasvið: rökfræði, málspeki, þekkingarfræði, vísindaheimspeki, hugspeki, heimspeki stærðfræðinnar, heimspeki

Schopenhauers og Wittgensteins.

Eyja Margrét Brynjarsdóttir, lektor <eyjabryn@hi.is>

BA-próf í heimspeki frá Háskóla Íslands, MA- og Ph.D.-próf frá Cornell-háskóla í Bandaríkjunum.
Rannsóknar- og áhugasvið: frumspeki, hugspeki, þekkingarfræði, femínismi, vísindaheimspeki.

Gunnar Harðarson, dósent <gunhar@hi.is>

BA-próf í heimspeki, almennri bókmenntasögu og íslensku frá Háskóla Íslands. Maîtrise-próf í heimspeki frá háskólanum í Montpellier, Frakklandi. Doctorat de IIIe cycle í heimspekisögu frá háskólanum í París.
Rannsóknar- og áhugasvið: heimspeki-, hugmynda- og lærdómssaga; íslensk fræði; heimspeki listarinnar.

Mikael M. Karlsson, dósent <mike@hi.is>

BA-próf frá Brandeis-háskóla í Bandaríkjunum, Ph.D.-próf frá Johns Hopkins háskóla í Bandaríkjunum.
Rannsóknar- og áhugasvið: frumspeki, siðfræði, vísindaheimspeki, réttarheimspeki.

Páll Skúlason, prófessor <pallsk@hi.is>

Ph.D.-próf frá Louvain-háskóla í Belgíu.
Rannsóknar- og áhugasvið: túlkunarfræði, fyrirbærafræði, siðfræði, frumspeki, heimspeki menntunar.

Róbert H. Haraldsson, dósent <robhar@hi.is>

BA-próf í heimspeki og sálfræði frá Háskóla Íslands, Ph.D.-próf frá Pittsburgh-háskóla í Bandaríkjunum.
Rannsóknar- og áhugasvið: heimspeki og kvikmyndir, heimspeki og bókmenntir.

Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar, stundakennari <salvorn@hi.is>

BA-próf í heimspeki frá Háskóla Íslands, M.Phil.-próf frá Stirling-háskóla í Skotlandi.
Rannsóknar- og áhugasvið: siðfræði, réttarheimspeki, stjórnmálaheimspeki.

Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent <sigrthor@hi.is>

BA-próf í heimspeki frá Boston-háskóla í Bandaríkjunum, MA-próf frá Freie-háskólanum í Berlín, Dr.Phil.-próf frá Humboldt-háskóla í Berlín.
Rannsóknar- og áhugasvið: heimspeki Nietzsches, þýsk heimspeki, femínísk heimspeki, heimspeki lífs og náttúru.

Svavar Hrafn Svavarsson, dósent <svahra@hi.is>

BA-próf í heimspeki og klassískum fræðum frá Háskóla Íslands, Ph.D.-próf frá Harvard-háskóla í Bandaríkjunum.
Rannsóknar- og áhugasvið: fornaldarheimspeki, heimspekisaga, klassísk fræði.

Vilhjálmur Árnason, prófessor <vilhjarn@hi.is>

BA-próf og kennsluréttindi í heimspeki og almennri bókmenntasögu frá Háskóla Íslands, MA- og Ph.D.-próf frá Purdue-háskóla í Bandaríkjunum.
Rannsóknar- og áhugasvið: siðfræði, lífsiðfræði, stjórnmálaheimspeki, tilvistarheimspeki, túlkunarfræði.

## Hagnýt menningarmiðlun

Hagnýt menningarmiðlun byggist á þverfaglegu samstarfi með það að markmiði að tengja saman íslenska sögu og menningu og opna nemendum nýjar leiðir í miðlun rannsókna sinna og þekkingar. Áhersla er lögð á að nemendur ljúki miðlunarverkefnum, tileinki sér fjölþætta framsetningu efnis og öðlist reynslu sem geri þeim fært að vinna sjálfstætt á sviði miðlunar. Í hagnýtri menningarmiðlun fá nemendur margvíslega þjálfun í miðlun menningarefnis á sviði hugvísinda og tækifæri til að takast á við ólíka miðla og framsetningu. Með markvissu vali á verkefnum í einstökum námskeiðum, einstaklingsverkefni og lokaverkefni geta nemendur mótað áherslusvið sitt í hagnýtri menningarmiðlun.

Nám í hagnýtri menningarmiðlun er gagnlegur undirbúningur fyrir þá sem vilja leggja fyrir sig störf í menningargeiranum, t.d. á sviði menningarblaðamennsku, við sjónvarps- og útvarpsþáttagerð, við auglýsingar og almannatengsl, við hvers kyns útgáfu, við menningartengda ferðaþjónustu, við sýningagerð og í tengslum við söfn og sýningarsali, sem og aðrar menningarstofnanir. Auk þessa er hagnýt menningarmiðlun hentug þjálfun fyrir fræðimenn sem vilja koma rannsóknum sínum á framfæri á fjölþættan hátt.

## Hagnýt menningarmiðlun, Meistarapróf

Námið er eins og hálfs árs (þriggja missera) hagnýtt þverfaglegt framhaldsnám í hagnýtri menningarmiðlun. Námið er 90 einingar, þar af 30 eininga lokaverkefni, og lýkur því með MA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. Allir sem lokið hafa BA-prófi með fyrstu einkunn (7,25) í hugvísindum eða skyldum greinum geta sótt um að innritast í MA-nám í hagnýtri menningarmiðlun. Einstök námskeið eru einnig opin nemendum í öðru framhaldsnámi því að margir snertifletir eru milli fræðigreina í hagnýtri menningarmiðlun.
Í náminu eiga nemendur m.a. að ná valdi á undirstöðuatriðum, kenningum og hugtökum sem tengjast miðlun og menningu og geta fjallað um þau á gagnrýninn hátt. Þeir eiga að öðlast skýran skilning á því hvað er vönduð og viðurkennd miðlun menningar og geta rökstutt mat sitt. Jafnframt eiga þeir að öðlast skilning og færni til að fjalla um mismunandi framsetningu menningarefnis og ólíkt inntak efnis eftir miðlunarleiðum og markhópum. Nemendur eru m.a. búnir undir að vinna sjálfstætt og skipulega að fjölbreyttum miðlunarverkefnum og að veita nýja sýn á viðfangsefni samtímamenningar. Þeir eiga að öðlast færni í að miðla efni á fræðasviði sínu á myndrænan hátt, með munnlegri miðlun og í rituðum texta og geta stýrt miðlunarverkefnum og nýtt sér þar viðeigandi rannsóknaraðferðir, fræðikenningar og miðlunarleiðir.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=056070_20096&kennsluar=2009
Um námið
Heimasíða hagnýtrar menningarmiðlunar.
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/sagnfraedi_og_heimspekideild/um_deildina/starfsfolk
Sagnfræði

Sagnfræði, Meistarapróf
Námið er tveggja ára (fjögurra missera) fræðilegt framhaldsnám í sagnfræði. Það er 120 einingar, þar af 40 eða 60 eininga lokaverkefni, og lýkur með MA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30 e. MA-próf með fyrstu einkunn veitir aðgang að doktorsnámi. Markmið MA-náms í sagnfræði er að veita nemendum vísindalega þjálfun og búa þá m.a. undir kennslustörf á framhaldsskólastigi, vísindastörf af ýmsu tagi og doktorsnám ef því er að skipta.
Í náminu eiga nemendur m.a. að hafa öðlast nákvæma þekkingu og skýran skilning á að minnsta kosti einu tímabili sögunnar og hafa yfirsýn yfir ólík sjónarmið, aðferðir og hugmyndir sem stýra rannsóknum á því tímabili eða tímabilum sem rannsóknir þeirra taka til. Nemendur eiga að hafa með skipulegum hætti öðlast skilning á nýjustu þekkingu á kjörsviði sínu innan sagnfræðinnar og geta beitt þekkingu sinni og skilningi við rannsóknir sínar og geta tekið rökstudda afstöðu til sagnfræðilegra úrlausnarefna. Þá eiga meistaranemar að þekkja mikilvæg viðfangsefni og vandamál sem eru til umræðu á kjörsviði þeirra innan sagnfræðinnar á alþjóðavettvangi og vera færir um að skrifa fræðigreinar til birtingar í tímaritum, sem og bækur um sagnfræðileg efni. Aðgang að MA-námi í sagnfræði veitir BA-próf með fyrstu einkunn (7,25) í sagnfræði sem aðalgrein.
Um námið
Námið skiptist í tvær áhersluleiðir, sagnfræði og samtímasögu.

MA-nám í samtímasögu (120 einingar)

Markmið
Markmið námsins er að miðla þekkingu á samtímasögu með áherslu á alþjóða- og stjórnmálasögu, hugmynda- og menningarsögu og félags- og hagsögu. Fjölbreytilegum aðferðafræðilegum og kennilegum nálgunum verður beitt, en megináherslan verður á sögulega greiningu tímabilsins eftir 1945. Til að skerpa á þverfaglegum tilgangi námsins er gert ráð fyrir því, að nemendur taki einnig námskeið í alþjóðasamskiptum. Að öðru leyti fellur námið undir reglur um námsskipan í sagnfræði til MA-prófs. Þau þemu, sem tekin verða fyrir, spanna vítt svið: Alþjóðamál, alþjóðahagkerfið, þjóðríkið, þjóðerni, menning, viðskipti/efnahagsmál, náttúruauðlindir, utanríkismál, allsherjar-/þjóðernisstríð, kalda stríðið, velferðarríkið, hnattvæðing og þróun heimsvelda.

Uppbygging
A. Skyldunámskeið (10 e)
B. Bundið val (tvö námskeið/eitt einstaklingsverkefni) (30 e [20 e + 10 e])
C. Valnámskeið/einstaklingsverkefni (20-40 e)
D. MA-ritgerð (40-60 e)

A. Skyldunámskeið
Sagnfræði: SAG109M Rannsóknir og kenningar (10 e)

B. Bundið val
1) Eitt námskeið í samtímasögu (10 e)
2) Eitt námskeið í alþjóðasamskiptum/stjórnmálafræði (10 e)
3) Eitt einstaklingsverkefni á sviði samtímasögu (10 e)
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=056061_20096&kennsluar=2009
Sagnfræði M.Paed.
Ekki kennt háskólaárið 2009-2010
Sagnfræði, Doktorsnám
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=056062_20096&kennsluar=2009
Kennarar
http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/sagnfraedi_og_heimspekideild/um_deildina/starfsfolk
Hagnýt siðfræði
Starfstengd siðfræði, Viðbótardiplóma
Sífellt fleiri fagstéttir þurfa að takast á við erfiðar siðferðilegar spurningar í starfi sínu. Starfstengd siðfræði í námsbraut í heimspeki við Háskóla Íslands er sniðin með þetta fólk í huga. Meginmarkmið er að þjálfa fólk í að nota siðfræði við lausn raunhæfra vandamála í nútímasamfélagi. Námið er starfsmiðað og er sérstök áhersla lögð á siðfræði heilbrigðisþjónustu, menntunar, náttúru og viðskipta. Lokaverkefni skal vinna í tengslum við ákveðið starfssvið þar sem raunveruleg siðferðileg vandamál eru greind m.a. í ljósi siðfræðilegra kenninga. Verkefnið er unnið undir handleiðslu kennara í heimspeki.
Starfstengd siðfræði, Viðbótardiplóma
Námið er tveggja missera framhaldsnám í hagnýtri siðfræði. Inntökuskilyrði eru BA-, BS-, B.Ed.-próf eða sambærilegt háskólapróf á hugvísindasviði, félagsvísindasviði, náttúruvísindasviði eða af sviði heilbrigðisvísinda, en ekki eru gerð skilyrði um fornám í heimspeki.
Kennarar
Faglega umsjón með náminu hefur Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki og formaður námsnefndar í starfstengdri siðfræði. Sækja þarf um námið hjá Siðfræðistofnun. Frekari upplýsingar veitir Salvör Nordal, forstöðumaður, í síma 525 4195 eða salvorn@hi.is

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/nk/namsleidir/index.php?sid=175&namsleidId=053037&namsleidUtgafa=20096

Heilbrigðis- og lífsiðfræði
Námið er þriggja missera fræðilegt framhaldsnám í hagnýtri siðfræði. Inntökuskilyrði eru BA-, BS-, B.Ed.-próf eða sambærilegt háskólapróf á hugvísindasviði, félagsvísindasviði, náttúruvísindasviði eða af sviði heilbrigðisvísinda, en ekki eru gerð skilyrði um fornám í heimspeki.
Með aukinni tækni og þekkingu á sviði heilbrigðis- og lífvísinda hafa sprottið upp margvísleg siðferðileg álitamál og flókin úrlausnarefni: Á að leyfa rannsóknir á fósturvísum? Hvernig er hægt að tryggja réttláta heilbrigðisþjónustu? Hvað mælir gegn því að foreldrar velji erfðaþætti verðandi barna sinna? Þetta eru dæmi um spurningar sem eru ofarlega á baugi um þessar mundir. Hvernig mannkyn tekst á við þessar spurningar getur haft mikil áhrif á líf fólks og mannskilning í framtíðinni.
Í MA-námi í heilbrigðis- og lífsiðfræði kynnast nemendur helstu kenningum siðfræðinnar, rannsóknaaðferðum í hagnýtri siðfræði og fá þjálfun í rökræðum um siðferðileg úrlausnarefni á sviði heilbrigðis- og lífsiðfræði.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=053011_20096&kennsluar=2009

Kennarar
Faglega umsjón með MA-námi í heilbrigðis- og lífsiðfræði hefur Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki og formaður námsnefndar í starfstengdri siðfræði, og Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar.

Viðskiptasiðfræði
Námið er þriggja missera fræðilegt framhaldsnám í hagnýtri siðfræði. Inntökuskilyrði eru BA-, BS-, B.Ed.-próf eða sambærilegt háskólapróf á hugvísindasviði, félagsvísindasviði, náttúruvísindasviði eða af sviði heilbrigðisvísinda, en ekki eru gerð skilyrði um fornám í heimspeki.
Viðskiptalífið leikur sífellt stærra hlutverk í samfélagi okkar. Sumir hafa haldið því fram að viðskipti og siðferði eigi litla samleið. Aðrir telja mikilvægt að þeir sem stundi viðskipti séu meðvitaðir um siðfræðileg álitamál og í raun sé ekki hægt að reka farsæl viðskipti til langs tíma án góðs siðferðis.
Í MA-námi í viðskiptasiðfræði kynnast nemendur helstu kenningum siðfræðinnar, rannsóknaaðferðum í hagnýtri siðfræði og fá þjálfun í rökræðum um siðferðileg úrlausnarefni á sviði viðskiptasiðfræði. Sérstaklega verður hugað að spurningum um ábyrgð fyrirtækja í samfélaginu, hver séu tengsl markaðar við siðferðið og fjallað um siðferðilega ábyrgð einstaklingsins.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=053013_20096

Kennarar
Faglega umsjón með MA-námi í viðskiptasiðfræði hefur Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki. Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki er formaður námsnefndar í hagnýttri siðfræði.

Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar.

Umhverfis- og náttúrusiðfræði
Námið er þriggja missera fræðilegt framhaldsnám í hagnýtri siðfræði. Inntökuskilyrði eru BA-, BS-, B.Ed.-próf eða sambærilegt háskólapróf á hugvísindasviði, félagsvísindasviði, náttúruvísindasviði eða af sviði heilbrigðisvísinda, en ekki eru gerð skilyrði um fornám í heimspeki.
Framtíð mannkyns veltur á hvort og hvernig því tekst að lifa í sátt við náttúrulegt umhverfi sitt. Málefni er varða nýtingu náttúrunnar og umgengni við hana skipa því æ veigameiri sess í opinberri umræðu og pólitískri ákvarðanatöku.
Í MA-námi í umhverfis- og náttúrusiðfræði kynnast nemendur helstu kenningum siðfræðinnar, heimspeki náttúrunnar, rannsóknaaðferðum í hagnýtri siðfræði og fá þjálfun í rökræðum um siðferðileg úrlausnarefni á sviði umhverfis og náttúru. Fjallað verður um tengsl manns og náttúru, dýrasiðfræði, hvaða siðferðilegu skyldur manneskjur hafa gagnvart náttúrunni og hvernig nýting náttúrunnar og vernd hennar geta farið saman.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=053012_20096

Kennarar
Faglega umsjón með MA-námi í umhverfist og náttúrusiðfræði hefur Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent í heimspeki. Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki, er formaður námsnefndar.

Salvör Nordal, forstöðumaður siðfræðistofnunar.

Umhverfis- og auðlindafræði, Meistarapróf, 120 e
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=12290

Öll námskeið framhaldsnáms
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=34&namsstig=1

Allar námsleiðir í framhaldsnámi
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=F

Upplýsingar

Að hefja nám á vormisseri
Að öllu jöfnu er hægt að hefja nám í Hugvísindadeild á vormisseri með undantekningum þó. Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu deildarinnar.

Endurinnritun og forkröfur
Að öllu jöfnu er stúdentspróf eða sambærilegt nám skilyrði fyrir inngöngu í Hugvísindadeild.

Inntökuskilyrði
Nemendur sem hefja nám í Háskóla Íslands, skulu hafa lokið stúdentsprófi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Almennt er áskilið að stúdentsprófið sé af bóknámsbraut, deildir geta gert frekari kröfur um undirbúning og í þeim tilvikum er þess getið í kafla viðkomandi deildar.

Kennsluhættir

Kennslu- og próftímabil

**Sagnfræði- og heimspekideild**
**Haustmisseri**
Kennsla hefst 1. september og lýkur 28. nóvember.
Verkefnavika er 13. -17. október, báðir dagar meðtaldir.
**Vormisseri**
Kennsla hefst 12. janúar og lýkur 17. apríl.
Verkefnavika er 23.-27. febrúar, báðir dagar meðtaldir.

Kröfur um námsframvindu

Reglur um námsframvindu

Fjarnám

Boðið er upp á einstaka námskeið í fjarnámi í sagnfræði og heimspeki.

Skiptinám

Alþjóðafulltrúi Hugvísindasviðs

Alþjóðafulltrúi er tengiliður milli Alþjóðaskrifstofu Háskólastigsins og nemenda og kennara Hugvísindasviðs

Guðrún Birgisdóttir
Alþjóðafulltrúi Hugvísindasviðs
Gimli
Háskóli Íslands
sími: 525 42 62
fax: 525 44 10
netfang: gb@hi.is
Viðtalstími: alla virka daga nema fimmtudaga frá kl. 10-12 og 13-15

Alþjóðaskrifstofa

Reglur

## Menntavísindasvið

**Forseti Menntavísindasviðs**
Jón Torfi Jónasson, Ph.D.

**Verkefnisstjóri á skrifstofu Menntavísindasviðs**
Heiðrún Kristjánsdóttir
Netfang: heidrunk@hi.is
Sími: 525-5961
Erindum og fyrirspurnum til Menntavísindasviðs skal beint til verkefnisstjóra.

**Rekstrarstjóri Menntavísindasviðs**
Kristín Indriðadóttir
Netfang: kindr@hi.is

**Þjónustuver Menntavísindasviðs**
1. hæð við Stakkahlíð - í Múla
105 Reykjavík
Opið virka daga frá kl. 09:00-15:00
Sími: 525-5950
Bréfasími: 525-5599
Netfang: menntavisindasvid@hi.is

**Upplýsingar um sumarnám 2009.**

### Kennaradeild

**Deildarforseti kennaradeildar:**
Anna Kristín Sigurðardóttir, Ph.D.
Netfang: aks@hi.is

**Varadeildarforseti kennaradeildar:**
Ingvar Sigurgeirsson, D.Phil.
Netfang: ingvars@hi.is

**Verkefnastjóri kennaradeildar:**
Elín Jóna Þórsdóttir
Netfang: elinjona@hi.is

Sími: 525-5912

**Erindum og fyrirspurnum til deildarinnar skal beint til verkefnastjóra.**

**Þjónustuver Menntavísindasviðs:**
1. hæð við Stakkahlíð - í Múla
105 Reykjavík
Opið virka daga frá kl. 09:00-15:00
Sími: 525-5950
Bréfasími: 525-5599
Netfang: menntavisindasvid@hi.is

## Grunnnám

**Grunnnám í kennaradeild er í boði á þremur námsbrautum:**

Grunnskólakennarafræði, B.Ed.,180e
Brautarstjóri: Kristín Jónsdóttir (kjons@hi.is)

Leikskólakennarafræði, B.Ed.,180e
Brautarstjóri: Kristín Karlsdóttir (krika@hi.is)

Kennslufræði (til kennsluréttinda), diplóma, 60e
Brautarstjóri: Hróbjartur Árnason (hrobj@hi.is)

**Grunnskólakennarafræði og leikskólakennarafræði** er 180 eininga nám til B.Ed. gráðu fyrir þá sem sem ætla sér að verða leikskólakennarar eða grunnskólakennarar. Námið veitir rétt til að sækja um meistaranám og að því loknu réttindi til að starfa sem kennarar í leikskólum og grunnskólum, sjá *lög nr. 87/2008*, um menntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.

Inntökuskilyrði er stúdentspróf frá íslenskum framhaldsskóla eða sambærilegt próf. Hægt er að stunda námið sem fjarnám eða staðnám.

**Kennslufræði** er 60 eininga grunndiplóma fyrir þá sem hafa fullgilt lokapróf í iðngrein (meistarabréf), listgrein, tæknigrein eða verkgrein og vilja afla sér kennsluréttinda, sjá ***lög nr. 87/2008***. Hægt er að stunda námið sem fjarnám eða staðnám.

Grunnskólakennarafræði

**Brautarstjóri**: Kristín Jónsdóttir (kjons@hi.is)

**Eftirfarandi námsleiðir eru í boði**:
Grunnskólakennarafræði, staðnám, B.Ed., 180 e
Grunnskólakennarafræði, fjarnám, B.Ed., 180 e
Grunnskólakennarafræði, viðbótarnám, 30 e

**Grunnskólakennarafræði, staðnám, B.Ed., 180 e.**
Kennslufyrirkomulagið er með hefðbundnum hætti samkvæmt stundaskrá.

Á hverju misseri eru skilgreindar tvær til þrjár verkefna- og vettvangsvikur, sjá mikilvægar dagsetningar kennaradeildar. Þá er hlé á kennslu en stúdentar vinna verkefni eða stunda vettvangsnám skv. námskeiðslýsingum. Mætingaskylda er í vettvangsnámi.

**Grunnskólakennarafræði, fjarnám, B.Ed., 180 e.**
Kennslufyrirkomulagið er þannig að stúdentar mæta að öllu jöfnu í tvær staðlotur samkvæmt stundaskrá á hverju misseri og eru staðloturnar mikilvægur hluti námsins. Þar fyrir utan er fjarnám með tölvusamskiptum.

Á hverju misseri eru skilgreindar tvær til þrjár verkefna- og vettvangsvikur, sjá mikilvægar dagsetningar kennaradeildar. Þá er hlé á kennslu en stúdentar vinna verkefni eða stunda vettvangsnám skv. námskeiðslýsingum. Mætingaskylda er í vettvangsnámi.

Stúdentar sem ætla að stunda hlutanám skipuleggja nám sitt sjálfir og þurfa í því tilliti að gæta að forkröfum námskeiða, tímasetningum varðandi staðlotur og vettvangsnám í viðkomandi námskeiðum. Sjá mikilvægar dagsetningar kennaradeildar.

**Grunnskólakennarafræði, viðbótarnám**
Námsskipulag fyrir þá sem luku prófi frá Kennaraskóla Íslands, bæði í fjar- og staðnámi.

Grunnskólakennarafræði, B.Ed., 180 e

Þriggja ára fræðilegt og starfstengt grunnnám (180 e). Námið er ætlað þeim sem hyggja á kennslu í grunnskólum og önnur tengd störf. B.Ed.-gráða veitir rétt til að sækja um meistaranám sem er skilyrði fyrir leyfisbréfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. ***lögum nr: 87/2008***.
Námið tekur mið af lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla og starfsvettvangi grunnskólakennara.

Nám til B.Ed.-gráðu í grunnskólakennarafræði er þrískipt: Í fyrsta lagi eru sameiginleg námskeið fyrir nemendur í leik- og grunnskólakennarafræði. Í öðru lagi eru grunnnámskeið í kennslufræði grunnskóla og í þriðja lagi eru námskeið á kjörsviðum. Auk þessa vinna nemendur lokaverkefni (10e) og hafa frjálst val um 20 einingar í sérstökum valnámskeiðum (5e hvert) eða í tilteknum námskeiðum af kjörsviðum.

Nemendur velja eitt kjörsvið og taka námskeið til 80 eininga á sviðinu. Alls eru 14 kjörsvið í boði (sjá tengla fyrir neðan), sem ýmist tengjast námssviðum grunnskólans eða kennslu á ákveðnu aldursstigi. Nemendur velja sér kjörsvið um leið og þeir sækja um námið. Námið er í nánum tengslum við vettvang og vettvangsnám er samþætt fræðilegum undirbúningi. Allir stúdentar fá grunnskóla sem sinn heimaskóla þar sem þeir stunda vettvangsnám á námstímanum.

Hér fyrir neðan er nánari lýsing á náminu á hverju kjörsviði og á skipulagi fjar- og staðnáms.
Um námið
**Sameiginleg námskeið (S) 40e**
Eftirtalin námskeið á 1. ári eru sameiginleg fyrir grunn- og leikskólakennarafræði. Þeim er ætlað að stuðla að færni við sköpun þekkingar og leggja grunn að umfjöllun um skólastarf, uppeldi og menntun.
Talað mál og ritun fræðitexta 10e, 1. misseri
Þroska- og námssálarfræði 10e, 1. misseri
Aðferðafræði og menntarannsóknir 6e, 2. misseri
Upplýsingatækni og miðlun 4e, 2. misseri
Heimspeki og hugmyndasaga 10e eða Félagsfræði og skólasaga 10e, 2. misseri
**Grunnnámskeið (G) 30e**
Stúdentar taka þrjú grunnnámskeið þar sem fjallað er um kennslufræði grunnskóla og ætlað er að stuðla að hæfni til kennslustarfa. Vettvangsnámsþáttur þessara námskeiða er alls 10 einingar.
Nám og kennsla: Inngangur 10e, 1. misseri
Stúdentar velja eitt eftirfarandi námskeiða á 3. misseri
Barnið á yngsta stigi grunnskólans 10e
Nám og kennsla á miðstigi 10e
Nám og kennsla unglinga 10e
Nám og kennsla: Fagmennska kennara 10e, 6. misseri
**Kjörsvið (K) 80e**
Stúdentar velja eitt kjörsvið til 80 eininga (sjá yfirlit yfir kjörsvið). Valið fer fram um leið og sótt er um nám, en nám á kjörsviði hefst á 2. misseri fyrsta námsárs. Alls taka stúdentar átta námskeið á kjörsviði þar sem þeir öðlast þekkingu í greininni (eða á sviðinu) sem þeir hafa valið og í kennslufræði viðkomandi greinar eða aldursstigs. Vettvangsnámsþáttur þessara námskeiða er alls 14 einingar.

**Vettvangsnám**
Vettvangsnám er sá hluti í námi kennaranema sem fer fram á vettvangi í einum af samstarfsskólum menntavísindasviðs. Í vettvangsnámi fá nemar tækifæri til að tengja saman fræði og framkvæmd. Gert er ráð fyrir að kennaranemar nýti sér reynslu sína á vettvangi til að öðlast verklega sem og fræðilega þekkingu, efla faglega sjálfsmynd og þróa starfskenningu sína. Á fyrsta misseri er kennaranema úthlutað skóla, leik- eða grunnskóla eftir því sem við á, þar sem hann stundar sitt vettvangsnám og hefur aðgang að á námstímanum.

**Valnámskeið (V) 20e**
Stúdentar velja auk þess námskeið 20e úr sameiginlegum valnámskeiðum (5e hvert) kennaradeildar eða úr kjörsviðsnámskeiðum (10e) sem eru án vettvangsnáms. Ef stúdent óskar eftir að fá að velja námskeið af öðrum námsbrautum eða sviðum HÍ þarf hann að fá samþykki brautarstjóra til þess fyrirfram.

**Lokaverkefni (L) 10e**
Lokaverkefni 10e er unnið á lokamisseri þar sem stúdent fær tækifæri til að dýpka enn frekar þekkingu sína á kjörsviði eða öðrum afmörkuðum þáttum sem tengist námi og kennslu í grunnskóla.
Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&kennsluar=2009
Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=510000_20096&kennsluar=2009
Kjörsvið: Almenn kennsla í grunnskóla
**Oddviti kjörsviðs**: Jóhanna Karlsdóttir (johannak@hi.is)

Meginmarkmið kjörsviðsins er að undirbúa stúdenta fyrir kennslu á miðstigi grunnskóla, umsjón með nemendahópi og samstarf kennara svo sem í teymiskennslu. Stefnt er að því að þeir öðlist hagnýtan og fræðilegan grunn til þess að geta beitt fagmennsku og sveigjanleika í kennslu og uppeldisstarfi. Stúdentar fá undirstöðu í kjarnagreinum grunnskóla, íslensku, stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsgreinum, alls 60e. Þeir velja auk þess tvö námskeið, 10e hvort, af hvaða kjörsviði sem er.

**Skipulag náms (80 e):**
Stærðfræði 20 e
Tölur og reikniaðgerðir (10 e)
Rúmfræði og algebra (10 e)
Íslenska, 20 e
Íslenska I: Mál og bókmenntir (10 e)
Íslenska II: Íslennskukennsla (10 e)
Náttúrufræði, 10 e
Samfélagsgreinar, 10 e
Af kjörsviðum samkvæmt vali stúdenta, 20 e
Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&lina=3974
Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=510000_20096&lina=4004
Kjörsvið: Erlend mál (enska, danska)
**Oddviti kjörsviðs**: Michael Dal (michael@hi.is)

**Markmið**
Á þessu kjörsviði eru tvö erlend tungumál: Danska og enska. Markmið með kennslu í dönsku og ensku eru að kennaranemar öðlist þekkingu á eðli og uppbyggingu tungumálsins og notkun nútímamáls, innsýn í þjóðlíf, menningu og bókmenntir. Önnur markmið eru að kennaranemar öðlist kennslufræðilega þekkingu, bæði hagnýta og fræðilega, sem auðveldar þeim að meta námsefni og aðferðir og þróa sínar

eigin leiðir í tungumálakennslu. Einnig að kennaranemar nái haldgóðri færni í tungumálinu til að takast á við kennslu á grunnskólastigi og öðlist skilning á hvernig nemendur í grunnskólum tileinka sér erlent tungumál.

**Viðfangsefni**
Eitt sameiginlegt námskeið er í boði fyrir kennaranema í dönsku og ensku: Notkun upplýsingatækni í tungumálanámi. Kennaranemar sérhæfa sig í öðru hvoru málinu og taka 80 einingar sem í boði eru. Eðlilegt er að námskeiðin séu tekin í þeirri röð sem birtist í kennsluskrá. Þó má gera undantekningar ef sérstaklega stendur á.

Áhersla er lögð á að styrkja þann grunn sem kennaranemar hafa þegar fengið og efla tilfinningu þeirra fyrir tungumálinu. Þeir fá þjálfun í hlustun, töluðu máli, lestri, markvissri uppbyggingu orðaforða og ritun. Þá er fjallað um eðli og uppbyggingu tungumálsins, notkun nútímamáls, máltöku nemenda og kennslufræði erlendra mála. Unnið er að því að efla hagnýta og fræðilega málfræðiþekkingu, m.a. með tilliti til kennslu erlendra mála í grunn- og framhaldsskóla.

Leitast er við að auka skilning og þekkingu kennaranema á menningu og þjóðlífi. Námsefni er valið með það fyrir augum að varpa ljósi á málefni líðandi stundar og ýmsa þætti menningar og daglegs lífs. Má þar m.a. nefna dagblöð, tímarit, skáldsögur, smásögur, myndbönd, hljómbönd og veraldarvefinn. Einnig er leitast við að fjalla um rannsóknir á og kenningar um menningarmiðlun í skólasamhengi.

Kennaranemar kynnast markmiðum og leiðum í tungumálakennslu í grunnskóla. Þeir fá yfirlit yfir sögulega þróun og kynnast þeim viðhorfum og rannsóknum sem efst eru á baugi á hverjum tíma og þeim meginkenningum sem þau grundvallast á. Kennaranemum í dönsku gefst annað hvert ár kostur á að sækja fjögurra vikna sumarnámskeið í Danmörku og einnig vikunámskeið í janúar.

Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&lina=3977

Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=510000_20096&lina=4007

Kjörsvið: Hönnun og smíði
**Oddviti kjörsviðs**: Brynjar Ólafsson (brynjar@hi.is)

Markmið með kennslu í hönnun og smíðum er að veita kennaraefnum sem besta þekkingu og færni í greininni og að nemar geri sér glögga grein fyrir hversu mikilvægur þáttur hún er í menntun grunnskólabarna og í samfélaginu öllu. Kappkostað er við uppbyggingu náms að örva sköpunargleði og listrænan þroska kennaranema og veita þeim verklega þekkingu sem gerir þá sem hæfasta í starfi sínu sem kennarar.

Hönnun og smíði er kjörsvið sem hentar nemendum er vilja takast á við hönnunar- og smíðakennslu í grunnskóla, en er jafnframt gott veganesti fyrir frekara nám á sviði lista, iðnhönnunar, handverks og kennslu. Námið er mjög fjölbreytt og ekki er krafist neinnar forkunnáttu á sviðinu er nemendur hefja nám.

Boðið er upp á hönnun og smíði í stað- og fjarnámi. Í fjarnámi mæta nemendur í tvær staðlotur á önn.

Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&lina=3978

Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=510000_20096&lina=4008

Kjörsvið: Íslenska
**Oddviti kjörsviðs**: Anna S. Þráinsdóttir (annathr@hi.is)

Kennsla í íslensku hefur það að meginmarkmiði að efla þekkingu kennaranema á íslenskri tungu og bókmenntum og gera þá sem hæfasta til að miðla þekkingu sinni í grunnskólakennslu.

Tekið er mið af íslenskukennslu á öllum skólastigum grunnskólans og jafnframt haft í huga að allar aðrar námsgreinar í íslenskum grunnskólum eiga sér grundvöll í íslensku. Gerð er grein fyrir bókmenntagreinum og aðferðum við bókmenntarýni og fjallað um margvíslega þætti málfræði. Kennslufræði íslensku er tengd námskeiðunum og vettvangsnámi nemenda.

Kennaranemar sem hyggjast sérhæfa sig í greininni taka þær 80 e sem í boði eru. Að loknu B.Ed.-prófi opnast möguleikar til framhaldsnáms í greininni.

Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&lina=3975

Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=510000_20096&lina=4005

Kjörsvið: Íslenskt táknmál
**Oddviti kjörsviðs**: Rannveig Sverrisdóttir (rannsve@hi.is)

Meginmarkmið kjörsviðsins er að búa stúdenta undir að kenna námsgreinar grunnskólans á íslensku táknmáli.

Meginhluti náms á þessu kjörsviði er sameiginlegur með námi í BA námi í táknmálsfræði við Háskóla Íslands eða alls 60 einingar. Þar er farið í málfræði íslenska táknmálsins, fjallað um menningu og sögu heyrnarlausra auk kennslu í táknmálsfærni. Stúdentar taka tvö 10 eininga námskeið á kjörsviðinu sem fjalla um nám og kennslu á táknmáli og fela í sér vettvangsnám.

**Aðrar upplýsingar**
Nemendur sækja færninámskeið á öðru og þriðja námsári í táknmálsfræði og athuga bera að færninámskeið III og IV eru ekki kennd á hverju ári.

Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&lina=3976

Kjörsvið: Kennsla yngstu barna í grunnskóla
**Oddviti kjörsviðs**: Jónína Vala Kristinsdóttir (joninav@hi.is)

Kjörsviðið tekur til náms barna í 1.-5. bekk og einnig elstu barna í leikskóla. Stefnt er að því að kennaranemar öðlist traustan grunn, bæði fræðilegan og hagnýtan, til þess að geta beitt fagmennsku og sveigjanleika í kennslu og uppeldisstarfi með börnum á ofangreindum skólastigum. Auk almennrar umfjöllunar um nám og kennslu á þessu aldursskeiði verður lögð áhersla á einstaklingsmun barna, ástæður hans og úrræði í leik og námi barna með ólíkar forsendur.

Fjallað verður um þroska barna á því aldursbili sem kjörsviðið spannar og áhersla lögð á mál, þróun boðskiptahæfni og málnotkun, lestrarfræði, þróun lestrarnáms og lestrarkennslu auk máluppeldis og móðurmálsnáms. Kennsluaðferðir og skipulag kennslu sem einkennir skólastarf í 1.-5. bekk í grunnskóla verða til umfjöllunar og sömuleiðis skólastarf á mörkum leik- og grunnskóla. Lögð verður áhersla á mikilvægi foreldrasamstarfs og helstu námssvið og námsgreinar sem kenndar eru samkvæmt aðalnámskrám leik- og grunnskóla.
Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&lina=3973
Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=510000_20096&lina=4003
Kjörsvið: Matur, menning, heilsa
**Oddviti kjörsviðs**: Anna Sigríður Ólafsdóttir (annaso@hi.is)

Markmið kjörsviðsins er að veita nemendum þekkingu og þjálfun svo þeir verði færir um að kenna heimilisfræði á grunnskólastigi. Að námi loknu eiga nemendur að hafa tileinkað sér hugtök og aðferðir fræðanna svo þeir geti fylgst með því sem vísindin leggja til á hverjum tíma og til undirbúnings fyrir frekara nám.

Viðfangsefni námsins eru matreiðsla sem bæði miðast við að nemendur öðlist færni við verklega kennslu í skólastarfi og kunni að útbúa heilsufæði jafnt sem veislumat. Næringarfræði vegur þungt í náminu, enda er mikilvægt að nemendur átti sig á hlutverki og þýðingu matarins fyrir heilsu og líðan. Matvælafræði og örverufræði eru kynnt til sögunnar með verklegum æfingum ásamt fyrirlestrum, þar sem farið er í helstu þætti er lúta að uppruna, innihaldi og umgengnisþáttum. Loks er leitast er við að auka skilning og þekkingu kennaranema á fjölbreyttum viðfangsefnum tengdum mat, menningu og heilsu, s.s. neytendafræði, umhverfisvernd, hýbýla- og fagurfræði (sjá nánar í námskeiðslýsingum).

Í greininni felst það að leiðbeina grunnskólanemendum um hollt fæðuval, matreiðslu, meðferð matvæla, uppruna þeirra og eiginleika og hreinlæti tengt heimilisrekstri. Markmiðið er að gera grunnskólanema sjálfbjarga í daglegu lífi, hæfa til að taka þátt í samstarfi innan fjölskyldunnar svo þeir geti síðar borið ábyrgð á eigin lífi og annarra. Enn fremur er náminu ætlað að glæða áhuga og þekkingu nemenda á umhverfisvernd, veita innsýn í vistfræði, neytendafræði, hýbýlafræði og fagurfræði. Námið á að kynna nemendum sögulega þróun fæðuöflunar og matarmenningar og hvernig hvort tveggja tengist samfélagsþróun.
Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&lina=3986
Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=510000_20096&lina=4016
Kjörsvið: Myndmennt
**Oddviti kjörsviðs**: Jón Reykdal (reykdal@hi.is)

Markmið með kennslu í myndmennt er að veita kennaranemum sem besta þekkingu og færni í verklegum og fræðilegum undirstöðuþáttum greinarinnar. Annað markmið er að kennaranemar geri sér glögga grein fyrir hversu mikilvægur þáttur listir og skapandi starf er í almennu starfi grunnskólans og í daglegu lífi einstaklingsins í nútíma þjóðfélagi.

Verkefni kennaranema taka til ýmissa grunnþátta myndsköpunar með þarfir grunnskólans í huga. Viðfangsefni eru fjölbreytt og er ætlað að mæta mismunandi hæfileikum einstaklingsins á sviði myndsköpunar. Kennaranemar kynnast fjölbreyttum kennsluaðferðum og sjálfstæðum vinnubrögðum við úrlausnarverkefni í eigin námi.
Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&lina=3982
Kjörsvið: Náttúrufræði
**Oddviti kjörsviðs**: Hrefna Sigurjónsdóttir (hrefnas@hi.is)

**Markmið**
Meginmarkmið kjörsviðsins er að undirbúa kennaranema fyrir kennslu náttúrufræðigreina í grunnskólum og efla menntun starfandi kennara. Áhersla er lögð á þjálfun verklegra þátta og náttúruskoðun, að kennaranemar efli kunnáttu sína í þeim greinum náttúruvísindanna sem tengjast mest aðalnámskrá grunnskóla í náttúrufræðum og kynnist rannsóknum á náttúrufræðinámi og náttúrufræðimenntun.

Frá og með hausti 2009 gildir það að námskeið sem nemendur velja á kjörsviðinu eru ekki bundin misserum, þannig að þau eru í boði hvort sem er á 3. eða 5. misseri og 4. eða 6. misseri.

Forkröfur eru ekki gerðar um að nemendur hafi lokið námi á náttúrufræðibrautum framhaldsskóla.

**Viðfangsefni**
Náttúrufræðikjörsviðið samanstendur af eftirtöldum sviðum; eðlisvísindum, jarðvísindum og lífvísindum. Þrjú námskeið eru skyldunámskeið og sameiginleg fyrir kjörsviðsnema, en önnur námskeið velja þeir af framboði innan kjörsviðsins. Í fyrsta skyldunámskeiðinu (2. misseri) kynnast nemendur grunnhugtökum eðlis- og jarðvísinda og kennslu á þeim sviðum, á öðru skyldunámskeiðinu (3. misseri) læra nemendur um náttúru Íslands og kynnast umhverfismennt og útikennslu og á 5. misseri er skyldunámskeið í kennslufræðum náttúruvísinda sem er tengt vettvangsnámi. Nemendur velja á milli námskeiða á öllum misserum nema 2. misseri . Ýmist eru námskeiðin á einu sviði (t.d. Vistfræði og lífverur eða Að kenna nútíma eðlis- og efnafræði) eða tveimur (Að kenna um hita, vatn, loft og veður, Náttúra Íslands, Stjörnufræði og þróun

lífs, Jörðin og himingeimurinn).

**Aðrar upplýsingar**
Nemendur geta nýtt frjálst val til að ljúka fleiri en 80 einingum á kjörsviðinu. 14 einingar vettvangsnáms tilheyra kjörsviðinu.

Sækja má um að velja námskeið sem eru í boði annars staðar á háskólastigi. Að loknu B.Ed.-prófi opnast möguleikar til framhaldsnáms í greininni. Þá er unnt að ljúka meistaragráðu á tveimur árum með náttúrufræðimenntun sem sérsvið eða sérhæfa sig í grein (eðlisfræði, efnafræði, líffræði eða jarðfræði).

Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&lina=3981

Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=510000_20096&lina=4011

Kjörsvið: Samfélagsgreinar
**Oddviti kjörsviðs**: Ólöf Garðarsdóttir (olofgard@hi.is)

**Forsendur, markmið og viðfangsefni**
Samfélagsgreinar fjalla um mannlegt samfélag í nútíð og fortíð, forsendur þess, lífsbjargir og hugarheim. Þær spanna vítt svið, allt frá náttúrulegum skilyrðum til átrúnaðar, fortíðar og félagsgerðar. Markmið kjörsviðsins er að mennta kennara til kennslu samfélagsgreina á öllum stigum grunnskóla, þó að sérstök áhersla sé lögð á miðstig og unglingastig. Gert er ráð fyrir að nemendur geti sérhæft sig nokkuð í einstökum greinum sviðsins.

Í tveim skyldunámskeiðum kjörsviðsins eru kannaðar forsendur námsgreinanna, hugað að mismunandi fyrirkomulagi þeirra víða um lönd og á mismunandi tímum. Einstakar námsgreinar sviðsins eru kynntar til sögunnar, aðalnámskrá könnuð og námsgögn skoðuð. Nemendur þjálfast í upplýsingalæsi og fjölbreyttum vinnubrögðum og kennsluaðferðum sem stuðla eiga að ábyrgð og sjálfstæði í námi og kennslu. Á skyldunámskeiðum sviðsins er kennslufræði greinanna í fyrirrúmi og drjúgur hluti vettvangsnámsins tengist þessum námskeiðum.

Sameiginleg markmið kjörsviðsins eru að nemendur
- hafi almenna þekkingu og leikni í greinum sviðsins og sérþekkingu á einni grein eða fleirum innan þess
- þekki ytri ramma sem búinn er greinum sviðsins í grunnskóla, einkum aðalnámskrá
- kunni að afla sér og nota upplýsingar og hjálpargögn sem henta og duga í kennslu samfélagsgreina
- hafi faglega þekkingu sem gerir þá færa um að undirbúa og stunda kennslu í þessum greinum á sjálfstæðan hátt
- skilji sérstöðu og innbyrðis tengsl greina sviðsins sem og tengsl þeirra við aðrar greinar

**Aðrar upplýsingar**
Á kjörsviði samfélagsgreina eru eftirtaldar greinar og greinaflokkar:
- Saga og þjóðfélagsfræði
- Kristinfræði og trúarbragðafræði
- Landafræði

Nemendur sem velja samfélagsgreinar sem kjörsvið binda sig ekki fyrirfram við eina aðalgrein heldur velja þeir sér námskeið á hverju misseri og setja þannig saman nám sitt í ólíkum hlutföllum. Tvö námskeið eru þó skyldunámskeið fyrir þá sem eru á kjörsviðinu, þ.e. Inngangur að samfélagsgreinum og Kennsla samfélagsgreina, samtals 20e með vettvangsnámi sem er 4e í hvoru námskeiði. Að öðru leyti getur nemandi að eigin vali tekið allt að 30-40 einingar í hverri af greinum sviðsins (þó háð því hvort öll námskeið eru í boði) og raðað þannig saman kjörsviði sínu allt að 80e, með inniföldum 14 einingum í vettvangsnámi. Nemendur af öðrum kjörsviðum geta valið hvaða námskeið sem er þar sem ekki er krafist undanfara.

Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&lina=3979

Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=510000_20096&lina=4009

Kjörsvið: Stærðfræði
**Oddviti kjörsviðs**: Guðný Helga Gunnarsdóttir (gudnyh@hi.is)
Markmið með námi á kjörsviðinu stærðfræði er að kennaranemar auki þekkingu sína og skilning á stærðfræði og stærðfræðinámi. Lögð er áhersla á að þeir skynji skólastærðfræði í samhengi við fræðigreinina og kynnist þeim megineinkennum fræðigreinarinnar að vera kerfisbundin og gera kröfu um stranga röksemdafærslu og skýrt táknmál.

Önnur markmið eru að kennaranemar fái góða innsýn í rannsóknir á stærðfræðinámi, kynnist þáttum úr sögu stærðfræði og margvíslegri hagnýtingu greinarinnar, sem og áhrifum tæknivæðingar á stærðfræði og stærðfræðinám. Megináhersla er á hugvitssamlegar lausnir, skilmerkilega framsetningu og að nemendur rökstyðji mál sitt, hvort sem er í eigin stærðfræðinámi eða í umfjöllun um nám yngri nemenda. Þá er lögð áhersla á að nemendur skilji gildi þess að kunna að afla, fara með og túlka tölulegar upplýsingar.

Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&lina=3980

Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=510000_20096&lina=4010

Kjörsvið: Textílmennt
**Oddviti kjörsviðs**: Sigrún Guðmundsdóttir (sigrug@hi.is)

**Markmið og viðfangsefni**
Kennsla í textílmennt hefur það að meginmarkmiði að efla þekkingu kennaranema á textílmennt og gera þá sem hæfasta til að miðla þekkingu sinni í grunnskólakennslu.

Tekið er mið af kennslu í textílmennt í grunnskólum og tengingu við aðrar námsgreinar. Gerð er grein fyrir fjölbreyttum vinnuaðferðum og

skapandi tjáningarleiðum textílmennta og fjallað um sögulegt mikilvægi textíla. Nemendur vinna sjálfstæð verkefni. Kennslufræði textílmennta er tengd námskeiðum og vettvangsnámi nemenda.

Að nemandi
- hafi öðlast þekkingu og skilning á faglegri vinnu og hæfni í vinnuaðferðum textílmennta.
- geti unnið sjálfstætt með fjölbreytta möguleika textílfagsins, metið, rökstutt og túlkað faglega textílvinnu.
- hafi öðlast skilning og færni í undirstöðuþáttum almennrar hugmynda- og hönnunarvinnu við útfærslu eigin verkefna.
- geti beitt skapandi hugsun og vönduðum vinnubrögðum við úrlausnir á sviði textílmennta.
- hafi öðlast skilning á og innsýn í sögulega þróun íslenkra textíla og tengt hana við fræðileg tilrauna- og rannsóknaverkefni í námi og starfi.
- hafi tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun sem nýtist á starfsvettvangi og til frekara náms til dýpkunar fagþekkingar í textílmennt.

Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&lina=3984

Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=510000_20096&lina=4014

Kjörsvið: Tónlist, leiklist, dans

**Oddviti kjörsviðs**: Helga Rut Guðmundsdóttir (helgarut@hi.is)
Kjörsvið í tónlist, leiklist og dansi hefur það að meginmarkmiði að stuðla að færni kennaranema í þessum listgreinum og auka hæfni þeirra til að vinna með tónlist, leiklist og dans í kennslu barna.

Kjörsviðið samanstendur af þremur listgreinum sem hafa sameiginlega þræði og snertifleti. Tvö 10 eininga kjarnanámskeið eru sameiginleg öllum greinunum þar sem farið er í undirstöðuatriði sem snerta allar greinarnar. Nemendur geta eftirleiðis valið að taka einvörðungu námskeið í einni af greinunum þremur (tónlist, leiklist eða dansi) eða sett saman sitt eigið nám eftir áhugasviði með námskeiðum í tveimur eða öllum greinum. Nemendur þurfa þó að gæta þess að haga vali með tilliti til vettvangsnáms, sem á að vera a.m.k. 14 einingar innan námskeiða á kjörsviðum. Einnig þurfa þeir að huga að því að sum námskeið krefjast undanfara.

Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&lina=3983

Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=510000_20096&lina=4013

Kjörsvið: Upplýsingatækni og miðlun

**Oddviti kjörsviðs**: Torfi Hjartarson (torfi@hi.is)

Með kennslu á kjörsviðinu er stefnt að því kennaranemar verði sem best í stakk búnir til að hagnýta upplýsingatækni og miðlun við framkvæmd og skipulag skólastarfs, við nám og kennslu á greinasviðum, við samþættingu námsgreina og til að mæta ýmsum sértækum þörfum. Einnig er fjallað um upplýsingatækni sem námsgrein í grunnskóla og kennslu helgaða henni.

Á kjörsviðinu er fjallað um alla meginþætti tölvu- og miðlanotkunar í skólastarfi, keppt að tæknilegri færni og tæknilæsi og stefnt að sem næmustum skilningi á þýðingu upplýsingatækni og miðlunar fyrir nám, kennslu, upplýsingaleit, framsetningu efnis, samskipti og samfélag. Áhersla er lögð á miðlun og miðlalæsi og stefnt að því að nemendur nái vissum tökum á öllum helstu þáttum miðlunar; verði færir um að setja fram og leiðbeina um framsetningu á efni í texta, hljóði, grafík og myndum með hjálp stafrænnar tækni og í ýmsum samsetningum.

Áhersla er lögð á víða sýn við hagnýtingu tækninnar; mikilvægi frumkvæðis, samskipta og samstarfs; hlutverk kennsluráðgjafa og kennara á sviði upplýsingatækni og miðlunar; hlut safnkennara, stjórnenda og frumkvöðla í hópi kennara; þarfir nemenda og hvers konar tækifæri sem tæknin kann að veita. Litið er á ýmsa tækni til fjarskipta og möguleika sem í henni felast til sveigjanlegra kennsluhátta. Þá er leitast við að skýra hlutverk miðla og miðlunar í þróun samfélaga, varpa ljósi á miðlalæsi og umhverfi nemenda innan skóla og utan.

Sérstakri athygli er beint að áhrifum tækninnar á hlutverk kennara og nemenda, möguleikum kennara til að nýta tæknina í skólastarfi og stuðla að breyttum náms- og kennsluháttum. Litið er til sem flestra greinasviða og þátta skólastarfs og leitast við að tengja umfjöllun um upplýsingatækni og skólastarf fræðilegri umræðu um nám, uppeldi og samfélagsþróun.

Á kjörsviði um upplýsingatækni og miðlun bjóða kennarar á sviðinu fram átta tíu eininga námskeið, samtals 80 e. Þar af eru 14 eða 16 e vettvangsnám. Í vettvangsnámi er lögð áhersla á upplýsingatækni og miðlun í samhengi skólastarfs, t.d. í tengslum við skólasöfn og upplýsingaver, skapandi miðlun og fjölmiðlun, verkefnavinnu á greinasviðum eða þvert á greinar og jafnvel miðlun á söfnum. Þá getur vettvangsnám falist í fjarkennslu. Nemendum á öðrum kjörsviðum er velkomið að velja öll námskeið á kjörsviðinu og ýmis námskeið á öðrum kjörsviðum tengjast eða snúast um upplýsingatækni og miðlun.

Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=500000_20096&lina=3985

Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=510000_20096&lina=4015

Grunnskólakennarafræði, viðbótarnám, 30 e

Grunnskólakennurum sem brautskráðust frá Kennaraskóla Íslands gefst kostur á að fá fyrra nám sitt metið til eininga og útskrifast með B.Ed.-gráðu, að afloknu 30e viðbótarnámi. B.Ed.-gráða veitir aðgang að meistaranámi.

Nemendur skrá sig á aðra hvora eftirfarandi námsleið:
Grunnskólakennarafræði, staðnám, B.Ed., 180e
Grunnskólakennarafræði, fjarnám, B.Ed., 180e

Þar fá nemendur metnar 150e fyrir próf frá Kennaraskóla Íslands. Nemendur skulu taka fram í viðbótarupplýsingum í umsókn sinni að þeir hafi lokið prófi frá Kennaraskóla Íslands.

Nemendur ljúka eftirfarandi námskeiðum:
Talað mál og ritað 10e

Aðferðafræði og menntarannsóknir 6e
Lokaverkefni til B.Ed.- prófs 10e
Upplýsingatækni og miðlun 4e EÐA Valnámskeið 5e
Leikskólakennarafræði
**Brautarstjóri**: Kristín Karlsdóttir (krika@hi.is)

**Eftirfarandi námsleiðir eru í boði**:
Leikskólakennarafræði, staðnám, B.Ed., 180 e
Leikskólakennarafræði, fjarnám, B.Ed., 180 e
Leikskólakennarafræði, viðbótarnám, 30 e

**Leikskólakennarafræði, staðnám, B.Ed., 180 e**
Kennslufyrirkomulag er með hefðbundnum hætti samkvæmt stundaskrá.

Á hverju misseri eru skilgreindar tvær til þrjár verkefna- og vettvangsvikur þar sem stúdentar eru í vettvangsnámi í leikskóla sem Menntavísindasvið gerir samning við. Sjá mikilvægar dagsetningar kennaradeildar.

**Leikskólakennarafræði, fjarnám, B.Ed., 180 e**
Kennslufyrirkomulag er þannig að stúdentar mæta að öllu jöfnu í tvær staðlotur samkvæmt stundaskrá á hverju misseri og eru staðloturnar mikilvægur hluti námsins. Þar fyrir utan er fjarnám með tölvusamskiptum.

Á hverju misseri eru skilgreindar tvær til þrjár verkefna- og vettvangsvikur þar sem stúdentar eru í vettvangsnámi í leikskóla sem Menntavísindasvið gerir samning við.

Stúdentar sem ætla að stunda hlutanám skipuleggja nám sitt sjálfir og þurfa í því tilliti að gæta að tímasetningum varðandi staðlotur og vettvangsnám í viðkomandi námskeiðum. Sjá mikilvægar dagsetningar kennaradeildar.

**Leikskólakennarafræði, viðbótarnám**
Námsskipulag fyrir þá sem luku prófi frá Fósturskóla Íslands, bæði í fjar- og staðnámi.
Leikskólakennarafræði, B.Ed., 180 e
Þriggja ára fræðilegt og starfstengt grunnnám (180 e). Námið er ætlað þeim sem hyggja á kennslu í leikskólum og önnur tengd störf.B.Ed.-gráða veitir rétt til að sækja um meistaranám sem er skilyrði fyrir leyfisbréfi til að nota starfsheitið leikskólakennari skv. ***lögum nr: 87/2008***.

Námið tekur mið af lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og starfsvettvangi leikskólakennara.

Nám til B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræði er þrískipt: Í fyrsta lagi eru sameiginleg námskeið fyrir nemendur í leik- og grunnskólakennarafræði. Í öðru lagi eru námskeið í kennslu- og menntunarfræði leikskólans Í þriðja lagi eru námskeið sem tengjast sérstökum áherslum leikskólastigsins og námsviðum leikskólans. Auk þessa vinna nemendur lokaverkefni (10e) og hafa frjálst val um (20e) í sérstökum valnámskeiðum (5e hvert).

Námið er í nánum tengslum við vettvang og vettvangsnám er samþætt fræðilegum undirbúningi. Allir nemendur fá leikskóla sem sinn heimaskóla þar sem þeir stunda vettvangsnám á námstímanum.
Um námið
Samsetning námsins
**Sameiginleg námskeið 40e**
Eftirtalin námskeið á 1. ári eru sameiginleg fyrir grunn- og leikskólakennarafræði. Þeim er ætlað að stuðla að færni við sköpun þekkingar og leggja grunn að umfjöllun um skólastarf, uppeldi og menntun.
Talað mál og ritun fræðitexta 10e, 1. misseri
Þroska- og námssálarfræði 10e, 1. misseri
Aðferðafræði og menntarannsóknir 6e, 2. misseri
Upplýsingatækni og miðlun 4e, 2. misseri
Heimspeki og hugmyndasaga 10e eða Félagsfræði og skólasaga 10e, 2. misseri

**Menntunarfræði leikskólans 30e**
Þrjú grunnnámskeið, eitt á hverju námsári, þar sem fjallað er um kennslu- og menntunarfræði leikskólans og stuðla að hæfni til uppeldis- og kennslustarfa. Vettvangsnám er að jafnaði 2-4 einingar af hverju þessara námskeiða.
Leikskólafræði I - Leikskólinn sem menntastofnun10e, 1. misseri
Leikskólafræði II - Leikur og samskipti 10e, 3. misseri
Leikskólafræði III - Fagmennska og uppeldissýn 10e, 5. misseri

**Áherslur leikskólastigsins og námssvið leikskólans 80e**
Námskeið sem fjalla um sérstakar áherslur leikskólastigsins og námssvið leikskólans (80e). Námskeiðin byggja á þverfaglegri nálgun og er hluti þeirra kenndur með kjörsviðinu Kennsla yngstu barna í grunnskóla (30e). Vettvangsnám er að jafnaði 2-4 einingar af hverju þessara námskeiða.
Listir og barnamenning 10e, 2. misseri
Umhverfið sem uppspretta náms 10e, 3. misseri
Listir í leikskóla 10e, 3. misseri
Leikskóli án aðgreiningar 10e, 4. misseri
Málþroski og þróun læsis 10e, 4. misseri
Á mótum leik- og grunnskóla 10e, 5. misseri
Náttúra samfélag og listir 10e, 6. misseri
Samskipti, samstarf og stjórnun 10e, 6. misseri

**Vettvangsnám**
Vettvangsnám er sá hluti í námi kennaranema sem fer fram á vettvangi í einum/tveimur af samstarfsskólum Menntavísindasviðs. Í vettvangsnámi fá nemar tækifæri til að tengja saman fræði og framkvæmd. Gert er ráð fyrir að kennaranemar nýti sér reynslu sína á vettvangi til að öðlast verklega sem og fræðilega þekkingu, efla faglega sjálfsmynd og þróa starfskenningu sína. Á fyrsta misseri er kennaranema úthlutað skóla, leik- eða grunnskóla eftir því sem við á, þar sem hann stundar vettvangsnám og hefur aðgang að á námstímanum.

**Valnámskeið 20e**
Stúdentar velja auk þess námskeið 20e úr sameiginlegum valnámskeiðum (5e hvert) í kennaradeild. Þeir geta einnig valið að taka 20e til viðbótar af kjörsviði í grunnskólakennarafræði í stað námskeiða sem kennd eru sameiginlega með af kjörsviðinu Kennsla yngstu barna í grunnskóla. Ef stúdent óskar eftir að fá að velja námskeið af öðrum námsbrautum eða sviðum HÍ þarf hann að fá samþykki brautsrstjóra til þess fyrirfram.

**Lokaverkefni 10e**
Lokaverkefni (10e) er unnið á lokamisseri þar sem stúdent fær tækifæri til að dýpka enn frekar þekkingu sína á sérsviði eða öðrum afmörkuðum þáttum sem tengist uppeldi, námi og kennslu í leikskóla.
Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=520000_20096&kennsluar=2009
Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=530000_20096&kennsluar=2009
Leikskólakennarafræði, viðbótarnám, 30 e
Leikskólakennurum sem brautskráðust frá Fósturskóla Íslands gefst kostur á að fá fyrra nám sitt metið til eininga og útskrifast með B.Ed.-gráðu, að afloknu 30e viðbótarnámi. B.Ed.-gráða veitir aðgang að meistaranámi.

Nemendur skrá sig á aðra hvora eftirfarandi námsleið:
Leikskólakennarafræði, staðnám, B.Ed., 180e
Leikskólakennarafræði, fjarnám, B.Ed., 180e

Þar fá nemendur metnar 150e fyrir próf frá Fósturskóla Íslands. Nemendur skulu taka fram í viðbótarupplýsingum í umsókn sinni að þeir hafi lokið prófi frá Fósturskóla Íslands.

Nemendur ljúka eftirfarandi námskeiðum:
Talað mál og ritað 10e
Aðferðafræði og menntarannsóknir 6e
Lokaverkefni til B.Ed.- prófs 10e
Upplýsingatækni og miðlun 4e EÐA Valnámskeið 5e

Sjá. skipulag námsins - fjarnám
Sjá, skipulag námsins - staðnám

Kennslufræði (til kennsluréttinda)
**Brautarstjóri**: Hróbjartur Árnason (hrobj@hi.is)

**Eftirfarandi námsleið er í boði í grunnnámi**:
Kennslufræði, diplóma á bakkalárstigi, 60 e
Kennslufræði, grunndiplóma, 60 e
**Kennslufræðinám fyrir starfsgreina-, verkgreina- og listgreinakennara**

Diplómanám í kennslufræði á grunnstigi er ætlað fólki sem vill undirbúa sig undir kennslu í sínu fagi í framhaldsskóla eða grunnskóla. Námið byggir ofan á fyrri menntun og reynslu í viðkomandi fagi, og bæta nemendur við sig kennslufræði með það fyrir augum að geta skipulagt og stutt við nám nemenda.

**Inntökuskilyrði**
Umsækjendur skulu uppfylla ákvæði Laga nr. 87. 12. júní 2008 um fullgilt lokapróf í iðngrein (meistarabréf), listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði.

**Námsfyrirkomulag**
Námið er skipulagt með verðandi faggreinakennara í framhaldsskólum eða efstu bekkjum grunnskólans í huga. Um er að ræða 60 námseininga (ECTS) nám sem svarar til eins árs náms. Námið er skipulagt sem eins árs nám en nemendur geta lagað námshraða að aðstæðum sínum.

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu, skilning og færni til að starfa sem kennari, hafi fræðilega og hagnýta þekkingu á því hvernig fólk lærir og geti beitt þekkingunni í starfi. Einnig að þeir öðlist kunnáttu og færni í að vekja áhuga nemenda, í framsetningu námsmarkmiða, skipulagningu náms og kennslu, vali námsefnis, beitingu kennsluaðferða, notkun kennslugagna og geti metið eigin verk og nemenda sinna.

Háskólinn býður upp á námið með sveigjanlegu formi. Staðlotur (2 - 3 heilir dagar) eru í upphafi misseris og um mitt misserið. Þar fyrir utan er námið stundað með aðstoð Internetsins. Einnig er boðið upp á reglulegar kennslustundir seinni part dags fyrir þá sem þess óska. Þá er hluti námsins þannig skipulagðir að nemendur mæta reglulega í tilgreindan grunnskóla eða framhaldsskóla s.k. "heimaskóla" bæði til að vinna námsverkefni og til æfingakennslu. Þetta á einkum við um námskeiðið "Kennsla starfsgreina og fagmennska kennara" sem nemendur taka að jafnaði á síðasta misserinu.

Námið fer fram að miklu leyti með stuðningi tölvutækninnar og er því nauðsynlegt að nemendur hafi sjálfir aflað sér ákveðinnar grunnfærni í tölvunotkun.

Um námið
Námið skiptist í 40 e í kjarna og 20 e valnámskeið.

**KJARNANÁMSKEIÐ:**
- Kennslufræði starfsgreina (10e)
- Námskrá, námsefnisgerð og námsmat (10e)
- Rannsóknir, ritun og fræðileg vinnubrögð (5e)
- Einstaklingsmunur, námsörðugleikar og kennsla í margbreytilegum nemendahóp (5e)
- Kennsla starfsgreina og vettvangsnám(10e)

**VALNÁMSKEIÐ**
Valnámskeið sérstaklega ætluð starfsmenntakennurum. Framboð er háð því að næg þátttaka sé í námskeiðin, námskeiðin eru í boði annað hvert ár.
- Tengsl atvinnulífs og skóla
- Fullorðnir námsmenn, fræðsla samstarfsfólks, foreldrasamstarf og símenntun

**ÖNNUR MÖGULEG VALNÁMSKEIÐ ÚR GRUNNDEILD**
Mikilvægt er að nemendur velji námskeið sem tengjast væntanlegum starfsvettvangi þeirra.

Haust 2009
- Myndgerð, ritun og nýmiðlun 10e
- Lífsleikni í grunnskólastarfi 10e
- Náttúran sem uppspretta sköpunar 10e
- Leiklist, sögur og frásagnir 10e (2Ve)

Vor 2010
- Tónlist, leiklist og dans: Grunnur 10e (2Ve)
- Leirmótun og listasaga 10e
- Að kenna um hita, loft, vatn og veður 10e (2Ve)
- Kennari á Netinu 10e
- Leikur og tækni 10e (2Ve)
- Útsaumur og hugmyndavinna 10e (2Ve)
- Félagsfræði og skólasaga 10e
- Heimspeki og hugmyndasaga 10e

**EINNIG**

- GLF042G Agi, samskipti og stjórnun í bekkjarkennslu 5 e Haust
- GLF027G Áföll í nemendahópnum 5 e Haust
- GLF028G Gagnrýnin hugsun 5 e Haust
- GLS087G Hvað er gríma? Grímugerð 5 e Haust
- GLF045G Lesið í skóginn og tálgað í tré 5 e Haust
- GLF024G Lýðheilsa og heilsuefling 5 e Haust
- GLF054G Samvirkt nám 5 e Haust
- GLF029G Skapandi hugsun 5 e Haust
- GLF046G Útinám og útikennsla 5 e Haust

- GLF047G Bekkjarkennarinn - Umsjónarkennarinn 5 e Vor
- GLS026G Framsögn og leikræn tjáning 5 e Vor
- GLF005G Kennsla barna með íslensku sem annað mál 5 e Vor
- GLF022G Kvikmyndun í skólastarfi 5 e Vor
- GLF051G Lífsleikni - Jafnrétti 5 e Vor
- GLF020G Markmið, námsferli og námsmat 5 e Vor
- GLF015G Stuðningur við jákvæða hegðun 5 e Vor
- GLF018G Umhverfismennt fyrir grunnskóla 5 e Vor
- GLF032G Þrívíddarhönnun með Pródesktop 5 e Vor
- GLF019G Þroskafrávik barna 5 e Vor

**MÖGULEG NÁMSFRAMVINDA**

TVÖ DÆMI (háð framboði námskeiða)

**Námið tekið á einu ári**

==HAUST==
(kjarni) Kennslufræði starfgreina (10e)
(kjarni) Ransóknir, ritun og fræðileg vinnubrögð (5e)
(kjarni) Einstaklingsmunur, námsörðugleikar og kennsla í margbreytilegum nemendahóp (5e)
(Val) Fullorðnir námsmenn, foreldrasamstarf, fræðsla samstarfsfólks og símenntun (5e)
... og/eða önnur valnámskeið í grunndeild (5-10e)

==VOR==
(kjarni) Námskrá starfsgreina, námsefnisgerð og námsmat (10e)
(kjarni) Kennsla starfsgreina og fagmennska kennara (10e)
(Val) Tengsl atvinnulífs og skóla (5e)

... og/eða önnur valnámskeið í grunndeild (5-10e)

**Námið tekið á tveimur árum**

==FYRRA HAUSTIÐ==
(kjarni) Kennslufræði starfs (10e)
(kjarni) Ransóknir, ritun og fræðileg vinnubrögð (5e)

FYRRA VORIÐ
(kjarni) Námskrá starfgreina, náms-efnisgerð og námsmat (10e)
... og valnámskeið í grunndeild (amk. 5e)

==SEINNA HAUSTIÐ==
(kjarni) Einstaklingsmunur, námsörðugleikar og kennsla í margbreyti¬legum nemendahóp (5e)
(Val) Fullorðnir námsmenn, foreldrasamstarf, fræðsla samstarfsfólks og símenntun (5e)
... og /eða önnur valnámskeið í grunndeild (amk. 5e)

==SEINNA VORIÐ==
(kjarni) Fagmennska kennara (10e)
(Val) Tengsl atvinnulífs og skóla (5e)
... eða önnur valnámskeið í grunndeild

Sjá skipulag námsins.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=550000_20096&kennsluar=2009
Allar námsleiðir grunnnáms
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=G&id_deild=42
Öll námskeið grunnnáms
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=42&namsstig=0
Valnámskeið grunnnáms
Sameiginleg valnámskeið kennaradeildar eru 5 einingar. Kennsluskipulag er sveigjanlegt, blanda af stað- og fjarnámi. Námskeiðin fá tíma á stundaskrá á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum, en skipulagið verður nánar kynnt í kennsluáætlun hvers námskeiðs:

Sjá lista yfir öll valnámskeið grunnnáms í kennaradeild

Ákveðin kjörsviðsnámskeið, 10 einingar, er tilvalið að taka í frjálsu vali, í stað- eða fjarnámi:

Sjá lista yfir kjörsviðsnámskeið sem henta sem valnámskeið

Sjá lista yfir öll námskeið grunnnáms í kennaradeild

Nemendum er bent á að í frjálsu vali innan sinna námsleiða má taka námskeið af kjörsviðum, námskeið úr öðrum deildum Menntavísindasviðs, og jafnvel af öðrum sviðum, samkvæmt samkomulagi við brautarstjóra.

Sjá lista yfir öll námskeið grunnnáms í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

Sjá lista yfir öll námskeið grunnnáms í uppeldis- og menntunarfræðideild
Kjörsviðsvalnámskeið
Eftirtalin kjörsviðsnámskeið, 10 eininga, er tilvalið að taka í frjálsu vali, í stað- eða fjarnámi. Kennarar gera ráð fyrir að hluti nemenda sé að taka þau sem valnámskeið. Fáein þessara námskeiða eru með vettvangsnámi, einkum á vorönn. Nemendur sem þau velja verða að gera ráð fyrir því í skipulagi vettvangsnáms síns á misserinu og að það kemur þá til viðbótar vettvangsnámi í grunn- og kjörsviðsnámskeiðum.

**Haust 2009**
Þróun máls og læsis 10e
Bókmenntafræði og kennsla 10e
Tónlist, leiklist og dans í tímans rás 10e
Silfursmíði 10e
Trúarbragðafræði og trúarbragðakennsla 10e
Vistfræði og lífverur 10e
Myndgerð, ritun og nýmiðlun 10e
Lífsleikni í grunnskólastarfi 10e
Enskt mál og menning I 10e
Danskt mál og menning 1 10e
Náttúran sem uppspretta sköpunar 10e
Sagnfræði og sögunám 10e
Leiklist, sögur og frásagnir 10e (2Ve)
Rúmfræði og algebra 10e (2Ve)
Næring, heilsa og lífshættir (10e)

**Vor 2010**
Læsi og lestrarkennsla 10e (2Ve)
Íslenska I: Mál og bókmenntir 10e
Tónlist, leiklist og dans: Grunnur 10e (2Ve)

Leirmótun og listasaga  10e
Félagsfræði fjölskyldna og fjölskyldusaga   10e
Að kenna um hita, loft, vatn og veður  10e (2Ve)
Kennari á Netinu   10e
Leikur og tækni  10e (2Ve)
Enskukennsla fyrir unga byrjendur  10e (4Ve)
Notkun upplýsingatækni í tungumálanámi  10e
Útsaumur og hugmyndavinna  10e (2Ve)
Náttúra, samfélag og listir í leikskóla  10e (2Ve)
Félagsfræði og skólasaga  10e
Heimspeki og hugmyndasaga  10e

Meistaranám

**Meistaranám í kennaradeild er í boði á tveimur námsbrautum**:

Náms- og kennslufræði, M.A. eða M.Ed.- gráða, 120e
Brautarstjóri: Hafþór Guðjónsson (hafthor@hi.is)

Kennslufræði, diplóma á meistarastigi, 60e
Brautarstjóri: Hafdís Ingvarsdóttir (hei@hi.is)

Meistaranám í kennaradeild er rannsóknartengt starfsnám sem felur í sér náin tengsl við starfsvettvang bæði hvað varðar starfsþjálfun og rannsóknir.

Meginmarkmið er að gefa nemendum kost á að dýpka þekkingu sína í náms- og kennslufræði, efla starfshæfni sína og sérhæfa sig á afmörkuðum fræðasviðum.

Inntökuskilyrði: Við inntöku í meistaranám í kennaradeild gildir sú meginregla að umsækjandi hafi lokið fyrstu háskólagráðu (B.Ed.-, B.A.- eða B.S- prófi) með fyrstu einkunn (7.25).

Nemendur geta skipulagt nám sitt sem fullt nám til tveggja ára eða sem hlutanám sem dreifist á fleiri ár. Skipulag námskeiða er með þeim hætti að námið fer fram bæði á Netinu og í staðbundnum lotum. Í hverju námskeiði eru oftast tvær til þrjár staðbundnar lotur og stendur hver lota yfir í 1-2 daga. Nemendur ættu því að gera ráð fyrir fimm til sex dögum í staðbundnar lotur í hverju námskeiði, í sumum tilvikum er gerð krafa um mætingarskyldu. Í mörgum námskeiðum eru málstofur, umræðuhópar og samvinnunám af ýmsum toga og er þá jafnan ætlast til virkrar þátttöku nemenda. Nánari upplýsingar um námskröfur og þátttöku er að finna í námskeiðslýsingum.

Meistaranám veitir rétt til að sækja um doktorsnám.

Náms- og kennslufræði

**Brautarstjóri**: Hafþór Guðjónsson (hafthor@hi.is)

**Eftirfarandi námsleiðir eru í boði**:
Náms- og kennslufræði, M.Ed., 120e
Náms- og kennslufræði, M.A., 120e

**Um brautina**
Megintilgangur námsins er að nemendur dýpki þekkingu sína í náms- og kennslufræði, efli starfshæfni og sérhæfi sig á afmörkuðum fræðasviðum.

Nemendur ljúka 120 eininga námi til M.A.- eða M.Ed.- gráðu með áherslu á ákveðna sérhæfingu þ.e. nemendur velja sér ákveðið kjörsvið. Á sumum kjörsviðum eru gerðar kröfur um að nemendur hafi sérhæft sig að vissu marki áður en þeir hefja nám á sviðinu. Nánari upplýsingar um slíkar forkröfur er að finna í lýsingum á einstökum kjörsviðum.

Einnig er hægt að ljúka 60 eininga námi með diplóma, þá þurfa nemendur að ljúka a.m.k. 30 einingum af því kjörsviði sem þeir velja sér, þar með talin skyldunámskeið kjörsviðsins.

Náms- og kennslufræði, M.Ed., 120 e

**Umsjónarmaður námsleiðar:** Hafþór Guðjónsson (hafthor@hi.is)

Námið er starfstengt meistaranám sem lýkur með M.Ed.- gráðu. Námið hentar þeim sem vilja dýpka þekkingu sína í náms- og kennslufræði og sérhæfa sig á tilteknum sviðum kennslu.

**Kjarni**
Allir nemendur þurfa að ljúka námskeiði í aðferðafræði rannsókna 10e og lokaverkefni M.Ed. 20e. Auk þess velja nemendur tvö af eftirtöldum þremur námskeiðum:
Kenningar í félagsfræði og heimspeki menntunar 10e
Kenningar um nám barna og fullorðinna 10e
Rannsóknir og skólastarf 10e
Bjóði kjörsvið upp á námskeið sem telja má sambærilegt við eitt af þessum þremur námskeiðum er heimilt að velja það í staðinn og nægir þá að velja eitt af þessum þremur námskeiðum.

**Kjörsvið**
Nemendur sérhæfa sig með því að velja eitt af eftirfarandi kjörsviðum og þurfa að ljúka a.m.k. 30e á kjörsviðinu til að fá sérhæfinguna viðurkennda:
Íslenska - íslenskukennsla
Kennslufræði og skólastarf

List- og verkmenntun
Mál og læsi
Menntunar- og kennslufræði yngri barna
Nám og kennsla erlendra tungumála
Náttúrufræðimenntun
Stærðfræðimenntun
Upplýsingatækni og miðlun
Almennt er gerð sú krafa að umsækjandi hafi áður lokið a.m.k. 40 einingum á viðkomandi sviði í B.A., B.Ed. eða B.S. námi.

**Sérskipulagt M.Ed.- nám**
Þeir sem þess óska geta valið sérskipulagt M.Ed.- nám í stað kjörsviðs. Þeir skipuleggja nám sitt sjálfir og geta einnig valið námskeið úr öðrum deildum Menntavísindasviðs en einnig námskeið af öðrum fræðasviðum Háskóla Íslands eða öðrum háskólum svo fremi að þau tengist námi og kennslu og fullnægi þeim kröfum sem kennaradeild Menntavísindasviðs setur. Þeir sem velja þessa leið lúta almennum námskröfum um skyldunámskeið en þurfa auk þess að gera námssamning við námsbrautarstjóra í Náms- og kennslufræði. Nánar: Sjá Undirgreinar/sérskipulagt meistaranám.

**Valnámskeið**
Á hverju kjörsviði stendur nemendum til boða eitt eða fleiri valnámskeið. Í sumum tilvikum er um svokallað "bundið val" að ræða en það merkir að nemandi sem skráður er á sviðið verður að velja einhver af valnámskeiðum kjörsviðsins.
Nemandi á tilteknu kjörsviði getur valið námskeið af öðrum kjörsviðum og jafnvel úr öðrum deildum Menntavísindasviðs. Í sumum tilvikum eru þó ákveðnar takmarkanir á slíku vali (sjá lýsingar á einstökum kjörsviðum). Nemendur skyldu líka hafa í huga að sum námskeið setja ákveðnar aðgangskröfur (sjá lýsingar á einstökum námskeiðum undir: Undirkaflar/Skipulag námsins).

Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=611000_20096&kennsluar=2009
Sérskipulagt nám, M.Ed.
Námið er hugsað sem valkostur fyrir þá sem vilja skipuleggja meistaranám sitt með öðrum hætti en kjörsviðin bjóða upp á, til dæmis með því að velja sér námskeið þvert á kjörsvið. Í öllum tilvikum er þess þó krafist að námið sé heildstætt og feli í sér dýpkun. Einnig verða þeir sem velja þennan kost að lúta almennum námskröfum um grunnnámskeið á brautinni Náms- og kennslufræði. Sérskipulagt meistarnám er óháð því hvort nemandi lýkur meistaranámi með M.Ed. eða M.A. gráðu.

**Námssamningur**
Ætlast er til að þeir sem velja sérskipulagt meistaranám geri um það skriflegan samning við námsbrautarstjóra Náms- og kennslufræði brautar þar sem viðkomandi nemandi leggur fram námsáætlun sína og rökstyður hana. Krafan er að námskeið sem valin eru myndi samstæða og röklega heild sem felur í sér fræðilega dýpkun.

**Námslínur / dýpkun**
Á Menntavísindasviði er fjöldi námskeiða sem unnt er að velja úr og setja saman í heillegar námslínur með fræðilegri dýpt. Sjá tengla í námskeiðslista hér að neðan. Sem dæmi um slíkar námslínur / dýpkun má nefna námskrárfræði, námsefnisgerð, námsmat og læsi. Einnig kemur til greina að flétta saman mismunandi efnisþáttum eða tengja einstaka efnisþætti ákveðnum fræða- eða greinasviðum, t.d.:

- Námskrárfræði og námsefnisgerð
- Námsmat í grein eða á greinasviði
- Læsi á tilteknu greinasviði

**Sérskipulagt meistaranám með áherslu á starf og rannsóknir á vettvangi**
Þessi valkostur er sérstaklega hugsaður fyrir þá sem eru að kenna í skóla samhliða náminu. Nemandi sem velur þessa leið beinir athyglinni sérstaklega að eigin vettvangi og eigin kennslu og hannar nám sitt með hliðsjón af þessu. Lokaverkefnið gæti verið rannsókn á eigin kennslu eða hluti af rannsókn eða þróunarverkefni sem viðkomandi er að vinna eða hyggst vinna að á vettvangi skólans
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.

Nánari upplýsingar veitir námsbrautarstjóri Náms- og kennslufræði brautar, Hafþór Guðjónsson, (hafthor@hi.is).
Náms- og kennslufræði, M.A., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Hafþór Guðjónsson (hafthor@hi.is)

Námið er rannsóknartengt meistaranám sem lýkur með M.A.- gráðu. Áhersla er lögð á að koma til móts við mismunandi menntun og reynslu nemenda. Nemendum gefst kostur á að sérhæfa sig í rannsóknum á skólastarfi en einnig að skipuleggja nám sitt út frá eigin forsendum eða áhuga.

**Kjarni**
Til að ljúka M.A. gráðu í náms- og kennslufræði þarf nemandi að fullnægja eftirfarandi kröfum um námskeið:

Skyldunámskeið:
Aðferðafræði rannsókna 10e
Rannsóknarritgerð M.A. 40-50e
Bundið val, lágmark 10e. Nemandi velur a.m.k. eitt af eftirtöldum námskeiðum í aðferðafræði:
Eigindlegar rannsóknaraðferðir I 10e
Megindlegar rannsóknaraðferðir I 10e
Starfendarannsóknir 10e

Bundið val, lágmark 20e. Nemandi velur a.m.k. tvö af eftirfarandi kenninga- og rannsóknarnámskeiðum:
Kenningar í félagsfræði og heimspeki menntunar 10e
Kenningar um nám barna og fullorðinna 10e
Rannsóknir og skólastarf 10e

**Kjörsvið**

Nemendur sérhæfa sig með því að velja eitt af eftirfarandi kjörsviðum og þurfa að ljúka a.m.k. 30e á kjörsviðinu til að fá sérhæfinguna viðurkennda.

Íslenska - íslenskukennsla
Kennslufræði og skólastarf
List- og verkmenntun
Mál og læsi
Menntunar og kennslufræði yngri barna
Nám og kennsla erlendra mála
Náttúrufræðimenntun
Stærðfræðimenntun
Upplýsingatækni og miðlun

**Sérskipulagt M.A. nám**

Þeir sem þess óska geta valið sérskipulagt M.A.- nám í stað kjörsviðs. Þeir skipuleggja nám sitt sjálfir og geta einnig valið námskeið úr öðrum deildum Menntavísindasviðs en einnig námskeið af öðrum fræðasviðum Háskóla Íslands eða öðrum háskólum svo fremi að þau tengist námi og kennslu og fullnægi þeim kröfum sem kennaradeild Menntavísindasviðs setur. Þeir sem velja þessa leið lúta almennum námskröfum um skyldunámskeið en þurfa auk þess að gera námssamning við námsbrautarstjóra í Náms- og kennslufræði. Nánar: Sjá Undirkaflar/sérskipulagt meistaranám.

**Valnámskeið**

Á hverju kjörsviði stendur nemendum til boða eitt eða fleiri valnámskeið. Í sumum tilfellum er um svokallað "bundið val" að ræða en það merkir að nemandi sem skráður er á sviðið verður að velja einhver af valnámskeiðum kjörsviðsins. Að öðru leyti er nemendum frjálst að velja sér námskeið af öðrum kjörsviðum og einnig námskeið úr öðrum deildum Menntavísindasviðs.

Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820025_20096&kennsluar=2009

Sérskipulagt nám, M.A.

Námið er hugsað sem valkostur fyrir þá sem vilja skipuleggja meistaranám sitt með öðrum hætti en kjörsviðin bjóða upp á, til dæmis með því að velja sér námskeið þvert á kjörsvið. Í öllum tilvikum er þess þó krafist að námið sé heildstætt og feli í sér dýpkun. Einnig verða þeir sem velja þennan kost að lúta almennum námskröfum um grunnnámskeið á brautinni Náms- og kennslufræði. Sérskipulagt meistarnám er óháð því hvort nemandi lýkur meistaranámi með M.Ed. eða M.A. gráðu.

**Námssamningur**

Ætlast er til að þeir sem velja sérskipulagt meistaranám geri um það skriflegan samning við námsbrautarstjóra Náms- og kennslufræði brautar þar sem viðkomandi nemandi leggur fram námsáætlun sína og rökstyður hana. Krafan er að námskeið sem valin eru myndi samstæða og röklega heild sem felur í sér fræðilega dýpkun.

**Námslínur / dýpkun**

Á Menntavísindasviði er fjöldi námskeiða sem unnt er að velja úr og setja saman í heillegar námslínur með fræðilegri dýpt. Sjá tengla í námskeiðslista hér að neðan. Sem dæmi um slíkar námslínur / dýpkun má nefna námskrárfræði, námsefnisgerð, námsmat og læsi. Einnig kemur til greina að flétta saman mismunandi efnisþáttum eða tengja einstaka efnisþætti ákveðnum fræða- eða greinasviðum, t.d.:

- Námskrárfræði og námsefnisgerð
- Námsmat í grein eða á greinasviði
- Læsi á tilteknu greinasviði

**Sérskipulagt meistaranám með áherslu á starf og rannsóknir á vettvangi**

Þessi valkostur er sérstaklega hugsaður fyrir þá sem eru að kenna í skóla samhliða náminu. Nemandi sem velur þessa leið beinir athyglinni sérstaklega að eigin vettvangi og eigin kennslu og hannar nám sitt með hliðsjón af þessu. Lokaverkefnið gæti verið rannsókn á eigin kennslu eða hluti af rannsókn eða þróunarverkefni sem viðkomandi er að vinna eða hyggst vinna að á vettvangi skólans

Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.

Nánari upplýsingar veitir námsbrautarstjóri Náms- og kennslufræði brautar, Hafþór Guðjónsson, (hafthor@hi.is).

Kjörsvið: Íslenska - íslenskukennsla

**Oddviti kjörsviðs**: Kristján Jóhann Jónsson (krjj@hi.is)

Markmið sérhæfingarinnar er að nemendur öðlist víðtæka fræðilega þekkingu á málinu, uppruna þess og notkun, jafnt hagnýtri sem fagurfræðilegri, og séu jafnframt vel í stakk búnir að kenna námsgreinina með áhrifaríkum hætti. Jöfn áhersla er lögð á rannsóknir og hagnýtingu í náminu.

Forkröfur: Til þess að geta valið kjörsviðið íslenska - íslenskukennsla skal umsækjandi hafa haft íslensku sem kjörsvið í B.Ed. námi eða annan jafngildan undirbúning.

Skyldunámskeið fyrir þá sem skráðir eru á kjörsviðið::
Stílfræði og textagerð

Bókmenntakennsla
Málrækt og málfræðikennsla

Valnámskeið á sviðinu:
Málvísindi
Íslenska sem annað mál
Ritlist og bókmenntir
Öll námskeiðin eru 10 einingar. Meginregla er að skyldunámskeið eru kennd á hverju ári. Valnámskeið eru alla jafna kennd annað hvert ár. Nemendur af öðrum kjörsviðum í náms- og kennslufræði geta sótt skyldunámskeiðin.

Nánari upplýsingar um námskeiðin, hvenær þau eru kennd og inntak þeirra er að finna undir: Skipulag námsins, Íslenska - íslenskukennsla.
Skipulag námsins - M.Ed.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=611000_20096&lina=4020
Skipulag námsins - M.A.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820025_20096&lina=4183
Kjörsvið: Kennslufræði og skólastarf
**Oddviti kjörsviðs**: Hafdís Guðjónsdóttir (hafdgud@hi.is)

Námið er ætlað þeim sem áhuga hafa á að styrkja fræðilega þekkingu, starfsleikni og fagleg viðhorf til náms og kennslu. Markmiðið er að þátttakendur öðlist skilning á mikilvægum sviðum kennslufræða og skólastarfs.

Um fjölbreytt og sveigjanlegt nám er að ræða þar sem leitast er við að koma til móts við fólk með ólíkan bakgrunn og áhugasvið. Lögð verður áhersla á að kynna rannsóknir á þessu sviði og helstu stefnur og strauma í náms- og kennslufræði, námskrárfræðum, námsefnis- og prófagerð, nýbreytni og skólaþróun. Stefnt er að því að þátttakendur öðlist hæfni til að taka að sér ráðgjöf og leiða þróunarstarf á þessu sviði á vettvangi.

Forkröfur: Kjörsviðið gerir engar forkröfur umfram almenn inntökuskilyrði í meistaranám.

Skyldunámskeið fyrir þá sem eru skráðir á kjörsviðið:
Rannsóknir og skólastarf

Bundið val, nemendur velja a.m.k. tvö af eftirtöldum námskeiðum:

Fjölbreyttir kennsluhættir - einstaklingsmiðað nám
Kennsla í margbreytilegum nemendahópi
Nám og kennsla á 21. öld
Námsefnisgerð og námsefnisgreining
Námskrárfræði: Hvað á að kenna og hvers vegna?
Námsmat og prófagerð
Samskiptafærni - persónuleg samskipti í uppeldisstarfi
Umsjónarkennarinn: Hlutverk og ábyrgð
Stærðfræði fyrir alla
Unglingsárin: Þroski, líðan og skólaganga
Öll námskeiðin eru 10 einingar. Meginregla er að skyldunámskeið eru kennd á hverju ári. Valnámskeið eru alla jafna kennd annað hvert ár. Nemendur af öðrum kjörsviðum í náms- og kennslufræði geta sótt námskeið kjörsviðsins.

Nánari upplýsingar um námskeiðin, hvenær þau eru kennd og inntak þeirra er að finna undir: Skipulag námsins, Kennslufræði og skólastarf.

Skipulag námsins - M.Ed.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=611000_20096&lina=4021
Kjörsvið: List- og verkmenntun
**Oddviti kjörsviðs**: Ólafur Kvaran (olafkvar@hi.is)

Námið er ætlað þeim sem vilja dýpka þekkingu sína á sviði lista, listfræði og verkmenntunar. Markmið námsins er að efla sérþekkingu og færni nemenda og efla skilning þeirra á gildi lista og verkmenntunar í skapandi skólastarfi. Áhersla er lögð á tengsl list- og verkmenntunar við leik-, grunn- og framhaldsskóla og lista- og menningarsöfn.

Námið byggir á sameiginlegum kjarna og síðan er hægt að velja námskeið af fjórum sviðum: ***hönnun og smíði, listfræði, myndmennt og textílmennt***. Ekki þarf að fylgja einu sviði heldur er hægt að velja námskeið þvert á sviðin.

Forkröfur: Kjörsviðið gerir engar forkröfur umfram almenn inntökuskilyrði í meistaranám.

Skyldunámskeið fyrir þá sem skráðir eru á kjörsviðið:
Gildi list- og verkmenntunar - rýnt í rannsóknir og fræði
Lista- og hönnunarsaga
Námskeiðið "Gildi list- og verkmenntunar - rýnt í rannsóknir og fræði 10e" er kenninganámskeið og getur því komið í stað eins af þremur kenninga- og rannsóknanámskeiðum í kjarna.

Bundið val, nemendur velja a.m.k. 4 námskeið af eftirfarandi sviðum:

Hönnun og smíði
Rannsóknir og þróunarvinna í list- og verkgreinum
Útikennsla og græn nytjahönnun

Þrívíddarhönnun, nýsköpun og tölvutæk framleiðsla

Myndmennt
Rannsóknir og þróunarvinna í list- og verkgreinum
Myndlist, náttúra og samfélag
Að upplifa listaverk - læsi og miðlun myndmáls

Textílmennt
Rannsóknir og þróunarvinna í list- og verkgreinum
Kennslugögn í textílmennt
Formsköpun og fatagerð

Listfræði
Rannsóknir og þróunarvinna í list- og verkgreinum
Íslensk og alþjóðleg listasaga frá lokum 19. aldar til nútíma
Söfn og menntun

Öll námskeiðin eru 10 einingar. Meginregla er að skyldunámskeið eru kennd á hverju ári. Valnámskeið eru alla jafna kennd annað hvert ár. Nemendur af öðrum kjörsviðum í náms- og kennslufræði geta sótt námskeið kjörsviðsins.

Nánari upplýsingar um námskeiðin, hvenær þau eru kennd og inntak þeirra er að finna undir: Skipulag námsins, List- og verkmenntun.

Skipulag námsins - M.Ed.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=611000_20096&lina=4022
Skipulag námsins - M.A.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820025_20096&lina=4185
Kjörsvið: Mál og læsi

**Oddviti kjörsviðs**: Hrafnhildur Ragnarsdóttir (hragnars@hi.is)

Mál- og læsiskennsla í einhverju formi er liður í starfi allra kennara á öllum skólastigum. Kjörsviðið ***Mál og læsi*** er ætlað leik- og grunnskólakennurum og öðrum sem hug hafa á að sérhæfa sig á þessu sviði til þess að efla hæfni sína sem almennir kennarar, stefnumótendur eða sérkennarar, og/eða til þess að gerast sérfræðingar í lestri og lestrarörðugleikum, máli, málörvun og frávikum í málþroska.

Við lok sérhæfingarinnar eiga nemendur að:
Hafa staðgóða þekkingu á þeim hugtökum, kenningum, aðferðum og niðurstöðum rannsókna á sviði máls og læsis sem liggja til grundvallar skólastarfi;
Geta nýtt þekkingu sína í starfi á vettvangi, m.a. til þess að meta á faglegan hátt kennsluaðferðir og námsefni, og stöðu einstakra barna og þarfir fyrir aðstoð annarra sérfræðinga:
Vera færir um að leiða og rökstyðja ákvarðanir um kennslu, uppeldistarf og þróunarverkefni í máli og lestri í leik- og grunnskóla án aðgreiningar;
Hafa ígrundað, gagnrýnt og endurskoðað meðvitað eigin sýn á sviðið;
Þekkja og hafa reynslu af að nota helstu leiðir til að afla heimilda og fylgjast með nýungum á sínu fræðasviði, og geta miðlað þeim skýrt og skilmerkilega til ólíkra hópa.

Forkröfur: Kjörsviðið gerir engar forkröfur umfram almenn inntökuskilyrði í meistaranám.

Skyldunámskeið fyrir þá sem eru skráðir á kjörsviðið:
Málþroski og þróun málnotkunar
Mál og lestur
Valnámskeið á sviðinu:
Mál- og lestrarerfiðleikar
Lestur, lesskilningur og ritun: Áherslur í kennslu
Málstofa um þroska, mál og læsi
Lesskilningur og ritað mál á mið- og unglingastigi
Tvítyngi og læsi
Öll námskeiðin eru 10 einingar. Meginregla er að skyldunámskeið eru kennd á hverju ári. Valnámskeið eru alla jafna kennd annað hvert ár. Nemendur af öðrum kjörsviðum í náms- og kennslufræði geta sótt námskeið kjörsviðsins.

Nánari upplýsingar um námskeiðin, hvenær þau eru kennd og inntak þeirra er að finna undir: Skipulag námsins, Mál og læsi.
Skipulag námsins - M.Ed.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=611000_20096&lina=4023
Skipulag námsins - M.A.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820025_20096&lina=4186
Kjörsvið: enntunar- og kennslufræði yngri barna
**Oddviti kjörsviðs**: Jóhanna Einarsdóttir (joein@hi.is)

Námið er ætlað kennurum á leik- og grunnskólastigi og öðrum sem starfa að uppeldi og menntun ungra barna. Markmiðið er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á fræðasviðinu, þekki nýjustu rannsóknir og geti nýtt þessa þekkingu í vinnu með ungum börnum og við stefnumörkun, þróunarstarf og rannsóknir á sviðinu.

Um fjölbreytt og sveigjanlegt nám er að ræða. Boðið er upp á 30 eininga sérhæfingu, þar Einnig geta nemendur valið námskeið af öðrum

sérhæfingum og námsleiðum, svo sem fjölmenningu, menntastjórnun og máli, læsi og lestrarkennslu.

Forkröfur: Kjörsviðið gerir engar forkröfur umfram almenn inntökuskilyrði í meistaranám.

Skyldunámskeið fyrir þá sem eru skráðir á kjörsviðið:
Áherslur og álitamál á sviði náms og kennslu ungra barna

Valnámskeið á sviðinu:
Skapandi nám og kennsla í náttúrufræði og samfélagsgreinum
Þróun stærðfræðihugmynda ungra barna
Rannsóknir með ungum börnum
Leikur og skapandi starf

Öll námskeiðin eru 10 einingar. Meginregla er að skyldunámskeið eru kennd á hverju ári. Valnámskeið eru alla jafna kennd annað hvert ár. Nemendur af öðrum kjörsviðum í náms- og kennslufræði geta sótt námskeið kjörsviðsins.

Nánari upplýsingar um námskeiðin, hvenær þau eru kennd og inntak þeirra er að finna undir: Skipulag námsins, Menntunar- og kennslufræði yngri barna
Skipulag námsins - M.Ed.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=611000_20096&lina=4024
Skipulag námsins - M.A.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820025_20096&lina=4187
Kjörsvið: Nám og kennsla erlendra tungumála
**Oddviti kjörsviðs**: Michael Dal (michael@hi.is)

Meginmarkmið sérhæfingarinnar er að efla fræðilega þekkingu, færni og fagleg viðhorf þátttakenda til náms og kennslu erlendra tungumála þannig að þeir verði betur í stakk búnir til að kenna erlend mál, hvort sem er í grunn- eða framhaldsskólum.

Um er að ræða starfsmiðað og rannsóknartengt nám. Leitast er við að gera námið fjölbreytt og sveigjanlegt og koma til móts við fólk með ólíkan bakgrunn. Lögð verður áhersla á að kynna rannsóknir á sviði kennslu- og uppeldisfræði erlendra tungumála, kenningar um tungumálanám og þróunarstarf. Fjallað er um færniþættina fjóra út frá ýmsum sjónarhornum, nýbreytni í kennslu og námsmat, fjarnám í tungumálakennslu og notkun upplýsingatækni í tungumálanámi.

Forkröfur: Til þess að geta valið kjörsviðið skal umsækjandi hafa haft dönsku eða ensku sem kjörsvið í B.Ed. námi eða lokið B.A. prófi í a.mk. einu tungumáli eða hafa annan jafngildan undirbúning.

Bundið val fyrir þá sem eru skráðir á kjörsviðið, nemendur velja þrjú af eftirtöldum námskeiðum:
Læsi og leshömlun í tungumálanámi
Námsmat og þróunarstarf í tungumálanámi
Ritun í tungumálanámi
Upplýsingatækni og fjarnám í tungumálanámi

Einnig er eftir nánari samkomulagi hægt að taka námskeið á meistaranámsstigi á hugvísindasviði í deild erlendra tungumála.

Öll námskeið eru 10 einingar. Meginregla er að skyldunámskeið eru kennd á hverju ári. Valnámskeið eru alla jafna kennd annað hvert ár. Nemendur af öðrum kjörsviðum í náms- og kennslufræði geta sótt námskeið kjörsviðsins.

Nánari upplýsingar um námskeiðin, hvenær þau eru kennd og inntak þeirra er að finna undir: Skipulag námsins, Nám og kennsla erlendra tungumála.
Skipulag námsins - M.Ed.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=611000_20096&lina=4026
Skipulag námsins - M.A.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820025_20096&lina=4188
Kjörsvið: Náttúrufræðimenntun
**Oddviti kjörsviðs**: Allyson Macdonald (allyson@hi.is)

Meginmarkmið kjörsviðsins er að efla þekkingu og færni þátttakenda í náttúrufræðigreinum og kennslufræðum tengdum þessum greinum, þannig að þeir verði betur í stakk búnir að kenna náttúrufræði, hvort sem er í grunn- eða framhaldsskólum.

Áhersla er lögð á kennslufræði, kenningar um náttúrufræðinám og þróunarstarf en þátttakendum gefst líka færi á að styrkja kunnáttu sína í náttúrufræðigreinum eftir því sem hugur þeirra stendur til.

Forkröfur: Námið er einkum hugsað fyrir þá sem lokið hafa B.Ed. prófi með náttúrufræði sem kjörsvið, kennurum af vettvangi með reynslu af náttúrufræðikennslu eða fólki með sambærilega menntun og /eða reynslu.

Skyldunámskeið fyrir þá sem eru skráðir á kjörsviðið:
Hvað segja rannsóknir um náttúrufræðimenntun?
Náttúrufræðin í grunnskólum - lykilþættir, verklegt nám og útikennsla

Bundið val, nemendur velja annað af eftirtöldum námskeiðum:
Stefnur og straumar í náttúrufræðimenntun
Umhverfismennt: Menntun til sjálfbærrar þróunar

Öll námskeið eru 10 einingar. Meginregla er að skyldunámskeið eru kennd á hverju ári. Valnámskeið eru alla jafna kennd annað hvert ár. Nemendur af öðrum kjörsviðum í náms- og kennslufræði geta sótt námskeið kjörsviðsins.

Nánari upplýsingar um námskeiðin, hvenær þau eru kennd og inntak þeirra er að finna undir: Skipulag námsins, Náttúrufræðimenntun.

Skipulag námsins - M.Ed.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=611000_20096&lina=4025

Skipulag námsins - M.A.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820025_20096&lina=4189

Kjörsvið: Stærðfræðimenntun

**Oddviti kjörsviðs**: Freyja Hreinsdóttir (freyjah@hi.is)

Markmið námsins eru að nemendur: öðlist yfirsýn yfir rannsóknir á sviði stærðfræðimenntunar; verði færir um að skipuleggja og stýra þróunarverkefnum á sviði stærðfræðimenntunar; þjálfist í að nýta reynslu af rannsóknum og þróunarverkefnum við skipulagningu stærðfræðikennslu; auki við stærðfræðiþekkingu sína; öðlist innsýn í rannsóknir á stærðfræðimenntun.

Forkröfur: Inntökuskilyrði er að hafa lokið B.Ed. prófi með stærðfræði sem kjörsvið eða öðru því námi sem telst sambærilegt.

Skyldunámskeið fyrir þá sem eru skráðir á kjörsviðið:
Málstofa á sviði stærðfræðimenntunar A: Rannsóknir á stærðfræðimenntun
Málstofa á sviði stærðfræðimenntunar B: Stærðfræðileg hæfni

Bundið val, nemendur velja annað hvort námskeiðið:
Algebra og línuleg algebra
Rauntölur og raunföll

Valnámskeið á sviðinu:
Saga stærðfræðinnar
Öll námskeið eru 10 einingar. Meginregla er að skyldunámskeið eru kennd á hverju ári. Valnámskeið eru alla jafna kennd annað hvert ár. Nemendur af öðrum kjörsviðum í náms- og kennslufræði geta sótt námskeið kjörsviðsins.

Nánari upplýsingar um námskeiðin, hvenær þau eru kennd og inntak þeirra er að finna undir: Skipulag námsins, Stærðfræðimenntun.

Skipulag námsins - M.Ed.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=611000_20096&lina=4027

Skipulag námsins - M.A.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820025_20096&lina=4190

Kjörsvið: Upplýsingatækni og miðlun

**Oddviti kjörsviðs**: Þuríður Jóhannsdóttir (thuridur@hi.is)

Meginmarkmið sérhæfingarinnar er að mennta sérfræðinga sem geta stuðlað að bættu skóla- og fræðslustarfi með aðstoð upplýsingatækni, nýrra miðla og samskiptaleiða. Nemendur öðlast þekkingu og skilning á áhrifum upplýsingabyltingarinnar á nám og skólastarf, samfélag, menningu og lífsstíl. Jafnframt efla nemendur færni sína í notkun Netsins og annarra stafrænna miðla við kennslu og námsefnisgerð.

Áhersla er lögð á samskipti, samvinnu og gagnrýna umræðu og að nemendahópurinn myndi öflugt námssamfélag. Hvatt er til að nemendur sýni frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í verkefnamiðuðu námi, geri vinnu sína aðgengilega og birti hana á ýmsum vettvangi. Námsmat er með fjölbreyttum hætti.

**Vettvangstenging**
Gert er ráð fyrir að um verði að ræða sterk og fjölbreytt tengsl við vettvang, mismunandi eftir áföngum. Um getur verið að ræða styttri vettvangsheimsóknir eða eiginlega vinnu í lengri tíma hluta námstímans, við eigin stofnun ef viðkomandi er í starfi meðfram náminu, og/eða við aðrar stofnanir, fyrirtæki eða samtök. Þar gæti einnig verið um að ræða rafrænan vettvang (t.d. vegna fjar- eða netkennslureynslu). Nemendur munu geta tengt rannsóknir við þessa reynslu bæði með gagnasöfnun á vettvangi og með því að gera athuganir á eigin kennslu og annarra samnemenda. Gert er ráð fyrir að í umræðum um fræði og rannsóknir komi nemendur vettvangsreynslu sinni á framfæri. Stefnt er að því að nemendur miðli hverjir öðrum af reynslu af vettvangi.

Forkröfur: Kjörsviðið gerir engar forkörfur umfram almenn inntökuskilyrði í meistaranám.

Skyldunámskeið fyrir þá sem eru skráðir á kjörsviðið:
Upplýsingatækni í menntun og skólaþróun
Margmiðlun til náms og kennslu
Nám og kennsla á Netinu

Valnámskeið á sviðinu:
Miðlun, menntun og samfélag
Fjarnám og kennsla
Stafræn gjá og tölvur í starfi með fötluðum

Öll námskeiðin eru 10 einingar. Meginregla er að skyldunámskeið eru kennd á hverju ári. Valnámskeið eru alla jafna kennd annað hvert ár. Nemendur af öðrum kjörsviðum geta sótt námskeið kjörsviðsins.

Nánari upplýsingar um námskeiðin, hvenær þau eru kennd og inntak þeirra er að finna undir: Skipulag námsins, Upplýsingatækni og miðlun.

Skipulag námsins - M.Ed.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=611000_20096&lina=4028

Skipulag námsins - M.A.
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820025_20096&lina=4191
Kennslufræði
**Brautarstjóri**: Hafdís Ingvarsdóttir (hei@hi.is)

**Eftirfarandi námsleið er í boði í framhaldsnámi**:
Kennslufræði, viðbótardipglóma, 60 e
Kennslufræði, viðbótardiplóma, 60 e

Diplómanám í kennslufræði á meistarastigi er námsleið sem er sérstaklega skipulögð fyrir þá sem hafa þegar lokið námi í sérgrein sinni til a.m.k. fyrstu háskólagráðu (B.A./B.S.) og vill afla sér kennsluréttinda í sérgrein sinni samkvæmt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennarara og skólastjórnenda.

Skipulag námsins er eftirfarandi:
Kenninganámskeið - bundið val 10 einingar
Kennslufræði - skyldunámskeið 20 einingar
Starfsþjálfun 10 einingar
Valnámskeið í menntunar- og kennslufræði 20 einingar

Sjá nánari upplýsingar um skipulag námsins undir tenglinum 'Um námið'.
Um námið
**Skyldunámskeið**
Skyldunámskeiðin eru þrjú. Þau eru hvert um sig 10 einingar. Kennsla á skyldunámskeiðunum hefst að hausti og lýkur að vori. Þau spanna tvö misseri. Á þessum námskeiðum er lagður grunnur að kennslufræðilegri þekkingu, skilningi og færni kennaranema.

***Skipulag námskeiða og kröfur um mætingu***
- Námskeiðið **Inngangur að kennslufræði** er kennt á mánudagseftirmiðdögum (sjá stundatöflu). Tekið er tillit til fjarnema við skipulag námskeiðsins.
- Námskeiðin **Kennslufræði greina** eru kennd á miðvikudögum eftir hádegi (sjá stundatöflu). Mætingarskylda er í námskeiðin en nemendur sem búa utan höfuðborgarsvæðisins geta stundað námið með fjarnámssniði. Fjarnemar mæta tvisvar á misseri í s.k. staðlotur í húsnæði skólans (skyldumæting).
- Námskeiðið **Kennsla á vettvangi** fer fram í s.k. heimaskólum sem nemendum er úthlutað. Nemendur mæta á þriðjudagsmorgnum í heimaskóla og eru auk þess í starfsþjálfun í u.þ.b. 60 stundir yfir veturinn. Starfsþjálfun fer fram á starfstíma viðkomandi skóla og tekur mið af stundaskrá þeirra.
- Nemendur sem starfa sem leiðbeinendur hafi samband við námsbrautarstjóra einkum vegna fyrirkomulags kennslu í námskeiðinu Kennsla á vettvangi.
- Námsfyrirkomulag **valnámskeiða** getur verið ólíkt frá einu námskeiði til annars og því er mikilvægt að nemendur kynni sér fyrirkomulag, forkröfur og stundaskrá námskeiða áður en þeir skrá sig í þau.

***Inngangur að kennslufræði***
Hér kynnast nemendur hugmyndum og kenningum um kennarastarfið, námskrár, skipulagi náms og kennslu, námsmati og skólaþróun.

***Kennslufræði greina***
Í þessum námskeiðum er lögð áhersla á að aðstoða nema við að efla skilning sinn á starfi fagkennarans og þjálfa hann í að ígrunda eigin afstöðu til náms- og kennslu. Neminn kynnist mismunandi hugmyndum um nám og kennslu á sínu sérgreinasviði og kenningum sem að baki liggja og þjálfast jafnframt í faglegri umræðu um nám og kennslu sérgreinar sinnar.

***Kennsla á vettvangi***
Í þessu námskeiði kynnast nemendur umgjörð og innra starfi skóla. Auk þess fá nemendur nokkra þjálfun í kennslu sinnar greinar. Starfsþjálfun fer fram í grunn- og framhaldsskólum með megináherslu á faggreinakennslu. Þetta er heils árs námskeið og tekur m.a. mið af starfstíma grunn- og framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir umtalsverðri viðveru nemenda í skólum í viku hverri. Starfsþjálfun er skipulögð í samstarfi við valda skóla, heimaskóla og felst m.a. í þátttöku í almennu skólastarfi, aðstoð við kennslu og æfingakennslu. Starfsþjálfunin er tengd námskeiðunum Inngangur að kennslufræði og Kennsla námsgreina og skal því tekin samhliða þeim. Mætingarskylda er í þetta námskeið.

**Bundið val**
Kennslufræði er ein af þeim fjöldamörgu fræðigreinum sem leita mikið til rannsókna og kenninga úr öðrum fræðasviðum. Kennslufræðin sækir mikið til heimspeki, sálfræði og félagsfræði. Af þessum sökum þykir rétt að nemendur í kennsluréttindanámi dýpki þekkingu sína á a.m.k. einu þessara sviða. Nemendur velja því ***annað*** eftirtalinna námskeiða:

- Kenningar um nám barna og fullorðinna
- Kenningar í félagsfræði og heimspeki menntunar

**Valnámskeið í menntunar- og kennslufræði**
Nemendur taka þar að auki 20e í menntunar- og kennslufræði að eigin vali. Í kennsluskrá má finna lista yfir þau námskeið sem koma til greina. Mælt er með því að nemendur velji námskeið af svipaðri sérhæfingu innan kennslufræðinnar til að skapa námi sínu stefnu eða sérhæfingu. Hér fyrir neðan má sjá nokkrar tillögur að samsetningu valnámskeiða.

***Almenn kennslufræði***
Á þessum námskeiðum er farið á dýptina í nokkrum hagnýtum hliðum kennslu. Eftirtalin námskeið má flokka undir almenna kennslufræði og kynnast nemendur þar kenningum, aðferðum og viðhorfum um afmarkaða þætti í starfi kennara.

- Fjölbreyttir kennsluhættir - einstaklingsmiðað nám
- Samskiptafærni - persónuleg samskipti í uppeldisstarfi

- Vinna með fjölbreyttar þarfir einstaklinga og hópa
- Nám og kennsla á 21. öld
- Rannsóknir og skólastarf
- Námsefnisgerð og námsefnisgreining
- Námskrárfræði: Hvað á að kenna og hvers vegna?
- Umsjónarkennarinn, hlutverk og ábyrgð
- Námsmat og prófagerð
- Kennsla í margbreytilegum nemendahópi

***Kennsla í fjölmenningarsamfélagi***
Undanfarin ár hafa kennarar gert sér æ betur grein fyrir mikilvægi þess að geta skipulagt nám og kennslu þannig að hún mæti þörfum nemenda sem hafa ólíka hæfileika, námsnálganir og ólíkan menningarlegan bakgrunn. Þessi námskeið taka sérstaklega á þeirri hlið kennarastarfsins.

- Vinna með fjölbreyttar þarfir einstaklinga og hópa
- Kennslufræði og fjölmenning
- Nemendur með hegðunar- og tilfinningaörðugleika - Viðbrögð og úrræði skólasamfélagsins

***Um Nemandann***
Á þessum námskeiðum er sjónum beint að nemandanum, aðstæðum og þörfum hans. Sum námskeiðanna taka á því hvernig má mæta nemendum með námsörðugleika í kennslunni, önnur snúast um nemandann á tilteknum þroskaskeiðum ævinnar og hvernig þau geta haft áhrif á nám og hegðun.

- Orðræðan um drengi og stúlkur og kyngervi:
- Sýn barna og unglinga á samskipti og samfélag
- Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra
- Áhættuhegðun og seigla unglinga
- Unglingsárin: Þroski, líðan og skólaganga

***Fræðsla fullorðinna og starfsþróun***
Æ fleiri koma að kennslu fullorðinna. Undir það má flokka símenntun innan fyrirtækja, starfsþróun kennara, samstarf kennara við foreldra, kennsla fullorðinna sem snúa aftur í framhaldsskóla ofl. ofl. Þeir sem kenna fullorðnum tala gjarnan um að kennsla fullorðinna sé öðru vísi en kennsla unglinga eða barna. Á þessum námskeiðum er sérstaða þeirra könnuð og nemendur undirbúnir undir að kenna fullorðnum eða skipuleggja nám fyrir þá. Námskeið um nám fullorðinna nýtast líka þeim sem sjá fyrir sér að beita sér í foreldrastarfi eða sem kennsluráðgjafar á öllum skólastigum.

- Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra
- Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum
- Íslenska sem annað mál: Kennslufræði (fullorðnir)
- Konur og karlar sem leiðtogar, frumkvöðlar og stjórnendur
- Fræðslustarf, nýsköpun og atvinnulíf
- Skipulag fræðslu - hæfni á vinnumarkaði

***Fjarkennsla og tæknistudd kennsla***
Framhaldsskólar bjóða nú orðið margir upp á nám sem fer að einhverju leyti fram yfir Netið. Kennslufræðinámskeið af sérsviðinu Upplýsingatækni og miðlun eru kjörinn undirbúningur fyrir fólk sem vill undirbúa sig undir að nýta netið á skapandi hátt við kennslu sína.

- Nám og kennsla á Netinu
- Upplýsingatækni í menntun og skólaþróun
- Miðlun, menntun og samfélag
- Fjarnám og kennsla
- Margmiðlun til náms og kennslu

***Menntunarfræði***
Í menntunarfræðinni er sjónarhornið aðeins breiðara en í kennslufræðinni. Hér er nám og kennsla rannsakað í stærra samhengi.

- Sýn barna og ungmenna á samskipti og sjálf
- Áhættuhegðun og seigla ungmenna
- Menntun og kyngervi: Orðræðan um drengi og stúlkur
- Konur og karlar sem leiðtogar, frumkvöðlar og stjórnendur
- Mat á skólastarfi

***Kennsla greinasviðs***
Fyrir þá sem vilja dýpka þekkingu sína á kennslu sinnar greinar eru nokkur námskeið um kennslu tiltekinna greina í boði. Á sumum þeirra er gerð krafa um ákveðna undirstöðu í greininni.

- Málstofa á sviði stærðfræðimenntunar B: Stærðfræðileg hæfni
- Málstofa á sviði stærðfræðimenntunar A: Rannsóknir á stærðfræðimenntun
- Stærðfræði fyrir alla
- Hvað segja rannsóknir um náttúrufræðimenntun?
- Stefnur og straumar í náttúrufræði
- Umhverfismennt: Menntun til sjálfbærrar þróunar
- Bókmenntakennsla
- Málrækt og málfræðikennsla
- Íslenska sem annað mál
- Íslenska sem annað mál: Kennslufræði (fullorðnir)

- Læsi og leshömlun (dýslexía) í tungumálanámi
- Námsmat og þróunarstarf í tungumálanámi
- Lífsleikni - sjálfið

**Meistaranám í náms- og kennslufræði eða menntunarfræði**
Stúdentar sem lokið hafa 60e diplomanámi í kennslufræðum geta sótt um nám til M.Ed gráðu í náms- og kennslufræði eða í menntunarfræði. Stúdentar geta fengið diplomuna metna sem hluta af meistaranáminu.

1. MVS103F / MVS102F: Aðferðafræði rannsókna 10e
2. Bundið val, stúdentar velja eitt af þessum námskeiðum (sem ekki hafa verið valin í diplómanáminu): 10e
- MVS101F Kenningar í félagsfræði og heimspeki menntunar
- MVS009F Kenningar um nám barna og fullorðinna
- NOK018F Rannsóknir og skólastarf
3. Valnámskeið sem tengjast rannsóknarverkefni 10-20e
4. Rannsóknarverkefni 20-30e

Alls 60 e

Bent er á að einnig er unnt að ljúka meistaragráðu sem tengist faggrein nemanda á öðrum sviðum Háskóla Íslands. Nánari upplýsingar þar um eru hjá viðkomandi deild.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=750000_20096&kennsluar=2009
Mikilvægar dagsetningar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=13509
Öll námskeið meistaranáms
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=42&namsstig=1
Frekari upplýsingar um meistaranám
**Tilhögun meistaranáms á sviðinu**
Hægt er að útskrifast með M.Ed., M.A. eða M.S. gráðu. Námið getur verið skipulagt með mismunandi hætti eftir deildum og námsleiðum en fellur þó alltaf innan ákveðins ramma sem lýst er hér fyrir neðan. Aðferðafræði og lokaverkefni eru sameiginlegar áherslur á öllum námsleiðum, þótt umfang lokaverkefna sé misjafnt og aðferðafræðinámskeið geti verið ólík eftir námsleiðum. Nánari lýsingar og útfærslur eru undir hverri deild í kennsluskrá.

**M.Ed. nám**
Boðið er upp á meistaranám til M.Ed. gráðu í öllum deildum Menntavísindasviðs. Almennt er miðað við að nemendur ljúki a.m.k. 10 einingum í aðferðafræði, t.d. ***Aðferðafræði rannsókna*** og að lokaverkefni sé ekki minna en 20 einingar. Skylda eða bundið val er á öllum námsleiðum. Þar undir falla námskeið um kenningarlegan grunn sem hæfir hverri námsleið og eru þau námskeið að nokkru leyti sameiginleg ólíkum námsleiðum. Hlutfall milli skyldu- og valnámskeiða á sérsviði er misjafnt en almennt er miðað við að nemendur taki ekki minna en 30 einingar á sínu sérsviði. Hvert sérsvið skilgreinir skyldunámskeið.

**M.A. nám**
Boðið er upp á nám til M.A. gráðu í öllum deildum Menntavísindasviðs. Nemendur taka að lágmarki 20 einingar í aðferðafræði (eitt til tvö skyldunámskeið og eitt í bundnu vali). Lokaverkefni er 40 - 60 einingar en almennt er miðað við að samanlagður einingafjöldi lokaverkefnis og námskeiða á sérsviði sé að lágmarki 60 einingar. Skylda eða bundið val samanstendur af námskeiðum um viðeigandi kenningar eða rannsóknarundirbúning (t.d. ***Fræðileg vinnubrögð***).

**M.S. nám**
Nám til M.S. gráðu í íþrótta- og heilsufræði er í boði í Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild. Aðferðafræði er að lágmarki 20 - 30 einingar, skylda/bundið val 10 - 20e, sérsvið/val 20e og lokaverkefni er 60 einingar. Sérhæfing (námsleiðir) eru þrjár, faraldsfræði hreyfingar og þjálfunarlífeðlisfræði, næringarfræði og íþróttasjúkraþjálfun. Námið er í samstafi við Heilbrigðisvísindasvið.

**Meistaraverkefni**
Upplýsingar um meistaraverkefni má nálgast hér.

**Námsmat og hæfni**
Sjá upplýsingar um námsmat á Menntavísindasviði. Í meistaranámi er auk þess tekið mið af hæfni nemenda í:
- meðferð heimilda (framsetningu og notkun)
- miðlun þekkingar í rituðu og töluðu máli
- notkun heimilda í eigin röksemdafærslu
- greinandi framsetningu (frekar en lýsandi)
- öguðum vinnubrögðum, m.a. í afmörkun og framsetningu efnis

## Doktorsnám

Doktorsnám á Menntavísindasviði er þvert á deildir sviðsins. Boðið er upp á tvær námsleiðir til doktorsnáms.

Upplýsingar um doktorsnám á Menntavísindasviði má nálgast hér.
Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=42
Öll námskeið deildarinnar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=42

## Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

**Deildarforseti:**
Erlingur Sigurður Jóhannsson
Netfang: erljo@hi.is

**Varadeildarforseti:**
Anna Sigríður Ólafsdóttir
Netfang: annaso@hi.is

**Verkefnisstjóri:**
Björg Sigurðardóttir
Netfang: bjorgsi@hi.is
Sími: 525 5910
Almennum fyrirspurnum til deildarinnar skal beint til verkefnisstjóra.

**Erindum og fyrirspurnum vegna ákveðinna námsleiða skal beint til viðkomandi námsbrautarstjóra:**

B.S. og B.Ed. nám í íþrótta- og heilsufræðum
Kári Jónsson
Netfang: kaj@hi.is

B.A. og M.Ed. nám í tómstundafræðum
Árni Guðmundsson
Netfang: arni@hi.is

B.A., M.A. og M.Ed. nám í þroskaþjálfafræðum
Vilborg Jóhannsdóttir
Netfang: vjoh@hi.is

M.S. og M.Ed. nám í íþrótta- og heilsufræðum
Anna Sigríður Ólafsdóttir
Netfang: annaso@hi.is

**Þjónustuver Menntavísindasviðs:**
1. hæð við Stakkahlíð - í Múla
105 Reykjavík
Opin virka daga frá kl. 09:00-15:00
Sími: 525-5950
Bréfasími: 525-5599
Netfang: menntavisindasvid@hi.is

**Íþróttafræðasetur að Laugarvatni**
840 Laugarvatn
Sími: 525 5300
Fax: 481 3970

### Grunnnám

**Grunnnám í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild er í boði á þremur námsbrautum**:

Íþrótta- og heilsufræði
Brautarstjóri: Kári Jónsson (kaj@hi.is)

Tómstunda- og félagsmálafræði
Brautarstjóri: Árni Guðmundsson (arni@hi.is)

Þroskaþjálfafræði
Brautarstjóri: Guðrún Stefánsdóttir (gvs@hi.is)

Nám í þroskaþjálfafræði og tómstunda- og félagsmálafræði fer fram við byggingu Menntavísindasviðs HÍ í Stakkahlíð. Nám í íþrótta- og heilsufræði fer fram á Laugarvatni. Þar er vagga íþróttafræðinnar á Íslandi og framúrskarandi aðstaða til náms, rannsókna og kennslu.

Sjá upplýsingar um inntökuskilyrði hér.

Íþrótta- og heilsufræði
**Brautarstjóri**: Kári Jónsson (kaj@hi.is)

**Eftirfarandi námsleið er í boði**:
Íþrótta- og heilsufræði, B.S. - kjörsvið í boði

Einnig er boðið upp á viðbótarnám til B.S. gráðu fyrir þá sem útskrifuðust frá Íþróttakennaraskóla Íslands.

**Grunnnám í íþrótta- og heilsufræði** leggur áherslu á að auka þekkingu nemenda á heilsu, vexti, þroska, hreyfingu og lífsstíl barna og unglinga, sem og fullorðinna og aldraðra. Meðal kennslugreina eru líffæra- og lífeðlisfræði, hreyfingarfræði, næringarfræði, heilsufræði,

félagsfræði, kennslufræði, sálfræði, útivist og ýmsar íþróttagreinar.

Áherslur í B.S. námi miða að því að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði heilsuræktar meðal annars við þjálfun íþróttafólks, þjálfun í heilsuræktarstöðvum, þjálfun aldraðra og við æskulýðs- og félagsmálastörf hjá sveitarfélögum.

Brautin er í alþjóðlegu samstarfi við nokkra háskóla á Norðurlöndum. Almenn nemendaskipti eru í grunnnámi. Einnig er samnorrænt skipti- og útivistarnám. Nemendur í íþrótta- og heilsufræði geta t.d. tekið eins árs nám í útivist sem hluta af grunnnámi. Deildin er aðili að Evrópsku meistaranámi "European master in health and physical activity" og geta nemendur tekið námskeið sem samsvarar 15 e.

Íþrótta- og heilsufræði, B.S., 180 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Kári Jónsson (kaj@hi.is)

Þriggja ára fræðilegt og starfstengt 180 e grunnnám. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Þeim sem hyggja á kennsluréttindi í grunnskóla (300 e) er bent á að tryggja sér eins mikið af einingum í uppeldis- og kennslufræði og hægt er í þriggja ára grunnnámi til að taka með sér í tveggja ára meistaranám (alls fimm ára nám). Það er hefð í íþróttafræðinámi að leggja áherslu á að kenna nemendum að kenna fagið. Þannig er uppeldis- og kennslufræði að miklu leyti samofin faggreinum, einkum í kennslu íþróttagreina.

Öll námskeið byggja á þremur þáttum. Í fyrsta lagi er byggt á fræðilegum grunni og rannsóknum á fagsviðinu, í öðru lagi sköpun og miðlun og í þriðja lagi tengingu við starfsvettvang. Íþrótta- og heilsufræðinám er starfstengt þar sem markviss verkleg kennsla og vettvangsnám er hluti af náminu. Einn af grunnþáttunum í hugmyndafræði námsins er akademískt frelsi nemenda eða aukið sjálfstæði þeirra í námi, námsvali og mótun verkefna og vettvangsnáms.

Kjarni námsins, 100 e, er skylda fyrir alla sem ætla sér að ljúka B.S.-gráðu í íþrótta- og heilsufræðum. Faggreinahlutinn er kenndur í valgreinum. Þar getur nemandi valið frjálst eða tekið sérstök kjörsvið með tilliti til eigin áhuga. Nemendur geta einnig bætt við sig námskeiðum í frjálsu vali úr öðrum námsleiðum ÍTÞ-deildar eða annarra vísindasviða innan HÍ að höfðu samráði við námsbrautarstjóra.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=540010_20096&kennsluar=2009

Kjörsvið: Grunnur í heilsuþjálfun
**Oddviti kjörsviðs**: Gunnhildur Hinriksdóttir (ghinriks@hi.is)

Markmiðið með kjörsviði í heilsuþjálfun er að nemendur hafi:
a) grunnfærni í heilsuþjálfun eftir 30 eininga kjörsvið og geta þá tekið að sér grunnþjálfun almennings,
b) útskrifist sem heilsuþjálfarar eftir 60 eininga kjörsvið og séu þá færir um að taka að sér ýmiss konar einstaklinga í þjálfun og æfingar t.d. "einkaþjálfun", þjálfun eftir meðferð hjá sjúkraþjálfara, geta tekið við einstaklingum sem hafa fengið ávísun á hreyfingu frá lækni/heilsugæslu.

Nemendur eiga þess kost að útskrifast með kjörsvið í heilsuþjálfun eftir 3 ára bakkalárnám með því að velja og standast kröfur í námskeiðum sem talin eru upp á kjörsviðinu.

Nemendur á þessu kjörsviði ljúka eftirfarandi skyldunámskeiðum:
Skipulagning þjálfunar
Þjálfunarlífeðlisfræði
Heilsurækt og frítíminn
Auk þess hafa nemendur frjálst val um a.m.k. 9 einingar. Mælt er með eftirfarandi valnámskeiðum:
Þjálfun aldraðra
Hreyfingafræði og endurhæfing
Klínísk heilsuþjálfun
Þjálfun í vatni
Markaðsfræði og stjórnun
Starfsvettvangurinn í heilsurækt

Kjörsvið: Heilsuþjálfari

**Oddviti kjörsviðs**: Gunnhildur Hinriksdóttir (ghinriks@hi.is)

Markmiðið með kjörsviði í heilsuþjálfun er að nemendur hafi:
a) grunnfærni í heilsuþjálfun eftir 30 eininga kjörsvið og geta þá tekið að sér grunnþjálfun almennings,
b) útskrifist sem heilsuþjálfarar eftir 60 eininga kjörsvið og séu þá færir um að taka að sér ýmiss konar einstaklinga í þjálfun og æfingar t.d. "einkaþjálfun", þjálfun eftir meðferð hjá sjúkraþjálfara, geta tekið við einstaklingum sem hafa fengið ávísun á hreyfingu frá lækni/heilsugæslu.

Nemendur eiga þess kost að útskrifast með kjörsvið í heilsuþjálfun eftir 3 ára bakkalárnám með því að velja og standast kröfur í námskeiðum sem talin eru upp á kjörsviðinu.

Nemendur á þessu kjörsviði ljúka eftirfarandi skyldunámskeiðum:
Skipulagning þjálfunar
Þjálfunarlífeðlisfræði
Heilsurækt og frítíminn
Auk þess geta nemendur tekið námskeiðið Hreyfingafræði og endurhæfing í bundnu vali, og hafa þar að auki frjálst val um a.m.k. 29 einingar. Mælt er með eftirfarandi valnámskeiðum:
Þjálfun aldraðra
Klínísk heilsuþjálfun
Þjálfun í vatni

Markaðsfræði og stjórnun
Starfsvettvangurinn í heilsurækt
Kjörsvið: Íþróttakennsla í grunnskólum

**Oddviti kjörsviðs**: Kári Jónsson (kaj6@hi.is)

Kjörsviðið er einkum ætlað nemum í almennu kennaranámi sem vilja taka íþróttir sem kjörsvið. Til að fá námið fullgilt sem hluta almenns kennaranáms þarf samþykki viðkomandi námsbrautarstjóra.

Markmiðið er að námið styrki undirstöður á sérsviði íþrótta-, líkams- og heilsuræktar sem nýtast í námi til kennsluréttinda í skólum.

Nemendur á kjörsviðinu ljúka skyldunámskeiðinu ***Starfsvettvangur í skólum***, og velja í bundnu vali milli ***Hreyfing og íþróttir barna 2-6 ára*** og ***Sérkennsla og þjálfun fatlaðra***. Sérstaklega er mælt með frjálsu valnámskeiðum ***Íþróttasálfræði*** og ***Útiskóli og hreyfing***.
Kjörsvið: Íþróttakennsla í framhaldsskólum
**Oddviti kjörsviðs**: Kári Jónsson (kaj6@hi.is)

Kjörsviðið er einkum ætlað nemum í almennu kennaranámi sem vilja taka íþróttir sem kjörsvið. Til að fá námið fullgilt sem hluta almenns kennaranáms þarf samþykki viðkomandi námsbrautarstjóra.

Markmiðið er að námið styrki undirstöður á sérsviði íþrótta-, líkams- og heilsuræktar sem nýtast í námi til kennsluréttinda í skólum.

Nemendur á kjörsviðinu ljúka skyldunámskeiðinu ***Starsvettvangur í skólum***, og velja í bundnu vali 20-30 einingar, milli ***Þjálfarinn og starfið, Íþróttasálfræði, Þjálfunarlífeðlisfræði*** og ***Heilsurækt og frítíminnn.*** Sérstaklega er mælt með frjálsu valnámskeiðum ***Íþróttasálfræði*** og ***Útiskóli og hreyfing***.
Kjörsvið: Knattleikjaþjálfun
**Oddvitar kjörsviðs**: Örn Ólafsson (orn@hi.is) og Óskar Þórðarson (oskarth@hi.is)

Markmiðið með kjörsviðinu er að viðkomandi:
auki skilning og þekkingu á almennri þjálfun sem og sérhæfðri þjálfun knattleikja og læri að skipuleggja þjálfun til styttri sem og lengri tíma
auki skilning og þekkingu á því hvað gerist í líkamanum við þjálfun
auki færni sína í knattleikjum
læri kennslufræðilega að þjálfa knattleiki

Nemendur þurfa að lágmarki að taka fimm námskeið á kjörsviðinu, þar af eru þrjú skyldunámskeið (20e) en síðan velja nemendur lágmark þrjú af fimm knattleikjanámskeiðum í bundnu vali (14-17e).

Skyldunámskeið kjörsviðsins eru:
Íþróttasálfræði
Þjálfarinn og starfið
Þjálfunarlífeðlisfræði

Bundin valnámskeið kjörsviðsins eru eftirfarandi:
Knattspyrna I
Knattspyrna II
Blak
Körfuknattleikur I
Handknattleikur

Vegna mismunandi einingarfjölda knattleikjanámskeiðanna þá er stærð kjörsviðsins að lágmarki 34 einingar en að hámarki 37 einingar.
Kjörsvið: Útileiðbeinandi
**Oddviti kjörsviðs**: Smári Stefánsson (smari@hi.is)

Útileiðbeinandi er eitt af tveimur kjörsviðum sem leyfa nemendum að sérhæfa sig í útivist. Kjörsviðið er 30 e.

Útivist er sífellt að aukast í íslensku samfélagi, bæði meðal almennings og ekki síst eru fagaðilar farnir að nota útivist í sínu starfi, t.d. skólar, félagsmiðstöðvar og heilbrigðisstofnanir. Hingað til hefur ekki verið hægt að sækja nám á háskólastigi (hérlendis) fyrir þá sem áhuga hafa á að nota útivist í starfi. Til að styrkja færni og fræðilegan grunn þeirra sem nú þegar, og þeirra sem í framtíðinni munu nota náttúruna og útivist í sínu starfi er nauðsynlegt að koma á fót öflugu námi á þessu sviði.

Markmið námsins er að nemendur:
verði færir um að ferðast um íslenska náttúru á öruggan hátt og geti brugðist við á viðeigandi hátt ef eitthvað fer úrskeiðis
geti skipulagt og framkvæmt styttri og lengri útivistarferðir með hóp
geti notað nærumhverfið til kennslu og uppeldis í skólastarfi
öðlist grunnfærni í vissum greinum útivistar og geti miðlað þeirri færni til annara
öðlist þekkingu á því hvernig nota má náttúruna sem þroskavettvang
auki þekkingu sína á helstu kenningum og rannsóknum sem tengjast útivist
Skyldunámskeið kjörsviðsins eru eftirfarandi:
Útivist og útinám
Ferðatækni og rötun

Þar að auki velja nemendur tvö námskeið í bundnu vali:
Útinám og útikennsla
Útivist - ferðamennska á vatni

Úitvist - klettaklifur
Útiskóli og útihreyfing
Vetrarfjallamennska
Vetraríþróttir

Kjörsvið: Útikennari
**Oddviti kjörsviðs**: Smári Stefánsson (smari@hi.is)

Útikennari er eitt af tveimur kjörsviðum sem leyfa nemendum að sérhæfa sig í útivist. Kjörsviðið er 60 e.

Útivist er sífellt að aukast í íslensku samfélagi, bæði meðal almennings og ekki síst eru fagaðilar farnir að nota útivist í sínu starfi, t.d. skólar, félagsmiðstöðvar og heilbrigðisstofnanir. Hingað til hefur ekki verið hægt að sækja nám á háskólastigi (hérlendis) fyrir þá sem áhuga hafa á að nota útivist í starfi. Til að styrkja færni og fræðilegan grunn þeirra sem nú þegar, og þeirra sem í framtíðinni munu nota náttúruna og útivist í sínu starfi er nauðsynlegt að koma á fót öflugu námi á þessu sviði.

Markmið námsins er að nemendur:
verði færir um að ferðast um íslenska náttúru á öruggan hátt og geti brugðist við á viðeigandi hátt ef eitthvað fer úrskeiðis
geti skipulagt og framkvæmt styttri og lengri útivistarferðir með hóp
geti notað nærumhverfið til kennslu og uppeldis í skólastarfi
öðlist grunnfærni í vissum greinum útivistar og geti miðlað þeirri færni til annara
öðlist þekkingu á því hvernig nota má náttúruna sem þroskavettvang
auki þekkingu sína á helstu kenningum og rannsóknum sem tengjast útivist
Skyldunámskeið kjörsviðsins eru eftirfarandi:
Útivist og útinám
Ferðatækni og rötun
Útinám og útikennsla
Útivist - ferðamennska á vatni
Útivist - klettaklifur
Útiskóli og útihreyfing
Vetrarfjallamennska
Vetraríþróttir
Íþrótta- og heilsufræði, viðbótarnám, 60 e
Íþróttakennurum sem brautskráðust frá Íþróttakennaraskóla Íslands gefst kostur á að fá fyrra nám sitt metið til eininga og útskrifast með B.S.-gráðu, að afloknu 60e viðbótarnámi. B.S.-gráða veitir aðgang að framhaldsnámi.

Nemendur skrá sig á eftirfarandi námsleið:
Íþrótta- og heilsufræði, B.S., 180e

Þar fá nemendur metnar 120e fyrir próf frá Íþróttakennaraskóla Íslands. Nemendur skulu taka fram í viðbótarupplýsingum í umsókn sinni að þeir hafi lokið prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands.

Nemendur ljúka eftirfarandi námskeiðum:

| **Haust** | **Vor** |
|---|---|
| ÍÞH306G Heilsufræði og heilsuefling 10e | ÍÞH405G Þjálfunarlífseðlisfræði 10e |
| ÍÞH503G Næring, heilsa og lífshættir 10e | ÍÞH403G Aðferðafræði rannsókna 10e |
| ÍÞH502G Lokaverkefni: fyrri hluti 2e | ÍÞH603G Lokaverkefni: Seinni hluti 8e |
| ÍÞHXXXG Valnámskeið 10e | |

Nemendur útskrifast með B.S.-gráðu í íþrótta- og heilsufræði.

Nemendur geta valið um að ljúka náminu á einu ári eða á tveimur árum. Kennslan fer fram í sveigjanlegu námi með notkun tölvusamskipta. Mætingaskylda er í verklega þætti námskeiða en slíkt er tekið fram í námskeiðslýsingum. Valgreinar getur nemandi valið af hlaðborði valgreina grunnnáms Menntavísindasviðs er tengjast kennslufræði, sálfræði, næringu eða heilsu og íþróttum á einhvern hátt. Á hverju misseri er boðið upp á nokkur slík námskeið fyrir nemendur á Laugarvatni. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að skrá sig í námskeiðin eftir að þeir hafa verið teknir inn í námið. Upplýsingar um það fást hjá þjónustuveri Menntavísindasviðs í Stakkahlíð.
Eldra nám - skipulag
**Íþrótta- og heilsufræði, B.Ed., 180 e**

Fyrir nemendur sem innrituðust haust 2007 sjá þriðja námsár hér.
Fyrir nemendur sem innrituðust haust 2008 sjá annað og þriðja námsár hér.

**Íþrótta- og heilsufræði, B.S., 180 e**

Fyrir nemendur sem innrituðust haust 2007 sjá þriðja námsár hér.
Fyrir nemendur sem innrituðust haust 2008 sjá annað og þriðja námsár hér.

Tómstunda- og félagsmálafræði
**Brautarstjóri**: Árni Guðmundsson (arni@hi.is)

**Eftirfarandi námsleiðir eru í boði**:
Tómstunda- og félagsmálafræði, staðnám, B.A.
Tómstunda- og félagsmálafræði, fjarnám, B.A.
Tómstunda- og félagsmálafræði, aukagrein, 60 e

Grunnnám í tómstunda- og félagsmálafræði veitir sérþekkingu til starfa á sviði tómstunda- og félagsmála. Í náminu tileinka nemendur sér þekkingu á gildi, þýðingu og hlutverki tómstunda í nútímasamfélagi. Markmiðið er að nemendur fái heildarsýn á þá starfsemi sem fer fram í frítíma fólks á öllum aldri og kynnist menningar- og uppeldishlutverki tómstundastarfs. Megin áherslan í náminu er lögð á starf með börnum og unglingum, á starfsemi á vettvangi frítímans, sem og á starfsemi á vettvangi frítímans.

Tómstunda- og félagsmálafræði, B.A., 180 e
Þriggja ára fræðilegt og starfstengt grunnnám 180 e. Nám í tómstunda- og félagsmálafræði veitir sérþekkingu til starfa á sviði tómstunda- og félagsmála. Í náminu tileinka nemendur sér þekkingu á gildi, þýðingu og hlutverki tómstunda í nútímasamfélagi. Markmiðið er að þeir fái heildarsýn á þá starfsemi sem fer fram í frítíma fólks á öllum aldri og kynnist menningar- og uppeldishlutverki tómstundastarfs.

Meginfræðasvið í námi tómstunda- og félagsmálafræðinga eru tómstundafræði, sálfræði, félagsfræði og siðfræði. Starfsvettvangur tómstunda- og félagsmálafræðinga er mjög fjölbreyttur t.d. félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, ungmennahús, íþróttafélög, grunnskólar, leikskólar, þjónustumiðstöðvar aldraðra og skrifstofur íþrótta- og tómstundamála.

Skipulag námsins - Staðnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=560000_20096&kennsluar=2009

Skipulag námsins - Fjarnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=570000_20096&kennsluar=2009

Tómstunda- og félagsmálafræði, aukagrein, 60 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Árni Guðmundsson (arni@hi.is)

Tómstundafræði er fræðigrein sem fjallar um frítímaþjónustu sem farveg menntunar, menningar, velferðar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku. Inntökuskilyrði er fjögurra ára stúdentspróf eða sambærilegt próf.

Um er að ræða aukagrein til 60 e sem taka má með annarri aðalgrein til 120 e. Ljúka þarf alls 180 e til að útskrifast með B.A.-próf. Gert er ráð fyrir því að nemendur geti lokið aukagreininni á tveimur misserum. Einnig er hægt að taka námið á lengri tíma.

Markmið með náminu er að undirbúa nemendur til starfa á vettvangi frítímans, svo sem í félagsmiðstöðvum, frístundaheimilum/heilsdagsskólum, í félagsstarfi aldraðra eða í öðru félagsstarfi. Námið byggir á tilteknum skyldunámskeiðum en nemendur geta valið ákveðinn fjölda námskeiða m.t.t. þess á hvaða sviði þeir hyggjast starfa. Þannig getur námið nýst í vinnu með ólíkum hópum, s.s. börnum, unglingum, fötluðum, öldruðum og nýbúum.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100409_20096&kennsluar=2009

Þroskaþjálfafræði
**Brautarstjóri**: Vilborg Jóhannsdóttir (vjoh@hi.is)

**Eftirfarandi námsleiðir eru í boði**:
Þroskaþjálfafræði, staðnám, B.A.
Þroskaþjálfafræði, fjarnám, B.A.
Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun

Einnig er boðið upp á viðbótarnám til B.A. gráðu fyrir þá sem útskrifuðust frá Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Grunnnám í þroskaþjálfafræði miðar að því að nemendur öðlist sérfræðiþekkingu og hæfni til þess að veita fötluðu fólki fjölbreytilega þjónustu og ráðgjöf í þeim tilgangi að styðja við fullgilda samfélagsþátttöku þeirra, jafnrétti og lífsgæði á við aðra.

Snemma í náminu gefst nemendum kostur á að sérhæfa sig í starfi með börnum og unglingum eða í þjónustu við fullorðið fólk. Í þroskaþjálfanámi er lögð rík áhersla á að nemendur fái góða þjálfun á væntanlegum starfsvettvangi og kynnist starfi þroskaþjálfa og aðstæðum fatlaðra. Þroskaþjálfar starfa víða í velferðarkerfinu, í skólum og á sérhæfðum vinnustöðum með fólki á öllum aldri.

Þroskaþjálfafræði, B.A., 180 e
Þriggja ára fræðilegt og starfstengt grunnnám 180 e. Nám í þroskaþjálfafræði miðar að því að nemendur öðlist sérfræðiþekkingu og hæfni til þess að veita fötluðu fólki fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf í samfélaginu í þeim tilgangi að styðja við fullgilda samfélagsþátttöku þeirra, jafnrétti og lífsgæði á við aðra.

Meginfræðasvið í námi þroskaþjálfa eru þroskaþjálfafræði, fötlunarfræði, félagsfræði, þroskasálfræði og siðfræði. Í þroskaþjálfafræði gefst nemendum kostur á að tengja ofangreind fræðasvið við væntanlegan starfsvettvang í ljósi starfsábyrgðar og hugmyndafræði fagstéttarinnar í síbreytilegu samfélagi.

Við uppbyggingu námsins er tekið mið af nýjustu stefnum, straumum, rannsóknum og vinnubrögðum í málefnum fatlaðs fólks svo og þeim lögum og reglugerðum sem starfsábyrgð fagstéttarinnar grundvallast á. Leitast er við að gefa nemendum heildarsýn á hlutverk og starfsáherslur þroskaþjálfa á fjölbreytilegum vettvangi málefna fatlaðra.

Viðfangsefni í þroskaþjálfanámi skipast á þrjú svið: Grunnnámskeið 50 e, Þroskaþjálfafræði 70 e og Dýpkun á sviði 60 e.

Í grunnnámskeiðum er lögð áhersla á þau almennu fræðasvið sem sérfræðistarf þroskaþjálfans hvílir á. Í því skyni er fötlunarfræði kynnt sem eitt af meginfræðasviðum þroskaþjálfa.

Í námskeiðum sem falla undir fræðasviðið þroskaþjálfafræði gefst nemendum kostur á að tengja ofangreind fræðasvið við væntanlegan starfsvettvang í ljósi starfsábyrgðar og hugmyndafræði fagstéttarinnar í síbreytilegu samfélagi. Áhersla er lögð á að efla með nemendum þekkingu, viðhorf og færni í því skyni að styðja fatlaða til innihaldsríks lífs, sjálfseflingar og virkari þátttöku í lífi og starfi samfélagsins á eigin forsendum.

Sérstakt kjörsviðsmisseri hefur verið þróað í því skyni að skapa nemendum möguleika til dýpkunar á sviði í samofnu námi fræða og starfsvettvangs. Nemendur geta sérhæft sig, annað hvort í starfi með börnum og unglingum eða í þjónustu við fullorðið fólk. Á völdu kjörsviði er sérstök áhersla lögð á þau þjónustukerfi þar sem viðkomandi markhópur sækir þjónustu. Nemendur leggja grunn að sérhæfingu sinni strax á öðru misseri.

Skipulag námsins - Staðnám

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=580000_20096&kennsluar=2009

Skipulag námsins - Fjarnám

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=590000_20096&kennsluar=2009

Þroskaþjálfafræði, viðbótarnám, 30 e

Þroskaþjálfum sem brautskráðust frá Þroskaþjálfaskóla Íslands gefst kostur á að fá fyrra nám sitt metið til eininga og útskrifast með B.A.-gráðu, að afloknu 30 e viðbótarnámi. B.A.-gráða veitir aðgang að framhaldsnámi.

Nemendur skrá sig á aðra hvora eftirfarandi námsleið:
Þroskaþjálfafræði, staðnám, B.A., 180 e
Þroskaþjálfafræði, fjarnám, B.A., 180 e

Þar fá nemendur metnar 150 e fyrir próf frá Þroskaþjálfaskóla Íslands. Nemendur skulu taka fram í viðbótarupplýsingum í umsókn sinni að þeir hafi lokið prófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Þeir ljúka eftirfarandi námskeiðum:

| **Haust** | **Vor** |
|---|---|
| Aðferðafræði rannsókna í félagsvísindum 10e | Lokaverkefni til B.A.-prófs 10e |
| Valnámskeið 10e | |

Nemendur útskrifast með B.A.-gráðu í þroskaþjálfafræði.

Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun

**Umsjón**: Guðrún V. Stefánsdóttir gvs@hi.is
**Verkefnastjóri**: Ágústa Björnsdóttir agustbjo@hi.is

Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun er 60 eininga námsleið á þroskaþjálfabraut. Um er að ræða tveggja ára starfstengda námsleið sem ætluð er að auka möguleika nemenda til atvinnuþátttöku. Meginmarkmið násmsins er að undirbúa nemendur til afmarkaðra starfa á starfsvettvangi þroskaþjálfa. Um er að ræða fjölbreytileg störf, s.s. starfsfólk á leikskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og á vettvangi fatlaðs fólks.

Námið miðar að því að veita fólki með þroskahömlun möguleika til fullgildrar samfélagsþátttöku. Nemendur stunda nám með öðrum nemendum háskólans og eru með þeim í námskeiðum. Námið er einstaklingsmiðað og er skipulagt út frá þörfum og áhuga hvers nemanda.

Námið byggir á einu grunnámskeiði, ***Menning og miðlun í samfélagi fyrir alla*** (10e), námskeiðum sem nemendur velja í samráði við umsjónarmann námsins (15-30e) og vettvangsnámi (20-30e). Valnámskeiðin miða að því að styrkja nemendur á völdu starfs- og áhugasviði. Sérstök áhersla er lögð á að tengja námið við valinn starfsvettvang og verður það gert í formi fræðslu, leiðsagnar og starfsþjálfunar á vettvangi.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=580010_20096&kennsluar=2009

Þroskaþjálfafræði - mikilvægar dagsetningar

| | | |
|---|---|---|
| | **Haustmisseri 2009** | |
| | 24. - 28. ágúst | Fjarnám 1. misseri, staðlota I |
| | 24. ágúst | Staðnám 1. misseri, kennsla hefst |
| | 31.ágúst - 4. sept. | Fjarnám 3. misseri, staðlota I |
| | 31.ágúst | Staðnám 3. misseri, kennsla hefst |
| | 7. - 12. sept. | Fjarnám 5. misseri, staðlota I |
| | 7. september | Staðnám 5. misseri, kennsla hefst |
| | 19. -23. október | Fjarnám 1. misseri, staðlota II |
| | 26. - 30. október | Fjarnám 3. misseri, staðlota II |
| | 2. - 7. nóvember | Fjarnám 5. misseri, staðlota II |
| | **2. - 18. desember** | **Próf og verkefnaskil** |
| | **Vormisseri 2010** | |
| | 4. - 8. janúar | Fjarnám 2. misseri, staðlota I |

| | | |
|---|---|---|
| | 4. janúar | Staðnám 2. misseri, kennsla hefst |
| | 7. - 13. janúar | Staðnám og fjarnám, 6. misseri, vinna við lokaverkefni |
| | 11. - 15. janúar | Fjarnám 4. misseri, staðlota I |
| | 11. janúar | Staðnám 4. misseri, kennsla hefst |
| | 18. - 22. janúar | Staðnám 6. misseri, lota I |
| | 18. - 22. janúar | Fjarnám 6. misseri, staðlota I |
| | 25. jan. - 26.mars | Staðnám 6. misseri, vettvangsnám |
| | 25. jan. - 26.mars | Fjarnám 6. misseri, vettvangsnám |
| | 22. - 26. febrúar | Staðnám 6. misseri, lota II |
| | 22. - 26. febrúar | Fjarnám 6. misseri, staðlota II |
| | 1. - 5. mars | Fjarnám 2. misseri, staðlota II |
| | 8. - 12. mars | Fjarnám 4. misseri, staðlota II |
| | 15. mars - 7. maí | Staðnám 4. misseri,vettvangsnám |
| | 15. mars - 7. maí | Fjarnám 4. misseri, vettvangsnám |
| | **31. mars - 6. apríl** | **Páskaleyfi** |
| | 19. - 27. apríl | Staðnám 6. misseri, lota III |
| | 19. - 27. apríl | Fjarnám 6. misseri, staðlota III |
| | **29. apríl - 14. maí** | **Próf og verkefnaskil** |

Allar námsleiðir grunnnáms
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=G&id_deild=41

Öll námskeið grunnnáms
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=41&namsstig=0

Valnámskeið grunnnáms
Sjá lista yfir öll námskeið grunnnáms í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

Nemendum er bent á að í frjálsu vali innan sinna námsleiða má taka grunnnámskeið úr öðrum deildum Menntavísindasviðs, og jafnvel af öðrum sviðum, samkvæmt samkomulagi við brautarstjóra.

Sjá lista yfir öll valnámskeið grunnnáms í kennaradeild

Sjá lista yfir öll námskeið grunnnáms í kennaradeild

Sjá lista yfir öll námskeið grunnnáms í uppeldis- og menntunarfræðideild

## Meistaranám

**Meistaranám í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild er í boði á þremur námsbrautum**:

Íþrótta- og heilsufræði
Brautarstjóri: Anna Sigríður Ólafsdóttir (annaso@hi.is)

Tómstunda- og félagsmálafræði
Brautarstjóri: Árni Guðmundsson (arni@hi.is)

Þroskaþjálfafræði
Brautarstjóri: Guðrún Stefánsdóttir (gvs@hi.is)

Nám í þroskaþjálfafræði og tómstunda- og félagsmálafræði fer fram við byggingu Menntavísindasviðs HÍ í Stakkahlíð. Meistaranám í íþrótta- og heilsufræði fer að mestu fram í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ, en nokkur námskeið eru kennd í húsakynnum Heilbrigðisvísindasviðs HÍ.

Meistaranám byggist að stórum hluta á sjálfstæðum lestri og verkefnum þar sem reynir á gagnrýna hugsun og ályktunarhæfni. Ætlast er til að nemendur hafi vald á lestri heimilda á erlendum málum (einkum ensku og Norðurlandamálum) og að þeir geti nýtt fjölbreyttar leiðir upplýsingasamfélagsins í öflun og miðlun þekkingar. Gerðar eru kröfur um frumkvæði, gagnrýna hugsun, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í samvinnu.

Sjá upplýsingar um inntökuskilyrði hér.

Íþrótta- og heilsufræði
**Brautarstjóri**: Anna Sigríður Ólafsdóttir (annaso@hi.is)
**Eftirfarandi námsleiðir eru í boði**:
Íþrótta- og heilsufræði, M.Ed.
Íþrótta- og heilsufræði, M.S.

Meistaranámi í íþrótta- og heilsufræði er ætlað að gefa þeim sem lokið hafa B.Ed.-gráðu eða B.S.-gráðu í íþróttafræði eða skyldum fögum þar sem áhersla er lögð á íþróttir og/eða heilsu kost á að dýpka þekkingu sína á ákveðnu fræðasviði og styrkja þá sem fagmenn og rannsakendur í starfi. Námið eykur möguleika á ánægju, sjálfstrausti og fjölbreytni í starfi. Nemendur öðlast aukna þekkingu og færni í aðferðafræði og menntunarfræði og sérhæfa sig auk þess á sviði íþrótta- og heilsufræði.

Í náminu er lögð áhersla á að auka þekkingu og færni nemenda í fræðilegum vinnubrögðum sem tengjast þróunarstarfi og rannsóknum.

Meðal kennslugreina eru aðferðafræði, þjálfunarlífeðlisfræði, faraldsfræði hreyfingar, líkamssamsetning og matsaðferðir, öldrun og hreyfing,íþróttir og næring og vöxtur, þroski og hreyfing barna.

Tvær námsleiðir eru í boði, M.Ed. og M.S.:
- M.Ed. nám er starfstengt meistaranám, þar sem áhersla er lögð á dýpkun í gegnum námskeið, eða sem nemur 80 - 100 e og lokaverkefni er 20-40 e.
- M.S. nám er rannsóknartengt meistaranám, 60 e rannsóknarverkefni og 60 e í námskeiðum.

Meistaranám í íþrótta- og heilsufræði er samstarfsverkefni íþrótta- og heilsufræðideildar Menntavísindasviðs og Heilbrigðisvísindasviðs.

Brautin er í alþjóðlegu samstarfi við nokkra háskóla á Norðurlöndum. Almenn nemendaskipti eru í grunnnámi. Einnig er samnorrænt skipti- og útivistarnám. Nemendur í íþrótta- og heilsufræði geta t.d. tekið eins árs nám í útivist sem hluta af grunnnámi. Deildin er aðili að Evrópsku meistaranámi "European master in health and physical activity" og geta nemendur tekið námskeið sem samsvarar 15 e.

Íþrótta- og heilsufræði, M.Ed., 120 e

Tveggja ára framhaldsnám, 120 e, starfstengt og fræðilegt, þar sem áhersla er lögð á dýpkun þekkingar í gegnum námskeið. Námið skiptist í 10-20 e aðferðafræði, 20 e skyldu/bundið val, 40-70 e í námskeiðum að eigin vali (sérsvið) og 20-40 e lokaverkefni.

Valnámskeið má velja úr öllum deildum Menntavísindasviðs í námskeiðum í framhaldsnámi. Einnig er hægt að velja námskeið af öðrum sviðum með samþykki leiðbeinanda og/eða deildar.

**Markhópur:** Námið er ætlað fólki sem stefnir að störfum við íþróttaþjálfun, kennslu, æskulýðstörf eða öðru sambærilegu á sviði heilsuuppeldis og menntunarfræða.

**Tilgangur og markmið:** Að auka þekkingu og færni íþróttafræðinga, kennara og heilsuþjálfara á sviði heilsufræði, líkamsþjálfunar, menntunarfræða og æskulýðsmála og auka þekkingu og færni í rannsóknum og akademískum vinnubrögðum. Markmið M.Ed. námsins er einning að gefa fólki kost á að dýpka þekkingu sína í uppeldis- og menntunarfræði, efla starfshæfni og sérhæfa sig á afmörkuðum fræðasviðum.

**Forkröfur, inntökuskilyrði og umsóknarfrestur:** Ætlast er til að nemendur hafi fyrstu háskólagráðu í íþróttafræði, sjúkraþjálfun, heilsuþjálfun, kennslu eða öðrum skyldum greinum. Grunnskólakennarar af heimilisfræðikjörsviði eða íþróttakjörsviði eða sambærilegt geta einnig sótt um.

**Skipulag og tilhögun námsins:** Nemendur sækja námskeið og vinna að lokaverkefni. Námið er sveigjanlegt þ.e. blanda af fjarnámi og staðbundnu námi. Almennt byrja námskeið með staðbundinni lotu í upphafi hvers misseris, auk staðbundinnar kennslu ákveðna daga vikunnar eða í lotum. Skipulag námsins miðast við þá sem vilja stunda fullt nám en einnig er unnt að dreifa náminu yfir lengra tímabil (3-4 ár).

Sjá Skipulag náms hér fyrir neðan, og frekari upplýsingar í Um námið.

Um námið

**Innihald náms**

**Námskeið í aðferðafræði:** Nemendur velja tvö af eftirfarandi þremur námskeiðum eða önnur sambærileg námskeið í aðferðafræði:
Megindleg aðferðafræði (10 e)
Eigindleg aðferðafræði (10 e)
Starfsendarannsóknir (10 e)

**Valnámskeið:** Námskeið í frjálsu vali má nýta til að styrkja hvort heldur er, sérsvið eða sérhæfingu til rannsóknarstarfa svo sem með viðbótarnámi í aðferðafræði.

Dæmi um námskeið sem eru í boði, sjá lista hér.

**Ritgerðavinna**: Rannsóknarverkefni er í öllum tilvikum einstaklingsverkefni. Val verkefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans í samráði við leiðsögukennara og leiðsagnarnefnd hans. Nemendur fylgja ákveðinni námsframvindu sem er samsett af tveimur verkáætlunum, tveimur málstofurmog málþingi. Nánari tímaramma og innihald einstakra þátta er gefið upp við byrjun náms.
Hluti af vinnu við ritgerð er þátttaka í málstofu þar sem nemendur koma saman, greina frá eigin verkefni og fjalla um verk annarra á efnislegan og gagnrýninn hátt. Meistaranemum er skylt að taka þátt í að minnsta kosti tveimur málstofum á námstímanum. Einnig verða óformlegar málstofur í boði.

Frekari upplýsingar um skipulag og innihald námsins má fá hjá námsbrautarstjóra, Dr. Önnu Sigríði Ólafsdóttur (annaso@hi.is).

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=630000_20096&kennsluar=2009

Íþrótta- og heilsufræði, M.S., 120 e

Tveggja ára framhaldsnám, 120 e, starfstengt og fræðilegt, þar sem sérstök áhersla er lögð á rannsóknir. Námið skiptist í 20 e aðferðafræði, 20 e skyldu/bundið val (þjálfunarlífeðlisfræði og faraldsfræði hreyfingar), 20 e í námskeiðum að eigin vali (sérsvið) og 60 e lokaverkefni. Einnig er hægt að velja námskeið af öðrum sviðum með samþykki leiðbeinanda og/eða deildar.

**Í rannsóknartengdu meistaranámi er mikilvægt að stúdentar velji námskeið í samræmi við rannsóknarverkefni og í samvinnu við leiðsögukennara.**

Nám í íþrótta- og heilsufræði til M.S. gráðu við Menntavísindasvið er í samstarfi við Heilbrigðisvísindasvið HÍ.

**Markhópur:** Fólk sem stefnir að störfum við íþróttaþjálfun, sjúkraþjálfun, heilsuþjálfun eða öðrum sambærilegum störfum á heilbrigðis- og menntasviði.

**Tilgangur og markmið:** Að auka þekkingu og færni íþróttafræðinga, sjúkraþjálfara og heilsuþjálfara, á sviði heilsufræði, heilsuverndar og öruggrar líkamsþjálfunar og auka þekkingu og færni í rannsóknum og akademískum vinnubrögðum á fræðasviðinu. Sjá einnig: http://www.laeknadeild.hi.is/page/reglurMSlaek

**Forkröfur, inntökuskilyrði og umsóknarfrestur:** Ætlast er til að nemendur hafi fyrstu háskólagráðu í íþróttafræði, sjúkraþjálfun, heilsuþjálfun, líffræði eða öðrum skyldum greinum. Grunnskólakennarar af heimilisfræðikjörsviði geta einnig sótt um.

**Skipulag og tilhögun námsins:** Nemendur sækja námskeið og vinna að lokaverkefni. Námið er sveigjanlegt þ.e. blanda af fjarnámi og staðbundnu námi. Almennt byrja námskeið með staðbundinni lotu í upphafi hvers misseris, auk staðbundinnar kennslu ákveðna daga vikunnar eða í lotum. Skipulag námsins miðast við þá sem vilja stunda fullt nám en einnig er unnt að dreifa náminu yfir lengra tímabil (3-4 ár).

Sjá Skipulag náms og Um námið hér fyrir neðan fyrir frekari upplýsingar.

Um námið

Nemendur geta ekki hafið undirbúning rannsóknarverkefnis fyrr en þeir hafa lokið skyldunámskeiðum í aðferðafræði (20 e). Samþykki fyrir námsáætlunum og rannsóknaráætlunum veitir stýrihópur námsins.

Stýrihópur: dr. Anna Sigríður Ólafsdóttir lektor (námsbrautarstjóri), dr. Erlingur Jóhannsson prófessor og dr. Sigurbjörn Árni Arngrímsson dósent. Samstarfsaðilar á öðrum sviðum: dr. Árni Árnason dósent, dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir dósent, dr. Unnur Valdimarsdóttir dósent og dr. Þórarinn Sveinsson dósent öll á Heilbrigðisvísindasviði og dr. Tinna Ásgeirsdóttir lektor á Félagsvísindasviði.

Frekari upplýsingar um skipulag og innihald námsins má fá hjá námsbrautarstjóra, dr. Önnu Sigríði Ólafsdóttur (annaso@hi.is)

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=662000_20096&kennsluar=2009

Meistaranámskeið á brautinni

**Eftirfarandi námskeið eru í boði á íþrótta og heilsubraut:**

Kennt á hverju hausti (skyldufag):
Þjálfunarlífeðlisfræði

Kennt á hverju vori (skyldufag):
Faraldsfræði hreyfingar

Kennt annað hvert haust (valfög):
Öldrun og hreyfing (næst H2009)
Íþróttir og næring (næst H2010)

Kennt annað hvert vor (valfög):
Líkamssamsetning: matsaðferðir og stjórnun hennar (næst V2010)
Vöxtur, þroski og hreyfing barna (næst V2011)

**Athugið að þar fyrir utan er fjöldi námskeiða í öðrum deildum og sviðum í boði sem geta hentað.**

Dæmi um námskeið á öðrum sviðum (listinn er ekki tæmandi):
Lýðheilsunæringafræði (vor)
Lýðheilsa: vísindi, stjórnmál forvarnir (haust; 6 e)
Faraldsfræði - megindleg aðferðafræði (haust; 6 e)
Líftölfræði II (haust; 6 e)
Líftölfræði I (vor; 6 e)
Verklag í vísindum (vor; 4 e)
Áhrifavaldar heilbrigðis - forvarnir (vor; 6 e)
Íþróttir, sjúkdómar og lyf (vor)
Heilsuhagfræði 1 (haust)
Heilsuhagfræði 2 (vor)
Þættir í heilsuhagfræði (vor)
Kostnaðar og nytjagreining (haust)

Tómstunda- og félagsmálafræði

**Brautarstjóri**: Árni Guðmundsson (arni@hi.is)

**Eftirfarandi námsleiðir eru í boði**:
Tómstunda- og félagsmálafræði, M.Ed.

Meistaranám í tómstunda- og félagsmálafræði er ætlað tómstunda- og félagsmálafræðingum sem lokið hafa B.A.-námi. Í náminu öðlast nemendur þekkingu í aðferðafræði og félagsvísindum. Nemendum gefst kostur á að sérhæfa sig annað hvort í stjórnsýslu í störfum tómstunda- og félagsmálafræðinga eða í tómstunda- og félagsmálafræði.

Tómstunda- og félagsmálafræði, M.Ed., 120 e

Tveggja ára nám, 120 e, starfstengt og fræðilegt. Inntökuskilyrði eru bakkalárgráða eða sambærilegt nám á sviði tómstunda- og félagsmálafræði. Nemendur þurfa að taka tvö grunnnámskeið, 20 e, þrjú námskeið í stjórnun, 30 e og minnst 30 e í tómstunda- og félagsmálafræði. Lokaverkefni er 20 e.

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=622000_20096&kennsluar=2009

Þroskaþjálfafræði

**Brautarstjóri**: Guðrún Stefánsdóttir (gvs@hi.is)

**Eftirfarandi námsleiðir eru í boði**:
Þroskaþjálfafræði, M.Ed.
Þroskaþjálfafræði, M.A.

**Um brautina**
Hægt er að ljúka meistaranámi í þroskaþjálfræði með M.Ed eða M.A gráðu. Markmið meistaranáms í þroskaþjálfafræði er að gefa þroskaþjálfum er lokið hafa grunnnámi til B.A.-gráðu eða öðru sambærilegu námi kost á að dýpka þekkingu sína og auka færni á fjölbreytilegum fag- og fræðasviðum.

Í meistaranámi til M.A. gráðu er námið rannsóknartengt og nemendum er gefinn kostur á að sérhæfa sig í rannsóknum á vettvangi fatlaðs fólks.

Í meistarnámi til M.Ed gráðu er námið starfstengt og nemendur geta sérhæft sig á tilteknum sviðum sem eru annars vegar þroskaþjálfafræði með áherslu á stjórnun og forystu og hins vegar með áherlsu á þjónustu við fötluð börn og unglinga eða fullorðna og aldraða.

Í meistaranáminu er lögð áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á helstu stefnum, rannsóknum og kenningum á þeim fræðasviðum er leggja grundvöll að störfum fagstéttarinnar. Þar má sérstaklega nefna fötlunarfræði sem eina meginfræðigrein í námi þroskaþjálfa, en lögð er áhersla á að kynna fyrir nemendum þá fjölþættu umræðu sem nú á sér stað á þessu sviði. Einnig fá nemendur innsýn í fræðilega umfjöllun um fötlun og kynntar verða nýjar íslenskar og erlendar rannsóknir sem tengjast lífi, aðstæðum og reynslu fatlaðs fólks. Þá er leitast við að kynna fyrir nemendum nýjungar í þjónustu við fatlað fólk. Nemendur fá tækifæri til að kynnast afmörkuðum sviðum siðfræðinnar og tengja þau eigin starfsvettvangi. Lögð er áhersla á að tengja fræðilega umfjöllun við íslenskar aðstæður og störf þroskaþjálfa. Nemendur öðlast einnig þekkingu í aðferðafræði og kenningum í félagsvísindum. Í náminu er lögð áhersla á agaða fræðilega umræðu, vísindaleg vinnubrögð og hæfni til þess að leiða umbóta- og þróunarstarf á vettvangi fatlaðs fólks.

Á næsta skólaári verður lögð áhersla á að þróa samstarf við námsleið í fötlunarfræðum til M.A. gráðu á félagsvísindasviði. Nemendur í framhaldsnámi í þroskaþjálfafræðum munu taka eitt skyldunámskeið, ***kenningar og sjónarhorn í fötlunarfræðum***, með nemendum í fötlunarfræðum á félagsvísindasviði næsta skólaár.

Þeir nemendur sem hafa lokið inngangsnámskeiði í aðferðafræði rannsókna (10 e) á B.A. stigi eða sambærilegum námskeiðum þurfa ekki að taka inngangsnámskeiðið Aðferðafræði rannsókna. Í stað þess geta þeir valið sérhæfðari aðferðafræðinámskeið

Nemendur geta skipulagt nám sitt sem fullt nám til tveggja ára eða sem hlutanám sem dreifist á fleiri ár.

Þroskaþjálfafræði, M.Ed., 120 e

Námið er starfstengt meistaranám sem lýkur með M.Ed gráðu. Nemendum gefst kostur á að sérhæfa sig á tveimur sviðum:

**Þroskaþjálfafræði: Stjórnun og forysta**
Þar sem stjórnunarhlutverk fagstéttarinnar á vettvangi félagslegrar þjónustu er í brennidepli. Megintilgangur þessa sviðs er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á einkennum þeirra stofnana velferðarkerfisins sem hafa það hlutverk að veita fötluðu fólki þjónustu og um leið skapa nemendum tækifæri til þess að efla hæfni sína sem framsæknir stjórnendur.

**Þroskaþjálfafræði: þjónusta við börn og unglinga eða fullorðna og aldraða**
Megintilgangur þessarar leiðar er að nemendur öðlist dýpri þekkingu á kenningum, hugmyndum og rannsóknum innan fötlunarfræði bæði í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra og í þjónustu við fullorðið fatlað fólks. Þau sjónarhorn sem einkum eru höfð til hliðsjónar byggja á valdeflingu og sjálfsákvörðunarrétti fatlaðs fólks og fjölskyldna þeirra.

**Uppbygging námsins:**
Skyldunámskeið: lágmark 60 e.
Valnámskeið: allt að 30 e
Lokaverkefni: 30 e

Skipulag námsins

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=621000_20096&kennsluar=2009

Um námið

**Uppbygging námsins**

Skyldunámskeið: lágmark 60 e.
Valnámskeið: allt að 30 e
Lokaverkefni: lágmark 30 e

**Skyldunámskeið**:
- Kenningar og sjónarhorn í fötlunarfræðum (10e)
- Siðfræði í starfi með fötluðum (10e)
- Valdefling og rannsóknir með fötluðu fólki (10e)
- Þróunarstarf , leiðsögn og mat (10e)
- Aðferðafræði rannsókna (10 - 30e)
- Kenningar í félagsfræði og heimspeki (10e).

**Skyldunámskeið fyrir þá sem sérhæfa sig í stjórnsýslu**:
- Forysta í opinberri stjórnsýslu (10e).
- Stefnur og straumar í velferðarkerfinu (10e).

**Valnámskeið**:

- Vinna með fjölbreyttar þarfir einstaklinga og hópa (10 e) ***sérstaklega fyrir þá sem sérhæfa sig í þjónustu við börn***
- Fötlun í menningu samtímans (10 e) ***kennt í fötlunarfræði á Félagsvísindasviði***
- Námskeið þvert á brautir

Sjá skipulag námsins.

Þroskaþjálfafræði, M.A., 120 e

Námið er rannsóknartengt meistaranám og lýkur með M.A. gráðu.

Til að ljúka M.A. gráðu í þroskaþjálfafræði þarf að fullnægja eftirfarandi kröfum:
Skyldunámskeið: lágmark 60 e
Valnámskeið: 10-20e
Lokaverkefni: 40-50 e

Sjá nánar undir skipulag námsins.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820032_20096&kennsluar=2009

Allar námsleiðir framhaldsnáms
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=F&id_deild=41

Öll námskeið framhaldsnáms
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=41&namsstig=1

## Doktorsnám

Doktorsnám á Menntavísindasviði er þvert á deildir sviðsins. Boðið er upp á tvær námsleiðir til doktorsnáms.

Upplýsingar um doktorsnám á Menntavísindasviði má nálgast hér.

Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=41

Öll námskeið deildarinnar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=41

## Uppeldis- og menntunarfræðideild

**Deildarforseti:**
Hanna Ragnarsdóttir, Dr. philos.
Netfang: hannar@hi.is
**Varadeildarforseti:**
Börkur Hansen, Ph.D.
Netfang: borkur@hi.is
**Verkefnisstjóri:**
Anna María Hauksdóttir
Netfang: ah@hi.is
Sími: 525-5906
**Erindum og fyrirspurnum til deildarinnar skal beint til verkefnisstjóra.**
**Þjónustuver Menntavísindasviðs:**
1. hæð við Stakkahlíð - í Múla
105 Reykjavík
Opin virka daga frá kl. 09:00-15:00
Sími: 525-5950
Bréfasími: 525-5599
Netfang: menntavisindasvid@hi.is

### Grunnnám

**Grunnnám í uppeldis - og menntunarfræðideild er í boði á einni námsbraut:**

Menntunarfræði
Brautarstjóri: Ólafur Páll Jónsson (opj@hi.is)
Menntunarfræði
**Brautarstjóri**: Ólafur Páll Jónsson (opj@hi.is)

**Eftirfarandi námsleiðir eru í boði:**
Uppeldis- og menntunarfræði, B.A., 180 e
Alþjóðlegt nám í menntunarfræði, B.A., 180 e

**Um brautina**
Grunnnám í menntunarfræði er á tveimur námsleiðum. Annars vegar Uppeldis- og menntunarfræði til B.A.-prófs þar sem fjallað er um þau fjölmörgu viðfangsefni sem varða þessar greinar auk þess sem lagður er grunnur að fræðilegum og aðferðafræðilegum undirstöðum menntavísinda. Hins vegar Alþjóðlegt nám í menntunarfræði til B.A.-prófs þar sem lögð er áhersla á menntun í alþjóðlegu samhengi, ekki síst fjölmenningu og hnattvæðingu. Alþjóðlega námið fer allt fram á ensku.
Uppeldis- og menntunarfræði, B.A., 180 e

**Umsjónarmaður námsleiðar**:  Guðný Guðbjörnsdóttir (gg@hi.is)

Markmið B.A.-náms í uppeldis- og menntunarfræði er að nemendur hafi öðlast góðan skilning á þeim fræðum sem fást við uppeldi og menntun. Fengist er við spurningar sem tengjast þroska og uppeldi barna og unglinga, samskiptum fólks, sjálfsmyndum, fjölskyldum, skólum, kynferði, menningarlegum margbreytileika, menntun og starfsframa, og  þróun skólakerfa.  Námið felur í sér fjölbreytta grunnmenntun sem undirbýr fólk til starfa á fjölmörgum sviðum uppeldis- félags- og tómstundamála. Námið leggur einnig grunn að fræði- og rannsóknarstörfum á þessum sviðum. Í framhaldi af B.A.-námi í uppeldis- og menntunarfræði geta nemendur haldið áfram á sömu braut og tekið frekara nám á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræði,  eða í greinum eins og náms- og starfsráðgjöf, blaða- og fréttamennsku, opinberri stjórnsýslu, fötlunarfræði, kynjafræði, alþjóðasamskiptum og í kennslufræði með eða án kennsluréttinda, svo nokkur dæmi séu nefnd.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820009_20096&kennsluar=2009
Um námið
Skipulag námsins má skoða hér. Um valnámskeið á námsleiðinni gildir að nemar mega velja grunnnámskeið af Menntavísindasviði og 1-2 námskeið af Félagsvísindasviði. Nemendur á 3. ári mega velja 1-3 námskeið af völdum námskeiðum á meistarastigi uppeldis- og menntunarfræðideildar.

Valnámskeið fyrir B.A.-nemendur í uppeldis- og menntunarfræði skólaárið 2009-2010:

**A. Grunnnámskeið af Menntavísindasviði:**

Grunnskólakennarafræði, B.Ed.
GLF027G Áföll í nemendahópnum
GLF028G Gagnrýnin hugsun
GLF033G Heimurinn af vörum barna
GLF019G Þroskafrávik barna
GLF023G Listir og fjölmenning
GLF015G Stuðningur við jákvæða hegðun

Þroskaþjálfafræði, B.A.
ÞRS206G Inngangur að fötlunarfræði
ÞRS302G Siðfræði og fagmennska
ÞRS504G Tjáskipti í starfi með fötluðum

Tómstunda- og félagsmálafræði, B.A.
TÓS101G Inngangur að tómstundafræði
TÓS201G Lífsleikni
TÓS202G Tómstundir og börn
TÓS401G Tómstundir og unglingar
TÓS403G Viðburða- og verkefnastjórnun
TÓS501G Stjórnun og rekstur
TÓS601G Tómstunda- og félagsmálafræði

**B. Grunnámskeið af Félagsvísindasviði:**
Gert er ráð fyrir því að nemendur taki 1-2 grunnnámskeið af Félagsvísindasviði eða öðrum fræðasviðum Háskóla Íslands sbr. upptalninguna hér að neðan en nemendur eru hvattir til að kynna sér önnur námskeið:

FÉL102G Almenn félagsfræði: Klassískar kenningar og nútímaþjóðfélagið
MAN103G Inngangur að mannfræði
SÁL103G Almenn sálfræði
STJ101G Inngangur að stjórnmálafræði: Íslenska stjórnkerfið
KYN106G Kynjamyndir og kynusli: Inngangur að kynjafræði

**C. Nemar á 3. ári velji 1-3 af eftirfarandi námskeiðum á meistarastigi uppeldis- og menntunarfræðideildar:**

Áhættuhegðun og seigla ungmenna
Hugur, heilsa og forvarnir
Konur og karlar sem leiðtogar, frumkvöðlar og stjórnendur
Menntun og kyngervi: Orðræðan um drengi og stúlkur
Alþjóðlegt nám í menntunarfræði, B.A., 180 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Ólafur Páll Jónsson (opj@hi.is)

Um er að ræða heildstætt alþjóðlegt nám í menntunarfræðum við Menntavísindasvið HÍ.. Með náminu er brugðist við þróun í átt til hnattvæðingar, aukinna fólksflutninga, þróun fjölmenningarlegs samfélags á Íslandi og Bologna-ferlisins, svo nokkuð sé nefnt.

Með náminu opnast ný leið fyrir þá sem hafa áhuga á heildstæðu alþjóðlegra námi í menntunarfræðum og hafa t.d. hug á að starfa í alþjóðlegu skólaumhverfi á Íslandi eða í öðrum löndum. Námið opnar einnig leiðir fyrir stúdenta sem vilja leggja stund á alþjóðlegt nám í menntunarfræðum, með áherslu t.d. á hnattvæðingu og þróun fjölmenningarlegra samfélaga eða áherslu á þróunarfræði og störf í þróunarlöndum.

**Smellið á enska fánann, efst til hægri, til að nálgast ítarlegar upplýsingar um námsleiðina.**
Um námið
Umsjónarmaður námsleiðarinnar er Ólafur Páll Jónsson (opj@hi.is)

**Um námið**
Með brautinni er opnuð ný leið fyrir nemendur sem hafa áhuga á heildstæðu alþjóðlegra námi í menntunarfræðum stefna á að starfa í alþjóðlegu skólaumhverfi á Íslandi eða í öðrum löndum eða á öðrum vettvangi menntunar. Búast má við að innan skamms verði stofnaðir alþjóðlegir skólar/skóladeildir í auknum mæli á Íslandi til að sinna þörfum barna sendiráðsfólks og annars fólks, svo sem íslenskra og erlendra foreldra sem starfa í fyrirtækjum á alþjóðavettvangi. Með náminu eru einnig opnaðar leiðir fyrir stúdenta sem vilja leggja stund á alþjóðlegt nám í menntunarfræðum, með áherslu t.d. á hnattvæðingu og þróun fjölmenningarlegra samfélaga eða áherslu á þróunarfræði og störf í þróunarlöndum.

**Markmið**
Helstu markmið með náminu eru að gefa nemendum kost á að öðlast nokkuð víðtæka alþjóðlega eða fjölmenningarlega sýn í menntunarfræði og á störf kennara í leik- og grunnskólum og víðar. Sveiganleiki námsins miðar að því að gera nemendum kleift að sérhæfa seig á ólíkum sviðum, t.d. í kennslu tungumála, til að taka þátt á þróunarstarfi á erlendum vettvangi, til að vinna að fræðslustörfum meðal innflytjenda á Íslandi eða annars staðar svo dæmi séu nefnd.

**Innihald námsins**
Námið samanstendur af almennum grunnnámskeiðum (Educational settings, Educational research, Academic skills), sérhæfðum grunnnámskeiðum (Globalisation and education, Sociology and history of education, Development and self, Comparative education, Pedagogy, Professionalism) og námskeiðum á sviði sérhæfingar. Öll kennsla fer fram á ensku enda er samsetning námsins og skipulag allt miðað við fjölbreyttan stúdentahóp.

Nemendur geta valið þrjár leiðir í sérhæfingu:
1. Tungumálakennsla
2. Menntun og hnattvæðing
3. Menntun og þróunarfræði

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu þessara námskeiða á ár og námsmisseri:

| B.A. | | Haust | Vor |
|---|---|---|---|
| 1. ár | Almenn/sérhæfð grunnnámskeið<br>60 ECTS | Educational settings<br>Academic skills<br>Educational research | Sociology and history of education<br>Globalisation and education<br>Development and self |
| 2. ár | Tungumál*/sérhæfing<br>60 ECTS | Tungumál (við HÍ eða erlendan samstarfsháskóla) *<br>Önnur sérhæfing | Tungumál (við HÍ eða erlendan samstarfsháskóla) *<br>Önnur sérhæfing |
| 3. ár | Sérhæfð grunnnámskeið | Comparative education studies | Professionalism |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 20 ECTS<br>Sérhæfing 20 ECTS<br>B.A.-verkefni 10 ECTS | Pedagogy<br>Sérhæfing**<br>B.A.-verkefni | Sérhæfing**<br>B.A.-verkefni |

* Nemendur velja tungumálanám að lágmarki 60 ECTS. Nemendur sem ekki hafa Íslensku að móðurmáli mega velja Íslensku sem sitt annað mál.
Að námi loknu er gerð krafa til þess að nemendur séu færir um að tjá sig í ræðu og riti á a.m.k. þremur tungumálum (að móðurmáli þeirra meðtöldu). Nemendur sem uppfylla þetta skilyrði áður en þeir hefja námið geta valið aðra sérhæfingu á 2. og 3. ári.

** Nemendur velja námskeið á B.A.-stigi á því sviði sem þeir vilja sérhæfa sig við HÍ eða námskeið við aðra háskóla. Námskeiðin eru valin í samráði við umsjónarmann námsleiðarinnar.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=730000_20096&kennsluar=2009

Kjörsvið: Language teaching and learning
Overview of courses for specialisation **Language teaching and learning (in international schools):**

1st year. Educational settings, Academic skills, Educational research, Sociology and history of education, Globalisation and education, Development and self.

2nd year. Language/specialisation.

3rd year. Comparative education studies, Pedagogy, Professionalism, Courses within specialisations, B.A. project.

4th and 5th year. Issues in educational research, Theories of sociology and the philosophy of education, Interdisciplinary courses, Master's project.

Kjörsvið: Education and globalisation
Overview of courses for specialisation **Education and globalisation**:

1st year. Educational settings, Academic skills, Educational research, Sociology and history of education, Globalisation and education, Development and self.

2nd year. Language/specialisation.

3rd year. Comparative education studies, Courses within specialisations, B.A. project.

4th and 5th year. Issues in educational research, Theories of sociology and the philosophy of education, Interdisciplinary courses, Master's project.

Kjörsvið: Education and development studies
Overview of courses in specialisation **Education and development studies**:

1st year. Educational settings, Academic skills, Educational research, Sociology and history of education, Globalisation and education, Development and self.

2nd year. Language/specialisation.

3rd year. Comparative education studies, Courses within specialisations, B.A. project.

4th and 5th year. Issues in educational research, Theories of sociology and the philosophy of education, Interdisciplinary courses, Master's project.

Allar námsleiðir grunnnáms
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=G&id_deild=43

Öll námskeið grunnnáms
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=43&namsstig=0

Valnámskeið grunnnáms
Sjá lista yfir öll námskeið grunnnáms í uppeldis- og menntunarfræðideild

Nemendum er bent á að í frjálsu vali innan sinna námsleiða má taka grunnnámskeið úr öðrum deildum Menntavísindasviðs, og jafnvel af öðrum sviðum, samkvæmt samkomulagi við brautarstjóra.

Sjá lista yfir öll valnámskeið grunnnáms í kennaradeild

Sjá lista yfir öll námskeið grunnnáms í kennaradeild

Sjá lista yfir öll námskeið grunnnáms í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

## Meistaranám

**Meistaranám í uppeldis- og menntunarfræðideild er í boði á fjórum námsbrautum:**

Menntastjórnun og matsfræði

Brautarstjóri: Börkur Hansen (borkur@hi.is)

Sérkennslufræði
Brautarstjóri: Dóra S. Bjarnason (dsb@hi.is)

Menntunarfræði
Brautarstjóri: Ólafur Páll Jónsson (opj@hi.is)

Uppeldis- og menntasálfræði
Brautarstjóri: Sigrún Aðalbjarnardóttir (sa@hi.is)
Brautarstjóri á vormisseri 2009: Steinunn Gestsdóttir (steinuge@hi.is)

Í meistaranámi sérhæfa nemendur sig til rannsóknarstarfa samhliða því sem þeir byggja upp hæfni sína á tilteknu sérsviði. Þetta tvinnast saman í náminu, jafnt á námskeiðum sem í rannsóknarverkefninu. Í náminu búa nemendur sig undir fjölbreytileg störf við rannsóknir á sviði uppeldis og kennslu, menntunar og umönnunar eða störf þar sem rannsóknir eru nýttar við stefnumótun og stjórnun í skólakerfinu sem og annars staðar í atvinnulífinu.

Meistaranám byggist að stórum hluta á sjálfstæðum lestri og verkefnum þar sem reynir á gagnrýna hugsun og ályktunarhæfni. Ætlast er til að nemendur hafi vald á lestri heimilda á erlendum málum (einkum ensku og Norðurlandamálum) og að þeir geti nýtt fjölbreyttar leiðir upplýsingasamfélagsins í öflun og miðlun þekkingar. Gerðar eru kröfur um frumkvæði, gagnrýna hugsun, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í samvinnu.

**Sjá frekari upplýsingar um meistaranám á Menntavísindasviði.**

Menntastjórnun og matsfræði
**Brautarstjóri**: Börkur Hansen (borkur@hi.is)

Framhaldsnám í menntastjórnun og matsfræði innan uppeldis- og menntunarfræðideildar er í boði á meistarastigi.

**Eftirfarandi námsleiðir eru í boði:**
Stjórnunarfræði menntastofnana, M.Ed., 120 e
Stjórnunarfræði menntastofnana, M.A., 120 e
Matsfræði, M.A., 120 e
Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun, M.Ed., 120 e
Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun, M.A., 120 e

**Um brautina**
Megintilgangur náms á námsbrautinni Menntastjórnun og matsfræði er að þátttakendur öðlist þekkingu og skilning á stjórnun skóla, mati á skólastarfi og hlutverki leiðtoga við nýsköpun í skóla og atvinnulífi.

Námsbrautin samanstendur af fimm námsleiðum innan þriggja sérgreina: (1) Stjórnunarfræði menntastofnana, (2) Matsfræði og (3) Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun. Stjórnunarfræði menntastofnana og Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun eru í boði sem námsleiðir til M.A.- og M.Ed.-gráðu (120 e). Þá er hægt að ljúka diplómanámi á þessum námsleiðum (60 e). Matsfræði er í boði til M.A.-gráðu.

Nemendur geta skipulagt nám sitt á hverri námsleið sem fullt nám til tveggja ára eða sem hlutanám er dreifist á fleiri ár. Námskeiðin á námsleiðinni Stjórnun menntastofnana eru jafnan skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum en á leiðunum Matsfræði og Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun sem staðbundin, þ.e. þau námskeið sem tilheyra námsleiðinni. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig.

Aðgangskröfur: B.A.- eða B.Ed.-gráða eða fullgilt starfsmenntanám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar. Gilt er talið nám frá Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og öðrum sambærilegum menntastofnunum. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25). Við inntöku í nám í Stjórnunarfræði menntastofnana er auk þess gerð krafa um minnst tveggja ára starfsreynslu eftir bakkalárnám. Kennsla og próf fara að jafnaði fram á íslensku.

Stjórnunarfræði menntastofnana, M.Ed., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Börkur Hansen (borkur@hi.is)

Megintilgangur námsins á þessari námsleið er að þátttakendur öðlist þekkingu og skilning á einkennum skóla og annarra menntastofnana og efli hæfni sína sem stjórnendur. Áhersla er lögð á forystuhlutverk stjórnandans og færni í að leiða farsælt og framsækið starf á tímum hraðfara breytinga sem kalla á sífellda endurskoðun á markmiðum og framkvæmd.

Tveggja ára framhaldsnám, 120 e, starfstengt og fræðilegt. Inntökuskilyrði eru bakkalárgráða á sviði uppeldis og menntunar. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25). Við inntöku í M.Ed. nám í stjórnunarfræði menntastofnana er auk þess gerð krafa um **minnst tveggja ára starfsreynslu eftir bakkalárnám.** Ekki er unnt að brautskrást með sérhæfingu í stjórnunarfræði menntastofnana nema hafa verið formlega tekinn inn á námsleiðina. Nemendur þurfa að taka tvö grunnnámskeið sem eru skylda fyrir allar námsleiðir á brautinni, 20 e og a.m.k. 40 e á sviði stjórnunar, þar af þrjú skyldunámskeið og eitt námskeið í vali. Að öðru leyti geta nemendur mótað eigið nám með því að velja önnur námskeið innan námsleiðarinnar og af öðrum námsleiðum á öðrum brautum og deildum. Lokaverkefni er 20-40 e og verður að tengjast stjórnunarlegum áherslum og vettvangi. Í nánast öllum námskeiðum á námsleiðinni er leitast við að tengja verkefni skólum og öðrum menntastofnunum.

Námsleiðin Stjórnunarfræði menntastofnana veitir M.Ed. gráðu. M.Ed. nemendur taka að lágmarki eitt aðferðafræðinámskeið, þ.e. Aðferðafræði rannsókna (10 e), Kenningar í félagsfræði og heimspeki menntunar (10 e), Stjórnun og forysta (10 e), Stofnanakenningar (10 e), Þróunarstarf og mat (10 e), eitt valnámskeið í stjórnun (10 e), valnámskeið að frjálsu vali (20-40 e) og Lokaverkefni (20-40 e).

Einnig er hægt að ljúka 60 eininga námi (fyrri hluta meistaranáms) með diplóma. Þá verða nemendur að ljúka eftirfarandi skyldunámskeiðum: Stjórnun og forysta (10 e), Stofnanakenningar (10 e), Þróunarstarf og mat (10 e) auk eins valnámskeiðs í stjórnun (10 e). Þessu til viðbótar þurfa nemendur að ljúka 20 e að eigin vali.

Valnámskeið á námsleiðinni eru að jafnaði í boði annað hvert ár.

Námskeiðin á námsleiðinni Stjórnun menntastofnana eru jafnan skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=613000_20096&kennsluar=2009
Stjórnunarfræði menntastofnana, M.A., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Börkur Hansen (borkur@hi.is)

Megintilgangur námsins á þessari námsleið er að þátttakendur öðlist þekkingu og skilning á einkennum skóla og annarra menntastofnana og efli hæfni sína sem stjórnendur og rannsakendur. Áhersla er lögð á forystuhlutverk stjórnandans og færni í að leiða farsælt og framsækið starf á tímum hraðfara breytinga sem kalla á sífellda endurskoðun á markmiðum og framkvæmd.

Tveggja ára framhaldsnám, M.A., 120 e, starfstengt og fræðilegt. Inntökuskilyrði eru bakkalárgráða á sviði uppeldis og menntunar. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25). Við inntöku í M.A.-nám í stjórnunarfræði menntastofnana er auk þess gerð krafa um **minnst tveggja ára starfsreynslu eftir bakkalárnám.** Lokaverkefni er 40-60 e og verður að tengjast rannsóknum á stjórnunarlegum áherslum og vettvangi.

M.A.-nemendur taka að lágmarki tvö aðferðafræðinámskeið, þ.e. Aðferðafræði rannsókna (10 e), Eigindlegar rannsóknaraðferðir I (10 e) eða Megindlegar rannsóknaraðferðir I (10 e), Fræðileg vinnubrögð I og II (10 e) Stjórnun og forysta (10 e), Stofnanakenningar (10 e), Þróunarstarf og mat (10 e), Valnámskeið (0-20 e) og Rannsóknarritgerð (40-60 e).

Valnámskeið á námsleiðinni eru að jafnaði í boði annað hvert ár.

Námskeiðin á námsleiðinni Stjórnunarfræði menntastofnana eru jafnan skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820005_20096&kennsluar=2009
Matsfræði, M.A., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Sigurlína Davíðsdóttir (linadav@hi.is)

Megintilgangur náms á þessari námsleið er að þátttakendur öðlist þekkingu og skilning á mati og nálgunum við að meta skólastarf og þjónustu og geti beitt viðeigandi hugtökum, líkönum og rannsóknaraðferðum í því sambandi. Áhersla er lögð á að þátttakendur öðlist bæði fræðlegan og hagnýtan skilning á mati á skólastarfi og þjónustu.

Tveggja ára framhaldsnám, 120 e, starfstengt og fræðilegt. Rétt til að sækja um inngöngu í framhaldsnám eiga þeir sem lokið hafa fullgildu háskólanámi til bakkalárgráðu. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25). Nemandi sem lokið hefur meistaraprófi í uppeldis- og menntunarfræði eða skyldum greinum getur sótt um að hefja doktorsnám við sviðið. Sérhver umsókn er metin, meðal annars á grundvelli fyrra náms, námsárangurs, starfsreynslu og þátttöku í rannsóknar- og þróunarverkefnum.

Nemendur á námsleiðinni taka að lágmarki þrjú aðferðafræðinámskeið, þ.e. Aðferðafræði rannsókna (10 e), Eigindlegar rannsóknaraðferðir I (10 e), Megindlegar rannsóknaraðferðir I (10 e) og Eigindlegar rannsóknaraðferðir II (10 e) eða Megindleg aðferðafræði II (10 e). Auk þess Mat á skólastarfi (10 e), Þjónustumat (10 e) eða Fræðileg vinnubrögð I og II (10 e), Valnámskeið (0-20 e) og Rannsóknarritgerð (40-60 e).

Valnámskeið á námsleiðinni eru að jafnaði í boði annað hvert ár.

Matsnámskeiðin á námsleiðinni Matsfræði eru jafnan skipulögð sem staðbundin. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820006_20096&kennsluar=2009

Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun, M.Ed., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Guðný Guðbjörnsdóttir (gg@hi.is)

Megintilgangur náms á þessari námsleið er að þátttakendur öðlist þekkingu og skilning á hlutverkum leiðtoga og stjórnenda við nýsköpun í menntastofnunum og atvinnulífi. Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi þessara hlutverka á breytingartímum, á tengsl menntunar og atvinnulífs og á rannsóknir á því hvernig kynferði skiptir máli á þessum sviðum. Í nánast öllum námskeiðum á námsleiðinni er leitast við að tengja verkefni skólum, öðrum menntastofnunum og atvinnulífi.

Tveggja ára framhaldsnám, 120 e, starfstengt og fræðilegt. Rétt til að sækja um inngöngu í framhaldsnám eiga þeir sem lokið hafa fullgildu háskólanámi til bakkalárgráðu. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25). Nemandi sem lokið hefur meistaraprófi í uppeldis- og menntunarfræði eða skyldum greinum getur sótt um að hefja doktorsnám við sviðið. Sérhver umsókn er metin, meðal annars á grundvelli fyrra náms, námsárangurs, starfsreynslu og þátttöku í rannsóknar- og þróunarverkefnum.

M.Ed.-nemendur taka að lágmarki eitt aðferðafræðinámskeið, þ.e. Aðferðafræði rannsókna (10 e) eða annað aðferðafræðinámskeið ef þeir hafa Aðferðafræði rannsókna (10 e) í grunnámi, Kenningar í félagsfræði og heimspeki menntunar (10 e), Konur og karlar sem leiðtogar, frumkvöðlar og stjórnendur (10 e), Skipulag fræðslu - hæfni á vinnumarkaði (10 e), Fræðslustarf, nýsköpun og atvinnulíf (10 e), valnámskeið í stjórnun af Menntavísindasviði eða Félagsvísindasviði (30-50 e) og Lokaverkefni (20-40 e).

Einnig er hægt að ljúka 60 eininga námi (fyrri hluta meistaranáms) með diplóma. Þá verða nemendur að ljúka eftirfarandi skyldunámskeiðum: Konur og karlar sem leiðtogar, frumkvöðlar og stjórnendur (10 e), Skipulag fræðslu - hæfni á vinnumarkaði (10 e), Fræðslustarf, nýsköpun og atvinnulíf (10 e) og valnámskeið í stjórnun (10 e). Þessu til viðbótar þurfa nemendur að ljúka 20 e að eigin vali.

Valnámskeið á námsleiðinni eru að jafnaði í boði annað hvert ár.

Námskeiðin um leiðtoga, nýsköpun og stjórnun á þessari námsleið eru jafnan skipulögð sem staðbundin. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.

Um námið
Við lok náms á námsleiðinni eiga nemendur að:
- Búa yfir þekkingu á kenningum og viðhorfum sem talin eru æskileg fyrir leiðtoga, frumkvöðla og stjórnendur.
- Búa yfir þekkingu á helstu rannsóknum um mikilvægi kynferðis og kynjunar fyrir leiðtoga, frumkvöðla og stjórnendur.
- Þekkja helstu skýringar á mismunandi stöðu kynjanna sem leiðtogar, frumkvöðlar og stjórnendur og þeim tækifærum og áskorunum sem niðurstöðurnar benda til.
- Þekkja tengsl fræðslu og starfsþróunar við aðra þætti mannauðsstjórnunar.
- Vera færir um að annast fræðslu fyrir fyrir þá sem ástunda nýsköpun í skólum og á vinnumarkaði.
- Kunna skil á helstu fræðum og kenningum sem nýtast sérsviði hans.
- Geta gert viðskiptaáætlanir, fræðsluáætlanir og/ eða náms-og starfsáætlanir sem hafa nýsköpunargildi og hvað þarf til að koma þeim í framkvæmd.
- Geta nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri vinnu á sínu sviði.
- Hafa gott vald á notkun aðferða sem notaðar eru við rannsóknir á leiðtogum frumkvöðlum og stjórnendum.
- Getað starfað í teymi með öðrum og tekið forystu við skipulag og framkvæmd afmarkaðra verkefna.
- Getað leitað heimilda á fagsviði sínu og lagt mat á þær.
- Að öðlast hæfni í samskiptum og miðlun.
- Geta unnið faglega sem og með yfirmönnum, jafningjum og aðstoðarfólki.
- Geta átt frumkvæði að rannsókna- og þróunarverkefnum á sínu sérsviði, stýrt slíkum verkefnum og borið ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa.
- Geta ritað vísindalega útdrætti, greinar og skýrslur.
- Nemandi sem lokið hefur meistaranámi hefur þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á hendur frekara nám, viðhaldið þekkingu sinni og aukið við hana. Hann er faglega búinn undir að hefja nám til doktorsprófs

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820008_20096&kennsluar=2009

Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun, M.A., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Guðný Guðbjörnsdóttir (gg@hi.is)

Megintilgangur náms á þessari námsleið er að þátttakendur öðlist þekkingu og skilning á hlutverkum leiðtoga og stjórnenda við nýsköpun í menntastofnunum og atvinnulífi. Sérstök áhersla er lögð á rannsóknir og mikilvægi þessara hlutverka á breytingartímum, á tengsl menntunar og atvinnulífs og á rannsóknir á því hvernig kynferði skiptir máli á þessum sviðum.

Tveggja ára framhaldsnám, 120 e, starfstengt og fræðilegt. Rétt til að sækja um inngöngu í framhaldsnám eiga þeir sem lokið hafa fullgildu háskólanámi til bakkalárgráðu. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25). Nemandi sem lokið hefur meistaraprófi í uppeldis- og menntunarfræði eða skyldum greinum getur sótt um að hefja doktorsnám við sviðið. Sérhver umsókn er metin, meðal annars á grundvelli fyrra náms, námsárangurs, starfsreynslu og þátttöku í rannsóknar- og þróunarverkefnum.

M.A.-nemendur taka að lágmarki tvö aðferðafræðinámskeið, þ.e. Aðferðafræði rannsókna (10 e), Eigindlegar rannsóknaraðferðir I (10 e) eða Megindlegar rannsóknaraðferðir I (10 e), Fræðileg vinnubrögð I og II (10 e), Konur og karlar sem leiðtogar, frumkvöðlar og stjórnendur (10 e), Skipulag fræðslu - hæfni á vinnumarkaði (10 e), Fræðslustarf, nýsköpun og atvinnulíf (10 e), valnámskeið í stjórnun af menntavísindasviði eða félagsvísindasviði (0-20 e) og Rannsóknarritgerð (40-60 e).

Valnámskeið á námsleiðinni eru að jafnaði í boði annað hvert ár.

Námskeiðin um leiðtoga, nýsköpun og stjórnun á þessari námsleið eru jafnan skipulögð sem staðbundin. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.

Um námið
Við lok náms á námsleiðinni eiga nemendur að:
- Búa yfir þekkingu á kenningum og viðhorfum sem talin eru æskileg fyrir leiðtoga, frumkvöðla og stjórnendur.
- Búa yfir þekkingu á helstu rannsóknum um mikilvægi kynferðis og kynjunar fyrir leiðtoga, frumkvöðla og stjórnendur.
- Þekkja helstu skýringar á mismunandi stöðu kynjanna sem leiðtogar, frumkvöðlar og stjórnendur og þeim tækifærum og áskorunum sem niðurstöðurnar benda til.
- Þekkja tengsl fræðslu og starfsþróunar við aðra þætti mannauðsstjórnunar.
- Vera færir um að annast fræðslu fyrir fyrir þá sem ástunda nýsköpun í skólum og á vinnumarkaði.
- Kunna skil á helstu fræðum og kenningum sem nýtast sérsviði hans.
- Geta gert viðskiptaáætlanir, fræðsluáætlanir og/ eða náms-og starfsáætlanir sem hafa nýsköpunargildi og hvað þarf til að koma þeim í framkvæmd.
- Geta nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri vinnu á sínu sviði.
- Hafa gott vald á notkun aðferða sem notaðar eru við rannsóknir á leiðtogum frumkvöðlum og stjórnendum.
- Getað starfað í teymi með öðrum og tekið forystu við skipulag og framkvæmd afmarkaðra verkefna.
- Getað leitað heimilda á fagsviði sínu og lagt mat á þær.
- Að öðlast hæfni í samskiptum og miðlun.
- Geta unnið faglega sem og með yfirmönnum, jafningjum og aðstoðarfólki.
- Geta átt frumkvæði að rannsókna- og þróunarverkefnum á sínu sérsviði, stýrt slíkum verkefnum og borið ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa.
- Geta ritað vísindalega útdrætti, greinar og skýrslur.
- Nemandi sem lokið hefur meistaranámi hefur þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á hendur frekara nám, viðhaldið þekkingu sinni og aukið við hana. Hann er faglega búinn undir að hefja nám til doktorsprófs

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820007_20096&kennsluar=2009

Sérkennslufræði
**Brautarstjóri**: Dóra Bjarnason (dsb@hi.is)

Framhaldsnám í sérkennslufræði innan uppeldis- og menntunarfræðideildar er í boði á meistarastigi.

**Eftirfarandi námsleiðir eru í boði:**
Sérkennslufræði, M.Ed., 120 e
Sérkennslufræði, M.A., 120 e

**Um brautina**
Megintilgangur náms á námsbrautinni Sérkennslufræði er að þátttakendur öðlist þekkingu og skilning á skipulagi, framkvæmd og mati á sérkennslu í almennum skólum, sérskólum og sérdeildum á öllum skólastigum, og hlutverki leiðtoga við nýsköpun í skóla án aðgreiningar á vettvangi ríkis og sveitarfélaga.

Námsbrautin samanstendur af tveimur námsleiðum, til M.A.- og M.Ed.- gráðu (120 e). Einnig er hægt að ljúka 60 eininga námi (fyrri hluta meistaranáms) með diplóma.

Innan námsleiðanna eru þrjú skyldunámskeið: ***Inngangur að sérkennslufræðum***, ***Vinna með fjölbreyttar þarfir einstaklinga og***

***hópa*** og ***Kenningar og rannsóknir í skóla án aðgreiningar***. Þá gefst nemendum kostur á að dýpka þekkingu sína og færni í margskonar valáföngum á sviðinu.

Nemendur geta skipulagt nám sitt á brautinni sem fullt nám til tveggja ára eða sem hlutanám er dreifist á fleiri ár. Námskeiðin á brautinni eru að öðru jöfnu skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig.

Aðgangskröfur: B.A.- eða B.Ed.-gráða eða fullgilt starfsmenntanám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar. Gilt er talið nám frá Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og öðrum sambærilegum menntastofnunum. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25). Við inntöku í nám í sérkennslufræði er auk þess gerð krafa um minnst tveggja ára starfsreynslu eftir bakkalárnám. Kennsla og próf fara að jafnaði fram á íslensku.

Til að útskrifast með M.Ed.-gráðu í sérkennslufræði verða nemendur að sækja um námsleiðina sérstaklega. Að öðru jöfnu er ekki hægt að færa sig yfir á Sérkennslufræði M.Ed. af annarri námsleið.
Sérkennslufræði, M.Ed., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Dóra Bjarnason (dsb@hi.is)

Tveggja ára framhaldsnám 120 e, starfstengt og fræðilegt. Námið er ætlað kennurum, leikskólakennurum og þroskaþjálfum.

Inntökuskilyrði er bakkalárgráða á sviði uppeldis og menntunar. Við inntöku í M.Ed.-nám í sérkennslufræði er auk þess gerð krafa um **minnst tveggja ára starfsreynslu eftir bakkalárnám.** Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25).

M.Ed.-nemendur þurfa að taka tvö grunnnámskeið sem eru skylda á námsleiðinni, Aðferðafræði rannsókna (10 e) og Kenningar í félagsfræði og heimspeki menntunar (10 e), og minnst 50 e á sviði sérkennslufræða, þar af þrjú skyldunámskeið, Inngangur að sérkennslufræðum (10 e), Kenningar og rannsóknir á skóla án aðgreiningar (10 e) og Vinna með fjölbreyttar þarfir einstaklinga og hópa (10 e). Að öðru leyti geta nemendur mótað eigið nám með því að velja önnur námskeið innan sérsviðsins og af öðrum sviðum (sérstaklega er mælt með námskeiðunum Kennslufræði og fjölmenning og Hlutverk millistjórnenda). Lokaverkefni er 20-40 e og verður að tengjast sérsviði og vettvangi. Í nánast öllum námskeiðum á námsleiðinni er leitast við að tengja verkefni skólum og öðrum menntastofnunum.

Unnt er að ljúka 60 e diplómu á sviðinu, en þá taka nemendur a.m.k. 40 einingar í sérkennslufræði, þar með talin skyldunámskeiðin þrjú, þ.e. Inngangur að sérkennslufræðum (10 e), Kenningar og rannsóknir á skóla án aðgreiningar (10 e) og Vinna með fjölbreyttar þarfir einstaklinga og hópa (10 e), eitt valnámskeið í sérkennslufræði (10 e) og að auki önnur námskeið að eigin vali (20 e).

Þeir sem hófu nám 2006 eða fyrr þurfa einungis að taka tvö skyldunámskeið.

Valnámskeið á námsleiðinni eru að jafnaði í boði annað hvert ár.

Námskeiðin á námsleiðinni Sérkennslufræði eru jafnan skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=612000_20096&kennsluar=2009
Sérkennslufræði, M.A., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Dóra Bjarnason (dsb@hi.is)

Tveggja ára framhaldsnám 120 e, rannsóknartengt og fræðilegt. Námið er ætlað kennurum, leikskólakennurum og þroskaþjálfum.

Inntökuskilyrði er bakkalárgráða á sviði uppeldis og menntunar. Við inntöku í M.A.-nám í sérkennslufræði er auk þess gerð krafa um **minnst tveggja ára starfsreynslu eftir bakkalárnám.** Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25).

M.A.-nemendur þurfa að taka að lágmarki tvö aðferðafræðinámskeið, þ.e. Aðferðafræði rannsókna (10 e), Eigindlegar rannsóknaraðferðir I (10 e) eða Megindlegar rannsóknaraðferðir I (10 e), Fræðileg vinnubrögð I og II (10 e) og minnst 30 e á sviði sérkennslufræða, þar af tvö skyldunámskeið, Inngangur að sérkennslufræðum (10 e) og Kenningar og rannsóknir á skóla án aðgreiningar (10 e). Rannsóknarritgerð er 40-60 e og verður að tengjast sérsviði og vettvangi. Að öðru leyti geta nemendur mótað eigið nám með því að velja önnur námskeið innan sérsviðsins og af öðrum sviðum (sérstaklega er mælt með námskeiðunum Kennslufræði og fjölmenning og Hlutverk millistjórnenda). Í nánast öllum námskeiðum á námsleiðinni er leitast við að tengja verkefni skólum og öðrum menntastofnunum.

Valnámskeið á námsleiðinni eru að jafnaði í boði annað hvert ár.

Námskeiðin á námsleiðinni Sérkennslufræði eru jafnan skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um

forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820024_20096&kennsluar=2009

Menntunarfræði
**Brautarstjóri**: Ólafur Páll Jónsson (opj@hi.is)

Framhaldsnám í menntunarfræði innan uppeldis- og menntunarfræðideildar er í boði á meistarastigi.

**Eftirfarandi námsleiðir eru í boði**:
Fjölmenning, M.Ed., 120 e
Fjölmenning, M.A., 120 e
Fræðslustarf með fullorðnum - Mannauðsþróun, M.Ed., 120 e
Fræðslustarf með fullorðnum - Mannauðsþróun, M.A., 120 e
Heimspeki og félagsfræði menntunar, M.Ed., 120 e
Heimspeki og félagsfræði menntunar, M.A., 120 e
Lífsleikni og jafnrétti, M.Ed., 120 e
Lífsleikni og jafnrétti, M.A., 120 e
Uppeldis- og menntunarfræði (sérskipulagt nám), M.A., 120 e
International studies in education, M.A., 120 e

**Um brautina**
Megintilgangur náms á námsbrautinni Menntunarfræði er að gefa nemendum kost á að dýpka skilning sinn á ýmsum sviðum menntunarfræða s.s. fjölmenningu, fullorðinsfræðslu, jafnrétti, heimspeki og félagsfræði. Námsbrautin samanstendur af fimm sérsviðum þar sem ljúka má námi ýmist með M.A.- eða M.Ed.-prófi: (1) Fjölmenning, (2) Fræðslustarf með fullorðnum, (3) Heimspeki og félagsfræði menntunar, (4) Lífsleikni og jafnrétti og (5) Alþjóðlegt nám í menntunarfræði (aðeins M.A.-nám auk þess sem námið fer fram á ensku). Einnig geta nemendur sem hafa hug á að sérhæfa sig á tilteknu sviði sem ekki fellur innan neinna þessara fimm sérsviða valið sérskipulagt M.A.-nám í Uppeldis- og menntunarfræði. Þá er hægt að ljúka diplómanámi á þessum námsleiðum (60 e).

**Skipulag námsins**
Nemendur geta skipulagt nám sitt á hverri námsleið sem fullt nám til tveggja ára eða sem hlutanám er dreifist á fleiri ár. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig. Meginmunur á M.A.-prófi og M.Ed.-prófi er sá, að M.A.-próf gerir ráð fyrir meiri rannsóknarvinnu og stærra lokaverkefni (rannsóknarritgerð) en M.Ed.-próf, sem aftur gerir ráð fyrir meiri tengingu við vettvang.

**Aðgangskröfur**
Nemendur sem vilja hefja meistaranám í Menntunarfræði verða að hafa lokið B.A.- eða B.Ed.-gráðu eða fullgildu starfsmenntanámi á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis eða umönnunar. Gilt er talið nám frá Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og öðrum sambærilegum menntastofnunum. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25).

Fjölmenning, M.Ed., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Hanna Ragnarsdóttir (hannar@hi.is)

Meginmarkmið með námsleiðinni eru að kennarar, stjórnendur og kennaranemar öðlist grundvallarþekkingu á þeirri hugmyndafræði sem menntun í fjölmenningarlegu samfélagi byggist á og tileinki sér viðhorf og færni sem þarf til að sinna menntun í fjölmenningarsamfélagi.

Námið er þverfaglegt og fyrst og fremst ætlað kennurum, stjórnendum og kennaranemum á öllum skólastigum. Áhersla er m.a. lögð á réttindi barna, mál og málumhverfi, móðurmál, tvítyngi og fjöltyngi, aðlögun og sjálfsmynd, trúarbrögð, samskipti, hugmyndafræði fjölmenningarlegrar menntunar og skólaþróun í fjölmenningarlegu samfélagi. Í nánast öllum námskeiðum á námsleiðinni er leitast við að tengja verkefni skólum og öðrum menntastofnunum, svo og rannsóknum á fræðasviðinu.

Inntökuskilyrði eru B.A.- eða B.Ed.-gráða eða fullgilt starfsmenntanám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis eða umönnunar. Gilt er talið nám frá Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og öðrum sambærilegum menntastofnunum. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25).

M.Ed.-nemendur taka að lágmarki eitt aðferðafræðinámskeið, þ.e. Aðferðafræði rannsókna (10 e), Kenningar í félagsfræði og heimspeki menntunar (10 e), Kenningar um nám barna og fullorðinna (10 e), þrjú skyldunámskeið á sviði fjölmenningar, þ.e. Fjölmenningarsamfélag og skóli (10 e), Kennslufræði og fjölmenning (10 e) og Íslenska sem annað mál (10 e), önnur námskeið að eigin vali (20-40 e) og Lokaverkefni sem verður að tengjast fjölmenningu og vettvangi (20-40 e). Í frjálsu vali geta nemendur mótað eigið nám með því að velja önnur námskeið innan námsleiðarinnar og af öðrum námsleiðum á öðrum brautum og deildum. Hægt er að ljúka náminu á tveimur árum í fullu námi eða dreifa því á lengri tíma.

Einnig er hægt að ljúka 60 eininga námi (fyrri hluta meistaranáms) með diplóma, en þá þurfa nemendur að taka þrjú skyldunámskeið á sviði fjölmenningar, þ.e. Fjölmenningarsamfélag og skóli (10 e), Kennslufræði og fjölmenning (10 e) og Íslenska sem annað mál (10 e) og önnur námskeið að eigin vali (alls 30 e).

Valnámskeið á námsleiðinni eru að jafnaði í boði annað hvert ár.

Námskeiðin á námsleiðinni Fjölmenning eru jafnan skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820010_20096&kennsluar=2009

Fjölmenning, M.A., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Hanna Ragnarsdóttir (hannar@hi.is)

Meginmarkmið með námsleiðinni eru að kennarar, stjórnendur og kennaranemar öðlist grundvallarþekkingu á þeirri hugmyndafræði sem menntun í fjölmenningarlegu samfélagi byggist á, kynnist rannsóknum og öðlist hæfni sem rannsakendur, tileinki sér viðhorf og færni sem þarf til að sinna menntun í fjölmenningarsamfélagi.

Námið er þverfaglegt og fyrst og fremst ætlað kennurum, stjórnendum og kennaranemum á öllum skólastigum. Áhersla er m.a. lögð á réttindi barna, mál og málumhverfi, móðurmál, tvítyngi og fjöltyngi, aðlögun og sjálfsmynd, trúarbrögð, samskipti, hugmyndafræði fjölmenningarlegrar menntunar og skólaþróun í fjölmenningarlegu samfélagi. Námið er tengt rannsóknum á fræðasviðinu og vettvangi. Hægt er að ljúka náminu á tveimur árum í fullu námi eða dreifa því á lengri tíma.

Inntökuskilyrði eru B.A.- eða B.Ed.-gráða eða fullgilt starfsmenntanám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis eða umönnunar. Gilt er talið nám frá Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og öðrum sambærilegum menntastofnunum. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25).

M.A.-nemendur taka að lágmarki tvö aðferðafræðinámskeið, þ.e. Aðferðafræði rannsókna (10 e) og Eigindlegar rannsóknaraðferðir I (10 e) eða Megindlegar rannsóknaraðferðir I (10 e), Fræðileg vinnubrögð I og II (10 e), þrjú námskeið á sviði fjölmenningar, þ.e. Fjölmenningarsamfélag og skóli (10 e), Kennslufræði og fjölmenning (10 e), Íslenska sem annað mál (10 e), önnur námskeið að eigin vali (0-20 e) og Rannsóknarritgerð (40-60 e). Rannsóknarritgerðin þarf að vera á sviði fjölmenningar.

Valnámskeið á námsleiðinni eru að jafnaði í boði annað hvert ár.

Námskeiðin á námsleiðinni Fjölmenning eru jafnan skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820011_20096&kennsluar=2009

Fræðslustarf með fullorðnum - Mannauðsþróun, M.Ed., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Hróbjartur Árnason (hrobj@hi.is)

Námsleiðin er ætluð fólki sem vill bæta við sig þekkingu til að styðja við nám fullorðinna á öllum þeim ólíku stöðum þar sem skipulagt nám fullorðinna fer fram. Hvort sem það er við skipulagningu, framkvæmd eða kennslu.

Meginmarkmið námsleiðarinnar er að námsmenn öðlist þekkingu á viðhorfum, kenningum og aðferðum sem gagnast þeim sem vilja styðja við lífstíðarnám fullorðinna. Þeir hafi þekkingu á sérstöðu fullorðinna námsmanna og kunni aðferðir til að mæta þeim. Þeir þekki það umhverfi þar sem skipulagt nám fullorðinna fer fram á Íslandi. Þeir hafi gott vald á aðferðum sem nýtast við skipulagningu og framkvæmd fræðslu fyrir fullorðna og við kennslu, þannig að þeir séu færir um að koma af stað og stýra hvers kyns námsferlum með fullorðnu fólki. Að lokum að þeir geti metið námsárangur nemenda, eigin framkvæmd eða framkvæmd annarra og rökstutt matið.

Námið fer fram með fjölbreyttu formi þar sem blandast hagnýt og fræðileg vinnubrögð. Nemendur vinna einstaklings- og hópverkefni, í námssamfélagi á staðnum og í fjarlægð með aðstoð tölvutækninnar. Þá er lögð rík áhersla á að fjöldi verkefna sé unnin í beinum tengslum við vettvang, annað hvort á eigin vinnustað eða annarsstaðar þar sem fræðslustarf fer fram með fullorðnum.

Inntökuskilyrði eru B.A.- eða B.Ed.-gráða frá Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og öðrum sambærilegum menntastofnunum. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25).

Sjá einnig upplýsingar á vefsetri námsleiðarinnar.

Nemendur sem vilja ljúka námi með M.Ed.-gráðu af námsleiðinni Fræðslustarf með fullorðnum - mannauðsþróun þurfa að taka a.m.k. 30 einingar á námsleiðinni, þar af tvö skyldunámskeið: Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra (10 e) og Skipulagning og framkvæmd fræðslu

með fullorðnum (10 e). Á námsleiðinni eru í boði a.m.k. fjögur valnámskeið sem eru að öllu jöfnu í boði annað hvert ár. Lokaverkefni á námsleiðinni þarf að tengjast fræðslustarfi með fullorðnum.

Diplómanám í Fræðslustarfi með fullorðnum - mannauðsþróun, er hugsað fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu á fræðslustarfi fyrir fullorðna án þess að ætla sér að skrifa meistararitgerð. Þeir leggja því áherslu á að sækja námskeið á því fræðasviði. Kjarnanámskeiðin eru tvö, Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra og Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum. Þar að auki taka nemendur a.m.k. tvö valnámskeið af námsleiðinni og geta í samráði við umsjónarmann námsleiðarinnar valið námskeið að 20 einingum af öðrum námsleiðum sem styðja við sérhæfingu þeirra.

Námskeiðin á námsleiðinni Fræðslustarf með fullorðnum - Mannauðsþróun eru jafnan skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820012_20096&kennsluar=2009
Fræðslustarf með fullorðnum - Mannauðsþróun, M.A., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Hróbjartur Árnason (hrobj@hi.is)

Námsleiðin er ætluð fólki sem vill bæta við sig þekkingu til að styðja við nám fullorðinna á öllum þeim ólíku stöðum þar sem skipulagt nám fullorðinna fer fram. Hvort sem það er við skipulagningu, framkvæmd eða kennslu.

Meginmarkmið námsleiðarinnar er að námsmenn öðlist þekkingu á viðhorfum, kenningum og aðferðum sem gagnast þeim sem vilja styðja við lífstíðarnám fullorðinna. Þeir hafi þekkingu á sérstöðu fullorðinna námsmanna og kunni aðferðir til að mæta þeim. Þeir þekki það umhverfi þar sem skipulagt nám fullorðinna fer fram á Íslandi. Þeir hafi gott vald á aðferðum sem nýtast við skipulagningu og framkvæmd fræðslu fyrir fullorðna og við kennslu, þannig að þeir séu færir um að koma af stað og stýra hvers kyns námsferlum með fullorðnu fólki. Að lokum að þeir geti metið námsárangur nemenda, eigin framkvæmd eða framkvæmd annarra og rökstutt matið.

Námið fer fram með fjölbreyttu formi þar sem blandast hagnýt og fræðileg vinnubrögð. Nemendur vinna einstaklings- og hópverkefni, í námssamfélagi á staðnum og í fjarlægð með aðstoð tölvutækninnar. Þá er lögð rík áhersla á að fjöldi verkefna sé unnin í beinum tengslum við vettvang, annað hvort á eigin vinnustað eða annarsstaðar þar sem fræðslustarf fer fram með fullorðnum.

Inntökuskilyrði eru B.A.- eða B.Ed.-gráða eða fullgilt starfsmenntanám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis eða umönnunar. Gilt er talið nám frá Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og öðrum sambærilegum menntastofnunum. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25).

Sjá einnig upplýsingar á vefsetri námsleiðarinnar.

Nemendur sem vilja ljúka námi með M.A.-gráðu af námsleiðinni Fræðslustarf með fullorðnum - mannauðsþróun þurfa að taka a.m.k. 30 einingar á námsleiðinni, þar af eitt skyldunámskeið: Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra (10 e). Á námsleiðinni eru í boði a.m.k. fimm önnur námskeið sem eru að öllu jöfnu í boði annað hvert ár. Nemendur vinna rannsóknarritgerð 40-60 e á fræðasviðinu.

Námskeiðin á námsleiðinni Fræðslustarf með fullorðnum - Mannauðsþróun eru jafnan skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820013_20096&kennsluar=2009
Heimspeki og félagsfræði menntunar, M.Ed., 120 e
**Umsjónarmenn námsleiðar**:
Ólafur Páll Jónsson (opj@hi.is) og Gestur Guðmundsson (gesturgu@hi.is)

Meistaranám í heimspeki og félagsfræði menntunar miðar að því að svara kalli aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla um menntun til ábyrgrar, gagnrýninnar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Því er einnig ætlað að mennta fólk til frumkvæðis í lýðræðislegu skólastarfi, í heimspeki og félagsfræði menntunar og heimspekilegri samræðuaðferð í kennslu. Í nánast öllum námskeiðum á námsleiðinni er leitast við að tengja verkefni menntastofnunum og öðrum vettvangi menntunar.

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu á lýðræði sem kenningu og hugsjón, áhrifum þess og möguleikum í skólastarfi og hlut þess í þróun mannlegra samfélaga og í samskiptum einstaklinga og þjóða. Nemendur öðlist skilning á sambandi einstaklings og samfélags, grunnforsendum lýðræðis í samfélagsgerð, hugsunarhætti einstaklinga og samskiptaháttum og færni til að leiða skólastarf inn á brautir ábyrgrar, gagnrýninnar og lýðræðislegrar þátttöku allra sem að því koma. Nemendur öðlist einnig þekkingu á öðrum grundvallarviðfangsefnum í heimspeki, félagsfræði og hugmyndasögu menntunar.

Inntökuskilyrði eru B.A.- eða B.Ed.-gráða eða fullgilt starfsmenntanám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis eða umönnunar. Gilt er talið nám frá Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og öðrum sambærilegum menntastofnunum. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25).

**Skipulag námsins**
Meistaranám í heimspeki og félagsfræði menntunar er fullt tveggja ára nám, þ.e. 120 e nám sem skiptist á fjórar annir. Nemendur geta tekið námið á lengri tíma auk þess sem hluta námsins er hægt að taka í fjarnámi.

Námi á meistarastigi í heimspeki og félagsfræði menntunar getur lokið ýmist með diplóma (60 e), M.Ed.-gráðu (120 e) eða M.A.-gráðu (120 e). Meginmunurinn á M.Ed.- og M.A.-leiðum liggur í stærð lokaritgerðar, sem er 20-30 e í M.Ed.-námi en allt að 60 e í M.A.-námi. Einnig er meiri áhersla á kennsluvettvang í M.Ed.-námi en meiri rannsóknaráhersla í M.A.-námi auk þess sem nemandi í M.A.-námi tekur bróðurpartinn af valnámskeiðum í heimspeki menntunar á meðan nemandi í M.Ed.-námi hefur meira svigrúm til að velja námskeið af öðrum leiðum.

M.Ed.-gráða (120 e):
Nemandi í M.Ed.-námi tekur að lágmarki eitt aðferðafræðinámskeið AÐFERÐAFRÆÐI RANNSÓKNA (10 e), tvö kenninganámskeið KENNINGAR Í FÉLAGSFRÆÐI OG HEIMSPEKI MENNTUNAR og KENNINGAR UM NÁM BARNA OG FULLORÐINNA (20 e), að lágmarki tvö námskeið á sérsviði námsleiðarinnar HEIMSPEKI MEÐ BÖRNUM, FÉLAGSFRÆÐI MENNTUNAR, INNGANGUR AÐ SIÐFRÆÐI eða MÁLSTOFA Í HEIMSPEKI MENNTUNAR, (20 e), valnámskeið (40-50 e) og LOKAVERKEFNI (20-30 e). Lokaverkefni þarf að tengjast heimspeki og félagsfræði menntunar.

Diplómanám (60 e):
Einnig er hægt að ljúka 60 eininga námi (fyrri hluta meistaranáms) með diplóma. Þá tekur nemandi eitt kenninganámskeið KENNINGAR Í FÉLAGSFRÆÐI OG HEIMSPEKI MENNTUNAR (10 e), tvö námskeið á sérsviði námsleiðarinnar (20 e), auk valnámskeiða (30 e).

Valnámskeið á námsleiðinni eru að jafnaði í boði annað hvert ár.

Námskeiðin á námsleiðinni Heimspeki og félagsfræði menntunar eru jafnan skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum, nema námskeiðið Inngangur að siðfræði sem kennt er í staðnámi. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820016_20096&kennsluar=2009
Heimspeki og félagsfræði menntunar, M.A., 120 e
**Umsjónarmenn námsleiðar**:
Ólafur Páll Jónsson (opj@hi.is) og Gestur Guðmundsson (gesturgu@hi.is)

Meistaranám í heimspeki og félagsfræði menntunar miðar að því að svara kalli aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla um menntun til ábyrgrar, gagnrýninnar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Því er einnig ætlað að mennta fólk til frumkvæðis í lýðræðislegu skólastarfi, í heimspeki og félagsfræði menntunar og heimspekilegri samræðuaðferð í kennslu.

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu á lýðræði sem kenningu og hugsjón, áhrifum þess og möguleikum í skólastarfi og hlut þess í þróun mannlegra samfélaga og í samskiptum einstaklinga og þjóða. Nemendur öðlist skilning á sambandi einstaklings og samfélags, grunnforsendum lýðræðis í samfélagsgerð, hugsunarhætti einstaklinga og samskiptaháttum og færni til að leiða skólastarf inn á brautir ábyrgrar, gagnrýninnar og lýðræðislegrar þátttöku allra sem að því koma. Nemendur öðlist einnig þekkingu á öðrum grundvallarviðfangsefnum í heimspeki, félagsfræði og hugmyndasögu menntunar.

Inntökuskilyrði eru B.A.- eða B.Ed.-gráða eða fullgilt starfsmenntanám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis eða umönnunar. Gilt er talið nám frá Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og öðrum sambærilegum menntastofnunum. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25).

**Skipulag námsins**
Meistaranám í heimspeki og félagsfræði menntunar er fullt tveggja ára nám, þ.e. 120 e nám sem skiptist á fjórar annir. Nemendur geta tekið námið á lengri tíma auk þess sem hluta námsins er hægt að taka í fjarnámi.

Námi á meistarastigi í heimspeki og félagsfræði menntunar getur lokið ýmist með diplóma (60 e), M.Ed.-gráðu (120 e) eða M.A.-gráðu (120 e). Meginmunurinn á M.Ed.- og M.A.-leiðum liggur í stærð lokaritgerðar, sem er 20-30 e í M.Ed.-námi en allt að 60 e í M.A.-námi. Einnig er meiri áhersla á kennsluvettvang í M.Ed.-námi en meiri rannsóknaráhersla í M.A.-námi auk þess sem nemandi í M.A.-námi tekur bróðurpartinn af valnámskeiðum í heimspeki menntunar á meðan nemandi í M.Ed.-námi hefur meira svigrúm til að velja námskeið af öðrum

leiðum.

M.A.-gráða (120 e):
Nemandi í M.A.-námi tekur tvö aðferðafræðinámskeið AÐFERÐAFRÆÐI RANNSÓKNA og eitt af EIGINDLEGAR RANNSÓKNARAÐFERÐIR I, MEGINDLEGAR RANNSÓKNARAÐFERÐIR I eða GAGNRÝNIN HUGSUN OG SJÁLFSÞEKKING (20 e), vinnulagsnámskeið FRÆÐILEG VINNUBRÖGÐ I og II (10 e) og kenninganámskeið KENNINGAR Í FÉLAGSFRÆÐI OG HEIMSPEKI MENNTUNAR (10 e). Á sérsviði námsleiðarinnar tekur nemendi að lágmarki tvö námskeið HEIMSPEKI MEÐ BÖRNUM, FÉLAGSFRÆÐI MENNTUNAR, INNGANGUR AÐ SIÐFRÆÐI eða MÁLSTOFA Í HEIMSPEKI MENNTUNAR, (20 e), valnámskeið (0-20 e) og RANNSÓKNARRITGERÐ(40-60 e). Rannsóknarritgerðin þarf að tengjast heimspeki og félagsfræði menntunar.

Valnámskeið á námsleiðinni eru að jafnaði í boði annað hvert ár.

Námskeiðin á námsleiðinni Heimspeki og félagsfræði menntunar eru jafnan skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum, nema námskeiðið Inngangur að siðfræði sem kennt er í staðnámi. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=740000_20096&kennsluar=2009
Lífsleikni og jafnrétti, M.Ed., 120 e
**Umsjónarmenn námsleiðar**:
Guðný Guðbjörnsdóttir (gg@hi.is) og Kristján Kristjánsson (kk9@hi.is)

MEISTARANÁM Í LÍFSLEIKNI OG JAFNRÉTTI svarar kalli samtímans um menntun er miðar að aukinni sjálfsþekkingu og persónulegri færni einstaklinga til að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs, jafnt innan skóla sem utan.

Lífsleikni hefur víðtæka skírskotun í samfélagi okkar og er skyldugrein á öllum skólastigum og einn af grunnþáttum alls leikskólastarfs. Samkvæmt aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla er gert ráð fyrir að fagstjórar hafi yfirumsjón með lífsleikni í skólastarfi. Einnig eru nokkur dæmi um að skólar hafi gert lífsleikni að heildstæðri skólastefnu. Sérfræðingar á sviði menntunar, heimspeki, félagsráðgjafar og sálfræði hafa í mörgum tilfellum gert lífsleikni að viðfangsefni sínu og eins hafa tómstundafræðin sótt til greinarinnar til að efla persónulega færni þeirra sem starfa náið með fólki á vettvangi. Einnig má ætla að hópur fólks hafi hug á að sinna rannsóknum og fræðimennsku á sviði lífsleikni.

Hér gefst tækifæri til að skoða jafnréttishugtakið í víðri merkingu, helstu rannsóknir á jafnrétti í skólastarfi og hvernig kyngervi skiptir máli í því sambandi. Jafnréttishugtakið er áhersluatriði í nýrri löggjöf um skólamál, bæði leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólalaga, en jafnréttislög hafa verið í gildi í landinu síðan 1975. Í grunnskólalögum segir að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti og í jafnréttislögum frá árinu 2008 segir að á öllum skólastigum skuli nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál; að kennslu-og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað; og að kynjasamþættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótta -og tómstundastarfi.

Meistaranám í lífsleikni og jafnrétti er fullt tveggja ára nám, 120 e, sem skiptist á fjórar annir. Nemendur geta tekið námið á lengri tíma auk þess sem hluta námsins er hægt að taka í fjarnámi. Nemendur taka þá þrjú til fimm grunnnámskeið (30-40 e) á sviði menntunarfræða og aðferðafræði, a.m.k. 3 skyldunámskeið í lífsleikni og jafnrétti (30 e) og lokaverkefni (20-60 e). Síðan býðst nemendum að velja sér námskeið sem tengjast viðfangsefninu og þjóna áhuga þeirra (20-40 e). Í nánast öllum námskeiðum á námsleiðinni er leitast við að tengja verkefni menntastofnunum og öðrum vettvangi menntunar.

Inntökuskilyrði eru B.A.- eða B.Ed.-gráða eða fullgilt starfsmenntanám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis eða umönnunar. Gilt er talið nám frá Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og öðrum sambærilegum menntastofnunum. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25).

**M.Ed. (120 e)**
Nemandi í M.Ed.-námi tekur að lágmarki eitt aðferðafræðinámskeið AÐFERÐAFRÆÐI RANNSÓKNA (10 e), tvö kenninganámskeið KENNINGAR Í FÉLAGSFRÆÐI OG HEIMSPEKI MENNTUNAR og KENNINGAR UM NÁM BARNA OG FULLORÐINNA (20 e), þrjú námskeið á sérsviði námsleiðarinnar (30 e), valnámskeið (30-40 e) og LOKAVERKEFNI (20-30 e). Lokaverkefni þarf að tengjast lífsleikni og jafnrétti.

**Diplómanám (60 e)**
Einnig er hægt að ljúka 60 eininga námi (fyrri hluta meistaranáms) með diplóma. Þá tekur nemandi eitt kenninganámskeið KENNINGAR Í FÉLAGSFRÆÐI OG HEIMSPEKI MENNTUNAR (10 e), þrjú námskeið á sérsviði námsleiðarinnar (30 e), auk valnámskeiða (20 e).

Valnámskeið á námsleiðinni eru að jafnaði í boði annað hvert ár.

Námskeiðin á námsleiðinni Lífsleikni og jafnrétti eru ýmist skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum eða staðnám. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820014_20096&kennsluar=2009
Lífsleikni og jafnrétti, M.A., 120 e
**Umsjónarmenn námsleiðar**:
Guðný Guðbjörnsdóttir (gg@hi.is) og Kristján Kristjánsson (kk9@hi.is)

MEISTARANÁM Í LÍFSLEIKNI OG JAFNRÉTTI svarar kalli samtímans um menntun er miðar að aukinni sjálfsþekkingu og persónulegri færni einstaklinga til að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs, jafnt innan skóla sem utan.

Lífsleikni hefur víðtæka skírskotun í samfélagi okkar og er skyldugrein á öllum skólastigum og einn af grunnþáttum alls leikskólastarfs. Samkvæmt aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla er gert ráð fyrir að fagstjórar hafi yfirumsjón með lífsleikni í skólastarfi. Einnig eru nokkur dæmi um að skólar hafi gert lífsleikni að heildstæðri skólastefnu. Sérfræðingar á sviði menntunar, heimspeki, félagsráðgjafar og sálfræði hafa í mörgum tilfellum gert lífsleikni að viðfangsefni sínu og eins hafa tómstundafræðin sótt til greinarinnar til að efla persónulega færni þeirra sem starfa náið með fólki á vettvangi. Einnig má ætla að hópur fólks hafi hug á að sinna rannsóknum og fræðimennsku á sviði lífsleikni.

Hér gefst tækifæri til að skoða jafnréttishugtakið í víðri merkingu, helstu rannsóknir á jafnrétti í skólastarfi og hvernig kyngervi skiptir máli í því sambandi. Jafnréttishugtakið er áhersluatriði í nýrri löggjöf um skólamál, bæði leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólalaga, en jafnréttislög hafa verið í gildi í landinu síðan 1975. Í grunnskólalögum segir að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti og í jafnréttislögum frá árinu 2008 segir að á öllum skólastigum skuli nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál; að kennslu-og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað; og að kynjasamþættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótta -og tómstundastarfi.

Meistaranám í lífsleikni og jafnrétti er fullt tveggja ára nám, 120 e, sem skiptist á fjórar annir. Nemendur geta tekið námið á lengri tíma auk þess sem hluta námsins er hægt að taka í fjarnámi. Nemendur taka þá 3 til 5 grunnnámskeið (30-40 e) á sviði menntunarfræða og aðferðafræði, a.m.k. 3 skyldunámskeið í lífsleikni og jafnrétti (30 e) og lokaverkefni (20-60 e). Síðan býðst nemendum að velja sér námskeið sem tengjast viðfangsefninu og þjóna áhuga þeirra (20-40 e).

Inntökuskilyrði eru B.A.- eða B.Ed.-gráða eða fullgilt starfsmenntanám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis eða umönnunar. Gilt er talið nám frá Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og öðrum sambærilegum menntastofnunum. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25).

**M.A.-gráða (120 e)**
Nemandi í M.A.-námi tekur að lágmarki tvö aðferðafræðinámskeið AÐFERÐAFRÆÐI RANNSÓKNA og EIGINDLEGAR RANNSÓKNARAÐFERÐIR I eða MEGINDLEGAR RANNSÓKNARAÐFERÐIR I (20 e), vinnulagsnámskeið FRÆÐILEG VINNUBRÖGÐ I og II (10 e), eitt kenninganámskeið KENNINGAR UM NÁM BARNA OG FULLORÐINNA, KENNINGAR Í KYNJAFRÆÐI eða KENNINGAR Í FÉLAGSFRÆÐI OG HEIMSPEKI MENNTUNAR (10 e), þrjú námskeið á sérsviði námsleiðarinnar (30 e), valnámskeið (0-20 e) og RANNSÓKNARRITGERÐ (40-60 e). Rannsóknarritgerðin þarf að tengjast lífsleikni og jafnrétti.

Valnámskeið á námsleiðinni eru að jafnaði í boði annað hvert ár.

Námskeiðin á námsleiðinni Lífsleikni og jafnrétti eru ýmist skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum eða staðnám. Upplýsingar um kennslufyrirkomulag eru tilgreindar fyrir hvert námskeið fyrir sig (sjá Skipulag námsins).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820015_20096&kennsluar=2009
Uppeldis- og menntunarfræði, sérskipulagt nám, M.A., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Ólafur Páll Jónsson (opj@hi.is)

**Um námið**
Námsleiðin Sérskipulagt meistaranám til M.A.-gráðu í Uppeldis- og menntunarfræði er ætluð þeim sem hafa hug á að sérhæfa sig til að stunda rannsóknir eða vinnu á starfsvettvangi á fræðasviði sem ekki fellur innan tiltekinnar námsleiðar við námsbrautina Menntunarfræði.

Hver nemandi skipuleggur nám sitt í samráði við leiðbeinanda.

**Markmið**
Markmið námsleiðarinnar er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á fræðikenningum og rannsóknum á tilteknu fræðasviði og hvernig nýta megi þá þekkingu við uppeldi og menntun.

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.
Um námið

| Tegund námskeiðsins | Dæmi 1 | Dæmi 2 | Dæmi 3 | Dæmi 4 | Dæmi 5 | Dæmi 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. Skyldunámskeið (30 e) | | | | | | |
| Aðferðafræði rannsókna | 10 e | 10 e | 10 e | 10 e | 10 e | 10 e |
| Lestur fræðigreina | 10 e | 10 e | 10 e | 10 e | 10 e | 10 e |
| Fræðileg vinnubrögð | 10 e | 10 e | 10 e | 10 e | 10 e | 10 e |
| B. Bundið val - aðferðir (a.m.k. 10 e) | | | | | | |
| Megindlegar aðferðafræði | 10 e | | | 10 e | | |
| Eigindlegar aðferðafræði | | 10 e | | | 10 e | |
| Starfendarannsóknir | | | 10 e | | | 10 e |
| C. Sérhæfing (20-40 e) | | | | | | |
| Rannsóknir á sérsviði nemenda* | 20 e | 20 e | 20 e | 40 e | 40 e | 40 e |
| D. Rannsókn (40-60 e) | | | | | | |
| Áætlun | 6 e | 6 e | 6 e | 6 e | 6 e | 6 e |
| Málstofa 1 | 2 e | 2 e | 2 e | 2 e | 2 e | 2 e |
| Málstofa 2 | 2 e | 2 e | 2 e | 2 e | 2 e | 2 e |
| Ritgerð | 50 e | 50 e | 50 e | 30 e | 30 e | 30 e |
| Samtals | 120 e | 120 e | 120 e | 120 e | 120 e | 120 e |

**A. Námskeið um aðferðafræði, menntunarfræði og fræðileg vinnubrögð (30 e)**
Þrjú skyldunámskeið eru í meistaranámi til M.A, gráðu. Í þessum námskeiðum er almenn umfjöllun um ólíka nálgun að viðfangsefnum rannsókna í menntunarfræði og greina þau sig þannig frá námskeiðum sem fjalla um sérsvið nemenda. Umfjöllun um aðferðafræði og vinnubrögð eiga að búa fólk undir störf við rannsóknir eða nýtingu rannsókna í atvinnulífi.

A-námskeið eru:
- Aðferðafræði rannsókna (Introduction to educational research)
- Menntunarfræði (Educational studies)
- Fræðileg vinnubrögð (Generic academic skills)

**B. Bundið val - aðferðafræði (a.m.k. 10 e)**
A.m.k. eitt námskeið í bundnu vali er nýtt til að styrkja hæfni nemenda í beitingu ákveðinna rannsóknaraðferða.

B-námskeið eru:
- Megindlegar aðferðafræði (Quantitative methods)
- Eigindlegar aðferðafræði (Qualitative methods)
- Starfendarannsóknir (Practitioner and action research)

**C. Námskeið um rannsóknir og kenningar á sérsviði nemenda (20 e)**
Á sérsviði á nemandi að velja sér tvö námskeið þar sem áhersla er lögð á fræðilega þróun, rannsóknir og kenningar, þannig að námskeiðin nýtist til að undirbúa fólk fyrir meistaraprófsverkefni og aðrar rannsóknir. Þau má velja úr þeim námskeiðum sem tilgreind eru hér fyrir neðan eða sækja þau í öðrum háskólum, innlendis sem erlendis, ef tækifæri gefst til þess.

Dæmi um C-námskeið eru:
Rannsóknir á skólastarfi
Málstofa á sviði stærðfræðimenntunar A: Rannsóknir á stærðfræðimenntun
Kenningar um nám barna og fullorðinna
Hvað segja rannsóknir um náttúrufræðimenntun?
Rannsóknir með fötluðu fólki
Fjölmenningarsamfélag og skóli: Hugmyndafræði og rannsóknir
Rannsóknir með ungum börnum
Upplýsingatækni í menntun og skólaþróun
Miðlun, menntun og samfélag

Stefnur og straumar í uppeldi og menntun
Kenningar í félagsfræði og heimspeki menntunar
Stofnanakenningar
Námskrárfræði: Hvað á að kenna og hvers vegna?
Áherslur og álitamál á sviði náms og kennslu ungra barn
Stefnur og straumar í náttúrufræðimenntun
Unglingsárin: Þroski, líðan og skólaganga
Nemendur með hegðunar- og tilfinningaörðugleika - Viðbrögð og úrræði skólasamfélagsins
Málstofa á sviði stærðfræðimenntunar B: Stærðfræðileg hæfni
Kenningar og rannsóknir á skóla án aðgreiningar í ljósi fötlunarfræða

Auk þess er hægt að taka fleiri námskeið úr B-flokknum.

**D. Rannsóknarverkefni (40-60 e alls)**
Rannsóknarverkefni er í öllum tilvikum einstaklingsverkefni.

Frá upphafi náms tilheyrir nemandi umsjónarhópi og á seinni stigum námsins eru nemendum skipaðir leiðsögukennarar og leiðsagnarnefndir. Val verkefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans í samráði við leiðsögukennara, sem eru flestir úr hópi kennara menntavísindasviðs en einnig kemur til greina að leita til sérfræðinga utan skólans.

Rannsóknaráætlun (6 e)
Markmið áætlunarinnar er að skýra og skerpa tilgang verkefnisins. Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram:
Kynning og afmörkun efnisins, spurningar sem leita á svara við eða álitamál sem varpa skal ljósi á í verkefninu.
Greinargerð um tilgang, þýðingu og markmið verkefnisins.
Rök fyrir vali verkefnisins og hvernig það tengist reynslu eða áformum höfundar.
Fræðilegur bakgrunnur og skýringar á hugtökum eftir því sem þörf er á.
Greinargerð um gagnaöflun.
Fyrirhuguð úrvinnsla.
Siðferðileg atriði.
Stærð verkefnis og framkvæmda- og tímaáætlun.

Rannsóknamálstofa 1 og 2 (2 e hvor)
Markmið málstofu eru einkum að:
Skapa vettvang til að kynna eigið verkefni og kynnast verkum annarra,
Laða fram gagnrýna og uppbyggilega umræðu um verkefnin,
Skapa tækifæri til skoðanaskipta um aðferðafræðileg álitamál,
Veita gagnkvæman stuðning og aðhald.
Hluti af vinnu við rannsóknarverkefni er þátttaka í málstofum þar sem nemendur koma saman, greina frá eigin verkefni og fjalla um verk annarra á efnislegan og gagnrýninn hátt. Meistaranemum er skylt að kynna eigið efni á að minnsta kosti tveimur málstofum á námstímanum og mæta á aðrar fjórar?.

Einnig verða óformlegar málstofur í boði þar sem rætt er um ólík rannsóknarverkefni án kynningar; slíkar málstofur eru ekki metnar til eininga.

Rannsóknarritgerð (30-50 e)
Í rannsóknarnámi metur meistaraprófsnefnd verkefnið ásamt heildarframmistöðu námsmannsins í náminu. Meistaraprófsnefnd skipa umsjónarmaður rannsóknartengda námsins, leiðsögukennari nemandans og utanaðkomandi prófdómari. Prófdómari er tilnefndur strax og verkefni hefur verið skilað og er nemanda tilkynnt nafn hans.

Vörn
Hluti af námsmatinu felst í því að nemandi ver verkefni sitt munnlega fyrir nefndinni.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=661000_20096&kennsluar=2009
Alþjóðlegt nám í menntunarfræði, M.A., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar**: Ólafur Páll Jónsson (opj@hi.is)

Um er að ræða heildstætt alþjóðlegt nám í menntunarfræðum við Menntavísindasvið HÍ. Með náminu er brugðist við vaxandi áhuga á starfi í alþjóðlegum skólum á Íslandi og starfi í skólum eða á annars konar vettvangi menntamála í öðrum löndum. Lögð er sérstök áhersla á þróun á átt til hnattvæðingar, aukinna fólksflutninga, þróun fjölmenningarlegs samfélags á Íslandi, sjálfbærrar þróunar, alþjóðavæðingar á sviði menntamála og Bologna-ferlisins, svo nokkuð sé nefnt.

**Smellið á enska fánann, efst til hægri, til að nálgast ítarlegar upplýsingar um námsleiðina.**
Um námið
**Um námið**
Með brautinni er opnuð ný leið fyrir þá nemendur sem hafa áhuga á heildstæðu alþjóðlegra námi í menntunarfræðum og hafa hug á að starfa í alþjóðlegu skólaumhverfi á Íslandi eða í öðrum löndum.

**Markmið**
Helstu markmið með náminu eru að gefa nemendum kost á að öðlast nokkuð víðtæka alþjóðlega eða fjölmenningarlega sýn í menntunarfræði og á störf kennara í leik- og grunnskólum og víðar. Sveiganleiki námsins miðar að því að gera nemendum kleift að sérhæfa seig á ólíkum sviðum, t.d. í kennslu tungumála, til að taka þátt á þróunarstarfi á erlendum vettvangi, til að vinna að fræðslustörfum meðal innflytjenda á Íslandi eða annars staðar svo dæmi séu nefnd.

**Innihald námsins**

Námið samanstendur af grunnnámskeiðum í aðferðafræði (20 ECTS), kenningum á sviði menntunar (10 ECTS) valnámskeiðum á sérsviði (30-50 ECTS) og rannsóknarverkefni (40-60 ECTS). Öll kennsla fer fram á ensku enda er samsetning námsins og skipulag allt miðað við fjölbreyttan stúdentahóp.

Nemendur geta valið þrjár leiðir í sérhæfingu:
1. Tungumálakennsla
2. Menntun og hnattvæðing
3. Menntun og þróunarfræði

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu þessara námskeiða á ár og námsmisseri:

| | Haust | Vor |
|---|---|---|
| 1. ár | Val: NOK058F Writing in a foreign or second language<br>- | Skylda: Methodology (continuation) |
| 1. eða 2. ár | Val: UAU105F Ecological Economics<br>Val: UAU102F Introduction to Environmental Science and Resource Management<br>Val: ASK033F Europeanisation: The influence of the European Integration on the Politics and Administrations of the EU- and EEA-member<br>- | Val: UAU204F Sustainable Futures |
| 2. ár | Skylda: MVS106/7/8F Research thesis - M.A. | Skylda: MVS204/5/6F Research thesis - M.A. |

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=720000_20096&kennsluar=2009

Language teaching and learning - sérsvið

Overview of courses for specialisation **Language teaching and learning (in international schools):**

1st year. Educational settings, Academic skills, Educational research, Sociology and history of education, Globalisation and education, Development and self.

2nd year. Language/specialisation.

3rd year. Comparative education studies, Pedagogy, Professionalism, Courses within specialisations. BA project.

4th and 5th year. Issues in educational research, Theories of sociology and the philosophy of education, Interdisciplinary courses, Master's project.

Education and globalisation - sérsvið

Overview of courses for specialisation **Education and globalisation**:

1st year. Educational settings, Academic skills, Educational research, Sociology and history of education, Globalisation and education, Development and self.

2nd year. Language/specialisation.

3rd year. Comparative education studies, Courses within specialisations. BA project.

4th and 5th year. Issues in educational research, Theories of sociology and the philosophy of education, Interdisciplinary courses, Master's project.

Education and development studies - sérsvið

Overview of courses in specialisation **Education and development studies**:

1st year. Educational settings, Academic skills, Educational research, Sociology and history of education, Globalisation and education, Development and self.

2nd year. Language/specialisation.

3rd year. Comparative education studies, Courses within specialisations. BA project.

4th and 5th year. Issues in educational research, Theories of sociology and the philosophy of education, Interdisciplinary courses, Master's project.

Uppeldis- og menntasálfræði

**Brautarstjóri**: Sigrún Aðalbjarnardóttir (sa@hi.is)

*Í fjarveru Sigrúnar á vormisseri 2009 skal beina fyrirspurnum til Steinunnar Gestsdóttur (steinuge@hi.is)*

Framhaldsnám í uppeldis- og menntasálfræði innan uppeldis- og menntunarfræðideildar er í boði á meistarastigi.

**Eftirfarandi námsleiðir eru í boði:**
Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn, M.A., 120 e
Þroski, mál og læsi, M.A., 120 e **(fyrst kennd 2010-2011)**
Uppeldis- og menntasálfræði (sérskipulagt nám), M.A., 120 e

Á lífshlaupi sínu tekur einstaklingurinn miklum þroskabreytingum, bæði líffræðilegum og sálfræðilegum, í samspili við félagslegt umhverfi sitt. Mikilvægt er að skilja þessar þroskabreytingar til að geta á markvissan hátt eflt margvíslegan þroska barna, unglinga og ungs fólks og stuðlað að velferð þess. Námsbraut í uppeldis- og menntasálfræði er ætluð fólki sem hefur áhuga á þroska, heilbrigðum lífsháttum og velferð ungs fólks og hefur hug á að starfa á vettvangi með því og/eða sinna rannsóknum á þessu sviði. Um er að ræða hagnýtingu sálfræðinnar á sviði uppeldis- og menntamála.

Markmið náms á brautinni er að nemendur öðlist þekkingu á fræðikenningum sem tengjast þroska, námi, lífsháttum og uppeldi og ígrundi hvernig megi nýta þær í rannsóknum og starfi á vettvangi. Með námi á uppeldis- og menntasálfræðibraut er leitast við að brúa bil fræða og starfs og hefðbundinnar skiptingar bæði rannsókna og rannsóknaaðferða (grunn- og hagnýtar; megindlegar og eigindlegar).

Rétt til að sækja um inngöngu í framhaldsnám eiga þeir sem hafa lokið fullgildu háskólanámi til bakkalárgráðu með fyrstu einkunn (7,25). Nemandi sem lokið hefur meistaraprófi í uppeldis- og menntunarfræði eða skyldum greinum getur sótt um að hefja doktorsnám við sviðið. Sérhver umsókn er metin, meðal annars á grundvelli fyrra náms, námsárangurs, starfsreynslu og þátttöku í rannsóknar- og þróunarverkefnum.

Frekari upplýsingar um brautina.
Um brautina
**Þekking, hæfni, færni og viðhorf**
Við lok meistaraprófs skal eftirfarandi viðmiðum hafa verið náð:

1. Þekking og skilningur
1.1 Nemandi hafi öðlast þekkingu og skilning á tilteknu fræðasviði innan uppeldis- og menntasálfræði og þeim rannsóknaraðferðum sem þar er beitt.
1.2 Nemandi geti lagt rökstutt mat á kenningar og rannsóknir á fræðasviði sínu.
1.3 Nemandi geti tengt fræðilega þekkingu sína og skilning faglegri vinnu við rannsóknir og/eða starfsgrein.

2. Hæfni og færni
2.1 Nemandi geti ígrundað og endurskoðað eigin sýn á fræðasvið sitt í ljósi nýrrar þekkingar.
2.2 Nemandi geti tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær á grunni fræðasviðs síns.
2.3 Nemandi geti skilið og tekist á við flókin viðfangsefni í faglegu samhengi.
2.4 Nemandi geti skipulagt og framkvæmt rannsókn með aðferðum á grunni kenninga bæði fræðasviðsins og aðferðafræða.
2.5 Nemandi geti nýtt sér fræðilega þekkingu sína í starfi á vettvangi.
2.6 Nemandi hafi öðlast aukinn og dýpri skilning og víðtækari yfirsýn á sérfræðisvið sitt en felst í námi á fyrsta þrepi (grunnnám).

3. Hæfni í samskiptum
3.1 Nemandi geti unnið faglega með öðrum.
3.2 Nemandi geti tjáð sig skýrt og skipulega bæði í ræðu og riti um viðfangsefni og álitamál fræðasviðs síns á ýmsum vettvangi.
3.3 Nemandi geti átt frumkvæði að rannsókna- og þróunarverkefnum á sínu sérsviði, stýrt vinnu við þróunarverkefni og smærri rannsóknarverkefnum og axlað ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa.

4. Námshæfni/viðhorf
4.1 Nemandi hafi tileinkað sér víðsýni og gagnrýna hugsun sem nýtist í rannsóknum og starfi á vettvangi.
4.2 Nemandi hafi þróað með sér aga, metnað, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð sem hann geti nýtt sér til að takast á hendur frekara nám, rannsóknir eða starf á vettvangi.
4.3 Nemandi sé meðvitaður um siðferðilega þætti rannsóknastarfa og starfa með fólki á vettvangi.

**Viðfangsefni**
Viðfangsefnin eru margvísleg; má þar nefna sjálfsmynd, sjálfstjórn, samskipti, áhættuhegðun, streitu, forvarnir, heilbrigði, seiglu, mál, læsi, námsgengi, menningarlega fjölbreytni, jafnrétti kynja, borgaravitund, lífsstíl og lífssýn.

Nemendur námsbrautarinnar kynna sér m.a. niðurstöður nýlegra rannsókna á hugrænum þroska, samskiptahæfni, félagsþroska, málþroska, siðferðiskennd og tilfinningaþroska auk starfsemi heilans. Áhersla er jafnframt lögð á heilbrigðan lífsstíl og uppbyggjandi starf með börnum, unglingum og fullorðnum innan fjölskyldunnar, í skólastarfi og ýmissi félagastarfsemi utan skólans.

**Skipulag náms**
Meistaranám í uppeldis- og menntasálfræði er fullt tveggja ára nám, þ.e. 120 e sem skiptist á fjórar annir. Á brautinni er boðið upp á þrjár námsleiðir: Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn; Þroska, mál og læsi; og sérskipulagt M.A.-nám í samráði við umsjónarmann brautarinnar. Náminu lýkur með M.A.-gráðu en einnig er hægt að ljúka 60 eininga námi (fyrri hluta meistaranáms) með diplóma.
Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn, M.A., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar:** Sigrún Aðalbjarnardóttir (sa@hi.is)

**Um námið**
Börn, unglingar og ungt fólk í vestrænum heimi stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum og geta viðbrögð þess haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir framtíð þess. Greina má á milli áhættu sem lýtur að lífsstíl og heilsu ungs fólks og áhættu sem snertir námsgengi og menntun þess. Þessir áhættuþættir ögra margs konar þroska ungs fólks, sem stendur frammi fyrir því að taka mikilvægar ákvarðanir um heilbrigði sitt og gengi í lífinu.

Mikilvægt er að skilja samspil margvíslegra þroska- og áhættuþátta og finna leiðir til að geta á markvissan hátt styrkt börn, unglinga og ungt fólk sem einstaklinga og í samskiptum við aðra og stuðlað þannig að heilbrigðri lífssýn þess og velferð.

**Markmið**
Markmið námsleiðarinnar Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á fræðikenningum og rannsóknum á áhættuhegðun, þroska, seiglu og heilbrigðri lífssýn ungmenna. Jafnframt hvernig nýta megi þá þekkingu við uppeldi og menntun.

Námsleiðin er ætluð þeim sem hafa hug á að öðlast hæfni til að stunda rannsóknir á þessu sviði og/eða vinna á vettvangi að uppbyggjandi starfi og inngripum í nærsamfélaginu og á stofnunum.

**Viðfangsefni**
Kenningar og rannsóknir á persónu- og félagsþroska, áhættuhegðun, lífsháttum og lífssýn og uppbyggjandi starfi og forvörnum. Helstu viðfangsefni eru: sjálfsmynd, sjálfstjórn, vímuefnaneysla, kynheilbrigði, streita, neikvæð hugsanamynstur, námsgengi, samskipti, menningarleg fjölbreytni, borgaravitund, seigla, heilbrigði, lífsstíll og lífssýn.

**Skipulag náms**
Meistaranám (M.A.) á námsleiðinni Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn er 120 e, en diplómanám 60 e. Mælt er með að nemendur sem ætla að ljúka námi á tveimur árum taki eitt aðferðafræðinámskeið utan brautar á 1. önn í samráði við brautarstjóra.

Diplómanám á námsleiðinni "Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn". Skyldunámskeið: Efst á baugi í þroskasálfræði: Valin viðfangsefni EÐA Kenningar um nám barna og fullorðinna (10 e); Áhættuhegðun og seigla ungmenna (10 e); Hugur, heilsa og forvarnir (10 e); Samskipti - sjálfstæði og samkennd (10 e). Þeir nemendur sem hafa takmarkaðan grunn í aðferðafræði þurfa að taka námskeiðið Aðferðafræði rannsókna (10 e). Valnámskeið (10-20 e).

Námskeið á námsleiðinni eru ýmist kennd í staðnámi eða í sveigjanlegu námi (fjarnámi með staðbundnum lotum). Valnámskeið eru að jafnaði í boði annað hvert ár.

Sjá 'Skipulag náms' fyrir frekari upplýsingar um námsleiðina.

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820001_20096&kennsluar=2009
Þroski, mál og læsi, M.A., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar:** Hrafnhildur Ragnarsdóttir (hragnars@hi.is)

**Námsleið í Þroska, máli og læsi til M.A.-gráðu verður boðin á uppeldis- og menntasálfræðibraut frá og með kennsluárinu 2010-2011.**

Áætlað skipulag náms á leiðinni má sjá hér.

Mælt er með að nemendur sem ætla að ljúka námi á tveimur árum taki eitt aðferðafræðinámskeið utan brautar á 1. önn í samráði við brautarstjóra.

Diplómanám á námsleiðinni Þroski, mál og læsi. Skyldunámskeið: Efst á baugi í þroskasálfræði: Valin viðfangsefni EÐA Kenningar um nám barna og fullorðinna (10 e); Málþroski og þróun málnotkunar (10 e); og Mál og lestur I (10 e). Þeir nemendur sem hafa takmarkaðan grunn í aðferðafræði þurfa að taka námskeiðið Aðferðafræði rannsókna (10 e). Valnámskeið (20-30 e).

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.
Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820017_20096&kennsluar=2009
Uppeldis- og menntasálfræði, sérskipulagt nám, M.A., 120 e
**Umsjónarmaður námsleiðar:** Sigrún Aðalbjarnardóttir (sa@hi.is).

**Um námið**
Námsleiðin Sérskipulagt meistaranám til M.A.-gráðu í Uppeldis- og menntasálfræði er ætluð þeim sem hafa hug á að öðlast hæfni til að stunda rannsóknir og/eða vinna á starfsvettvangi á fræðasviði sem ekki er í boði við námsbrautina Uppeldis- og menntasálfræði sem námsleið undir heiti tiltekins fræðasviðs. Hver nemandi skipuleggur nám sitt í samráði við leiðbeinanda.

**Markmið**
Markmið námsleiðarinnar er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á fræðikenningum og rannsóknum á tilteknu fræðasviði og hvernig

nýta megi þá þekkingu við uppeldi og menntun.

Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820003_20096&kennsluar=2009

Öll námskeið framhaldsnáms
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=43&namsstig=1

Frekari upplýsingar um meistaranám

**Tilhögun meistaranáms á sviðinu**
Hægt er að útskrifast með M.Ed., M.A. eða M.S. gráðu. Námið getur verið skipulagt með mismunandi hætti eftir deildum og námsleiðum en fellur þó alltaf innan ákveðins ramma sem lýst er hér fyrir neðan. Aðferðafræði og lokaverkefni eru sameiginlegar áherslur á öllum námsleiðum, þótt umfang lokaverkefna sé misjafnt og aðferðafræðinámskeið geti verið ólík eftir námsleiðum. Nánari lýsingar og útfærslur eru undir hverri deild í kennsluskrá.

**M.Ed. nám**
Boðið er upp á meistaranám til M.Ed. gráðu í öllum deildum Menntavísindasviðs. Almennt er miðað við að nemendur ljúki a.m.k. 10 einingum í aðferðafræði, t.d. ***Aðferðafræði rannsókna,*** og að lokaverkefni sé ekki minna en 20 einingar. Skylda eða bundið val er á öllum námsleiðum. Þar undir falla námskeið um kenningarlegan grunn sem hæfir hverri námsleið og eru þau námskeið að nokkru leyti sameiginleg ólíkum námsleiðum. Hlutfall milli skyldu- og valnámskeiða á sérsviði er misjafnt en almennt er miðað við að nemendur taki ekki minna en 30 einingar á sínu sérsviði. Hvert sérsvið skilgreinir skyldunámskeið.

**M.A. nám**
Boðið er upp á nám til M.A. gráðu í öllum deildum Menntavísindasviðs. Nemendur taka að lágmarki 20 einingar í aðferðafræði (eitt til tvö skyldunámskeið og eitt í bundnu vali). Lokaverkefni er 40-60 einingar en almennt er miðað við að samanlagður einingafjöldi lokaverkefnis og námskeiða á sérsviði sé að lágmarki 60 einingar. Skylda eða bundið val samanstendur af námskeiðum um viðeigandi kenningar eða rannsóknarundirbúning (t.d. ***Fræðileg vinnubrögð***).

**M.S. nám**
Nám til M.S. gráðu í íþrótta- og heilsufræði er í boði í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild. Aðferðafræði er að lágmarki 20-30 einingar, skylda/bundið val 10-20e, sérsvið/val 20e og lokaverkefni er 60 einingar. Sérhæfing (námsleiðir) eru þrjár, faraldsfræði hreyfingar og þjálfunarlífeðlisfræði, næringarfræði og íþróttasjúkraþjálfun. Námið er í samstafi við Heilbrigðisvísindasvið.

**Meistaraverkefni**
Upplýsingar um meistaraverkefni má nálgast hér.

**Námsmat og hæfni**
Sjá upplýsingar um námsmat á Menntavísindasviði. Í meistaranámi er auk þess tekið mið af hæfni nemenda í:
- meðferð heimilda (framsetningu og notkun)
- miðlun þekkingar í rituðu og töluðu máli
- notkun heimilda í eigin röksemdafærslu
- greinandi framsetningu (frekar en lýsandi)
- öguðum vinnubrögðum, m.a. í afmörkun og framsetningu efnis

Valnámskeið meistaranáms
Í frjálsu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs, sbr. lista hér fyrir neðan er taka til allra námskeiða í viðkomandi deild. Athugið að í sumum tilvikum eiga námskeið alls ekki við, þ.e. eru eingöngu ætluð tilteknum nemendahópum eða um forkröfur er að ræða.

Þessu til viðbótar má velja í frjálsu vali námskeið af öðrum sviðum og deildum Háskólans.

Vinsamlegast hafið samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra ef þörf krefur um val á námskeiðum.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í kennaradeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Yfirlit yfir öll námskeið á meistarastigi í uppeldis- og menntunarfræðideild.

## Doktorsnám

Doktorsnám á Menntavísindasviði er þvert á deildir sviðsins. Boðið er upp á tvær námsleiðir til doktorsnáms.

Upplýsingar um doktorsnám á Menntavísindasviði má nálgast hér.

Námsleiðir
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=g&id_deild=43

Öll námskeið deildarinnar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeidalisti&kennsluar=2009&deild=43

Doktorsnám

**Umsjónarmaður doktorsnáms**: Allyson Macdonald (allyson@hi.is)

**Doktorsnám á Menntavísindasviði er þvert á deildir. Í boði eru tvær námsleiðir**:

Menntavísindi, Ph.D.,180-240 e (tímaritsgreinar eða ritgerð)
Menntavísindi, Ed.D., 180 e

Markmið doktorsnáms við Menntavísindasvið Háskóla Íslands er að efla hæfni kandídata til að stunda sjálfstæðar vísindalegar rannsóknir og fræðastörf. Jafnframt hefur doktorsnám á sviðinu þann tilgang að efla íslenskar rannsóknir á sviði umönnunar, þjálfunar, uppeldis-, tómstundastarfs og menntunnar.

Doktorsnám við Menntavísindasvið byggist á eftirfarandi þáttum:
- Námskeiðum í aðferðafræði
- Öðrum námskeiðum til dýpkunar á því sérsviði sem neminn fjallar um. Þau námskeið eru valin í samráði við leiðbeinendur.
- Námsdvöl við erlendan háskóla. Við það er miðað að kandídat dveljist 2-6 mánuði við erlendan háskóla.
- Virkri þátttöku í fræðasamfélaginu. Kandídatar skulu verja einni önn hið minnsta við Menntavísindasvið HÍ.
- Doktorsverkefni.

Skipan doktorsnáms og ráðning leiðbeinenda við vinnslu doktorsverkefna er ákveðin af umsjónarmanni doktorsnáms í samráði við doktorsráð.

Sjá frekari upplýsingar um doktorsnám.

Frekari upplýsingar

**Námsleiðir**
Kandídatar geta valið milli tveggja námsleiða:
Ed.D. (1)
Ph.D. (2) ritgerð eða (3) tímaritsgreinar

1. Nám til Ed.D. gráðu byggist á námskeiðum í aðferðafræði, á námskeiðum sem fela í sér skoðun á eigin starfsvettvangi og rannsóknarverkefni unnið undir handleiðslu leiðsagnarnefndar, en í henni skal einn af þremur sérfræðingum starfa utan skólans. Æskilegt er að einn sérfræðingur í nefndinni hafi reynslu af starfsvettvangi doktorsnema. Umsækjandi þarf að hafa a.m.k. tveggja ára starfsreynslu.

2. Nám til Ph.D. gráðu (ritgerð) byggist á námskeiðum í aðferðafræði, námskeiðum á sérsviði þar sem áhersla er lögð á fræðilega þróun, rannsóknir og kenningar og vinna við rannsóknarritgerð undir handleiðslu leiðsagnarnefndar en í henni skal einn af þremur sérfræðingum starfa utan skólans.

3. Nám til Ph.D. gráðu (tímaritsgreinar) byggist að hluta til á námskeiðum í aðferðafræði, rannsóknum og kenningum en sérstaklega á ritun rannsóknargreina í tímarit undir handleiðslu leiðsagnarnefndar þar sem tveir eru sérfræðingar utan skólans. Fjöldi greina er ákveðinn í samráði nefndarinnar, nemendans og doktorsráðs en getur verið frá þremur til fimm.

**Leiðsögn**
Doktorskandídat fær tvo leiðbeinendur og skal annar þeirra vera aðalleiðbeinandi. Honum er auk þess skipuð leiðsagnarnefnd og í henni sitja leiðbeinendur og 1-2 sérfræðingar sem starfa utan skólans. Val viðfangsefnis til rannsóknar er fyrst og fremst á ábyrgð kandídatsins í samráði við leiðbeinendur og leiðsagnarnefnd hans. Leiðsagnarnefnd er skipuð þegar námsáætlun er í mótun og áður en kandídat leggur fram rannsóknaráætlun og lýkur störfum þegar hún hefur samþykkt ritverk kandídatsins til doktorsvarnar.

**Námsáætlun**
Námsáætlun er lýsing á námskeiðum og öðru starfi doktorsnemans allt námstímabilið. Hún er unnin í samvinnu doktorsnema og leiðbeinenda.

Gerð er krafa um að ítarleg námsáætlun liggi fyrir innan eins árs frá inntöku. Skal námsáætlun unnin í samráði við leiðbeinendur. Í námsáætluninni komi fram áætluð um námskeið og vægi þeirra í náminu.

**Rannsóknaráætlun**
Doktorsrannsókn er unnin á ábyrgð doktorskandídats sem vinnur undir handleiðslu leiðbeinenda og leiðsagnarnefndar.

Kandídatinn skal leggja fram rannsóknaráætlun til varnar í síðasta lagi tveimur árum eftir að nám hefst. Hann ver áætlunina á fundi með leiðbeinendum og tveimur aðilum utan skólans sem eru sérfræðingar á sviðinu. Fundurinn leggur mat á áætlunina og frammistöðu nemans og gerir tillögur til doktorsráðs um framhald.

Rannsóknaráætlun byggist á ítarlegri úttekt á fyrirliggjandi þekkingu á sviðinu og á nauðsynlegum forathugunum. Hún felur í sér eftirfarandi þætti:

Inngangur
- Kynning og afmörkun viðfangsefnis.
- Stutt greinargerð um markmið og gildi viðfangsefnis.
- Rök fyrir vali viðfangsefnis og hvernig það tengist reynslu eða áformum höfundar.

Staða þekkingar
- Kenningarnálgun og skýringar á hugtökum, eftir því sem þörf er á.
- Úttekt á fyrirliggjandi þekkingu úr rannsóknum annarra.
- Spurningar sem leitað er svara við eða álitamál sem varpa skal ljósi á.

Aðferðir og aðferðafræði
- Aðferðafræði og rannsóknarsnið

- Greinargerð um gagnaöflun.
- Siðferðileg atriði.
- Fyrirhuguð útrvinnsla gagna.
- Takmarkarnir verksins.

Forathuganir

Framkvæmdar- og tímaáætlun.

**Málstofur**
Kandídatar kynna verkefni sín á málstofum doktorsnema minnst tvisvar á ári. Málstofur eru haldnar að minnsta kosti tvisvar á önn. Markmið málstofu eru einkum að:
- skapa vettvang til að kynna eigið verk og kynnast verkum annarra,
- laða fram gagnrýni og uppbyggilega umræðu um viðfangsefnin,
- skapa tækifæri til skoðanaskipta um aðferðafræðileg álitamál,
- veita gagnkvæman stuðning, og
- veita aðhald.

**Virk þátttaka í fræðasamfélaginu**
Nauðsynlegt er að doktorsnemar taki virkan þátt í fræðasamfélaginu á meðan á námi stendur. Þátttaka felst í því að verja hluta af námstímanum í háskóla- eða rannsóknarumhverfi, að sækja fyrirlestra, ráðstefnur og vinnufundi, að flytja erindi á mismunandi vettvangi, að skrifa greinar og ritdóma, að vinna með öðrum í skipulagi á verkefnum og atburðum og að afla þekkingar um siðferði og verkefnastjórnun.

**Doktorsvörn**
Eftir að leiðsagnarnefnd hefur samþykkt doktorsverk til varnar fá utanaðkomandi prófdómarar það til umfjöllunar. Prófdómarar eru skipaðir af forseta fræðasviðsins. Doktorsvörn fer fram í heyranda hljóði. Nánar er kveðið á um doktorsvörn í sérstökum reglum sviðsins.
Reglur um doktorsnám (í endurskoðun)
Reglur um doktorsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

**1. gr.**
**Markmið doktorsnáms við Menntavísindasvið Háskóla Íslands**

Við Menntavísindasvið Háskóla Íslands er unnt að stunda nám til doktorsprófs á fræðasviðum þar sem stjórn rannsóknarnámsbrautar og vísindaráð meta að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi.

Markmið doktorsnáms við Menntavísindasvið Háskóla Íslands er að efla hæfni doktorsnema til að stunda sjálfstætt vísindalegar rannsóknir og fræðastörf. Jafnframt hefur doktorsnám við Menntavísindasvið þann tilgang að efla íslenskar rannsóknir á sviði umönnunar, þjálfunar, uppeldis- og menntunnar.

Prófgráðan er Ph.D. í uppeldis- og menntunarfræði (Doctor Philosophiae Educationis - Doctor of Philosophy in Education).

Reglur um doktorsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands eru settar með hliðsjón af reglum nr. 37/2007 um Reglur um doktorsnám í háskólum skv. 7. gr. laga nr. 63/2006, útgefnum af menntamálaráðuneytinu 17. janúar 2006.

**2. gr.**
**Stjórn doktorsnáms**

Stjórn doktorsnáms við Menntavísindasvið Háskóla Íslands fer með málefni doktorsnáms við skólann. Hlutverk stjórnarinnar er að marka stefnu um tilhögun og framkvæmd doktorsnáms, móta kennsluskrá, kynna það nám sem í boði er, fjalla um umsóknir og fylgjast með framvindu og gæðum náms og kennslu. Stjórn doktorsnáms er skipuð til tveggja ára og að öðru leyti skv. reglum skólans.

**3. gr.**
**Auglýsing um doktorsnám**

Að fenginni tillögu frá forseta fræðasviðs ákveður háskólaráð fjölda nema sem unnt er að gefa kost á námi hverju sinni. Námið er auglýst í almennum fréttamiðlum og á vef Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Umsóknarfrestur um doktorsnám rennur út 15. apríl ár hvert.

**4. gr.**
**Inntökuskilyrði og mat á fyrra námi**

Nemandi sem hefur lokið meistaraprófi eða sambærilegu prófi með fyrstu einkunn frá Kennaraháskóla Íslands, Menntavísindasviði Háskóla Íslands eða öðrum háskóla getur sótt um aðgang að doktorsnámi. Einnig getur nemandi sem hefur stundað doktorsnám við annan háskóla sótt um aðgang að doktorsnámi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Ef nemandi hyggst hefja doktorsnám strax að loknu meistaraprófi getur hann sótt um það áður en hann lýkur prófi, ef fyrir liggur staðfesting rannsóknarbrautarinnar um að hann muni væntanlega ljúka náminu með fullnægjandi árangri áður en doktorsnám hefst. Ef skortir á að undirbúningur nemanda samsvari þeim undirbúningi sem framangreind próf eiga að tryggja, má gera frekari námskröfur eftir því sem ástæða þykir til.

Námskeið í grunnnámi (bakkalárnámi eða samsvarandi námi) geta ekki verið hluti af bóknámi doktorsnema, en heimilt er að meta námskeið á meistarastigi sem hluta af doktorsnámi, enda hafi þau ekki áður verið metin sem hluti af meistaranámi viðkomandi. Ekki er heimilt að nota meistararitgerð aftur sem uppistöðu í doktorsritgerð, en í ýmsum tilvikum getur verið æskilegt að halda áfram á sama eða skyldu rannsóknasviði.

**5. gr.**
**Meðferð umsókna**

Umsóknum um doktorsnám skal skilað til þjónustuvers. Ferli umsóknar er sem hér segir:

a) Umsókn um doktorsnám skal skilað á sérstöku eyðublaði. Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteinum, greinargerð um faglegar forsendur umsækjanda til að leggja stund á námið, frumdrög að rannsóknaráætlun, verkáætlun með greinargerð um aðstæður umsækjanda til að sinna náminu og önnur fylgiskjöl, sbr. leiðbeiningar sem birtar eru á vef skólans.

b) Umækjandi skal sjá til þess að tveir meðmælendur skili inn umsögn um umsækjenda til þjónustuvers á þar til gerðum eyðublöðum.
c) Þjónustuver fer yfir og skráir umsóknir og athugar hvort tilskilin gögn fylgja.

d) Stjórn doktorsnáms staðfestir að öllum inntökuskilyrðum sé fullnægt.
Stjórnin fjallar um og leggur mat á umsóknir sem uppfylla skilyrði um inntöku. Mat getur einnig byggst á viðtali við umsækjanda. Stjórnin samþykkir umsóknir sem samræmast eftirfarandi forsendum:
- Umsækjandi er talinn hæfur til að takast á við umrætt verkefni
- Tiltækur er í skólanum sérfræðingur á því sviði sem rannsóknin fjallar um.
- Fjárhagslegur grundvöllur er til að sinna nemandanum og viðunandi námsaðstæður eru fyrir hendi.

e) Með samþykki stjórnar fylgi rökstuðningur um afgreiðslu varðandi alla meginliði umsóknar, rökstudd ábending um leiðbeinanda og samþykki hans, og ábendingar um það viðbótarnám sem umsækjandi kann að þurfa.

f) Eftir að stjórn doktorsnáms hefur afgreitt umsóknina svarar þjónustuver umsækjanda skriflega.

g) Umsækjandi sem skólinn hefur samþykkt í doktorsnám skal snúa sér til þjónustuvers og ganga frá innritun og skráningu. Svara skal umsækjanda skriflega fyrir 15. júní.

**6. gr.**
**Einingafjöldi og tímalengd náms**

Doktorsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands er allajafna einstaklingsbundið nám og á bilinu 90 - 120 einingar til viðbótar tilskildum einingafjölda til meistara- eða kandídatsgráðu. Doktorsnámið samanstendur af 60 - 90 eininga doktorsritgerð og 15 - 30 einingum í formi námskeiða.

Öllum námskröfum verður að hafa verið mætt innan sex ára sé nemandinn í fullu námi og á innan við átta árum ef nemandinn er í hlutanámi. Miðað er við þann dag er nemandinn skráði sig fyrst til doktorsnáms.

Ef nemanda tekst ekki að ljúka náminu á þessum tíma getur hann sótt um undanþágu til stjórnar doktorsnáms. Verði undanþága veitt má setja þau skilyrði að nemandi ljúki námi miðað við reglur sem þá eru í gildi þótt hann hafi hafið námið meðan aðrar reglur giltu.

Nemandinn skal vera skráður og greiða skráningargjöld allan námstímann.

**7. gr.**
**Námsferli**

Gerð er krafa um að ítarleg námsáætlun liggi fyrir innan eins árs frá inntöku. Skal námsáætlun unnin í samráði við leiðbeinendur. Í námsáætluninni komi fram áætluð námskeið og vægi þeirra í náminu. Leiðbeinendur geta krafist þess að neminn sæki námskeið á framhaldsnámsstigi sem nemur allt að 30 einingum, annars vegar í aðferðafræði og hins vegar til dýpkunar á sérsviði nemans. Á grundvelli þessarar áætlunar gera nemandi og leiðbeinendur samning um réttindi og skyldur þeirra í milli.

Neminn skal leggja fram rannsóknaráætlun til varnar í síðasta lagi tveimur árum eftir að nám hófst. Vörn áætlunarinnar fer fram á fundi með leiðbeinendum og tveimur aðilum utan skólans sem eru sérfræðingar á sviðinu. Fundurinn leggur mat á áætlun og frammistöðu nemans og gerir tillögur til stjórnar doktorsnáms um framhald.

Gerð er krafa um að doktorsneminn sæki málstofur og kynni verkefni a.m.k. einu sinni á ári fyrir öðrum doktorsnemum og leiðbeinendum þeirra.

Gerð er krafa um a.m.k. eins misseris dvöl við erlendan háskóla eða annars konar sambærilegt formlegt samstarf við erlenda vísindamenn.

Gerð er krafa um a.m.k. eins misseris dvöl við Menntavísindasvið Háskóla Íslands með vinnuaðstöðu í húsnæði skólans og þátttöku í fræðasamfélagi skólans.

**8. gr.**
**Skráning á námsframvindu**

Þjónustuver varðveitir umsóknargögn í námsferilsskrá hvers nema.

Samþykkt áætlun skal send þjónustuveri þar sem hún verður hluti af námsferilsskrá doktorsnemans.

Fyrir 1. september ár hvert skal doktorsnemi skila til forstöðumanns framvinduskýrslu. Leiðbeinendur skulu samþykkja greinargerðina.

Um leið og doktorsritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram námsferilsyfirlit nemanda, sem þjónustuver gengur frá og staðfestir.

**9. gr.**
**Leiðsögn**

Sérhver doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa leiðsögn. Æskilegt er að leiðbeinendur hvers nema séu tveir, þar af sé einn aðalleiðbeinandi. Leiðbeinendur semja sín á milli um verkaskiptingu og starfshlutfall. Leiðbeinendur skulu hafa stöðu dósents eða prófessors á viðkomandi sviði. Þess skal gætt að leiðbeinendur séu viðurkennndir fræðimenn og hafi birt ritsmíðar á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

Skipan leiðbeinenda er háð samþykki aðstoðarrektors rannsókna.

Hlutverk leiðbeinenda er að fylgjast með vinnu doktorsnema, veita leiðsögn við doktorsverkefni og veita doktorsnefnd forstöðu. Neminn ráðfærir sig við leiðbeinenda um gerð rannsóknaráætlunar, skipulag námsins, val námskeiða og annað sem tengist náminu. Menntavísindasvið Háskóla Íslands setur nánari reglur um samstarf og hlutverk leiðbeinenda, doktorsnema og leiðsagnarnefndar. Hætti leiðbeinandi störfum skal skólinn leitast við, eftir því sem kostur er, að finna nemandanum annan leiðbeinanda. Komi upp illleysanlegur ágreiningur á milli leiðbeinanda og nemanda, skal honum vísað til stjórn doktorsnáms sem gerir tillögu um úrlausn.

**10. gr.**
**Leiðsagnarnefnd**

Hlutverk leiðsagnarnefndar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja gæði rannsóknarvinnunnar.

Forseti fræðasviðs skipar leiðsagnarnefnd að fengnum tillögum frá stjórn doktorsnáms.

Leiðsagnarnefnd skal skipuð leiðbeinendum (annar þeirra skal vera formaður nefndarinnar) og einum til tveimur sérfræðingum á fræðasviðinu. Skal a.m.k. einn nefndarmaður vera starfsmaður annars háskóla. Eftir að leiðsagnarnefnd hefur verið skipuð sendir forseti fræðasviðs hverjum nefndarmanni skipunarbréf ásamt upplýsingum um hlutverk nefndarinnar.

Leiðbeinendur skila rökstuddu áliti til umsjónarmanns doktorsnáms um hvort veita skuli doktorsefni kost á að leggja rannsóknaráætlun fram til varnar.

Skipti doktorsnemi um rannsóknarefni endurskoðar stjórn doktorsnáms skipan leiðsagnarnefndar.

**11. gr.**
**Kröfur til doktorsritgerða**

Doktorsnemi lýkur rannsóknum sínum með viðamikilli ritsmíð.
Til doktorsritverka eru gerðar kröfur um fagleg og vísindaleg vinnubrögð og sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviðinu.

Meginreglan er sú að doktorsritgerð sé eitt heildstætt verk. Ritgerð skal ekki vera lengri en 100 þús. orð.

Einnig er heimilt að leggja fram ritsmíð sem er byggð á vísindagreinum sem mynda samstæða heild. Sé sú leið valin, skal semja sérstaka yfirlitsgrein þar sem dregið er saman efni hinna einstöku greina, settar fram heildarályktanir og efni þeirra tengt fræðilega. Þegar doktorsritgerð er samsett af greinum skulu þær allar hafa verið samþykktar til birtingar á viðurkenndum ritrýndum vettvangi.

Heimilt er að skrifa doktorsritgerð á hvort sem er íslensku eða ensku og ákveður-leiðsagnarnefnd það í samráði við doktorsnema.

**12. gr.**
**Skil og frágangur doktorsritgerðar**

Þegar doktorsnemi hefur lokið ritgerð sinni skal senda hana í vel frágengnu lokahandriti til skólans með rökstuddu áliti leiðsagnarnefndar um að henni sé lokið. Í samráði við leiðbeinanda er ritgerðin þá send til andmælenda.

Við skil og frágang á doktorsritgerð skal fylgt sérstökum reglum doktorsnáms þar að lútandi.

**13. gr.**
**Andmælendur**

Andmælendur við doktorsvörn skulu vera tveir óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í leiðsagnarnefnd. Þeir eru skipaðir af forseta fræðasviðs að fengnum tillögum leiðsagnarnefndar. Einungis þeir sem sjálfir hafa lokið doktorsprófi geta verið andmælendur við doktorsvarnir. Annar andmælandinn skal vera utan skólans. Ef ritgerðin er skrifuð á ensku skal annar andmælandi vera erlendis frá.

Andmælendur fá ritgerðina í hendur a.m.k. fjórum mánuðum áður en fyrirhuguð vörn fer fram. Tveimur mánuðum síðar er gert ráð fyrir að þeir hafi sent rökstudda umsögn um hvort þeir telji að ritgerðin sé tæk til varnar, ásamt ábendingum um nauðsynlegar breytingar, séu þær einhverjar. Þær skal neminn gera ekki síðar en innan eins mánaðar. Forsendur þess að doktorsvörn sé haldin er að neminn hafi gert viðunandi lagfæringar að mati andmælenda og leiðbeinenda.

**14. gr.**
**Doktorsvörn**

Doktorsefni skal verja ritgerð sína við Menntavísindasvið Háskóla Íslands í heyranda hljóði. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum skólans um doktorspróf. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir doktorsritgerð. Rannsóknasvið setur nánari reglur um framkvæmd doktorsvarna.

Samþykkt af háskólaráði Menntavísindasvið Háskóla Íslands, 17. desember 2007

Menntavísindi, Ph.D., 180-240 e
Doktorsnám til Ph.D. gráðu er 180 - 240 e.

Námið byggir á eftirtöldum þáttum:
- Námskeiðum í aðferðafræði og öðrum námskeiðum til dýpkunar sérsviðum nemans (30-60 e).
- Námsdvöl við erlendan háskóla (a.m.k. ein önn).
- Náms- og starfsdvöl við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (a.m.k. ein önn).
- Doktorsverkefni (120-180 e).

Sjá nánari útfærslu undir *Skipulag námsins*.

**Inntökuskilyrði**
Inntökuskilyrði er meistaragráða eða æðri prófgráða með fyrstu einkunn eða sambærilegum árangri. Inntaka er háð mati á hæfni nemandans til að stunda doktorsnám og möguleikum skólans á að veita faglega leiðsögn á sérsviði nemandans.

**Ritgerð**
Nám til Ph.D. gráðu (ritgerð) byggist á námskeiðum í aðferðafræði, námskeiðum á sérsviði þar sem áhersla er lögð á fræðilega þróun, rannsóknir og kenningar og vinna við rannsóknarritgerð undir handleiðslu leiðsagnarnefndar en í henni skal einn af þremur sérfræðingum starfa utan skólans.

**Tímaritsgreinar**
Nám til Ph.D. gráðu (tímaritsgreinar) byggist að hluta til á námskeiðum í aðferðafræði, rannsóknum og kenningum en sérstaklega á ritun rannsóknargreina í tímarit undir handleiðslu leiðsagnarnefndar þar sem tveir eru sérfræðingar utan skólans. Fjöldi greina er ákveðinn í samráði nefndarinnar, nemendans og doktorsráðs en getur verið frá þremur til fimm.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=669000_20096&kennsluar=2009

Menntavísindi, Ed.D., 180 e
Ed.D. nám í menntunarfræði er 180 e.

Nám til Ed.D. gráðu byggist á námskeiðum í aðferðafræði, á námskeiðum sem fela í sér skoðun á eigin starfsvettvangi og rannsóknarverkefni unnið undir handleiðslu leiðsagnarnefndar, en í henni skal einn af þremur sérfræðingum starfa utan skólans. Æskilegt er að einn sérfræðingur í nefndinni hafi reynslu af starfsvettvangi doktorsnema. Umsækjandi þarf að hafa a.m.k. tveggja ára starfsreynslu.

Námið byggist á eftirtöldum þáttum:

- Námskeiðum í aðferðafræði og fræðilegum vinnubrögðum og/eða námskeiðum í kenningum í félagsfræði og heimspeki menntunar og um nám barna og fullorðinna (eftir mati leiðbeinenda og nemanda á fyrra námi hins síðara).
- Námskeiðum í formi leshópa um viðfangsefni á sérsviðum nemenda, svo sem fagmennsku, opinbera stefnumörkun, stofnanakenningar, mat á námi og stofnunum, þróun menntakerfa og skólaþróun, menntunarhagfræði og verkefnisstjórnun
- Námsdvöl við erlendan háskóla (2-6 mánuði)
- Náms- og starfsdvöl við Menntavísindasvið HÍ (minnst ein önn)
- Doktorsverkefni (60 - 80 e).

**Inntökuskilyrði**
Inntökuskilyrði er meistaragráða eða æðri prófgráða með fyrstu einkunn eða sambærilegum árangri, svo og tveggja ára starfsreynsla á viðkomandi sviði. Inntaka er háð mati á hæfni nemandans til að stunda doktorsnám og möguleikum skólans á að veita faglega leiðsögn á sérsviði nemandans.

Skipulag námsins
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=710000_20096&kennsluar=2009

Upplýsingar
**Umsóknir um nám við Menntavísindasvið**

Upplýsingar um umsóknir um nám við Háskóla Íslands er að finna hér.

Fjarnám / Sveigjanlegt nám
Menntavísindasvið býður allt bakkalárnám nema íþróttafræði sem fjarnám og að mestu leyti er framhaldsnám við sviðið boðið sem sveigjanlegt nám. Námsskipan er sú sama og í staðnámi og kröfur til stúdenta um námsframvindu og vinnuframlag eru að öllu leyti þær sömu. Námið fer að mestu fram með tölvusamskiptum en stúdentar þurfa einnig að mæta í eina til tvær vikur á hverju misseri í svokallaðar staðlotur, aðra í upphafi misseris og hina síðar (sjá Mikilvægar dagsetningar). Þessar staðlotur eru mikilvægur hluti námsins. Auk þessa mæta nemendur í vettvangsnám u.þ.b. tvisvar á hverju misseri.

**Fjarnám**
Menntasmiðja og bókasafn Menntavísindasviðs eru tæknilegir bakhjarlar sviðsins í því að halda uppi fjarnámi og veita fjarnemum margháttaða þjónustu. Menntavísindasvið hefur þá stefnu að fjarnemar geti stundað nám sitt að heiman að öðru leyti en því að þeir mæta í stakar staðlotur. Í staðinn hefur verið gerð skýlaus krafa um að þeir hefðu aðgang að nægilega öflugum tölvubúnaði og nettengingum til að ráða við upplýsingaöflun í háskólanámi og samskipti við kennara og samnemendur. Sviðið leggur kapp á að byggja upp stoðþjónustu sem auðveldar fjarnemum að stunda nám sitt og kennurum að fjarkenna því fjarkennsla lýtur að ýmsu leyti öðrum lögmálum en hefðbundin kennsla í skólastofu.

**Þjónusta menntasmiðju**
Setur upp fjarnámskeið í náms- og kennslukerfinu Blakki (Blackboard)
Annast í samstarfi við Kennslumiðstöð upptökur á kennsluefni í hljóðklefa og fyrirlestrum í kennslustundum sem tengjast námskeiðum í Blakki eða öðrum náms- og kennslukerfum þar sem fjarnemar geta nálgast þær.
Veitir fjarkennurum einstaklingsaðstoð um notkun hvers konar kennslutækni, t.d. við að þróa nýjar leiðir í notkun upplýsinga- og samskiptatækni í kennslu. Dæmi: Margmiðlun og rauntímasamskipti.
Heldur árlega grunnnámskeið um notkun Blakks fyrir nýja kennara og leiðbeinir þeim bæði tæknilega og kennslufræðilega við fyrstu skrefin. Þeir sem eru lengra komnir og vilja efla tækniumgjörð kennslunnar fá frekari leiðbeiningar.
Sér um leiðbeiningar fyrir Blakk sem eru ætlaðar bæði kennurum og nemendum.
Heldur ýmiss konar stutt námskeið um tölvunotkun í þágu náms og kennslu.
Stundar þróunarstarf í samvinnu við kennara í upplýsinga- og samskiptatækni, starfsfólk Kennslumiðstöðvar og aðra háskóla.
**Þjónusta bókasafns**
Sömu réttindi og reglur eiga við um fjarnema og þá sem eru í staðbundnu námi og leitast er við að veita þeim sambærilega þjónustu. Sjá nánari lýsingu á þjónustu við fjarnema á vef bókasafnsins: http://safn.khi.is/?q=fjarnemar

Inntaka stúdenta

Í lögum um opinbera háskóla nr. 85 frá 2008 segir: "Nemendur, sem hefja nám til fyrstu háskólagráðu í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi. Háskóla er þó heimilt að innrita nemendur sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi ef þeir hafa öðlast reynslu eða ráða yfir þekkingu og færni sem svarar til krafna skólans um undirbúning fyrir nám á háskólastigi."

Til að geta hafið **bakkalárnám** við Menntavísindasvið þurfa umsækjendur að hafa lokið stúdentsprófi eins og lög gera ráð fyrir. Umsækjendur sem ekki hafa lokið stúdentsprófi þurfa að sýna fram á að þeir "ráða yfir þekkingu og færni" sem svarar til krafna sviðsins um undirbúning fyrir nám á háskólastigi eins og það er orðað í lögunum. Hægt er að sýna fram á það með því að framvísa vottorði um að umsækjandi hafi lokið álíka umfangsmiklu námi á framhaldsskólastigi og ljúka þarf til að hljóta stúdentspróf.

Til að geta hafið **meistaranám** við Menntavísindasvið gildir sú meginregla að nemendur hafi lokið bakkalárprófi með fyrstu einkunn .

Til að geta hafið **doktorsnám** við Menntavísindasvið þurfa umsækjendur að hafa lokið meistaraprófi.

Nánar er greint frá því í reglum um inntöku hvernig valið er úr hópi umsækjenda ef einungis er hægt að veita hluta umsækjenda skólavist á hverri námsleið.

Inntökureglur fyrir bakkalárnám við Menntavísindasvið er að finna hér.

Umsækjendur fá sent svar við umsókn sinni þegar búið er að meta allar umsóknir um nám í viðkomandi deild.

Kennslu- og próftímabil

| Deild | Kennsla haustmisseri 2009 | Próf haustmisseri 2009 | Kennsla vormisseri 2010 | Próf vormisseri 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Kennaradeild | Upphaf kennslu:<br>Lok kennslu: | desember | Upphaf kennslu:<br>Lok kennslu: | maí |
| Uppeldis- og menntunarfræðideild | Upphaf kennslu:<br>Lok kennslu: | desember | Upphaf kennslu:<br>Lok kennslu: | maí |
| Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild | Upphaf kennslu:<br>Lok kennslu: | desember | Uppphaf kennslu:<br>Lok kennslu: | maí |

Kröfur um námsframvindu

Almennt er gert ráð fyrir að bakkalárnámi sé lokið á þremur til fimm árum og að meistaranámi sé lokið á tveimur til fjórum árum geri stúdent aldrei formlegt hlé á námi sínu. Ef stúdent hefur verið innritaður í bakkalárnám lengur en fimm ár og hefur að mati forseta viðkomandi deildar ekki möguleika á að ljúka námi í náinni framtíð getur deildarráð ákveðið að bundinn verði endir á námsferil stúdentsins vegna hinnar hægu framvindu. Stúdent og þjónustuveri skal tilkynnt sú niðurstaða. Vilji stúdent ljúka náminu þarf hann að sækja um skólavist að nýju og gangast undir nýtt námsskipulag hafi verið gerðar breytingar á skipulagi námsins.

Stúdent sem vill gera hlé á námi sínu tímabundið getur sótt um það til þjónustuvers. Sótt er um á rafrænan hátt með eyðublaði á heimasíðu þjónustuvers Menntavísindasviðs.

Stúdent á rétt á að gera einu sinni á námsferlinum hlé á námi sínu. Hlé á námi stendur í eitt skólaár ef sótt er um áður en skólaár hefst, annars til loka þess skólaárs sem hafið er þegar umsókn berst. Stúdent sem gert hefur hlé á námi sínu þarf að skrá sig í námskeið á næsta skólaári eftir námshléið. Að öðrum kosti er litið svo á að stúdentinn hafi hætt námi.

Mat á fyrra námi

**Almennt**

Hafi stúdent sem hefur nám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands stundað annað sambærilegt og jafngilt háskólanám áður getur hann sótt um að fá það nám metið sem ígildi hluta náms á Menntavísindasviði.

Umsóknarfrestur er til 10. ágúst fyrir haustafgreiðslu matsnefndar og 1. desember fyrir vorafgreiðslu matsnefndar. Auk þess geta nýnemar í framhaldsnámi sótt um til matsnefndar fyrir 20. maí.

Umsækjendur um mat á fyrra námi geta ekki gengið út frá því að fallist verði á umsóknina og er því bent á að sækja námið eins og mat hafi ekki farið fram þar til annað kemur í ljós.

**Matsnefnd**

Matsnefnd í hverri deild hefur umsjón með mati á fyrra námi. Í nefndinni sitja deildarforseti (formaður) og námsbrautarstjórar í viðkomandi deild auk fulltrúa stúdenta ásamt verkefnisstjóra viðkomandi deildar sem er starfsmaður nefndarinnar.

Matsnefndir vinna samkvæmt vinnureglum sem m.a. tryggja heildarsýn og samræmingu milli deilda og í samræmi við viðmiðanir sem fram koma í V. kafla í reglum þessum.

**Frágangur umsókna**

Til að matsnefnd geti afgreitt umsókn um mat á fyrra háskólanámi þarf umsókn að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
Stúdent skal tilgreina þau námskeið á Menntavísindasviði sem hann telur fyrra háskólanám sitt jafngilda.
Stúdent skal tilgreina hvaða námskeiðum hann lauk í fyrra námi sínu sem hann óskar eftir að fá metin. Fram komi heiti námskeiðs og einingafjöldi.
Umsókn skal fylgja lýsing á námskeiðunum og stimplað og undirritað ljósrit af námsferli frá viðkomandi stofnun.

Í umsókn skal koma fram hvort áður hefur verið sótt um mat á sömu námsþáttum við Háskóla Íslands eða aðra skóla. Úrskurður matsins þarf að fylgja umsókn.

Umsækjendur bera ábyrgð á því að allar ofangreindar upplýsingar komi fram í umsókn svo að hægt sé að afgreiða hana. Sé umsókn ekki fullnægjandi verður hún ekki afgreidd.

**Afgreiðsla umsókna**
Matsnefnd afgreiðir umsóknir með hliðsjón af neðangreindum viðmiðunum og að fengnum tillögum viðkomandi námsbrautarstjóra. Heimilt er að leita umsagnar oddvita/kennara á því sviði sem um er að ræða, ef með þarf.

Að jafnaði má reikna með að afgreiðsla umsókna taka u.þ.b. mánuð frá því að umsóknarfrestur rennur út. Að afgreiðslu lokinni fær stúdent tilkynningu um niðurstöðu mats, en afrit er sent í þjónustuver Menntavísindasviðs til varðveislu.

**Viðmiðanir um mat**

**Almenn ákvæði**
Við mat á fyrra námi skal leitast við að meta námskeið á hverju sviði sem ígildi sambærilegra og jafngildra námskeiða í fyrirhuguðu námi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands jafnvel þótt innihald námskeiðanna sé ekki að öllu leyti hið sama.

Hafi stúdent verið veitt prófgráða frá Kennaraháskóla Íslands eða fyrirrennurum hans er heimilt að meta nám hans í heild óháð því hvaða námskeiðum var lokið.

Hafi stúdent stundað nám við Kennaraháskóla Íslands, en ekki lokið prófi, sér námsbrautarstjóri um afgreiðslu umsóknar og sendir úrskurð sinn til nemanda og þjónustuvers. Yfirlit um námskeið, sem lokið var á fyrri námsferli, er fært á nýjan námsferil stúdents.

Nemandi sem óskar eftir að hefja nám að nýju, eftir að hafa tekið sér hlé frá námi, skal hefja nám samkvæmt því námsskipulagi sem gildir þegar hann hefur nám að nýju og skal námsbrautarstjóri gera tillögu um það með hvaða hætti eldri námskeið eru metin inn í nýjan feril.

**Takmarkanir á mati**
Almennt gildir að annað nám en formlegt háskólanám er ekki heimilt að meta.

Lokaverkefni til prófgráðu er ekki heimilt að meta.

Nemendur í meistaranámi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands geta einungis fengið metin námskeið sem þeir hafa lokið á meistarastigi við viðurkenndar háskólastofnanir.

Sú meginregla gildir að til að hljóta prófgráðu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands þarf a.m.k. helmingur námsins að vera stundaður við sviðið. Jafnframt má gera þá kröfu að a.m.k. helmingur einstakra þátta náms, t.d. á kjörsviðum á hverri námsbraut sé stundaður við sviðið.

Almennt er fyrra nám ekki metið séu liðin 10 ár eða meira frá því náminu lauk.
Þó er heimilt að víkja frá reglunni um fyrningu náms ef fyrra nám var umfangsmikið og heildstætt og lauk með prófgráðu.

Matsnefnd er aðeins heimilt að meta heil námskeið úr fyrra námi í stað heilla námskeiða.

Matsnefnd er heimilt að líta til einkunna þegar námskeið eru metin, t.d. að hafna mati á námskeiði sem lokið hefur verið með einkunn undir 6.

Nemendur sem taka 30e viðbótarnám til B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræði eða grunnskólakennarafræði og B.A. gráðu í þroskaþjálfafræði geta ekki fengið hluta af því metinn.

Þá er deildum heimilt að tilgreina námskeið sem nauðsynlegt er að stúdentar ljúki við á meðan þeir undirbúa sig fyrir tiltekin störf. Ekki er unnt að fá önnur námskeið metin í stað námskeiða sem þannig eru skilgreind. Þetta eru t.d. námskeið sem fela í sér vettvangsnám.

**Sérákvæði um kjörsvið í námi til B.Ed. gráðu í grunnskólakennarafræði**
Hafi stúdent í námi til B.Ed.- gráðu í grunnskólakennarafræði, í fyrra námi sínu lagt stund á einhverja af kennslugreinum grunnskólans eða fengist við nám og þroska tiltekins aldurshóps grunnskólabarna, getur hann sótt um að fá fyrra nám sitt metið sem ígildi náms á kjörsviði í viðkomandi grein. Skal þó ávallt gera kröfu um að stúdent ljúki a.m.k. 20 eininga námi í kennslufræði þeirrar greinar sem í hlut á, ásamt kjörsviðstengdu vettvangsnámi.

Námsmat, einkunnir og próf (Drög)

**Námsmat og vitnisburður um árangur á námskeiðum**
Námskeiðum lýkur að jafnaði á tilsettum degi í lok hvers misseris með prófi eða verkefni. Til að stúdent fái að leysa lokaverkefni eða þreyta próf verður hann að vera skráður í námskeiðið og hafa uppfyllt skilyrði um viðvist eða ástundun ef um það er að ræða. Til að standast hvert einstakt námskeið þarf lágmarkseinkunnina 5.

Námsmat getur byggst á skriflegum, munnlegum eða verklegum prófum, ritgerðum og verkefnum. Í námskeiðum þar sem námsmat er bæði byggt á prófum og verkefnum þarf lágmarkseinkunnina 5 í hvoru tveggja. Í námskeiðum sem skipulögð eru í sjálfstæðum þáttum er heimilt að fara fram á að stúdentar standist lágmarkskröfur í hverjum þætti fyrir sig. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Í einstökum tilvikum lýkur námskeiði með vitnisburðinum um að námskeiði sé lokið án þess að einkunn sé gefin í tölum.

Líta ber á skiladag verkefnis á sama hátt og um prófdag væri að ræða. Kennara er ekki skylt að taka við verkefni sem berst eftir tilsettan skiladag. Kennari getur gefið stúdent frest í nokkra daga ef gildar ástæður eru fyrir hendi, þó aldrei lengur en svo að hann geti skilað einkunn stúdents fyrir námskeiðið í UGLU fyrir tilskilinn skiladag. Sé verkefni ekki skilað á réttum tíma skal litið á það á sama hátt og fall á prófi.

Ströng viðurlög gilda ef stúdentar hafa rangt við á prófi eða fylgja ekki reglum um verkefnaskil. Viðurlög geta varðað endurtöku prófs eða verkefnis, brottvísun úr námskeiði eða jafnvel úr skóla.

**Réttur stúdenta til námsmats**
Stúdent hefur rétt á að reyna tvisvar að ljúka námi í hverju námskeiði. Þessi réttur gildir jafnt um próf og verkefni þar sem krafist er lágmarkseinkunnar.

Ef stúdent stenst ekki lágmarkskröfur á prófi eða í verkefni á misserinu hefur hann rétt á að endurtaka þann hluta sem ekki nær lágmarkseinkunn á tilgreindum prófdegi í janúar vegna námskeiða á haustmisseri og í júní vegna námskeiða á vormisseri. Stúdent skal þá þreyta nýtt próf eða leysa nýtt verkefni.

Ef stúdent lýkur ekki námskeiði á háskólaárinu verður hann að skrá sig í námskeiðið að nýju og hlíta þeim námskröfum sem þá gilda. Einungis er hægt að endurtaka námskeið einu sinni.

Stúdent sem lokið hefur prófi í tilteknu námskeiði með fullnægjandi árangri en kýs að þreyta prófið að nýju hefur rétt til að endurtaka prófið næst þegar það er haldið. Ef námskeiði lýkur með verkefni eða ritgerð sem stúdent hefur lokið með fullnægjandi árangri en kýs að endurtaka verkið skal hann fást við nýtt viðfangsefni. Sé þessi réttur nýttur gildir sú einkunn sem hann fær í seinna skiptið. Nemandi skal vera skráður og greiða skráningargjald þegar próf er þreytt.

**Endurtöku- og sjúkrapróf**
Endurtöku- og sjúkrapróf eru haldin í janúar vegna haustmisseris og í júní vegna vormisseris.
Nemendur þurfa að skrá sig í þessi próf með því að senda tölvupóst til þjónustuvers Menntavísindasviðs, thjonustuver@khi.is, þar sem fram kemur heiti námskeiðs og númer. Prófstjóri sendir út tilkynningu til nemenda varðandi dagsetningu skráningar. Ekki skal tilkynna veikindi í prófi í síma á prófdegi, heldur skal nemandi skila inn vottorði innan þriggja daga og skrá sig í sjúkrapróf um leið.

**Skil á vitnisburði um námsmat ???**
Umsjónarmenn námskeiða skila niðurstöðum námsmats inn í Uglu eigi síðar en þremur vikum eftir að próf er haldið eða verkefnum skilað og í síðasta lagi fjórum vikum eftir próf í desember. Þegar stúdentar vinna verkefni á kennslutímabilinu skal kennari kappkosta að skila þeim aftur til stúdenta innan þriggja vikna en eftir fjórar vikur ef um umfangsmikil verkefni er að ræða. Námskeið sem ná yfir tvö misseri þarf að skipuleggja þannig að stúdentar geti fengið staðfestingu á því að þeir hafi lokið fyrri hluta þess, þótt lokaeinkunn komi ekki fyrr en eftir að seinna misseri lýkur.

Prófúrlausnir og verkefni sem koma til námsmats skulu varðveitt í skólanum í tvö ár eftir að próf er þreytt og eytt þá.

**Prófsýning og prófdómur**
Kennari getur óskað eftir prófdómara í einstökum þáttum námsefnisins telji hann til þess sérstaka ástæðu og skal hann leita samþykkis námsbrautarstjóra við skipan hans. Þegar prófdómari metur úrlausn ásamt kennara gildir meðaltal beggja einkunna sem lokaeinkunn.

Stúdentar eiga rétt á að skoða prófúrlausnir sínar og fá skýringar á mati hjá viðkomandi umsjónarmanni námskeiðs ef þeir æskja þess innan 15 daga frá því að einkunn hefur verið birt. Sama gildir ef verkefni eða verkleg frammistaða eru grundvöllur að lokamati í námskeiði. Uni stúdent ekki skýringum á mati getur hann farið fram á endurmat enda sendi hann rökstudda greinargerð innan tveggja vikna til námsbrautarstjóra eða deildarforseta, sem metur málið í samráði við viðkomandi umsjónarmann. Ef stúdent unir ekki þeim úrskurði getur hann innan tveggja vikna krafist þess að kallaður sé til utanaðkomandi prófdómari og gildir þá úrskurður hans.

**Framkvæmd námsmats**
***Próf***
Öll próf skulu haldin á fyrirfram auglýstum stað og tíma, þar með talin heimapróf. Próftöflu skal birta á vefnum og á auglýsingatöflu Menntavísindasviðs HÍ a.m.k. átta vikum fyrir próf. Prófstjórar Menntavísindasviðs HÍ stjórna prófi en prófverðir sjá um framkvæmd í hverri stofu og framfylgja reglum og fyrirmælum um prófið.

Á prófverkefnum skal koma fram númer og heiti námskeiðs, dagsetning prófs, tímalengd og upplýsingar um hjálpargögn. Prófúrlausnir skulu skrifaðar á prófarkir/prófbækur sem skólinn leggur til.

Stúdentar skulu merkja prófúrlausnir og öll verkefni sem þeir skila kennurum með nafni og kennitölu. Stúdentar skulu hafa skilríki með mynd með sér í próf. Prófgæslumaður staðfesta viðveru stúdents.

Stúdentum sem eru í prófi er óheimilt að aðstoða aðra við prófúrlausnir eða leita aðstoðar annarra. Stúdentum er óheimilt að tala saman og þeir mega ekki hafa aðrar bækur eða gögn með sér en þau sem umsjónarmaður námskeiðs leyfir. Þeir skulu sýna öðrum próftökum tillitssemi og gæta þess að trufla þá ekki.

Stúdentum er óheimilt að bera á sér farsíma meðan á prófi stendur. Ekki er heimilt að yfirgefa prófstofu um stundarsakir nema með leyfi og undir eftirliti prófvarðar.

Kennari námskeiðs skal vera til taks meðan á prófi stendur. Komi upp óvissa um tiltekin atriði í prófi skal kennari veita öllum stúdentum sömu skýringu. Þurfi kennari að ræða við einstaka stúdent skal hann gæta þess að samtalið trufli ekki aðra próftaka.

Próftími skal vera 2 - 4 klukkustundir og er lengd ákveðin af umsjónarmanni námskeiðs meðal annars með tilliti til stærðar námskeiðs, efnisumfangs og hlutfalls prófs af heildarnámsmati.

Ekki er heimilt að framlengja próftíma nema sérstakar ástæður komi til og skal tilkynna um slíkt a.m.k. hálftíma fyrir auglýst lok prófs að höfðu samráði við umsjónarmann námskeiðs.

Prófstjórar, prófverðir og kennarar skulu gæta fyllsta trúnaðar í meðferð prófgagna og úrlausna. ***Prófúrlausnum skal eytt tveimur árum eftir að viðkomandi próf hefur verið þreytt.***

***Sérstök ákvæði um próf í fjarnámi***
Prófstjórar Menntavísindasviðs HÍ ákveða á hvaða stöðum próf í fjarnámi eru haldin en leitast er við að halda þau sem næst heimabyggð stúdenta. Á prófstað skal vera aðgangur að síma, myndsendi og tölvupósti.

Prófstjórar stjórna prófi en prófverðir sjá um framkvæmd á hverjum stað.

Prófstjóri afhendir kennurum úrlausnir þegar þær berast og hafa þeir þá þrjár vinnuvikur, til að ljúka yfirferð þeirra og gefa einkunnir.

***Sérstök ákvæði um heimapróf***
Kennarar skulu tilkynna prófstjórum um heimapróf í tæka tíð þannig að unnt sé að birta þau á próftöflu skólans.

Kennari afhendir eða sendir öllum stúdentum prófið á sama tíma og þurfa stúdentar að staðfesta að þeir hafi fengið það í hendur. Stúdentar fá fyrirfram ákveðinn tíma til að leysa prófið. Ekki er hægt að fá frest til að skila úrlausnum.

***Verkefni***
Verkefni til námsmats geta verið með margvíslegu móti, bæði munnleg og skrifleg. Vægi verkefna og skiladaga skal tilgreina í kennsluáætlun.

Óheimilt er að nýta sér efni annarra í verkefnum, texta, myndir eða annað, beint eða óbeint, og leggja fram sem sitt eigið efni, án þess að geta sérstaklega um heimildir og vísa til þeirra. Viðurlög geta varðað endurtöku verkefnis, brottvísun úr námskeiði eða jafnvel úr skóla.

Upplýsingar um sérstaka aðstoð við erlenda stúdenta og stúdenta með sérþarfir í námi er að finna hér.

Mat á verkefnum
Námið byggist að stórum hluta á sjálfstæðum lestri og verkefnum þar sem reynir á gagnrýna hugsun og ályktunarhæfni. Ætlast er til að nemendur hafi vald á lestri heimilda á erlendum málum (einkum ensku og Norðurlandamálum) og að þeir geti nýtt fjölbreyttar leiðir upplýsingasamfélagsins í öflun og miðlun þekkingar. Gerðar eru kröfur um frumkvæði, gagnrýna hugsun, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í samvinnu. Í námsmati eru þessar kröfur hafðar að leiðarljósi, og auk þess er tekið mið af hæfni nemenda í:
· meðferð heimilda (framsetningu og notkun),
· miðlun þekkingar í rituðu og töluðu máli,
· notkun heimilda í eigin röksemdafærslu,
· greinandi framsetningu (frekar en lýsandi),
· öguðum vinnubrögðum, m.a. í afmörkun og framsetningu efnis

Í mörgum námskeiðum eru málstofur, umræðuhópar og samvinnunám af ýmsum toga og er þá jafnan ætlast til virkrar þátttöku nemenda.

Við einkunnagjöf er miðað við eftirfarandi viðmiðanir:

| **Einkunn** | **Skriflegar úrlausnir** (ritgerðir, skýrslur) | **Verklegir þættir** (hlutir, smíðisgripir, hönnunarverk) | **Færni** (flutningur, tjáning, verkleg skil) |
|---|---|---|---|
| **9,0-10** | Verkefnið vel leyst að öllu leyti. Úrlausnir einkennast af frjórri og skapandi hugsun og innsæi. Efnistök og heimildanotkun mjög góð. Markviss greining og sjálfstæð úrvinnsla. Ítrasta vandvirkni. Framúrskarandi tök. | Mjög vel unnið verk að öllu leyti. Úrlausnir einkennast af frjórri og skapandi hugsun og innsæi. Ítrasta vandvirkni. Framúrskarandi útfærsla. | Leysir viðfangsefnið mjög vel. Sýnir mikið öryggi. Skapandi úrvinnsla. Afbragðs tækni. Leggur sig fram til hins ítrasta. Frábær frammistaða. |
| **8,0-8,5** | Gott verkefni - flestum þáttum gerð ágæt skil. Vel uppbyggt verk. Verkefnið einkennist af gagnrýninni hugsun. Heimildir eru vel nýttar svo og eigin reynsla. Vel unnið verk sem sýnir rökræna túlkun og nokkurt innsæi. | Vel unnið. Góð tök á öllum þáttum. Tækni í góðu lagi. Nokkur frumleiki. | Vel leyst. Örugg tök á öllum færniþáttum. |
| **7,0-7,5** | Verkefnið er fyrst og fremst lýsandi en ekki greinandi. Nemandinn leggur lítið af mörkum frá eigin brjósti. Flestum efnisatriðum eru gerð fullnægjandi skil. Notkun heimilda og uppbygging í lagi. | Nokkuð vel unnið en ekki frumlegt. Tækni í lagi. | Nokkuð vel leyst en herslumun vantar á öryggi. |
| **6,0-6,5** | Viðunandi verk, en nokkrir þættir gallaðir. Sem dæmi má nefna hnökra í uppbyggingu, samhengi er áfátt, frágangi ábótavant eða galla í heimildanotkun. Sjálfstæð úrvinnsla í lágmarki. | Viðunandi verk en gallað að nokkru leyti. | Viðunandi, en nokkrir hnökrar. Nokkuð vantar á öryggi. |
| **5,0-5,5** | Gallað verk en einhverjum þáttum gerð sæmileg skil. | Gallað verk sem stenst lágmarkskröfur. | Ræður ekki vel við viðfangsefnið en einhver atriði í lagi. |
| **4,0-4,5** | Skil í flestum atriðum ófullnægjandi. | Ófullnægjandi verk. | Ófullnægjandi frammistaða. |

Náms- og starfsráðgjöf
Náms- og starfsráðgjöf Menntavísindasviðs Háskóla Íslands hefur aðsetur í húsi skólans við Stakkahlíð á þriðju hæð í Enni (E-305). Öllum nemendum og þeim sem áhuga hafa á að kynna sér námsframboð á Menntavísindasviði er velkomið að leita eftir þjónustu náms- og starfsráðgjafa.

Á Menntavísindasviði HÍ starfa tveir náms- og starfsráðgjafar þær Anna Sigurðardóttir asigurda@hi.is og Kristjana Mjöll Sigurðardóttir kms3@hi.is. Mögulegt er að fá upplýsingar um viðveru náms- og starfsráðgjafa eða bóka tíma, á netinu eða hringja á skrifstofu náms- og starfsráðgjafa.

Náms- og starfsráðgjafar leitast við að tryggja að jafnræðis og réttlætis sé gætt gagnvart öllum nemendum skólans.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa felst einkum í því að:

- Stuðla að því að sem flestir nemendur nái settu marki í námi sínu.
- Vinna að því að persónuleg mál raski sem minnst námi nemenda.
- Aðstoða nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum, setja sér raunhæf markmið, meta hæfileika sína og bera þá saman við kröfur mismunandi námsleiða og starfa.
- Veita upplýsingar um nám við Menntavísindasvið HÍ, svara fyrirspurnum þar að lútandi og hafa fyrirliggjandi aðgengilegar upplýsingar um námskröfur og námsleiðir innan skólans sem utan.

Náms- og starfsráðgjafar bjóða upp á námskeið í samráði við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands sem staðsett er á Háskólatorgi, sjá heimasíðu HÍ.

Náms- og starfsráðgjafar hafa umsjón með sveigjanlegu námi fyrir þroskaþjálfa og kennara á öllum skólastigum sem lokið hafa grunnnámi en vilja bæta við þekkingu sína.

**Sérstök úrræði í námi**
Nemendur Menntavísindasviðs HÍ sem telja sig þurfa á sérþjónustu að halda eru hvattir til að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa skólans. Til að fá viðeigandi þjónustu verða nemendur að leita til náms- og starfsráðgjafa og óska eftir þjónustu. Reynt er að koma til móts við þarfir hvers og eins miðað við þau úrræði sem unnt er að veita innan Menntavísindasviðs HÍ. Nemandi undirritar samning þar sem fram kemur áætlun um námsframvindu og tiltekin eru þau úrræði sem nemanda standa til boða og unnt er að veita. Nemandi ber ábyrgð á að endurnýja samninginn við Náms- og starfsráðgjöf Menntavísindasviðs fyrir lok ágúst á ári hverju. Nemendur sem hafa greiningu um lestrarörðugleika og aðrir sem telja sig þurfa sérúrræði í prófum verða að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa tveimur vikum áður en hvert próftímabil hefst til að tryggja að komið sé til móts við þarfir þeirra.

Nemendur sem hafa íslensku sem annað móðurmál eru einnig velkomnir til að leita eftir stuðningi og eru hvattir til að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa.

Skiptinám

**Innlendir háskólar**
Háskóli Íslands hefur samstarf við innlenda háskóla, s.s. Háskólann á Akureyri og Landbúnaðarháskólann á Bifröst og geta nemendur nýtt sér þá möguleika sem þannig bjóðast til skiptináms við þessa skóla án þess að greiða sérstaklega fyrir námskeið sem þar eru tekin, enda sé hvert námskeið eðlilegur liður í námi viðkomandi nemanda. Á sama hátt geta nemendur úr þessum skólum komið til náms við Háskóla Íslands.

Stúdentaskipti af þessu tagi eru annars vegar háð samþykki viðkomandi deildarforseta í heimaskóla og hins vegar samþykki viðtökuskóla fyrir því að hann geti tekið við nemandanum. Heimild til skráningar nær einungis til hefðbundins háskólanáms, en ekki til endurmenntunar, hvort sem endurmenntunin fer fram á vegum háskóladeildar eða háskólastofnana.

**Erlendir háskólar**
Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum gefst stúdentum við Menntavísindasvið HÍ kostur á að taka þátt í erlendum stúdentaskiptaáætlunum sem Menntavísindasvið HÍ á aðild að. Hér er um að ræða tvær áætlanir. NORDPLUS-áætlunin er samstarfsáætlun háskóla á Norðurlöndum, fjármögnuð af Norrænu ráðherranefndinni. SÓKRATES-áætlunin er samstarfsáætlun Evrópusambandsins í menntamálum. Þessar áætlanir hafa það að meginmarkmiði að efla samstarf milli skóla. Einn liður í því samstarfi er að gera nemendum kleift að taka hluta af háskólanámi sínu við erlenda háskóla og fá það metið sem hluta af náminu heima fyrir. Veittir eru styrkir til að mæta ferðakostnaði og viðbótarkostnaði sem fylgir því að skipta um dvalarstað.

SÓKRATES er heiti á menntaáætlun Evrópusambandsins. Áætlunin skiptist í undiráætlanir og er ein þeirra ERASMUS. ERASMUS styrkir starfsemi á háskólastigi og skiptist í stúdentaskipti, kennaraskipti og samstarfsverkefni háskóla. Markmiðið er að auka evrópskt samstarf á háskólastigi og auka Evrópuvitund háskólafólks.

Til þess að stúdentaskipti geti átt sér stað innan ERASMUS þurfa viðkomandi háskólar að hafa gert með sér formlegan samning þar sem kveðið er á um gagnkvæm stúdentaskipti. Umsóknarfrestur um styrki til stúdentaskipta er 15. mars á ári hverju.

NORDPLUS-áætlunin er hliðstæða ERASMUS-áætlunarinnar. Hún hefur það að markmiði að samhæfa og efla samstarf skóla á Norðurlöndum. NORDPLUS-stúdentaskipti eiga sér stað innan svokallaðra samstarfsneta. Menntavísindasvið HÍ tekur þátt í mörgum slíkum netum með háskólum frá hinum Norðurlöndunum. Umsóknarfrestur um styrki til stúdentaskipta er 20. janúar ár hvert.

Í þessum áætlunum er gert ráð fyrir að háskólar noti ECTS einingakerfi.

**Reglur um námsdvöl erlendis**
Upplýsingar um möguleika á stúdentaskiptum og aðstoð við umsóknir veitir alþjóðafulltrúi Menntavísindasviðs HÍ, netfang internat@khi.is Einnig veitir Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins, Upplýsingastofa um nám erlendis, Neshaga 16, 107 Reykjavík, upplýsingar um stúdentaskipti og nám erlendis. Netfangið er ask@hi.is.

***Bakkalárnám***
Þegar nemendur í bakkalárnámi fara til námsdvalar erlendis þurfa þeir hafa lokið að minnsta kosti 60 námseiningum. Námsdvöl erlendis getur mest verið tvö misseri.

Ef fleiri sækja um námsdvöl erlendis en unnt er að veita styrk skal tekið tillit til námsárangurs umsækjanda, tungumálakunnáttu og markmiða með náminu.

Nemendum er heimilt að taka námskeið við menntavísindasvið HÍ í fjarnámi á meðan á skiptinámi stendur. Sækja skal um slíkt til forseta viðkomandi deildar.

Miðað er við að það nám sem nemandi lýkur erlendis sé að öllu jöfnu metið að fullu til eininga við menntavísindasvið enda leggi nemandi fram formlega staðfestingu á umfangi og inntaki námskeiða ásamt vottorði um árangur eða frammistöðu.

Hvort heldur sem sótt er um þátttöku í stúdentaskiptum á vegum ERASMUS eða NORDPLUS þurfa stúdentar að gera námsáætlun "Learning

agreement" og velja sér námskeið með hliðsjón af Náms- og kennsluskrá HÍ, menntavísindasviðs eftir því sem mögulegt er, með aðstoð námsráðgjafa og forseta viðkomandi deildar. Forsetar deilda þurfa að skrifa undir námsáætlunina og samþykkja að nám erlendis verði að fullu metið sem hluti af náminu heima.

***Meistara- og doktorsnám***
Nemendur í meistara- og doktorsnámi eiga möguleika á að taka hluta af námi sínu við erlenda samstarfsskóla. Alþjóðafulltrúi menntavísindasviðs veitir upplýsingar um samstarfsskóla og nám og hefur milligöngu um umsóknir. Netfangið er internat@khi.is

Um mætingarskyldu
Stúdentar eru hvattir til að taka virkan þátt í námssamfélagi hvers námskeiðs með þátttöku í umræðum í kennslustundum, staðlotum og/eða í fjarnámskerfum. Almennt er þó ekki mætingarskylda í námskeiðum á Menntavísindasviði HÍ. Þrátt fyrir þetta er nemendum skylt að mæta í kennslustundir þar sem fram fer námsmat, þjálfun eða nám sem ekki er hægt að koma fyrir með öðrum hætti en í staðbundinni kennslu að mati umsjónarmanns námskeiðs. Slíkt getur t.d. átt við í list- og verkgreinum eða í námskeiðum sem samofin eru vettvangsnámi. Mætingarskylda er í öllu vettvangsnámi.

Koma skal fram í námskeiðslýsingu að mætingarskylda sé í námskeiðinu eða hluta þess. Námskeiðið eða þeir hlutar þess þar sem mætingarskylda er skulu jafnframt merktir sérstaklega á stundaskrá. Geti nemandi ekki mætt í tíma þar sem gert er ráð fyrir skyldumætingu ber honum að tilkynna það umsjónarmanni námskeiðsins án tafar. Hann skal skila læknisvottorði sé þess óskað. Nemandanum skal gefinn kostur á að vinna upp með verkefni þá tíma sem hann hefur misst af. Viðunandi úrlausn verkefnisins að mati umsjónarmanns námskeiðsins er skilyrði fyrir því að nemandinn sé talinn hafa lokið námskeiðinu.

Upplýsingar fyrir erlenda skiptinema

Sumarnám 2009

Ítarlegur upplýsingar um námsframboð á sumarmisseri 2009 má nálgast á ytri vef HÍ.

Við Menntavísindasvið verða boðin eftirfarandi námskeið:

**Framhaldsnám**:
MEN108F Aðferðafræði rannsókna (10e)
UMD202F Kenningar Albert Bandura (5e)

**Grunnnám**:
GSF710G Nám og kennsla: Inngangur (10e)
GSF711G Talað mál og ritað

GLF702G Listir og fjölmenning (5e)
GLF701G Undur lífsins (5e)

**Sjálfsnám**:
GSF712G Þroska- og námssálarfræði
Námstilhögun er í flestum tilvikum fjarnám með staðbundnum lotum.
Í boði verður sérstök leiðsögn við lokaritgerðir, bæði á bakkalár- og meistarastigi.

Stoðþjónusta
Í **bókasafni og menntasmiðju** er þjónusta við nám og kennslu á Menntavísindasviði.

**Þjónustuver Menntavísindasviðs** er útibú frá nemendaskrá Háskóla Íslands sem sinnir nemendabókhaldi sviðsins auk almennrar þjónustu við nemendur, starfsfólk og aðra sem leita þar aðstoðar.

Bókasafn og menntasmiðja
Í **bókasafni og menntasmiðju** er starfsfólki, staðnemum og fjarnemum veitt þjónusta vegna náms, kennslu og rannsókna. Í því skyni er sérfræðiþjónusta samhæfð, allt frá upplýsingaöflun til miðlunar og framsetningar á nýrri þekkingu. Stúdentar hafa bæði aðgang að tölvum í húsnæði Menntavísindasviðs og geta notað eigin tölvur á neti HÍ. Aðgangur er að sérfræði- og kennslugagnasafni, les- og vinnurými, margmiðlunarstofu og upptökuveri. Ráðgjöf og kennsla í notkun upplýsinga- og samskiptatækni við nám, kennslu og þekkingaröflun er veitt á staðnum og um tölvunet og síma. Markmiðið er að skapa hvetjandi og sveigjanlegt námsumhverfi fyrir stúdenta í stað- og fjarnámi og fyrir starfsfólk.

Góð vinnu- og lesaðstaða er í bókasafni og menntasmiðju í Stakkahlíð og á Íþróttafræðasetrinu að Laugarvatni og auk þess er aðstaða til hópvinnu víðsvegar í húsnæði Menntavísindasviðs. Aðgengi er auðvelt fyrir fatlaða og hreyfihamlaða og boðið er upp á ýmiss konar hugbúnað sem er einkum ætlaður stúdentum með sérþarfir.

Sjá nánar um þjónustu bókasafns og menntasmiðju á Menntavísindasviði og sjá einnig vef bókasafnsins.

Þjónustuver
Í **Þjónustuveri Menntavísindsviðs** er útibú frá nemendaskrá Háskóla Íslands sem sinnir nemendabókhaldi sviðsins allt frá umsóknarferli til brautskráningar auk almennrar þjónustu við nemendur, starfsfólk og aðra sem leita þar aðstoðar. Í Þjónustuverinu er einnig unnið að inntökumálum, stundatöflugerð, stofubókunum o.fl. fyrir Menntavísindasvið.

Nánari upplýsingar um verkefni nemendaskrár Háskóla Íslands má finna hér.

Starfsfólk Þjónustuvers menntavísindasviðs:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Björg Gísladóttir | forstöðumaður | s: 525-5947 | bjorggi@hi.is |
| Guðrún Eysteinsdóttir | deildarstjóri | s: 525-5949 | gudruney@hi.is |
| Birna Gunnarsdóttir | fulltrúi | s: 525-5909 | birnag@hi.is |
| Bryndís Jónsdóttir | fulltrúi | s: 525-5911 | brj@hi.is |
| Elfa Þorgrímsdóttir | fulltrúi | s: 525-5948 | elfath@hi.is |

Gígja Árnadóttir fulltrúi s: 525-5952 gigja@hi.is
Jóhanna K Traustadóttir fulltrúi s: 525-5951 jkt@hi.is

Nemendaskrá Háskóla Íslands er í Háskólatorgi, 3. hæð. Þangað geta nemendur menntavísindsviðs einnig leitað eftir þjónustu og/eða upplýsingum.
Sími: 525 4309
Netfang: nemskra@hi.is

Námsleiðir í boði - Grunnnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=G#svid40

Námsleiðir í boði - Framhaldsnám
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2009&flaturlisti=0&namsstig=F#svid40

Sumarnám 2009
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=14391&kennsluar=2009

## Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Forseti: Kristín Vala Ragnarsdóttir

**Forsetar deilda:**
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild: Ólafur Pétur Pálsson, prófessor
Jarðvísindadeild: Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor
Líf- og umhverfisvísindadeild: Sigurður S. Snorrason, prófessor
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild: Karl S. Guðmundsson, dósent
Raunvísindadeild: Guðmundur G. Haraldsson, prófessor
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild: Sigurður Magnús Garðarsson, prófessor

**Skrifstofur**
VR-II, Hjarðarhaga 4-6 (2. hæð)
107 Reykjavík
Opin virka daga frá kl. 10:00-16:00

Sími: 525 4700
Bréfsími: 525 4632

Netfang: von@hi.is
Heimasíða

Upplýsingar um nám
Verkfræði- og náttúruvísindasvið varð til við samruna verkfræðideildar og raunvísindadeildar þann 1. júlí 2008. Umgjörð þessara deilda og reglur um nám voru áþekk en þó bar sumt á milli. Sá munur birtist með ýmsum hætti í upplýsingaköflunum hér fyrir neðan.
Sameiginlegar reglur fyrir sviðið eru í smíðum og verða birtar í kennsluskrá strax og þær hafa verið samþykktar. Deildir á hinu nýja sviði geta samt sett sérákvæði um námið sem undir þær fellur.

Inntökuskilyrði fyrir grunnnám
Almennt inntökuskilyrði fyrir grunnnám á Verkfræði- og náttúruvísindasviði er stúdentspróf eða sambærilegt próf frá erlendum skóla. Nemendur, sem lokið hafa vélstjórnarbraut 4. stigs eða raungreinadeildarprófi frá Tækniskólanum eða Keili, teljast uppfylla inntökuskilyrði, sjá þó skilyrði einstakra deilda eða námsleiða hér fyrir neðan.

**Verkfræði- og tölvunarfræðinám:** Æskilegur undirbúningur er að minnsta kosti 24 einingar í stærðfræði og 30 einingar í náttúrufræðigreinum (þar af minnst 6 einingar í eðlisfræði). Undir nám í tölvunarfræði er æskilegur undirbúningur að minnsta kosti 21 eining í stærðfræði.
Ábending til framhaldsskólanema sem hyggja á nám í þessum greinum: Nauðsynlegur undirbúningur fyrir námið er haldgóð þekking í stærðfræði, raungreinum, íslensku og ensku. Í stærðfræði er mælt með að nemendur taki kjarnaáfanga náttúrufræðibrautar (105-503) auk einhverra eftirtalinna áfanga: 313, 513, 523, 603 og 703.

**Náttúruvísindanám**: Skilyrði fyrir innritun er að stúdentsprófið innihaldi að lágmarki eftirfarandi fjölda eininga í einstökum greinum: Stærðfræði 21e, raungreinar 30e, þar af að minnsta kosti 6e í eðlisfræði, 6e í efnafræði og 6e í líffræði. Innritun í landfræði og ferðamálafræði er þó heimil öllum sem lokið hafa stúdentsprófi.
Allir, sem lokið hafa þriggja ára háskólanámi til fyrstu háskólagráðu, í hvaða grein sem er, uppfylla skilyrði til að innritast í nám í náttúruvísindum.

Forkröfur fyrir meistaranám
**Úr reglum um meistarapróf í verkfræði og tölvunarfræði:** Til að innritast í nám til meistaraprófs við verkfræðideild skal stúdent hafa lokið grunnnámi (BS-prófi) á því fagsviði sem sótt er um. Til þess að hefja meistaranám við deildina þarf meðaleinkunnina 6,0 að minnsta kosti í fyrrnefndu grunnnámi.
Þeir sem lokið hafa BS-gráðu í raunvísindum eða sambærilegu prófi geta einnig sótt um inngöngu í meistaranám og eru þá metnir af vísindanefnd verkfræðideildar. Sérhver skor deildarinnar gerir sérstakar forkröfur til nemanda áður en eiginlegt meistaranám hefst. Sjá kaflann um ***forkröfur verkfræðideildar til meistaranáms*** í kennsluskrá. [Birtar hér fyrir neðan]

**Úr reglum um rannsóknanám í náttúruvísindum:** Til að geta innritast í nám til meistaraprófs við raunvísindadeild þarf stúdent að hafa lokið BS prófi frá deildinni með lágmarkseinkunn 6,5 eða sambærilegu prófi sem raunvísindadeild viðurkennir.

Kennsluhættir

Stærð og álag námskeiða er mælt í einingum. Fullt ársnám er 60 ECTS einingar. Ein vinnuvika stúdents er metin til tveggja ECTS eininga. Flest námskeið á verkfræði- og náttúruvísindasviði eru 6 einingar á stærð. Hver kennslustund er 40 mínútur og eru 10 mínútna frímínútur milli kennslustunda. Í verklegum tímum eru sjaldnast frímínútur. Í 6e námskeiði er algeng tímasókn 5 tímar á viku, þ.e. 4 fyrirlestrar og 1 æfingatími, eða 3 fyrirlestrar og 2 æfingatímar. Er þá heildarviðvera stúdenta í kennslu 25 kennslutímar eða um 20 klst. í viku, með frímínútum. Frá þessu normi eru þó mörg frávik.

Námskeið eru flokkuð í þrjú námsstig: grunnnám, framhaldsnám og síðan er millistig. Námskeið á grunnnámsstigi (númer námskeiðs endar á G) eru ekki viðurkennd í meistaranámi. Námskeið á framhaldsstigi (númer námskeiðs endar á F) eru lokuð nemendum í grunnnámi. Námskeið á millistigi (númer námskeiðs endar á M) eru á mörkum grunnnáms og framhaldsnáms. Nemendur í BS-námi mega taka þau að uppfylltum forkröfum og nemendur í framhaldsnámi geta tekið þau, stundum með takmörkunum.

Stokkakerfið

Flestöll námskeið hafa verið felld í númeraða kennslustokka. Númer stokks segir til um á hvaða dögum og hvaða tímum fyrirlestrar eru haldnir. Námskeið í sama stokki eru kennd sömu daga og á sömu tímum. Stokkur H6 merkir haustmisserisnámskeið í 6. stokki, en V3 vormisserisnámskeið í 3. stokki. Verklegir tímar falla utan við stokkana og ennfremur dæma- og æfingatímar í fjölmennum námskeiðum. Taflan hér fyrir neðan sýnir númer stokka og hvernig þeir raðast á vikuna.

| | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös |
|---|---|---|---|---|---|
| 08:20-09:00 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 09:10-09:50 | | | | | |
| 10:00-10:40 | | | | | |
| 10:50-11:30 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 |
| 11:40-12:20 | | | | | |
| H Á D E G I S V E R Ð A R H L É | | | | | |
| 13:20-14:00 | 6 | 7 | | | |
| 14:10-14:50 | | | 6 | 7 | |
| 15:00-15:40 | | | | | |

Tákn um kennslustundir

f - fyrirlestur

d - dæmatími

æ - æfingatími

v - verklegir tímar

Þegar ekki er annað tekið fram í námskeiðslýsingum tákna tölur um kennslustundir vikulegan meðalfjölda. Þannig táknar 3 + 2 fimm 40 mínútna tíma á 15 vikna misseri eða 75 tíma samtals. Skipting tímanna í fyrirlestra og dæmatíma er í höndum kennara og útskýrir hann fyrirkomulagið í upphafi misseris.

Námsmat, einkunnir og próf

Til að ljúka námskeiði í grunnnámi er lágmarkseinkunn 5,0. Í meistara- og doktorsnámi er krafist 6,0.

**Hluteinkunn, prófseinkunn, lokaeinkunn**

Kennari getur tekið tillit til frammistöðu stúdents í verklegum æfingum eða skyndiprófum á misserinu. Fyrir þessa frammistöðu er reiknuð vetrareinkunn eða hluteinkunn. Hluteinkunn og prófseinkunn eru vegnar saman í lokaeinkunn.

Deildir eða einstakar námsleiðir geta gert kröfu um að nemandi nái lágmarki, ekki aðeins í lokaeinkunn heldur einnig í prófseinkunn og jafnvel hluteinkunn líka. Nemandi með lokaeinkunn yfir lágmarki getur þannig fallið ef há hluteinkunn hefur vegið upp falleinkunn úr prófinu.

**Verkfræði og tölvunarfræði:** Bæði lokaeinkunn og prófseinkunn verða að ná lágmarki.

**Jarðfræði, ferðamálafræði og landfræði:** Hluteinkunn, prófseinkunn og lokaeinkunn verða að ná lágmarki.

**Efnafræði:** Í námskeiðum annars og þriðja árs stenst stúdent ekki próf nema bæði hluteinkunn og prófseinkunn nái lágmarkseinkunn prófgreinarinnar í heild.

Kennslu- og próftímabil

| Haustmisseri 2009 | |
|---|---|
| Kennsla | 26. ágúst - 8. desember |
| Próf | 10. - 21. desember |
| Sjúkra- og upptökupróf | Ekki ákveðið |

| Vormisseri 2009 | |
|---|---|
| Kennsla | 7. janúar - 28. apríl |
| Próf | 29. apríl - 15. maí |
| Sjúkra- og upptökupróf | Ekki ákveðið |

Sjúkra- og upptökupróf

**Reglur um sjúkra- og upptökupróf í verkfræði og tölvunarfræði:**

Sjúkra- og upptökupróf verður ekki haldið í námskeiði nema minnst 5 stúdentar skrái sig í námskeiðið

Stúdent, sem missir af misserisprófi vegna barnsburðar eða veikinda og skilar læknisvottorði þar að lútandi til nemendaskrár, á rétt á sjúkra- og upptökuprófi æski hann þess.

Stúdent, sem er að ljúka námi og á aðeins ólokið einu prófi, getur sótt um að fá að taka sjúkra- og upptökupróf í viðkomandi námskeiði til þess að geta brautskráðst.

**Reglur um sjúkra- og upptökupróf í náttúruvísindum:**

Ef sérstaklega stendur á getur stúdent, sem stenst ekki upptökupróf, sótt um undanþágu til deildar til að endurtaka prófið öðru sinni og skal það þá gert eigi síðar en á næsta reglulegu misserisprófi í námskeiðinu. Deild skal meta námsferil stúdentsins í heild og hafa hliðsjón af undanþágum, sem honum kunna að hafa verið veittar. Leita skal álits viðkomandi námsbrautar og skal hún sér í lagi meta námsáætlun stúdentsins fyrir hið umbeðna próf.

Halda skal sjúkra- og upptökupróf í námskeiði, ef í það er skráður stúdent, sem var veikur, þegar reglulegt misserispróf var haldið í námskeiðinu næst áður, enda leggi hann fram læknisvottorð.

Halda skal sjúkra- og upptökupróf í námskeiði, ef í það er skráður stúdent, sem hlaut ekki tilskilda lágmarkseinkunn á reglulegu misserisprófi næst áður og hefur heimild til þess að þreyta prófið á nýjan leik.

Stúdent, sem hefur heimild til að þreyta próf í námskeiði er fellur hvorki undir 2. né 3. lið hér á undan, getur sótt um til viðkomandi deildar að sjúkra- og upptökupróf verði haldið í námskeiðinu ef hann þarf þess með vegna brautskráningar, til þess að fullnægja ákvæðum deildar um námsframvindu eða af öðrum tilgreindum ástæðum sem teknar eru gildar. Deildin skal að jafnaði verða við slíkri beiðni ef stúdentinn er ekki skráður í sumarpóf í meira en tveimur námskeiðum.

Stúdentar, sem hafa heimild til að gangast undir próf í námskeiði en falla ekki undir 2.-4. tölulið hér á undan, geta þreytt sjúkra- og upptökupróf í námskeiðinu ef það er haldið hvort eð er. Slíkir nemendur skulu skrá sig í sjúkra- og upptökupróf á venjulegan hátt en tekið er við skráningunni með fyrirvara. Ákveða skal um sjúkra- og upptökupróf að loknum skráningarfresti.

Þegar sjúkra- og upptökupróf er haldið fyrir fáa nemendur er ekki skylt að hafa það með sama sniði og venjuleg misserispróf, heldur getur t.d. munnlegt próf komið í stað skriflegs og ritgerðarpróf í stað dæmaprófs. Þó skal gæta þess að kröfur til nemenda séu ekki minni en þær voru í upphaflega prófinu. Kennari ákveður snið prófsins í samráði við deildarforseta, með hliðsjón af nemendafjölda og vinnu og kostnaði við prófið. Skal ákvörðun tekin þegar skráningarfresti er lokið. Skrifstofa deildarinnar tilkynnir skráðum nemendum um hana.

Kröfur um námsframvindu

BS-nám er skipulagt sem þriggja ára nám. Stúdent getur þó farið á þeim hraða í náminu sem honum hentar en námskeið ber að taka í þeirri röð sem sýnd er á námsleiðatöflum og uppfylla verður skilyrði um forkröfur.

Endurinnritun

Stúdent, sem af einhverjum ástæðum þarf að hverfa frá námi, getur alltaf tekið þráðinn upp aftur eða endurinnritast. Við endurinnritun er stofnaður nýr námsferill og á hann flutt þau námskeið sem lokið var með einkunn 5,0 eða hærri á eldri skólaferli. Námskeið af eldri ferli eru þó ekki viðurkennd ef innihald þeirra eða námsleiðarinnar hefur breyst. Deild stúdents dæmir um hver eldri námskeið stúdents eru gild og hver ekki.

Að hefja nám á vormisseri

Samsetning námsleiða og niðurröðun námskeiða er við það miðuð að nám sé hafið á haustmisseri. Í mörgum tilvikum er samt hægt að byrja í janúar og ljúka fullu misserisnámi. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir námsleiðir og talin upp þau námskeið sem nýnemum á vormisseri er bent á að taka.

Skiptinám

Hægt er að taka eins eða tveggja missera nám við aðra háskóla (innlenda og erlenda). Áður en stúdent fer utan í skiptinám þarf hann að ganga úr skugga um að námið erlendis verði viðurkennt á námsleiðinni hans við HÍ, annaðhvort í stað skyldunámskeiða eða sem val.

Nemandi í skiptinámi þarf að ljúka námskeiði í samræmi við kröfur þess skóla sem námskeiðið heldur.

Hafa ber í huga að í verkfræði og tölvunarfræði eru gerðar kröfur um að a.m.k. 60 ECTS einingar á ferli BS-kandídats séu í námskeiðum heimadeildar stúdentsins. Í meistaranámi skal stúdent taka að minnsta kosti helming eininga til gráðunnar af námsframboði heimadeildar.

Til athugunar við umsókn um skiptinám:

Stúdent leggur fyrir deildarforseta skriflega áætlun um skiptinám sitt, ásamt lýsingu á þeim námskeiðum sem hann hyggst taka.

Að fengnu skriflegu samþykki deildarforseta sækir stúdent um skiptinámið á Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.

Afla þarf samþykkis deildarforseta fyrir öllum breytingum á áætluninni meðan á skiptináminu stendur.

Þegar misserinu lýkur og stúdent hefur fengið einkunnir sendir hann þær til deildarforseta.

Deildarforseti samþykkir niðurstöðuna úr skiptinámi misserisins, ef hún samræmist upphaflegri áætlun, og fær í hendur skrifstofu.

Skrifstofa lætur færa niðurstöðuna inn á feril stúdents í nemendaskrá.

Opinber staðfesting gistiskóla á árangri skiptistúdents verður að liggja fyrir áður en stúdent brautskráist.

Reglur

Reglur um meistaranám í verkfræði og tölvunarfræði
Reglur um doktorsnám í verkfræði og tölvunarfræði
Reglur um rannsóknanám í náttúruvísindum
Reglur um M.Paed.-nám í náttúruvísindum

Námsleiðir og gráður á sviðinu
http://www.hi.is/deild/verk/kennsluskra/09/leidir.html

## Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

### Grunnnám

Efnaverkfræði, BS, 180 einingar
BS-nám í efnaverkfræði er þriggja ára grunnnám (180 einingar).
Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun og miðað er við að nemendur hafi haldgóða þekkingu á raungreinum.
Námið samanstendur af skyldu- og valnámskeiðum og fléttar saman efnafræði og vélaverkfræði. Hluti námsins, 6. misserið, fer fram við erlendan háskóla. Í náminu er lögð áhersla á að byggja traustan faglegan grunn til að nemendur geti tekist á við frekara háskólanám eða fjölbreytt og krefjandi störf á vinnumarkaði. Mikilvægur hluti margra námskeiða er verkefnavinna, gjarnan unnin í hópum, og er leitast við að nota raunhæf verkefni úr atvinnulífinu.
Nemendur útskrifaðir með BS-gráðu í efnaverkfræði eru eftirsóttir starfskraftar í atvinnulífinu t.d. hjá framleiðslu-, hátækni- og ráðgjafarfyrirtækjum.
Efnaverkfræði, BS, 180 e
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=080233_20096&kennsluar=2009

Hugbúnaðarverkfræði, BS, 180 einingar
BS-nám í hugbúnaðarverkfræði er þriggja ára nám (180 einingar). Það veitir aðgang að meistaranámi í greininni, en þeir sem taka meistarapróf öðlast réttindi til starfsheitisins verkfræðingur.
Meginhluti námsins eru skyldunámskeið í stærðfræði (rúmlega 40 einingar), eðlisfræði (12 einingar), tölvunarfræði (um 50 einingar) og námskeið sem tengjast hugbúnaðarverkfræði sérstaklega (um 50 einingar). Afganginn (30 einingar) má velja innan hugbúnaðarverkfræði / tölvunarfræði eða úr öðrum verkfræðigreinum. Mikilvægur hluti margra námskeiða er verkefnavinna. Hugbúnaðarverkfræði snýst um beitingu kerfisbundinna aðferða við að þróa, reka og viðhalda hugbúnaði.
Starfsvettvangur hugbúnaðarverkfræðinga er mjög fjölbreyttur. Meðal þess sem þeir fást við er stjórnun hverskyns hugbúnaðartengdra verkefna og þeir eru eftirsóttir til að stjórna deildum, fyrirtækjum og stofnunum þar sem hugbúnaður gegnir mikilvægu hlutverki.
Hugbúnaðarverkfræði, BS, 180 einingar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=080723_20096&kennsluar=2009

Iðnaðarverkfræði, BS, 180 einingar
BS-nám í iðnaðarverkfræði er þriggja ára grunnnám (180 einingar). Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun og miðað er við að nemendur hafi haldgóða þekkingu á raungreinum.
Námið er fjölbreytt og samanstendur af ákveðnum skyldunámskeiðum og fjölda valnámskeiða. Mögulegt er að taka hluta valnámskeiða í öðrum deildum HÍ og eins er hægt að taka hluta námsins í skiptinámi við erlenda háskóla. Boðið er upp á ákveðin áherslusvið innan iðnaðarverkfræði, t.d. fjármálaverkfræði, rekstur og stjórnun fyrirtækja, aðgerðarrannsóknir, kerfisverkfræði og sjávarútveg. Í náminu er lögð áhersla á að byggja traustan faglegan grunn til að nemendur geti tekist á við frekara háskólanám eða fjölbreytt og krefjandi störf á vinnumarkaði. Mikilvægur hluti margra námskeiða er verkefnavinna, gjarnan unnin í hópum, og er leitast við að nota raunhæf verkefni úr atvinnulífinu.
Nemendur útskrifaðir með BS gráðu í iðnaðarverkfræði eru eftirsóttir starfskraftar í atvinnulífinu t.d. hjá fjármála-, hátækni- og ráðgjafarfyrirtækjum.
Iðnaðarverkfræði, BS, 180 einingar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=080223_20096&kennsluar=2009

Tölvunarfræði, BS, 180 einingar
BS-nám í tölvunarfræði er þriggja ára nám (180 einingar) og veitir réttindi til að nota starfsheitið tölvunarfræðingur.
Í almenna tölvunarfræðináminu eru skyldunámskeið tæplega tveir þriðju hlutar námsins, u.þ.b. 30 einingar í stærðfræði og 90 einingar í tölvunarfræði. Afganginn (um 60 einingar) má velja innan tölvunarfræði eða úr öðrum fræðigreinum. Einnig er hægt er að sérhæfa sig með því að velja eitt af þremur kjörsviðum: viðskiptafræði, reiknifræði og gagnvirkni. Mikilvægur hluti margra námskeiða er verkefnavinna.
Starfsvettvangur tölvunarfræðinga er mjög fjölbreyttur og einkennist af örri þróun, og í náminu er leitast við að veita traustan grunn til að takast á við hana. Tölvunarfræðingar leika víða lykilhlutverk bæði hjá fyrirtækjum og opinberum stofnunum.
Viðskiptafræðikjörsviðinu er ætlað að gefa nemendum hagnýta þekkingu á helstu sviðum viðskiptafræði og hagfræði í viðbót við hefðbundinn kjarna tölvunarfræði. Sviðið inniheldur öll námskeið sem kennd eru á fyrsta ári í viðskiptafræði, ýmist sem skyldunámskeið eða val.
Reiknifræðikjörsviðið miðar að því að gera nemendur hæfa til þess að takast á við fræðilegri þætti tölvunarfræði og reiknifræðilega líkangerð. BS-próf af þessu sviði uppfyllir forkröfur fyrir meistaranám í reikniverkfræði við HÍ.
Gagnvirknikjörsviðið miðar að því gera nemendur hæfa til þess að takast á við gagnvirkni á milli tölvutækni, manns og umhverfis á ýmsum sviðum, t.d. viðskipta, heilbrigðis, samgangna og menntunar. Sviðið inniheldur öll námskeið sem kennd eru á fyrsta ári í sálfræði, ýmist sem skyldunámskeið eða val.
Tölvunarfræði, BS, 180 einingar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=080713_20096&kennsluar=2009

Vélaverkfræði, BS, 180 einingar
BS-nám í vélaverkfræði er þriggja ára grunnnám (180 einingar).
Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun og miðað er við að nemendur hafi haldgóða þekkingu á raungreinum.

Námið er fjölbreytt og samanstendur af skyldunámskeiðum og fjölda valnámskeiða. Mögulegt er að taka hluta valnámskeiða í öðrum deildum HÍ og eins er hægt að taka hluta námsins í skiptinámi við erlenda háskóla. Boðið er upp á ákveðin áherslusvið innan vélaverkfræði, t.d. tæknilega hönnun og líkangerð, orkuverkfræði, tölfræði og stýritækni. Í náminu er lögð áhersla á að byggja traustan faglegan grunn til að nemendur geti tekist á við frekara háskólanám eða fjölbreytt og krefjandi störf á vinnumarkaði. Mikilvægur hluti margra námskeiða er verkefnavinna, gjarnan unnin í hópum, og er leitast við að nota raunhæf verkefni úr atvinnulífinu.
Nemendur útskrifaðir með BS-gráðu í vélaverkfræði eru eftirsóttir starfskraftar í atvinnulífinu t.d. hjá fjármála-, hátækni- og ráðgjafarfyrirtækjum.

Vélaverkfræði, BS, 180 einingar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=080213_20096&kennsluar=2009

Véla- og iðnaðarverkfræði, BS, 180 einingar
BS-nám í véla- og iðnaðarverkfræði er þriggja ára grunnnám (180 einingar).
Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun og miðað er við að nemendur hafi haldgóða þekkingu á raungreinum.
Námið er fjölbreytt og fléttar saman véla- og iðnaðarverkfræði. Stúdent, sem tekur skyldunámskeið í vélaverkfræði, tekur valnámskeið í iðnaðarverkfræði. Stúdent, sem tekur skyldunámskeið í iðnaðarverkfræði, tekur valnámskeið í vélaverkfræði. Mögulegt er að taka hluta námsins í skiptinámi við erlenda háskóla. Í náminu er lögð áhersla á að byggja traustan faglegan grunn til að nemendur geti tekist á við frekara háskólanám eða fjölbreytt og krefjandi störf á vinnumarkaði. Mikilvægur hluti margra námskeiða er verkefnavinna, gjarnan unnin í hópum, og er leitast við að nota raunhæf verkefni úr atvinnulífinu.
Nemendur útskrifaðir með BS-gráðu í véla- og iðnaðarverkfræði eru eftirsóttir starfskraftar í atvinnulífinu t.d. hjá fjármála-, hátækni- og ráðgjafarfyrirtækjum.

Véla- og iðnaðarverkfræði, BS, 180 einingar
https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=080203_20096&kennsluar=2009

## Framhaldsnám

Eðlisverkfræði, meistarapróf, 120 einingar
MS-nám í eðlisverkfræði er tveggja ára framhaldsnám (120 einingar) og veitir réttindi til að nota starfsheitið verkfræðingur. Inntökuskilyrði er BS-gráða í verkfræði eða sambærileg menntun með tilteknum forkröfum. Tvö námsform eru í boði: 60 eininga námskeiðshluti og 60 eininga rannsóknarverkefni eða 90 eininga námskeiðshluti og 30 eininga rannsóknarverkefni.
Eðlisverkfræði er þverfræðileg nám þar sem blandað er saman kjarnafögum eðlisfræði og verkfræði við rannsóknarverkefni. Þar er aðferðum hagnýtrar eðlisfræði beitt á vísindaleg og verkfræðileg viðfangsefni. Samsetning námsáætlunar er sniðin að hverjum stúdent í samráði við umsjónarkennara. Mögulegt er að taka hluta námskeiða í skiptinámi við erlenda háskóla. Rannsóknarverkefnið gefur nemandanum færi á sjálfstæðri rannsóknarvinnu undir leiðsögn umsjónarkennara. Rannsóknarverkefnin eru iðulega unnin í tengslum við atvinnulíf. Ýmsir möguleikar eru á styrkjum fyrir meistaranema og góð vinnuaðstaða er fyrir hendi.

Fjármálaverkfræði, meistarapróf, 120 einingar
